



Ný veira nemur land

Skýrsla um áhrif COVID-19
á Reykjavíkurborg



Reykjavík

2023

Efnisyfirlit

Ávarp borgarstjóra	8
1. Samantekt	9
1.1 Velferðarsvið.....	12
1.2 Skóla og frístundasvið.....	13
1.3 Íþrótt- og tómstundasvið.....	14
1.4 Menningar- og ferðamálasvið.....	14
1.5 Umhverfis- og skipulagssvið.....	14
1.6 Þjónustu- og nýsköpunarsvið.....	14
1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið.....	15
1.8 Mannauðs- og starfsumhverfissvið.....	15
1.9 Miðlæg stjórnsýsla.....	15
1.10 Viðbrögð Reykjavíkurborgar.....	16
2. „Við höfum aldrei glímt við neitt sem líkist þessari vá“	17
2.1 Viðtal við Dag B. Eggertsson borgarstjóra.....	17
3. Ný veira nemur land	28
3.1 Fyrsta bylgjan - tímabilið janúar – júlí 2020.....	29
3.2 Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundar vegna veirunnar.....	31
3.3 Sex verkefnahópar stofnaðir.....	32
3.4 Svartur febrúar.....	33
3.5 Fyrsta smitið greinist hér á landi – neyðarstjórn fundar.....	34
3.6 Verkfall Eflingar setur strik í reikninginn.....	36
3.7 Áhrif af verkföllum kortlögð.....	36
3.8 Hætt við skipulagðar árshátíðir og viðburði.....	37
3.9 Neyðarstigi lýst yfir 6. mars.....	39
3.10 Stjórnsýsluhúsum hólfaskipt.....	40
3.11 Samkomubann í aðsigi.....	41
3.12 Forgangur einstakra hópa í sýnatöku ræddur við heilsugæsluna.....	47
3.13 Hert á samkomubanni.....	51
3.14 Efnahagslegar aðgerðir til viðspyrnu.....	52
3.15 Tímalína yfir fjárhagslegar aðgerðir borgarinnar vegna COVID-19.....	61
3.16 Samkomutakmarkanir hertar.....	67
3.17 Samkomubann út apríl.....	70
3.18 Tíu látnir úr COVID-19.....	75
3.19 Lærdómur af fyrstu bylgju.....	78
3.20 Veiran lætur á sér kræla.....	80
4. Öll með grímur	84
4.1 Upphaf annarrar bylgju í lok júlí 2020.....	84
4.2 Höfuðborgarsvæðið á rauðum lit.....	87
4.3 Hópsmit á Landakoti.....	92
4.4 Harðar sóttvarnaaðgerðir á ný.....	93
4.5 Alls 23 látin úr COVID-19.....	94
4.6 Efast um valdheimildir neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar.....	95
4.7 Undirbúningur fyrir fjöldbólusetningar.....	97

4.8 Jólakútur og engar áramótabrennur.....	101
4.9 Árið 2021 - langhlaup í glímu við veiruna.....	102
4.10 Fjöldabólusetningar í Laugardalshöll.....	103
4.11 Fá smit og jörð fer að skjálfa.....	104
4.12 Bólusetningargremja.....	105
4.13 Fjöldabólusetning fatlaðs fólks.....	107

5. Delta ríður yfir heimsbyggðina 108

5.1 Önnur sumarbylgja.....	108
5.2 Ljúfar vikur afléttinga.....	111
5.3 Smitum fjölgar á ný.....	111
5.4 Ómikron á aðventunni.....	112
5.5 Landspítali á neyðarstig.....	114

6. Velferðarsvið (VEL) 115

6.1 Inngangur.....	115
6.2 Neyðaráætlanir endurskoðaðar.....	118
6.3 Verkfall vofir yfir.....	119
6.4 Mikilvægt og snemmbært frumkvæði.....	121
6.5 Unnið á hættustigi almannavarna.....	122
6.6 Skilgreiningar starfsstöðva í A, B og C flokka.....	123
6.7 Mikilvæg upplýsingagjöf skipulögð.....	125
6.8 Samráð við hagsmunasamtök og réttindagæslu fatlaðs fólks.....	126
6.9 Unnið á neyðarstigi.....	127
6.10 Samkomubann.....	130
6.11 Smit í íbúðakjarna.....	131
6.12 Minnt á starfsfólk í velferðarþjónustu.....	132
6.13 Hugað að öldruðum og heimilisláusu fólki.....	133
6.14 Sóttvarnarnefnd stofnuð.....	134
6.15 Viðbragðsteymi velferðarþjónustu á vegum ríkisins.....	136
6.16 Teymi fyrir þjónustuíbúðir.....	136
6.17 Skjáver opnað með hraði.....	137
6.18 Rafræn skilríki þróskuldur.....	138
6.19 Miklar áskoranir í velferðarþjónustu.....	139
6.20 Tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð.....	143
6.21 Ráðning sumarstarfsfólks og aflétting sóttvarnaraðgerða.....	145
6.22 Önnur og þriðja bylgja.....	147
6.23 Hópsmit í búsetukjörnum.....	148
6.24 Erfitt að komast í sýnatöku.....	150
6.25 Samkomutakmarkanir hertar 4. október.....	151
6.26 Smit í gistiskýli á Granda.....	152
6.27 Grímuskylda.....	152
6.28 Hópsýking á Landakoti.....	153
6.29 Hópsmit í þjónustuíbúðakjarna í Hvassaleiti.....	153
6.30 Samkomutakmarkanir miðast við 10 manns.....	154
6.31 Smit á herbergjasambýli í Foldabæ.....	154
6.32 Nýtt sóttvarnarteymi stofnað á landsvísu.....	155
6.33 Liðsauki frá öðrum sviðum.....	155
6.34 Bólusetningar í aðsigi.....	156
6.35 Samningur um stórauðna heimahjúkrun.....	157
6.36 Bólusetningar hefjast.....	157
6.37 Velferðarsvið 2021-2022: Ár bólusetninga.....	158
6.38 Kostnaðarsöm hólfaskipting.....	159

6.39 Viðkvæmir hópar bólusettir fyrst.....	160
6.40 Tilslakanir hefjast og jörð skelfur.....	160
6.41 Aftur á neyðarstig	161
6.42 Óánægja með ósamræmi í bólusetningu	162
6.43 Vor bjartsýni og tilslökunar	164
6.44 COVID-jól hin önnur með ómikron	165
6.45 Miklar áskoranir í upphafi árs 2022.....	166
6.46 Átta prósent starfsfólks frá vinnu	167
6.47 Hópsmit í íbúðakjarna í Jöklaseli.....	170
6.48 Nauðsyn á bakvörðum.....	171
6.49 Sóttvarnartakmörkunum aflétt.....	172
6.50 Aðgerðir velferðarsviðs í helstu málaflokkum.....	173
6.51 Aldrað fólk.....	173
6.52 Verkefnið spjöllum saman.....	175
6.53 Styrkir til félagsstarfs eldri borgara	176
6.54 Fatlað fólk.....	178
6.55 Málefni fatlaðra barna	180
6.56 Vandræði með aðstoðarfólk fatlaðs fólks	182
6.57 Aðstoðarteymi sett upp.....	182
6.58 Heimahjúkrun og heimaþjónusta	182
6.59 Upplausnarástand í upphafi.....	184
6.60 Upplýsingagiöf velferðarsviðs	185
6.61 Aðrar mikilvægar aðgerðir	186
6.62 Samantekt.....	187
6.63 Tímalína helstu atburða í starfsemi velferðarsviðs í COVID-19.....	189
6.64 Umfjöllun um COVID 19 í velferðarráði.....	196

7. Viðtöl við stjórnendur og starfsfólk á velferðarsviði 221

7.1 „Faraldurinn vakti upp margar áleitnar spurningar“	221
7.2 „Við misstum engan úr COVID-19“	225
7.3 „Fólk var mjög óöruggt og óttaslegið í byrjun“	229
7.4 „Hefði viljað eiga stærra stafla af sóttvarnbúnaði“	234
7.5 „Þetta var mjög krefjandi tími.“	238
7.6 „Klæddu sig úr sóttvarnbúningum úti“	242
7.7 „Hefðum unnið veik“	247
7.8 „Mikið happ að hafa hjúkrunarfræðinga á sviðinu“	259
7.9 „Það ríkti mikil samstaða á milli íbúa og starfsfólks“	263
7.10 „Eldra fólk passaði sig vel á COVID-19“	267
7.11 „Starf velferðarsviðs til fyrirmyndar í faraldrinum“	273

8. Skóla- og frístundasvið (SFS) 277

8.1 Inngangur	277
8.2 Undirbúningur sóttvarna.....	277
8.3 Skóla- og frístundastarf á neyðarstigi	278
8.4 Viðbragðsáætlanir stjórnvalda varðandi skólustarf.....	280
8.5 Ótti við veiruna.....	282
8.6 Skólustarf endurskipulagt á nokkrum dögum.....	288
8.7 Hólfaskiptingar og nýtt skipulag	290
8.8 Nýtt skipulag í skólum	291
8.9 Leikskólar í samkomubanni.....	292
8.10 Smit í Háteigsskóla í mars 2020	293
8.11 Smit í Klettaskóla.....	294
8.12 Börnum haldið heima í sjálfskipaðri sóttkví.....	295

8.13 Mikið álag á yfirstjórn.....	296
8.14 Kennsla og fjölbreytt starfsemi á netinu.....	298
8.15 Félagsmiðstöðvar á netinu.....	299
8.16 Kennarar tengdust nemendum á netinu.....	299
8.17 Innleiðingu stafrænnar tækni hraðað.....	300
8.18 Samhæfingar og hjálparteymi stofnuð.....	302
8.19 Þjónustugjöld leiðrétt vegna skerðinga á þjónustu.....	303
8.20 Smit í upphafi skólavetrar haustið 2020.....	304
8.21 Haustfrí með ratleikjum og streymisviðburðum.....	306
8.22 Grímuskylda - líka í leikskólum.....	307
8.23 Nýtt ár hefst með tilslökunum.....	308
8.24 Gagnrýni leikskólastarfsfólks í dymbilviku.....	309
8.25 Fjármagni veitt til aukinnar sálfræðiþjónustu.....	309
8.26 Fjöldabólusetningar unglunga hefjast.....	310
8.27 Álag gríðarlegt vegna smitrakningar.....	312
8.28 Ráðleggingar sóttvarnalæknis hunsaðar.....	313
8.29 Staðan fer versnandi og útlitið svart.....	316
8.30 „Óðurinn til gleðinnar“.....	318
8.31 Jákvæð áhrif en líka neikvæð á börn og unglunga.....	320
8.32 Skóla- og frístundaráð í heimsfaraldri.....	321
8.33 Sumarnámskeið fyrir útskrifaða grunnskólanema.....	321
8.34 Ágreiningur um styttað opnunartíma leikskóla.....	323
8.35 Viðameiri viðhaldsframkvæmdir lagðar til.....	324
8.36 Sömu úrræði fyrir sjálfstætt starfandi skóla.....	325
8.37 Fjarvinna og fjarnám.....	326
8.38 Áfram styttað opnunartíma leikskóla.....	327
8.39 Skóla- og frístundaráð haft með í ráðum.....	330
8.40 Kynningar á sumarstörfum.....	331
8.41 Gæfuspor fyrir samfélagið að halda skólum opnum.....	332
8.42 Tillaga um að formaður skóla- og frístundaráðs taki sæti í neyðarstjórn.....	334
8.43 Tillaga um vikulega fundi ráðsins á neyðarstigi.....	335
8.44 Vildu fá fundargerðir neyðarstjórnar.....	336
8.45 Staðan kynnt fyrir ráðinu.....	337
8.46 Gátlistar fyrir gerð viðbragðsáætlana.....	338
8.47 Matarþjónusta.....	338
8.48 Úttektir lagðar til.....	341
8.49 Árið 2021.....	341
8.50 Óánægja leikskólafólks með opnun í dymbilviku.....	344
8.51 Umræða vegna hópsmits í leikskólanum Jörfa.....	345
8.52 Bakvarðasveit eða Afleysingastofa?.....	346
8.53 Fjármál SFS í COVID-19.....	346
8.54 Sameiginlegur fundur með velferðarráði.....	347
8.55 Enn rætt um opnun leikskóla.....	348
8.56 Kallað eftir aukagreiðslum vegna COVID-19.....	349
8.57 Fjárhagshalli áfram mikill.....	350
8.58 Metfjöldi smita og alvarlegt ástand í skólum.....	351

9. Viðtöl við stjórnendur og starfsfólk á skóla- og frístundasviði 352

9.1 „Hefði kosið meira samráð við skólafólk“.....	352
9.2 „COVID hafði mikil áhrif á þá sem voru viðkvæmir fyrir“.....	356
9.3 Mikil hræðsla við veiruna í fyrstu.....	360
9.4 „Rödd kennarans róar mest“.....	362
9.5 Telur mörg hafa unnið sér til húðar.....	365
9.6 „Var skapi næst að hætta í dymbilvikunni 2021“.....	368

10. Umhverfis- og skipulagssvið (USK) 372

10.1 Sorphirða	373
10.2 Umhirða borgarlandsins	374
10.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	376
10.4 Tekjuhrun hjá bílastæðasjóði	378
10.5 „Starfsfólkið var frábært“	378
10.6 „Petta fór bara svakalega vel allt saman“	380
10.7 „Petta var bara verkefni sem var leyst“	382

11. Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR) 386

11.1 Fyrsta bylgjan.....	386
11.2 Tekjutap vegna lokana.....	390
11.3 Lokanir og takmarkanir árið 2020 í starfi ÍTR.....	391
11.4 Hitt húsið	392
11.5 Áhrif COVID-19 á rekstur ÍTR árið 2021	395
11.6 Sérstakir styrkir til íþróttafélaga vegna COVID-19	396
11.7 „Neyðarstjórn sannaði gildið sitt“	397

12. Menningar- og ferðamálasvið (MOF) 399

12.1 Vandræði listamanna í faraldrinum	400
12.2 Leikhús í kröggum	402
12.3 Átak til að fjölga ferðamönnum	403
12.4 Borgin okkar	403
12.5 Sumarborgin Reykjavík	404
12.6 Almennigur hvattur til Sporlofs.....	405
12.7 Starf borgarsafna í faraldrinum	405
12.8 Borgarbókasafnið.....	406
12.9 Lokanir á Borgarbókasafninu í COVID-19	406
12.10 Verkefni í lokun	409
12.11 Opnað á ný	410
12.12 Listasafn Reykjavíkur	411
12.13 Sérstök verkefni Listasafns Reykjavíkur í COVID-19.....	412
12.14 Lokanir og takmarkanir í Listasafni Reykjavíkur	414
12.15 Borgarsögusafn	416
12.16 Aftur lokað haustið 2020	418
12.17 Samantekt.....	419
12.18 „Margar nýjungar teknar upp“	420

13. Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) 426

13.1 Upplýsingatækni í heimsfaraldri COVID-19	426
13.2 Skýr skilaboð frá neyðarstjórn að halda kerfum gangandi.....	426
13.3 Innleiddu nýjar lausnir hraðar	427
13.4 Starfsfólk fljótt að tileinka sér hugbúnað og tækni.....	428
13.5 Byggingarteikningar afgreiddar rafrænt	429
13.6 Rafræn umsókn um fjárhagsaðstoð	430
13.7 „Við vorum tilbúin af því að við vorum búnin að skapa menningu sem var tilbúin“	431
13.8 Fóru í stórt útboð búnaðar til að koma í veg fyrir skort.....	434
13.9 Þjónustuver borgarinnar opið allan covid-tímenn.....	436
13.10 „Fólk heldur að borgin sjái um allt“	438

14. Mannauðs- og starfsumhverfissvið (MOS) 441

14.1 „Starfsumhverfi stjórnenda varð talsvert flóknara í faraldrinum“	442
14.2 „Fólk vann við þýðingar á kvöldin og um helgar.“	445
15. Fjármála- og áhættustýringarvið (FAS)	447
15.1 Ellefu milljarða króna högg	447
15.2 Skóla- og frístundasvið	448
15.3 Velferðarsvið	448
15.4 Umhverfis- og skipulagssvið	449
15.5 Íþrótt- og tómstundasvið og menningar- og íþróttasvið.....	450
15.6 Menningar- og ferðamálasvið	450
15.7 Þjónustu- og nýsköpunarsvið	450
15.8 Sameiginlegur kostnaður (ÖNN).....	451
15.9 Önnur svið og skrifstofur	451
15.10 Lék rekstur borgarinnar grátt	451
15.11 Framlag ríkisins	452
15.12 Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar	454
14.2 „Öguð og fagleg vinna sem átti sér stað“	457
16. Miðlæg stjórnsýsla	458
16.1 Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.....	459
16.2 Skrifstofa borgarstjórnar	460
16.3 Borgarlögmaður	460
16.4 Innri endurskoðandi og ráðgjöf	461
16.5 Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	463
16.6 „Upplýsingagjöf til innflytjenda var ábótavant“	464
17. Upplýsingagjöf í faraldrinum	467
17.1 Innri upplýsingagjöf.....	467
17.2 Covid.is og upplýsingafundir í beinni útsendingu.....	469
17.3 Samræmd upplýsingagjöf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.....	469
17.4 Upplýsingagjöf til innflytjenda	471
17.5 Hlutverk mannauðs- og starfsumhverfissviðs.....	473
17.7 Samantekið.....	475
18. Samstarf við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins AHS	479
18.1 „Sólarhringarnir runnu hreinlega saman“	479
18.2 „Um leið og misvísandi upplýsingar fara á kreik fer allt í steik“	485
19. Fordæmalausir tímar	491
20. Lokaorð	495
21. Heimildaskrá	497
22. Viðauki	511
21.1 Fréttir frá Reykjavíkurborg í heimsfaraldi kórónuveiru.....	511



Reykjavík

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík

VIÐBRÖGD REYKJAVÍKURBORGAR Í HEIMSFARALDRI COVID-19

Desember 2023

Aðalhöfundur skýrslu
Bjarni Brynjólfsson

Aðrir textahöfundar
Birta Svavarsdóttir
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Hjördís Rut Sigurjónsdóttir
Hulda Gunnarsdóttir
Hrund Þórsdóttir
Þorsteinn Gunnarsson

Ábyrgðaraðili
Þorsteinn Gunnarsson

Umbrot
Kristinn Bjarnason

Myndir
Úr Ljósmyndasafni Reykjavíkur
Frá fagsviðum borgarinnar
Sigurjón Ragnar Sigurjónsson
Heilbrigðisráðuneytið
Úr einkasöfnum

NÝ VEIRA NEMUR LAND

Ávarp borgarstjóra

Ég skal viðurkenna að ég hafði ekki dvalið mikið við að rifja upp þennan ótrúlega tíma þegar samfélagið var undirlagt af COVID-19, hólfaskiptingu, lokunum og grímunotkun. Þessi tími einkenndist af sóttvarnarráðstöfunum þar sem ýmist var unnið í einrúmi og á fjarfundum.



Dagarnir voru teppalagðir af ótal fundum almannavarna og neyðarstjórna. Starfsemi borgarinnar var endurskipulögð, oft á undraskömmum tíma. Prekvirki voru unnin á hverjum degi af starfsfólki borgarinnar og stjórnendum í framlínunni. Og það var unnið hratt og af áræðni. Það er ekki annað hægt en að fyllast stolti yfir þessu samstillta átak og árangri þessara sóttvarnaraðgerða. Þessi skýrsla dregur ótrúlega margt af þessum saman. Ekki aðeins til að halda því til haga heldur ekki síður til þess að við getum lært af sögunni. Reykjavíkurborg og starfsfólk hennar sýndi ótrúlegan sveigjanleika, úthald, styrk og seiglu. Fyrir það verður seint full þakkað.

1. Samantekt

Í byrjun janúar 2020 birtust fyrstu fréttir hér á landi af nýrri veiru í borginni Wuhan í Kína sem hafði valdið dauðsföllum þar frá því í desember 2019. Fljótlega kom í ljós að um stórhættulega veiru var að ræða sem olli mjög bráðri og alvarlegri lungnabólgu en virtist einnig ráðast að öðrum líffærakerfum í mannlíkamanum. Yfirvöld í Kína beittu mjög hörðum sóttvarnaraðgerðum og lokuðu borginni. Það dugði ekki til. Veiran var sloppin út og barst fljótlega til annarra landa og hefur valdið miklum usla í heiminum síðan.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO lýsti yfir alþjóðlegri heilbrigðisvá 30. janúar 2020 vegna nýju kórónuveirunnar (novel coronavirus) sem fékk síðar nafnið SARS-CoV-2 (Severe acute respiratory syndrome coronavirus 2). Veikindin sem nýja veiran olli nefndust COVID-19. WHO lýsti síðan yfir heimsfaraldri vegna COVID-19 11. mars 2020. Ekki var til bóluefni við nýju kórónuveirunni frekar en öðrum kórónuveirum á þessum tíma sem jók mjög á alvarleika ástandsins.

Skemmst er frá því að segja COVID-19 heimsfaraldurinn hefur farið eins og eldur í sinu um heiminn í tæplega tvö og hálf ár.

Þann 5. maí sl. (2023) gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO út tilkynningu þar sem því var lýst yfir að neyðarstigi á alþjóðavettvangi væri aflétt vegna heimsfaraldurs COVID-19. Við það tilefni sagði Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO, að stofnunin áætlaði að fleiri en 20 milljónir manna hefðu látist af völdum veirunnar á heimsvísu. Það er rúmlega þrisvar sinnum meira en opinber tölfræði segir til um.¹

Hér á landi hefur Embætti landlæknis áætlað að dauðsföll af völdum kórónuveirunnar geti verið um 400. Þetta kom í ljós þegar tölur um umframandlát voru rýndar. Þar af voru hátt í 300 andlát talin vegna COVID-19 smita á árinu 2022. Þrátt fyrir margfalda bólusetningu hjó ómikron afbrigði COVID-19 stór skörð í hóp eldra fólks. En þá var líka búið að gera allt sem mögulegt var til að hægja á faraldrinum þar til veiran náði yfirhöndinni á fyrstu þremur mánuðum ársins og hjarðónæmi var komið vel á veg. Mörg hafa smitast oftar en einu sinni. Veiran býr samt enn með okkur og hana ber að varast.

Óvissustigi almannavarna vegna hugsanlegs heimsfaraldurs kórónuveiru var lýst yfir hér á landi 27. janúar 2020. Þá þegar hafði æfing neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar verið boðuð 31. janúar. Æfingin átti í fyrstu ekki að snúast um heimsfaraldur veiru heldur um alvarlegt rútuslys og viðbrögð við því.

¹ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO: [https://www.who.int/news/item/05-05-2023-statement-on-the-fifteenth-meeting-of-the-international-health-regulations-\(2005\)-emergency-committee-regarding-the-coronavirus-disease-\(covid-19\)-pandemic](https://www.who.int/news/item/05-05-2023-statement-on-the-fifteenth-meeting-of-the-international-health-regulations-(2005)-emergency-committee-regarding-the-coronavirus-disease-(covid-19)-pandemic)

Fyrr sama morgun var boðaður fundur hjá almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins í sal borgarstjórnar en Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór fyrir nefndinni. Þangað kom Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og greindi frá þróun mála varðandi þessa nýju ógn sem heimsfaraldur kórónuveiru gæti orðið. Þórólfur sagði að taka yrði faraldurinn föstum tökum bærast hann til Íslands sem væri næsta öruggt og hefja undirbúning viðbragða strax.

Strax í framhaldinu var haldinn fundur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar í fundarherbergi borgarráðs. Þórólfur kom einnig á þann fund en honum var snarlega breytt í það að fara yfir viðbrögð Reykjavíkurborgar við útbreiðslu kórónuveirunnar og hugsanlegum áhrifum þess að alvarlegur faraldur geisaði á höfuðborgarsvæðinu sem gæti t.a.m. valdið manneklu í þjónustu borgarinnar við viðkvæma þjónustunotendur.

Á fundinum voru sett fram skýr markmið í þeim tilgangi að tryggja samræmd og fagleg viðbrögð sviða, skrifstofa og annarra starfsstaða borgarinnar við heimsfaraldri.

Strax í framhaldi af fundinum var gengið í að uppfæra viðbragðsáætlun neyðarstjórnar og var uppfærð viðbragðsáætlun tilbúin 13. febrúar 2020. Á sama tíma gekk velferðarsvið í það að kortleggja starfsemi sína með tilliti til viðkvæmra hópa og ræða við stjórnendur allra starfsstaða með þjónustu við viðkvæma hópa um aðgerðir og viðbrögð.

Þessi undirbúningur varð lykillinn að góðum árangri sem náðist í því að vernda viðkvæma hópa fyrir smitum meðan bóluefni var ekki til.

Pegar hættustigi almannavarna var lýst yfir þann 28. febrúar 2020 vegna þess að fyrsti einstaklingurinn hafði greinst með COVID-19 hér á landi var undirbúningur því vel á veg kominn á fagsviðum og skrifstofum og allir stjórnendur vel meðvitaðir um það hættuástand sem gæti skapast í faraldrinum.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði daglega eftir að hættustigi almannavarna hafði verið lýst yfir 28. febrúar til að samræma aðgerðir og auka upplýsingaflæði. Um leið og fyrsta smitið, sem ekki var hægt að rekja til útlanda, greindist innanlands 6. mars, lýstu almannavarnir yfir neyðarstigi.

Leiðbeiningar, tilmæli og reglur voru gefnar út af Reykjavíkurborg til stjórnenda, starfsfólks og þjónustunotenda. Viðbúnaðurinn miðaði allur að því að vernda borgarbúa fyrir smitum með því að draga úr útbreiðslu kórónuveirunnar. Sérstök áhersla var lögð á að vernda viðkvæma hópa, t.a.m. eldri borgara og aðra þjónustunotendur. Þá þurfti að vernda starfsfólk borgarinnar fyrir smitum svo hægt væri að halda þjónustu órofinni.

Lögð var rík áhersla á að fylgja tilmælum og leiðbeiningum sóttvarnalæknis og almannavarna út í ystu æsar og koma skilaboðum frá þeim á framfæri á öllum tiltækum miðlum Reykjavíkurborgar; bæði vef borgarinnar, innri vef og samfélagsmiðlum.

Einnig var talið afar mikilvægt að allir gæfu út sömu skilaboð og upplýsingagjöf yrði ekki misvísandi. Almennavarnir stóðu fyrir fundum sem allir upplýsingafulltrúar sveitarfélaganna

sóttu þar sem farið var yfir samræmd skilaboð og útbúinn verkferill til að ná þessu markmiði.

Stjórn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH, fundaði reglulega í þeim tilgangi að samræma þjónustu og skilaboð sveitarfélaganna til almennings og starfsfólks sveitarfélaganna. Fulltrúar skóla- og frístundasviðs, SFS, voru einnig í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga til að útfæra skólahlald í faraldrinum. Borgarstjóri, fulltrúar SFS og fulltrúar SÍS funduðu í þessum tilgangi með mennta- og menningarmálaráðuneytinu, forystu kennarasambandsins, sóttvarnarlækni, fulltrúa Landlæknis og ríkislögreglustjóra til að ná samstöðu um að halda skólum opnum eins og mögulegt væri

Borgarstjóri fundaði einnig með Jónsmessunefnd en í henni sitja ráðuneytisstjórar tveggja ráðuneyta og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga auk borgarstjóra.

Reykjavíkurborg var í nánu samstarfi við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins allan faraldurstímamann. Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins, sat nánast alla fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar þann tíma sem faraldurinn geisaði. Að auki sat Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins fundina. Þetta samstarf reyndist ómetanlegt. Fulltrúar almannavarna tildu einnig að beint aðgengi að æðstu embættismönnum borgarinnar og ekki síst borgarstjóra hafi verið lykilatriði í því að upplýsingagjöf og aðgerðir til sóttvarna hafa tekist jafn vel og raun bar vitni. Boðleiðir á milli æðstu stjórnenda voru stuttar og alltaf hægt að ná í fólk ef nauðsyn bar til. Það auðveldaði einnig samskipti að stjórnendur velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs höfðu átt í talsverðu samstarfi við stjórnendur almannavarna á höfuðborgarsvæðinu vegna óveðurstilkynninga sem höfðu verið tíðar misserin fyrir faraldurinn.

Fyrstu samkomutakmarkanir í faraldrinum voru settar á í samræmi við tillögur sóttvarnalæknis 16. mars 2020 og áttu að gilda til 12. apríl. Fyrir vinnustaði gilti að ekki máttu vera fleiri en 100 einstaklingar í sama rými á sama tíma. Tveggja metra reglan var tekin upp en samkvæmt henni átti fólk að gæta þess að hafa minnst tvo metra á milli sín. Grímuskylda var í þessari bylgju faraldursins ekki talin mikilvæg en það átti eftir að breytast í síðari bylgjum. 23. mars var sett ný reglugerð þar sem samkomutakmarkanir voru hertar til muna og máttu þá aðeins 20 manns koma saman í rými.

Strax var hafist handa um að auka þrif á öllum snertiflötum í stofnunum og starfsstöðum auk þess sem sprittbrúsum til sótthreinsunar var komið fyrir sem víðast. Markmiðið með þessum sóttvarnarráðstöfunum var að hægja eins mikið á útbreiðslu veirunnar og mögulegt væri til að heilbrigðiskerfið réði við að taka á móti þeim sem veiktust illa af völdum veirunnar og þyrftu á læknishjálpi og flóknum tækjabúnaði eins og öndunarvélum að halda til að halda lífi.

Fagsvið og skrifstofur Reykjavíkurborgar gerðu öll áætlanir um það hvernig starfsemi yrði hagað í samkomubanninu, tóku upp hólfanir og skiptu upp starfslíði svo hópsmit stöðvuðu

ekki starfsemina. Þá var samgangur á milli starfseininga takmarkaður í sama tilgangi. Aðgangur að mötuneytum var einnig skipulagður þannig að starfsfólk mismunandi starfseininga væri ekki að blandast þar. Leiðbeiningar um sóttvarnir, handþvott, fjarlægðarmörk voru settar upp sem víðast á starfsstöðum.

Fjarfundabúnaður var notaður til fundahalds, starfsfólk hvatt til að vinna heima ef mögulegt var og starfshópum skipt upp þannig að fólk vann til helminga heima eða á sinni vinnustöð til að halda starfsemi og þjónustu órofinni.

Sameiginlegt átak stjórnvalda og sveitarfélaga við að upplýsa almenning um mikilvægi þess að virða samkomutakmarkanir, þvo hendur vel, nota spritt á opinberum stöðum eins og verslunum og halda sig í réttri fjarlægð frá náunganum var vel heppnað og náði til flestra. Handspritt var alls staðar á opinberum stöðum og þegar grímuskyldu var komið á voru sóttvarnargrímur víða í boði m.a. hjá Reykjavíkurborg. Hjá borginni var handspritti komið fyrir sem víðast þannig að öll hefðu greiðan aðgang að því í vinnurýmum, kaffistofum, við innganga, lyftur og í fundarherbergjum.

1.1 Velferðarsvið

Ákveðið var að loka fyrir heimsóknir utanaðkomandi á hjúkrunarheimili í rekstri hjá Reykjavíkurborg, Droplaugarstaði og Seljahlíð auk þjónustuíbúða í Seljahlíð en þar eru einnig hjúkrunarrými. Starfsstöðum velferðarsviðs sem halda úti þjónustu og starfsemi fyrir fólk sem talið var viðkvæmt fyrir COVID-19, t.d. eldri borgara og fólk með undirliggjandi sjúkdóma var lokað eftir að komið var á neyðarstig 6. mars. Um var að ræða félagsstarf á 17 félagsmiðstöðvum, dagdvöl fyrir heilabilaða á Vitatorgi og dagdvöl í Porraseli. Ákvörðunin varðandi dagdvalir var fljótlega endurskoðuð. Dregið var úr starfsemi skammtímadvala fyrir fötluð börn og unglinga og dagþjálfun fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Í staðinn var lögð áhersla á einstaklingsbundna nálgun og boðið upp á að starfsfólk kæmi með stuðning inn á heimili einstaklinga. Þetta var einnig tímabundin ráðstöfun.

Opnunartími þjónustuskála í þjónustumiðstöðvum í hverfunum var skertur en þar var símsvörun allan daginn og fólk hvatt til að hafa samband símleiðis. Heimþjónusta, heimahjúkrun og stuðningsþjónusta hélt áfram órofin en vel á fimmta þúsund einstaklingar og fjölskyldur njóta slíkrar þjónustu. Sent var út bréf til allra þjónustunotenda með leiðbeiningum og upplýsingum um tengiliði.

Velferðarsvið hélt úti órofinni sólarhringsþjónustu á hjúkrunarheimilum, íbúðakjörnum og sambýlum fyrir fatlað fólk sem reyndist mikil áskorun í faraldrinum.

Mikil áskorun var einnig að reka gisti- og neyðarskýli fyrir heimilislaust fólk við þær aðstæður sem faraldurinn skapaði en þar eru viðvarandi þrengsli vegna mikillar ásóknar.

Velferðarsvið skipaði sérstaka neyðarstjórn í faraldrinum sem fundaði daglega og hélt utan um nokkur undirteymi sem sáu um aðstoð við stjórnendur og starfsfólk á starfsstöðum og miðluðu upplýsingum frá neyðarstjórninni og til hennar um starfsemina.

1.2 Skóla og frístundasvið

Starfsemi skóla- og frístundasviðs var endurskipulögð til að hægt væri að halda úti skóla- og frístundastarfi. Þjónusta var skert talsvert í mörgum skólum en unnið var samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnarlæknis um smitgát, aukin þrif og sóttthreinsun bygginga eftir hvern dag.

Opnunartími leikskóla var stytur og var frá kl. 8 til 16.15 svo starfsfólkinu gæfist ráðrúm til að þrifa og sóttthreinsa eftir hvern dag. Reynt var að skipuleggja starfið þannig að hvert barn kæmi í skólann tvo daga eina viku og þrjá þá næstu. Reynt var að hafa 4 -6 börn í hverjum hópi sem voru aðskildir að mestu. Aðgengi foreldra og forsjáraðila að leikskólunum var takmarkað. Útfærslur starfsins voru á ábyrgð leikskólastjóra sem báru einnig ábyrgð á því að miðla upplýsingum til foreldra/forsjáraðila um skólastarfið.

Í grunnskólunum var reynt að halda úti eins mikilli kennslu og skólastarfi og mögulegt var. Skólunum var falið að útfæra fyrirkomulag kennslu og hólfaskiptingu og var útfærslan því mismunandi eftir skólum. Kennsla í list- og verkgreinastofum féll niður, íþrótt- og sundkennsla var í formi hreyfingar á skólalóð eða annarrar útikennslu. Allir viðburðir, ferðir í skólabúðir og vettvangsferðir féllu niður og mótuneytisþjónusta var skert þar sem nemendur neyttu matar í heimastofum sínum. Miðað var við 20 nemendur í kennslu í einni stofu og reynt að koma í veg fyrir blöndun nemenda á milli hópa. Aðgengi foreldra og forsjáraðila að skólunum var takmarkað.

Sér- og starfsdeildir héldu úti óbreyttri starfsemi eins og mögulegt var.

Frístundaheimili voru opin í framhaldi af skóladegi fyrir yngstu börnin og nýtti starfsfólk kennslustofur hópa til starfseminnar til að draga úr blöndun. Allar íþróttæfingar féllu niður um langa hríð og frístundaakstur sömuleiðis.

Félagsmiðstöðvar á unglíngastigi lokuðu í upphafi samkomutakmarkana og var reynt að færa starfsemina á netið með alls konar útfærslum. Erfitt var að útfæra starfsemina vegna blöndunar hópa en börn, unglíngar og foreldrar/forsjáraðilar voru upplýst um fyrirkomulagið. Útfærsla starfsins var ólík á milli félagsmiðstöðva.

Tónlistarkennsla færðist að mestu yfir í fjarkennslu en allir hóptímar voru felldir niður auk tónfunda og tónleika. Tónlistarskólarnir útfærðu fyrirkomulag kennslunnar.

1.3 Íþrótt- og tómstundasvið

Sundlaugar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu voru í fyrstu opnar og voru þrif og sótthreinsun aukin og framkvæmd með reglubundnum hætti. Það varði hins vegar ekki lengi því sundlaugum var gert að loka þar sem smithætta þótti of mikil þegar samkomubann var hert. Ylströndinni í Nauthólsvík var einnig lokað sem og skíðasvæðum. Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var einnig lokað þegar samkomutakmarkanir voru sem þrengstar. Starfsemi íþróttafélaga var mjög skert í samkomubanni og engar íþróttæfingar né keppni voru í samkomutakmörkunum fyrst í stað.

1.4 Menningar- og ferðamálasvið

Vetrarhátíð í Reykjavík var nýafstaðin þegar kórónuveiran hóf að sýkja landsmenn. Engar fleiri borgarhátíðir voru haldnar á vegum sviðsins með hefðbundnum hætti næstu tvö árin.

Reynt var að halda borgarsöfnunum, Borgarbókasafni, Listasafni Reykjavíkur og Borgarsögusafni opnum í faraldrinum en einnig þeim var gert að loka dyrum sínum fyrir gestum. Öllum viðburðum safnanna var aflýst eða frestað á meðan samkomutakmarkanir voru sem mestar. Það breyttist þó í seinni bylgjum þegar söfn gátu verið opin með hólfunum og ströngum mannfjöldatakmörkunum.

1.5 Umhverfis- og skipulagssvið

Öll starfsemi umhverfis- og skipulagssviðs hélst órofin í faraldrinum og var vetrarþjónusta, sorphirða, umhirða og hreinsun borgarlandsins og opinna svæða með hefðbundnu sniði.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sinnti eftirliti og leiðbeiningum til fyrirtækja sem og almennings um það sem varðar hollustuhætti, matvælaöryggi og mengunarvarnir í gegnum allan faraldurinn.

Þjónusta byggingar- og skipulagsfulltrúa hélt einnig sínu striki. Framkvæmdir í borginni sem umhverfis og skipulagssvið heldur utan um með útboðum og eftirliti voru einnig miklar bæði árin 2020 og 2021.

1.6 Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið þurfti að takast á við aðkallandi rekstrar- og tækniverkefni í faraldrinum. Áhersla sviðsins beindist að því að halda upplýsingatækniþjónustu órofinni. Styðja þurfti við breytt vinnulag hjá mörgum starfsstöðum og aðstoða við innleiðingu fjarvinnu.

Rekstrarþjónusta sviðsins var aukin til muna þar sem þrif voru aukin í stjórnsýsluhúsum og þess gætt að vinnuumhverfi starfsfólksins væri öruggt. Þess var gætt að nægilegt handspritt, grímur og annað slíkt er laut að sóttvörnum væri ætíð til.

1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið

Fjármála- og áhættustýringarsvið lagði áherslu á að verja starfsemi sem varð að vera órofin samkvæmt neyðaráætlun. Starfsemi launaskrifstofu, kerfisumsjón fjárhags- og mannauðsupplýsingakerfa, utanumhald og fyrirsvar mannvirkja borgarinnar, meðhöndlun tjóna, greiðsla launa og mikilvægra krafna var þar á meðal. Skrifstofu sviðsins var skipt upp í hólf og vann starfsfólk að hluta til heima.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs fór fyrir starfshópi sem stofnaður var til að móta aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna faraldursins. Starfshópurinn vann m.a. sviðsmyndagreiningar um möguleg skammtíma- og langtímaáhrif á efnahag borgarinnar.

1.8 Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Mannauðs og starfsumhverfissvið lagði strax áherslu á að koma skýrum leiðbeiningum og upplýsingum til stjórnenda og starfsfólks varðandi réttindi starfsfólks og mögulegar breytingar á starfi og starfsumhverfi vegna faraldursins. Mikið samstarf var haft við aðra opinbera aðila til að veita samræmda ráðgjöf. Samstarf var einnig aukið við mannauðsstjóra fag- og kjarnasviða borgarinnar og reynt að styðja þétt við starfsemi þeirra með ráðgjöf. Sviðið vann að ítarlegri upplýsingasíðu fyrir starfsfólk á innri vef þar sem áhersla var lögð á þýðingar efnis fyrir starfsfólk af erlendum uppruna. Fulltrúar sviðsins unnu einnig að því með félagsmálaráðuneytinu að koma á fót bakvarðasveit velferðarþjónustu til að geta tekist á við hugsanlegt kríuástand ef upp kæmi hópsmit á þeim starfsstöðum velferðarsviðs þar sem ekki var annað hægt en að halda úti órofinni þjónustu.

1.9 Miðlæg stjórnsýsla

Hlutverk **skrifstofu borgarstjóra og borgarritara** er ábyrgðarmikið og skýrt þegar neyðarástand skapast líkt og gerðist í Covid-19 faraldrinum. Skrifstofan ber ábyrgð á utanumhaldi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og gerð viðbragðsáætlana sem henni tengjast. Í starfsáætlun skrifstofunnar kemur jafnframt fram að eitt af meginmarkmiðum hennar eru traustar almannavarnir og forysta um starf neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg var þegar með samþykktu viðbragðsáætlun sem hægt var að vinna eftir þegar faraldurinn byrjaði að breiðast fljótt út. Upplýsingadeild skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara hélt úti samræmdri upplýsingamiðlun á vef borgarinnar og samfélagsmiðlum í samvinnu við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins og fagsvið og skrifstofur. Alls voru

fluttar yfir 200 fréttir af aðgerðum Reykjavíkurborgar í faraldrinum frá því í janúar 2020 til febrúar 2022.

Helstu áskoranir **skrifstofu borgarstjórnar** vörðuðu að meginstefnu fyrirkomulag á fundum borgarstjórnar og borgarráðs auk þess sem skrifstofan undirbjó og framkvæmdi tvennar kosningar á tímabilinu þar sem þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana vegna faraldursins.

Faraldurinn hafði víðtæk áhrif á starfsemi **embættis borgarlögmans** og að vissu leyti hratt faraldurinn af stað umbreytingu í átt að rafrænum samskiptum sem að nokkru marki hafa haldist óbreytt þrátt fyrir afléttingu allra samkomutakmarkanna.

Talsvert mæddi á **mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu** í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins þar sem það kom í hlut starfsmanna hennar að miðla upplýsingum á ensku og pólsku til innflytjenda hér á landi á samfélagsmiðlum og vef. Næstum daglega voru settar inn upplýsingar um þróun faraldursins, þjónustuveitingu borgarinnar og hvar hægt væri að nánari upplýsingar. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa þurfti einnig að gera hlé á námskeiðum og fyrirlestrum um ýmis brýn mannréttindamál á meðan faraldrinum stóð.

Í febrúar 2020 var tekin ákvörðun í borgarráði um sameiningu eftirlitseininganna; innri endurskoðunar, umboðsmanns borgarbúa og persónuverndarfulltrúa sem fékk heitið **Innri endurskoðun og ráðgjöf**. Einingarnar voru sameinaðar í miðri fyrstu bylgju Covid-19 á grundvelli áætlunar um innleiðingu sem var samþykkt í borgarráði í byrjun sumars 2020. Sú áætlun riðlaðist mjög vegna faraldursins og hafði áhrif á hvernig til tókst við að samræma verklag og fá starfsfólk til að upplifa sig sem hluta af þeirri nýju skipulagseiningu sem til var orðin.

1.10 Viðbrögð Reykjavíkurborgar

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi helstu aðgerðir fag- og kjarnasviða borgarinnar ásamt miðlægrri stjórnarsýslu í faraldrinum. Í næstu köflum í þessari skýrslu er farið nánar út í aðgerðir borgarinnar í faraldrinum og þær raktar í tímaröð í gegnum faraldurinn. Þá er fjallað um ýmis álitamál og rakinn ferill mála í ráðum borgarinnar. Fjallað er sérstaklega um aðgerðir einstakra sviða í faraldrinum og hvernig þau tókust á við ástandið sem var oft vægast sagt flókið. Þá eru viðtöl við ýmsa aðila innan og utan borgarkerfisins sem stóðu ýmist í framlínunni eða voru í fararbroddi. Einnig er að finna ýmsan annan fróðleik.

2. „Við höfum aldrei glímt við neitt sem líkist þessari vó“

2.1 Viðtal við Dag B. Eggertsson borgarstjóra

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er formaður neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar. Hann gegndi einnig formennsku í almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins á tíma heimsfaraldurs kórónuveirunnar og sat í framkvæmdaráði almannavarna höfuðborgarsvæðisins. Hann ræðir hér viðbrögð Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við Covid-19.

Hvenær heyrðir þú fyrst af kórónuveirunni og þeirri vó sem var í vændum?

„Ég man fyrst eftir að hafa heyrt ávæning af þessu í gegnum einhverjar litlar fréttir í byrjun janúar 2020. Við setjum okkur í startholurnar með boðun fundar með sóttvarnarlækni í lok janúar. Í leiðinni ræstum við neyðarstjórn borgarinnar. Eitt af því sem mér fannst svolítið merkilegt í þessu var að við tókum þetta í gegnum almannavarnakerfið og þar með kerfi neyðarstjórna þar sem stjórn slökkviliðsins var í lykilhutverki sem framkvæmdaráð almannavarna á höfuðborgarsvæðinu ásamt lögreglustjóra og svo slökkviliðsstjóra sem er framkvæmdastjóri almannavarna. Við höfðum sett upp þetta kerfi neyðarstjórna hjá sveitarfélögunum á síðustu árum [2012] en það hafði í raun aldrei glímt við eitthvað á þessum skala. Að finna og sjá það virka svona vel var auðvitað magnað. Þegar við hittum Þórólf í fyrsta skipti var lítið vitað um veiruna. Hann var mjög opin varðandi það og miðlaði aðeins því sem hann vissi á þeim tíma sem ég tel að hafi verið einn af hans styrkleikum í gegnum faraldurinn. Engu að síður fórum við strax að búa okkur undir það að þetta yrði stórt verkefni. Við vissum samt alls ekki að það yrði jafn stórt og raunin varð á endanum. Seinna um morguninn eftir þennan fund almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins sem haldinn var í Ráðhúsinu 31. janúar settum við á fund neyðarstjórnar borgarinnar þar sem farið er í að vinna viðbragðsáætlun. Það var búið að boða hann nokkru áður en þar átti í fyrstu að bregðast við alvarlegu rútuslysi á Hólmsheiði. Fundurinn snerist hins vegar allur um viðbrögð við heimsfaraldri og það var strax farið í að uppfæra allar viðbragðsáætlanir.“

Fréttirnar frá Kína og Ítalíu voru býsna skelfilegar þarna í byrjun.

„Já, og þar var verið að fjalla bæði um dánartölur og smithlutfall. Fréttirnar voru þannig að við vorum við öllu búin. Þannig að okkur veitti ekkert af þessum undirbúningi.“

Pú ert formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og stóðst fyrir því ásamt sóttvarnarlækni og framkvæmdastjóra almannavarna að kalla hana saman í lok janúar þegar heimsfaraldurinn var að hefjast. Varstu undir þetta búinn?

„Svarið við því er bæði já og nei. Auðvitað var enginn af okkur búinn undir þetta. Við höfðum aldrei þurft að glíma við neitt sem líkist þessari vá. Þegar ég var að læra um þetta í læknisfræðinni voru svona faraldrar eitthvað sem maður tengdi við liðinn tíma, Spænsku veikina 1918 og þess háttar.

Á þessum tíma sem liðinn er í faraldrinum hef ég stundum hrist hausinn yfir því að þegar ég leiddist út í pólitík á sínum tíma var ég á leiðinni í framhaldsnám í smitsjúkdómum og faröldrum. Ég ætlaði að skoða sérstaklega mannréttindasjónarmið og lögfræðina sem tengist smitsjúkdómum. Þannig að ég þekkti sóttvarnarlögin mjög vel sem byggja á gömlum grunni. Ég þekkti líka til þessara smitsjúkdóma sem höfðu valdið faröldrum í fortíðinni þótt hver faraldur sé alltaf einstakur. Við höfðum í rauninni verið að búast við að inflúensan myndi stökkbreytast og yrði óvenju slæm frekar en að ný kórónuveira birtist sem hefur ekki komið upp í heiminum síðustu 800 árin eða svo.

Það var síðan alveg magnað að fylgjast með því hversu hratt vísindaleg þekking hlóðst upp varðandi veiruna og sjúkdóminn sem hún olli. Þekkingin fór beint á netið. Það var gríðarlega mikilvægt að vera læs á þessa umfjöllun, staðreyndir og gögn um faraldurinn til að öðlast sjálfstraust í því sem við vorum að gera.“

Nú reyndi mikið á samstarf í þessum faraldri og það var mikið samstarf þvert á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu á öllum fagsviðum. Hvernig var samstarfið við hina sveitarstjórana á höfuðborgarsvæðinu í faraldrinum?

„Það kristallaðist strax á fyrsta fundi um faraldurinn að vegna þess að óvissan var töluverð þá myndi upplýsingamiðlunin skipta öllu máli. Það var því alveg óhugsandi að hvert og eitt sveitarfélag færi í sína átt út frá eigin hugmyndum um faraldurinn og þróun hans. Við ákváðum því strax á fyrsta degi að hafa samflot í einu og öllu og samræma alla upplýsingamiðlun. Ég held að það hafi verið mikið gæfuspor. Bein tenging við sóttvarnarlækni og almannavarnir var líka mjög mikilvæg. Þannig gátum við bæði útfært viðbragðsáætlanir og sóttvarnaráðstafanir á fullkomlega samræmdan hátt þannig að hlutirnir voru ekki að rekast hver á annars horn hjá mismunandi sveitarfélögum. Allir gátu því nýtt sömu útfærslurnar varðandi íþróttastarf, skólustarf og velferðarstarf sem voru samræmdar fyrir sveitarfélögin.

Ég hef í raun aldrei fundið jafn sterkt fyrir því að Reykjavík sé höfuðborg og í gegnum þennan faraldur. Starfsfólkið okkar sem fagsviðin hafa á að skipa var leiðandi á landsvísu í nánast öllu sem gert var. Velferðarsvið vann til að mynda alveg magnað starf og var leiðandi á landsvísu í öllu því sem sneri að velferðarþjónustu og umönnun. Skóla- og frístundasvið var það sannarlega líka, einnig menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið, upplýsingadeildin okkar, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og þjónustu-

og nýsköpunarsvið. Þarna var ekki bara verið að vinna fyrir höfuðborgarsvæðið heldur allt landið því við deildum öllum upplýsingum og leiðbeiningum sem gátu hugsanlega komið að notum í faraldrinum til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem dreifði því til allra sveitarfélaga í landinu.“

Hvað skipti sköpum í þessari baráttu við kórónuveiruna að þínu mati?

„Tvímælalaust það að við notuðum skipulagið sem var fyrir hendi, byggðum á trausti sem var til staðar, bæði á milli þeirra stjórnenda sem mynda yfirstjórn borgarinnar og sitja einnig í neyðarstjórn hennar og einnig sveitarstjóranna á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim vettvangi var fólk einnig mjög vant að vinna saman. Allt þetta fólk hafði unnið meira og minna saman í tíu ár eða lengur og þekktist því vel og treysti hvert öðru. Þannig að það fór aldrei af stað neinn metingur eða önnur vitleysa eins og maður sá glitta í sums staðar í öðrum löndum, þar sem fólk fór að rifast um hvað ætti að gera. Hér unnu bara allir saman í þessu sem einn maður frá fyrsta degi.“

Ég hef stundum nefnt varðandi undirbúning aðgerða hjá okkur að fyrsti dagur aðgerða hjá okkur var í lok janúar en mér skilst að fyrsti neyðarfundurinn sem haldinn var í Stokkhólmi út af COVID-19 hafi verið haldinn um miðjan mars en þá voru þegar komin upp smit á mörgum öldrunarstofnunum í Svíþjóð. Þar dó mjög margt eldra fólk snemma í faraldrinum.“

Hverjar af fjölmörgum aðgerðum borgarinnar eru þér efstar í huga þegar þú líftur til baka?

„Það hvað velferðarsvið var snemma á tánum og vakandi fyrir því að vernda sína skjólstæðinga var einn af þessum hápunktum. Okkur tókst að verja þessa stóru staði þar sem fólk býr sem er mjög viðkvæmt fyrir smitum af þessu tagi. Mér er líka ógleymanleg helgin þegar við umturnuðum öllu skólastarfi á höfuðborgarsvæðinu með því að gefa einn starfsdag á mánudegi. Í lok þess dags var búið að hólfaskipta öllum skólum samkvæmt öllum kúnstarinnar sóttvarnarreglum. Í úttektum á faraldrinum sem hafa verið gerðar erum við það land í heiminum sem fór í hvað markvissastar sóttvarnaraðgerðir. Dauðsföll vegna COVID-19 voru fá en um leið tókst að halda skólastarfi barna og unglinga órofnu að mestu leyti. Að þetta tvennt fari saman er auðvitað stórkostlegt því það voru lönd sem lokuðu bara skólunum í ár eða eitt og hálf með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir börn og ungmenni.“


Hvaðan kom þessi ákvörðun um að halda grunn- og leikskólum opnum í faraldrinum? Var þetta eitthvað sem sóttvarnalæknir vildi að yrði gert?

„Í grunninn er þetta reglugerð sem sóttvarnalæknir lagði grunninn að. Í aðdraganda þess að ákveðið var að halda skólunum opnum fundaði Víðir Reynisson [frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra] með mér þannig að við vissum að þetta væri að koma. Við höfðum miklar áhyggjur af því að þetta myndi valda úlfúð því um svipað leyti voru mörg lönd að loka skólunum. Á þessum tímamarki vorum við að ákveða að setja á samkomubann í öllu

Samfélaginu en halda skólunum opnum. Það var langt í frá sjálfgefið að fá fólk til samvinnu um þetta. Í fyrstu voru sterkar raddir innan kennarasambandsins sem héldu því fram að verið væri að fórnari lífi kennara með því að halda skólum opnum. Föstudaginn fyrir þessar aðgerðir, á mjög krítískum tímavarki, boðaði ég fund hér í borgarráðsherberginu þar sem við Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir og Víðir Reynisson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hittum forystu Sambands íslenskra sveitarfélaga og forystu kennarasambandsins og fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu. Á þessum fundi var umræðan tekin og allir fengu að blása. Þegar leið á fundinn ákváðum við að fara í þetta. Fyrir þennan fund var algjörlega óvíst að við fengjum samstöðu um þetta. Ég veit hreinlega ekki hvað hefði gerst hefði kennaraforystan farið út af þessum fundi með það í farteskinu að segja kennurum að halda sig heima. Í svona stöðu er von á öllu og allir voru áhyggjufullir með réttu. Ég held að þetta talsamband og það að taka samtalið á þessum tímavarki hafi skipt miklu máli.

Síðan gekk þetta bara vel og var algjörlega í samræmi við það sem rannsóknir sýndu og sóttvarnarlæknir hafði haldið fram. Ég tel að það hafi líka skipt miklu máli í þessu samhengi að Íslensk erfðagreining stækkaði getuna til sýnatöku í samfélaginu svo um munaði. Þá gátu allir treyst því ef smit kom upp að það yrði einangrað og smitrakning tryggði að fólk í kring væri sett í sóttkví. Hér á landi var ekkert kæruleysi varðandi þetta þannig að fólk gat reitt sig á að ef eitthvað kæmi upp þá yrði gripið inn í. Á meðan heyrði ég t.d. frá kollegum mínum í Bandaríkjunum sem ég átti reglulega fjarfundi með að þeir höfðu engar upplýsingar um útbreiðslu smita í sínu samfélagi. Og þá var kannski bara eina neyðarráðið að loka öllu – líka skólunum.

Þessu til viðbótar vorum við með viðbragðsáætlanir sem forgangsroðuðu börnum framínustarfsfólks inn í skólana. Það kom reyndar ekki til að þessir forgangslistar væru nýttir. Það var mikil gæfa að þetta gekk svona vel og hægt var að halda leikskólum og grunnskólum opnum fyrir alla. Annað hefði komið svolítið skakkt inn í okkar samfélag sem byggir á því að allir séu jafnir.



2. Borgarstjóri stýrir fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 16. mars 2020 í gegnum fjarfundabúnaðinn Webex. Heppilegt var að búið var að koma upp góðum fjarfundabúnaði í flestum fundarherbergjum áður en faraldurinn reið yfir. Starfsfólk borgarinnar var mjög fljótt að tileinka sér fjarfundatækni bæði í Webex og Teams í faraldrinum. Mynd: Reykjavíkurborg.

Það er lykilatriði í svona ástandi að vera viðbúinn öllu og því létum við gera þessa forgangslista. Við létum vinna alls konar hluti sem nýttust vel og líka áætlanir sem voru ekki notaðar en gott var að eiga til taks. Sem betur fer.“

Hvernig var samstarfið við sóttvarnarlækni?

„Það var náttúrliga bara mjög gott. Þórólfur er nú gamall kennari minn þannig að við áttum oft einkasamtöl í gegnum þetta allt saman. Ef honum fannst hann vanta einhvern á kantinn til að styðja sig inn í einhver samtöl þá ræddum við saman. Það voru alls konar raddir í gangi – sem hvöttu meðal annars til þess að verslunum yrði lokað og dregið yrði úr jólaverslun í miðborginni. Þá bara ráðfærðum við okkur og veitingahúsum var leyft að færa sig meira út á götur og svona. Við héldum göngugötunum opnum og í raun flestu í stað þess að vera með útgöngubann eins og var reyndar mjög víða í heiminum á þessum tíma.“

Það var sem sagt vilji til þess að halda sem mestu opnu og allri þjónustu gangandi eins og mögulegt var?

„Já, og það var sérstaklega mikilvægt í tilfelli skólanna. Þessi ár hjá börnum koma ekki aftur og því er ég mjög ánægður með að hægt var að halda þeim opnum. Eins var það mikilvægt til að halda samfélaginu eins mikið opnu og gangandi og mögulegt var. Um tíma var ég ekkert svo bjartsýnn að það yrði hægt. Það kom alveg til skoðunar hjá sóttvarnaryfirvöldum að loka öllu því sum lönd fóru þá leið. Ég er gríðarlega feginn því að við náðum að fara þessa leið þótt það hafi útheimt miklu meiri vinnu. Í upphafi var búist við því að þetta yrðu tveir til þrjú mánuðir og því bara talið einfaldast að loka öllu á meðan.“

Sú skoðun hefur heyrst hjá starfsfólki velferðarsviðs að lítil skilningur og þekking hafi verið hjá sóttvarnarlækni og heilsugæslunni á því hversu mikil og þung starfsemi er í umönnunarstörfum sviðsins. Ertu sammála því?

„Ég tel að í þessu kerfi hafi verið gerður nokkuð skarpur greinarmunur á heilbrigðisþjónustu annars vegar og annarri þjónustu hins vegar. Við töldum að það mætti færa mjög veigamikil rök fyrir því að margt í okkar velferðarþjónustu, búsetukjarnar og fleira, væri miklu nær aðstæðum sem eru inni á hjúkrunarheimilum og annars staðar í heilbrigðiskerfinu heldur en því sem er á venjulegum heimilum. Mínu fólki í velferðarþjónustunni fannst taka svolítinn tíma að afla skilnings á þessu. Ég held nú samt að það hafi komið með tímanum.“

Purftir þú að beita þér í þessu samhengi?

„Við Þórólfur ræddum þetta og Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs var einnig í beinu sambandi við sóttvarnarlækni. Á einhverjum tímamarki fékk hún Íslenska erfðagreiningu til að veita framlínustarfsfólki forgang í sýnatöku sem að heilbrigðisstarfsfólk og slökkviliðsfólk fékk. Eftir það var brugðist við þessu.“

Ég held að þetta hafi bara verið hluti af lærdómsferlinu í þessu ástandi. Í mínum huga er eðlilegt að slíkar misfellur komi upp. Það er svo margt sem lærist í svona ferli.“

Telur þú að skilningurinn sé betri núna, þ.e. að það sé aukin þekking og vitund um starfsemina og þjónustuveitinguna?

„Já, alveg tvímælalaust. Ég tók eftir því, sérstaklega þegar á leið faraldurinn, þegar okkar sóttvarnaryfirvöld voru að bera sig saman við önnur lönd að þau gátu státað sig af mjög miklu varðandi skólana, varðandi velferðarþjónustuna og varðandi sjúkraflutninga svo eitthvað sé nefnt. Við getum því verið mjög stolt af okkar starfi.“

Þessi starfsemi hjá velferðarsviði er mjög víðtæk og flókin að mörgu leyti.

„Já og ótrúlegt hversu fá smit bárust inn á viðkvæma staði. Það var alveg merkilega lítið.“

Það var ef til vill líka talsverð heppni?

„Jú, það má segja það að einhverju leyti. En með góðu skipulagi, vandaðri vinnu og skýrri upplýsingamiðlun dregur vissulega úr því hvað þú þarft að treysta á heppnina.“

Finnst þér að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi fengið næga viðurkenningu á sínu starfi í faraldrinum?

„Ég tel að vitund fólks almennt um það hvað sveitarfélögin voru að gera í faraldrinum sé mjög lítil. Það er nú bara eins með það og svo margt - ef það virkar vel þá vekur það ekki mikla athygli. Við settum okkar egó alveg til hliðar í þessu og vorum ekkert að vekja sérstaka athygli á því að við værum að hittast þrisvar sinnum á sólarhring, hvort sem það var virkur dagur, helgi eða helgidagur, í tvö ár, eða hvað það nú var. Ef þetta er allt talið saman sátum við heilan mýgrút funda, annars vegar innan sveitarfélaga og í neyðarstjórnnum þeirra og í framkvæmdaráði almannavarna fyrir höfuðborgarsvæðið. Svo var miðlun upplýsinga á báða bóga og í margar áttir á sama tíma. Oft var fyrst fundur fyrir framkvæmdaráð almannavarna og svo fyrir neyðarstjórn sveitarfélagsins eða öfugt. Og svo var kannski fundað aftur seinnipartinn til að samræma aðgerðir. Þegar mest gekk á voru fundir á laugardögum og sunnudögum og stundum nokkrir á dag. Við pössuðum það alveg frá upphafi að taka saman punkta um þetta allt saman. Þetta þurfti að vera til svo hægt væri að draga lærdóm af þessu. Það gat vel verið að þetta myndi allt saman klikka og við þyrftum að leita í þessa fundarpunkta til að sjá hvar við fórum út af sporinu.“

Á nýlegum fundum sem almannavarnir hafa haldið með sviðsstjórum og fleirum hefur talsvert verið kvartað undan því að reglugerðir frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi sóttvarnir í faraldrinum hafi borist seint, oft á föstudagseftirmiðdögum. Í þeim voru einnig oft atriði sem þurfti að túlka og engin aðstoð fékkst frá ráðuneytinu við það um helgar þótt eftir því væri leitað. Á vettvangi neyðarstjórnar borgarinnar var einnig stundum kvartað yfir þessu. Kom þetta aldrei til kasta ykkar hjá almannavarnarnefndinni?

„Í raun var það þannig að höfuðborgarsvæðið vann bara úr þessu og lagði línurnar fyrir fram og reyndi að fylgja því eftir að það rataði inn í reglugerðirnar. Það var aldrei alveg setið og beðið eftir þessu. Við vorum bara alltaf klár í bátana og lögðum áherslu á samræmda framkvæmd út um allt. Þannig að íþróttafélag í Hafnarfirði væri ekki að fá önnur skilaboð en íþróttafélag í Reykjavík. Ef það hefði verið þannig þá hefði farið svo ótrúlega mikil orka í að rökræða af hverju verið væri að gera ólíka hluti á milli sveitarfélaganna.

Það var náttúrlega miklu meiri mannauður í þessum verkefnum af hálfu sveitarfélaganna en af hálfu ríkisins. Hjá okkur var miklu meiri staðþekking á því hvernig hlutirnir eru, hvernig skólastarfi er háttað og hvernig hægt er að haga því í mismunandi húsnæði og svo framvegis. Oft var verið að útfæra hluti og fá stimpla á útfærslurnar samtímis eða eftir á. Reglugerðirnar voru síðan lagaðar til eftir því sem praktíkin kallaði á. Í allri fyrstu bylgjunni

og jafnvel lengur gaf ég endanlegt svar við því hvort einhver skóli færi í sóttkví og kennsla yrði lögð niður. Það voru auðvitað alveg ótrúlega mörg handtök í þessu og margar ákvarðanir sem þurfti að taka en sviðin unnu þetta starf af frábærri fagmennsku. Skólastjórar voru alveg á kafi, oft heilu helgarnar og fram á nætur við að skipuleggja starfið, hólfskiptingu og sóttvarnaþrif svo ekki sé talað um smitrakningu sem var mjög tímafrek og flókin sérstaklega í seinni bylgjunum.“

Hvernig var samstarfið við minnihlutann í borgarstjórn í faraldrinum?

„Framan af fólst það fyrst og fremst í upplýsingamiðlun. Ég notaði bæði tölvupósta og facebook-síðu sem borgarfulltrúar eru með saman til að greina frá lykilákvörðunum. Ég fékk ekkert nema stuðning og klapp fyrir það og einstaka fulltrúar minnihlutans komu með ábendingar um hitt og þetta. Það gekk bara í meginatriðum vel. Þegar á leið kom síðan eitthvert glamur um að neyðarstjórn borgarinnar væri búin að taka öll völd. Mér fannst það aldrei rista djúpt. Það var bara verið að tala inn í einhvern neikvæðan kór sem var á móti sóttvarnaraðgerðum og bólusetningum. Mér fannst það aldrei fá mikinn stuðning hvorki innan minnihlutans hvað þá meirihlutans. Það var meira og minna 99% samstaða um allar aðgerðir fannst mér.“

Á einhverjum tímapunkti á fundum neyðarstjórnar hældirðu sviðsstjórunum fyrir að kynna aðgerðir vel með góðri upplýsingagjöf í ráðunum?

„Já. Því var vel sinnt af hálfu sviðsstjórnanna. Pólitíkin tók líka vel í að það yrðu færri fundir í ráðum. Við drógum úr reglubundinni starfsemi þannig að fólk úti á sviðunum hefði meiri frið til að beita sér í faraldrinum, rétt á meðan þessar bylgjur voru að ganga yfir. Auðvitað reyndi á þolinmæði allra þegar ástandið fór að dragast á langinn. Það var alveg eins með pólitíkina og aðra.“

Hver telur þú að eftirköstin verði af faraldrinum fyrir borgina?

„Við erum að sjá ákveðin eftirköst varðandi almennan efnahag borgarinnar. Við tókum á okkur talsvert tap í gegnum faraldurinn og fórum jafnframt í miklar fjárfestingar. Í hvoru tveggja vorum við að svara kalli stjórnvalda um aðgerðir. Á Norðurlöndunum bætti ríkisvaldið sveitarfélögum bæði kostnaðinn vegna heimsfaraldursins og tekjutapið. Því er ekki að heilsa hér þar sem sú lína hefur verið lögð að sveitarfélögin taki einfaldlega á sig skellino. Við glímum við þetta. Svo eru eftirköst eins og langþreyta, bæði stjórnenda og almenns starfsfólks. Ég held að það sé mjög auðvelt að vanmeta það. Við erum fljót að gleyma því hvað áhyggjurnar voru miklar og þungar og lágu eins og mara á fólki vikum og mánuðum saman. Að vera alltaf að passa sig, hitta ekki neinn, hólfa allt húsnæði og spritta. Þeir sem unnu á vöktum þurftu að gæta þess að blandast aldrei hinum sem voru á öðrum vöktum. Það voru mismunandi inngangar inn í skólana fyrir starfsfólkið sem ekki mátti hittast. Óbein áhrif af þessu er svona streituálag sem var ef til vill ósýnilegt en var þarna til staðar allan tímann.“

Ég hef líka á tilfinningunni og þar tala ég nú ekki sem einhver vísindamaður að kveikiþráðurinn í samfélaginu sé svolítið stuttur eftir faraldurinn. Eftir að COVID kláraðist fljóta upp alls kyns úrlausnarefni sem ekki var svigrúm til að sinna í faraldrinum og höfðu verið vanrækt. Og það er ekki mikið langlundargeð til að bíða eftir niðurstöðunum.

Við vitum einnig að fjölskyldur voru meira saman og það hafði jákvæðar hliðar. En það var líka meiri áfengisneysla á heimilunum og við vitum að það getur haft neikvæð áhrif bæði til skamms tíma og lengri tíma.

Mig grunar að það leynist þarna einhver samfélagsleg áhrif sem við komum kannski aldrei til með að festa hendur á.

Svo var líka margt fólk sem fékk COVID-19 og var lengi að ná sér og glímur kannski við eftirköstin ennþá.“

Hvar er tjónið mest fyrir fjárhag borgarinnar af völdum heimsfaraldursins?

„Fólk áttar sig kannski ekki á því að við erum enn ekki komin með COVID frítt ár. Síðasta bylgjan var á þessu ári [2022] og það smitar inn í reikningana. Gögnin sýna að það var ákveðin COVID-mönnun sem var nauðsynleg til að geta hólfaskipt og ráðið við ástandið í faraldrinum. Þessi mönnun er enn við lýði í sumum skólum og í ákveðinni starfsemi í velferðarþjónustunni. Framúrkeyrslan er aðallega hjá þessum stóru mannfreku sviðum sem sinna þjónustu við fólk í návígi.

Nú þegar við höfum náð tökum á kórónuveirunni þurfum við að snúa þessu við.“

Voru það skilaboð frá neyðarstjórninni að ekki þyrfti að horfa í aurinn í glímunni við faraldurinn?

„Nei, alls ekki. Við funduðum nú það ört að ákvarðanir um fjárútlát voru allar teknar á réttum vettvangi, bæði hjá neyðarstjórnnum einstakra sviða eða í neyðarstjórn borgarinnar. Við komum inn með viðauka og fórum fram á það strax í upphafi að allur kostnaður sem væri vegna COVID-19 yrði sérmerktur. Í raun var utanumhaldið mjög gott. Það er hins vegar ekki til endalaust af starfsfólki og sums staðar þurfti að tvöfalda sumt og bæta í vegna hólfunar, sóttkvíar og einangrunar. Á sumum stöðum var unnin mikil yfirvinna og sóttvarnarbúnaður og aukin þrif kostuðu mikið. Miðað við að við vorum í krísustjórnun fannst mér þetta alveg innan marka. Þetta var ekki eins og á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi þar sem sett var upp heilt hersjúkrahús fyrir þrjá milljarða sem aldrei var notað. Ég kann ekki nein dæmi um eitthvað slíkt hér.“



2. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins á fundi almannavarnanefndar föstudaginn 31. janúar 2020 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ríkislögreglustjóri hafði þá lýst yfir óvissustigi almannavarna vegna mögulegs heimsfaraldurs kórónuveiru. Sóttvarnalæknir fór yfir stöðuna og sagði að einungis tímaspursmál væri hvenær fyrstu smit myndu greinast hér á landi. Undirbúningur sóttvarna hófst strax eftir fundinn.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Eitt af því sem fyrrverandi sviðsstjóri velferðarsviðs hefur talað um er að í faraldrinum hafi nokkrar stéttir verið meira útsettar fyrir smitum en aðrar; grunn- og leikskóla fólk og fólk í umönnunarstörfum á velferðarsviði. Þetta fólk lagði mikið á sig í faraldrinum á meðan margir aðrir unnu heima í talsvert meira öryggi. Er einhver leið til að breyta þessu?

„Já, eitt af því sem tókst vel var að halda starfsanda og samstöðu hjá framlínufólki í velferð og skólum. Við ræddum töluvert um að flytja fólk á milli starfsstaða, sem er heimilt þegar við erum á neyðarstigi. Þá hefði til dæmis starfsfólk í sundlaugum og menningu, þar sem var lokað, staðið vaktir á þeim starfstöðum sem þurftu að hafa opið. Þegar til kom þá var þetta minna notað en við ætluðum. Kannski var það of stórt skref eða við vorum alltaf að búast við að faraldurinn væri að klárast. Þetta ætti gjarnan að ræða, út frá kostum og göllum, á meðan við erum ekki á neyðarstigi.“

Nú þegar þessi krísa virðist vera að baki, í bili að minnsta kosti, hvað telur þú að þurfi að gera til að undirbúa borgina fyrir næsta faraldur eða vág?

„Eitt af því sem sannaðist í COVID-19 faraldrinum var að skipulagið virkaði sem við vorum með. Ástæðan fyrir því að mér finnst mikilvægt að draga það saman hvað borgin gerði er að draga lærdóm af faraldrinum og átta okkur á því hvað skipti máli og hvað við gætum þurft að bæta. Að sama skapi held ég að við þurfum bara að ræða það á hverjum tíma hvernig brugðist er við. Við erum alltaf að uppfæra þessar viðbragðsáætlanir. Við höfum verið í ákveðinni tiltekt sem hefur síðan líka verið gerð hjá hinum sveitarfélögum.“

Kannski halda reglulegri æfingar neyðarstjórna?

„Við ætluðum nú að fara að æfa viðbrögð við rútuslysi þegar við funduðum fyrst vegna kórónuveirunnar. Við höfðum verið með tvær æfingar áður, m.a. viðbrögð við mengunarslysi í kalda vatnslindum borgarinnar. Þá settum m.a. niður rosa marga kamra við Laugardalshöllina. Þetta er nú í gríni sagt en auðvitað er mikilvægt að halda slíkar æfingar reglulega og eiga vel uppfærðar viðbragðsáætlanir.“

Hvernig fórst þú sjálfur í gegnum alla þessa vinnu, tiltölulega nýstaðinn upp úr alvarlegum veikindum?

„Ég var á ónæmisbælandi lyfjum í gegnum faraldurinn þannig að ég þurfti að passa upp á mig. Við gengum mjög langt í sóttvarnarhólfun hérna í Ráðhúsinu og ég fylgdist náið með því í vísindaritum sem skrifað var um veikindin sem kórónuveiran olli og gáði sérstaklega að því hvort ég myndi steindrepa ef ég smitaðist af COVID-19. Það kom nú á daginn að ég virtist ekki vera í meiri hættu en aðrir nema síður sé. Ónæmiskerfið virtist fara á yfirsnúning hjá þeim sem veiktust mest af kórónuveirunni og það voru ákveðnar pælingar um það hvort þessi lyf sem ég var á gætu jafnvel hjálpað líkamanum að komast yfir COVID-19. Hins vegar var ekkert sannað í því. Ég ákvað að láta þetta ekki stoppa mig í að gegna mínu hlutverki en var líka harður á því að passa upp á allt starfsfólkið og þá stjórnendur sem komu að þessu. Við vorum hérna í nokkurs konar COVID virki í Ráðhúsinu. Það voru margir heima að vinna þannig að ég var meira og minna bara einn hérna á fjarfundum.“

Þú hefur ekki verið búinn á því eftir þessa törn, eða hvað?

„Ég hafði engan tíma til þess. Um leið og síðasta bylgjan kláraðist og sóttvarnarráðstöfunum var aflétt biðu allir íbúafundirnir sem höfðu frestast hálf kjörtímabilið vegna faraldursins. Um leið og þeir voru búnir hófst kosningabaráttan þannig að ég var eins og útspítt hundskinn eftir kosningar í vor. En ég er alveg búinn að ná mér.“

3. Ný veira nemur land

Í þessum kafla er fjallað um aðgerðir neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar í fyrstu bylgjum kórónuveirunnar SARS-CoV-2 sem gekk yfir heimsbyggðina 2020. Inn í frásögnina er fléttað helstu atburðum á tímum heimsfaraldursins. Einnig er greint frá helstu ákvörðunum Reykjavíkurborgar vegna faraldursins.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði 71 sinnum í fyrstu bylgjum faraldursins 2020. Haldnir voru 24 fundir á árinu 2021 vegna viðbragða við faraldrinum og fimm í upphafi ársins 2022 þegar ómikron bylgja faraldursins var í hámarki. Fundahaldi var hætt eftir að öllum sóttvarnaraðgerðum var aflétt í lok febrúar 2022.



3. Fyrsti fundur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Fundurinn var haldinn í borgarráðsherbergi Ráðhússins strax eftir fund almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins sem sóttvarnarlæknir Þórólfur Guðnason og Dagur B. Eggertsson boðuðu til í borgarstjórnarsalnum föstudaginn 31. janúar. Þórólfur kom einnig á fund neyðarstjórnar og fór yfir mögulega atburðarás vegna SARS-CoV-2. Mynd: Reykjavíkurborg.

Einnig voru skipaðar sérstakar neyðarstjórnir á stærstu sviðunum þar sem mest var undir á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Þessar neyðarstjórnir á sviðunum héldu utan um

og leiddu aðgerðir þar og sáu um upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsfólks. Bæði þessi svið náðu að halda úti órofinni þjónustu allan tímann sem heimsfaraldurinn gekk yfir á árunum 2020 – 2022 þótt þjónusta væri að ýmsu leyti skert eins og nánar verður farið yfir í köflum um þessi fagsvið.

Neyðarstjórn velferðarsviðs fundaði 72 sinnum árið 2020, níu sinnum árið 2021 og sex sinnum 2022 í ómíkrón bylgjunni.

Neyðarstjórn skóla- og frístundasviðs fundaði 29 sinnum í fyrstu bylgju COVID-19, á tímabilinu 9. mars – 4. maí 2020. Á öðrum tímum voru fundir neyðarstjórnar hluti af framkvæmdastjórnarfundum sem voru haldnir einu sinni í viku. Faraldurinn var ekki til umræðu á öllum fundunum þar sem starfsemin í skólunum var í nokkuð föstum skorðum eftir að búið var að skipuleggja hana í samræmi við sóttvarnaaðgerðir.

3.1 Fyrsta bylgjan - tímabilið janúar – júlí 2020

Fyrstu fréttir sem fluttar voru hér á landi af nýrri lungnabólguveiru voru í Ríkisútvarpinu 4. janúar 2020. Þar var greint frá því að rannsókn væri hafin á óþekktri lungnabólguveiru sem fjórir tugir manna voru sagðir hafa veikst af í borginni Wuhan í Hubei héraði í Kína.²

Daginn eftir flutti RÚV frétt um að fólkid sem hefði veikst af lungnabólgu í Kína væri ekki smitað af HABL eða MERS. Einnig hefði verið útilokað að um fuglaflensu eða influensu væri að ræða.³

Fjallað var um nýja veiru í Morgunblaðinu 14. janúar og var hún sögð í ætt við SARS.⁴

Faraldur af völdum þeirrar kórónuveiru kom upp 2003. [SARS-CoV-1, Severe acute respiratory syndrome] og smituðust yfir 8.000 manns af völdum veirunnar.⁵

Fréttaflutningur af hinnu nýju skæðu veiru hélt áfram síðari hluta janúarmánaðar. Í Fréttablaðinu var stemningin í Wuhan m.a. sögð vera í „ætt við heimsendi“. Þar væri enginn á ferli á götum úti og tómar hillur í verslunum. Ekki var þó sögð ástæða til að loka fyrir ferðir til og frá Kína.⁶

² Róbert Jóhannsson: „Kínverjar óttast endurkomu HABL,“ vefur RÚV, 4. janúar 2020 <https://www.ruv.is/frettir/erlent/kinverjar-ottast-endurkomu-habl>

³ Ásrún Brynja Ingvarsdóttir, Segja fólkid ekki smitað af HABL, vefur RÚV 5. janúar <https://www.ruv.is/oflokka-eldra-efni/segja-folkid-ekki-smitad-af-habl>

⁴ Ágúst Ásgeirsson, „Ný veira í Kína veldur lungnabólgu“, Morgunblaðið, 14. janúar, bls. 13.

⁵ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin W.H.O. https://www.who.int/health-topics/severe-acute-respiratory-syndrome#tab=tab_1

⁶ Ari Brynjólfsson: „Stemningin á við heimsendi,“ Fréttablaðið 24. janúar 2020 bls. 8.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO og Sóttvarnarstofnun ESB gerðu áhættumat vegna mögulegs heimsfaraldurs af völdum veirunnar. Á grundvelli þess lýsti Ríkislögreglustjóri yfir óvissustigi almannavarna 27. janúar.

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins var síðan kölluð saman í Ráðhúsi Reykjavíkur 31. janúar og var það að frumkvæði sóttvarnarlæknis og Dags B. Eggertssonar borgarstjóra sem var formaður nefndarinnar. Voru það fyrstu viðbrögð sveitarfélaga við heimsfaraldrinum. Á fundinum var einnig Sigríður Dóra Magnúsdóttir, umdæmislæknir sóttvarna fyrir höfuðborgarsvæðið.

Í frétt RÚV um fundinn sagði:

„Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins kom saman til fundar í morgun að beiðni sóttvarnalæknis. Í tilkynningu frá borginni kemur fram að tilefni fundarins hafi verið samræming og skipulag viðbragða við Wuhan-kórónaveiru.

Sóttvarnalæknir hafi á fundinum farið yfir hlutverk höfuðborgarsvæðisins í viðbrögðum ef og þegar veiran kemur upp á Íslandi. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hafi komið saman eftir fundinn til að undirbúa samhæfingu viðbragða og átt fund með sóttvarnalækni.“⁷

Undirbúningur vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar á höfuðborgarsvæðinu fór því strax af stað þarna um mánaðarmótin.

Reykjavíkurborg bjó m.a. að því að velferðarsvið hafði nokkru áður ráðist í endurskoðun viðbragðsáætlana vegna utanaðkomandi vár og hafði þegar stofnað sérstaka neyðarstjórn fyrir sviðið. Í þeirri vinnu var ekki aðeins litið til mögulegs heimsfaraldurs heldur einnig annars konar áfalla, eins og óveðurs, sem gætu sett viðkvæmt og afar mikilvægt starf sviðsins úr skorðum. Velferðarsvið rekur 70 starfsstaði með sólarhringsþjónustu auk heimahjúkrunar um alla borg og er afar mikilvægt að sú þjónusta haldist órofin. Berglind Magnúsdóttir forstjóri heimaþjónustu velferðarsviðs hóf þessa endurskoðun viðbragðsáætlana sviðsins í lok árs 2019 og var henni að mestu lokið þegar heimsfaraldur kórónuveiru reið yfir. Berglind býr yfir víðtækri reynslu í krísustjórnun velferðarmála og

⁷ Ásrún Brynja Ingvarsdóttir: „Áttu fund með sóttvarnalækni vegna Wuhan-kórónaveiru“, RÚV, 31. janúar. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/attu-fund-med-sottvarnalaekni-vegna-wuhan-koronaveiru>

hafði m.a. reynslu af því að útbúa viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs Svínaflensunnar árið 2009 þá nýkomin til starfa hjá Reykjavíkurborg.^{8 9}

3.2 Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundar vegna veirunnar

Föstudagur 31. janúar

Fundur í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar var boðaður föstudaginn 31. janúar strax á eftir áðurnefndum fundi almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Þessi fundur átti upphaflega að vera æfing vegna alvarlegs rútuslyss en var að beiðni Pórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis snarlega breytt í yfirferð vegna óvissustigs almannavarna sem ríkislögreglustjóri hafði lýst yfir í samráði við sóttvarnarlækni.

Á fundi neyðarstjórnar fór Pórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir yfir hugsanlegan heimsfaraldur nýrrar kórónuveiru sem komin væri upp í Kína. Hann sagði nær öruggt að veiran bærist til Íslands fyrr en varði. Sóttvarnarlæknir sagði að áriðandi væri að sveitarfélagið virkjaði nú þegar viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Á þessum fundi kynntu fulltrúar velferðarsviðs viðbragðsáætlun m.a. vegna heimahjúkrunar. Að auki var farið yfir húsnæðismál vegna mögulegrar einangrunar og sóttkvíar. Í því skyni var m.a. rætt um Víðines og nýja hjúkrunarheimilið við Sléttuveg sem var að verða tilbúið. Þá kom fram að nauðsynlegt gæti verið að hafa nokkrar íbúðir til reiðu. Enn fremur var minnst á að færanleg hús sem von var á til landsins sem úrræði fyrir heimilislausu gætu nýst í þessu sambandi.

Viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar vegna heimsfaraldurs inflúensu frá árinu 2009 var virkjuð samkvæmt ráðleggingum sóttvarnarlæknis. Á fundinum komu fram ábendingar um að uppfæra þyrfti áætlunina með tilliti til fatlaðs fólks en áætlunin 2009 var gerð áður en sveitarfélög tóku yfir málaflokk fatlaðs fólks með samningi við ríkið í október 2010.

Einnig var rætt um stöðu birgða af hlífðarbúnaði, lyfjum, matvælum og fleiru.

Ákveðið var að miðla upplýsingum til stjórnenda með samræmdum hætti.¹⁰

⁸ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO [https://www.who.int/emergencies/situations/influenza-a-\(h1n1\)-outbreak](https://www.who.int/emergencies/situations/influenza-a-(h1n1)-outbreak)

⁹ Berglind Magnúsdóttir, viðtal.

¹⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 31. janúar 2020.

3.3 Sex verkefnahópar stofnaðir

Á þessum fundi voru einnig stofnaðir sex verkefnahópar um ákveðin álitafæni.

1. Samræmingarhópur sem skyldi samræma almenna viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og viðbragðsáætlun um heimsfaraldur influensu frá árinu 2009. Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri og Dagný Ingadóttir verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara leiddu þá vinnu.
2. Upplýsingahópur sem skyldi annast upplýsingamiðlun og samræmingu útsendra tilkynninga sem Bjarni Brynjólfsson upplýsingastjóri fór fyrir.
3. Verkfallshópur sem Ebba Schram borgarlögmaður fór fyrir og annaðist lögfræðilega rýningu á undanþágubeiðnum frá boðuðum verkföllum Eflingar og Sameykis í samráði við fagsviðin.
4. Húsnæðismál. Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra og Berglindi Magnúsdóttur frá velferðarsviði ásamt Óla Jóni Hertervig frá eignaskrifstofu var falið að greina þörf fyrir húsnæði.
5. Starfsmannamál. Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs skyldu greina hvernig ætti að tryggja mönnun, öryggi og velferð starfsfólks borgarinnar til dæmis með bólusetningum.
6. Viðbragðshópur sem borgarstjóri og fleiri rýndu það hverja í neyðarstjórn ætti að boða á fundi með skömmum fyrirvara.¹¹

Strax á þessum fundi voru því lagðar helstu línur varðandi skipulag og viðbragð borgarinnar við kórónuveirufaraldrinum. Unnin var fréttatilkynning og bréf til stjórnenda um hvað í vændum væri. Unnið var að lista yfir tengiliði sem gætu vitað um hentugt laust húsnæði, undanþágubeiðnir voru sendar til verkalýðsfélagsins Eflingar vegna velferðarsviðs en ákveðið að senda ekki undanþágubeiðnir vegna sorphirðu eða umhirðu borgarlandsins að sinni. Þá var ákveðið að gera ekki breytingar á fjölda í neyðarstjórn og bæði aðal- og varamenn boðaðir.

Í máli sóttvarnarlæknis á fundinum kom fram að viðkvæmir einstaklingar og aldraðir væru líklega í mestri hættu ef þeir smituðust. Frekari undirbúningur velferðarsviðs hófst því samstundis. Strax þessa helgi eftir þessa alvarlegu föstudagsfundi með sóttvarnarlækni var

¹¹ Sama heimild.

gengið í að skipta starfsstöðum velferðarsviðs í nokkra flokka eftir því hversu viðkvæmir notendur þjónustunnar væru. Í þessari vinnu naut velferðarsvið þess að þegar hafði verið farið yfir helstu sviðsmyndir sem gætu stofnað þjónustunni í hættu. Það má því segja að framsýni stjórnenda velferðarsviðs hafi gert það að verkum að undirbúningur og varnarviðbragð var skrefi á undan. Þetta skipti í raun öllu máli varðandi það hvernig til tókst.¹²

3.4 Svartur febrúar

Fréttaflutningur af útbreiðslu kórónuveirunnar og dauðsföllum af hennar völdum hélt áfram í innlendum miðlum sem erlendum. Í blábyrjun febrúar var veiran sögð vera komin til Bretlands. Íslendingar virtust fylgjast vel með fréttum af veirunni því frétt um það að sóttþreinsisspritt seldist í tonnatali var flutt af RÚV um svipað leyti.¹³

Veiran var sögð hafa stungið sér niður í Svíþjóð 4. febrúar. Hlutabréfaverð tók snarpa dýfu á helstu mörkuðum vegna fréttu af veirunni og mörgum dauðsföllum af hennar völdum þar sem hún grasseraði í Wuhan. Óhugnanlegar fréttamyndir frá Kína birtust í vestrænum fjölmiðlum þar sem lögregla logsauð hurðir á fjölbýlishúsum fastar til að halda fólki í sóttkví og af neyðarástandi á spítölum Wuhan-borgar. Kínversk stjórnvöld lokuðu borginni svo farsóttin breiddist ekki út en of seint því skaðinn var þegar orðinn og veiran sloppin út um heimsbyggðina.

Á hádegi þann 4. febrúar hófst síðan boðað verkfall verkalýðsfélagsins Eflingar sem stöðvaði starfsemi leikskóla í Reykjavík og hafði áhrif á leikskólavist 3.500 barna í borginni.

Í heimspressunni gekk hin nýja veira undir ýmsum nöfnum, var t.a.m. kölluð Wuhan veiran, Kínapestin og leðurblökuveiran. Rétt undir miðjan febrúar greindi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO frá því að kórónuveiran hefði fengið alþjóðlega heitið SARS-CoV-2 en sjúkdómurinn sem veiran ylli nefndist COVID-19.¹⁴

Þrátt fyrir fréttaflutning af veirunni kvaðst íslenskur almenningur hafa litlar áhyggjur samkvæmt könnun sem MMR framkvæmdi fyrir Morgunblaðið.¹⁵

¹² Sama heimild.

¹³ Þórhildur Þorkelsdóttir, „Spritt selst í tonnatis vegna Wuhan-veiru“, RÚV 3. febrúar 2020.

¹⁴ W.H.O. „Naming the coronavirus disease (COVID-19) and the virus that causes it,“ [https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/technical-guidance/naming-the-coronavirus-disease-\(covid-2019\)-and-the-virus-that-causes-it](https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/technical-guidance/naming-the-coronavirus-disease-(covid-2019)-and-the-virus-that-causes-it)

¹⁵ Guðni Einarsson, „Litlar áhyggjur af veirunni“, Mbl.is, 12. febrúar 2020 https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/02/12/litlar_ahyggjur_af_veirunni/



3.4 Reykjavíkurborg sá til þess að ýmislegir viðburðir voru í boði í Miðborginni á aðventunni. Flest fullorðin fólk bar grímur á meðan börn voru undanskilin grímuskyldu. Mynd: Sigurjón Ragnar Sigurjónsson.

Til að bæta gráu ofan á svart gekk síðan fárviðri yfir landið 14. febrúar. Þök fuku af byggingum m.a. á Kjalarnesi og vindhraðamet voru slegin víða um land. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar var í viðbragðsstöðu vegna rauðrar viðvörunar vegna óveðursins.¹⁶

Sóttvarnarlæknir ráðlagði fólki frá því að ferðast til fjögurra héraða á Ítalíu þar sem mörg smit höfðu greinst.¹⁷

3.5 Fyrsta smitið greinist hér á landi – neyðarstjórn fundar

Neyðarstjórn fundaði ekki aftur vegna heimsfaraldurs kórónuveiru fyrr en tæpum mánuði eftir hinn afdrifaríka fund með sóttvarnarlækni í lok janúar. Fundurinn var haldinn 28.

¹⁶ Stefán Jónsson, „Óveðursvaktin: Rauð viðvörun gefin út, visir.is, 13. febrúar 2020

<https://www.visir.is/g/2020200219529/raud-vidvorun-gefin-ut>

¹⁷Ráðleggingar vegna ferðalaga til Norður-Ítalíu og Tenerife, Vefur Landlækni, 25. febrúar 2020.

<https://island.is/s/landlaeknir/frett/Radleggingar-vegna-ferdalaga-til-Nordur-Italiu-og-Tenerife>

febrúar þegar fyrsti einstaklingurinn hafði greinst með kórónuveiruna, SARS-CoV-2, hér á landi. Sá smitaði var maður á fertugsaldri sem hafði verið á skíðum á Ítalíu. Hann var í einangrun á Landspítalanum en eiginkona hans var ekki sögð vera smituð. Allir í kringum manninn voru sendir í 14 daga sóttkví. Nokkru áður hafði gámaeiningum verið komið fyrir við bráðamóttöku LSH í Fossvogi til að taka á móti smituðum.¹⁸

Pennan dag var stig almannavarna fært af óvissustigi yfir á hættustig vegna smithættu.

Á þessum tímapunkti hófst mikil fundalota Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og sérstakra neyðarstjórna á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði sem héldu utan um allar aðgerðir sóttvarna á sviðunum. Fundað var á hverjum degi alla daga vikunnar og stundum tvisvar ef mikið lá við.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði á fundinum að nú yrði allt virkjað því lítil munur væri á hættustigi og neyðarstigi. „Huga þarf að því að þjónustuþegar, starfsfólk og aðrir verða óvissir og jafnvel órólegir.“¹⁹

Dagur lagði áherslu á að þetta yrði viðvarandi ástand, hugsanlega í mánuði.

Á þessum tímapunkti var forgangsröðun velferðarsviðs vegna faraldursins klár.

Borgarstjóri hafði fundað fyrr um morguninn með almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins en þar var m.a. rætt um mikilvægi samræmdrar upplýsingagjafar sveitarfélaganna m.a. vegna skólastarfs o.fl.

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla og frístundasviðs sendi tölvupóst á allt starfsfólk sviðsins þennan dag þar sem fólk var hvatt til að huga vel að öllu hreinlæti, þrifum og sóttthreinsun.

Ákveðið var að senda tölvupóst á alla stjórnendur borgarinnar með þeim skilaboðum að starfsemi borgarinnar yrði óbreytt.

Enn átti eftir að ákveða hvernig brugðist yrði við varðandi sorphirðu og skólastarf.

Búið var að laga VPN tengingar starfsfólks til að hægt væri að vinna að heiman, samkvæmt upplýsingum frá Óskari Jörgen Sandholt sviðsstjóra þjónustu og rekstrarsviðs.²⁰

¹⁸ Freyr Gígja Gunnarsson, „Fyrsta tilfelli Covid-19 greint á Íslandi,“ RÚV, 28. febrúar 2020. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/fyrsta-tilfelli-covid-19-greint-a-landi>

¹⁹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 28. febrúar 2020.

²⁰ Sama heimild.

3.6 Verkfall Eflingar setur strik í reikninginn

Á fundum neyðarstjórnar þessa helgi kom fram að erfitt væri að sinna smitvörnum og þrifum á starfsstöðum velferðarsviðs vegna verkfalls Eflingar sem farið var að valda miklum vanda ofan í yfirlýst hættuástand vegna faraldursins. Undanþágur yrðu að fást frá verkfallinu. Þær fengust daginn eftir þegar Efling samþykkti allsherjar undanþágu fyrir velferðarsvið til 4. mars. Einnig var veitt undanþága vegna sorphirðu í Reykjavík auk þess sem sótt var um undanþágu vegna losunar ruslastampa í borginni en rusl var farið var að flæða út úr þeim víða, sérstaklega í miðborginni sem ekki var talið vera mjög traustvekjandi staða í farsóttarástandi.

Ákveðið var að veita aukið fjármagn til sóttþreinsunar og þrifa. Borgarstjóri lagði áherslu á að Reykjavíkurborg héldi órofinni starfsemi eins og mögulegt væri en fylgdi jafnframt settum fyrirmælum. Þannig yrðu þrif á öllum starfsstöðum aukin í samræmi við tilmæli strax í næstu viku.

Upplýsingafulltrúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hittust á fundi þessa helgi, sem almannavarnir boðuðu til í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Á fundinum var rætt um samræmingu upplýsingagjafar og að allir sendu út sömu skilaboð, á sama tíma í náinni samvinnu við almannavarnir.

Ákveðið var að öll sveitarfélögin settu gula COVID-19 borða á vefsíður sínar og var það gert samdægurs.

Velferðarsvið hafði þegar sett upp veggspjöld með áminningum um sóttvarnir á skrifstofum sviðsins á Höfðatorgi og ákveðið var að hengja slík veggspjöld upp víða um stjórnarsýsluhúsin.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs sendi borgarstjóra yfirlit um áhættumat allra starfsstaða sviðsins þar sem þeir eru flokkaði í A- B- og C-flokk eftir því hversu útsettir einstaklingar væru fyrir smiti og afleiðingum þess.

Boðaður hafði verið fundur í borgarráði á mánudegi (borgarráð fundar venjulega á fimmtudagsmorgnum) þar sem lagðar voru fram tillögur um auknar fjárveitingar vegna þrifa, aðkeyptrar vinnu, yfirvinnu og kostnaðar sem gæti fallið til í faraldrinum.²¹

3.7 Áhrif af verkföllum kortlögð

Í vikunni sem fór í hönd fór talsverð orka í það að kortleggja hver áhrifin yrðu af yfirvofandi verkföllum en mikil óvissa vegna vinnudeilna flækti alla skipulagningu vegna faraldursins. Verkfall Sameykis átti að hefjast 9. mars með fjölmörgum boðuðum verkfallsdögum.

²¹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 29. febrúar 2020.

Allsherjarverkfall átti að hefjast 15. apríl ef ekki semdist. Ljóst var að starfsemi borgarinnar myndi algjörlega lamast kæmi til verkfalls Sameykis til viðbótar verkfalli Eflingar.

Starfsfólk í Sameyki var í 668 stöðugildum í grunnskólum borgarinnar, 800 stöðugildum hjá velferðarsviði og 97 stöðugildum hjá umhverfis- og skipulagssviði svo dæmi séu tekin. Starfsfólk upplýsingadeildar borgarinnar hefði t.a.m. farið í verkfall ef ekki kæmu til undanþágur.

Borgarstjóri sagði að nauðsynlegt væri að taka umræðuna upp á landsvísu. Næstu skref yrðu tvíþætt: Annars vegar að undirbúa undanþágubeiðnir og hins vegar að taka saman minnisblað til nýstofnaðs stýrihóps ríkisins um samfélagsleg og hagræn viðbrögð við COVID-19. Borginni væru lagðar miklar skyldur á herðar samkvæmt því sem kveðið væri á um í viðbragðsáætlun neyðarstjórnar sem og viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu. Verkföll gerðu borginni einfaldlega ókleift að standa undir þessu.²²

Í framhaldi af þessum fundi var borgarráði gerð grein fyrir ákvörðunum neyðarstjórnar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar stóð í ströngu þessa fyrstu daga í faraldrinum við að taka út þörf fyrir aukin þrif og sóttþreinsun. Staðan var óvenju snúin vegna vinnumarkaðsdeilnanna. Vegna verkfalls Eflingar þurftu margir skólastjórnendur að sjá sjálfir um ræstingu skólahúsnæðis og loka þurfti frístundastarfi fatlaðra framhaldsskólanema í Hinu húsinu vegna þess að ekki hafði verið hægt að þrifa húsnæðið í 17 daga. Kortlagning sýndi að 65% af starfsfólki Reykjavíkurborgar færi í verkfall ef af verkfalli Sameykis yrði.

Mikið þúður fór í það hjá stjórnendum að glíma við þessar vinnumarkaðsdeilur sem voru á sama tíma og verið var að skipuleggja sóttvarnir. Skólastjórnendur reyndu t.a.m. hvað þeir gátu til að starfseminni gangandi. Í ljósi yfirvofandi faraldurs hefði verið heppilegra af yfirvöldum að stöðva þær strax.


3.8 Hætt við skipulagðar árshátíðir og viðburði

Í þessari viku voru áætlaðar árshátíðir, t.a.m. árshátíð umhverfis- og skipulagssviðs sem var frestað. Búið var að dúka upp og leggja á borð fyrir árshátíð Ráðhússins í Tjarnarsalnum sem halda átti á laugardagskvöldið 7. mars en henni var slaufað á síðustu stundu þegar fyrsta innanlandssmitið sem ekki var hægt að rekja til útlanda greindist.

Við lá stórslysi í smitum fyrir starfseminu í Ráðhúsinu vegna samkvæmis sem haldið var í heimahúsi sama kvöld og árshátíðin átti að fara fram. Þar reyndist vera einn smitaður starfsmaður en starfsfólk af ýmsum skrifstofum Ráðhússins var í samkvæminu. Sem betur

²² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 2. mars 2020.

fer smitaðist enginn. Dæmið sýndi að fólk var ekki alveg búið að átta sig á alvöru málsins þegar þarna var komið sögu.



3.8 Dekkuð borð í Tjarnarsal fyrir árshátíð Ráðhússins sem var blásin af á síðustu stundu, 7 mars. 2020.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Borgarstjóri sendi stjórnendum bréf þar sem hann minnti á viðbragðsáætlun um órofna starfsemi og fjallaði um hlutverk Reykjavíkurborgar í almannavarnarkeðjunni.²³

Fyrstu fjóra dagana í mars greindust 16 smit og voru þau öll rakin til útlanda. 6. mars greindist hins vegar fyrsta hreinræktaða innanlandsmítið. Ljóst var að veiran hafði hreiðrað um sig í landinu og öruggt að hún myndi breiðast frekar út.

²³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 5. mars 2020.

3.9 Neyðarstigi lýst yfir 6. mars

Á fundi neyðarstjórnar föstudaginn 6. mars kom fram að hægt væri að rekja fyrsta innanlandssmitið sem var ákveðinn léttir.

Viðbragðsáætlun borgarinnar fyrir neyðarstig var nú virkjuð. Á fundinum var m.a. rætt um Klettaskóla þar sem fötluð börn stunda nám.

Rætt var um möguleikana á því að forgangsraða börnum inn í leikskólana þannig að börn viðbragðsaðila og heilbrigðisstarfsfólks hefðu forgang. Ákvörðun um slíkt þurfti þó að koma frá almannavörnum eða ríkislögreglustjóra.

Einnig var hugað að starfsaðstöðu neyðarstjórnar og rætt hvort hún notaðist alfarið við fjarfundabúnað. Til þessa hafði neyðarstjórnin fundað í Maríubúð en sum í stjórninni tekið þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Rætt var um að hólfaskipta starfsstöðum þar sem dreifa þurfti áhættunni og loka hæðum í Ráðhúsinu.

Forsætisnefnd og skrifstofa borgarstjórnar voru undirbúin fyrir flýtimeðferð svo hægt væri að funda í fagráðum borgarinnar í gegnum fjarfundabúnað. Búið var að útfæra hvaða lögum og samþykktum þyrfti að breyta til að slíkt væri mögulegt.

Skipulögðum fundi öldungaráðs var frestað þar sem um væri að ræða viðkvæman hóp fólks.

Rætt var hvort hugsanlega ætti að takmarka aðgang að Ráðhúsinu þar sem það var enn opið fyrir ferðamönnum og öðrum gestum.²⁴

Starfsmaður menningar- og ferðamálasviðs, Inga María Leifsdóttir, sem fékk COVID-19 í upphafi faraldursins lýsti reynslu sinni í viðtali við Morgunblaðið. Ekki var hægt að rekja smit hennar. Eftir á að hyggja sagðist hún halda að hún hafi smitast af ferðamönnum í Ráðhúsinu í lok febrúar en jarðhæð Ráðhússins var og er vinsæll áfangastaður erlendra ferðamanna. Í ljósi þessa hefði mögulega átt að loka húsinu fyrr fyrir utanaðkomandi. Inga María var ekki mjög veik og mætti því í áður nefnt samkvæmi laugardagskvöldið 7. mars sem haldið var þegar árshátíðin var blásin af sem gerði það að verkum að mörg voru send í sóttkví þegar hún greindist nokkrum dögum síðar. Hún átti lengi í veikindum vegna sýkingarinnar.^{25 26}

²⁴ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 8. mars 2020.

²⁵ Ásdís Ásgeirsdóttir: „Ég missti allt bragð- og lyktarskyn“ viðtal við Ingu Maríu Leifsdóttur; Morgunblaðið 22. mars 2020 bls. 15.

²⁶ Ásdís Ásgeirsdóttir: „Vissi ekkert hvað væri framundan“, viðtal við Ingu Maríu Leifsdóttur; Morgunblaðið, 28. febrúar 2021 bls. 5

Í þessu samhengi var þeim möguleika velt upp að starfsfólk hefði takmarkaða viðkomu á jarðhæð en færi frekar með lyftu úr bílakjallara og upp á starfsstaði sína.

Ákvörðun var tekin á velferðarsviði um að loka starfsstöðvum sem halda úti þjónustu og starfsemi fyrir fólk sem væri í viðkvæmri stöðu eða með undirliggjandi sjúkdóma, þ.e. félagsstarfi, dagdvöl, skammtímadvöl fyrir fatlað fólk og aldraða. Tilkynningar um þetta voru sendar með tölvupósti og símtölum til aðstandenda og þeirra sem málið varðaði. Því var þó haldið til haga að bann við heimsóknum gæti verið afar þungbært fyrir aldrað fólk.²⁷

Tekið var fyrir heimsóknir til sjúklinga á Landspítala og á hjúkrunarheimilum um land allt. Þá var stórum fyrirhuguðum samkomum eins og Matarmarkaði í Hörpu og sýningunni Verk og vit í Laugardalshöll og árshátíðum fyrirtækja frestað.

3.10 Stjórnsýsluhúsum hólfaskipt

Um þessa helgi sendi borgarstjóri minnisblað til forsætisráðherra um stöðu mikilvægrar samfélagslegrar þjónustu í Reykjavík í ljósi neyðarstígs almannavarna og áhrifa yfirstandandi og boðaðra verkfalla á þjónustuna.

Minnisblaðið var einnig sent formanni stýrihóps ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta um samfélagsleg og hagræn viðbrögð við COVID-19.

Hópur úr neyðarstjórn fundaði með fulltrúum slökkviliðs til að útfæra hólfaskiptingu og dreifingu sóttvarnaráhættu í stjórnsýsluhúsunum en litið var til þess hvernig Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð hafði verið hólfaskipt.

Fyrstu drögin að leiðbeiningum til starfsfólks voru lögð fyrir neyðarstjórn. Þarna kom fram að huga þyrfti sérstaklega að barnavernd og þjónustumiðstöðvunum.

Upplýst var að starfsfólk heimahjúkrunar hefði tekið upp breytt fyrirkomulag til að koma í veg fyrir að starfsfólk hittist allt í upphafi vinnudags. Þetta var gert í því skyni að koma í veg fyrir smit og sóttkví margra í þessum mikilvæga hópi starfsfólks sem sá um þjónustu sem mátti ekki rofna.

Á fundi neyðarstjórnar kom fram að foreldrum tíu barna í Klettaskóla hefði verið ráðlagt að hafa börnin heima að svo stöddu. Staðan í Klettaskóla var sögð vera viðkvæm þar sem yfir 100 börn voru sögð afar viðkvæm fyrir breytingum t.d. ef skólanum yrði lokað.

²⁷ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 8. mars 2020.

Fundum var fækkað til muna á skóla- og frístundasviði og skólastjórafundum og leikskólastjórafundum aflýst. Hjá velferðarsviði var búið að skipa starfsmann á símavakt



3.10 Sóttvarnarleiðbeiningar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ráðhúsinu var síðan lokað þegar samkomubann gekk í gildi. Mynd: Reykjavíkurborg.

allan sólarhringinn svo hægt yrði að bregðast hratt við ef smit kæmu upp á starfsstöðvum. Þar var á þessum tímapunkti einn íbúi kominn í sóttkví.

Í byrjun vinnuvikunnar, 9. mars, voru tilmæli um umgengni í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar tilbúin. Þau voru í framhaldinu send á stjórnendur sem miðluðu þeim áfram til síns fólks. Allt starfsfólk var hvatt til þess að reyna eftir fremsta megni að tryggja að heilar starfseiningar smituðust ekki.

Skóla- og frístundasvið kannaði möguleika á hólfaskiptingu í skólum og að árgöngum barna væri ekki blandað saman.²⁸

Þessa viku, 9. – 15. mars, bárust váleg tíðindi af veirunni erlendis frá, 16 milljónir voru í sóttkví á Ítalíu og í Bretlandi var lýst yfir þjóðarvá vegna fjölda smita. Hér heima var rætt um samkomubann í fyrsta sinn til að koma í veg fyrir fjöldasmit.

3.11 Samkomubann í aðsigi

Á fundi neyðarstjórnar fimmtudaginn 12. mars var undirbúningur hafinn að hugsanlegu samkomubanni og áhrifum þess á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Hæsta viðbúnaði var lýst yfir hjá Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Ekki var ljóst á þessu stigi hvort skólar yrðu opnir ef til samkomubanns kæmi en nauðsynlegt var að hefja undirbúning að skólahaldi með breyttu sniði.

²⁸ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 7.-8. mars

Rætt var um áhrif samkomubanns á starfsemi safna, sundlauga og íþróttæfingar. Þá þurfti að taka ákvarðanir um að fresta viðburðum eins og Reykjavíkurskákóti, Músíktílaunum, Norrænu skólaleikunum og Eurogym.²⁹

Vegna fyrirhugaðs samkomubanns sem átti að skella á með reglugerð sunnudaginn 15. mars fundaði neyðarstjórn stíft þessa daga. Tveir fundir voru t.d. haldnir föstudaginn 13. mars.³⁰

Samkvæmt reglugerð var samkomubann ákveðið í fjórar vikur frá miðnætti 15. mars.

Ákveðið var að hafa starfsdag í öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu mánudaginn 16. mars. til að endurskipuleggja skólastarfið.

Ákvörðun var tekin um að móta sérstakt vefsvæði á vef borgarinnar þar sem ákvörðunum borgarinnar í faraldrinum væri miðlað til almennings.³¹

Vefurinn [covid.is](https://www.covid.is) á vegum stjórnvalda leit einnig dagsins ljós um þetta leyti. Til þessa höfðu upplýsingar um farsóttina verið á vef Landlæknis en tekin hafði verið ákvörðun af sóttvarnarlækni og almannavörnum að setja í loftið sérstaka síðu um COVID-19.

Vefur almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins [ahs.is](https://www.ahs.is) var einnig kominn í loftið um miðjan mars 2020 en þar var að finna allar upplýsingar um reglugerðir, smitrakningu og gildandi sóttvarnarreglur.

Sérstakur borði á forsíðum vefja sveitarfélaganna var tengdur beint inn á [covid.is](https://www.covid.is) þannig að almenningur fengi sem nákvæmastar upplýsingar um farsóttina. Þetta var gott dæmi um samræmdar og vel heppnaðar aðgerðir sveitarfélaganna, almannavarna höfuðborgarsvæðisins og sóttvarnaryfirvalda sem þóttu nauðsynlegar bæði til að upplýsa og auka traust á ákvörðunum stjórnvalda. Allir unnu í sameiningu að því að samræma upplýsingar til að ekki yrði nein upplýsingaóreiða í samfélaginu.³²

Allir starfsstaðir voru nú hólfaðir niður til að draga úr smithættu og þau sem gátu unnið heima voru hvött til að gera það. Allir starfsstaðir sem það gátu skiptu vinnuaflinu upp í hópa sem unnu til skiptis heima og á starfsstöð. Snertifletir voru sótthreinsaðir á milli og þess gætt að starfsfólk úr mismunandi hópum hittist ekki til að starfsemin lamaðist ekki.

Söfn á vegum menningar- og ferðamálasviðs voru enn opin en gestir voru hvattir til að gæta að tveggja metra fjarlægðarmörkum. Stjórnendur ÍTR unnu að útfærslu fyrir sundlaugar, Ylströndina í Nauthólsvík og skíðasvæðin.

²⁹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 12. mars 2020

³⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 13. mars 2020

³¹ Sama heimild.

³² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 13. mars 2020



Viðskipti stöðuvinnu í Fintanum á Wall Street í New York. Finninn minnir eftir að bandarískir markaðir voru opnaðir, eftir fjórum dögum.

Sigríður Björk talin hæfust

STÓRNSTJÓLA Sigríður Björk Guðjónsdóttir hefur verið talin hæfust til að stjórna fjárfestingum í höfuðborginni.



Meðal annars þessa eru Hella Bergsdóttir, Sigríður Þóra Mörturhildur, Ólafur Páll Vilhjálmsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ólafur Ólafsson, sem hafa verið talin hæfust til að stjórna fjárfestingum í höfuðborginni.

Viðbragða að ventna

Ríkisstjórnin undirbýr viðbrögð við efnahagsvippingum. Rýningar vænti í vikunni. Hagfræðingur segir áhrif olíuvæðisstríðs ólík eftir atvinnugreinum.

FRÉTTAÞINGIÐ. Ríkið hefur verið um stundina efnahagsvippingum. Ríkisstjórnin hefur verið talin hæfust til að stjórna fjárfestingum í höfuðborginni.

Ítalía lokuð

COVID-19 störmuð á Ítalíu. Hafa tekið þá ákvæði um að loka landinu vegna COVID-19 faraldursins sem gekk þar. Þetta tilkynnti Giuseppe Conte, forsvarsihermann Ítalíu, í gær.



Ást Jóns verður öllum skólam, á öllum stigum, kokað og öllir skólar lokaðir. Þetta tilkynnti Ólafur Páll Vilhjálmsson, forsvarsihermann Ítalíu, í gær.

3.11 Svartur mánudagur 9. mars, hrun í kauphöllum víða um heim. Forsíða Fréttablaðsins 10. mars. Skjamynd af Tímarit.is.

óheimilt að koma inn á aðra starfsstöð en þeirra eigin og óheimilt að nota önnur salerni en þau sem merkt voru starfsstöð.

Á fundum þessa helgi 14. og 15. mars kom í ljós að ekki var alveg fullkomið samkomulag í hópnum á höfuðborgarsvæðinu sem vann að skipulagi skólamála. Þar þurfti að stilla betur af samtal sveitastjórnarstígsins við ríkið. Að sögn Helga Grímssonar sviðsstjóra þurftu almannavarnir að koma með skýr tilmæli um sóttthreinsun og hvað í henni fælist. Unnið var að því að skólamötuneyti dreifði mat inn í skólafundur. Öllum stórum viðburðum í skólafundum var aflýst og starfsemi skólahljómsveita og tónlistarskóla takmörkuð.³³

Á leikskólum var vistunartími stytur til kl. 16.30 svo hægt væri að þrifa og sóttthreinsa skólana eftir daginn. Matur var skammtaður á diska og foreldrum meinað að koma inn í skólana. Ákveðið var að fella niður gjöld vegna matarþjónustu sem ekki væri veitt.

Huga þurfti að samræmdum reglum varðandi námsferðir á vegum borgarinnar en margir hópar, t.a.m. á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs, höfðu skipulagt slíkar ferðir. Ljóst var af ástandinu að ekki yrði af námsferðum í bili að minnsta kosti.

Helgina fyrir fyrsta samkomubannið var unnið sleitulaust að því að finna leiðir til að raska skólafundum leik- og grunnskóla sem minnst. Fulltrúar fræðslufyrirvalda allra sveitarfélaganna áttu marga fundi þessa helgi til að samræma aðgerðir.

Samræmdur forgangslisti fyrir börn starfsstétta í forgangi var útbúinn fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Þá var ákveðið að loka mötuneytum stjórnarsýsluhúsanna fyrir utanaðkomandi. Tímarammi var settur í mötuneytum fyrir starfshópa á Höfðatorgi og í Ráðhúsi. Lokað var á milli hæða á Höfðatorgi og starfsfólki

³³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 14. mars 2020

Hjá velferðarsviði var staðan þannig að einn íbúi búsetukjarna hafði smitast. Átta af tólf starfsmönnum búsetukjarnans fóru í sóttkví. Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs taldi þennan vanda eiga eftir að aukast.

Á þessum tíma var enn óvissa um hvort hægt væri að halda úti íþróttastarfi og sundkennslu í skólunum en talið líklegt að því yrði aflýst í samkomubanninu. Þá var einnig óvíst hvort hægt yrði að halda sundlaugum opnum og treysta fólki til að virða tveggja metra regluna.

Matarbakkar voru teknir upp í mötuneytum til að koma í veg fyrir smit með áhöldum.

Í fjármálahóp og fjármála- og áhættustýringarsviði var unnið að þremur mismunandi sviðsmyndum um það hvaða áhrif faraldurinn gæti haft á efnahag borgarinnar.

Fulltrúum í neyðarstjórn var gert að hafa skilgreindan staðgengil sem stigi inn ef einhver veiktist eða þyrfti að fara í sóttkví.³⁴

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hvatti sviðsstjóra fagsviðanna til að senda reglulega pósta á fagráðin til að halda kjörnum fulltrúum upplýstum um stöðu mála og aðgerðir á starfsstöðum.³⁵

Upplýsingagjöf sviðsstjóra til fagráða borgarinnar var með miklum ágætum í gegnum allan faraldurinn.

Fulltrúar velferðarsviðs ræddu á þessum tíma við Landspítala um að nýta bakvarðarsveitir til aðstoðar við búsetuúrræði sviðsins ef á þyrfti að halda. Þá var rætt um að virkja borgarbúa í bakvarðarsveitir ef kæmi til neyðarástands.

Netfangið neydarstjorn@reykjavik.is stofnað. Að auki var ákveðið að safna öllum mikilvægum upplýsingum sem snertu starfsfólk borgarinnar á undirsíðu á innri vefnum Fróða.³⁶

Ákveðið var að loka mötuneytum í stjórnsýsluhúsunum í byrjun vikunnar. Þá var talið mikilvægt að samræma umgengnisreglur í stjórnsýsluhúsunum en litakóðun hafði verið tekin upp í Ráðhúsi en ekki á Höfðatorgi.³⁷

Á þessum tímamarki 16. mars var enn stefnt að því að halda ýmissi starfsemi gangandi eins og sundlaugum, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og skíðasvæðum. Búið var að ákveða að loka Ylströndinni í Nauthólsvík og frístundastarfi fatlaðs fólks í Hinu húsinu þar sem ekki var hægt að virða tveggja metra regluna um sóttvarnir.

³⁴ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 14. mars 2020.

³⁵ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 15. mars 2020.

³⁶ Fróði innri vefur Reykjavíkurborgar. <https://innri.reykjavik.is/is/covid-19-upplysingasida-reykjavikurborgar>

³⁷ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 15. mars 2020.

Í neyðarskýlum borgarinnar var of mikið þröngbýli og ekki hægt að virða fjarlægðartakmörk. Því var leitað að auka húsnæði fyrir notendur.³⁸

Um miðjan mars var faraldurinn enn á byrjunarstigi hér á landi þegar þarna var komið sögu. 175 tilfelli höfðu greinst. Enn hafði enginn þurft á aðstoð öndunarvélar að halda en til voru 26 slíkar vélar á spítölum. Báðir stofnar kórónuveirunnar sem höfðu verið greindir á þessum tíma og nefndust S og L höfðu greinst í landinu. L stofninn virtist valda verri sótt. 30 manns voru komnir í smitragingateymi sem vann á vöktum frá kl. 9-24.

Sýkla og veirufræðideild Landspítalans var undir miklu álagi en hún greindi sýni sem tekin voru. Mánudaginn 16. mars hafði starfsfólk deildarinnar greint metfjölda sýna eða 569. Sýnataka átti heldur betur eftir að vinda upp á sig en fleiri þúsund sýni voru tekin daglega þegar mest var á seinni stigum farsóttarinnar en keyptur var nýr og öflugur búnaður til greiningar á sýnum.



„Markmiðið með aðgerðunum núna er að halda þeim faraldri sem er í gangi í góðum skefjum,“ sagði Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir. „Þannig að við fáum ekki óheftan faraldur og mikið af veikum fólki inn á gjörgæslu spítalans, það yrði mjög slæmt.“³⁹

Talið var inn í verlanir til að virða samkomutakmörk og viðskiptavinir sprittuðu hendur. Sprittbrúsar og áminningar um sóttvarnir voru komnir á flesta opinbera staði. Verzlunardeðjan Bónus ákvað að opna klukkutíma fyrr á daginn til að taka á móti eldri borgurum og fólki sem taldi sig vera í áhættuhópum.

Sprittbrúsum var komið fyrir í öllum kaffihornum stjórnsýsluhúsanna og víða á borðum til að auðvelda fólki að sótthreinsa hendur.

Óvissa ríkti um það hversu mikið tekjutap yrði hjá borginni vegna faraldursins eða hversu mikill kostnaður félli á borgarsjóð vegna hans. Borgarstjóri lagði áherslu á að borgin sæti við borðið bæði hjá ríkinu og sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins þegar kæmi að úthlutun fjármagns til að mæta faraldrinum.⁴⁰

³⁸ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 16. mars 2020.

³⁹ Morgunblaðið, 17. mars 2020, bls. 4.

⁴⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 16. mars 2020.

Leitað var að bakvörðum og sjálfboðaliðum ef á þyrfti að halda. Margir buðu sig fram til slíkra starfa en tiltölulega fáir voru á endanum valdir til að gegna þeim. Mannauðs- og starfsumhverfissvið hélt utan um þetta starf.

Fundir borgarráðs voru færðir í borgarstjórnarsalinn til að hægt væri að virða nálægðartakmarkanir. Undirbúningsfundir voru haldnir í fjarfundabúnaði og gestir á fundi borgarráðs, sviðsstjórar og aðrir sem boðaðir voru til að flytja kynningar, mættu einnig í gegnum fjarfundabúnað. Það sama átti við um fagráðin sem funduðu með fjarfundabúnaði í faraldrinum.⁴¹

Í þessari viku bar það til tíðinda að tveir grunnskólar borgarinnar þurftu að loka vegna smita en það voru Klettaskóli sem er sérskóli fyrir fötluð börn og Háteigsskóli. Tveir leikskólar, Stakkaborg og Nóaborg, þurftu einnig að loka.⁴²



3.11 Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri Háteigsskóla og Dagur B. Eggertsson heilsast að kórónuveirusið 13. maí 2020 þegar borgarstjóri kom í heimsókn. Háteigsskóli var fyrsti grunnskólinn til að loka vegna COVID-19 um miðjan mars 2020.

Mynd: Reykjavíkurborg.

Áhyggjuefni þótti að forgangslistar fyrir leikskóla- og skólavist yngri barna voru orðnir of fjölmennir þar sem allir kennarar voru t.a.m. skilgreindir sem forgangshópur. Átján til tuttugu þúsund fjölskyldur voru komnar á listann en ekki var vitað hversu margir myndu nýta sér

⁴¹ Sama heimild.

⁴² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 18. mars 2020.

forgangsrétt. Ekki kom til þess að forgangslistarnir væru nýttir þar sem skólarnir voru opnir allan faraldurinn nema þegar loka þurfti vegna smita. Ef neyðarástand hefði hins vegar skapast hefði verið hægt að grípa til forgangs þar sem listarnir höfðu verið búnir til.

Sótt var um forgang á vefnum island.is.

Mikið var spurt um niðurgreiðslu á mótuneytisgjöldum og leikskólagjöldum vegna skertrar þjónustu og sóttkvíar. Reynt var að finna sameiginlega niðurstöðu fyrir þessi mál fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Rými við hliðina á gistiskýli fyrir unga karlmenn með tvígreindan vanda var tekið á leigu úti á Granda enda var að skapast vandræðaástand í gistiskýlunum vegna þrengsla.

3.12 Forgangur einstakra hópa í sýnatöku ræddur við heilsugæsluna

Sundlaugar voru enn opnar og gekk þar á ýmsu þar sem sumir sundlaugargestir höfðu ekki kynnt sér tilkynningar um fyrirkomulag og aðrir sýndu nálægðartakmörkunum lítinn skilning. Gufu- og eimböðum var lokað enda erfitt að virða fjarlægðartakmörk þar. Starfsfólk á skíðasvæðinu í Bláfjöllum var óánægt vegna þess að það hafði á tilfinningunni að verið væri að þrýsta á það að halda opnu.

Nýtt vefsvæði um COVID-19 á reykjavik.is var sett í loftið þar sem upplýsingar um breytingar á þjónustu borgarinnar og mikilvægar tilkynningar voru birtar. Ákveðið var að hafa vefinn á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku. Starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sá um þýðingar ásamt starfsfólki upplýsingadeildar.⁴³

Þá var að undirlagi borgarstjóra hafin vinna á fagsviðum við að taka saman upplýsingar um framkvæmdir sem mögulega væri hægt að flýta til að halda uppi atvinnustigi í borginni og veita þannig kröftuga viðspyrnu við efnahagssamdrætti af völdum farsóttarinnar.

Ákveðið var að fella niður næsta fund borgarstjórnar.⁴⁴

⁴³ Sama heimild.

⁴⁴ Sama heimild.



3.12 Sóttvarnir í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar var ströng hólfaskipting, sprittbrúsar á borðum og grímur þar sem ekki var hægt að virða fjarlægðarmörk. Mynd: Reykjavíkurborg.

Ýmislegt var óskýrt á þessum fyrstu dögum sem faraldurinn geisaði. Heilsugæslan sýndi starfi velferðarsviðs með fötluðu fólki ekki nægan skilning að sögn sviðsstjóra þegar rætt var um að hraða sýnatökum eða framkvæma þær á heimilum fólks í íbúðakjörnum. Smitsjúkdómalæknir fór t.d.fram á að velferðarsvið lokaði íbúðakjarna við Þórðarsveig sem ekki var mögulegt að verða við þar sem Þórðarsveigur er heimili fólks. Borgarstjóri átti samtál við Þórólf Guðnason sóttvarnarlækni vegna þessa sem sýndi málinu skilning.

Um þetta leyti, þann 20. mars, voru 93 starfsmenn velferðarsviðs í sóttkví og 14 notendur þjónustu. Þar af voru fimm starfsmenn smitaðir og einn notandi. Þetta hafði talsverð áhrif á starfsemina. Fram kom að velferðarsvið var ágætlega sett varðandi veiruheldan hlífðarfatnað sem talinn var duga í einhverjar vikur. Lagerinn var geymdur á einni stöð og birgðastjóri yfir honum sem sá um dreifingu.

Þá voru viðmið frá heilbrigðisráðuneytinu vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs óskýr þar sem þær settu ákvarðanir í hendur þjálfara. Börnum var haldið aðskildum í skólunum en voru að blandast öðrum börnum, jafnvel úr öðrum skólum, á íþróttæfingum. Eina færa leiðin var að aflýsa íþróttæfingum í ástandinu. Ákveðið var að læsa gervigrasvöllum þar sem börn og unglingar hittust eftir skóla.⁴⁵

⁴⁵ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 20. mars 2020

Smit stungu sér niður víða í skólastarfi Reykjavíkurborgar þessa daga, m.a. í Laugalækjarskóla og Hagaskóla og leikskólum í Hamrahverfi í Grafarvogi. Reynolds af hólfun í skólunum var þó góð. Félagsmiðstöðvar fyrir unglinga færðu starfsemina í rafrænt form og brydduðu upp á ýmsum nýjungum.⁴⁶

Talað var um að stofna velferðarvakt sem myndi fylgjast náið með því hvernig viðkvæmum hópum í borginni reiðir af í faraldrinum en svipað hafði verið gert á árunum eftir hrun.⁴⁷



3.12 Varla sála á ferli á Laugavegi sem jafnan iðar af lífi 27. mars 2020 og víða miðar í gluggum með lokunartilkynningum. Mynd: Reykjavíkurborg.

Fjöldi atvinnulausra jókst stöðugt eftir miðjan mars og var farinn að nálgast 10 þúsund og hótél skelltu í lás. Þótt landið væri opið voru ekki margir ferðamenn á sveimi þar sem ástandið var síst betra úti í heimi. Miðborg Reykjavíkur var nánast mannlús og hálf draugalegt um að litast enda margar verðslanir lokaðar vegna faraldursins. Evrópusambandið lokaði landamærum sínum í 30 daga. Allir Íslendingar sem komu erlendis frá þurftu að fara í tveggja vikna sóttkví en erlendir ferðamenn ekki.

Íslenskur almenningur hélt sig til hlés heima við og fólk fór ekki í verðslanir nema til að ná í brýnustu nauðsynjar. Landinn hamstraði klósettpappír.⁴⁸

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ „Vilja eiga allt að fimm mánaða vörubirgðir“, Morgunblaðið 19. mars 2020 bls. 1

Margir öryrkjar voru sagðir vera í mikilli neyð. Fólk með kvíðaröskun, einhverfu eða undirliggjandi sjúkdóma var sumt sagt svo smeykt við COVID-19 að það þyrði varla út úr húsi.⁴⁹

Talsverðar áhyggjur voru af afleiðingum heimsóknabanns á hjúkrunarheimili á heimilisfólk og aðstandendur⁵⁰.

Fyrsta andlátíð á Íslandi vegna COVID-19 var skráð á heilsugæslustöðinni á Húsavík, 16. mars. Var það ástralskur ferðamaður smitaður SARS-CoV-2 sem staðfest var að hefði verið smitaður af veirunni.⁵¹

Tuttugu og einn starfsmaður sem sinntu manningum og konu hans á Húsavík lentu í sóttkví vegna atviksins og voru ellefu saman í sóttkví á hóteli þar í bæ en aðrir á heimilum sínum.⁵²

Spár um faraldurinn sýndu að líklega yrðu 1.000 manns smitaðir á Íslandi í lok maí en samkvæmt svartsýnustu spám gætu smit orðið um 2.000, flest á höfuðborgarsvæðinu.⁵³

Jákvæðar fréttir bárust af prófun bólufernis í Seattle í Bandaríkjunum þar sem fyrirtækið Moderna Therapeutics vann að nýju bóluferni við SARS-CoV-2.

21. mars hófst tónlistar- og skemmtipátturinn „Heima með Helga“ í Sjónvarpi Símans og sló algjörlega í gegn. Helgi Björnsson, leikari og tónlistarmaður, var bæði skipaður borgarlistamaður og fékk Fálkaorðuna 17. júní þetta ár fyrir að létta þjóðinni lífið á erfiðum tíma.

Alma D. Möller Landlæknir ræddi um kórónuveirufaraldurinn í forsíðuviðtali við Sunnudagsblað Morgunblaðsins.



„Við leggjum ofuráherslu á að vernda þá sem myndu fara verst út úr veikindum, aldraðra og þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma. Mér finnst allir vera með á nóttunum.“⁵⁴

⁴⁹ Guðni Einarsson: „Margir öryrkjar í mikilli neyð,“ Morgunblaðið 19. mars 2020, bls 4.

⁵⁰ Aron Þórður Albertsson: „Ákvörðun sem stenst ekki skoðun,“ Morgunblaðið 19. mars 2020, bls 4.

⁵¹ Jóhann Bjarni Kolbeinsson: „Smitaður maður lést á Húsavík“, RÚV 17. mars 2020, <https://www.ruv.is/frettir/innlent/smitadur-madur-lest-a-husavik>

⁵² Sigurður Bogi Sævarsson: „Ellefu saman í sóttkví“, Morgunblaðið 20. mars bls 2.

⁵³ „Spá því að um 1.000 smitist,“ Morgunblaðið 20. mars 2020, bls 4.

⁵⁴ Ásdís Ásgeirsdóttir: „Ég vil gera hlutina vel,“ Morgunblaðið 22. mars 2020 bls. 13.

3.13 Hert á samkomubanni

Mánudaginn 23. mars var samkomubannið hert enda var veiran á miklu flugi í samfélaginu og margir að smitast. Aðeins 20 manns var heimilt að koma saman en höfðu verið 100. Reglugerð um þetta gildi til 12. apríl. Söfnum, sundlaugum, skíðasvæðum á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var nú lokað ásamt líkamsræktarstöðvum og skemmtistöðum.

Ákveðið var að halda skólum áfram opnum en vegna fjöldatakmarkana var fækkað um helming í leikskólum.



3.13 Rólegt yfirbragð í Austurstræti í miðju kórónuveirufári 27. mars 2020. Mynd: Reykjavíkurborg.

Á fundi neyðarstjórnar þennan dag þakkaði Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almannaþingarinnar, velferðarsviði fyrir að hafa tekið ákvörðun um að loka starfsstöðum sínum eins og fljótt og gert var, hjúkrunarheimilum og starfsstöðvum í A-flokki þar sem einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma búa.⁵⁵

⁵⁵ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 23. mars 2020.

Upplýst var að staðgengill sviðsstjóra velferðarsviðs hefði smitast af COVID-19 og var því áréttað að stjórnendur sviða væru ekki á sama stað á sama tíma til að forðast smit lykilstjórnenda á sama tíma.

Talsverð vinna á fagsviðunum fór í að sinna ráðgjöf til annarra sveitarfélaga. Velferðarsvið lét vinna fjögur leiðbeiningarit sem fjalla um viðbrögð og smitvarnir í einstaka málaflokkum sviðsins. Þeim var dreift til Almanna- og Landlæknisembættisins sem dreifði til annarra sveitarfélaga.

Umræður voru hafnar hjá neyðarstjórn um hvaða áhrif faraldurinn myndi hafa á fjármál borgarinnar og nauðsyn þess að greina sjóðsstreymi á milli mánaða. Þá voru skoðaðir möguleikar á því að flýta fjárfestingum og viðhaldi, einnig hjá B-hlutafyrirtækjum. Einnig fjárfestingu í rafrænum ferlum og öðrum tæknilausnum. Þessi vinna var undanfari Græna plansins sem var kynnt síðar þetta ár.⁵⁶

Að sögn Almanna- og Landlæknisembættisins var álag að aukast í sjúkraflutningum vegna farsóttarinnar.

Ráðhúsi Reykjavíkur var nú lokað fyrir öðrum en starfsfólki og nauðsynlegum gestum. Þjónustuborð á 1. hæð var lokað og starfsfólk beðið um að vinna heima eins og mögulegt væri.

Þjónustuver Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi var hins vegar opið með óbreyttu sniði en almenningur var hvattur til að nýta sér rafræna þjónustu við afgreiðslu erinda. Voru þau skilaboð send út á öllum miðum Reykjavíkurborgar.

Frístundaheimilum var lokað og tónlistarskólar voru eingöngu með fjarkennslu.

Öllum starfsstöðum ÍTR var lokað.

Starfsemi í skólum var sögð ganga vel í þessari viku. Sorphirðan hafði fengið einkafyrirtækið Terra til liðs við sig til að draga úr álagi. Þá var ákveðið að borgin greiddi niður heimatengingar fyrir starfsfólk upp að ákveðnu þaki.⁵⁷

3.14 Efnahagslegar aðgerðir til viðspyrnu

Fimmtudaginn 26. mars voru fyrstu aðgerðir borgarinnar til viðspyrnu í heimsfaraldrinum kynntar á blaðamannafundi í Ráðhúsi Reykjavíkur og í framhaldi samþykktar einróma og í góðri sátt meiri- og minnihluta í borgarráði.

Í fréttatilkynningu frá borginni var ítarleg aðgerðaáætlun kynnt. Greint var frá því að unnið hafi verið að efnahagslegri sviðsmyndagreiningu á mögulegum afleiðingum faraldursins og að

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ Sama heimild.

tillögurnar séu í samræmi við þá greiningu. Þá hafi frumskylda Reykjavíkurborgar í faraldrinum verið sú að veita og tryggja órofna grunnþjónustu.

Í tilkynningunni segir orðrétt:

„Markmið aðgerðanna er að stytta niðursveifluna eins og kostur er, verja lífsafkomu og lífskjör allra borgarbúa, styðja við endurreisn fyrirtækja og atvinnulífs og skapa á ný fjölbreytta og blómlega framtíð í lífsgæðaborg. Á sama tíma ætlar borgin að fylgjast náið með þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi næstu misseri og með sérstakri Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum.

Aðgerðir borgarinnar eru 13 talsins. Þær ná til frestunar gjalda og aukins svigrúms fyrir heimili og fyrirtæki og lækkunar fasteignagjalda. Framkvæmdum borgarinnar og fyrirtækja hennar, Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahafna og Félagsbústaða, verður flýtt, farið verður í uppbyggingu húsnæðis og markaðsáttak í ferðaþjónustu með áherslu á Reykjavík sem áfangastað. Sérstaklega er litið til skapandi greina, nýsköpunar, þekkingargreina, menningar, íþróttar, lista og viðburðahalds. Áhersla verður lögð á vinnumarkaðsaðgerðir, þá einkum til þeirra hópa sem mögulega fara illa út úr ástandinu, einyrkja og fólks af erlendum uppruna.

1. Frestun gjalda, niðurfelling og lækkun

Gjöld heimila og fjölskyldna verða felld niður eða lækkuð vegna skertrar þjónustu, sóttkvíar og annarra viðbragða vegna COVID-19. Fyrirtækjum verður gefinn kostur á að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignaskatta vorið 2020 og skoðuð önnur frestun og/eða lækkun þegar um er að ræða tímabundið tekjufall, sbr. lið 1 e.

- a. Heimili. Leikskólar, grunnskólar og frístund. Gjöld verða lækkuð, felld niður eða leiðrétt í samræmi við skerðingu þjónustu vegna COVID-19, skv. nánari reglum. Þá taka árskort t.d. sundkort og menningarkort mið af skerðingum opnunartíma og gildistími framlengdur sem því nemur.
- b. Fyrirtæki. Veittur verði frestur á greiðslu allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta atvinnuhúsnæðis vegna ársins 2020, skv. lögum og nánari reglum. Fasteignaeigendur eru hvattir til að leigjendur þeirra njóti góðs af þeirri frestun líkt og stór fasteignafélög á markaði hafa gefið fyrirheit um.

- c. Lækkun fasteignaskatta. Lækkun fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði í Reykjavíkurborg verði flýtt og verði 1,60% á árinu 2021.
- d. Frestun leigu. Borgarráð beinir því til fjármála- og áhættustýringarsviðs að móta reglur um frestun eða afslátt af leigu þriðja aðila í atvinnurekstri í húsnæði Reykjavíkurborgar á grundvelli umsókna, vegna tímabundins tekjufalls í ljósi sérstakra aðstæðna.
- e. Frestun gjalda. Borgarráð beinir því til fyrirtækja borgarinnar að skoða möguleika á frestun gjalda og/eða lækkun þegar um er að ræða tímabundið tekjufall, skv. nánari reglum.

2. Sveigjanleiki í innheimtu og gjaldfrestum

Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera tillögu að tímabundnum breytingum á innheimtulegum Reykjavíkurborgar sem felí í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu, sem náí hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja. Tillagan á að tryggja að jafnræðis og góðrar stjórnýslu verði gætt og tekið mið af gildandi lögum. Markmiðið er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagnuna borgarinnar verði gætt. Reglurnar verði lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

3. Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum

Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum sem ýmist verður beint til borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar, ríkis eða sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga eða annarra aðila. Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilþáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, lífskjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

4. Ferðapjónusta og ferðapjónustutengdar greinar

Stutt verði við eftirspurn eftir heimsóknum ferðamanna til Reykjavíkur um leið og það er metið tímabært.

- a. Markaðsáttak stjórnvalda og Íslandsstofu. Reykjavíkurborg verði virkur þátttakandi í útfærslu og framkvæmd markaðsátaks stjórnvalda í ljósi COVID-19.
- b. Markaðsáttak Reykjavíkur. Menningar- og ferðamálasvið útfæri sérstaka markaðssetningu Reykjavíkur sem viðbrögð við hruni í ferðaþjónustu fyrir árin 2020-2021. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar verði ætlaður að lágmarki 150 milljónir króna. Tillögur liggi fyrir í maí.

5. Nýsköpun og ný tækni

Fjárfestingum í innleiðingu nýrrar tækni hjá Reykjavíkurborg verði flýtt og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunarumhverfisins að lausnaleyti á grundvelli nýrrar nýsköpunarstefnu. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

6. Skapandi greinar

Haldið verði áfram að skapa skapandi greinum betri skilyrði til vaxtar til lengri tíma með áherslu á að skapa aðstöðu og vinnurými, m.a. í tengslum við nýjan klasa skapandi greina í Gufunesi. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

7. Þekkingargreinar

Unnin verði áætlun um frekari uppbyggingu þekkingartengdra greina í samvinnu við Háskóla Íslands, Vísindagarða, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

8. Menning, listir, íþróttir og viðburðahald

Unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar-, íþrótt- og listalífi Reykjavíkurborgar í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna, ÍBR o.fl. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

9. Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir

Nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir sem viðbrögð gegn atvinnuleysi verða þróaðar tímalega einsog tilefni verður til. Unnið verði í samvinnu við ríkið og aðila vinnumarkaðarins þar sem sérstaklega verði lögð áhersla á hópa sem skv. greiningum verða illa úti í ástandinu, s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og konur. Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun á atvinnuleysisbótum.

10. Flýting fjárfestinga og viðhalds á vegum Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar

Fjárfestingum verður flýtt og viðhald aukið til að auka atvinnu og umsvif í efnahagslífinu þegar á þessu ári. Viðbótarfjárfestingar borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja geta samanlagt orðið um 5 milljarðar króna á árinu og enn meiri árið 2021. Efnt verði til viðræðna við ríkið um kostnaðarhlutdeild, skatta og gjöld í tengslum við framkvæmdirnar.

- a. Fjárfestingar borgarsjóðs (A-hluta) í nýframkvæmdum og viðhaldi verði auknar um 2,5 milljarða árið 2020 með áherslu á mannaflsfræk og virðisaukandi verkefni.
- b. Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög. Verið er að útfæra viðbótarfjárfestingar OR.
- c. Félagsbústaðir vinna að áætlun um viðbótar búsetuúrræði og íbúðir.
- d. Faxaflóahafnir hafa ásamt Veitum útfært áætlun um orkuskipti í höfnum og munu eiga viðræður við ríkið um að ráðast í verkefnið.

11. Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt

Samkeppnum um skipulag og hönnun fjárfestingarverkefna verði flýtt og gerð deiliskipulags vegna þeirra verði sett í forgang. Þar er meðal annars um að ræða samkeppnir um Samgöngumiðstöð Reykjavíkur á umferðarmiðstöðvarreit, samkeppni um stærra borgarbókasafn í Grófarhúsi, samkeppni um endurnýjun og endurgerð Laugardalslaugar og stúku Laugardalslaugar, samkeppni um nýja skóla, fjölgun ungbarnadeilda og nýrra leikskólalássa sem hluti af Brúum bilið, markaðskönnun á bílastæðahúsi, samkeppni um Fógeta-torg/Víkurgarð, skipulag nýrra hverfiskjarna í Arnarbakka og Völvufelli og hugsanlega víðar.

12. Undirbúningi fjárfestingarverkefna í samvinnu við ríkið verði flýtt

Breytingar á deiliskipulagi og undirbúningi vegna fjárfestingarverkefna ríkisins sem vilji er til að fari af stað verði sett í forgang, s.s. brýn samgönguverkefni á höfuðborgarsvæðinu, nýjum hjúkrunarheimilum, uppbyggingu á vegum Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Nýs Landsspítala, auk annarra verkefna skv. nánara samkomulagi.

13. Átak í uppbyggingu fjölbreytts og hagkvæms húsnæðis

Til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skort á húsnæðismarkaði verði ráðist í nýtt átak í húsnæðisuppbyggingu með áherslu á hagkvæmar íbúðir, almennar íbúðir og öruggt og nægjanlegt framboð lóða og aukins byggingarréttar á grundvelli aðalskipulags Reykjavíkur. Áætlun um lóðaúthlutanir, frekari stofnframlög og húsnæðisuppbyggingu verði uppfærð í samráði við verkalýðshreyfinguna, uppbyggingarfélög án hagnaðarsjónarmiða, Samtök iðnaðarins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og stjórnvöld. Áfangaskil verði í maí og fullmótuð áætlun liggi fyrir í september.“⁵⁸

Öllum þessum aðgerðum var ýtt úr vör að undangengnu jafnréttismati í samræmi við samþykkt borgarráðs 31. mars 2020. Varðandi lið 11 hafa sum verkefni verið kláruð, t.a.m. hugmyndasamkeppni um Grófarhús og deiliskipulagsáætlanir fyrir íbúðauppbyggingu í Arnarbakka og Völvufelli en önnur eru enn í vinnslu eins og hugmyndasamkeppnir um Samgöngumiðstöð og Laugardalslaug sem þó eru komin á góðan reksþól.

Í framhaldi af áður nefndri aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar, sem tekin var saman á mettíma og af miklum metnaði í upphafi faraldursins, lagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fram tillögu um Græna planið sem er viðspyrnuáætlun Reykjavíkurborgar vegna kórónuveirufaraldursins. Tillagan var lögð fram á fundi borgarstjórnar 2. júní 2020 og samþykkt.⁵⁹

Í fundargerð borgarstjórnar segir:

„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að unnin verði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planið, sem byggi á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag í samræmi við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar. Áætlunin verði unnin samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar.“⁶⁰

Græna planið er samkvæmt frétt frá borginni áætlun um þátttöku borgarinnar í „endurreisn Íslands eftir heimsfaraldurinn sem muni kalla á mikla fjárfestingu.“⁶¹

Þar er sagt að borgin muni taka forystu í aðgerðum til að bregðast við efnahagssamdrætti og vaxandi atvinnuleysi eftir heimsfaraldur og tryggja að þær aðgerðir verði í samræmi við

⁵⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Aðgerðir í efnahagsmálum vegna Covid -19“, 26. mars 2020. <https://reykjavik.is/frettir/adgerdir-i-efnahagsmalum-vegna-covid-19>

⁵⁹ Fundargerð borgarstjórnar 2. júní 2020, <https://2021.reykjavik.is/fundargerd/borgarstjorn-262020>

⁶⁰ Sama heimild.

⁶¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavík tekur forystu með Græna planinu“, 2. júní 2020. <https://reykjavik.is/frettir/reykjavik-tekur-forystu-med-graena-planinu>

framtíðarsýn borgarinnar um kolefnishlutlaust borgarsamfélag og metnaðarfull loftslagsmarkmið.⁶²



3.14 Fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn kynna Græna planið, áætlun Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 1. desember 2020. Fundurinn var í beinu streymi vegna faraldursins. Frá vinstri: Líf Magneudóttir, Vinstri græn, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Píratar, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Viðreisn og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Samfylkingin. Mynd: Reykjavíkurborg.

Nánari kynning á Græna planinu fór síðan fram á sérstökum blaðamannafundi í Ráðhúsinu 1. desember 2020 þar sem ítarlegri áætlun var lögð fram í tengslum við fjárhagsáætlun.⁶³

Efnahagslegt ástand í landinu var ekki upp á marga fiska þessa vetrardaga og faraldurinn geisaði sem aldrei fyrr. Atvinnuleysi í Reykjavík mældist 10,1% í október og útlit var fyrir að einstaklingum á fjárhagsaðstoð myndi

fjölga mikið í framhaldinu. Það raungerðist reyndar ekki þar sem atvinnustig fór ört hækkandi árið eftir.

Samdráttur hagkerfisins var engu að síður fordæmalaus vegna faraldursins og spáði Hagstofan 7,6 prósent samdrætti á vegri landsframleiðslu. Spáin var reyndar leiðrétt í febrúar 2021 og var þá samdrátturinn landsframleiðslu árið 2020 áætlaður 6,6%. Mest munaði um hrun í ferðaþjónustunni en hlutur hennar af landsframleiðslu hafði dregist saman úr 8% í 3,5%.

Borgin stóð frammi fyrir miklum tekjusamdrætti vegna faraldursins og var halli samstæðu hennar A- og B hluta áætlaður 11,3 milljarðar króna í fjárhagsáætlun fyrir 2021.

Meginmarkmið Græna plansins var að borgin og B-hluta fyrirtæki hennar myndu fjárfesta fyrir 175 milljarða næstu þrjú árin. Þar voru Orkuveita Reykjavíkur, Faxaflóahafnir og Félagsbústaðir lykilfyrirtæki. Fjárfestingar Reykjavíkurborgar einnar árið 2021 voru

⁶² Sama heimild.

⁶³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sóknaráætlun í Reykjavík í skugga heimsfaraldurs“, 1. desember 2020. <https://reykjavik.is/frettir/soknaraetlun-i-reykjavik-i-skugga-heimsfaraldurs>

áætlaðar 28 milljarðar sem var met. Með því að auka fjárfestingar duglega í grænum og lífsgæðaaukandi innviðum borgarinnar yrði fjöldi starfa tryggður og þar með dregið úr atvinnuleysi og hagkerfinu haldið vel gangandi.

Í fréttatilkynningu frá borginni segir að með Græna planinu ætli „borgin að nýta sterka stöðu sína og lágt skuldahlutfall til að mæta efnahagsáfallinu sem kórónuveirufaraldurinn hefur skapað.“⁶⁴

„Efnahagssamdrætti og tekjufalli verður mætt með lántökum en borgin nýtir styrk sinn og mun vaxa út úr samdrættinum á nokkrum árum. Við leggjum fram sóknaráætlun til skammtíma og ábyrga græna sýn um sjálfbærni á öllum sviðum til lengri tíma. Græna planið er efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg sóknaráætlun út úr kórónuveirukreppunni og þannig getum við bæði staðið vörð um störfin, skapað ný störf og búið til samfélag þar sem allir geta verið virkir þátttakendur,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri m.a. í fréttinni.⁶⁵

Helstu aðgerðir voru taldar upp í tíu liðum.

1. Borgin og fyrirtæki hennar myndu fjárfesta fyrir 175 milljarða á þremur árum.
2. Einum milljarði króna yrði varið í ný störf fyrir atvinnulausa, stuðningsúrræði og virkniúrræði fyrir fólk á fjárhagsaðstoð árið 2021. Fimm milljarðar yrðu lagðir árlega næstu ár í áttak í uppbyggingu búsetuúrræða fatlaðs fólks, fyrir heimilislausa og fjölgun félagslegra leiguíbúða
3. Grænni samgöngubyltingu yrði hrundið af stað með Borgarlínu, orkuskiptum í samgöngum og hjólastígakerfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Fjárfestingar í samgöngusáttmála ríkis og SSH í Reykjavík yrðu yfir 50 milljarðar til ársins 2030.
4. 10 milljarðar króna yrðu lagðar í stafræna umbreytingu þjónustu. Allri þjónustu og afgreiðslu sem hægt er að færa á netið verður umbreytt á þremur árum með tíu milljarða fjárfestingu í upplýsingatækni og stafrænni umbreytingu borgarinnar.

⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁵ Sama heimild.

5. Nýir skólar myndu rísa í nýjum, umhverfisvænum og grænum búsetuhverfum í Skerjafirði, Vogabyggð og Ártúnshöfða og leikskólaplássum fjölgað til að taka inn árgömul börn.
6. 10 milljörðum króna yrði varið í viðhald næstu þrjú árin til að endurnýja eldra skólahúsnaði ásamt endurnýjun á Borgarbókasafninu í Grófinni og á Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi.
7. Fjárfest í endurnýjun gatna til að skapa grænni borg þar sem götur í öllum hverfum fengju grænna yfirbragð og meiri gróður, græn svæði og almenningsgarðar fegraðir og skógrækt aukin með gróðursetningu Loftlagsskóga Reykjavíkur.
8. Þrjár nýjar sundlaugar, í Úlfarsárdal, Fossvogi og Elliðaárvogi voru sagðar á tíu ára áætlun, ásamt knatthúsi í Vesturbæ og fimleikahúsum í Breiðholti og Árbæ.
9. Uppbygging útivistarsvæða um alla borg m.a. Vetrargarður í Breiðholti. Skíðasvæðin í Bláfjöllum yrðu endurnýjuð. Útivistaraðstaða við Rauðavatn og á Hólmsheiði yrðu bætt mikið og reiðstígar lagðir. Auk þess yrði bætt við fleiri áningarstöðum í Elliðaárdal og Öskjuhlíð. Þá yrði sjóbaðsaðstaða útbúin við strandlengjuna víðar en í Nauthólsvík.
10. Tíu þúsund íbúðir myndu rísa í Reykjavík á tíu árum og myndi innviðafjárfesting í tengslum við þær nema tólf milljörðum. Flestar yrðu staðsettar nálægt Borgarlínu og kraftmiklum atvinnukjörnum í borginni.⁶⁶

Í ljósi þess að kórónuveirufaraldurinn plagaði landsmenn vel fram í febrúarmánuð 2022 var Græna planið afar metnaðarfull efnahagsáætlun þegar hún var fyrst sett fram eftir fyrstu bylgju faraldursins í byrjun júní 2020. Þá virtist sem faraldurinn væri í rénun og sóttvarnaraðgerðum hafði verið aflétt. Græna planið hefur reynst haldgott enda veitir það góða sýn yfir helstu stefnumál og fjárfestingarverkefni borgarinnar. Allar aðgerðir plansins eru í vinnslu og margar hafa þegar verið framkvæmdar og stöðuskýrslur reglulega lagðar fram fyrir borgarráð.

Engin tilviljun réði því að ákveðið var að leggja í gagngera endurnýjun á stafrænum innviðum þar sem heimsfaraldurinn leiddi í ljós þörf fyrir mikla fjárfestingu þar. Einn helsti lærdómurinn af faraldrinum var einmitt sá hversu mikilvægt var að hafa stafræna innviði í lagi. Þegar brýn nauðsyn bar til var fólk almennt mjög fljótt að tileinka sér rafrænar lausnir

⁶⁶ Sama heimild.

eins og fjarfundabúnað. Að auki sparar rafræn afgreiðsla ýmissa erinda spor þeirra og tíma sem nýta þjónustu borgarinnar og dregur úr kolefnisspori.

Áhersla á betri útivistaraðstöðu og ýmsa innviði sem styrkja íþróttaiðkun og lýðheilsu var heldur engin tilviljun í áætluninni þar sem það sýndi sig í faraldrinum að hin fjölbreyttu útivistarsvæði borgarinnar voru ákaflega dýrmæt og mikið notuð þegar fólk gat lítið sem ekkert ferðast til útlanda og samkomutakmarkanir komu í veg fyrir mannamót. Slíkir innviðir bæta lífsgæði fólks til muna.

Markmið húsnæðisuppbyggingar í Græna planinu hafa til þessa náðst en mikil áhersla er lögð á félagslega blöndun á uppbyggingarsvæðum sem þýðir að þar er byggt húsnæði fyrir alla.

Áætlunin er reglulega uppfærð og kynnt borgarráði, síðast í desember 2022.⁶⁷ Atvinnu- og borgarþróunarteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hefur umsjón með uppfærslu Græna plansins.

3.15 Tímalína yfir fjárhagslegar aðgerðir borgarinnar vegna COVID-19

2020

24. mars.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gefa út tilkynningu um að gjöld fyrir þjónustu leik- og grunnskóla sem falli niður vegna faraldursins verði leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar. Gildir til loka maí.

26. mars.

Verkefnið Sumarborgin auglýsir styrki til verkefna og viðburðahalds í miðborginni til að bæta mannlíf og laða að gesti. Hámarksstyrkir voru 500.000.

2. júní.

⁶⁷ Fundargerð borgarráðs 8. desember 2022. <https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarrad-fundur-nr-5688>

Aðgerðir Reykjavíkurborgar vegna heimsfaraldurs kórónaveiru samþykktar einróma í borgarráði og aðgerðaáætlun í þrettán liðum kynnt.

30. apríl.

Borgarráð samþykkir að veita íbúaráðum Reykjavíkurborgar alls 30 milljónir króna til úthlutunar í verkefni sem hafa það að markmiði að efla hverfisanda, mannlíf og menningu sumarið 2020 sem stuðla að auknum lífsgæðum úti í hverfunum.

Sama dag ákvað borgarráð að efla miðborgina sem áfangastað. Fjölga átti viðburðum og endurgera borgarrými.

5. maí.

Borgarráð samþykkir að menningarpottur Reykjavíkurborgar verði opnaður fyrir umsóknir fyrir sjálfstætt starfandi listamenn til að mæta verkefna- og tekjumissi sem þeir verða fyrir vegna áhrifa COVID-19 á samfélagið. Í pottinum voru 30 milljónir.

7. maí.

Tilkynnt var að borgin muni skapa meira en 1.000 ný störf til að draga úr atvinnuleysi vegna COVID-19 og ráða í yfir 1.600 sumarstörf.

Aðgerðirnar miðuðu að því að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi með sérstakri áherslu á hópa sem voru útsettir fyrir því að verða illa úti í breyttu atvinnuástandi.

Áhersla var lögð á að ráða fólk úr fjórum hópum en þeir voru; námsmenn, einyrkjar og sjálfstætt starfandi, innflytjendur og vinnufærir einstaklingar.⁶⁸

12. maí.

Á fundi borgarráðs 12. maí voru samþykktar tillögur velferðarráðs frá 6. maí um tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð vegna faraldursins og 20 þúsund króna eingreiðslu vegna barna á framfæri þeirra sem þáðu framfærslustyrk. Kostnaður var áætlaður 20 – 25 milljónir

20. maí.

⁶⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavíkurborg skapar ríflega þúsund ný störf,“ <https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-skapar-riflega-thusund-ny-storf>

Græna planið, áætlun Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19, samþykkt í borgarstjórn.⁶⁹

27. ágúst.

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar lagður fram. Afkoma A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar lakari en fjárhagsáætlun 2020 gerði ráð fyrir.

Kórónuveirufaraldurinn var sagður hafa þau áhrif að tekjur hafi dregist saman en útgjöld aukist. Niðurstaða A-hluta neikvæð um 3.1 milljarð króna.

Í tilkynningu vegna sex mánaða árshlutareiknings sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri:



„Reykjavíkurborg sér nú skýr merki um heimsfaraldurinn í fjárhagsuppgjöri fyrstu sex mánaða. Þyngst vegur tekjusamdráttur vegna atvinnuleysis og minni umsvifa í efnahagslífinu. Áberandi tekjufall er einnig hjá Strætó og Faxaflóahöfnum. Hins vegar hafa aukin útgjöld fylgt viðbrögðum við COVID-19. Rekstur málaflokka hefur að öðru leyti gengið vel. Niðurstöðurnar eru í ágætu samræmi við sviðsmyndir og spár fjármálasviðs borgarinnar frá því í vor og undirstrika að standa þarf með sveitarfélögum við núverandi aðstæður enda bera þau uppi lykil grunnþjónustu í samfélaginu.“⁷⁰

10. september.

Samþykkt í borgarráði að styrkja íþróttar og æskulýðsfélög um 135 m.kr. vegna áhrifa COVID-19 á starfsemina.

ÍTR og ÍBR gerðu tillögur að skiptingu fjármuna eftir athugun. Niðurstaða borgarráðs var að veittar yrðu 80 milljónir króna til að styrkja íþróttar- og æskulýðsfélög í borginni til að vega á móti tekjutapi vegna COVID-19. Ennfremur að veittar yrðu 55 milljónir króna til að mæta viðhaldsókum félaganna. Samtals var stuðningurinn 135 milljónir króna

⁶⁹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavík tekur forystu með Græna planinu,“ <https://reykjavik.is/frettir/reykjavik-tekur-forystu-med-graena-planinu>

⁷⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Rekstur Reykjavíkurborgar lakari vegna COVID-19“ <https://reykjavik.is/frettir/rekstur-reykjavikurborgar-lakari-vegna-covid-19>

8.október.

Velferðarráð ákvað að styrkja hjálparsamtök en talsverð aukning hafði verið í ásókn í þjónustu þeirra í faraldrinum. Styrkurinn nam 4,5 m.kr. en félögin sem styrkt voru Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd og fengu 1,5 milljónir hvert í styrk.⁷¹

1.desember.

Sóknaráætlunin Græna planið kynnt ásamt fjárhagsáætlun 2021.⁷²

1.desember.

Tónlistarborgin Reykjavík kallaði eftir umsóknum frá tónleikastöðum í Reykjavík um styrki til að streyma tónleikum í Reykjavík í desember. Til verkefnisins voru veittar 3.355.000 kr. Átta tónleikastaðir fengu styrk.⁷³

2021

2. febrúar.

Borgarstjórn samþykkti að skapa 200 störf til að draga úr atvinnuleysi vegna kórónuveirufaraldursins. Annars vegar 150 störf og stuðningsúrræði fyrir einstaklinga sem eru án atvinnu og með bótarétt og hins vegar 50 störf fyrir vinnufæra einstaklinga sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Heildarkostnaður við verkefnið var áætlaður 460 m.kr.⁷⁴

12. febrúar.

Fundur um grænar fjárfestingar Reykjavíkurborgar.⁷⁵

2. mars.

⁷¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Hjálparsamtök fá aukinn styrk,“ <https://reykjavik.is/frettir/hjalsarsamtok-fa-aukinn-styrk>

⁷² Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sóknaráætlun í skugga heimsfaraldurs“, <https://reykjavik.is/frettir/soknaraaetlun-i-reykjavik-i-skugga-heimsfaraldurs>

⁷³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Átta staðir fá streymisstyrk frá Reykjavíkurborg“, <https://reykjavik.is/frettir/atta-stadir-fa-streymisstyrk-fra-reykjavikurborg>

⁷⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Borgin skapar 200 ný störf til að draga úr atvinnuleysi“, <https://reykjavik.is/frettir/borgin-skapar-200-storf-til-ad-draga-ur-atvinnuleysi>

⁷⁵ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Öflug viðspyrna með grænum fjárfestingum Reykjavíkurborgar“, <https://reykjavik.is/frettir/oflug-vidspyrna-med-graenum-fjarfestingum-reykjavikurborgar>

Styrkur til barna á tekjulægri heimilum framlengdur.

Umsóknarfrestur vegna sérstaks íþrótta- og tómstundastyrks fyrir börn framlengdur til 15. apríl. Styrkurinn nam 45 þúsund krónum fyrir hvert barn og var hluti af aðgerðapakka ríkisins vegna COVID-19. Styrkurinn var viðbót við Frístundakort borgarinnar.⁷⁶

15. mars.

Auglýst eftir styrkjum úr viðburðapotti Sumarborgarinnar. Styrkir til einstakra aðila námu 500 þúsund krónum.⁷⁷

21. apríl.

Fjölgun sumarstarfa fyrir 17 og 18 ára ungmenni.

Samþykkt í borgarráði að fjölga sumarstörfum hjá borginni 2021 um 750 og koma sérstaklega til móts við sautján og átján ára ungmenni. Með þessum breytingum voru yfir 1700 sumarstörf í boði.

Fimm hundruð ný sumarstörf voru í boði fyrir námsmenn 18 ára og eldri og ráðningartímabilið hjá hverjum og einum allt að tíu vikur. Áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar var 131 mkr. Þegar mótframlag frá ríkinu hafði verið reiknað.⁷⁸

29. apríl.

Áhrif COVID-19 á rekstur Reykjavíkurborgar sögð mikil við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. „Rekstrarniðurstaða A-hluta skýrist einkum af lægri skatttekjum sem nemur 2,7 milljörðum króna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur af sölu byggingarréttar voru einnig 3,2 milljörðum króna undir áætlun. Launakostnaður var einnig hærri sem nemur 1,7 milljörðum króna og annar rekstrarkostnaður 1,2 milljörðum króna yfir áætlun.“

Mikill tekjusamdráttur sagður vera hjá Faxaflóahöfnum, Strætó og Sorpu.⁷⁹

⁷⁶ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Styrkur til barna á tekjulægri heimilum framlengdur“. <https://reykjavik.is/frettir/styrkur-til-barna-tekjulaegri-heimilum-framlengdur>

⁷⁷ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Viðburðapottur Sumarborgarinnar“. <https://reykjavik.is/frettir/vidburdapottur-sumarborgarinnar>

⁷⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Fjölgun sumarstarfa fyrir 17 og 18 ára ungmenni“. <https://reykjavik.is/frettir/fjolgungum-sumarstarfa-fyrir-17-og-18-ara-ungmenni>

⁷⁹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Mikil áhrif COVID-19 á rekstur Reykjavíkurborgar“. <https://reykjavik.is/frettir/mikil-ahrif-covid-19-rekstur-reykjavikurborgar-2020>

7.maí.

Greint frá því að atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar taki formlega til starfa 1. júní næstkomandi. Unnið hafi verið markvisst með virkni og atvinnumiðlun í störf hjá Reykjavíkurborg.

1. júní.

Auglýst að hægt sé að sækja um að dreifa greiðslum af fasteignagjöldum atvinnuhúsnæðis. Skilyrði voru að tekjur hefðu verið 40% lægri á árinu en 2019 og að tekjufallið stafaði af kórónuveirufaraldrinum. Hægt var að dreifa fasteignagjöldum á 24 mánuði.

Sama dag var auglýst að hægt væri að dreifa greiðslum vegna almennra krafna frá Reykjavíkurborg í allt að tíu mánuði.

23. júní.

Frestur til að sækja um sérstakan frístundastyrk sem var í boði fyrir tekjulága foreldra framlengdur til júliloka. Frístundastyrkurinn gat því nýst til að greiða niður sumarnámskeið barna. Styrkurinn var hluti af aðgerðapakka ríkisins sem ætlað var að veita mótvægi vegna áhrifa COVID-19-faraldursins.⁸⁰

1.júlí.

Sálfræðiþjónusta fyrir börn.

Borgarráð samþykkir að setja aukið fjármagn upp á 140 m.kr. í sálfræðiþjónustu fyrir börn vegna áhrifa COVID-19. Tillaga um þetta hafði verið lögð fram á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní. Um var að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022.⁸¹

26. ágúst.

Afkoma borgarinnar sögð betri en áætlað var.

Sex mánaða rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 7.322 m.kr. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir nær 7.994 m.kr. halla. Niðurstaðan var því betri sem munaði

⁸⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Hægt að sækja um sérstakan frístundastyrk til júliloka“. <https://reykjavik.is/frettir/haegt-ad-saekja-um-serstakan-fristundastyrk-til-juliloka>

⁸¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Aukið fjármagn sett í sálfræðiþjónustu fyrir börn“. <https://reykjavik.is/frettir/aukid-fjarmagn-sett-i-salfraedithjonustu-fyrir-born>

672 m.kr. Útsvarstekjur voru talsvert meiri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir eða um 3.115 m.kr. en launaútgjöld voru 2.610 m.kr. yfir fjárheimildum sem að hluta til mátti rekja til aðgerða vegna kórónuveirufaraldursins.⁸²

29. september.

Sérstakir styrkir til barna á tekjulægri heimilum.

Auglýstur var sérstakur frístundastyrkur sem var ætlaður börnum á tekjulægri heimilum. Styrkurinn var 25 þúsund krónur á hvert barn og var hægt að sækja um hann til áramóta 2021. Styrkurinn var hluti af aðgerðapakka félagsmálaráðuneytisins og bættist við frístundastyrk Reykjavíkurborgar hjá þeim foreldrum sem áttu rétt á að fá hann.⁸³

25. nóvember.

Útsvarstekjur aukast áfram.

Níu mánaða rekstrarniðurstaða A-hluta Reykjavíkurborgar sem er fjármagnaður með skatttekjum var neikvæð um 5.077 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu upp á 7.121 milljón. Útsvarstekjur jukust mikið vegna þess að atvinnuleysi minnkaði mikið á tímabilinu. Á móti kom að launaútgjöld borgarinnar voru 3.743 m.kr. yfir áætlun sem mátti að hluta til rekja til COVID-19.⁸⁴

3.16 Samkomutakmarkanir hertar

Fyrsti Íslendingurinn lést úr COVID-19, 23. mars 2020, en það var eldri kona með undirliggjandi sjúkdóm sem lést á Landspítalanum.⁸⁵

Sama dag voru samkomutakmarkanir hertar og máttu aðeins 20 manns koma saman. Aldrei í faraldrinum höfðu jafnmörg smit greinst eins og laugardaginn 21. mars og var greint frá því á fundi þríeykisins, Ölmú D. Möller Landlæknis, Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis og

⁸² Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Afkoma borgarinnar mun betri en áætlað var“. <https://reykjavik.is/frettir/afkoma-borgarinnar-mun-betri-en-aaetlad-var>

⁸³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Börn á tekjulægri heimilum fá frekari styrk til íþróttar og tómsundaiðkunar“. <https://reykjavik.is/frettir/born-tekjulaegri-heimilum-fa-frekari-styrk-til-ithrotta-og-tomstundaidkunar>

⁸⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Mun betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir“. <https://reykjavik.is/frettir/mun-betri-afkoma-en-aaetlanir-gerdu-rad-fyrir>

⁸⁵ Garðar Örn Úlfarsson: „Íslensk kona lést úr COVID-19“, Fréttablaðið, 24. mars 2020 bls. 1.

Víðis Reynissonar deildarstjóra almannavarna hjá Ríkislögreglustjóra að dekkstu spár gætu ræst varðandi faraldurinn.⁸⁶

Skortur var á sýnatökupinum á landinu en úr því rættist nokkrum dögum síðar þegar stór sending skilaði sér til landsins.

Rætt var um ferðaávisun til að koma innlendum ferðapjónustuaðilum til bjargar. Ferðagjöfin varð að veruleika í gegnum sérstakt smáforrit en hún var upp á 5.000 krónur á mann.⁸⁷

Umferð á hringveginum dróst saman um 40% samkvæmt Vegagerðinni. Innkoma í stöðumæla í Reykjavík minnkaði um 70-80% á milli mánaða.

Milljarður manna var í einangrun á hnettinum vegna kórónuveirunnar og greint var frá metfjölda dauðsfalla á Spáni á einum degi, en 22. mars höfðu 394 látist þar úr COVID-19. Ástandið í New York var verulega slæmt en þar jafnaðist fjöldi smita á við smit í einstökum löndum á þessum tíma. Líkhúsin voru full, fólk var grafið í fjöldagröfum á Hart eyju og göturnar voru galtómar.⁸⁸

Gistiskýlið á Lindargötu sem Reykjavíkurborg rekur fyrir heimilislausa karlmenn var opið allan daginn vegna farsóttarinnar.

„Peir sem eiga hvergi heima geta ekki fylgt fyrirmælum um það að halda sig heima,“ sagði Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í samtali við Fréttablaðið.⁸⁹

Um 700 starfsmenn borgarinnar voru í sóttkví og einangrun í lok mars og voru 30 starfsstaðir lokaðir vegna COVID-19

Róðurinn var nú farinn að þyngjast í heimahjúkrun og lagði borgarstjóri áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk undirbyggi sig fyrir að ástandið versnaði enn frekar.⁹⁰

Þrátt fyrir að ástandið væri erfitt víða munaði mikið um að hægt var að halda grunnskólum og leikskólum opnum. Þess vegna var hægt að halda samfélaginu gangandi þótt það væri sannarlega í hægagangi.

⁸⁶ Ragnhildur Prastardóttir: „Stefnum í dekkstu spár“, Morgunblaðið 23. mars 2020 bls. 2.

⁸⁷ Baldur Arnarson: „Ferðaávisun muni örva ferðaviljann“, Morgunblaðið 23. mars 2020 bls. 2.

⁸⁸ Ágúst Ásgeirsson: „Milljarður manna í einangrun“, Morgunblaðið 23. mars 2020 bls. 13.

⁸⁹ BJD: „Breyttir starfshættir í gistiskýlinu vegna COVID-19“, Fréttablaðið 24. mars. bls. 4.

⁹⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 27. mars 2020.

Ekki var vitað til þess að barn hefði smitast af kórónuveirunni á leikskólum borgarinnar. Tíu starfsmenn leikskólanna höfðu verið í einangrun. Ellefu börn í grunnskólum höfðu greinst með smit og tíu starfsmenn og einn starfsmaður á frístundaheimili.⁹¹

Þetta var í samræmi við það sem sóttvarnaryfirvöld héldu fram; börn bæru ekki sjúkdóminn á milli og þótt einhver smituðust færu þau flest tiltölulega létt í gegnum veikindin.

Prír starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs smituðust á þessum tíma í lok marsmánaðar 2020. Starfsfólk sviðsins vann því heima í fjarvinnu.

Í lok mars sagðist Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs finna fyrir vaxandi pressu vegna hópa sem ættu erfitt vegna faraldursins. Hún hafði komið fram í fréttum og rætt um starfsemi sviðsins. Eftir það innslag hafði hún fengið viðbragð vegna hópa sem höfðu orðið útundan og gleymst í faraldrinum. Um var að ræða flóttafólk en einnig einstaklinga með NPA sem voru ekki í þjónustu hjá borginni og fleiri. Fram kom að ekki væri nægilega vel hugað að málaflokki fatlaðs fólks á landsvísu.⁹²



3.16 COVID-19 skilaboð til viðskiptavina á Kaffitári 27. mars 2020. Mynd: Reykjavíkurborg.

Fulltrúar Proskahjálpar tóku undir þetta í viðtali. Fólk á þeirra vegum í NPA samtökunum hefði einhvern veginn lent á milli varðandi þjónustu og ekki hefði verið haldið nægilega vel utan um þau fyrir en starfsfólk velferðarsviðs greip inn í.⁹³

Regína lýsti á þessum fundi neyðarstjórnar áhyggjum af forstöðumönnum íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Þeir væru undir mjög miklu álagi m.a. vegna þess að stöðugt þurfti að hafa ofan af fyrir íbúunum inni á heimilunum

þegar öll hefðbundin afþreying var lokuð; s.s. sundstaðir, kaffihús og kvikmyndahús.⁹⁴

Starfsfólk á íbúðakjörnum þurfti að finna upp á alls konar nýjum leiðum til að komast í gegnum daginn með íbúunum og sýndi í mörgum tilvikum mikla útsjónarsemi.⁹⁵

⁹¹ Sama heimild.

⁹² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 30. mars 2020

⁹³ Bryndís Snæbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður Proskahjálpar, viðtal.

⁹⁴ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 30. mars 2020

⁹⁵ Stefánía Smáradóttir og Ólafur Árni Jónsson, íbúðakjarni í Jöklaseli, viðtal.

Stjórnendur á velferðarsviði höfðu einnig áhyggjur af fólki með tvíþættan vanda sem nýtti sér gistiskýlin. Prengsli voru í Konukoti auk þess sem heimilislaust fólk hafði fáa möguleika á því að komast á snyrtingar eða í sundlaugar þar sem meira og minna allt var lokað.

Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið ræddu á þessum tíma um mögulega samnýtingu á starfsfólki. Starfsfólk frá menningar- og ferðamálasviði tók að sér að hringja í eldri borgara sem búa heima til að athuga með líðan og gekk verkefnið vel.

Borgarbókasafnið lánaði enn út bækur sem fólk þurfti ekki að skila fyrr en faraldrinum lyki.

Halda átti Evrópsku kvikmyndaverðlaunin í Reykjavík en ákveðið var að fresta því vegna faraldursins. Verið var að undirbúa markaðsátak fyrir erlenda ferðamenn að sögn Örnú Schram, sviðsstjóra menningar og ferðamálasviðs.⁹⁶

3.17 Samkomubann út apríl

Apríl rann upp með því að tilkynnt var að 20 manna samkomubann yrði út mánuðinn. 35 voru á sjúkrahúsi og þar af 11 á gjörgæsludeild.

3. apríl voru fjórir látnir úr COVID-19 hér á landi.⁹⁷

Sóttvarnaryfirvöld hér heima kynntu smitakningarapp sem auðveldaði stjórnvöldum að rekja smit.⁹⁸

Orlofsbústaðir voru lokaðir um páskana enda höfðu heilbrigðisyfirvöld gefið út þau tilmæli að fólk héldi sig heima yfir páskahátíðina.⁹⁹

Öll skíðasvæði á landinu voru lokað, sem og sundlaugar, söfn og svæði til íþróttaiðkunar.

Hópsmit kom upp á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík og fór fjórðungur íbúa í bænum í sóttkví.¹⁰⁰

Greint var frá því í fyrstu viku apríl að þrír COVID-19 smitaðir væru nú lausir úr öndunarvél. 1.486 smit höfðu verið staðfest frá 28. febrúar.¹⁰¹

Undirbúningur hófst hjá neyðarstjórninni í byrjun apríl að því að leysa hugsanlega mannaflapörf með bakvörðum og borgarstarfsmönnum sem hægt yrði að flytja til í starfi ef nauðsyn bæri til. Kortlagning þessara sviðsmynda var í höndum Lóu Birnu Birgisdóttur,

⁹⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 30. mars 2020.

⁹⁷ Guðni Einarsson, Þórunn Kristjánsdóttir: „Fjögur dánir vegna kórónuveiru,“ Morgunblaðið 3. apríl 2020, bls. 1

⁹⁸ Alma D. Möller: „COVID-19: Smitakning með aðstoð apps“, Morgunblaðið 1. apríl 2020 bls. 15.

⁹⁹ Helgi Bjarnason, „Hundurð orlofshúsa auð um páska“, Morgunblaðið 4. apríl 2020, bls.2

¹⁰⁰ Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Smit á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík.

https://hvest.is/smit_a_hjukrunarheimilinu_bergi_i_bolungarvik/

¹⁰¹ Snorri Másson, Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, Þór Steinarsson, „Þrír komnir úr öndunarvél,“ Morgunblaðið 6. apríl 2020 bls.4.

sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Vinnan var unnin í þéttu samstarfi við sviðin. Meðal annars var litið til ungmenna í störfum hjá ÍTR í þessu samhengi. Aðal markmiðið í þessari vinnu var að hægt yrði að halda sólarhringsþjónustu velferðarsviðs gangandi ef í nauðir ræki. Útfærslan yrði þannig að starfsfólk velferðarsviðs færi í þyngri verkefni og starfsfólk annars staðar frá gengi í einfaldari verk. Hugsanleg þörf fyrir bakverði var talin vera 116 – 200 manns.¹⁰²



3.17 Þær voru ýmsar áskoranirnar í COVID-faraldrinum. Mynd: Reykjavíkurborg.

Jón Viðar Matthíasson framkvæmdastjóri Almanna- og höfuðborgarsvæðisins sagði að þessi undirbúningur við bakvarðasveitir væri nauðsynlegt verkefni almanna- og höfuðborgarsvæðisins. Ákallið um bakverði næði til allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Ef nauðsyn krefði gæti jafnvel komið til þess að bakverðir frá einu sveitarfélagi þyrftu að ganga í störf í öðrum sveitarfélögum. Jón Viðar lýsti því yfir á fundinum að kortlagning Reykjavíkurborgar væri til fyrirmyndar fyrir sveitarfélögin. Hann sagði ennfremur að framundan væru sennilega þyngri vikur.¹⁰³

Þetta starf var algjörlega nauðsynlegt til undirbúnings ef allt færi á versta veg. Hins vegar myndaðist ekki slík þörf fyrir bakverði í fyrstu bylgjum faraldursins og voru alls átta ráðnir í

¹⁰² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 1. apríl 2020.

¹⁰³ Sama heimild.

afleysingar. Samkomubannið hélt og aðrar smitvarnir voru öflugar og almennar. Almennigur fór eftir ráðleggingum sóttvarnaryfirvalda. Þegar upp komu smit á sambýlum leituðu stjórnendur til fyrrverandi starfsmanna sem voru kunnugir heimilisfólki í stað þess að leita til ókunnugra.¹⁰⁴

Starfsfólk á starfsstöðvum sem flokkaðir voru sem A-staðir á velferðarsviði og starfsfólk heimahjúkrunar stundaði t.a.m. smitvarnir af mikilli gætni og ósérhlífni þannig að upp komu fá smit á þessum tíma.¹⁰⁵

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla og frístundasviðs voru í bakvarðasveit fyrir neyðarstjórnir annarra sveitarfélaga.

Rætt var að sviðin gætu hjálpað hvort öðru varðandi verkefni eins og lögfræðistörf og fjármálaumsýslu ef á þyrfti að halda.

Velferðarsvið hélt fjárfund fyrir stjórnendur sem 130 manns sóttu. Þar lagði Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri áherslu á að starfsfólkið hefði stuðning stjórnenda yfir alla páskana. Regína sagði að það hefðu verið mikilvæg skilaboð til stjórnendanna.¹⁰⁶

Á fundi neyðarstjórnar 3. apríl kom m.a. fram að lögreglan og smitakningateymið hefðu fengið fjölmargt starfsfólk til baka úr sóttkví. Þungar vikur voru sagðar framundan.

Almannavarnir óskuðu eftir því við umhverfis- og skipulagssvið að kortlagt yrði hvaða starfsmenn væru með meirapróf. Sú kortlagning var framkvæmd en ekki kom til þess að þessir starfsmenn væru kallaðir til starfa vegna faraldursins.

Leikskólastjórar funduðu um stöðu leikskólanna og voru sammála að vera með óbreytta starfsemi í dymbilvikunni.

Vegna mikils álags á Landspítalanum vegna fjölda sjúklinga með COVID-19 var vaxandi þrýstingur á velferðarsvið að taka við fólki í heimahjúkrun sem útskrifað hafði verið af sjúkrahúsi. Að sögn sérfræðinga þurftu COVID-19 sjúklingar 30-50% meiri hjúkrun á spítala og því var fráflæðisvandinn á Landspítalanum mikill.¹⁰⁷

Regína Ásvaldsdóttir vakti máls á því hvort umbuna bæri starfsfólki fjárhagslega fyrir að sinna COVID-19 sýktum einstaklingum í búsetukjörnum. Þessu var vísað til skoðunar hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði. Ekki kom til þess að starfsfólkið fengi slíka umbun og voru margir stjórnendur á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði sem skýrsluhöfundur ræddi við ósáttir við að ekki hefði verið launað fyrir álag og áhættu í faraldrinum.

¹⁰⁴ Stefánía Smáradóttir og Ólafur Árni Jónsson, íbúðakjarni í Jöklaseli, viðtal.

¹⁰⁵ Jórunn Frimannsdóttir, forstöðumaður Droplaugarstaða, viðtal.

¹⁰⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar 1. apríl 2020.

¹⁰⁷ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 3. apríl 2020

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins vann að kortlagningu fyrir þörf á búnaði; velferðarsvið átti von á stórri sendingu en grímur voru hins vegar af skornum skammti á þessum tíma.¹⁰⁸

Parna var róðurinn tekinn að þyngjast verulega. Yfir tvö prósent starfsfólks velferðarsviðs var í sóttkví 6. apríl. Sviðsstjóri velferðarsviðs sagði að starfsfólk sem ynni við að hjúkra sýktum einstaklingum á heimilum þeirra, sérstaklega í búsetukjörnum fyndi fyrir óöryggi þrátt fyrir að námskeið hafi verið haldin.

Færri börn voru í leikskólum í dymbilvikunni en í venjulegu árferði enda höfðu sóttvarnaryfirvöld hvatt fólk til að búa sér til páskakúlu og halda sig heima vegna ástandsins.

Rætt var á fundi neyðarstjórnar að nauðsynlegt væri að þetta net fyrir börn og unglinga sem skólayfirvöld höfðu áhyggjur af í ástandinu með aðkomu kennara og barnaverndar.¹⁰⁹

Kallað hafði verið eftir tilstyrk ríkisins vegna jaðarhópa sem voru að miklum meirihluta í þjónustu hjá Reykjavíkurborg. Félagsmálaráðuneytið lagði 100 milljónir króna til úrræða vegna heimilisleysis. Af því komu 84 milljónir króna í hlut Reykjavíkur en 16 milljónir annað. Helmingur borgarfjármunanna var notaður í úrræði fyrir fólk sem er vegalaust og var að koma erlendis frá. Þá voru 40 milljónir nýttar til að auka við húsnæði neyðarskýlanna.

Borgarstjóri sagði að mestu máli skipti að ekki hafi orðið útbreiddar sýkingar á öldrunarheimilum borgarinnar.¹¹⁰

Upplýsingadeild, mannauðs- og starfumhverfissvið og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara unnu að myndbandsinnslögum á léttum nótum undir yfirskriftinni *Góðar fréttir úr borginni*. Innslögin voru fyrst og fremst hugsuð til að létta lund starfsfólks borgarinnar og miðla fróðleiksmolum um faraldurinn inn á milli. Steiney Skúladóttir og Guðmundur Felixson voru kynnar í þáttunum sem birtust m.a. á Workplace síðu borgarinnar í hópnum *Starfsfólk borgarinnar* auk birtingar á facebook síðu Reykjavíkurborgar. Fyrsti þátturinn birtist 3. apríl og sá síðasti í byrjun júlí. Framleiddir voru 12 þættir og var fjallað um alls konar viðburði og starfsemi á vegum borgarinnar um leið og fólk var minnt á að fylgja sóttvarnarreglum. Í einu innslaginu voru báðir kynnarnir t.d. í sóttkví. Þættirnir voru textaðir og þýddir á ensku og pólsku af starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.^{111 112}

Eftir páska, um miðjan apríl, var velferðarsvið farið að huga að næstu skrefum og þeim afleiðingum sem faraldurinn gæti haft á almenning. Gert var ráð fyrir auknum þunga í

¹⁰⁸ Sama heimild.

¹⁰⁹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 6. apríl.

¹¹⁰ Sama heimild.

¹¹¹ Góðar fréttir úr borginni: <https://vimeo.com/showcase/6978326>

¹¹² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 8. apríl.

starfsemi sviðsins næstu misserin vegna atvinnu- og húsnæðismála. Álitid var að skoða þyrfti sérstakar húsnæðisbætur og leggja félagslegt mat á þau sem misst höfðu lífsviðurværi sitt til að sviðið gæti komið með raunhæfar tillögur. Góðar fréttir voru að húsnæðisúrræði sem komið hafði verið upp fyrir heimilisláusa voru að virka vel.¹¹³

Talsvert hafði verið um sjúkraflutninga vegna COVID-19 um páskana að sögn framkvæmdastjóra almannavarna, 10 – 15 á dag.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sagði að verið væri að skoða sérstaklega börn í erfiðum félagslegum aðstæðum með aðkomu kennara og barnaverndar.

Borgarstjóri sagði á fundi neyðarstjórnar að skoða þyrfti hvort veitingastöðum í miðborginni yrði leyft að stækka út í göturýmið þar sem minni smithætta væri af veitingastarfsemi úti við og betra væri að hafa nokkra fjarlægð á milli borða til að halda nálægðarmörk.¹¹⁴

Menningar- og ferðamálasvið hafði unnið að markaðsáætlun gagnvart erlendum sem og innlendum ferðamönnum sem var unnin í samstarfi við Íslandsstofu. Gera átti grein fyrir þessu í borgarráði svo og störfum neyðarstjórnar.¹¹⁵

Sóttvarnarlæknir gaf út nýtt minnisblað þar sem tilgreint var að engar fjöldasamkomur þar sem fleiri en tvö þúsund manns kæmu saman yrðu leyfðar um sumarið.¹¹⁶

Því var ljóst að borgarhátíðir eins og Hinsegin dagar og Menningarnótt yrðu því ekki haldnar ásamt fleiri stórum sumarhátíðum.

Starf í skólum borgarinnar gekk vel þrátt fyrir ýmsar skerðingar og gert var ráð fyrir að það yrði að mestu með hefðbundnum hætti frá 4. maí.

Ný tilmæli sóttvarnarlæknis gáfu m.a. færi á að opna aftur félagsstarf fyrir eldri borgara í þjónustuíbúðum ef gætt yrði að fjarlægðarmörkum. Að sögn sviðsstjóra velferðarsviðs átti að fara hægt af stað en þessi hópur hafði búið við talsverða einangrun í faraldrinum.¹¹⁷

Borgarstjóri lagði til að stofnaður yrði starfshópur sem hefði skýrt og afmarkað verkefni vegna sumarsins 2020 og tók Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs vel í það.¹¹⁸

¹¹³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 14. apríl 2020.

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ Sama heimild.

¹¹⁶ Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna COVID-19 eftir 4. maí 2020 <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Minnisbla%C3%B0%20til%20r%C3%A1%C3%B0herra%2011.04.2020.pdf>

¹¹⁷ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 15. apríl.

¹¹⁸ Sama heimild.

Farið var yfir stöðuna á fundi neyðarstjórnar 17. apríl og þar kvaðst Jón Viðar Matthíasson vera stoltur af árangrinum sem hefði náðst í smitvörnum á höfuðborgarsvæðinu. Mikill munur væri á Íslandi og Svíþjóð þar sem mörg smit hefðu orðið á hjúkrunarheimilum.

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs greindi frá tölfræði sem sýndi að ekkert barn í Reykjavík hafði veikst alvarlega af COVID-19. Tveir starfsmenn sviðsins af yfir 5.000 voru á spítala, þar af einn í öndunarvél. Hann sagði að hólfun í skólunum hefði skilað miklum árangri.

Níu börn á leikskólaaldri höfðu smitast í faraldrinum en 40 í grunnskólum. 35 kennarar og starfsfólk í leikskólum höfðu smitast og 20 kennarar eða starfsfólk í grunnskólum.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs sagði að aðeins eitt smit hefði greinst hjá íbúa í sólarhringsstofnunum velferðarsviðs en sviðið rekur 70 slíkar stofnanir.

Borgarstjóri ræddi borgarvaktina en talsverðar áhyggjur voru á þessum tíma af andlegri líðan skjólstæðinga borgarinnar.¹¹⁹

3.18 Tíu látnir úr COVID-19

Þann 20. apríl voru tíu látnir úr COVID-19 en fleiri létust ekki úr pestinni í fyrstu bylgju. 70% af þeim sem höfðu smitast höfðu náð bata. Dánartíðni hér á landi var sögð sex sinnum lægri en í Svíþjóð.

Í lok apríl voru efnahagsaðgerðir ríkisins vegna faraldursins komnar fram en ríkið áætlaði 60 milljarða í aðgerðir. Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs, fór yfir þær á fundi neyðarstjórnar 22. apríl.

Á þessum fundi var einnig rætt um sumarstörf ungs fólks. Átak til að lífga upp á borgina sem menningar- og ferðamálasvið var að skipuleggja hafði fengið nafnið *Sumarborgin*. Undir þeirri sóhlíf átti að halda fjölmarga viðburði og reyna eftir fremsta megni að lyfta undir með verslun og þjónustu í miðborginni sem hafði fengið á sig mikið högg vegna faraldursins.¹²⁰

Ljóst var á þessum vordögum í lok apríl að faraldurinn var í mikilli rénun hér á landi og hafinn var undirbúningur að eðlilegri starfsemi og efnahagslegri viðspyrnu.

Samfélagssáttmálinn leit dagsins ljós í byrjun maí en þar var rætt um að fólk hefði sóttvarnir í heiðri og virti tveggja metra regluna í samskiptum.¹²¹

29. apríl var enginn með COVID-19 á gjörgæsludeild.

¹¹⁹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 17. apríl.

¹²⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 22. apríl 2020.

¹²¹ Samfélagssáttmálinn, <https://www.covid.is/samfelagssattmali>

Efnahagsleg áhrif kórónuveirunnar voru þó gríðarleg. Í lok apríl sagði Icelandair upp 2.000 af 4.300 starfsmönnum sem var langstærsta hópuppsögn Íslandssögunnar.¹²²

Ljóst var að ferðamannasumarið 2020 yrði mjög rýrt enda geisaði kórónuveiran enn af krafti úti í heimi og almenningur var varaður við að enn væri langt í land með að heimsfaraldrinum lyki. Margar hópuppsagnir voru einnig hjá ferðaþjónustufyrirtækjum þar sem ljóst var að ferðamenn sem kæmu til Íslands yrðu skikkaðir í tveggja vikna sóttkví.

Opna átti Ráðhúsið aftur fyrir gestum 4. maí en engir gestir voru leyfðir á skrifstofusvæði. Móttaka og þjónusta við gesti á fyrstu hæð opnaði á ný. Almenningur var þó enn hvattur til að nýta sér rafræna þjónustu borgarinnar eins mikið og hægt væri.¹²³

Reynt var að undirbúa viðburð fyrir 900 börn á Barnamenningarhátíð en óráðlegt þótti að halda hann vegna smithættu og var hann blásinn af.¹²⁴

Pung staða var víða hjá sveitarfélögum vegna faraldursins. Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lagði til að ríkið veitti 50 milljörðum til sveitarfélaganna til þjónustu og framkvæmda og fjármagninu yrði dreift miðað við fjölda íbúa. Þessar tillögur voru ekki samþykktar og sveitarfélögin sátu uppi með kostnaðinn þótt ríkið kæmi inn með fjármagn í vissar aðgerðir sveitarfélaga svo sem húsnæðisúrræði fyrir heimilislausa, félagsstarf eldri borgara og fatlaðs fólks og vinnumarkaðsaðgerðir.

Þrátt fyrir boðaðar afléttingar samkomubanns var staðan í efnahagsmálum verulega svört um mánaðamótin apríl/maí. Megninu af langferðabílum var lagt í geymslustæði, hver fjöldauppsögnin rak aðra og atvinnuleysi jókst með hverjum deginum. 2,2 milljörðum króna var veitt í störf fyrir námsmenn 18 ára og eldri. 6.500 íslensk fyrirtæki höfðu sótt um greiðsluhlé.

Sagt var að faraldurinn hefði valdið verstu kreppu í heiminum síðan kreppan mikla skók veröldina 1929.

Þann 1. maí á baráttudegi verkalýðsins voru engar kröfugöngur haldnar vegna samkomubannsins. Þann dag fengu 55 þúsund manns greiðslu atvinnuleysisbóta frá Vinnumálastofnun sem hljóðaði upp á tólf milljarða króna.¹²⁵

Pegar 4. maí rann upp sem var áætlaður afléttingardagur strangra samkomutakmarkana máttu 50 manns koma saman í stað 20 áður. Hárgreiðslu- og rakarastofur opnuðu á ný, til

¹²² Icelandair Group: Reduction in the number of employees and restructuring, Fréttatilkynning til Kauphallar, 28. apríl 2020 <http://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b84f5fb3713cbaa84eeab3fe25061cfa1&lang=en&src=listed>

¹²³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 28. apríl 2020.

¹²⁴ Sama heimild.

¹²⁵ Guðni Einarsson og Freyr Einarsson: „Þyngstu mánaðamót sem sögur fara af“, Morgunblaðið 1. maí, bls. 2.

mikils léttis fyrir landsmenn, nudd var leyft og fólk mátti aftur fara á barinn þótt enn væru strangar takmarkanir á opnunartíma.

Starfsemi þjónustumiðstöðva velferðarsviðs komst í eðlilegra horf og takmörkunum var aflétt hægt og rólega. Félagstarf eldri borgara fór í gang á ný með nauðsynlegum varúðarráðstöfunum. Rætt var um að opna hjúkrunarheimilin á ný en heimsóknabann á hjúkrunarheimilunum var sett á 6. mars. Nú mátti bóka heimsóknir á ný og íbúar máttu fá einn gest fyrstu vikuna.

Hefðbundið starf í leik- og grunnskólum hófst en með ákveðnum takmörkunum ennþá eins og fjölda starfsfólks í rýmum, takmarkaðri aðkomu foreldra inn í skólastarfið og varfærnu fyrirkomulagi útskriftarhátíða.

Flestum leið eins og faraldurinn væri afstaðinn og Ísland hefði unnið – þessa lotu að minnsta kosti. COVID-19 borðinn á vef Reykjavíkurborgar var tekinn af forsíðunni 12. maí en sömu upplýsingar gerðar aðgengilegar í minni glugga.

Í Evrópu var faraldurinn einnig víða í rénun. Alþjóðaheilbrigðissmálatofnunin WHO varaði þó við of mikilli bjartsýni og sagði langt í land í baráttunni við veiruna. Önnur bylgja veirunnar gæti orðið skæðari en sú fyrsta. „Þessi veira verður meðal okkar í langan tíma,“ sagði Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO. Hann reyndist sannspár í þeim efnum.¹²⁶



borgarstjórnar-salnum 20. maí 2020 og fer yfir farinn veg í faraldrinum og hvaða lærdóma mátti draga af því sem gerst hafði. Þetta var fyrsti fundur neyðarstjórnar í langan tíma sem ekki var haldinn í fjarfundabúnaði.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Þann 11. maí voru aðeins 18 smitaðir af kórónuveirunni á landinu. Helga Guðmundsdóttir, 102 ára kona í Bolungarvík komst í fréttirnar en hún fékk COVID-19 og náði sér.¹²⁷

Um miðjan maí var tilkynnt að allt að 200 manns mættu koma saman frá 25. maí. Barir máttu hafa opið til kl. 23 og slaka átti á heimsóknabanni á hjúkrunarheimili. Þá var einnig tilkynnt að ferðamenn sem kæmu til landsins þyrftu ekki að

¹²⁶ Who chief says „virus will be with us for a long time“, Reuters 22. apríl, 2020 <https://www.reuters.com/article/health-coronavirus-who-idUKZ8N2AZ02M>

¹²⁷ Snorri Másson: „Hefur upplifað það allt“, Morgunblaðið 11. maí bls. 4.

fara í sóttkví frá 15. júní heldur myndu fara í skimun þess í stað.^{128 129}

Til að aðstoða ferðapjónustuna í landinu ákvað ríkisstjórnin að greiða öllum landsmönnum ferðagjöf sem hægt var að nálgast með smáforriti í snjallsíma – svokallað stafrænt gjafabréf sem nefndist Ferðagiöf. Í þetta var áætlað 1,5 milljarðar króna.

Þann 20. maí hafði ekkert smit greinst innanlands í heila viku.

Mánudaginn 18. maí máttu sundlaugar opna á ný og opnaði ÍTR þá sundlaugar á miðnætti við mikinn fögnuð sundlaugargesta. Tveggja metra reglan var afnumin en fólk engu að síður hvatt til að halda samfélagssáttmálann.

1.803 einstaklingar höfðu þá fengið COVID-19 og tíu voru látnir frá upphafi kórónuveirufaraldursins.¹³⁰

3.19 Lærdómur af fyrstu bylgju

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði 12. maí. Á fundinum var stjórnendum í neyðarstjórn falið að safna saman upplýsingum um það sem hægt væri að læra af faraldrinum fyrir fund neyðarstjórnar 20. maí.¹³¹

Fundurinn var haldinn samkvæmt áætlun í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þar var farið yfir reynsluna af því hvernig borgarkerfið brást við krísunni vegna COVID-19. Eftir fundinn var tekið saman í minnisblaði það helsta sem yfirstjórn Reykjavíkurborgar taldi til lærdóms af faraldrinum. Frekar létt var yfir mannskapnum enda vor í lofti og búið að aflétta sóttvarnartakmörkunum að mestu. Í meginráttum var niðurstaða fundarins sú að vel hefði tekist til í baráttunni við faraldurinn. Mikil ánægja var með það hvernig borgarkerfið hefði brugðist við aðstæðunum, skipulagið hefði reynst vel og ólík svið hefðu náð að sinna verkefnum sínum samhliða því að styðja hvert annað. Starfsfólk borgarinnar hefði almennt lagt mikið á sig og verið tilbúið að breyta vinnulagi til að halda þjónustu borgarinnar órofinni að því leyti sem hægt var í faraldrinum.¹³²

Nokkur atriði voru ítrekað nefnd sem lærdómur sem vert væri að halda í þó svo að aðstæður færðust í eðlilegt horf og eru þau birt hér nokkurn veginn orðrétt.

¹²⁸ Auglýsing nr. 470/2020, 22. maí, <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=16e1e0e5-648c-47ac-b602-b5d6f0cbf95c>

¹²⁹ Alexander Kristjánsson: „Allt að 200 manns mega koma saman frá 25. maí“, Morgunblaðið 14. maí, 2020, bls 2.

¹³⁰ www.covid.is

¹³¹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 12. maí 2020.

¹³² Minnisblað: Borgarkerfi á tímum heimsfaraldar – hvað lærðum við? bls. 1.

- **Aukinn sveigjanleiki í vinnubrögðum og samskiptum** – þeir sviðsmúrar er oft einkenna borgarkerfið hurfu að miklu leyti og unnið var í náinni þverfaglegri samvinnu að úrlausnarefnum.
- **Hvernig við miðlum upplýsingum (ensku, pólsku o.s.frv)** – mikilvægt er að upplýsingamiðlun jafnt innan kerfis sem til borgarbúa sé á fleiri tungumálum en íslensku til að ná til sem flestra hópa.
- **Viðhorf til sveigjanlegri vinnutíma og sveigjanleika gagnvart viðveru á vinnustað** – reynslan sýndi að fjarvinna og sveigjanlegur vinnutími getur jafnvel aukið afköst í einhverjum tilvikum. Móta þarf miðlæg viðmið um hvernig borgin hyggst nálgast þessi mál til framtíðar, hvaða áhrif það hefur á vinnulag, samvinnu og setja í samhengi við áform um styttingu vinnuvikunnar.
- **Fjarfundir teyma og stjórnenda** – ná má fram aukinni skilvirkni og tímasparnaði með notkun fjarfunda þó að í sumum tilvikum gæti formið haft hamlandi áhrif. Kortleggja þarf reynsluna betur og móta viðmið um vinnulag þannig að fjarfundir nýtist til þess að auka skilvirkni. Meta þörf fyrir tækjabúnað og skipulag vinnurýma með tilliti aukinnar notkunar fjarfundabúnaðar og sameiginlegra rafrænna verkvangs. Móta stefnu um hvaða verkvang eigi að nota (Teams, Zoom, Skype). Stuðla að áframhaldandi og efldri (rafrænni) teymisvinnu þvert á skipulag.
- **Aukin tíðni innri upplýsingamiðlunar** – nýta rafræna verkvangs til að styrkja innri upplýsingamiðlun. Huga að nálgun gagnvart þeim hópum sem ekki nota tölvubúnað í daglegum störfum. Huga að fræðslu og þjálfun í notkun rafrænna lausna. Færum okkur frá tölvupósti í samskiptum – nýtum rafræna verkvangs í auknum mæli til samskipta og upplýsingamiðlunar.
- **Verðum lausnamiðaðri í allri nálgun** – einn helsti styrkleiki kerfisins sem kom í ljós var geta til að bregðast við með snörpum hætti og hugsa í lausnum, jafnvel þvert á sviði og einingar. Halda þarf í og vinna að menningu er leggur áherslu á snarpari viðbrögð og ákvarðanatöku. Kortleggja kerfislæga þætti er geta hamlað slíkum vinnubrögðum með það fyrir augum að þróa liprara umhverfi.
- **Sveigjanlegri (rafrænar) leiðir fyrir borgara til að nálgast þjónustu** – á COVID-tímanum voru þróaðar margvíslegar leiðir til að að eiga í samskiptum við íbúa og veita þjónustu með nýjum leiðum. Halda þarf í þá reynslu, kortleggja og vinna áfram að þróun slíkra lausna þar sem því verður við komið.¹³³

Í öllum meginatriðum hafði skipulag borgarinnar haldið auk þess sem samvinna á milli sviða og skrifstofa hafði gengið vel. Þau svið sem mest voru í framlínustarfi í faraldrinum, velferðarsvið og skóla- og frístundasvið, höfðu komið á mjög skilvirku skipulagi og virkri upplýsingamiðlun sem reyndist síðan mjög vel í gegnum allan faraldurinn. Samstarf við almannavarnir og heilbrigðisyfirvöld hafði verið mjög virkt sem og samvinna við önnur

¹³³ Minnisblað: Borgarkerfi á tímum heimsfaraldar – hvað lærðum við? bls. 1.

sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Boðleiðir voru stuttar á milli allra sem auðveldaði neyðarstarfið til muna.



3.19 Sumarið 2020 heimsótti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri skóla og leikskóla sem höfðu lent í erfiðleikum vegna COVID-19 smita. Hér talar hann við börn á leikskólanum Nóaborg, 4. júní.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Starfsemi og þjónusta borgarinnar hafði verið haldið gangandi þótt á sumum sviðum hefði þurft að skerða þjónustuna eins og í skólakerfinu. Öll höfðu lært á fjarfundabúnað á met tíma og rafrænar lausnir voru teknar upp og innleiddar í velferðarþjónustu og skólum.

3.20 Veiran lætur á sér kræla

Adam var þó ekki lengi í smitfrírri paradís. Þann 29. júní kom upp hópsmit þegar knattspyrnukona hjá Breiðabliki greindist smituð. Hún hafði komið smituð frá Bandaríkjunum en greindist ekki við sýnatöku. Fjögur smit tengdust þessu atviki.¹³⁴

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði vegna þessa og í framhaldinu gaf neyðarstjórn velferðarsviðs út ný tilmæli um heimsóknir í þjónustuíbúðir fyrir aldraða og hjúkrunarheimili. Fólk sem hafði dvalið erlendis mátti ekki heimsækja íbúa í 14 daga frá heimkomu. Aðrir áttu að gæta fyllstu varúðar svo smit bærisk ekki í viðkvæma einstaklinga.

¹³⁴ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 29. júní 2020.

Á þessum fundi neyðarstjórnar sagði Jón Viðar Matthíasson að vonast væri til að um væri að ræða hálfsmánaðar tímabil og staðan yrði endurmetin eftir það.¹³⁵

Í byrjun júlí varð síðan alveg ljóst að engar stórar hátíðir yrðu haldnar á landinu þetta sumarið vegna smithættu. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, Menningarnótt í Reykjavík, Landsmót Hestamanna og Fiskidagurinn mikli á Dalvík voru þar á meðal.

Engu að síður voru Íslendingar á ferð og flugi um landið þetta sumar og ljóst að ferðagjöf stjórnvalda hafði slegið í gegn ásamt góðum tilboðum hótela víða um landið. Landsmenn nýttu tækifærið til að sjá landið sitt án erlendra ferðamanna sem voru afar fáir á landinu þetta sumar. Stuðlagil í Jöklu á Austurlandi var með vinsælli áfangastöðum landsmanna þetta sumarið.

Í viðtali við Morgunblaðið sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri að það versta sem hann gæti hugsað sér væri að önnur bylgja faraldursins kæmi ofan í mikið atvinnuleysi. „Íþyngjandi sóttvarnaraðgerðir í annað sinn væru mjög erfiðar. Þá lít ég svo á að sársaukafullur niðurskurður sé ekki svarið við þeim áskorunum í rekstri Reykjavíkurborgar sem nú eru til staðar,“ sagði borgarstjóri m.a. í viðtalinu.¹³⁶

Þrátt fyrir fá smit hér á landi var enn mjög há smittíðni í Bandaríkjunum þar sem kórónuveiran hjó stór skörð í þjóðina.

Um miðjan júlí birtust fréttir í erlendum miðlum um að vonir væru bundnar við nýtt bóluefni frá Moderna. Skömmu síðar var greint frá því að fjölmörg fyrirtæki ynnu að þróun bóluefna og lyfja við COVID-19. Bóluefni frá AstraZeneca í Oxford var sagt komið einna lengst í þróun.

Knattspyrnumótið Rey Cup var haldið í Laugardalnum í lok júlí. Mótið var það fjölmennasta frá upphafi en 123 lið mættu á mótið með 1.700 ungmenni.

Fáein innanlandssmit voru byrjuð að greinast þessa daga í lok júlí og fór þeim fjölgandi.

28. júlí var greint frá því að eitt smit hefði greinst á Rey Cup, annað á landsmóti unglunga í frjálsíþróttum í Hafnarfirði og það þriðja hjá íslenskum ríkisborgara með tvöfalt ríkisfang. Allir voru með nýtt afbrigði af veirunni. Tíu smit höfðu komið fram innanlands undanfarna daga og tvísýnt um tilslakanir.¹³⁷

Síðasta dag júlímánaðar voru nýjar takmarkanir í sóttvarnarskygni því kynntar. Tveggja metra reglan var tekin upp aftur, 100 manns máttu hittast í stað 500 áður og mælt var með

¹³⁵ Sama heimild.

¹³⁶ Sigurður Bogi Sævarsson: „Niðurskurður er ekki svarið“, Morgunblaðið 13. júlí 2020 bls. 10.

¹³⁷ Snorri Másson: „Þróunin næstu daga lyklatríði fyrir komandi helgi“, Morgunblaðið 28. júlí 2020 bls. 2.

almennri notkun andlitsgríma sem var nýjung hér á landi þar sem ekki hafði verið grímuskylda í faraldrinum til þessa.¹³⁸



3.20 Flestir virtu grímuskylduna sem stjórnvöld gerðu kröfu um. Á aðventunni minntu starfsmenn Reykjavíkurborgar fólk í miðborginni á að virða fjarlægðarmörk. Myndir: Sigurjón Ragnar Sigurjónsson.

Öllum viðburðum um verslunarmannahelgina var aflýst. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði vegna ástandsins 30. júlí. Á fundinum kom fram að búið væri að aflýsa Hinsegin dögum. Engu að síður var lagt upp með að viðburðahaldarar myndu halda skreytingum til streitu og höfðu þeir óskað eftir samstarfi varðandi það samkvæmt Örnú Schram sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs. Enn var verið að ræða einhvers konar fyrirkomulag á menningarnótt, jafnvel flugeldasýningu.

Teymisstjóri stjórnsýsluhúsa var búinn að panta 2.000 sóttvarnagrímur samkvæmt ráðleggingum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Rætt var um að setja COVID-19 svæðið upp á ný á vef borgarinnar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið ákvað að skipta upp starfshópum á ný til að missa ekki út mikilvægt starfsfólk vegna smita, t.a.m. í upplýsingatækniþjónustu borgarinnar.

Send var út fréttatilkynning um breytta þjónustu borgarinnar vegna nýrrar reglugerðar.

Alls staðar var skerpt á leiðbeiningum um handþvott og spritt auk þess sem rætt var um að skammta mat á diska eða setja í bakka í mötuneytum.^{139 140}

¹³⁸ Auglýsing nr. 758, 30. júlí: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=92d1e4d4-f7c0-4abf-8fae-c5d1edcba69e>

¹³⁹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 30. júlí 2020.

¹⁴⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavíkurborg í viðbragðsstöðu vegna Covid-19“, 30. júlí 2020 <https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-i-vidbragdsstodu-vegna-covid-19>

Vágesturinn COVID-19 var kominn aftur til að hrella landsmenn. Ný bylgja var hafin.

4. Öll með grímur

4.1 Upphaf annarrar bylgju í lok júlí 2020

Júlí 2020 til júní 2021

Prátt fyrir að tekist hefði að kveða niður fyrstu bylgju plágunnar síðari hluta maímánaðar var ljóst að veiran væri enn á kreiki. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hafði varað við því að faraldurinn væri ekki yfirstaðinn og það sama hafði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gert. Veiran grasseraði víða um heim og ástandið var verulega slæmt í mörgum löndum þótt dregið hefði úr smitum í Evrópu. Landamæri Íslands voru opin með takmörkunum og ferðamenn virtu ekki allir reglur sem giltu um sóttkví og skimanir.

Árangur af sóttvörnum hafði verið frábær í fyrstu bylgjunni. Andlát vegna COVID-19 voru aðeins 10 og tekist hafði að koma í veg fyrir smit á hjúkrunarheimilum og hjá öðrum viðkvæmum hópum með lokunum og verulegri smitgát og árvekni starfsfólks. Jón Viðar Matthíasson framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu telur að hluti af góðum árangri í fyrstu bylgjunni hafi verið sá að smitin komu nánast öll frá Íslendingum sem voru að koma frá erlendis frá og mest frá skíðasvæðum á Ítalíu og Austurríki þar sem veiran grasseraði. Því var tiltölulega auðvelt að rekja og hafa hömlur á útbreiðslunni. Þetta varð erfiðara í seinni bylgjunum þegar landamærin voru opnuð.

Þegar ný smit fóru að láta á sér kræla í lok júlí voru reglur hertar og komið á nýju samkomubanni sem miðaðist við 100 einstaklinga og tveggja metra nálægðarmörk. Gert var ráð fyrir að nýjar sóttvarnarreglur giltu til 13. ágúst.¹⁴¹

Til þessa hafði ekki verið grímuskylda hérlandis en notkun gríma þótti hafa sannað sig erlendis. Í reglugerðinni var því sú nýjung að krafist var notkunar á andlitsgrímum þar sem ekki var hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð á milli fólks. Grímurnar þurftu að vera viðurkenndar sóttvarnargrímur og uppfylla ákveðnar kröfur.¹⁴²

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði 30. júlí 2020 vegna nýrrar reglugerðar. Þar var m.a. ákveðið að gera vefsvæðið um COVID-19 aftur sýnilegt á forsíðu [reykjavik.is](https://www.reykjavik.is).

¹⁴¹ Auglýsing nr. 758, 30. júlí, <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=92d1e4d4-f7c0-4abf-8fae-c5d1edcba69e>

¹⁴² Sama heimild.

Á fundi neyðarstjórnar 4. ágúst voru öll sammála um að undirbúa þyrfti starfsemi borgarinnar vel fyrir veturinn en tölur um smit sýndu að búast mætti við því að hert yrði á aðgerðum og slakað á víxl.¹⁴³

Í þessum seinni bylgjum faraldursins var starfsfólkið orðið vel þjálfað og því þurfti ekki mikið til að „allir færu á tærnar aftur“ eins og sumir stjórnendur orðuðu það.

Stjórnendur velferðarsviðs voruðu þó við því að þjónusta við fatlað fólk yrði skert jafn mikið og hafði verið gert í fyrstu bylgjunni. Betra væri að innleiða grímunotkun á starfsstaði og útbúa reglur fyrir starfsfólk sem væri að koma frá útlöndum - svokallaða heimkomusóttkví.

Velferðarsvið var með sömu nálgun gagnvart eldri borgurum. Of mikil einangrun eldra fólks á hjúkrunarheimilum væri alls ekki af hinu góða. Reynslan af algjöru heimsóknabanni ástvína inn á hjúkrunarheimili hafði vissulega forðað smitum en reynslan af því var ekki góð fyrir íbúana að sögn stjórnenda.

Unnið var að reglum fyrir viðkvæma hópa og þessari sýn miðlað til almannavarna höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisyfirvalda áður en endanlegar ákvarðanir voru teknar.

Ennþá var rætt um að halda Menningarnótt í tengslum við afmæli Reykjavíkurborgar en henni var aflýst nokkrum dögum síðar. Sláandi fréttir höfðu m.a. borist frá Færeyjum þar sem mörg smit voru tengd Ólafsvöku en Færeyingar höfðu talið landið nánast smitfrítt fyrir hátíðina og því var hún haldin með nánast hefðbundnu sniði.¹⁴⁴

Veiran fannst aftur í öllum landshlutum þegar smit greindist á Egilsstöðum. Talað var um aðra bylgju faraldursins 6. ágúst. Mikið var um nýsmít í Evrópu samkvæmt fréttamiðlum.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði aftur föstudaginn 7. ágúst en þá var aftur búið að virkja neyðarstjórnir allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundinum kom m.a. fram að velferðarsvið beindi nú sjónum sérstaklega að ungu starfsfólki sem hugsanlega dreifðu veirunni mest og ynnu með viðkvæmum skjólstæðingum.

Á skóla og frístundasviði var fundað reglulega með stjórnendum og áhersla lögð á góðar sóttvarnir starfsfólks. Þetta voru þarfar áminningar en skipulagið sem búið var að koma á í fyrstu bylgjunni var gott og gilt og tiltölulega auðvelt að fyrir stjórnendur að taka það upp á ný.¹⁴⁵

Neyðarstjórn fundaði strax aftur eftir helgina, mánudaginn 10. ágúst. Þar kom fram að landlæknir hefði ákveðið að fara í strangari aðgerðir á hjúkrunarheimilum en stjórnendur

¹⁴³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 4. ágúst 2020.

¹⁴⁴ Linda Blöndal: „Menningarnótt útilokuð vegna reynslunnar í Eyjum og Færeyjum,“ Hringbraut, <https://hringbraut.frettabladid.is/frettir-pistlar/menningarnott-var-utilokud-vegna-reynslunnar-i-eyjum-og-faereyjum/>

¹⁴⁵ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 7. ágúst 2020.

velferðarsviðs höfðu lagt til. Þetta voru nokkur vonbrigði en eftir á að hyggja varfærnisleg ákvörðun hjá Landlæknisembættinu í ljósi þess að bólusetningar voru ekki hafnar.¹⁴⁶

Unnið var að litakerfi sem átti að samræma sóttvarnaraðgerðir fyrir skóla- og frístundasvið og velferðarsvið á mismunandi stigum sem hver litur táknaði; gulur, grænn og rauður. Þetta var gert í samvinnu við Menntamálaráðuneytið, og ríkislögreglustjóra og Landlæknisembættið. Þessi vinna skilaði ekki árangri og kerfið var aldrei tekið í notkun að sögn Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur deildarstjóra hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins.^{147 148}

Fram kom á fundinum að erfiðlega gengi að fá fólk til að virða tveggja metra nálægðarreglu í pottum sundlauganna. Þá var fjallað um snúna fjárhagsstöðu leikhúsanna, Borgarleikhússins og Tjarnarbíós sem væru að undirbúa vetrardagskrá sína en starfið var í algjöru uppnámi vegna faraldursins.

Ákveðið var að frá 14. ágúst yrðu 100 manna samkomutakmarkanir áfram í gildi til 27. ágúst.¹⁴⁹ Tveimur dögum síðar var greint frá því að komufarþegar til landsins gætu valið að fara í tvær skimanir og fimm daga sóttkví á milli skimana en að öðrum kosti farið í 14 daga sóttkví.¹⁵⁰

Ástandið í ferðaþjónustunni hér á landi var grafalvarlegt enda faraldurinn aftur á uppleið bæði hér og erlendis. Hundruð afbókuðu ferðir hingað til lands um haustið og hótélum var lokað.

Seinni hluta ágúst fóru þó að berast jákvæðar fréttir af bóluefnum. Greint var frá því að bóluefni gegn kórónuveirunni væri tilbúið hjá Astra Zeneca sem væri sænskt-breskt



4.1 Starfsfólk Ráðhússins bíður grímuklætt eftir því að komast að í mötuneytinu í nóvember 2021 þegar grímuskylda var aftur sett á vegna mikillar fjölgunar smita. Mynd: Reykjavíkurborg.

¹⁴⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 10. ágúst 2020.

¹⁴⁷ Sama heimild.

¹⁴⁸ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, viðtal.

¹⁴⁹ Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 792, 12. ágúst <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=246a7dc7-7448-4f42-a200-2076cc1272da>

¹⁵⁰ Reglugerð um sóttkví og einangrun og sýnatöku á landamærum Íslands vegna COVID-19 <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=fa53e501-41fa-497c-8e60-6f8c169083f4>

fyrirtæki. Ákveðið hafði verið að sænsk stjórnvöld myndu hafa milligöngu um að útvega bóluefni til Íslands¹⁵¹.

Í lok ágúst birtust fréttir af því að bóluefni yrði mögulega fáanlegt um áramótin.¹⁵²

Rætt var um að slaka á sóttvarnaraðgerðum þar sem smitum fór fækkandi á ný í byrjun september. Þann 4. september tók ný reglugerð gildi þar sem 200 manns var leyft að koma saman og eins metra nálægðarregla í stað tveggja metra áður.¹⁵³

Um miðjan september var fjöldi daga í sóttkví færður úr fjórtán dögum í sjö. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hafði óskað eftir því við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að gera athugun á sóttvörnum hjá akstursþjónustu fatlaðs fólks og í íþróttahúsum framhaldsskóla og voru þær eins góðar og mögulegt var að hafa þær.¹⁵⁴

4.2 Höfuðborgarsvæðið á rauðum lit

Neyðarstjórn fundaði 20. september og þá var útlitið orðið frekar svart aftur; ný bylgja var talin vera í aðsigi og smitum farið að fjölga talsvert. Aftur var hvatt til fjarvinnu á meðal starfsfólks borgarinnar. Framhaldskólanemar og starfsfólk voru beðin um að nota grímur.

Alvarleg smit höfðu komið upp á tveimur sambýlum fatlaðs fólks í Grafarvogi og Seljahverfi sem kröfðust mikils átaks hjá velferðarsviði.

Börum og skemmtistöðum var lokað aftur og átti bannið að standa yfir í eina viku.

Mánudaginn 21. september voru 320 nemendur úr sex grunnskólum í Reykjavík í sóttkví og 33 leikskólabörn. 38 smit höfðu greinst og var það rakið til tveggja franska ferðamanna sem ekki höfðu virt sóttvarnarreglur. Upphaf þriðju bylgjunnar var rakið til þeirra og var afbrigðið raðgreint af vísindamönnum Íslenskrar erfðagreiningar.¹⁵⁵

Um miðja vikuna, þann 23. september, var höfuðborgarsvæðið í raun komið á rauðan lit í smitum sem þýddi að það ætti að vera á neyðarstigi samkvæmt Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur deildarstjóra hjá AHS.¹⁵⁶

¹⁵¹ Svíar sjá um bóluefnissölu til Íslands, mbl.is, 20. ágúst

https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/08/20/sviar_sja_um_boluefnissolu_til_islands/

¹⁵² Stjórnarráðið: „Kaup á bóluefni vegna COVID-19 rædd í ríkisstjórn“. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/28/Kaup-a-boluefni-vegna-COVID-19-raedd-i-rikisstjorn/>

¹⁵³ Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 864, 3. sept. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=8be78dd7-f821-4aa8-9b41-53aa4d2aad40>

¹⁵⁴ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 15. september 2020.

¹⁵⁵ Berghildur Erla Bernharðsdóttir: „Alls smituðust 2700 af franska afbrigðinu sem rekja má til ferðamanns“, Visir.is 19.4.2021: <https://www.visir.is/g/20212099055d>

¹⁵⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 23. september 2020.

Rætt var um skýrara umboð til fjarvinnu og hópaskiptinga hjá starfsfólki borgarinnar til að reyna að komast hjá því að mikilvæg starfsemi stöðvaðist ef allir þyrftu að fara í sóttkví eða smitast á sama tíma. Heilbrigðiseftirlitið var nefnt í þessu sambandi sem og launavinnsla og bókhaldsfærsla fjármála- og áhættustýringarviðs.¹⁵⁷

Á fundi neyðarstjórnar föstudaginn 25. september var greint frá því að 45 smit hefðu greinst daginn áður og af þeim hefðu aðeins 28 verið í sóttkví. Ljóst var að þriðja bylgjan var hafin.

Að sögn Dags B. Eggertssonar borgarstjóra var ekki vilji fyrir allsherjarlokun í samfélaginu en frekar reynt að beita umfangsmikilli smitrakningu, sýnatöku og sóttkví til að hefta framgang veirunnar. Sóttkví hafði verið stytt með tvöfaldri sýnatöku. Borgarstjóri sagði að borgin reyndi að gera eins mikið og hægt væri til að skerða ekki þjónustuna en það kallaði á sífellda vöktun á öllum starfsstöðum.¹⁵⁸

Á fundinum kom fram að smitrakning væri bæði flókin og erfið í framkvæmd í skólunum og kallaði á gríðarmikla vinnu skólastjórnenda jafnvel langt fram á nætur. Einnig kom fram að velferðarvið hefði leitað til Kára Stefánssonar hjá Íslenskri erfðagreiningu til að fá forgang fyrir starfsfólk sviðsins í skimanir. Tekið var vel í þá umleitan hjá ÍE og því var hægt að skima starfsfólk búsetuúrræða ef minnsti grunur var um smit. Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarviðs hafði heilsugæslan nú tekið við sér eftir beiðnir velferðarviðs til landlæknisembættisins. Hún sagði að sviðið fengi nú skjótari þjónustu eftir byrjunarhnökra.¹⁵⁹

Í viðtali sem skýrsluhöfundur tók við Regínu kom fram að hún hefði þurft að hafa talsvert fyrir því að sannfæra heilsugæsluna um hversu flókin og víðtæk þjónusta og umönnun velferðarviðs væri við fjölmarga skjólstaðinga. Í þessu samhengi hefði verið áriðandi að geta pantað tíma í skimun með litlum fyrirvara og fá niðurstöðu eins fljótt og hægt var. Þá var afar mikilvægt að geta fengið heilbrigðisstarfsfólk á starfsstaðina til að skima þar sem margir af notendum þjónustunnar áttu hreinlega ekki heimangengt.¹⁶⁰

Í byrjun október 2020 kom fram að hið nýja afbrigði veirunnar sem nú legðist á landsmenn væri síst vægara en það fyrra. Í Bandaríkjunum voru 208 þúsund manns látnir af völdum veirunnar og metfjöldi smita greindist í Frakklandi og Bretlandi. Hér á landi var faraldurinn í örum vexti. 4. október var neyðarstigi því lýst yfir enn á ný. Samkomutakmarkanir miðuðust við 20 einstaklinga og eins metra nálægðarregla gildi. Sundlaugar voru opnar og máttu hafa

¹⁵⁷ Sama heimild.

¹⁵⁸ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 25. september 2020.

¹⁵⁹ Sama heimild.

¹⁶⁰ Regína Ásvaldsdóttir, viðtal.

50% af hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2005 og síðar voru undanskilin í talningu gestafjölda líkt og áður.¹⁶¹

Kerfi Reykjavíkurborgar var virkjað samkvæmt neyðarstigi og starfsfólk stjórnsýsluhúsanna beðið um að vinna heima að eins miklu leyti og starfið leyfði svo hægt yrði að halda úti órofinni þjónustu. Stjórnsýsluhúsunum var aftur skipt upp eftir svæðum og starfseiningum.

Fram kom á fundi neyðarstjórnar sunnudaginn 4. október að smit hefði komið upp í neyðarskýlinu á Granda þar sem ungir karlmenn með tvígreindan vanda dvelja. Loka þurfti skýlinu vegna þess að allt starfsfólkið fór í sóttkví. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir frá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins sagði að þeir 14 einstaklingar sem dveldu í neyðarskýlinu gætu fengið inni í farsóttarhúsinu ef Reykjavíkurborg útvegaði vakt með þeim. Þetta var gott dæmi um það hvernig boltinn var tekinn ef vandi skapaðist. Ráðnir voru tveir starfsmenn frá öryggisfyrirtækinu Securitas til að annast vaktstöðuna.¹⁶²

Þetta leysti þó ekki vandamálið að fullu því skjólstæðingarnir áttu erfitt með að fara að settum reglum vegna sinna heilsufarsvandamála.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs greindi frá þessu á fundi neyðarstjórnar 6. október. Hún benti á að erfiðast væri að eiga við jaðarhópana í faraldrinum. Borgin hefði útvegað fimm starfsmenn á vakt með þessum tíu mönnum en ástandið í sóttvarnarhúsinu væri erfitt vegna þeirra og orðræða ríkisins á þá leið að þeir sem ekki gætu farið eftir fyrirmælum fengu ekki inni í húsinu.¹⁶³

Ný reglugerð um sóttvarnir og samkomubann tók gildi 6. október. Í henni voru ýmsar viðbætur við reglugerðina sem hafði verið sett tveimur dögum áður. Ýmsu var skellt í lás aftur eins og hárgreiðslustofum, snyrti- og nuddstofum og sundlaugum sem máttu þó hafa opið fyrir skólasund. Söfnum var lokað hjá menningar- og ferðamálasviði. Tveggja metra regla var tekin upp á ný, grímuskylda var í verslunum og veitingahús höfðu leyfi til að hafa opið til kl. 21. Barir og skemmtistaðir lokuðu. Aðeins 20 manns máttu vera í hverju rými.¹⁶⁴

Á fundi neyðarstjórnar sagði Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR að of margt væri óljóst í reglugerðinni sem gæti valdið valdið misskilningi. Slíkar gloppur í reglugerðunum voru oft talsverður höfuðverkur og kröfðust mikilla fundahalda á meðan fundið var út hvað væri í raun skynsamlegt að gera.¹⁶⁵

¹⁶¹ Stjórnartíðindi: Auglýsing nr. 957, 4. október <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d6e6d060-43b0-4d05-9c36-750e0bc68e0b>

¹⁶² Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 4. október 2020.

¹⁶³ Fundarpunktur neyðarstjórnar, 6. október 2020.

¹⁶⁴ Auglýsing nr. 966, 6. október, Breyting á auglýsingu nr. 957. Grímuskylda í verslunum. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=24a426e7-7213-4d62-a606-4ce9a4d1b407>

¹⁶⁵ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 6. október 2020.

Pessa viku greindust nær 100 smit á dag og þeim fjölgaði jafnt og þétt sem þurftu að leggjast inn á spítala vegna COVID-19.¹⁶⁶

Atvinnuástandið var beinlínis ískyggilegt og var atvinnuleysið á Suðurnesjum t.a.m. komið í 20%.



Velferðarsvið auglýsti eftir fólki í bakvarðasveit og var birt frétt um það á vef borgarinnar þar sem kom fram að verið væri að biðla bæði til starfsmanna en einnig til fólks sem hefði reynslu af störfum í velferðarþjónustu.¹⁶⁷

Á fundi neyðarstjórnar föstudaginn 9. október var samþykkt að virkja notkun á tímabundnu ákvæði í lögum um almannavarnir um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila. Þetta ákvæði gerði Reykjavíkurborg kleift að flytja starfsfólk og virkja það í önnur störf ef þörf krefði. Fyrst yrði hugað að því að flytja starfsfólk innan sviða og í kjölfarið á milli sviða ef það teldist nauðsynlegt út frá öryggissjónarmiðum og almannahagsmunum. Þetta var nauðsynleg undirbúningsaðgerð svo hægt væri að bregðast við ef upp kæmi algjört neyðarástand vegna mönnunarvanda.¹⁶⁸

Á þetta ákvæði reyndi aldrei í

kórónuveirufaraldrinum en sjálfboðaliðar, t.d. frá menningar- og ferðamálasviði, íþrótt og tólmstundasviði og umhverfis- og skipulagssviði fleiri unnu hins vegar ýmis störf, tóku vaktir í neyðarskýlum borgarinnar, hjúkrunarheimilum og hringdu í eldri borgara sem bjuggu í heimahúsum.

4.2 Veitingahús voru opin en lutu ströngum sóttvarnareglum. Aðventa 2020.
Mynd: Reykjavíkurborg.

¹⁶⁶ Tölfræði: [Covid.is](https://www.covid.is)

¹⁶⁷ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Viltu verða bakvörður í velferðarþjónustu?“, 7. október 2020, <https://reykjavik.is/frettir/viltu-verda-bakvordur-i-velferdarthjonustu>

¹⁶⁸ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 9. október 2020.

Vandi vegna jaðarhópa sem velferðarsvið þjónustaði hélt áfram að aukast. Staðan var orðin þannig í Konukoti, sem er athvarf fyrir heimilislausar konur að ekki var hægt að tryggja tveggja metra fjarlægðarmörk. Ekki var heldur hægt að tryggja sérherbergi fyrir heimilislausa karlmenn ef upp kæmi smit. Búið var að finna húsnæði í Skipholti sem gæti leyst vanda kvennanna og biðlað til félagsmálaráðuneytisins að veita fé til aukaúrræða fyrir þennan hóp sem fékkst á endanum.¹⁶⁹

Um miðjan október var ekkert lát á faraldrinum. Á fundi neyðarstjórnar sagði borgarstjóri að ástandið í þessari bylgju kallaði á meira úthald og æðruleysi en í fyrstu bylgjunni. Fólk þyrfti að búa sig undir að veturinn yrði svipaður og ástandið væri þessa daga. Faraldurinn væri greinilega langhlaup en ekki átaksverkefni.¹⁷⁰

Á fundi neyðarstjórnar föstudaginn 16. október kom fram að velferðarsvið hefði sett upp sérstaka sóttvarnanefnd til að meta aðstæður hverju sinni, leiðbeina og kenna. Þetta starf var ómetanlegt að sögn Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra. Hún upplýsti einnig að heilbrigðisráðuneytið hefði haft samband við sig vegna fanga og geðsjúkra einstaklinga sem þyrftu að vera í sóttkví og væri úrlausnarefni að finna húsnæði fyrir þá.¹⁷¹

Öllum var ljóst að staðan vegna faraldursins væri að þyngjast mjög. Fjármálasvið Reykjavíkurborgar taldi í greiningu að borgin þyrfti 22,7 milljarða króna stuðning frá ríkinu á tveimur árum vegna COVID-19. Þetta kom fram í umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs við fjárlagafrumvarp og fimm ára fjármálaáætlun. Mestu fjármunirnir voru áætlaðir í fjárhagsaðstoð vegna heimsfaraldursins.¹⁷²

Á fundi neyðarstjórnar 19. október kom fram að búið væri að ákveða opnun á nýju farsóttarhúsi fyrir jaðarhópa og fólk með fíknivanda sem leysti mörg vandamál. Hins vegar sagði Regína Ásvaldsdóttir að huga þyrfti að afleiðingum faraldursins á landsmenn. „Á öllum vígstöðvum er þrýstingur vegna heimilisleysis, úrræðaleysis og fátæktar,“ sagði Regína. Hún sagði að í sviðsmyndum sem unnar voru af sérfræðingum á fjármálasviði og velferðarsviði að í verstu spánni væri gert ráð fyrir allt að 2.000 fleiri einstaklingum á fjárhagsaðstoð.¹⁷³

Þessi svarta spá um mikla fjölgun á einstaklingum sem þáðu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg varð hins vegar ekki að veruleika þar sem atvinnustig reis hratt eftir að bólusetningar á nýju ári hófust og atvinnulíf færðist í eðlilegra horf.

¹⁶⁹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 12. október 2020.

¹⁷⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 14. október 2020.

¹⁷¹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 16. október 2020.

¹⁷² Ómar Friðriksson: „Borgin þarf 22,7 milljarða í stuðning“, Morgunblaðið 23. október 2020, bls. 6.

¹⁷³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 19. október 2020.

Dagana eftir 20. október var faraldurinn sagður vera á hægri niðurleið. Leikskólastjórnendur fengu heimild til að hvetja foreldra til að hafa börnin heima í vetrarfrí grunnskólanna til að létta undir í starfseminni.

4.3 Hópsmit á Landakoti

Þann 24. október var hins vegar greint frá því að upp hefði komið alvarleg hópsýking á Landakoti sem átti eftir að draga dilk á eftir sér og hafa veruleg áhrif m.a. á starfsemi velferðarsviðs. Vegna hópsmitsins var Landspítalinn settur á neyðarstig. Um var að ræða 75 – 80 smit, m.a. meðal fólks sem átti við alvarleg heilsufarsvandamál að stríða og var því mjög viðkvæmt fyrir COVID-19 sýkingu. Landlæknisembættið lét rannsaka hópsýkinguna og birtust niðurstöðurnar í skýrslu enda var atvikið talið það alvarlegasta sem upp hafði komið í faraldrinum. Niðurstaða skýrslunnar var að smitvörnum og skipulagningu hefði verið ábótavant á Landakoti. Í skýrslunni segir: „COVID-19 smit var líklega í dreifingu í nokkurn tíma á Landakoti án þess að þess hafi orðið vart og smitið dreifðist á aðrar stofnanir við útskrift sjúklinga þangað.“¹⁷⁴

40 manns eldri en áttræðir voru smitaðir og einstaklingar af Landakoti höfðu m.a. verið fluttir annað, m.a. á hjúkrunarheimilið Sólvelli á Eyrarbakka þar sem 13 íbúar voru smitaðir og á Reykjalund þar sem fimm sjúklingar höfðu greinst og fjórir starfsmenn.¹⁷⁵

Á fundi neyðarstjórnar mánudaginn 26. október kom fram að velferðarsvið væri með átta útskrifaða einstaklinga af Landakoti í umönnun og var þeim sinnt af starfsfólki í sóttvarnarbúningum eins og þeir væru sýktir. Einn hafði orðið alvarlega veikur. Sex einstaklingar sem velferðarsvið hafði annast áður en þeir fóru á Landakot voru með staðfest smit upplýsti sviðsstjóri velferðarsviðs á fundinum.¹⁷⁶

Í lok mánaðarins voru 62 á sjúkrahúsi með COVID-19 og 13 höfðu látist. Vegna þessarar alvarlegu stöðu á Landspítalanum var talið nauðsynlegt að herða samkomubann enn frekar. Hópsmitið á Landakoti var ástæðan.

Á fundum neyðarstjórnar þessa síðustu daga í október kynnti Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, tölfræði sem skóla- og frístundasvið hafði unnið um smit í skólum borgarinnar í heimsfaraldrinum til þessa. Af 80 leikskólum í borginni höfðu komið upp smit í 20. Af 44 grunnskólum í Reykjavík höfðu komið upp smit í 30. Í langflestum tilfellum var

¹⁷⁴ Landlæknisembættið: Niðurstaða rannsóknar embættis landlæknis á hópsýkingu af völdum SARS-CoV-2 á Landakoti í október 2020, júní 2020 bls. 20.

¹⁷⁵ Snorri Másson: „Neyðarstig í fyrsta sinn“, Morgunblaðið, 26. október 2020 bls. 1.

¹⁷⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 26. október 2020.

einungis um eitt smit að ræða. Tölfræðin hafði áður verið lögð fyrir skóla- og frístundaráð.¹⁷⁷

Borgarstjóri notaði tækifærið og hrósaði sviðsstjórum fyrir góða upplýsingagjöf til fagraða.¹⁷⁸

Innan borgarkerfisins voru þó nokkrar áhyggjur af börnum á aldrinum 16 – 18 ára þar sem lítið væri við að vera í faraldrinum og litlir möguleikar á eðlilegu félagslífi.¹⁷⁹

4.4 Harðar sóttvarnaraðgerðir á ný

Ný reglugerð var sett 30. október. Öllu var nú lokað frá og með 31. október og áttu nýjar sóttvarnarráðstafanir að gilda til 17. nóvember. Einungis tíu manns máttu hittast og hámarks fjöldi í jarðarförum var 30. Sundlaugum, krám og skemmtistöðum var lokað. Starfsemi sem krafðist nálægðar var óheimil eins og hárgreiðsla og nudd. Íþróttir og sviðslistir voru óheimilar og veitingastaðir máttu aðeins vera opnir til 21 með ströngum hólfunum. Grímuskylda var sett á en börn fædd 2015 voru undanþegin.¹⁸⁰

Á fundi neyðarstjórnar mánudaginn 30. október kom fram að mikið hefði verið fundað yfir helgina í hinum ýmsu faghópum og með fulltrúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Að mörgu var að huga þegar glíma þurfti við svo þröngar takmarkanir. Starfsemi velferðarsviðs varð til að mynda miklu þyngrri í tíu manna samkomubanni og matsölum eldri borgara var lokað og félagsstarfi aflýst. Nauðsynlegt var að fá undanþágur fyrir neyðarskýli fyrir heimilislaust fólk.¹⁸¹

Aðstæður heimilislauss fólks í svona stífu samkomubanni voru afar erfiðar þar sem í fá hús var að venda til að komast á snyrtingu eða fá mat. Neyðarskýli borgarinnar voru höfð opin yfir daginn svo fólk kæmist einhvers staðar inn til að létta á sér og fá hlýju. Vandamál skapaðist varðandi matargjafir til heimilislausra og annarra sem reiddu sig til að mynda á Kaffistofu Samhjalpar og Hjálpræðisherinn en nýtt húsnæði síðarnefnda aðilans við Suðurlandsbraut var ekki alveg tilbúið á þessum tíma. Kaffistofa Samhjalpar er það lítil að hún gat ekki uppfyllt reglur um sóttvarnir og þurfti því að loka. Meðal annars var rætt um að leyfa Hjálpræðishernum að nýta mötuneyti Ráðhússins til að gefa fólki að borða á

¹⁷⁷ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 28. október 2020.

¹⁷⁸ Sama heimild.

¹⁷⁹ Sama heimild.

¹⁸⁰ Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 1051, 30. október. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3edeac13-690b-4681-abbe-e3ab5fd18e6e>

¹⁸¹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 30. október 2020.

meðan húsnæði Hjálpræðishersins væri gert tilbúið. Ekki kom þó til þess. Samtal var við ríkið um styrk svo hægt yrði að aðstoða Hjálpræðisherinn við það að veita mataraðstoð.

Að sögn Hjördísar Kristinsdóttur svæðisstjóra hjá Hjálpræðishernum á Íslandi hafði Hjálpræðisherinn verið án húsnæðis í um sex mánuði á þessum tíma en verið var að ljúka við nýbygginguna.

„Það var komið að máli við okkur og við spurð hvort við gætum opnað til að setja af stað mataraðstoð fyrir þá sem þyrftu. Leyfi lágu fyrir um miðjan desember til að taka á móti fólki í húsnæðinu. Það voru um 60-80 manns sem komu daglega til okkar í upphafi. Við tókum þó á móti um 300 manns á aðfangadag. Strax í janúar voru gestir orðnir 1.042, febrúar 2.229 og svo 2.989 í mars. Það var Reykjavíkurborg og sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins með styrk frá velferðarráðuneytinu sem gerði það að verkum að okkur var unnt að opna þarna og hefur fjöldi matargesta verið vaxandi allar götur síðan. Nú er það svo að við gefum um 5.000 máltíðir á mánuði,“ segir Hjördís.

Hún segir ennfremur að Landlæknisembættið hafi veitt þeim nákvæmar upplýsingar um það hvernig hægt væri að skipta matsalnum í hólf svo hægt væri að taka á móti sem flestum í mat á milli kl. 12 – 13.30 dag hvern í faraldrinum. Að sögn Hjördísar kom aldrei upp hópsýking hjá Hjálpræðishernum í faraldrinum þótt einstaka smit hafi greinst.

„Við vorum mjög heppin hvað það varðar,“ segir hún.¹⁸²

Á þessu tímabili tók starfsfólk frá menningar- og ferðamálasviði og íþrótt- og tómstundasviði vaktir á gistiskýlunum þar sem í svo mörg horn var að líta hjá velferðarsviði.¹⁸³

4.5 Alls 23 látin úr COVID-19

Þann 10. nóvember hafði látnum fjölgað um tíu. 23 höfðu nú látist úr COVID-19, tíu í fyrstu bylgju og þrettán í annarri og þriðju. Þessa stöðu mátti fyrst og fremst rekja til hópsmitsins á Landakoti sem sýndi fram á mikilvægi þess að gæta að sóttvörnum á starfsstöðum þar sem eldra fólk og einstaklingar með undirliggjandi heilsufarsvandamál dvöldust.

Þetta voru sorglegar fréttir en þennan dag birtist samt ljós í myrkrinu þegar lyfjafyrirtækið Pfizer tilkynnti að það hefði þróað bóluefni við veirunni í samvinnu við BioNTech og gæti framleitt 1,3 milljarða skammta af efninu á árinu 2021. Sagt var að bóluefnið hefði 90% virkni gegn SARS-CoV-2.

¹⁸² Hjördís Kristinsdóttir, símaviðtal 27. september 2022.

¹⁸³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 9. nóvember 2020

Nokkru síðar tilkynnti fyrirtækið Moderna nýtt bóluefni sem sagt var veita 94,5% virkni.

Þrátt fyrir fleiri andlát hér á landi af völdum COVID-19 í seinni bylgju sýndi tölfræðin rúmri viku síðar að þrátt fyrir 16 dauðsföll var dánartíðnin lág á Íslandi miðað við önnur lönd. Á milljón íbúa þýddi þetta 70 andlát. Í samanburði við Svíþjóð var talan 568 á hverja milljón og 699 í Bretlandi.

Skoðað var um þetta leyti að koma upp smitvarnarteymi á landsvísu svipuðu því og velferðarsvið hafði sett upp og var sviðsstjóri í samtali við tengilið hjá landlæknisembættinu vegna þess. Smitvarnarteymi velferðarsviðs vann stöðugt að ráðgjöf, kennslu og eftirfylgni með málum sem komu upp. Álagið var mikið en ekkert sveitarfélag hafði skipað slíkt teymi utan Reykjavíkur. Um var að ræða ráðgjöf og kennslu við að þjónusta þrjá viðkvæma hópa, þ.e. aldrað fólk, fatlað fólk og einstaklinga í vímuefnaneyslu.

4.6 Efast um valdheimildir neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar

Í byrjun nóvember 2020 komu upp skiptar skoðanir í borgarstjórn um valdheimildir neyðarstjórnar. Á fundi borgarráðs, fimmtudaginn 5. nóvember fór fram kynning á stöðu mála vegna COVID-19. Á fundinum voru lagðar fram trúnaðarmerktir fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar. Þar var einnig lagt fram uppfært erindisbréf neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar til samþykktar.

Mikil umræða og bókanir urðu um starf neyðarstjórnarinnar á fundinum og talaði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins, borgarfulltrúinn Vigdís Hauksdóttir, m.a. um að neyðarstjórnin hefði tekið sér óeðlilegt vald til að fjalla um fjármál borgarinnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókuðu að nauðsynlegt væri að breyta fyrirkomulagi á skráningu ákvarðana og að haldið yrði formlega utan um fundargerðir til að tryggja góða og gagnsæja stjórnarsýslu. Það var samþykkt og fundargerðir neyðarstjórnar kynntar eftir það í borgarráði eins og aðrar fundargerðir á vegum Reykjavíkurborgar.¹⁸⁴

Ekki voru allir kjörnir fulltrúar sáttir við lyktir málsins. Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi Miðflokksins gagnrýndi starfsemi neyðarstjórnarinnar í aðsendri grein sem birtist í Morgunblaðinu 13. nóvember. Þar sagði hún m.a. að engar fundargerðir hefðu verið birtar eftir 70 fundi neyðarstjórnarinnar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri væri einráður við stjórn borgarinnar ásamt embættismannaflokki Reykjavíkur.

„Neyðarstjórn hefur tekið sér óeðlilegt vald. Neyðarstjórn hefur m.a. tekið sér það vald að fjalla um fjármál borgarinnar sem er ekkert annað en brot á sveitastjórnarlögum...“ sagði

¹⁸⁴ Borgarráð fundur nr. 5605, 5. nóvember 2020.

Vigdís Hauksdóttir m.a. í grein sinni.¹⁸⁵

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri svaraði þessari gagnrýni í frétt daginn eftir. Hann hafnaði því að neyðarstjórn hefði farið út fyrir valdsvið sitt eins og staðhæft hafði verið í bókun sjálfstæðismanna í borgarráði þar sem gagnrýni birtist einnig á störf neyðarstjórnarinnar.¹⁸⁶

„Það hefur verið gríðarlegur styrkur fyrir borgina og viðbrögð hennar að hafa tilbúnar viðbragðsáætlanir og samhæfða neyðarstjórn til að takast á við þau verkefni sem faraldurinn hefur kallað á,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í skriflegu svari við fyrirspurn frá Morgunblaðinu.¹⁸⁷

Borgarstjóri sagði ennfremur í svarinu: „Neyðarstjórn hefur hvergi í störfum sínum farið út fyrir valdsvið sitt. Þvert á móti er það vel skilgreint í samþykktum erindisbréfum neyðarstjórnar og viðbragðsáætlunum. Engin dæmi hafa verið nefnd um annað. Neyðarstjórn borgarinnar hefur fundað reglulega með borgarráði vegna faraldursins og miðlað upplýsingum víða.“¹⁸⁸

Um miðjan nóvember var rætt á fundi neyðarstjórnar að erfitt væri að samræma íþrótt- og skólustarf þar sem ný reglugerð væri misvísandi en hún tók gildi 18. desember. Engar hömlur væru settar á íþróttastarf 15 ára og yngri og blöndun leyfð á milli skóla á meðan allt skólustarf færi fram í hólum. Að sögn beggja sviðsstjóra ÍTR og skóla- og frístundasviðs var þetta ekki gott fyrir samstöðu og trúverðugleika í smitvörnum. Enn miðuðust samkomutakmarkanir við 10 einstaklinga, söfn og sundlaugar voru lokaðar og íþróttastarf fullorðinna sem fæddir voru 2004 og fyrr var óheimilt.^{189 190}

Útlit var fyrir að sundlaugar og söfn opnuðu fljótlega og því óvíst hvort velferðarsvið myndi áfram njóta starfskrafta frá þessum sviðum.

Faraldurinn var á hægri niðurléið á Íslandi í lok nóvember og voru smittölur með því lægsta í heiminum. Í Bandaríkjunum fór veiran hins vegar hamförum en þar greindust um þetta leyti 200 þúsund kórónuveirusmit á dag.¹⁹¹

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri varð fyrir gagnrýni þegar myndband með bandaríska milljarðamæringnum Mike Bloomberg birtist á miðlum Bloomberg fréttaveitunnar þar sem sagt var að lækniáætlun borgarstjóra hefði nýst í baráttunni gegn kórónuveirunni á

¹⁸⁵ Vigdís Hauksdóttir: „Embættismannaflokkur Reykjavíkur“, Morgunblaðið 13. nóvember 2020 bls. 16.

¹⁸⁶ Borgarráð, fundur nr. 5605, 5. nóvember 2020.

¹⁸⁷ Höskuldur Daði Magnússon: „Skiptar skoðanir á valdsviði neyðarstjórnar“, Morgunblaðið 14. nóv. bls. 6.

¹⁸⁸ Sama heimild.

¹⁸⁹ Stjórnartíðindi. Auglýsing nr. 1105, 13. nóvember. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c81bb9cd-b73f-408f-848f-f1e4d5a2b631>

¹⁹⁰ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 16. nóvember 2020.

¹⁹¹ Oddur Þórðarson og Guðrún Hálfánardóttir: „Telur of snemmt að lýsa yfir sigri“, Morgunblaðið, 23. nóvember 2020 bls. 4.

Íslandi. Borgarstjóri svaraði gagnrýninni m.a. í stuttri frétt í Morgunblaðinu. „Við fórum að undirbúa okkur fyrr en flestir aðrir. Strax í lok janúar lýstu almannavarnir ríkisins yfir óvissustigi á Íslandi vegna veirunnar. Í kjölfarið hóf neyðarstjórn sveitarfélaganna að uppfæra viðbragðsáætlun til að geta brugðist við um leið og fyrsta smit greindist,“ sagði borgarstjóri.¹⁹²

Borgarstjóri lýsir því í viðtali sem tekið var fyrir þessa skýrslu að hann hafi verið kominn á fremsta hlunn með að fara í sérnám í sóttvarnarlækningum eftir almennt nám í læknisfræði þegar hann fór út í stjórnám á sínum tíma. Því hafi hann kynnt sér sóttvarnarlögin rækilega og lesið sér til um faraldra fyrri tíma. Það gefur auga leið hversu dýrmætt það var að hafa slíkan einstakling í forsvari fyrir almannaviðbragðið á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess þekktust borgarstjóri og sóttvarnarlæknir frá háskólaárum hins fyrrnefnda í læknisfræði við Háskóla Íslands. Allt viðbragð Reykjavíkurborgar í faraldrinum gaf til kynna styrka stjórn, góðan skilning yfirstjórnarinnar á alvarleika faraldursins og að taka þyrfti á málum í góðri sátt og samvinnu við heilbrigðisyfirvöld, almannavarnir og nágrennasveitarfélögin.¹⁹³

Seinni hluta nóvember fóru fram viðræður velferðarsviðs við heilbrigðisyfirvöld og almannavarnir varðandi það að koma á sólarhringsvakt á landsvísu vegna smita á stofnunum. Þetta þýddi að starfsfólk velferðarsviðs sem lagt hafði mikið í sölurnar fengi stuðning. Sérfræðingateymi vann að því að gera úttekt á stofnunum sem sinntu fimm tegundum af þjónustu til fá skýrari mynd af því hvað hægt væri að gera betur í smitvörnum. Teymi með sólarhringsvakt var stofnað en það virkaði ekki jafn vel og sóttvarnarteymið sem sviðið hafði sjálft komið á fót enda var það síðarnefnda skipað sérfræðingum sem gjörþekktu starfsstaði borgarinnar. Erfiðara reyndist fyrir stjórnendum að ná í nýja teymið og stuðningurinn var ekki jafn þéttur og áður.

Talað var um að undirbúningur fyrir fjórðu bylgjuna af COVID-19 væri hafinn á velferðarsviði. Í henni þyrfti að huga enn betur að jaðarhópum eins og ákveðnum hópum innflytjenda, hælisleitendum og fólki með tvígreindan vanda.

4.7 Undirbúningur fyrir fjöldabólusetningar

Í lok nóvember var farið að skoða möguleika varðandi fjöldabólusetningar. Borgarstjóri átti á þessum tíma fund með forstjóra heilsugæslunnar, Óskari Reykdalssyni, þar sem rætt var um að nýta stór mannvirki eins og Íþróttahús og skóla fyrir bólusetningar. Heilsugæslan hafði á þessum tíma sent velferðarsviði beiðni um að lista upp forgangshópa fyrir bólusetningu og var þeirri vinnu að mestu lokið.¹⁹⁴

¹⁹² Veronika Steinunn Magnúsdóttir: „Borgin hafi brugðist hratt við“, Morgunblaðið 23. nóvember 2020 bls. 10.

¹⁹³ Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, viðtal.

¹⁹⁴ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 30. nóvember 2020.

Á þessum tíma var þó ekki mikið vitað um hversu mikið bóluefni yrði í boði, hvort ein sprauta dygði eða hvort þær yrðu tvær. Bólusetningarverkefnið varð á endanum tímafrekara en þarna var rætt m.a. vegna þess að bóluefnin komu í skömmtum á nokkurra mánaða tímabili.

Nokkrar áhyggjur voru vegna starfsfólks sem færi til útlanda í jólafrí og kæmi hugsanlega smitað heim. Gefa þurfti út leiðbeiningar til þessa fólks um að fara í skimun og halda sig heima þar til niðurstöður úr seinni skimun bærust.

Skóla- og frístundasvið hafði látið látið útbúa bréf á íslensku, ensku og pólsku þar sem foreldrar voru beðnir um að virða þetta til að verja skólastarfið eftir hátíðarnar.¹⁹⁵

Á fundi neyðarstjórnar 4. desember var skipað teymi af hálfu borgarinnar til að halda utan um skipulag bólusetninga.

Í því voru:

- Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari
- Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar.
- Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla og frístundasviðs.
- Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu
- Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs
- Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs eða annar fulltrúi VEL
- Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu var tengiliður hópsins.

Fram kom á fundinum að heilsugæslan tæki vel í að notað yrði svipað fyrirkomulag og í kosningum; s.s. bóluset á sömu stöðum þar sem kjörstaðir eru í skólum. Lagt var upp með að útfærð áætlun um skipulag bólusetninga lægi fyrir um miðjan desember.¹⁹⁶

Á fundinum vakti Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri sérstaka athygli á því að huga þyrfti vel að innflytjendum og fólki af erlendu bergi brotnu varðandi bólusetningar. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir frá Almannavörnum sagðist ætla að hvetja heilsugæsluna til að tengja sig við Rauða Krossinn.¹⁹⁷

¹⁹⁵ Sama heimild.

¹⁹⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 4. desember 2020.

¹⁹⁷ Sama heimild.



4.7 Undirbúningur að bólusetningu gesta í neyðarskýlum. Mynd: Reykjavíkurborg.

Samkvæmt tölfræði sem birtist síðar í faraldrinum þegar bólusetningu þjóðarinnar var að mestu lokið virtist hafa mistekist að ná til fólks af erlendum uppruna í bólusetningarátakinu. Um helmingur fólks af erlendum uppruna var þá óbólusettur. Upplýsingagjöf til þessa hóps hafði því að einhverju leyti misfarist. Þó verður að hafa í huga að nokkur fjöldi í þessum hópi reiðir sig nánast alfarið á upplýsingar frá sínum heimalöndum þar sem fólk vantreystir jafnvel stjórnvöldum og hefur óbeit á bólusetningum yfir höfuð.¹⁹⁸

Á endanum tókst þó að ná til margra úr þessum hópi með bólusetningarátaki stjórnvalda með bólusetningarbílnum sem fór á milli fjölmennra vinnustaða og bauð bólusetningar.¹⁹⁹

Mikilvægt var að hefja undirbúning að bólusetningum snemma svo allt gengi snurðulaust fyrir sig.

Ný reglugerð tók gildi 10. desember. 10 manna samkomutakmarkanir giltu áfram en sundlaugar voru opnaðar á ný og ylströndin í Nauthólsvík en með 50% af leyfilegum

¹⁹⁸ Anna Kristinsdóttir, viðtal.

¹⁹⁹ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, viðtal.

hámarksfjölda. Misræmi var í reglugerðinni varðandi íþróttæfingar og keppni fullorðinna og barna. Einnig gerðu undanþáguákvæði reglugerðina enn ruglingslegri. Reglugerðin var sett til 12. janúar 2021. Áfram voru krár og skemmtistaðir lokaðar og starfsemi sem krafðist mikillar nálægðar var óheimil. Ljóst var að landsmenn yrðu að vera í tíu manna jólakúlum vegna faraldursins um hátíðarnar ef virða ætti sóttvarnir.²⁰⁰

Um miðjan desember bárust fréttir af því að bólusetning gegn SARS-CoV-2 væri hafin í Bandaríkjunum. Þar voru um 300.000 manns látnir úr COVID-19. Þrýst var á Lyfjastofnun Evrópu að að veita sem fyrst leyfi til notkunar á bóluefnum en stofnunin hugðist bíða með þá ákvörðun til 29. desember.²⁰¹

Rétt fyrir jólin bárust fréttir af því að nýr stofn kórónuveirunnar hefði greinst og var afbrigðið sagt 70% meira smitandi en hið fyrra. Einn einstaklingur hafði greinst með afbrigðið á landamærum Íslands en sá hafði verið settur í einangrun. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir fundaði með breskum vísindamönnum og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni vegna þessa. Í Bretlandi var boðað til mjög hertra samkomutakmarkana að nýju vegna afbrigðisins sem sagt var breiðast „stjórnlaut út.“^{202 203}

Skipulag bólusetninga var enn í vinnslu og var enn verið að skoða ýmsa möguleika á framkvæmdum í því samhengi um miðjan desember. Smit höfðu komið upp í nokkrum skólum í Reykjavík, Laugarnesskóla, Hagaskóla, Austurbæjarskóla og Ölduselsskóla og var glímt við þau eftir hefðbundnum leiðum smitakningar, sóttkvíar og einangrunar.

Reykvíkingar og gestir flyktust í miðborgina á aðventunni og báru flestir grímur í jólaösinni. Veitingahúsið Prikið stóð fyrir gluggatónleikum sem styrktir voru af Reykjavíkurborg en þar fyrir utan safnaðist talsverður mannfjöldi með tilheyrandi smithættu. Þetta varð auðvitað að fréttæfni. Rætt var um á vettvangi neyðarstjórnar að ekki ætti að auglýsa slíka viðburði sem ættu frekar að koma almenningi á óvart í miðborginni.

Tilkynnt var í frétt frá Landlæknisembættinu rétt eftir miðja desember að bólusetningar myndu hefjast eftir jól en eitthvað færri skammtar af Pfizer bóluefni myndu berast vegna framleiðsluferfiðleika. Engu að síður væri búið að tryggja bóluefni fyrir alla þjóðina.²⁰⁴

²⁰⁰ Auglýsing nr. 1223, 8. desember <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=45d200fa-610e-438d-8136-8e8f2ff2818a>

²⁰¹ Andrés Magnússon og Ragnhildur Prastardóttir: „Bólusetningar vekja vonir“, Morgunblaðið 15. desember 2020 bls. 1.

²⁰² „Einn hefur greinst með nýja afbrigðið“, Morgunblaðið. 21. desember 2020, bls. 4.

²⁰³ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 14. desember.

²⁰⁴ Landlæknisembættið: Fyrstu bólusetningar gegn COVID-19 hefjast eftir jól, 17. desember 2020, <https://island.is/frett/Fyrstu-bolusetningar-gegn-COVID-19-hefjast-efir-jol>

4.8 Jólakúlur og engar áramótabrennur

Hér á landi var faraldurinn sagður vera aftur á uppleið. Sóttvarnaryfirvöld hvöttu fólk til að halda jólin aðeins með sínum nánustu. Á aðfangadag jóla bárust fregnir af því að Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar væri í viðræðum við bandaríska lyfjafyrirtækið Pfizer um að bólusetja alla þjóðina í hvelli til að sjá hvernig hjarðónæmi fengist. Þetta gekk ekki eftir.²⁰⁵

29. desember hófst síðan bólusetning með 12 þúsund skömmtum af Pfizer sem höfðu borist til landsins. Framlínufólk í heilbrigðisþjónustu sem sinnt hefur COVID-19 smituðum var fyrst í röðinni, svo íbúar og starfsfólk hjúkrunarheimila. Bólusetningarnar mörkuðu algjör tímamót í baráttunni gegn kórónuveirunni þar sem ekki þurfti lengur sama viðbragð og áður fyrir þá sem stóðu veikastir fyrir.²⁰⁶

Fyrsti almenni borgarinn til að hljóta bólusetningu var Þorleifur Hauksson íbúi á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð sem Reykjavíkurborg rekur. Sama dag var faðir hans, íbúi á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, bólusettur en nær allir íbúar á báðum hjúkrunarheimilunum fengu bólusetningu þennan dag.²⁰⁷

Á fundi neyðarstjórnar í lok ársins kom fram að áhrif bólusetningarinnar væru mjög jákvæð fyrir starfseminna á hjúkrunarheimilunum. Bólusetningin þýddi einfaldlega að fólk gæti loksins farið í alls kyns endurhæfingu eins og iðjuþjálfun, fengið heimsóknir og fleira þótt enn væru strangar sóttvarnir.

Landsmenn voru hvattir til að halda lágstemmd áramót enda höfðu 11 einstaklingar þegar greinst með nýjan stofn kórónuveirunnar hér á landi. Engar áramótabrennur voru haldnar á höfuðborgarsvæðinu en sveitarfélögin tóku þá ákvörðun í sameiningu og var ákveðið að hætta einnig við brennur á þrettándanum á nýju ári.

Þjónusta í sundlaugunum hafði að mestu gengið snurðulaust fyrir sig eftir að opnað var aftur 10. desember. Þó hafði lögregla verið kölluð til vegna of margra gesta í heitum potti í Sundhöllinni og einhverjir höfðu verið með „dólg“ í biðröðum sem stundum mynduðust fyrir utan laugarnar sem máttu aðeins hleypa inn helmingi af leyfilegum fjölda gesta. Söfn borgarinnar voru lokuð frá 7. nóvember.

Önnur þjónusta Reykjavíkurborgar hafði verið órofin þetta fyrsta ár faraldursins, t.a.m. var þjónustuver borgarinnar á Höfðatorgi opið allan faraldurinn, afgreiðsla teikninga frá byggingarfulltrúa var framkvæmd með rafrænum lausnum og sorphirðan gekk sinn

²⁰⁵ Aron Þórður Albertsson, Andrés Magnússon: „Kári vill um 400.000 skammta“, Morgunblaðið 24. desember 2020, bls. 1.

²⁰⁶ Aron Þórður Albertsson, Andrés Magnússon: „Bólusetning hefst í dag“, Morgunblaðið 29. desember 2020, bls.1

²⁰⁷ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Feðgar bólusettir gegn Covid-19 í dag“, 29. desember 2020.

<https://reykjavik.is/frettir/fedgar-bolusettir-gegn-covid-19-i-dag>

vanagang. Á verkþækistöðvum borgarinnar voru leigðir fleiri bílar til að hægt væri að fara eftir nálægðartakmörkunum. Borgin var sett í jólabúning að venju. Framkvæmdastig var hátt í borginni þótt hægt væri á byggingum hótela, t.a.m. hóteli Íslandshótela við Lækjargötu.

Fagráð borgarinnar funduðu allan tímann í fjarfundabúnaði þótt fundir væru aðeins færri þegar ástandið var sem verst vegna kórónuveirufaraldursins og stjórnendur sviða þurftu að einbeita sér að upplýsingagjöf og samhæfingu aðgerða með viðbragðsaðilum á höfuðborgarsvæðinu.

Í Bandaríkjunum voru 332 þúsund manns látinir úr COVID-19, 8.300 voru látin í Svíþjóð. Hér á landi hafði kórónuveiruplágan lagt 29 í gröfina.

4.9 Árið 2021 - langhlaup í glímu við veiruna

Nýgengi smita var ekki mjög hátt á landinu í upphafi ársins 2021. Fjölmargir innflytjendur voru hins vegar að koma heim úr jólafríi í sínum heimalöndum. Því greindust nokkuð mörg smit á landamærunum. Sunnudaginn 10. janúar greindust t.d. 20 einstaklingar með COVID-19, þar af 17 á landamærunum og þrír innanlands sem allir voru í sóttkví. Á höfuðborgarsvæðinu var nýgengið aðeins 24,1. Undanfarna viku höfðu tölurnar verið þær lægstu frá því í upphafi bylgju þrjú. Því var lögð rík áhersla á ná til hópsins sem var að koma að utan þessa daga. Þá voru einhver dæmi þess að foreldrar neituðu að verða við því að börn færu í sóttkví og þá þurftu þau að vera í sérkennslu til að smita ekki aðra.

Svo löng sóttkví eða 14 dagar var ekki í reglugerð og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu höfðu borist ábendingar þess efnis að fólk hefði ekki efni á svo langri launalausri sóttkví.

Að sögn Jóns Viðars Matthíasson framkvæmdastjóra AHS var áformað að setja sóttkví eftir heimkomu inn í næstu reglugerð.²⁰⁸

Ástandið var samt nokkuð gott eftir miðjan janúar og smittölur lágur. Ágæt aðsókn var í sundlaugarnar og skíðasvæðin opnuðu á ný. Í menningarlífinu var þó ákveðið að fresta safnanótt á Vetrarhátíð sem færi engu að síður fram sem ljósahátíð, m.a með lýsingum á byggingum víðs vegar um borgina.

25. janúar voru smittölur fyrir vikuna á undan afar lágur. Aðeins 11 smit höfðu greinst á höfuðborgarsvæðinu og þrjú utan þess.

Regína Ásvaldsdóttir upplýsti á fundi neyðarstjórnar að verið væri að bólusetja notendur heimahjúkrunar. Þá sagði hún að yfirstjórn sviðsins hefði átt mjög gott samstarf við Öryrkjabandalagið og fleiri samtök notenda þjónustunnar.²⁰⁹

²⁰⁸ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 11. janúar 2021.

²⁰⁹ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 25. janúar 2021.

Að öðru leyti var frekar tíðindalítið og starfsemi borgarinnar gekk sinn vanagang. Í byrjun febrúar var rætt um tilslakanir á reglugerð enda var smitstuðullinn kominn undir tíu. Bólusetningar viðkvæmra hópa gengu vel og í skólum borgarinnar var allt á fullu skriði.

Mánudaginn 8. febrúar voru síðan leyfðar verulegar tilslakanir á samkomutakmörkunum. Barir og skemmtistaðir opnuðu að nýju að því tilskyldu að aðeins 20 manns yrðu saman í rými og væru ekki opnir nema til kl. 22. Fjöldatakmarkanir gesta í sviðslistum voru aukin úr 100 í 150 manns. Söfnin máttu opna með 150 manns að hámarki. Það sama gildi um útfarir.

Þá máttu heilsu- og líkamsræktarstöðvar opna að nýju og æfingar í tækjasölum voru leyfðar með ákveðnum skilyrðum.²¹⁰

4.10 Fjöldabólusetningar í Laugardalshöll

Þrátt fyrir að ýmsum sviðsmyndum hefði verið velt upp varðandi bólusetningar varð raunin sú að heilsugæslan einbeitti sér að því að bólusetja eldri borgara á hjúkrunarheimilum og viðkvæmustu hópana fyrst og hófst það um leið og fyrstu skammtar komu til landsins á milli jóla og nýárs. Fjöldi bólusettra miðaðist við framboð bóluefna sem bárust til landsins en í fyrstu var það að nokkru leyti takmarkað.

Á fundi neyðarstjórnar í byrjun febrúar var rætt um að prófa nýtt skipulag bólusetninga í Laugardalshöll. Horfið hafði verið frá þeirri hugmynd að nota skóla og frekar litið til íþróttahúsa sem hægt væri að nota alla vikuna en ekki aðeins um helgar eins og skólana.²¹¹

Á endanum varð þó Laugardalshöll ein fyrir valinu sem fjöldabólusetningarmiðstöð þar sem hún var laus vegna viðhaldsframkvæmda og salurinn nægilega stór til að hentugt væri að bólusetja marga þar á dag. Aðgengi var einnig mjög gott í höllinni og nóg af bílastæðum. Þá var mikill kostur að hún var nálægt starfsstöð heilsugæslunnar á Suðurlandsbraut þar sem bóluefnin voru geymd en þau þurftu að vera í kæli.

Fyrirkomulag bólusetninganna var skipulagt af almannavörnum og heilsugæslunni. Fólk var boðað til bólusetningar með smáskilaboðum og fékk sendan QR kóða sem var skannaður við komu í Laugardalshöll. Bólusetting var undir eftirliti lögreglu sem stýrði fjöldanum í sætaraðir mjög skipulega. Leiðbeiningar voru skýrar. Hjúkrunarfræðingar gengu í takti á raðirnar og bólusettu. Fólk sat síðan kyrrt í sæti sínu eftir bólusetningu í um 15 mínútur. Þá fékk það skilaboð um að það mætti yfirgefa staðinn. Þannig var hægt að nýta alla starfskrafta til hins ítrasta. Hjúkrunarfræðingar og annað starfslið var með eina starfsstöð í stað margra. Bóluefnið var gert tilbúið í nágrenninu í húsakynnum heilsugæslunnar og keyrt

²¹⁰ Stjórnartíðindi Reglugerð nr. 123/2021, 5. febrúar. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0bc451a9-7f2b-46b7-bd46-f7db3b2484b7>

²¹¹ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 8. febrúar 2021.

af lögreglunni á bólusetningarstaðinn. Fyrirkomulagið þótti einstaklega skilvirkt. Fjöldinn sem þurfti að bólusetja var 184.000 manns yfir 16 ára. Yngri börn voru einnig bóluset en síðar á árinu.

Að sögn Jóns Viðars Matthíassonar, framkvæmdastjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu var mjög mikilvægt að fá Laugardalshöllina undir bólusetningarátakið. Honum var falið að skipuleggja starfið af almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.

„Heilsugæslan kom upp með QR kóðana sem notaðir voru en við þurftum að leysa mörg verkefni. Línurnar voru t.d. hannaðar af okkur og hvernig hjúkrunarfræðingarnir gengu til verksins algjörlega fúmlaust svo hægt væri að senda fólk út í hópum eftir bólusetningu. Samvinnan við Reykjavíkurborg var frábær þarna.“²¹²

4.11 Fá smit og jörð fer að skjálfa

Ráð og nefndir á vegum borgarinnar funduðu enn að mestu í gegnum fjarfundabúnað en heimild til fjarfundahalds var framlengd eftir þörfum.

Um miðjan febrúar var staðan þannig að engin smit höfðu greinst þrjá daga í röð.

Tekinn hafði verið saman kostnaður við þríf og sóttthreinsun á skóla- og frístundasviði og var hann að meðaltali rúmar 20 m.kr. á mánuði.

Starfsfólk hjúkrunarheimila höfðu fengið bólusetningu vikuna á undan. Starfsfólk Droplaugarstaða fékk t.d. allt bólusetningu sama dag og voru mörg þeirra frá vegna veikinda daginn eftir sem var algengur fylgifyskur COVID-19 bólusetningarinnar. Draga mátti þann lærdóm af því að ekki væri rétt að kalla allt starfsfólk starfsstaða til bólusetningar á sama tíma til að hægt væri að tryggja mönnun.²¹³

24. febrúar tók ný reglugerð gildi þar sem enn var slakað á fjöldatakmörkunum. Nú máttu 50 manns koma saman en tveggja metra reglan gilti enn. Söfn og verslanir máttu taka á mótí 200. Á sitjandi viðburðum máttu vera 200 manns í sóttvarnarhólfum og nándarmörk einn metri með grímuskyldu. Á viðburðum þar sem áhorfendur þurftu að standa í kós máttu hins vegar aðeins 20 koma saman. Þetta kom í veg fyrir standandi tónleikahald og dansleiki. Sund og baðstaðir máttu vera með 75% af leyfilegum hámarksfjölda. Það sama átti við um skíðasvæðin og heilsu og líkamsræktarstöðvar en þar máttu að hámarki vera 50 manns í rými.²¹⁴

²¹² Jón Viðar Matthíasson, viðtal.

²¹³ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 15. febrúar 2021.

²¹⁴ Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 190/2021, 23. febrúar. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=ab6a0c91-b016-4bf1-b5e1-b9ffd18edfa5>

Sama dag og slakað var á sóttvarnartakmörkunum, 24. febrúar, riðu gríðarmiklir jarðskjálftar yfir á Reykjanesskaga og höfuðborgarsvæðinu. Sá stærsti 5,7 að styrkleika á Richter-skala.

Rætt var um rýmingaráætlanir ef allt færi í kaldakol vegna eldgoss á Reykjanesi. Á fundi neyðarstjórnar 1. mars kom fram að Kórinn í Kópavogi væri fyrsti móttökustaður ef til rýmingar kæmi, t.d. vegna eldgoss í eða við Grindavík.

Borgarstjóri tiltók á fundinum að tilefni til fjöldarýmingar væru afar fátíð og ekki margt sem gæti leitt til slíkra aðgerða. Hann greindi frá því að til væri heildaráætlun um rýmingu fyrir höfuðborgarsvæðið.²¹⁵

Í mars komu upp nokkur smit utan sóttkvíar en þau voru frekar fá. Hugað var að sóttvarnarhúsi fyrir einstaklinga sem kæmu til landsins smitaðir. Einhver brögð voru að því að fólk sem fór í PCR próf á landamærunum og fékk neikvæða niðurstöðu teldi að litlar líkur væru á því að það væri smitað. Raunin var sú margir greindust í seinni skimun og því þurfti fólk að gæta vel að öllum smitvörnum og virða tímamörk fram að seinni skimun.

Reykjanesskaginn hristist og skalf stöðugt íbúum til mikils ama. 19. mars hófst svo eldgos í Geldingadölum nálægt Fagradalsfjalli. Þetta var frekar „nett ferðamannagos“ á miðjum skaga en afar tilkomumikið. Í kjölfarið hætti jörð að skjálfa sem var kærkomið fyrir Grindvíkinga og íbúa á suðvesturhorninu. Allir sem vettlingi gátu valdið lögðu á sig nokkuð langa og erfiða göngu á gosstöðvarnar. Smithætta var talsverð, sérstaklega í brekku nokkurri þar sem komið var fyrir kaðli til að auðvelda fólki för að gosinu.

4.12 Bólusetningargremja

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs sagði að ekki væri byrjað að bólusetja fólk með undirliggjandi sjúkdóma á starfsstöðum velferðarsviðs. Tugir starfsstöðva/íbúðakjarna á vegum velferðarsviðs áttu þá eftir að fá bólusetningu. Þetta olli nokkurri gremju hjá stjórnendum sviðsins vegna þess að starfsfólk í velferðarþjónustu hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hafði þegar fengið bólusetningu.

²¹⁵ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 1. mars 2021.

Í fundarpunktum segir orðrétt.

„Regína Ásvaldsdóttir vekur athygli á því að á sama tíma og ekki er búið að bólusetja fólk sem býr á starfsstöðum VEL þá veit hún til þess að skrifstofufólk í þessum geira hefur verið bólusett.“²¹⁶

Skýringin á þessu var að allt heilbrigðisstarfsfólk, þ.m.t. fólk sem vann skrifstofustörf en var með menntun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála fékk boð um bólusetningu og þurfti að gera það upp við sig sjálft hvort það þægi bólusetningu eða ekki.

Neyðarstjórn kom saman tveimur dögum síðar miðvikudaginn 24. mars vegna þess að smitum var að fjölga. Neyðarstigi almannavarna hafði aftur verið lýst yfir frá 25. mars.²¹⁷

Nú var það svokallað breskt afbrigði af veirunni sem lét á sér kræla og olli nokkrum hópsmítum. Nýja afbrigðið var talið tvöfalt meira smitandi en hin fyrri og smitaði börn einnig í auknum mæli. Því var öllu skellt í lás á ný með tíu manna samkomutakmörkunum, sundlaugar og baðstaðir lokuðu ásamt krám og skemmtistöðum.

Öll voru hvött til að vinna heima og fjarfundir aftur teknir upp.

Í lok mars var þjóðin bólusett af fullum krafti. Smittölur voru ekki háar en öllum skólastigum utan leikskólanna var gert að fara snemmbúið páskafrí. Þetta olli urgi meðal starfsfólks leikskóla sem taldi að það hefði átt að fylgja með.

Rætt var um að fólk í búsetuárræðum á vegum velferðarsviðs væru næst í forgangsröð fyrir bólusetningu.

Um miðjan apríl hófust tilslakanir á ný en þá var 20 manns leyft að koma saman og 50 manns máttu vera saman í hólfum í skólum og 100 manns gátu mætt á viðburði. Söfn gátu tekið á móti 20 manns í rými.²¹⁸

Börn fædd 2013 og síðar töldust ekki með gestafjölda í sundlaugum og í íþróttastarfi en töldust með á leiksyningum. Þetta var svolítið flókið fyrirkomulag að fylgja eftir. Börn fædd 2005 og yngri voru ekki skyldug til að bera grímur.²¹⁹

Mánudaginn 19. apríl var greint frá því á fundi neyðarstjórnar að 26 smit hefðu greinst daginn áður á höfuðborgarsvæðinu en eitt smit utan þess. Þurfti að fara aftur til 3.

²¹⁶ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluæfni 22. mars 2021.

²¹⁷ Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 321/2021, 24. mars. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=45819eab-99a5-45b1-890c-2fdb04bc7610>

²¹⁸ Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 404/2021, 13. apríl. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=71bd992a-6103-4e67-aaca-dd92422f0e5e>

²¹⁹ Sama heimild.

nóvember 2020 til samanburðar en þá höfðu 28 greinst smitaðir. 2021 höfðu hins vegar flest smit verið í viku 12. (16.-22. mars) eða 44.

Greint var frá áhyggjum sóttvarnarlæknis sem taldi að smit væru orðin útbreidd í samfélaginu. Rætt var um smitin sem tvö hópsmit.

Upp kom smit á leikskólanum Jörfa í Háagerði. Hægt var að tengja það við eitt brot á sóttkví á landamærunum frá lok mars. Starfsfólkinu var strax ráðlagt að haga sér eins og það væri í sóttkví þótt smitragningateymið væri ekki búið að kveða upp úr með það.²²⁰ Þetta var alvarlegt smit sem teygði anga sína víða.

4.13 Fjöldabólusetning fatlaðs fólks

Mikilvægum áfanga var náð í bólusetningum fatlaðs fólks, miðvikudaginn 21. mars, þegar fleiri en 300 einstaklingar sem nýta þjónustu velferðarsviðs fengu fyrri sprautuna af bóluefni. Þetta var fatlað fólk sem býr á sambýlum og íbúðakjörnum en einnig fatlað fólk sem býr sjálfstætt í eigin húsnæði en nýtur aðstoðar Liðsaukans. Alls kom fólk úr 21 íbúðakjarna á vegum Reykjavíkurborgar í bólusetninguna í Orkuhúsinu.

Í frétt frá Reykjavíkurborg um þessi gleðitíðindi sagði:

„Forstöðumenn íbúðakjarna og sambýla fylgdu sínu fólki í bólusetninguna og gekk allt hratt og vel fyrir sig. „Þetta var mjög vel skipulagt og gekk allt vel,“ sagði Eva Dögg Júlíusdóttir sem veitir íbúakjarna í Starengi í Grafarvogi forstöðu.

Sigmar Þór Árnason forstöðumaður Liðsaukans var á sama máli. „Við sjáum nú loksins ljósið við enda ganganna. Þetta er mjög stór dagur í velferðarþjónustu borgarinnar,“ sagði Sigmar Þór þegar bólusetningu hans fólks var lokið.

Sigmar Þór bætti því við að starfsfólk í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar hefði verið undir miklu álagi í kórónuveirufaraldrinum og þurft að gæta sín sérstaklega vel vegna skjólstæðinga sinna og til að halda þjónustunni gangandi. „Það er gott að maður fer vonandi að sjá fyrir endann á þessu,“ sagði Sigmar Þór Árnason.²²¹

²²⁰ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 19. apríl 2021.

²²¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Stór dagur í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar“, 21. apríl 2021.
<https://reykjavik.is/frettir/stor-dagur-i-velferdarthjonustu-reykjavikurborgar>

5. Delta ríður yfir heimsbyggðina

Júní 2021 – febrúar 2022

Heimsfaraldur kórónuveirunnar SARS-CoV-2 var þó rétt að hefjast í löndum þar sem ekki hafði tekist að bólusetja nema brot af mannfjöldanum. Á Indlandi reið hið nýja afbrigði kórónuveirunnar, delta, yfir landið af fullum krafti og minnti ástandið á verstu plágur fyrri tíma. Ringulreið ríkti á sjúkrahúsum landsins. Þar vantaði súrefni, öndunarvélar og sóttvarnbúninga. Líkhús fylltust og líkbrennslur höfðu ekki undan. Í borgum eins og Mumbai og Nýju Delhi voru lík brennd á bálköstum á bílastæðum og almenningsgörðum þannig að minnti á miðaldir. Ástandið var verst á Indlandi í apríl og maí 2021. Brasilía, Perú og mörg önnur lönd S-Ameríku urðu einnig mjög illa úti. Verstu spár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, rættust í þessum löndum þar sem milljónir manna létust úr COVID-19. Bandaríkin og Bretland urðu einnig afar illa fyrir barðinu á veirunni þrátt fyrir háprúð vestræn heilbrigðiskerfi og forgang að bóluefnum.

Bólusetningarátakið hér landi gekk hins vegar það vel að í fyrri hluta maí var farið í frekari afléttingar. 26. júní voru síðan allar takmarkanir felldar úr gildi innanlands, grímuskylda afnumin og engar nándarreglur. Einhverjar takmarkanir voru enn í gildi á landamærunum.²²²

Í lok júní var börnum 12 ára og eldri boðin bólusetning. Þann 1. júlí var sýnatöku hætt á landamærunum hjá þeim sem framvísuðu vottorðum um bólusetningu. Ferðamenn streymdu aftur til landsins en þó færri en vanalega þar sem margir voru enn smeykir við ferðalög vegna ástandsins. Auk þess var ástandið enn alvarlegt víða um heim vegna faraldursins.

Nokkur sóttarþreyta var komin í almenning. Endalausar breytingar á reglugerðum, afléttingar og herðingar á víxl drógu smám saman úr baráttuprekinu þótt þorri almennings færi að reglunum og stundaði sínar sóttvarnir af samviskusemi. Almenn bólusetning þótti tryggja að veikindi yrðu ekki alvarleg jafnvel þótt fólk smitaðist.

5.1 Önnur sumarbylgja

Líkt og sumarið 2020 var smitum hins vegar farið að fjölga ískyggilega í lok júlí og gamla grímuskyldan og eins metra reglan tekin upp á ný. 200 manna samkomutakmarkanir og allar stóru ágústhátíðarnar voru blásnar af líkt og árið áður.

²²² Steinar Ingi Kolbeins: „Öllum takmörkunum aflétt“, Morgunblaðið 26. júní 2021, bls. 1.

Nú var það delta afbrigði veirunnar sem lét að sér kveða. Það var mjög smitandi og olli slæmum veikindum hjá mörgum, sérstaklega óbólusettum. Á fundi neyðarstjórnar, mánudaginn 26. júlí gaf Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almanna- og höfuðborgarsvæðisins, skýrslu um ástandið á höfuðborgarsvæðinu. 500 smit höfðu greinst síðastliðna viku. Smit höfðu greinst í íbúðakjarna í nágrennasveitarfélagi. 65 smit höfðu verið greind úr sýnatökum sunnudagsins.

Ástandið á velferðarsviði var ótryggt vegna þess að stjórnendur óttuðust að missa starfsfólk og íbúa viðkvæmra starfsstaða í einangrun og sóttkví. Mannauðs- og starfsumhverfissvið vann að leiðbeiningum fyrir starfsfólk sem var að koma frá útlöndum. Ítarlegur upplýsingapóstur var sendur til starfsfólks velferðarsviðs þar sem það var upplýst um stöðuna og beðið um að gæta vel að sóttvörnum. Enginn íbúi var þó smitaður á þessum tímapunkti en talsvert af starfsfólki.²²³

Allt kerfi Reykjavíkurborgar snerist eins og vel smurð vél þar sem starfsfólk var orðið þjálfað í sóttvörnum og stjórnendur vissu nákvæmlega hvað þurfti að gera. Rætt var um að hvetja starfsfólk til grímunotkunar en hún var ekki skylda.

Eftir verslunarmannahelgina voru smittölur áfram háar og náðu hámarki 4. ágúst. Að meðaltali höfðu 110 greinst á dag síðasta hálfu mánuðinn sem var hærra en áður hafði sést. Búið var að koma á fót færanlegri sýnatökueiningu sem Almanna- og höfuðborgarsvæðisráðið sá um. Þetta var nýtt úrræði sem velferðarsvið og fleiri gátu notfært sér til að fá hraða sýnatöku fyrir vistmenn og starfsmenn.²²⁴

Jón Viðar Matthíasson segir að þetta hafi verið eitt af þeim atriðum sem bættist við þekkingarbrunninn eftir því sem leið á heimsfaraldurinn.

„Hví að flytja fólk á milli staða ef það þarf bara að mæta í sýnatöku? Svo höfum við tekið PCR próf í íbúðakjörnum þar sem þarf að taka mörg próf. Með þessu er hægt að hraða öllu sýnatökuferlinu og létta á starfsemi á Suðurlandsbraut og COVID-deildinni.“²²⁵

Nokkurs óöryggis gætti meðal skólustjórnenda að sögn stjórnenda á skóla- og frístundasviði vegna mönnunarvanda í upphafi skólaárs. Á velferðarsviði var sögð mikil þreyta á meðal stjórnenda vegna mikils álags í faraldrinum.

Umræða var um hvort ekki væri ráð að nýta hraðpróf meira en þau voru þá ekki orðin almenn. Á fundinum kom fram að það væri í ferli.

²²³ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 26. júlí 2021.

²²⁴ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 6. ágúst 2021.

²²⁵ Jón Viðar Matthíasson, viðtal 27. september 2021.

Um miðjan ágúst var staðan orðin aðeins betri hvað smittölur varðaði. Bólusetningar voru að hefjast aftur í Laugardalshöll eftir sumarfrí. Hraðpróf voru hafin hjá Heilsugæslunni við Suðurlandsbraut.

Rætt var um að herða reglur í skólastarfinu umfram það sem var að finna í reglugerð. Um var að ræða skýrari hólfun, grímuskyldu á þá sem kæmu inn í skólana og að foreldrar kæmu ekki inn á leikskóla nema í aðlögun barna sinna og þá með grímu og fjarlægðarmörk. Rætt var um að Jón Viðar Matthíasson framkvæmdastjóri Almanna- og barnamála færi í þessa vinnu fyrir allt höfuðborgarsvæðið.²²⁶

Á næsta fundi fundi neyðarstjórnar 20. ágúst var samþykkt að gefnar yrðu út samræmdar leiðbeiningar fyrir skóla- og frístundastarf á höfuðborgarsvæðinu í upphafi skólaárs undir forystu almanna- og barnamálafræðingafundar höfuðborgarsvæðisins. Þessar leiðbeiningar voru strangari en fyrir mæli sóttvarnarlæknis. Markmiðið var að skóla- og frístundastarf færi ekki á hvolf í upphafi skólaárs og starfsemin héldist órofin.²²⁷

Á velferðarsviði var staðan býsna alvarleg því þar voru 35 starfsmanneskjur í einangrun, tólf skjólstæðingar og 125 í sóttkví.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs vakti athygli á því að minnihluti starfsfólks sviðsins væri óbólusettur. Sérstaklega þyrfti að huga að þessu á starfsstöðum þar sem væru viðkvæmir skjólstæðingar. Umræða væri um það á sviðinu hvort það þyrfti að grípa til skyldubólusetninga.²²⁸

Að sögn Lóu Birnu Birgisdóttur sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs á fundinum var heimild til að gera þessa kröfu en hún þyrfti að vera afar málefnaleg og læknisfræðilegar forsendur að baki henni.

Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri velferðarsviðs segir að ekki hafi komið til þess að fólk hafi verið skyldað í bólusetningu þótt það hafi á tímabili verið rætt um það á sviðinu. „Starfsfólk var hvatt til þess að fara í bólusetningu en við fórum aldrei í þá vegferð að gera það að kröfu.“²²⁹

Rætt var um að dýrt væri að kaupa aukavinnu starfsfólks vegna þessa að margt starfsfólk væri í löngum sóttkvíum. Greiddar hefðu verið 88 milljónir króna vegna þessa.²³⁰

²²⁶ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrlausnarefni, 16. ágúst 2021.

²²⁷ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 20. ágúst 2021.

²²⁸ Sama heimild.

²²⁹ Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri velferðarsviðs, viðtal.

²³⁰ Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 20. ágúst 2021.

5.2 Ljúfar vikur afléttinga

Bólusetningarnar voru að virka og þorri almennings var kominn með gott ónæmi fyrir smiti. Ekki var talin þörf fyrir neyðarstjórn að funda vegna ástandsins.

23. ágúst hófust bólusetningar barna 12 – 15 ára í Laugardalshöll. Þá voru hraðpróf einnig komin í almenna notkun. Í lok ágúst slökuðu stjórnvöld á sóttvarnartakmörkunum en þá máttu 200 manns koma saman og allt að 500 manns vera saman í hólfi að undangengnu hraðprófi. Sundlaugar og líkamsræktarstöðvar máttu hleypa inn leyfilegum hámarksfjölda og reglur um eins metra nálægðarreglu voru rýmkaðar.²³¹

Um miðjan mánuðinn var enn frekar létt á takmörkunum en þá máttu 500 manns koma saman og 1.500 manns að undangengnu hraðprófi.²³²

Þessi reglugerð var framlengd til 20. október því þrátt fyrir einhver smit réði heilbrigðiskerfið vel við álagið.

Rúmum mánuði síðar, 20. október, var miðað við 2.000 manns, grímuskyldu aflétt og veitinga- og skemmtistaðir máttu hafa opið til kl. 01 að nóttu. Meiri afléttingar voru boðaðar 18. nóvember.²³³

5.3 Smitum fjölgar á ný

Vágsturinn var samt ekki horfinn þrátt fyrir víðtæka bólusetningu. Delta afbrigðið var mjög smitandi og olli skæðum veikindum hjá mörgum óbólusettum en mun vægari hjá þeim sem voru með mótefni eftir bólusetningarnar.

6. nóvember var grímuskylda sett á að nýju á sitjandi viðburðum vegna aukningar á smitum og rétt fyrir miðjan nóvember, þann 13, voru 500 manna fjöldatakmörk tekin upp á ný og 1.500 manns máttu koma saman að undangengnu hraðprófi.

Hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum var smitrakning mikill baggi að bera, sérstaklega fyrir skólastjórnendur sem þurftu að hafa hraðar hendur þegar upp komu smit í bekkjum eða hjá starfsfólki. Búið var að stofna stuðningsteymi hjá Almannavörnum með skóla- og frístundasviði og velferðarsviði sem létti talsvert undir með stjórnendum.

²³¹ Stjórnartíðindi, Reglugerð nr.962/2021 <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=23389389-6ff5-4cff-8eda-4a7e4855e5fe>

²³² Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 1030/2021 <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=7d81db66-7ee2-4b9e-8075-1c994512c4a8>

²³³ Stjórnartíðindi, Reglugerð nr.1177/2021. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=528acf0a-e72e-4df8-a336-21da40e37678>



5.3 Dagur B. Eggertsson borgarstjóri við Oslóartréð á Austurvelli ásamt sjö ára norsk-íslenskum dreng, Hákonni Erni Steen Bjarnasyni sem aðstoðaði hann við að tendra ljósín á trénu í beinni útsendingu í fréttum RÚV. Engin aðventuhátíð var haldin á Austurvelli árin 2020 og 2021 vegna COVID-19.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Vegna aukningar á smitum og fjöldatakmarkana var ýmsum stórum viðburðum frestað enn á ný, eins og Bókamessu í Hörpu sem Reykjavík Bókmenntaborg sér um. Þá var tendrun Oslóartrésins með tilheyrandi aðventuskemmtun á Austurvelli í uppnámi annað árið í röð og var á endanum hætt við skemmtun og ljósín kveikt á trénu í beinni útsendingu RÚV.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri frestaði einnig boðuðum íbúafundum í hverfum borgarinnar vegna samkomutakmarkana um miðjan nóvember. Þá þurfti að hólfa stjórnsýsluhúsin af aftur og setja á afmarkaða tíma í mötuneytunum fyrir hverja starfseiningu. Einnig var komið á grímuskyldu í mötuneytum og lyftum og fólk hvatt til að viðhafa smitgát.

25. nóvember voru reglur hertar á ný enda fjölgaði smitum þá hratt. Allt miðaðist við að heilbrigðiskerfið réði við að anna COVID-19 sjúkum auk annarrar starfsemi. 50 máttu nú koma saman en allt að 500 manns í hólfi að undangengnu

hraðprófi. Veitingastaðir máttu einungis hafa opið til 22.

5.4 Ómíkrón á aðventunni

Mikil aukning smita var síðustu tvær vikurnar í desember aðventunnar og virtist veiran aldrei hafa verið jafn smitandi.

Nýtt afbrigði af kórónuveirunni sem nefndist ómíkrón var komið fram hér á landi og var farið að valda veldisvexti í fjölda smita. Afbrigðið hafði fyrst komið fram í Suður-Afríku og var talið jafn smitandi og mislingar. Ómíkrón smitaði börn af meiri krafti en áður hafði þekkt. Góðu fréttirnar voru þær að það var talið valda mun vægari veikindum en fyrri afbrigði. Bólusettil voru jafn útsettir fyrir smiti og óbólusettil en fengu talsvert vægari einkenni. Delta var hins vegar enn að gera þeim skráveifur sem voru óbólusettil.

Reynsla annarra þjóða, t.d. Dana, sýndi að veikindi voru vægari af ómíkrón afbrigðinu.

17. desember var greint frá 187 smitum hér á landi. 36 voru látnir.

Gríðarmargir mættu í hraðpróf hjá Heilsugæslunni á Suðurlandsbraut til að komast á viðburði á aðventunni en þar voru tekin 7.500 sýni 17. desember.²³⁴

Klettaskóli komst í fréttirnar aftur vegna hópsmits. 29 manns voru í einangrun, 20 nemendur og níu starfsmanneskjur og voru alls 114 manns í skólanum í einangrun eða sóttkví.²³⁵

Már Kristjánsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans sagðist óttast óhefta útbreiðslu ómíkrón afbrigðisins en 20. desember voru staðfest 160 smit vegna afbrigðisins og var meirihlutinn utan sóttkvíar við greiningu. „Þetta segir mér að ómíkrón er örugglega komið út um allt í samfélaginu,“ sagði Már.²³⁶

23. desember voru reglur hertar enn á ný með 20 manna samkomutakmörkunum. Jólatónleikar höfðu verið leyfðir með skilyrðum á aðventunni og fengu veitingamenn og tónleikahaldarar undanþágu 22. og 23. desember til að hafa opið lengur en til 21. m.a. Bubbi Morthens sem fékk að hafa 500 manns í hverju sóttvarnarhólfi á árlegum Þorláksmessutónleikum í Hörpu. Tveggja metra nálægðarreglu og grímuskylda var enn og aftur komið á. Fréttir bárust af því að grímuskylda hefði ekki verið virt á jólatónleikum. Þjóðin var orðin þreytt á sóttvörnum og tíðum reglugerðarbreytingum. Í skjóli bólusetningarinnar voru mörg hætt að fara að reglum.

Í minnisblaði sóttvarnarlæknis sem heilbrigðisráðherra fékk í hendur sunnudaginn 20. desember var m.a. lagt til að vegna fjölgunar smita væri ráðlegt að lengja skólafrí grunnskólabarna til 10. janúar. Heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, ákvað að fara ekki að þeirri ráðgjöf. Var sagt að hann nyti ráðgjafar Björns Zoega, forstjóra Karólínska sjúkrahússins í Svíþjóð varðandi það að leyfa veirunni að hafa sinn framgang þar sem smit væru orðin óviðráðanleg.

Á fundi neyðarstjórnar 21. desember kom fram að þessi ákvörðun hafi komið á óvart. Neyðarstjórn ákvað að gefa út þau skilaboð að það starfsfólk sem gæti komið því við ynni heima.

Borgarstjóri sagði á fundinum að þeir foreldrar sem vildu halda börnum heima fengu felld niður gjöld. Markmiðið væri hins vegar að halda úti þjónustu í skólunum fyrir þau sem þyrftu nauðsynlega að komast í vinnu en þar var hann að vísa til starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, lögreglu og starfsfólks í almannavarnarþjónustu.

²³⁴ „Mannmergð við Suðurlandsbraut í gær og nýtt met slegið“, Morgunblaðið 18. desember 2021, bls. 1.

²³⁵ Guðni Einarsson: „Útbreitt kórónuveirusmit í Klettaskóla“, Morgunblaðið, 18. desember 2021, bls 6.

²³⁶ „Búast megi við 600 smitum á dag á næstunni“, Morgunblaðið 20. desember 2021, bls 2.

Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs var verið að fara yfir stöðu á þeim stofnunum sviðsins sem gætu hugsanlega aðstoðað Landspítalann ef þaðan bærisk neyðarkall. Allt væri þó fullt í heimahjúkrun og heimaþjónustu.²³⁷

5.5 Landspítali á neyðarstig

Smitrakning varð nú erfiðari en nokkru sinni fyrr vegna þess fjölda sem greindist á hverjum degi.

Síðustu dagar ársins voru viðburðaríkir. Landspítalinn var færður á neyðarstig vegna hópsmita á spítalanum og manneklum. Greint var frá metfjölda smita á einum degi eða 836 manns á Þorláksmessu. Það met féll síðan tveimur dögum síðar þegar 839 smit greindust.

Í lok ársins 2021 voru 37 látin úr COVID-19. Landsmenn héldu sín ómíkrón jólin í „fámennum jólakúlum“ önnur jólin í röð. Fjölmargir lágu vegna COVID-19 veikinda um jólin og áramót. Viðburðaríku farsóttarári var lokið og útlitið frekar svart.

Met héldu áfram að falla í smittölum á nýju ári enda var hið nýja afbrigði veirunnar ofursmitandi. Engu að síður voru jákvæðar fréttir að berast utan úr heimi um afléttingu sóttvarnaraðgerða. Nánar er fjallað um endalok faraldursins í köflum um velferðarsvið og skóla- og frístundasvið sem lentu í miklum mönnunarvanda síðustu vikurnar áður en öllum sóttvarnaraðgerðum var aflétt 24. febrúar 2022. Sá mönnunarvandi hélst áfram hjá SFS út skólaárið vegna fjölda smita í hópi starfsmanna og barna.

²³⁷ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 21. desember 2021

6. Velferðarsvið (VEL)

„Ég hefði viljað eiga stærri stafla af sóttvarnarbúnaði.“ Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Eftirfarandi kaflar fjallar um viðbrögð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við heimsfaraldri COVID-19. Vitnað er í fjölmargt starfsfólk sviðsins varðandi aðgerðir sviðsins í faraldrinum auk þess sem stuðst er við fundargerðir neyðarstjórnar velferðarsviðs og fleiri heimildir. Viðtöl við stjórnendur og starfsfólk sem stóð í eldlínu faraldursins eru birt í heild sinni í kafla 7.

6.1 Inngangur



„28. febrúar var ég viðstödd opnun hjúkrunarheimilisins á Sléttuvegi ásamt fjölmörgu fólki í velferðarþjónustu. Á sama augnablikinu fóru allir í símann og höfðu þá fengið smáskilaboð um að fyrsta COVID-19 smitið hefði greinst á Íslandi. Það var alveg magnað. Þá sagði ég einfaldlega við mitt samstarfsfólk. „Ég sagði ykkur þetta.“²³⁸

Þannig kemst Berglind Magnúsdóttir, fyrrum skrifstofustjóri heimaþjónustu Reykjavíkurborgar að orði um þann örlagaríka dag þegar fyrsta COVID-19 smitið greindist hér á landi, 28. febrúar 2020.

Þetta atvik er eins og greytt í huga margra í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar en þarna voru allir helstu stjórnendur velferðarsviðs samankomnir ásamt fjölmörgum úr heilbrigðis- og umönnunargeiranum. Margir símar áttu eftir að titra og hringja næstu tvö árin á velferðarsviði borgarinnar en starfsfólkið þar stóð í ströngu gegnum allan heimsfaraldurinn. Þennan dag var allt sett á fullt á velferðarsviði til að undirbúa fjölmarga starfsstaði sviðsins og gera ráðstafanir til hægt yrði að halda úti órofinni sólarhringsþjónustu fyrir íbúa og

²³⁸ Berglind Magnúsdóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

notendur. Undirbúningur til að bregðast við heimsfaraldri kórónuveiru hafði þó hafist mun fyrr á árinu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er annað stærsta svið borgarinnar hvað snertir umfang, fjölda starfsstaða og kostnað. Um 3.000 starfsmannskjur vinna á sviðinu og þar af vinna um 1.600 starfsmannskjur við þjónustu sem verður að haldast órofin allan sólarhringinn alla daga ársins. Sviðið rekur hjúkrunarheimili, íbúðakjarna og herbergjasambýli fyrir fatlað fólk, neyðarskýli og annað húsnæði fyrir heimilislausa, heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu, þjónustuíbúðir fyrir aldrað fólk og skammtímaheimili fyrir börn. Að auki sér velferðarsvið um rekstur miðlægrar velferðarþjónustu, átaksverkefni vegna endurhæfingar fólks, inntöku fyrir húsnæðisúrræði og framleiðslueldhús sem framleiðir heimsendan mat og mat fyrir félagsmiðstöðvar.²³⁹

Í fyrstu bylgjum COVID-19 faraldursins 2020 og 2021 fór framkvæmd velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar fram á fimm þjónustumiðstöðvum sem sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, hjá Barnavernd Reykjavíkur, á hjúkrunarheimilum, í húsnæði fyrir fatlað fólk og heimaþjónustu og á fagsviðinu sjálfu.

Þjónustumiðstöðvarnar leggja áherslu á nærþjónustu auk þess sem undir þær heyrir rekstur og þróun starfseininga í hverfum borgarinnar, svo sem félagsmiðstöðvar, sértækt húsnæði, skammtímadvöl og dagþjónusta.

Barnavernd Reykjavíkur ber ábyrgð á framkvæmd stefnu í barnaverndarmálum í borginni. Heimaþjónusta Reykjavíkur starfar að heimahjúkrun, félagslegri heimaþjónustu um kvöld og helgar og leiðir faglegt samstarf dagþjónustu á sviði heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu.

Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum felst í starfsemi íbúðakjarna, sambýla og stuðningi teymis Liðsaukans við fólk í sjálfsstæðri búsetu.

Lagaskyld verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru m.a. barnavernd, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, húsnæðisaðstoð, búsetuþjónusta, málefni aldraðra og fatlaðs fólks, sérfræðiþjónusta skóla, matarþjónusta, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf um velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar.²⁴⁰

Notendur þjónustu sviðsins geta ekki verið án þjónustunnar sem verður að haldast órofin að eins miklu leyti og mögulegt er á hverjum tíma. Sviðið rekur um 120 starfsstaði, þar af 64 starfsstaði þar sem er sólarhringsþjónusta. Fatlað fólk sem sviðið þjónar er um fimm

²³⁹ Vefur Reykjavíkurborgar: Velferðarsvið


²⁴⁰ Sama heimild.

hundrað talsins. Á hjúkrunarheimilum í rekstri hjá Reykjavíkurborg voru 109 íbúar; á Droplaugarstöðum 82, í Seljahlíð 20 og í Foldabæ 8.

Þjónusta velferðarsviðs krefst mikillar sérfræðipækkingar á sviðum umönnunar og hjúkrunar og á málefnum fatlaðs fólks og félagsráðgjafar.

Notendur sólarhringsþjónustu sviðsins töldust margir í áhættuhópi við að smitast af COVID-19 vegna aldurs, undirliggjandi veikinda eða fötlunar. Það var því mikið undir hjá stjórnendum sviðsins að skipuleggja starfið þannig að þjónustan héldist órofin en í leiðinni vernda notendur fyrir smitum af völdum kórónuveirunnar eins og mögulegt væri.

Neyðarstjórn og teymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna COVID-19



6.1 Skipurit neyðarstjórnar og teymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna COVID-19.

6.2 Neyðaráætlanir endurskoðaðar

Regína Ásvaldsdóttir þáverandi sviðsstjóri velferðarsviðs ákvað að hefja endurskoðun á neyðaráætlunum velferðarsviðs í desember 2019 og fékk áður nefnda Berglindi Magnúsdóttur sem stýrði heimaþjónustu borgarinnar til að fara yfir áætlanirnar í samstarfi við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins. Berglind hafði m.a. komið að gerð viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldurs svínaflensu árið 2009 þá nýráðin til Reykjavíkurborgar.²⁴¹

„Í lok ársins 2019 var ég að vinna með Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur hjá almannavörnum að því að stofna neyðarstjórn velferðarsviðs en okkur vantaði slíka stjórn ef upp kæmi neyðarástand vegna óveðurs eða náttúruhamfara. Ég var því farin að skoða þessar áætlanir sem til voru. Í upphafi árs 2020 fóru að berast fyrstu fréttir af þessari Kínaflensu. 4. janúar hringi ég í Landlæknisembættið og var þá að spá í þessa nýju plágu. Ég spurði þau hvort ég ætti að búa til nýja áætlun. Ég fékk þau svör að það væri frábært ef ég byrjaði á því. Ég hóf því vinnuna og boðaði til fundar 7. janúar og við bjuggum til áætlun. Við vorum tilbúnar með áætlun fyrir heimahjúkrun og kláruðum að gera allt tilbúið.“ Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri heimaþjónustu velferðarsviðs.²⁴²

Á fyrsta fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar vegna kórónuveirunnar sem haldinn var í fundarherbergi borgarráðs í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 31. janúar voru þessar endurskoðuðu viðbragðsáætlanir velferðarsviðs m.a. kynntar.

Ríkislögreglustjóri hafði þá þegar lýst yfir óvissustigi almannavarna vegna yfirvofandi heimsfaraldurs hinnar nýju kórónuveiru í samráði við sóttvarnarlækni, 27. janúar 2020.

Neyðarstjórn velferðarsviðs fundaði fyrst vegna kórónuveirunnar tveimur dögum fyrir fund neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar eða 29. janúar 2020. Velferðarsviði hafði borist fyrirspurn frá ríkinu varðandi heimahjúkrun á landsvísu. Neyðarstjórnin var skipuð sviðsstjóra, þremur skrifstofustjórum sviðsins og mannauðsstjóra. Að auki var starfsmaður skipaður í neyðarstjórn sem hélt utan um gögn og vinnu neyðarstjórnarinnar. Starfsmaðurinn hafði jafnframt það hlutverk að útbúa upplýsingar og miðla þeim frá neyðarstjórn til starfsfólks.²⁴³

Á fundinum var m.a. rætt um heimahjúkrun á landsvísu og að aðlaga þyrfti starf sviðsins að sóttvarnarlögum. Rætt var um að hugsanlega myndi ríkið taka Víðines sem staðsett er á Álfsnesi á leigu og þangað yrðu mögulega fluttir 40 sjúklingar af Landspítalanum sem heimahjúkrun þyrfti að sinna. Í fundarpunktum kom fram að ekki væri til mannskapur til að sinna slíku verkefni. Þetta varð ekki að veruleika í faraldrinum en möguleiki á nýtingu

²⁴¹ Berglind Magnúsdóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

²⁴² Sama heimild.

²⁴³ Fundarpunktur neyðarstjórnar velferðarsviðs, 29. janúar 2020.

húsnæðisins var kannaður. Þarna var strax farið að huga að því hvernig hægt yrði að bregðast við ef Landspítalinn lenti í miklum vandræðum með fjölda innlagna vegna kórónuveirusýkinga.

Á fundinum var einnig útbúinn gátlisti vegna verkefna sem þyrfti að ganga í strax vegna heimsfaraldurs og farið yfir þrjár viðbragðsáætlanir sviðsins; viðbragðsáætlun velferðarsviðs, viðbragðsáætlun heimahjúkrunar vegna svínaflensu og viðbragðsáætlun velferðarsviðs vegna svínaflensu. Ákveðið var að uppfæra þessar viðbragðsáætlanir sviðsins í samræmi við núverandi veruleika og þjónustu en þjónusta við fatlað fólk hafði t.a.m. bæst við frá því þær voru gerðar.²⁴⁴

6.3 Verkfall vofir yfir

Á þessum tíma vofði verkfall Eflingarstarfsmanna yfir starfsemi velferðarsviðs og margvíslegri annarri starfsemi hjá Reykjavíkurborg en það átti að hefjast 4. febrúar. Um 700 starfsmenn Eflingar starfa í umönnunarstörfum á velferðarsviði. Á fundinum var rætt um möguleg viðbrögð ef ekki fengjust undanþágur frá verkfallinu en ljóst væri að þjónusta sviðsins myndi skerðast að einhverju leyti þrátt fyrir að undanþágur yrðu veittar. Fram kemur í fundargerðum neyðarstjórnar velferðarsviðs frá þessum tíma að mannauðsstjóri sviðsins sé afar upptekinn vegna yfirvofandi vinnudeilu og því þurfi hugsanlega að fá einhvern í afleysingar til að sinna undirbúningi vegna heimsfaraldursins. Undanþágur fengust þó í tæka tíð en ljóst er að vinnumarkaðsaðgerðir á sama tíma og óvissustigi hafði verið lýst yfir vegna kórónuveirunnar voru afar óþægilegar og ollu miklu álagi á stjórnendur hjá Reykjavíkurborg sem á sama tíma voru að undirbúa víðtækar aðgerðir vegna heimsfaraldursins.

Einnig var nefnt á fundi neyðarstjórnar að fara þyrfti yfir neyðaráætlun mönnunar í búsetuúrræðum, heimahjúkrun og á hjúkrunarheimilum.

Þá var ákveðið að senda póst á Embætti landlæknis þar sem tilgreint væri hvaða þjónustu sviðið sinnti og greina frá því að til væru tvær áætlanir til viðbragða.²⁴⁵

Einnig var listað upp hverja þyrfti að upplýsa varðandi faraldurinn strax og voru heimahjúkrun, eldhús og hjúkrunarheimili nefnd í því samhengi. Ákveðið var að kanna birgðir sóttvarnabúnaðar sem til væri á sviðinu og hjá Embætti landlæknis.²⁴⁶

Á öðrum fundi neyðarstjórnar velferðarsviðs sem haldinn var 31. janúar var rætt um að finna þyrfti húsnæði fyrir einangrun og sóttkví. Ákveðið var að senda viðbragðsáætlun

²⁴⁴ Sama heimild.

²⁴⁵ Sama heimild.

²⁴⁶ Tékklisti vegna Kórónuveiru, velferðarsvið 29. janúar 2020.

sviðsins á framkvæmdastjóra. Þá var rætt um að nýta Workplace-síðu Reykjavíkurborgar til upplýsingamiðlunar til starfsmanna og heimasíðu Reykjavíkurborgar.²⁴⁷

Á þriðja fundi neyðarstjórnarinnar, 3. febrúar 2020, var ákveðið að kalla eftir framkvæmdaáætlunum frá öllum þjónustumiðstöðvum og skilgreiningu á starfsstöðum sem þyrftu hugsanlega sérstakar framkvæmdaáætlanir. Kallað var eftir viðbragðsáætlunum frá framkvæmdastjórum og forstöðumönnum allra starfseininga hjá sviðinu.

Einnig var ákveðið að finna þyrfti aðila sem gæti uppfrætt starfsfólk og rætt við það um hugsanlega hræðslu við að mæta í vinnu í faraldrinum. Mannauðsstjóra sviðsins var falið að finna slíkan aðila.²⁴⁸

Eins og gefur að skilja var fyrst og fremst hugað að áhrifum veirunnar á viðkvæmustu notendur þjónustunnar, aldrað fólk á hjúkrunarheimilum og fatlað fólk enda teiknaðist snemma upp sú mynd í faraldrinum að kórónuveiran væri langskæðust þeim sem væru veikastir fyrir, sérstaklega öldruðu fólki og fólki með undirliggjandi sjúkdóma.

²⁴⁷ Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 31. janúar 2020.

²⁴⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 3. febrúar 2020.



6.3 Íslenskukennsla fyrir starfsfólk á velferðarsviði í faraldrinum. Mynd: Reykjavíkurborg.

6.4 Mikilvægt og snemmbært frumkvæði

Berglind Magnúsdóttir segir að velferðarsvið hafi þarna sýnt mikilvægt, snemmbært frumkvæði í viðbrögðum við faraldrinum og það hafi skipt sköpum í því að undirbúa starfsstaðina fyrir það sem eftir fór. Febrúar var því vel nýttur til undirbúnings á sviðinu.

„Við vorum í rauninni á undan öllum öðrum. Við létum forstöðumennina vinna viðbragðsáætlanir fyrir starfsstaðina og fengum áætlanir frá öllum innan viku,“ segir Berglind.²⁴⁹

Með því að hefja undirbúning og upplýsingagjöf svo snemma með jafn víðtækum hætti voru allir stjórnendur í raun komnir í viðbragðsstöðu og farnir að huga að sóttvörnum og hvernig ætti að takast á við smit og aðrar áskoranir ef þau kæmu upp á þeirra starfsstöðum. Það voru þó mörg handtök eftir í þeirri vinnu.

²⁴⁹ Berglind Magnúsdóttir, viðtal.

Neyðarstjórn velferðarsviðs fundaði ekki aftur fyrr en 27. febrúar 2020. Þar var ákveðið að senda póst á alla framkvæmdastjóra um að setja upp upplýsingaspjöld á áberandi staði varðandi sóttvarnir og koma spritti á starfsstaðina til sóttþreinsunar. Rætt var um að fræða þyrfti starfsfólk um framkvæmdaáætlanir starfsstaða. Þá var rætt um að flokka starfsstaðina í A, B og C flokka og að farið yrði í heimsóknir á sem flesta staði til að ræða við stjórnendur og starfsfólk, m.a. til að draga úr ótta og sýna stuðning í verki.

Í fundarpunktum kemur fram að vöntun sé á ákveðnum búnaði, hlífðarsloppum og andlitsmöskum (sóttvarnargrímmum) á sumum starfsstöðum.²⁵⁰

6.5 Unnið á hættustigi almannavarna

Þegar fyrsta smitið greindist hér á landi, föstudaginn 28. febrúar og viðbragð almannavarna var fært á hættustig var ákveðið að stækka neyðarstjórn velferðarsviðs og bæta við tveimur hjúkrunarfræðingum, þroskaþjálfara og framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva borgarinnar, Barnaverndar Reykjavíkur og Droplaugarstaða.²⁵¹

Um leið og hættustigi almannavarna var lýst yfir fór síðan allt í gang samkvæmt áætlunum velferðarsviðs að sögn Ólafíu Magneu Hinriksdóttur, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

„Mér er mjög minnisstætt þegar þetta byrjaði 28. febrúar. Þá var ég kölluð til vinnu á laugardegi af mínum yfirmanni, Aðalbjörgu Traustadóttur sem hringdi í mig um kvöldið,“ segir Ólafía Magnea.²⁵²

„Þegar ég mæti þarna á laugardegi óraði mig ekki fyrir því hvað væri framundan. Þessa helgi byrjuðum við strax að skoða okkar starfsstaði og skilgreina þá sem A, B og C staði eftir áhættu og þjónustustigi.

Þarna var þegar búið að vinna mjög mikla vinnu og búa til aðgerðaáætlun. Við fengum forstöðumenn starfsstaðanna til að skoða hvað þeir gætu gert til að bregðast við ef fólk fengi COVID-19. Þá voru þeir einnig beðnir um að meta hvernig ætti að þjónusta skjólstæðinga ef þeir smituðust.

Þarna í byrjun var fólk auðvitað mjög óöruggt og jafnvel óttaslegið yfir því hvað við væri að eiga. Við fórum því á starfsstaðina og ræddum um COVID-19 við stjórnendur og starfsfólk,“ segir Ólafía Magnea.²⁵³

²⁵⁰ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 27. febrúar 2020

²⁵¹ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 28. febrúar 2020.

²⁵² Ólafía Magnea Hinriksdóttir, viðtal.

²⁵³ Sama heimild.

Í fundarpunktum 3. mars 2020 kemur fram að auka þurfi þrif og sótthreinsun alls staðar. Þar kemur einnig fram að sóttvarnarbúnaður sé af skorum skammti hjá heimahjúkrun og að nauðsynlegt sé að geyma slíkan búnað miðlægt.²⁵⁴

Unnið var að því að kaupa meiri sóttvarnarbúnað en í upphafi faraldursins lá slíkur búnaður ekki á lausu á heimsvísu og tók nokkurn tíma að koma aðföngum í lag. Vinna hófst einnig við að útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk varðandi skimanir og veikindi.

Eftir að starfsstaðir höfðu verið flokkaðir í A, B, og C staði var flokkunin send til stjórnenda á starfsstöðunum til að fá rétt mat á því hvort rétt væri flokkað. Ef einn einstaklingur á starfsstað var talinn sérstaklega viðkvæmur fyrir sýkingu af völdum kórónuveirunnar var starfsstaðurinn settur í A-flokk sem þurfti að vernda sérstaklega vel.

A-flokkaðir staðir voru í forgangi fyrir heimsóknir sem áttu sér stað dagana 4.-5. mars rétt áður en neyðarstigi var lýst yfir. Heimsóknirnar miðuðu að því að uppfræða stjórnendur, starfsfólk og notendur og draga úr ótta við smit. Möguleikar á því að setja fólk í einangrun á stöðunum og hugsanleg aðkoma heimahjúkrunar var einnig metin í heimsóknunum. Upplýsingum var komið til þjónustunotenda, aðstandenda og starfsfólks og skilgreint hvað yrði gert ef upp kæmi smit. Þá var ítrekað að uppfæra ætti framkvæmdaáætlun vegna COVID-19.²⁵⁵

6.6 Skilgreiningar starfsstöðva í A, B og C flokka

Flokkur A

Mikið fatlaðir einstaklingar og aðrir þjónustunotendur með alvarlega sjúkdóma eða undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma, viðkvæmir fyrir sýkingum og geta því orðið lífshættulega veikir ef upp kemur COVID-19 smit.

Flokkur B

Einstaklingar sem ekki eru með þekkta undirliggjandi sjúkdóma eða skert viðkvæmt ónæmiskerfi. Forstöðumenn þessara eininga bera ábyrgð á að tilkynna ef þar eru íbúar sem hafa undirliggjandi sjúkdóma eða heilsufarsleg vandamál sem gera þá viðkvæma fyrir smiti.

²⁵⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. mars 2020.

²⁵⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 4. mars 2020.

Flokkur C

Íbúar eða þjónustunotendur sem eru líkamlega hraustir. Forstöðumenn þessara eininga bera ábyrgð á að tilkynna ef þar eru íbúar sem hafa undirliggjandi sjúkdóma eða heilsufarsleg vandamál sem gera þá viðkvæma fyrir smiti.

Alls voru níu starfsstaðir velferðarsviðs settir í A-flokk til að byrja með. Meðal þeirra var hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir og hjúkrunarhluti Seljahlíðar auk starfsstaða þar sem mjög fatlað fólk býr.

Starfsfólk velferðarsviðs vann einnig mikið starf í því að útbúa fræðsluefni, leiðbeiningar og vinnureglur sem nýttust starfsfólki í þjónustuveitingu í faraldrinum. Þessu efni var dreift á landsvísu til sveitarfélaga af almannavörnum höfuðborgarsvæðisins og Samband íslenskra sveitarfélaga. Regína Ásvaldsdóttir lagði fram minnisblað og kynnti áður nefnda flokkun starfsstaða sviðsins auk fjölmargra leiðbeininga um sóttvarnir og annað sem tengdist faraldrinum fyrir velferðarráði í lok apríl 2020.²⁵⁶

Eftirtaldar leiðbeiningar voru kynntar fyrir velferðarráði:

1. Handbók fyrir starfsfólk heimila fyrir fatlað fólk. Inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um veitingu þjónustu fatlaðra íbúa í sóttkví/einangrun, hvernig klæðast skuli hlífðarbúnaði, hvar nálgast megi hlífðarbúnað, hvernig ganga eigi frá skráningu í Vinnustund vegna sóttkvíar/veikinda, hvernig eigi að bregðast við vegna eigin veikinda o.s.frv.
2. Handbók fyrir starfsfólk þjónustuíbúða fyrir fatlað fólk. Inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um veitingu þjónustu í sóttkví/einangrun, hvernig klæðast skuli hlífðarbúnaði, hvar nálgast megi hlífðarbúnað, hvernig ganga eigi frá skráningu í Vinnustund vegna sóttkvíar/veikinda, hvernig eigi að bregðast við vegna eigin veikinda o.s.frv.
3. Leiðbeiningar um hvernig eigi að þjónusta barn í sóttkví á heimili sínu. Leiðbeiningar frá sóttvarnanefnd sviðsins vegna undanþágu frá sóttvarnalögum (sóttkví B) í stuðningsþjónustu.
4. Sóttvarnplakat á íslensku og ensku. Plakat útbúið í lok febrúar með nýjustu upplýsingum á þeim tíma og var dreift á starfseiningar sviðsins. Seinna komu Almannaþarnir með sambærilegt plakat.

²⁵⁶ Regína Ásvaldsdóttir, Minnisblað lagt fyrir 376. fund velferðarráðs 22. apríl 2020.

5. A, B og C-skilgreiningar starfsstöðva velferðarsviðs. Áhættumat á starfseiningum velferðarsviðs út frá viðkvæmum notendahópum.
6. Samræmdar leiðbeiningar Almannafráttanna til velferðarsviða sveitarfélaga. Byggðar á A, B og C skilgreiningum velferðarsviðs.
7. Leiðbeiningar Almannafráttanna um þjónustuveitingu í sóttkví og einangrun. Gefnar út 23. mars og byggðar á upplýsingum unnum á skrifstofu velferðarsviðs sem kallaði eftir nákvæmum svörum um sóttkví og einangrun.
8. Leiðbeiningar um hvernig annast á íbúa í sóttkví og einangrun. Leiðbeiningar velferðarsviðs 12. mars til starfsfólks sem Almannafráttarnir byggðu sínar leiðbeiningar á.
9. Leiðbeiningar vegna lokunar og breyttrar þjónustu í þjónustuíbúðum og á hjúkrunarheimilum. Gefnar út 17. mars um tilhögun heimsends matar og sameiginlegra matsala, hárgreiðslu- og snyrtistofa o.fl.
10. Leiðbeiningar til starfsfólks stuðningsþjónustu. Ítarlegt verklag sem inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um veitingu þjónustu í sóttkví/einangrun, hvernig klæðast skuli hlífðarbúnaði, hvar nálgast megi hlífðarbúnað, hvernig ganga eigi frá skráningu í Vinnustund vegna sóttkvíar/veikinda, hvernig eigi að bregðast við vegna eigin veikinda o.s.frv.notendum.
11. Skapalón fyrir viðbragðsáætlun fyrir fatlaða íbúa. Samræmt verklag að fyrirmynd forstöðumanns á heimili fyrir fatlað fólk. Nákvæm viðbragðsáætlun sem hver og einn forstöðumaður útbýr fyrir hvern íbúa hjá sér út frá ástandi hverju sinni (óvissustig, neyðarstig, sóttkví, einangrun)
12. Skipurit neyðarstjórnar velferðarsviðs ásamt viðbragðsteymum COVID-19.²⁵⁷

6.7 Mikilvæg upplýsingagjöf skipulögð

Þessa áður nefndu helgi í lok febrúar fór einnig fram önnur mikilvæg undirbúningsvinna. Stofnuð var síða eða hópur á Workplace Reykjavíkurborgar sem heitir *KÓRÓNA COVID-19* –

²⁵⁷ Sama heimild.

upplýsingaveita starfsfólks. Síðan varð ein helsta upplýsingaveita velferðarsviðs til starfsfólks í faraldrinum. Starfsmaður neyðarstjórnar VEL setti þar inn allar mikilvægar upplýsingar í faraldrinum. Síðunni var formlega lokað og hún vistuð 24. febrúar 2022 þegar öllum opinberum sóttvarnaraðgerðum var hætt.

Einnig var hafin vinna við að þýða allt kynningarefni sviðsins um COVID-19 fyrir starfsfólk og aðstandendur á ensku og pólsku.

Undirteymi heimahjúkrunar og heimaþjónustu var stofnað og ákveðið að það hefði umsjón með stöðu hlífðarbúnaðar.

Framkvæmdastjórum, stjórnendum og lykilstarfsmönnum var kennt á fjarfundaforrit sem notuð voru til fundahalds, í þessu tilfalli Webex sem hafði þegar verið innleitt hjá Reykjavíkurborg.

Þá voru gefnar út leiðbeiningar sem bönnuðu handabönd og faðmlög auk þess sem sérstaklega var brýnt fyrir starfsfólki að þvo sér vel og nákvæmlega um hendur með sápu og að nota spritt til sótthreinsunar. Allt sælgæti í skálum var bannað á starfsstöðum nema það væri innpakkað. Prif á helstu snertiflötum voru einnig ítrekuð.

Farið var yfir starfsmannamál en ýmsar spurningar vöknudu strax í upphafi faraldursins varðandi laun í sóttkví og möguleika fyrir starfsfólk sem óttuðust að smitast af COVID-19 vegna undirliggjandi sjúkdóma. Gefa þurfti út leiðbeiningar varðandi sóttkví starfsmanna sem voru að koma heim frá hættusvæðum sem sóttvarnarlæknir hafði skilgreint sem slík.

Einnig var ákveðið að gera könnun á því hversu margar starfsmanneskjur A, B, og C flokkaðra starfsstaða eða aðstandendur þeirra hefðu verið á hættusvæðum á Ítalíu. Sviðsstjóri sendi tilmæli til heilbrigðisstarfsmanna sviðsins um að fara ekki til útlanda að svo stöddu.

Þann 4. mars hófst einnig vinna við viðmiðunarreglur fyrir þær starfseiningar sem mögulega þyrfti að loka ef kæmi til samkomubanns.

Búið var að útbúa leiðbeiningar til að setja upp í anddyrum starfsstaða. Forstöðumenn voru hvattir til að vera í sambandi við aðstandendur.²⁵⁸

6.8 Samráð við hagsmunasamtök og réttindagæslu fatlaðs fólks

Sem dæmi um hversu flókna starfsemi velferðarsvið rekur er að sækja þurfti um undanþágur hjá Réttindagæslu fatlaðs fólks vegna banns við beitingu nauðungar ef

²⁵⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 4. mars 2020.

mögulega þyrfti að grípa til aðgerða kæmi til smits hjá fötluðum íbúum. Var þar aðallega verið að hugsa um aðgerðir vegna sýnatöku, mögulega einangrun/innlokun vegna smits og fleiri aðstæður sem gætu kallað á slíkar aðgerðir. Sviðið rekur íbúðakjarna með sólarhringsþjónustu þar sem fatlað fólk með skynörvunarvanda býr sem getur verið hættulegt starfsfólki. Mikill mönnunarvandi vegna faraldursins hefði getað kallað á nauðungarinngríp eins og innlokun og lyfjagjöf.²⁵⁹

Að sögn Aðalbjargar Traustadóttur sem fer með málefni fatlaðs fólks hjá velferðarsviði kom þó ekki til þess að nýta þyrfti slíkar undanþágur enda var ætíð reynt að finna aðrar lausnir og náíð samráð haft við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og réttindagæslu fatlaðra.²⁶⁰

„Við vorum í þéttu sambandi við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Ég sendi strax erindi á Proskahjálpar og hélt upplýsingafundi með þeim. Í þriðju bylgjunni héldum við vikulega fundi með þeim. Á þeim voru formaður Proskahjálpar, Öryrkjabandalags Íslands, Geðhjálp og réttindagæslumaður fatlaðs fólks,“ segir Aðalbjörg.²⁶¹

6.9 Unnið á neyðarstigi

Pegar ríkislögreglustjóri lýsti yfir neyðarstigi vegna faraldursins 6. mars 2020 var viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar vegna neyðarstigs virkjuð. Grípa þyrfti strax til öflugra aðgerða á velferðarsviði til að vernda þjónustuna og notendur hennar. Taka varð með í reikninginn að smit inni á öldrunarstofnunum gætu valdið svo miklu álagi á heilbrigðiskerfið að það réði ekki við vandann. Sú ákvörðun var því tekin strax í samráði við embætti landlæknis og almannavarnir að loka hjúkrunarheimilum fyrir heimsóknum utanaðkomandi. Félagsstarfi aldraðra og dagdvalarúrræðum var einnig lokað. Stórum starfsstöðum fatlaðs fólks eins og Gylfaflöt og Iðjubergi var lokað en þar fer fram fer vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta fyrir fatlað fólk og eins minni starfsstöðum í svipaðri þjónustu í Arnarbakka og Völvufelli. Skammtímadvöl fyrir fötluð börn, ungmenni og fullorðna einstaklinga á fimm stöðum lokaði einnig. Þessar ákvarðanir voru kynntar hagsmunaaðilum og tilkynntar opinberlega.²⁶²

Einnig var skoðað í samráði við stéttarfélag hvort mögulegt væri að starfsfólk ynni frekar á heimilum fólks frekar en á skilgreindum starfsstað. Þá var farið í að athuga hvers konar starfsfólk gæti komið í stað fastráðins starfsfólks ef upp kæmu smit og hólfa þyrfti þjónustuna meira niður til að gæta sóttvarna.

²⁵⁹ Stefania Smáradóttir, Ólafur Árni Jónsson viðtal 20. desember 2022.

²⁶⁰ Aðalbjörg Traustadóttir viðtal 18. nóvember 2021.

²⁶¹ Sama heimild

²⁶² Vefur Reykjavíkurborgar, „Þjónusta velferðarsviðs Reykjavíkur – English below“, 6. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/thjonusta-velferdarsvids-reykjavikur-english-below>

Meginmarkmiðið var að sögn Berglindar Magnúsdóttur alltaf að hafa eins mikla þjónustu í gangi og hægt var á hverjum tíma. Þó þurfti að loka starfsstöðum þar sem viðkvæmir einstaklingar eða fólk með undirliggjandi sjúkdóma kom saman frá mörgum stöðum.²⁶³

Reynt var að útfæra þjónustu sem lokað var yfir í einstaklingsmiðaða þjónustu (maður á mann) til að minnka smithættu en halda starfsemi gangandi.

„Eftir 6. mars lokuðum við öllum vinnu- og virkniúrræðum fyrir fatlað fólk og dagdvöl fyrir fötluð börn. Þetta var erfið ákvörðun vegna þess að hún þýddi mikið rask fyrir bæði fólkið, aðstandendur og starfsfólk á sambýlum og íbúðakjörnum.

Við hófum strax undirbúning að því hvernig við gætum komið til móts við þessa einstaklinga. Við forgangsroðuðum m.a. þeim sem bjuggu heima hjá foreldrum í þjónustu til að hvíla heimilin. Við hættum að hugsa í húsum og hugsuðum frekar í þjónustu. Í þessu mættum við m.a. velvilja stéttarféлага til að þessi þjónusta gæti gengið upp en hún krafðist þess að fólk færi út af sínum starfsstöðum,“ segir Aðalbjörg Traustadóttir.²⁶⁴

Eftir 6. mars var hætt við að heimsækja þá starfsstaði sem voru eftir í heimsóknalotunni til að búa stjórnendur, starfsfólk og notendur undir faraldurinn. Ákveðið var að hringja frekar í stjórnendur, starfsfólk og aðstandendur íbúa.

8. mars var stofnað baklandsteymi fyrir forstöðumenn. Í því voru Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarstjóri heimahjúkrunar og Ólafía Magnea Hinriksdóttir, forstöðumaður skrifstofu málefna fatlaðs fólks. Þar var fólk á bakvakt allan sólarhringinn. Þetta var gríðarlega mikilvæg þjónusta sem nýttist vel en mikið mæddi á þessum starfsmönnum í faraldrinum.²⁶⁵

Einnig var stofnað teymi stuðningsþjónustu og annarrar starfsemi sem ekki heyrði undir heimþjónustu. Teyminu var m.a. ætlað að styðja við Vettvangs og ráðgjafarteymi VoR, færanlegt vettvangsteymi sem aðstoðar fólk með miklar og flóknar þjónustufarir sem nýtir m.a. neyðarskýlin og Liðsauka sem er sólarhringsþjónusta fyrir fatlað fólk sem býr í sjálfstæðri búsetu.

Á fundinum var einnig rætt um að gera þyrfti ráðstafanir til að hjúkrunarfræðingar á velferðarsviði væru ekki að koma saman til að forða þeim frá útbreiddu smiti. Þá var ákveðið að forgangsraða þjónustu við viðkvæmustu hópana í þjónustu sviðsins.²⁶⁶

Næstu daga var hugað því hvernig hægt væri að halda þjónustunni gangandi á sem skilvirkastan hátt. Leitast var við að halda áfram þjónustu á starfsstöðum þar sem er

²⁶³ Berglind Magnúsdóttir viðtal 18. nóvember 2021.

²⁶⁴ Aðalbjörg Traustadóttir viðtal 18. nóvember 2021.

²⁶⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 8. mars 2020.

²⁶⁶ Sama heimild.

skammtímadvöl fyrir fötluð börn en með skertu og breyttu fyrirkomulagi með hólfunum og færri gestum.

Pá var leitað leiða til að bjóða upp á áframhaldandi þjónustu fyrir notendur á starfsstöðunum lðjubergi og Gylfaflöt þar sem fram fer vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta fyrir fatlað fólk. Kannað var hvort hægt væri að hólfa staðina niður svo hægt yrði að halda úti starfinu eða senda starfsfólkið heim til fólksins. Varðandi Gylfaflöt kom fram að einfalt væri að hólfa húsnæðið niður þannig að þar væru aðeins fimm í hólfu ásamt starfsfólki og tryggja að ekki yrði samgangur á milli.²⁶⁷

Teymi stjórnsýsluhúsa var sett á fót 10. mars. Það tók ákvarðanir varðandi tilhögun sóttvarna í stjórnsýsluhúsum og þjónustueiningum. Starfseiningar voru hólfaðar niður, t.d. fyrir framlínustarfsfólk þjónustumiðstöðvanna, gestakomur voru takmarkaðar og nákvæmar leiðbeiningar gefnar út fyrir starfsfólk um sóttvarnir og þrif. Pá var mælt með því að fólk ynni heima ef það mögulega gæti og að fjarfundabúnaður yrði nýttur eftir föngum. Gert var ráð fyrir að minnst helmingur starfsfólksins ynni heima og að stjórnendur gættu þess öllum stundum að vera ekki á sama stað og þeirra staðgenglar svo fólk smitaðist ekki á sama tíma.

Ákvörðun var tekin um að skipta starfsfólki heimaþjónustunnar upp í minni hópa sem hittust ekki til að fyrirbyggja fjöldasmit sem gæti leitt til þess að þjónustan rofnaði.²⁶⁸

Líta þurfti til með umsækjendum um alþjóðlega vernd en um var að ræða 247 einstaklinga. Þeir fengu fræðslu varðandi hreinlæti og sóttvarnir. Tvær auðar íbúðir voru til reiðu ef einhver myndi smitast og þyrfti á einangrun að halda.

Á fundi neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. mars var rætt um sólarhringsopnun neyðarskýla fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustubarfir en sólarhringsopnun var fljótlega komið á þegar meira og minna allt lokaði vegna samkomutakmarkana.²⁶⁹

Leitað hafði verið til stéttarféлага og álit fulltrúa þeirra fengið á því hvort réttmætt væri að fá fólk til að fylgja notendum þjónustu heim t.a.m. í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Hvorki Proskapjálfafélag Íslands né Sameyki settu sig upp á móti því í ljósi aðstæðna en tóku fram að ekki væri hægt að skikka fólk til þessara breyttu vinnuaðstæðna.²⁷⁰

Áfram var rætt um tæknimál á fundum neyðarstjórnar og unnið í því að koma á skjáheimsóknum til notenda. Barnavernd Reykjavíkur notaði Kara Connect kerfi til funda með notendum þjónustunnar.

²⁶⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 9. mars 2020.

²⁶⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. mars 2020.

²⁶⁹ Sama heimild.

²⁷⁰ Sama heimild.

6.10 Samkomubann

Á fundi 12. mars var í fyrsta sinn rætt um hugsanlegt samkomubann sem gæti orðið að veruleika á næstu dögum vegna fjölgunar smita í samfélaginu.

Samþykkt var að leigja þrjár íbúðir af Félagsbústöðum sem hægt væri að nota til einangrunar kæmi upp smit.

Pá var einnig stofnað teymi til stuðnings þjónustuíbúðum og öðrum öldrunarstofnunum. Talsverðar áhyggjur voru af starfsemi í Seljahlíð þar sem þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili eru í samrekstri.

Ákveðið var að takmarka opnunartíma þjónustumiðstöðva frá kl. 10:00 – 15:00 frá og með mánudeginum 16. mars. Notendum voru sendar upplýsingar um það og boðið að skila gögnum í póstkassa.²⁷¹

Greint var frá fyrirhuguðu samkomubanni sem ríkisstjórnin var búin að ákveða að koma á frá miðnætti mánudaginn 16. mars á fundi neyðarstjórnar velferðarráðs föstudaginn 13. mars.²⁷²

Ákveðið var að draga úr kröfum um undirskriftir umsókna sem fólu í sér að einstaklingar þyrftu að koma í eigin persónu á þjónustumiðstöðvarnar til að skrifa undir og átti þetta hvoru tveggja við um umsóknir vegna áframhaldandi þjónustu og nýjar umsóknir. Þetta var gert til að tryggja þjónustu við notendur en einnig til að draga úr smithættu vegna umferðar notenda inn á þjónustumiðstöðvarnar.

Búið var að skipuleggja dreifingu sóttvarnarbúnaðar en heimaþjónustan var með búnað fyrir allt sviðið fyrir utan hjúkrunarheimilin. Gefnar voru út leiðbeiningar um að enginn ætti að klæða sig í búning nema þar sem staðfest COVID-19 smit væru.

Skortur á ákveðnum sóttvarnarbúnaði var viðvarandi 2020. Skorturinn hefði getað valdið hópsmitum í ákveðnum tilvikum vegna þess að starfsfólk sinni veikum einstaklingum aðeins með venjulegar andlitsgrímur og hanska þar til COVID-19 smit voru staðfest. Ekki eru samt staðfest tilvik um að þetta hafi gerst en stjórnendur grunaði slíkt í einu tilfalli. Heppilegt væri að hafa ætíð til lager af slíkum búningum og búa til verklagsreglu um að kanna og endurnýja lager reglulega eftir föngum.^{273 274}

²⁷¹ Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 12. mars 2020.

²⁷² Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 13. mars 2020.

²⁷³ Stefánía Smáradóttir og Ólafur Árni Jónsson viðtal 20. des 2022.

²⁷⁴ Hanna Kristín Sigurðardóttir, forstöðukona íbúðakjarnans á Barðastöðum, viðtal 8. nóvember 2021.

Á þessum tíma kom upp staðfest smit í íbúðakjarna og hugmyndir komu fram um að stofna bakvarðasveit en miklar áhyggjur voru af því á þessum tímamarki hvað myndi gerast ef margt starfsfólk yrði frá vinnu vegna einangrunar eða sóttkvíar í einu.

Í dagdvalarúrræðum aldraðra varð að einstaklingsmiða þjónustuna og veita þeim sem voru í hvað mestri þörf þjónustu, eins og böðun og aðra umönnun.

Mikill tími fór í að útbúa og gefa út margvíslegar leiðbeiningar um allt milli himins og jarðar, t.d. varðandi meðferð matar og takmarkaða umgengni við hann hjá Barnavernd sem einnig þurfti að hafa aðgang að salerni fyrir gesti á Höfðatorgi.

Að auki þurfti að vera til staðar hlífðarbúnaður fyrir Barnaverndarstarfsfólk sem sinnti eftirliti en tekið var fram að enginn ætti að nota slíka búninga nema um staðfest smit væri að ræða þar sem skortur var á hlífðarbúningum í upphafi faraldursins.

Þá kom fram að mikil mannekla og álag væri á Sléttuvegi þar sem heimahjúkrun starfar m.a. en þar eru einstaklingar í þjónustu sem þurfa mikla umönnun. „Ef mönnun fer undir 50% er ekki hægt að halda starfseminni gangandi,“ segir í fundargerðinni.²⁷⁵

Ljóst er að ekki hefði mikið mátt út af bregða til að þjónusta við notendur yrði í talsverðu uppnámi eins og gerðist síðar í faraldrinum þegar smit urðu stjórnlaus í upphafi árs 2022.

6.11 Smit í íbúðakjarna

Um miðjan mars kom upp smit í íbúðakjarna í Þórðarsveig þar sem íbúi smitaðist. Þá kom m.a. fram þörf fyrir það að skipuleggja stuðning við starfsfólk sem þurftu að sinna veiku fólki og var mannauðsstjóra sviðsins falið að finna aðila sem gæti tekið að sér að hringja í starfsfólk, kanna líðan þeirra og spjalla.

Slíkur aðili var fundinn og var til staðar fyrir starfsfólk og nýtti margt starfsfólk í framlínubjónustu sviðsins sér þjónustu hans. Að sögn teymisstjóra í heimahjúkrun var slík hjálp og leiðsögn ómetanleg og hjálpaði þeim að komast í gegnum ástandið.²⁷⁶

Rætt var um hvort áfram ætti að leyfa heimsóknir í þjónustuíbúðakjarna í stað tilmæla um að draga úr þeim. Niðurstaðan var sú að heimsóknir voru leyfðar í þjónustuíbúðir allan faraldurinn en fólk var hvatt til að draga úr þeim á meðan samkomutakmörkunum stóð. Enn

²⁷⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 13. mars 2020.

²⁷⁶ Tinna Sigurðardóttir og Margrét Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingar hjá heimabjónustu Reykjavíkurborgar, viðtal 16. nóvember 2021.

var boðið upp á hárgreiðslu og fót snyrtingu en reglugerðir sem settar voru síðar lokuðu á slíka þjónustu alls staðar.

Minnt var á að allir framkvæmdastjórnar þyrftu að vera með staðgengla og gæta þess að vera ekki í snertingu við þá.

Þá kom fram að fartölvur og tæknibúnað vantaði fyrir starfsfólk í heimaþjónustu og var farið í að útvega búnaðinn.

Stjórnendur voru hvattir til að COVID merkja allan kostnað vegna aðgerða í faraldrinum en það voru skýr skilaboð frá Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Um miðjan mars var búið að skipuleggja starf þjónustumiðstöðvanna og hólfa niður til að fyrirbyggja smit.²⁷⁷

6.12 Minnt á starfsfólk í velferðarþjónustu

Tilgreint er í fundargerð 17. mars að sviðsstjóri velferðarsviðs, Regína Ásvaldsdóttir, hafi sent bréf til Ölmú D. Möller landlæknis og Óskars Reykdal forstöðumanns heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er eftir því að starfsfólk fái að vera í svokallaðri B-sóttkví ef þeir vinna við að þjónusta einstaklinga í sóttkví eða einangrun en slíkri B-sóttkví var beitt þegar smitið í Þórðarsveig kom upp. Einnig var óskað eftir forgangi í sýnatöku og rakningu fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum á velferðarsviði. Í bréfinu fór Regína Ásvaldsdóttir einnig fram á að ekki væri einungis talað um heilbrigðisstarfsfólk í umræðunni um COVID-19 heldur einnig starfsfólk í velferðar- og umönnunarþjónustu.²⁷⁸

Það var almennt viðhorf starfsfólks og stjórnenda á velferðarsviði á tímum faraldursins að hlutur starfsfólks í velferðarþjónustu væri heldur rýr í opinberri umræðu þegar rætt var um starfsfólk í framlínustörfum. Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri lýsir þessu viðhorfi í viðtali og það gera einnig þeir stjórnendur á velferðarsviði sem skýrsluhöfundur ræddi við, m.a. Ólafía Magnea Hinriksdóttir verkefnastjóri, Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarstjóri, Aðalbjörg Traustadóttir skrifstofustjóri og fleiri sem stóðu í stafni hjá velferðarsviði í faraldrinum. Í tveimur skýrslum sem unnar voru fyrir velferðarsvið um fyrstu þrjár bylgjur faraldursins kemur þetta viðhorf einnig fram hjá mörgum starfsmönnum sviðsins.^{279 280 281}

²⁷⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 16. mars 2020.

²⁷⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 17. mars 2020.

²⁷⁹ Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, viðtal 30. september 2021.

²⁸⁰ Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og heimsfaraldur Covid-19: Undirbúningur, aðgerðir og tækifæri, skýrsla unnin fyrir velferðarsvið 21. september 2020.

²⁸¹ Skúli Hakím Thoroddsen Mechiat: Aðgerðir, áskoranir og áhrif, Starfssemi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í annarri og þriðju bylgju kórónuveirufaraldursins, skýrsla unnin fyrir velferðarsvið 31. ágúst 2021

Á fundi stjórnenda í velferðarþjónustu af öllu höfuðborgarsvæðinu, sem haldinn var í nóvember 2022 í boði almannavarna höfuðborgarsvæðisins, þar sem farið var yfir viðbrögð við faraldrinum var þetta almennt viðkvæði þeirra sem sátu fundinn. Þar heyrðist m.a. það viðhorf að hluti af þreytu starfsfólks í velferðarþjónustu sem nú gætti eftir faraldurinn væri afleiðing af því að lítið hefði verið minnst á mikilvægi umönnunarstarfa í opinberri umræðu meðan á faraldrinum stóð og starfsframlagi fólks í umönnunarþjónustu lítt hampað.²⁸²

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri lýsir því einnig í viðtali að mikil orka hafi farið í það að fá skilning sóttvarnarlæknis bæði á áðurnefndri B-sóttkví en ekki síður á forgangi starfsfólks velferðarþjónustunnar í sýnatöku og rakningu eins og fordæmi var fyrir hjá heilbrigðisstarfsfólki. Það var ekki fyrr en sviðsstjórinn hafði leitað beint til Kára Stefánssonar hjá Íslenskri erfðagreiningu og fengið hann til að samþykkja að fyrirtækið annaðist umrædda sýnatöku að augu sóttvarnaryfirvalda opnuðust og forgangurinn fékkst. Regína lýsir þessu sem hálfgerðum slag. Forystufólk í heilbrigðisþjónustunni hafi engan veginn gert sér grein fyrir því hversu mikilvæga og flókna starfsemi velferðarsvið Reykjavíkurborgar reki á sviði umönnunar fatlaðs fólks og heilbrigðisþjónustu.²⁸³

Í fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs frá 17. mars er enn rætt um að spara þurfi hlífðarbúnað og að ekki sé mælt með því að starfsmenn noti grímur í umönnun almennt séð. Þetta var almennt viðhorf heilbrigðisyfirvalda á þessum tíma varðandi grímunotkun en ekki var mælt með almennri grímunotkun fyrr en í þriðju bylgju faraldursins, haustið 2020.²⁸⁴

6.13 Hugað að öldruðum og heimilisláusu fólki

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri var í sambandi við hagsmunasamtök eldri borgara á þessum tíma en áhyggjur forsvarsmanna þeirra snerust aðallega um einmanaleika og næringu gamla fólksins í faraldrinum. Starfsfólk velferðarsviðs fór þá í að vinna lista yfir eldra fólk sem talið var að ætti fáa að og byggi eitt. Tekist hafði að afgreiða allar beiðnir um heimsendan mat til fólks en álitamál var hvort fjöldi bíla væri nægur til að keyra út matinn ef mikil aukning yrði á heimsendingu matar. Auglýst var að eldri borgarar og aðrir gætu sótt um heimsendan mat með því að senda tölvupóst á netfangið maturinnheim@reykjavik.is.

Ákvörðun var tekin um að leigja Grandagarð 1 til þriggja mánaða til að bæta við húsnæði neyðarskýla borgarinnar svo hægt yrði að bæta sóttvarnir í gistiskýlunum.

Viðbótarhúsnæðið var hugsað til þess að notendur gistiskýla gætu átt þar athvarf á meðan þeir biðu eftir niðurstöðum úr COVID-19 sýnatökum eða verið þar í einangrun á meðan smit gengi yfir.

²⁸² Fundarpunktur skýrsluhöfundar af fundi hjá AHS.

²⁸³ Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, viðtal 30. september 2021.

²⁸⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 17. mars 2020.



6.13 Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra skrifa undir samning í fjarfundabúnaði um úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda vegna faraldursins. Maríubúð, Ráðhús Reykjavíkur, 8. apríl 2020. Mynd: Reykjavíkurborg.

Verið var að þýða upplýsingar um COVID-19 yfir á fjölda tungumála. Miklu máli skipti að erlent starfsfólk og notendur þjónustu fengi réttar upplýsingar um faraldurinn því í ljós kom að margir reiddu sig á óáreiðanlegar upplýsingar frá heimalöndum sínum en víða voru aðgerðir gegn faraldrinum með allt öðru sniði en hér heima.²⁸⁵

6.14 Sóttvarnarnefnd stofnuð

Samþykkt var að stofna sóttvarnarnefnd velferðarsviðs vegna COVID-19 um miðjan mars.

II

„Nefndin ber ábyrgð á því að öll fyrirmæli sem gefin eru út í plaggi sem og tölvupóstum og varða sóttkví, einangrun og vinnu með íbúa/skjólstæðinga fari í gegnum nefndina,“ segir í fundargerð

²⁸⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 18. mars 2020.

neyðarstjórnar velferðarsviðs 19. mars.

Þar kom einnig fram að nefndin yrði tengiliður sviðsins við Heilsugæsluna og við embætti landlæknis. Nefndinni var fyrst og fremst ætlað að veita ráðgjöf í síma til forstöðumanna og framkvæmdastjóra því fyrirspurnum rigndi inn vegna sóttkvíar og einangrunar. Nefndin var skipuð hjúkrunarfræðingunum Lilju Petru Ólafsdóttur, Berglindi Víðisdóttur og Eyrúnu Ellý Valsdóttur. Ólafía Magnea Hinriksdóttir frá skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði tók einnig sæti í nefndinni nokkrum dögum síðar.²⁸⁶

Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra var stofnun nefndarinnar mikið happaskref og bjargaði miklu í starfsemi sviðsins þar sem stjórnendur starfsstaðanna höfðu á vísan að róa til að fá allar upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð varðandi allar sóttvarnaraðgerðir og notkun búnaðar. Hún segir ennfremur að samstarf hjúkrunarfræðinga í störfum hjá sviðinu og þroskapjálfa hafi verið einstaklega vel heppnað í faraldrinum.²⁸⁷

Sóttvarnarnefnd fékk beint númer hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem tryggði forgang starfsfólks sem vann við búsetuúrræði og heimaþjónustu sviðsins í skimun vegna veirunnar. Þetta hafði verið ágreiningsefni á milli sviðsins og heilbrigðisyfirvalda en leystist að einhverju leyti með þessu.²⁸⁸

Um þetta leyti í faraldrinum fór að bera á því á þjónustumiðstöðvunum að þangað leitaði fólk sem hafði ekki í nein hús að venda en var ekki í hópi heimilislausra með flóknar þjónustuparfir. Í þessum hópi var fólk sem hafði dvalið í útlöndum og átti ekki heimili á Íslandi og fólk sem dvalið hafði hjá vinum og vandamönnum. Reynt var að greiða úr vanda þessa fólks en úrræði voru af skornum skammti.²⁸⁹

Nokkru síðar kom upp frekar neyðarlegt atvik þar sem almannavarnir höfuðborgarsvæðisins fengu símtal frá ríkislögreglustjóra um að flugvél væri á leiðinni frá Spáni til Íslands og í henni væri heimilislaust fólk, hvaðanæva af landinu, sem Reykjavíkurborg þyrfti að útvega húsnæði í snarhasti. Hringt var í sviðsstjóra frá fulltrúum utanríkisráðuneytisins að kvöldi til og farið fram á að velferðarsvið Reykjavíkurborgar útvegaði húsnæði með hraði. Því var neitað enda ekki í verkahring velferðarsviðs að taka á móti fólkinu. Í framhaldi var hins vegar gerður samningur á milli félagsmálaráðuneytisins og velferðarsviðs um tímabundna neyðarmóttöku til handa þeim sem væru í slíkum aðstæðum.²⁹⁰

²⁸⁶ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 19. mars 2020.

²⁸⁷ Regína Ásvaldsdóttir, viðtal 30. september 2021.

²⁸⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 19. mars 2020.

²⁸⁹ Sama heimild.

²⁹⁰ Sama heimild.

Þetta var gott dæmi um þau óvæntu verkefni sem duttu inn á borð til stjórnenda á tímum heimsfaraldursins.

Til að mæta neyðaraðstæðum voru þrjár íbúðir útbúnar í Sólheimum og voru tvær nýttar fyrir einangrun og sóttkví og sú þriðja fyrir starfsfólk sem myndi þjónusta íbúa í hinum íbúðunum. Íbúðirnar voru hugsaðar sem úrræði ef upp kæmi smit á herbergjasambýlum fyrir fatlað fólk.

6.15 Viðbragðsteymi velferðarþjónustu á vegum ríkisins

Ríkið hafði forgöngu um að stofna sameiginlegt viðbragðsteymi velferðarþjónustu til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa í COVID-19. Viðbragðsteymið var stofnað af félags- og barnamálaráðuneyti, samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsteymið var skipað fulltrúum fyrrgreindra aðila og fulltrúum frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri framkvæmdar þjónustu, var skipuð af velferðarsviði. Teymið fundaði vikulega í faraldrinum.

Aðalbjörg mætti á fyrsta fund teymisins 18. mars. Þar kom fram að Reykjavík yrði í því hlutverki að miðla upplýsingum og verklagi til annarra sveitarfélaga sem varð reyndin þar sem öllum leiðbeiningum, þýðingum og öðrum upplýsingum var miðlað til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem miðluðu því áfram. Náíð samtal var einnig á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en fulltrúar fagsviða hittust reglulega á fundum sem Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins stóðu fyrir í seinni bylgjum faraldursins.

Aðalbjörg segir að stofnun teymisins hafi verið skynsamleg ráðstöfun hjá félags- og barnamálaráðherra og hafi hjálpað til við að auka yfirsýn og samvinnu á milli aðila í faraldrinum. Póra Kristín Ásgeirsdóttir deildarstjóri hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins sat einnig í teyminu.²⁹¹

6.16 Teymi fyrir þjónustuíbúðir

24. mars var sérstakt teymi fyrir þjónustuíbúðir stofnað og leiddi Þórhildur Guðrún Egilsdóttir deildarstjóri öldrunarmála hjá velferðarsviði teymið en í því voru að auki Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, Margrét Árdís Ósvaldsdóttir hjúkrunarfræðingur í Seljahlíð og forstöðumenn þjónustuíbúða voru enn fremur í hópnum en í þjónustuíbúðum á vegum borgarinnar búa um 380 manns. Teymið hélt alls 48 fundi og hélt fundargerðir sem

²⁹¹ Aðalbjörg Traustadóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

póstað var á Workplace-síðunni *Þjónustuíbúðir COVID-19 teymi*. Síðasti fundur teymisins var haldinn 17. janúar 2022.²⁹²

Að sögn Þórhildar Guðrúnar Egilsdóttur deildarstjóra öldrunarmála var aldrei lokað alveg á heimsóknir í þjónustuíbúðir í faraldrinum en fólk þurfti að hringja þjöllu áður en farið var inn á staðina en húsunum var læst. Gestir þurftu því að gefa sig fram við starfsfólk áður en þeir heimsóttu íbúa. Aðstandendur voru hvattir til að fara eftir öllum sóttvarnarreglum og mælst til að aðeins einn kæmi í heimsókn í hvert sinn til að minnka umferð um byggingarnar og draga úr smithættu. Í sama tilgangi var ekki úthlutað í lausar íbúðir næstu vikurnar og opnaði sú þjónusta ekki aftur fyrr en í maí þegar samkomutakmörkunum var aflétt.²⁹³

Hárgreiðslu- og fóttaðgerðarstofum sem reknar eru í tengslum við þjónustuíbúðir og félagsmiðstöðvar eldri borgara var lokað samkvæmt reglugerð sem sett var. Margar fyrirspurnir bárust frá rekstraraðilum þessara stofa um hvort borgin myndi lækka eða fella niður húsaleigu vegna ástandsins. Ekki fengust heimildir til þess en fólk var boðið að dreifa húsaleigugreiðslum í sex mánuði. Þetta mæltist frekar illa fyrir hjá sumum rekstraraðilum. Hættu sumir rekstri vegna þessa þar sem sáu fram á lægri tekjur eftir algjöran tekjumissi á meðan lokunum stóð.²⁹⁴

6.17 Skjáver opnað með hraði

Áður en faraldurinn hófst var hafinn undirbúningur að skjáheimsóknum til notenda heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Eftir að neyðarstigi var komið á hófst hins vegar vinna velferðartækniteymis af fullum krafti við að koma upp aðstöðu til að framkvæma skjáheimsóknir.²⁹⁵

Fartölvum var úthlutað til starfsmanna heimaþjónustunnar og 25. mars var fullbúið skjáver tilbúið svo hægt væri að sinna skjáheimsóknum.²⁹⁶

Í skjáverinu gátu þrjár starfsmanneskjur unnið að skjáheimsóknum til notenda heimaþjónustu.

Þetta verkefni var klárað á methraða og tókst mjög vel. Í stað þess að fara stöðugt í heimsóknir inn á heimili fólks var farið í eina heimsókn til að setja búnaðinn upp og kenna notendum á hann. Eftir að búnaðurinn var kominn upp gátu hjúkrunarfræðingar talað við notendur í gegnum skjá og sinnt vitjunum án þess að fara á staðinn nema í nauðsynlegum

²⁹² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. mars 2020.

²⁹³ Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, viðtal.

²⁹⁴ Viðtal við ónefndan rekstraraðila.

²⁹⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 11. mars 2020.

²⁹⁶ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 25. mars 2020.

tilvikum. Þessi tækni auðveldaði því starf heimaþjónustunnar í faraldrinum, jók öryggi notenda gegn smitum og var í alla staði til hægðarauka fyrir notendur og þjónustuaðila.

Skjáheimsóknir henta auðvitað ekki öllum en spara augljóslega ferðir, tíma og mannafla og henta því sérstaklega vel í aðstæðum eins og COVID-19.

Fram kemur í fundargerðum neyðarstjórnar velferðarsviðs um miðjan apríl þegar nokkur reynsla var komin á þessa starfsemi að skjáheimsóknirnar hafi mælst vel fyrir og að tæknin virki vel.²⁹⁷

Í lok október 2020 birtist síðan frétt frá velferðarsviði um að þeir notendur heimaþjónustu sem nýttu sér skjáheimsóknir væru ánægðir með þjónustuna og hefðu um eitt þúsund skjáheimsóknir verið framkvæmdar á um hálfu ári. Í fréttinni kemur m.a. fram að byrjað hafi verið á því að heimsækja einstaklinga sem voru farnir að afþakka þjónustu vegna faraldursins.²⁹⁸

6.18 Rafræn skilríki þröskuldur

Tæknin getur samt einnig verið til trafala ef fólk kann ekki á hana. Starfsfólk á þjónustumiðstöðvum fékk margar fyrirspurnir frá fólki um það hvernig sótt væri um rafræn skilríki og var þeirri hugmynd velt upp hvort ekki væri mögulegt að framleiða myndbönd með leiðbeiningum. Þetta var ekki gert á þessum tíma en hugmyndinni var haldið lifandi og hún framkvæmd síðar.

Þrjú myndbönd með leiðbeiningum um rafræn skilríki hafa nú verið gerð og voru þau sett inn á Mínar síður á vef Reykjavíkurborgar síðla árs 2022.

<https://reykjavik.is/rafraen-skilriki-leidbeiningar>

Kristjana Björk Barðdal hjá skrifstofu þjónustu og umbreytingar hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði segir að við framleiðslu myndbandanna hafi verið lagt upp með að ráðgjafar gætu skoðað myndböndin með sínum skjólstæðingum. Myndböndin hafi síðan verið unnin af starfsfólki þjónustu- og nýsköpunarsviðs með góðum ráðleggingum frá Landssamtökunum Proskahjálp. Til gamans má geta þess að starfsfólk Reykjavíkurborgar ljær myndböndunum raddir sínar. Þótt myndböndin hafi ekki nýst í faraldrinum eru þau góð viðbót við þjónustu borgarinnar og ágætt dæmi um það hvernig faraldurinn leiddi í ljós ýmislegt sem hægt var að bæta í þjónustunni.²⁹⁹

²⁹⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 14. apríl 2020.

²⁹⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Hátt í þúsund skjáheimsóknir á hálfu ári“, 26. okt. 2020 <https://reykjavik.is/frettir/hatt-i-1000-skjaheimsoknir-halfu-ari>

²⁹⁹ Kristjana Björk Barðdal, tölvupóstur 14. desember 2022.

Í ljós kom að rafræn skilríki sköpuðu viss vandamál í faraldrinum þar sem bæði aldrað fólk og margt fatlað fólk var ekki með slík skilríki. Því gat verið erfiðleikum háð fyrir stjórnendur t.d. á sambýlum að fá upplýsingar úr Heilsuveru um niðurstöður úr PCR prófum.³⁰⁰

6.19 Miklar áskoranir í velferðarþjónustu

Í frétt frá Reykjavíkurborg 24. mars kom fram að áskoranir í velferðarþjónustu væru fjölmargar í samkomubanni vegna faraldursins. Í fréttinni var rætt við Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra og farið yfir viðtæka starfsemi sviðsins. Regína sagði að mikið mæddi á starfsfólki velferðarsviðs í faraldrinum en í stað þjónustu sem var lokuð eða skert hefði verið reynt að útbúa einstaklingsbundnar lausnir fyrir sem flesta.

„Þegar loka þurfti skammtíamavistun fyrir fötluð börn og unglinga og dagþjálfun fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga var lögð áhersla á að fylgjast með þörfum hvers og eins, m.a. með því að bjóða smærri hópum í einu á starfsstöðvar. Auk þess fara starfsmenn inn á heimili einstaklinga með stuðning.“³⁰¹

Á fundi neyðarstjórnar 26. mars var m.a. rætt um að aukið fjármagn þyrfti til að reka búsetuúrræði og var forstöðumönnum veitt svigrúm til að bæta í starfsmannahald eða gera nauðsynlegar breytingar á vaktafyrirkomulagi ef þyrfti vegna faraldursins.

Velferðarsvið ákvað að gefa öllum starfsfólki sínu páskaegg líkt og skóla- og frístundasvið gerði.³⁰²

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri kom einnig fram á upplýsingafundi almannavarna með þríeykinu laugardaginn 28. mars. Þar fór hún yfir aðgerðir í velferðarþjónustu borgarinnar í faraldrinum og benti á mikilvægi starfsfólks í umönnunarstörfum sem stæði vaktina við þessar sérkennilegu og fordæmalausu aðstæður.

Á fundi neyðarstjórnar velferðarsviðs 30. mars var rætt um vaxandi áhyggjur vegna heimilisslauss fólks og þeirra sem dvelja í neyðarskýlum borgarinnar og velferðarsvið, Landspítalinn og Rauði krossinn sinna. Kallað var eftir sérstöku sóttvarnarhúsi fyrir þennan hóp ef einstaklingar úr honum þyrftu að fara í einangrun eða sóttkví. Þessir einstaklingar voru sumir hverjir sagðir illa færir um að fylgja sóttvarnarlögum og þyrftu einnig sérstaka aðhlyningu ef þeir lentu í einangrun til dæmis vegna fíknar sinnar.³⁰³

³⁰⁰ Hanna Kristín Sigurðardóttir, forstöðukona á Barðastöðum, viðtal.

³⁰¹ Áskoranir í velferðarþjónustu, frétt á vef Reykjavíkurborgar, 24. mars 2020. <https://reykjavik.is/frettir/askoranir-i-velferðarþjónustu>

³⁰² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 26. mars 2020.

³⁰³ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 30. mars 2020.

Starfsfólk í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk var einnig undir miklu álagi í samkomubanninu þar sem íbúarnir voru mikið heima vegna lokunar vinnustaða. Um helmingur einstaklinga, um 40 manns, sem nýtti lðjuberg, Gylfaflöt eða aðra virkni- og dagþjónustu fékk ekki neina þjónustu. Starfsfólk frá Hinu húsinu fór hins vegar inn á heimili fatlaðra unglunga og gekk það vel.

Starfsfólk sem vann með fötluðu fólki í búsetuúrræðum og víðar þurfti að grípa til alls kyns ráða til afþreyingar fyrir íbúa sem höfðu í fá hús að venda í faraldrinum þar sem ýmis venjuleg þjónusta var lokuð vegna fjöldatakmarkana, t.a.m. sundlaugar, kvikmyndahús, kaffihús og veitingastaðir. Í mörgum tilvikum sýndi starfsfólk mikið hugmyndaríki í þessum efnum.

Breytingar voru gerðar á verklagi varðandi sýnatöku og þurfti starfsfólk ekki lengur að fara í gegnum Lilju Petru Ólafsdóttur hjúkrunarfræðing í sóttvarnarteyminu heldur gat leitað beint til heilsugæslustöðvar. Lilja Petra var hins vegar enn með forgang íbúa í búsetuúrræðum á sinni könnu.³⁰⁴

31. mars kemur fram að búið sé að ráða 11 starfsmanneskjur úr bakvarðasveit en beiðnir frá forstöðumönnum voru 16.

Í lok mars var unnið að greiningu sviðsmynda á því hvernig starfsemin yrði miðað við 75%, 50% eða 25% mönnun. Þar var einnig skoðað til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa, jafnvel með litlum fyrirvara, ef eitthvað henti á hjúkrunarheimili. Sviðsstjóri lagði áherslu á að koma upp bakvarðasveit innan sviðsins og lagði til að framkvæmdastjórar kortlegðu hjá sér hvaða starfsemi væri mögulegt að skerða og hvernig hægt væri að nýta það starfsfólk á starfseiningum sem þyrftu meiri mönnun.³⁰⁵

Í byrjun apríl fóru ráðgjafar af velferðarsviði í það að hringja í alla sem sáu sjálfir um umsýslu sinna NPA samninga og nutu þjónustu frá NPA miðstöðinni. Komið hafði í ljós að þessir einstaklingar höfðu gleymst varðandi þjónustu og kom það stjórnendum á velferðarsviði á óvart samkvæmt Aðalbjörgu Traustadóttur skrifstofustjóra hjá framkvæmd þjónustu.^{306 307}

Enn var hörgull á sóttvarnarbúnaði, t.d. einföldum en viðurkenndum sóttvarnargrímum en einhverjir notendur þjónustu á sumum stöðum gerðu kröfur um að starfsfólk væri með grímu við störf sín, sérstaklega þegar verið var að sinna fólki mjög náíð.

³⁰⁴ Sama heimild.

³⁰⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 31. mars 2020.

³⁰⁶ Aðalbjörg Traustadóttir viðtal 18. nóvember 2021.

³⁰⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 2. apríl 2020.

Borgarvaktin var stofnuð í byrjun apríl og var fyrsti fundur hennar 3. apríl. Hún hafði það hlutverk að meta hvernig hægt væri að mæla breytingar í samfélaginu vegna faraldursins.

Fjöldi barna sem höfðu tilkynnt sig sjálf til Barnaverndar hafði aldrei verið meiri í einum mánuði en í mars 2020 og var mikið álag á símvakt Barnaverndar.³⁰⁸

Félags og barnamálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið settu af stað sérstakt hvatningarátak í lok mars og byrjun apríl til að vernda börn í sérstæðum aðstæðum faraldursins undir slagorðinu „Við erum öll barnavernd.“ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hafði vakið athygli á að börn gætu verið í sérstökum áhættuhópi vegna víðtækra áhrifa faraldursins á fjölskyldulíf þar sem foreldrar væru óvenju mikið heima með börnum sínum. Hér á landi var ástandið svipað, margir að vinna heima og skólavist barna skert sem jók heimaveru þeirra með foreldrum. Þá jókst atvinnuleysi hratt með tilheyrandi fjárhagsáhyggjum og kvíða fyrir þá sem lentu í uppsögnum eða atvinnumissi vegna samkomubanns. Í átakinu var biðlað til almennings um að tilkynna ef grunur léki á því að börn væru í hættu.

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra skrifaði grein í lok mars sem send var fjölmiðlum undir forskriftinni „Við erum öll barnavernd“.

„Um þessar mundir er aukið álag á öllu samfélaginu og þá ekki síst mikilvægustu einingu þess, fjölskyldunni. Kvíði og streita getur skapast í tengslum við samkomubann, efnahagslegar áskoranir og minna aðgengi að stuðnings- og þjónustukerfum, bæði fagaðilum og ömmum, öfum og öðrum fjölskyldumeðlimum.

Reynslan sýnir okkur því miður að við þessar aðstæður aukast líkur á að börn verði þolendur vanrækslu og ofbeldis, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt,“ skrifaði Ásmundur Einar.³⁰⁹

Mikil fjölgun varð á tilkynningum til barnaverndar Reykjavíkur í mars 2020 og hélt sú fjölgun áfram út árið.

Í mars bárust ellefu tilkynningar frá börnum en höfðu verið á bilinu 1-3 í sama mánuði undanfarin ár.

Sextíu tilkynningar bárust frá nágrönnum eða almennum borgurum en þær höfðu verið á bilinu 22 – 39 undanfarin ár.

³⁰⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3.apríl 2020.

³⁰⁹ Ásmundur Einar Daðason: „Við erum öll barnavernd,“ Kjarninn 29. mars 2020 <https://kjarninn.is/skodun/2020-03-29-vid-erum-oll-barnavernd/>

Pá var 21 tilkynning um heimilisofbeldi en að meðaltali berast um 18 tilkynningar um heimilisofbeldi í hverjum mánuði.

71 tilkynning barst þar sem barn var í yfirvofandi hættu, en þær hafa verið á bilinu 28-42 í marsmánuði undanfarin ár.³¹⁰

Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur hélt áfram að fjölga í apríl en þá bárust 468 tilkynningar um 332 börn. „Alls voru 220 tilkynninganna vegna vanrækslu, 135 vegna áhættuhegðunar barna og 113 vegna ofbeldis. Í 71 tilviki var barn metið í bráðri hættu,“ segir í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg um fjölgunina. „Athygli vekur að tilkynningum um heimilisofbeldi, þar sem börn komu við sögu, fjölgaði hlutfallslega mjög mikið milli mánaða og hafa ekki verið fleiri í upphafi árs í rúman áratug.“ segir ennfremur.³¹¹

Þessi sorglega þróun hélt áfram út árið samkvæmt tölfræði Barnaverndar Reykjavíkur.

„Ef tilkynnt er um heimilisofbeldi og barn er á heimilinu fer fulltrúi frá Barnavernd Reykjavíkur á vettvang. Athygli vekur að útköll vegna heimilisofbeldis þar sem kona er brotþoli voru orðin 188 við árslok 2020. Þetta er mesti fjöldi sem skráður hefur verið allt frá því velferðarsvið Reykjavíkurborgar byrjaði að birta gögnin í VELSTAT gagnagrunni sínum árið 2015, og jafnframt 15% aukning frá 2019.“³¹²

Alls urðu tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur 5.316 á árinu 2020, að meðaltali 443 á mánuði, sem var mikil aukning. Tilkynningar voru áfram margar á fyrsta ársfjórðungi 2021 eða 1.382 en fækkaði síðan á öðrum ársfjórðungi og voru þá í öllum tilvikum lægri í hverjum mánuði en á sama tíma árið áður.³¹³

³¹⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: Fjölgun á tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur 8. apríl 2020, <https://reykjavik.is/frettir/fjolgun-tilkynningum-til-barnaverndar-reykjavikur>

³¹¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Tilkynningum til Barnaverndar fjölga áfram,“ 7. maí 2020. <https://reykjavik.is/frettir/tilkynningum-til-barnaverndar-fjolgur-afam>

³¹² Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, ársfjórðungsskýrsla apríl - júní 2021 bls. 13 -14. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/7_covid-19_borgarvakt_i_velferdar_og_atvinnumalum_-_arsfjorungsskyrsla_april_-_juni_2021.r20060197.pdf

³¹³ Sama heimild.

6.20 Tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð

Stofnaður var aðgerðahópur vegna fjárhagsaðstoðar til að undirbúa fyrstu skref en búist var við að umsóknum um fjárhagsaðstoð myndi fjölga verulega. Það raungerðist ekki þar sem atvinnuleysi gekk tiltölulega hratt niður eftir faraldurinn. Í byrjun maí 2020 var útlitið hins vegar afar ískeygilegt varðandi atvinnuástandið þegar Vinnumálastofnun greiddi út eina stærstu upphæð sögunnar í einum mánuði í atvinnuleysisbætur.³¹⁴

12. maí 2020 voru kynntar í borgarráði þrjár sviðsmyndir velferðarsviðs um mögulega þróun og kostnað vegna aukningar á fjölda fólks sem þyrfti fjárhagsaðstoð. Sviðsmyndir V og U gerðu ráð fyrir 10,3% og 14,7% atvinnuleysi.³¹⁵ Atvinnuleysisspáin gekk eftir í megindráttum en ekki hin gríðarlega aukning notenda framfærslustyrks. Aukning varð en ekki vegna heimsfaraldursins heldur vegna flóttamannastraumsins til landsins. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna mikillar fjölgunar notenda framfærslustyrks hefði getað hlaupið á milljörðum hefðu svörtustu spár ræst.

Notendum fjárhagsaðstoðar fjölgaði hins vegar nokkuð á árinu 2020. Þeir voru 1.114 í janúar en voru orðnir 1.325 á mánuði í desember.

Í ársfjórðungsskýrslu Borgarvaktarinnar sem kynnt var borgarráði 16. september 2021 má lesa eftirfarandi um notendur fjárhagsaðstoðar.

„Þegar fjárhagsaðstoð til framfærslu er skoðuð eftir ríkisfangi sést að fólki með erlent ríkisfang hefur fjölgað mikið í þeim hópi frá ársbyrjun 2019 en þá var hópurinn um 24% allra notenda en í júní 2021 var hópurinn um 39% notenda.

Ef fólk með erlent ríkisfang er skoðað nánar þá kemur í ljós að ríflega 60% hópsins hefur stöðu sem flóttafólk eða 63,4% í júní sl.

Í júnímánuði taldi flóttafólk um fjórðung allra notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Aukning hafði einkennt tímabilið frá janúar 2019 og út 2020, en það sem af er ári 2021 hefur hlutfall flóttafólks af öllum notendum staðið í stað og hefur verið í kringum 25% allra notenda fjárhagsaðstoðar.“³¹⁶

Einstaklingum sem fengu fjárhagsaðstoð fækkaði tiltölulega hratt árið 2021 í samræmi við betra atvinnuástand og var fjöldi þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð í desember 2021 orðinn nánast sá sami og í janúar 2020 eða 1.115. Í ágúst 2022 var fjöldi notenda sem fékk

³¹⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 20. apríl 2020.

³¹⁵ Regína Ásvaldsdóttir, Minnisblað lagt fyrir 377. fund velferðarráðs 6. maí 2020.

³¹⁶ Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, ársfjórðungsskýrsla apríl – júní 2021, bls. 9 -10.

fjárhagsaðstoð til framfærslu hins vegar kominn upp í 1.435. Þessi aukning tengist þó ekki heimsfaraldrinum heldur auknum fjölda flóttamanna sem fengu fjárhagsaðstoð. Í upphafi árs voru þeir 459 en í ágúst 751. Á sama tímabili fækkaði lítillega í hópi íslenskra ríkisborgara sem fengu fjárhagsaðstoð úr 689 í 684.³¹⁷

Á fundi borgarráðs 12. maí voru einnig samþykktar tillögur velferðarráðs frá 6. maí um tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð vegna faraldursins. Einnig var samþykkt eingreiðsla til forsjáraðila barna sem fengu fjárhagsaðstoð á tímabilinu janúar til mars 2020. Var eingreiðslan 20.000 kr. með hverju barni. Um var að ræða 481 barn og kostnað upp á rúmlega 9.6 milljónir króna.

Breytingar á reglum fólust í því að ekki var gerð krafa um skil á gögnum um virka atvinnuleit. Þá var greidd full fjárhagsaðstoð vegna maka erlendis til þeirra sem voru skráðir í hjúskap í þjóðskrá í stað hálfhjúskapar. Átti aðgerðin gilda í tvo mánuði og var heildarkostnaður 3,3 m.kr.


Í þriðja lagi var gerð sú breyting á reglum að tekjur fyrri mánaðar allt að 300 þúsund krónur drógust ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar og ekki var litið til eignastöðu umsækjenda í fyrsta umsóknarmánuði. Átti aðgerðin að gilda í einn mánuð fyrir þá sem voru að fá fjárhagsaðstoð í fyrsta sinn. Heildarkostnaður við þessa aðgerð var áætlaður 7,5 – 12 m.kr.

Heildarkostnaður við allar aðgerðirnar var áætlaður 20 – 25 milljónir.³¹⁸

Þess má geta að nýtt rafrænt umsóknakerfi fyrir fjárhagsaðstoð hafði verið tekið í notkun á velferðarsviði árið 2019 og var komin á það góð reynsla áður en faraldurinn hófst. Kerfið jók skilvirkni umsóknarferils mjög og stytta tímann sem tók að vinna úr umsóknum niður í einn til tvo sólarhringa auk þess sem slíkt rafrænt ferli dregur mjög úr smithættu.

³¹⁷ Velstat, fjárhagsaðstoð.

³¹⁸ Regína Ásvaldsdóttir, Aðgerðir vegna Covid-19 faraldursins, tillaga lögð fyrir velferðarráð 6. maí 2020.



6.20 Fjöldi sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu, janúar 2022 til apríl 2023.

Fjölgun hefur orðið á þeim sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg en á árinu 2022 fækkaði íslenskum ríkisborgurum sem þáðu slíka aðstoð en fjölgaði í hópi flóttamanna eins og áður hefur komið fram. Gögn fyrir árið í ár hafa ekki verið greind en gera má fastlega ráð fyrir því að fjölgunin sé tilkomin vegna aukins straums flóttamanna til landsins. Myndin hér að ofan sýnir jákvæða þróun þar sem notendum fjárhagsaðstoðar fækkar á milli mánaða frá janúar, voru þá 1.570 en voru komnir niður í 1.461 í apríl sl.³¹⁹

6.21 Ráðning sumarstarfsfólks og aflétting sóttvarnaraðgerða

Um miðjan apríl var farið að huga að því að styrkja starfsemina með ráðningu sumarstarfsfólks og m.a. tekið fram að mikilvægt væri að bjóða fólki störf í stað þess að einstaklingar þyrftu að sækja um fjárhagsaðstoð. Talið var mjög áriðandi að framlínustarfsfólk velferðarsviðs kæmist í gott sumarfrí vegna álagsins sem hafði verið í faraldrinum. Óska átti eftir 600 störfum á velferðarsvið, m.a. tæknifólki fyrir rafræna

³¹⁹ Mælaborð velferðarþjónustu: <https://velferd.reykjavik.is/>

þjónustu, fólki í umönnunarstörf, leiðsögn, sumarnámskeið fyrir fötluð börn og gleðigjöfum. Velferðarsvið fékk heimild til að ráða í 300 störf aukalega sumarið 2020.³²⁰

17. apríl höfðu verið gerðir samningar við félags- og barnamálaráðuneytið um rekstur tveggja nýrra úrræða. Annars vegar var um að ræða húsnæði fyrir fólk sem ekki átti í nein hús að venda og hins vegar neyðarskýli. Þá var unnið að því að koma upp farsóttarhúsi fyrir einstaklinga með flóknar þjónustubarfir.³²¹



6.21 Íbúar og starfsfólk hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar tóku sig til 27. maí 2020 og mynduðu hring í kringum húsið og gættu þess að fara eftir sóttvarnarreglum sem þríeykið svokallaða, Alma, Víðir og Þórólfur höfðu sett. Hringurinn táknaði þá vernd sem eldri borgarar nutu í faraldrinum. Fólkið klæddist bolum sem á stóðu slagorðin „Við hlýðum Víði - Ég geng um gólf fyrir Þórólfi - Verum öll Almannaþingarnir.“ Svo var haldin grillveisla. Myndir: Reykjavíkurborg.

Þegar tilslakanir á sóttvörnum hófust á vordögum 2020 var farið varlega í að aflétta sóttvörnum í starfsemi sviðsins.

Starfsmannahópum var t.a.m. áfram skipt upp til að koma í veg fyrir alvarleg hópsmit sem gætu haft áhrif á starfsemina.

320 Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 14. apríl 2020

321 Vefur Reykjavíkurborgar, „Úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda vegna COVID-19“, 8. apríl 2020
<https://reykjavik.is/frettir/urraedi-fyrir-folk-i-husnaedisvanda-vegna-covid-19>

6.22 Önnur og þriðja bylgja

Júlí til desember 2020

Nokkrar áhyggjur voru af ferðalögum Íslendinga og erlendra starfsmanna velferðarsviðs til útlanda sumarið 2020 enda lét kórónuveiran að sér kveða víða í veröldinni. Þótt ekki væri mikið um utanferðir voru þó einhver brögð að því og af því stafaði hætta fyrir viðkvæma hópa.

Í byrjun júlí voru nýjar leiðbeiningar gefnar út fyrir Íslendinga á ferðalögum erlendis. Þar voru skýrar línur lagðar varðandi vernd viðkvæmra hópa og fólk hvatt til þess að heimsækja ekki viðkvæma einstaklinga í nokkurn tíma eftir heimkomu frá útlöndum.³²²

Tilgreint var að allir sem hefðu afráðið að fara til útlanda í frí hefðu val um að fara annað hvort í 14 daga launalaus sóttkví við heimkomu eða í tvö COVID-19 PCR próf með fjögurra daga sóttkví á milli. Giltu þessar reglur frá 13. júlí.³²³

Neyðarstjórn velferðarsviðs kom aftur saman í lok júlí vegna þess að smit voru farin að láta á sér kræla á ný. Í byrjun ágúst var ákveðið að vinna áhættumat fyrir hvern starfsstað og áttu forstöðumenn að skila því mati 25. ágúst. Lögð var áhersla á að minna stjórnendur á sóttvarnir og koma því á framfæri við starfsfólk að gæta sín.³²⁴

Um miðjan ágúst var ákveðið að framlengja neyðarræði fyrir heimilisláusar konur sem komið hafði verið á í apríl vegna faraldursins með aðkomu félags- og barnamálaráðu-neytisins. Prengli voru of mikil í Konukoti til að hægt væri að gæta sóttvarna. Því var tekin ákvörðun um að tvískipta hópnum þannig að rýmra yrði um konur í þessari stöðu. Stofnun úrræðisins sýndi að þörfin fyrir slíkt skýli var mikil fyrir konur með miklar og flóknar þjónustuparfir.³²⁵

Á fundi neyðarstjórnar 27. ágúst var tekin ákvörðun um að blása haustfagnað velferðarsviðs af vegna aukinna smita í samfélaginu.³²⁶

³²² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 1. júlí 2020.

³²³ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. júlí 2020.

³²⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 31. júlí 2020.

³²⁵ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Neyðarræði fyrir heimilisláusar konur verður framlengt“, 18. ágúst 2020. <https://reykjavik.is/frettir/neydarraedi-fyrir-heimilisláusar-konur-verdur-framlengt>

³²⁶ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 27. ágúst 2020.

Í byrjun september var beðið eftir því að Ríkislögreglustjóri kláraði vinnu við litakóðun almannavarnarstiga í kórónuveirufaraldri en slíkur kóði var talinn geta auðveldað viðbrögð talsvert bæði á starfsstöðum velferðarsviðs og í skólum.³²⁷

Samkvæmt Þóru Ásgeirsdóttur deildarstjóra hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins var litakóðinn var aldrei tekinn upp, hvorki á starfsstöðum velferðarsviðs né í skólunum þrátt fyrir að kóðinn hefði auðveldað öll viðbrögð talsvert samkvæmt því sem kom fram á fundum almannavarna með hinum ýmsu samstarfshópum í nóvember 2022 þar sem farið var yfir viðbrögð við faraldrinum.³²⁸

6.23 Hópsmit í búsetukjörnum

Á fundi neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. september komu þrengsli í húsnæði starfsstaða til umræðu en talið var erfitt að fylgja sóttvarnareglum á sumum stöðum vegna slíkra aðstæðna. Það átti sumpart við í íbúðakjarnanum á Barðastöðum þar sem upp kom COVID-19 smit nokkrum dögum síðar eða 15. september. Á Barðastöðum búa sex einhverfir karlmenn sem þurfa mikla þjónustu allan sólarhringinn. Var mönnun þar sögð mjög flókin vegna þess að „íbúarnir eiga erfitt með starfsmenn sem þeir þekkja ekki.“³²⁹

Líklega var þetta hópsmit það alvarlegasta sem upp kom í starfsemi velferðarsviðs í fyrstu bylgjum kórónuveirufaraldursins því grípa þurfti til flókinna aðgerða til að komast í gegnum það auk þess sem starfsfólk þurfti í annað sinn að vinna í svokallaðri vinnusóttkví eða sóttkví B.³³⁰

Hanna Kristín Sigurðardóttir forstöðukona á Barðastöðum segir að auðveldara hefði verið að eiga við smitið hefðu íbúarnir og starfsfólkið ekki þurft að nota sameiginlega aðstöðu á sambýlinu. Hún telur að hópsmitið hafi orðið vegna þess að allir fóru og fengu sér kvöldmat í sameiginlegu eldhúsi sem var nýbúið að opna aftur eftir lokun í fyrstu bylgjunni.³³¹

Ellefu starfsmanneskjur á Barðastöðum smituðust og tveir íbúar. Alls þurftu 16 starfsmanneskjur að fara í sóttkví vegna smitsins. Starfsfólk var í einangrun heima en íbúarnir lentu í sóttkví og einangrun. Færa þurfti íbúa í sumarbústaði og einbýlishús sem Landssamtökin Proskahjálpi lánuðu þar sem ómögulegt var að hafa óbreytta starfsemi í húsnæðinu að Barðastöðum vegna aðstæðna þar. Starfsfólkið fór með íbúunum í aukahúsnæðið og undanþágur fengust svo það gæti unnið í svokallaðri vinnusóttkví eða B-sóttkví. Enginn veiktist sem betur fer í vinnusóttkvínni.

³²⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. september 2020.

³²⁸ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, viðtal 2. nóvember 2022.

³²⁹ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. september 2020.

³³⁰ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 17. september 2020.

³³¹ Hanna Kristín Sigurðardóttir forstöðukona á Barðastöðum, viðtal 8. nóvember 2021.

Einn íbúi sem hafði greinst smitaður af COVID-19 varð eftir á Barðastöðum og var honum sinnt þar. Að sögn Hönnu Kristínar forstöðukonu var mesta áskorunin að kenna starfsfólkinu að vinna í sóttvarnbúningum þar sem ekki var mikil reynsla af notkun slíkra búninga á sviðinu og hún gat sjálf ekki fylgst með því hvort starfsfólkið bæri sig rétt að við meðferð búninganna.³³²

„Svo gerðist það að starfsmaður smitaðist sem hafði verið að sinna þessum smitaða hér. Við vitum ekki alveg hvernig það gerðist en við höldum jafnvel að hann hafi smitast af gleraugunum sem okkur var sagt að þyrfti að endurnýta á þessum tíma sem reyndist síðan rangt því það bauð upp á smithættu.“

Upphaflegt smit starfsmanneskju á Barðastöðum tengdist smiti sem kom upp hjá starfsmanneskju í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Jöklaseli. Þar var auðveldara að eiga við veiruna vegna þess að íbúarnir voru í stærri íbúðum og lítil sameiginleg þjónusta. Starfsmaðurinn þar fór í einangrun og smitið breiddist ekki út til íbúanna. Engin dauðsföll urðu vegna þessara hópsmita

Þarna birtust veikleikar í starfsemi vegna þjálfunarleysis starfsfólks við að starfa í búningum og aðstöðuleysis, auk þess sem starfsfólk fékk misvísandi upplýsingar um endurnýtingu á búnaði sem jók á smithættu. Ástæðan var líklega sú að birgðir af sóttvarnbúnaði voru af skornum skammti og því þurfti að spara þær.

Í minnisblaði Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra til velferðarsviðs, þar sem hún fer yfir smit og aðgerðir vegna þeirra á stofnunum sviðsins, segir m.a. um þennan atburð. „Ýmsar aðrar áskoranir fylgdu hópsmitinu, svo sem þær að erfitt reyndist að taka sýni hjá íbúum. Það tókst með því að nota sögur og myndbönd til útskýringar og með því að sýna íbúum hvernig sýnataka fer fram á starfsfólki. Fórnfýsi og samtakamáttur starfsfólks var lykillinn að því að hægt var að halda úti starfi meðan á sóttkví og einangrun stóð.“³³³

Sem dæmi um hversu erfitt það getur verið að grípa inn í líf fatlaðs fólks með aðgerðum eins og sýnatöku er að sýni voru aldrei tekin hjá einum íbúa Barðastaða.³³⁴

Þessi smit á sambýlum fatlaðs fólks um miðjan september áttu sér stað í blábyrjun þriðju bylgjunnar. Þótt einhver smit hefðu greinst fyrr um sumarið sem tengdust fólki sem kom erlendis frá var fólk almennt farið

³³² Sama heimild

³³³ Regína Ásvaldsdóttir, minnisblað lagt fyrir 386. fund velferðarráðs 18. nóvember 2020.

³³⁴ Hanna Kristín Sigurðardóttir, viðtal 8. nóvember 2021.

að slaka aðeins á sóttvörnum eftir sumarið eins og atvikið á Barðastöðum varðandi eldhúsið sýnir svo ljóslega.

Ný bylgja faraldursins hófst samfara því að skólastarf var hafið og samfélagið allt komið í fullan gang eftir sumarfrí. Því var lögð rík áhersla á það á fundum neyðarstjórnar velferðarsviðs á þessum tíma að „starfsfólk þurfi nú að setja sig aftur í girinn eins og um neyðarstig sé að ræða.“³³⁵

Sóttvarnarnefnd neyðarstjórnar var falið að vinna nýjar leiðbeiningar og brýnt var fyrir framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðvanna að senda þær til sinna forstöðumanna og funda með þeim í framhaldinu svo allir legðust á eitt við að framfylgja þeim.

6.24 Erfitt að komast í sýnatöku

Smitið í íbúðakjörnunum var ekki það eina sem olli vanda fyrir stjórnendur sviðsins. Í ljós kom að erfitt var fyrir starfsfólkið á þessum viðkvæmu starfsstöðum að fá sýnatöku til að ganga úr skugga um að það væri smitfrítt. Þurfti hver og einn að leita til sinnar heilsugæslu til að fá PCR próf. Þetta olli mikilli óánægju og var óþarflega flókið.

Í fundargerðinni segir orðrétt: „Prátt fyrir yfirlýsingar heilsugæslu og landlæknis hefur verið snúið að fá heilsugæsluna í lið með okkur.“³³⁶

Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs var nóg boðið vegna þessa. Hún hafði því samband við Kára Stefánsson forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar sem leysti málið. Starfsfólk sem ekki var í einangrun eða í sóttkví gat nú pantað sýnatöku hjá fyrirtækinu með kóða. Það var afar mikilvægt að starfsfólk gæti fullvissað sig um að þeir væru ekki smitaðir af veirunni svo að þeir gætu mætt í vinnuna án þess að eiga á hættu að smita notendur þjónustunnar.³³⁷

Ítrekað var að samskipti við aðstandendur íbúa væru einkar mikilvæg og nauðsynlegt að halda þeim upplýstum um allar aðgerðir sem snertu þeirra fólk. Þá var talið mjög mikilvægt að upplýsa hagsmunasamtök fatlaðs fólks um stöðuna. Að sögn Aðalbjargar Traustadóttur sem stýrir skrifstofu um málefni fatlaðs fólks á velferðarsviði var þess gætt að hafa náð samráð við samtök fatlaðs fólks í faraldrinum, t.a.m. við Landssamtökin Proskahjálp á meðan kórónuveirusmitið gekk yfir á Barðastöðum en samtökin lánuðu m.a. aðstöðu á

³³⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 18. sept 2020.

³³⁶ Sama heimild.

³³⁷ Regína Ásvaldsdóttir, viðtal 30. september 2021.

meðan kórónuveirusmitið gekk yfir í íbúðakjarnanum á Barðastöðum sem auðveldaði starfsemina til muna. Forystufólk Proskahjálpar hæla stjórnendum á velferðarsviði fyrir gott samstarf á faraldurstímanum.^{338 339}

Almannavarnir sendu þennan dag, 18. september 2020, út bréf þar sem starfsfólk velferðarsviða var hvatt til að viðhafa mikla aðgát í störfum sínum vegna aukinnar smithættu í samfélaginu.

Í framhaldinu sendi Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs upplýsingapóst til forstöðufólks húsnæðis fyrir fatlað fólk og lýstu forstöðumenn ánægju yfir því. Regína sendi síðan reglulega upplýsinga- og hvatningapósta til starfsfóks á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.^{340 341}

Stöðug upplýsingamiðlun og hvatning til starfsfólksins sem vann framlínustörf í þjónustu við notendur var nauðsynleg til að efla starfsandann en talsverðrar þreytu var farið að gæta hjá starfsfólki og þá sérstaklega hjá stjórnendum sem urðu fyrir því að starfsfólk og notendur smituðust.

Um það bil hálfum mánuði síðar kom upp COVID-19 smit hjá starfsmanneskju í íbúðakjarna í Þorláksgesla þar sem fimm einhverfir einstaklingar búa sem fá mikla þjónustu. Einn íbúi greindist með smit en hinir þurftu ekki að fara í sóttkví eða einangrun. Fimm starfsmanneskjur greindust með smit og átta fóru í einangrun. Koma þurfti upp salerni fyrir utan húsnæðið. Hluti starfsfólksins sá um að sinna hinum smitaða á meðan aðrir sinntu hinum.³⁴²

6.25 Samkomutakmarkanir hertar 4. október

Þegar kom fram í byrjun október var smitum farið að fjölga ískyggilega og voru samkomutakmarkanir hertar í 20 manns á miðnætti 4. október. Þriðja bylgja COVID-19 náði toppi smita 5. október 2020 þegar 86 greindust með COVID-19.

Fyrirséð var að þjónustuskerðing yrði í vinnu- og virknimiðuðum úrræðum með 20 manna fjöldatakmörkunum en reynt var að halda starfseminni áfram með hólfunum. Um miðjan október kom fram að 10% - 20% notenda vinnu- og virknimiðaðra úrræða kusu að vera heima vegna faraldursins.³⁴³

³³⁸ Aðalbjörg Traustadóttir viðtal 18. nóvember 2021.

³³⁹ Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, viðtal.

³⁴⁰ Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. september 2020.

³⁴¹ Regína Ásvaldsdóttir minnisblað til velferðarráðs 18. nóvember 2020.

³⁴² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. okt. 2020.

³⁴³ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 15. október 2020.

6.26 Smit í gistiskýli á Granda

Í byrjun október greindist starfsmanneskja í gistiskýli fyrir heimilislauða karlmenn á Granda með COVID-19 smit. Í framhaldinu þurfti allur starfsmannahópurinn að fara í sóttkví og loka þurfti skýlinu. Fjórtán notendur með miklar og flóknar þjónustuþarfir þurftu einnig að fara í sóttkví. Unnið var að því að fá heila hæð í sóttvarnarhúsinu fyrir þennan hóp. Það kom síðan í ljós að ekki gekk vel að hafa þessa skjólstæðinga velferðarsviðs í sóttvarnarhúsi með öðrum þrátt fyrir mikla vöktun og finna þurfti önnur úrræði. Enginn úr þessum hópi smitaðist þó í þetta sinn.³⁴⁴

Sérstakt sóttvarnarhús var opnað fyrir þennan hóp 17. október á Fosshótel Barón með aðstoð ríkisins og var það mannað af starfsfólki velferðarsviðs og geðsviðs Landspítalans. Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra „undirstrikaði atvikið þörf á sóttvarnarhúsi þar sem einstaklingar fengu heilbrigðisþjónustu, skaðaminnkun, viðhaldsmeðferð og stuðning frá meðferðarteymi LSH, COVID-19 teyminu, SÁÁ og/eða fíknigeðdeild LSH.“³⁴⁵

Þetta sérúrræði var opið í einn mánuð en þá voru allir útskrifaðir þaðan.³⁴⁶

6.27 Grímuskylda

Í þriðju bylgju kórónuveirufaraldursins breyttist viðhorf sóttvarnaryfirvalda gagnvart notkun sóttvarnargríma. Grímur höfðu ekki verið notaðar almennt og fólk hafði frekar verið latt til grímunotkunar en hvatt. Í fyrstu var skortur á þessum búnaði eins og komið hefur fram. Grímuskylda hafði ekki verið sett á en var nú tekin upp þar sem erlendar rannsóknir sýndu að notkun sóttvarnargríma virkaði vel í baráttunni gegn veirunni. Grímuskylda var innleidd í þjónustumiðstöðvunum og þjónustuskálum. Þá var tekin upp grímuskylda í félagsstarfi.³⁴⁷

Þjónusta var ekki skert í málaflokkum aldraðra og fatlaðs fólks en sums staðar þurfti að breyta til svo hægt væri að halda henni úti.

Hjúkrunarheimili höfðu leyfi til að loka á alla gesti en það var ekki gert að sinni líkt og í fyrstu bylgjunni heldur voru aðstandendur hvattir til að draga úr heimsóknum og aðeins einn mátti koma í einu og gætt var vandlega að sóttvörnum.

³⁴⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 4. október 2020.

³⁴⁵ Regína Ásvaldsdóttir: minnisblað til velferðarráðs 18. nóvember 2020.

³⁴⁶ Fundargerð Neyðarstjórnar velferðarsviðs 4. október 2020.

³⁴⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 5. október 2020.

Ákveðið var að stofna barnateymi neyðarstjórnar, skipað þremur einstaklingum og starfaði það sem undirteymi teymis stuðningsþjónustu. Teyminu var ætlað að hafa yfirsýn yfir málefni barna í faraldrinum.³⁴⁸

6.28 Hópsýking á Landakoti

Hópsýking af völdum COVID-19 sem reið yfir Landakot 22. október til 9. nóvember 2020 var alvarlegasta atvikið í kórónuveirufaraldrinum. Embætti landlæknis gerði sérstaka rannsókn á því atviki og birtust niðurstöðurnar í skýrslu sem kom út í júní 2021. Smit greindust hjá 99 sjúklingum og starfsfólki á Landakoti og dreifðust smit yfir til tveggja annarra stofnana með alvarlegum afleiðingum. Vegna þessa atburðar mæddi t.a.m. mikið á starfsfólki heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Um þetta atvik sagði Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri í minnisblaði.

„Um 20 notendur heimaþjónustu voru í sóttkví samtímis, auk þess að þrír notendur voru í einangrun heima. Allt olli þetta álagi á starfsfólk sem sinnti fólki í sóttkví og einangrun í fullum hlífðarbúningi – með grímur, gleraugu og hanska. Einnig vakti það sorg í starfsmannahópnum að sjö einstaklingar sem fá heimahjúkrun frá PLH létust á Landspítalanum af völdum COVID-19.“³⁴⁹

6.29 Hópsmit í þjónustuíbúðakjarna í Hvassaleiti

Alvarlegt hópsmit varð í byrjun nóvember í þjónustuíbúðakjarna fyrir eldri borgara í Hvassaleiti. Velferðarsvið rekur félagsstarf og mótuneyti á staðnum en er ekki með forræði yfir íbúðunum sem eru í eigu íbúanna.

Að sögn Pórhildar Guðrúnar Egilsdóttur, deildarstjóra öldrunarmála hjá velferðarsviði, sem stýrði teymi fyrir þjónustuíbúðir var þetta flóknasta málið sem kom upp í starfsemi þjónustuíbúða í Reykjavík í faraldrinum.³⁵⁰

Prátt fyrir að þjónustuíbúðirnar séu ekki á forræði Reykjavíkurborgar segir Pórhildur að ákveðið hafi verið að ganga í málin. „Það fóru beinlínis allir brunaboðar í gang í einu vegna smita þar og við vorum með svo stóran faðm að við tókum þetta í fangið líka þótt þessi starfsemi væri í raun ekki á okkar forræði,“ segir Pórhildur.³⁵¹

³⁴⁸ Sama heimild.

³⁴⁹ Regína Ásvaldsdóttir: minnisblað til velferðarráðs 18. nóvember 2020.

³⁵⁰ Pórhildur Guðrún Egilsdóttir, viðtal.

³⁵¹ Sama heimild.

Sex íbúar í Hvassaleiti smituðust af COVID-19 og tveir starfsmanneskjur. Einn íbúi lést af völdum sýkingarinnar.

Í minnisblaði Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra til velferðarráðs kemur fram að félagsmiðstöðinni í íbúðakjarnanum hafi verið lokað en reyndur forstöðumaður af velferðarsviði tekið að sér að vera á staðnum og vera íbúum innan handar. Þá var höfð milliganga um að allir íbúar fengju sýnatöku og að þeir sem vildu fengja máltíðir sendar í íbúðir sínar og þeim veittur annar umbeðinn stuðningur. „Þétt samstarf var á milli velferðarsviðs og rakningateymis, Almanna- og Rauða Krossins meðan á aðgerðum stóð.“³⁵²

6.30 Samkomutakmarkanir miðast við 10 manns

31. október tók ný reglugerð gildi með 10 manna samkomutakmörkunum og átti hún að gilda til 17. nóvember.³⁵³

Ákveðið var að leggja niður matarþjónustu í félagsmiðstöðvum ásamt öllu skipulögðu hópastarfi en þeim var samt ekki lokað alveg í þetta sinn. Allir sem þess óskuðu gátu fengið mat heimsendan. Fólk í þjónustuíbúðum á vegum borgarinnar fékk morgunmat inn í íbúðir.³⁵⁴

Unnið var með tíu einstaklinga hólfun í vinnu- og virkniúrræðum miðað við 10 manna samkomutakmarkanir. Stefnt var að því að halda eins mikilli starfsemi í gangi og mögulegt var. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar voru opnar en umferð um þjónustuskála takmörkuð við tíu manns.³⁵⁵

6.31 Smit á herbergjasambýli í Foldabæ

Smit kom upp í Foldabæ, sem er herbergjasambýli fyrir átta konur með heilabilun, í byrjun nóvember. Samkvæmt frétt frá velferðarsviði greindist einn starfsmaður og ein kona á sambýlinu. Sjö starfsmanneskjur og allir íbúar heimilisins lentu í sóttkví af þessum sökum. Konan sem var smituð var flutt á Landspítalann með lítil einkenni. Aðstæður til sóttvarna voru erfiðar á sambýlinu þar sem konurnar eru í miklu návígi hver við aðra og verja deginum saman. Því var erfitt að koma í veg fyrir að þær ættu í samskiptum sín á milli. Starfsfólk þurfti að sinna þeim í hlífðarbúningum meðan á sóttkvínni stóð. Settir voru upp gámar fyrir utan húsið með aðstöðu fyrir starfsfólk. Allt kapp var lagt á að konunum líði sem best við

³⁵² Regína Ásvaldsdóttir: minnisblað lagt fyrir 386. fund velferðarráðs 18. nóvember 2020.

³⁵³ Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1051, heilbrigðisráðuneytið 30. október 2020.

³⁵⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 30. okt. 2020.

³⁵⁵ Sama heimild.

þessar aðstæður og áhersla lögð á að halda aðstandendum þeirra upplýstum. Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða sem Foldabær tilheyrir sagði allt hefði gengið vel og þakkaði starfsfólkinu sérstaklega.

„Ég tek ofan fyrir starfsfólkinu í Foldabæ sem leggur það á sig að vinna við svona flóknar aðstæður. Hjúkrunarstjóri Droplaugarstaða hefur staðið eins og klettur í þessu með mér og okkur hefur gengið vel að manna vaktir. Það er svo mikils virði að finna hvað margir eru tilbúnir að stíga inn og aðstoða þegar á reynir,“ sagði Jórunn.³⁵⁶

6.32 Nýtt sóttvarnarteymi stofnað á landsvísu

Mikið hafði mætt á sóttvarnarteymi velferðarsviðs í faraldrinum sem var á vaktinni allan sólarhringinn með aðstoð, ráðgjöf og leiðbeiningar til þeirra sem þurftu. Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri hóf fyrri hluta nóvembermánaðar viðræður við embætti landlæknis um að setja saman svipað teymi eða nefnd á landsvísu sem væri alltaf til taks allan sólarhringinn. Teymið, sem fékk heitið Stuðningsteymi velferðarþjónustu í COVID-19, var sett á fót í nóvember og tók við af sóttvarnarteymi velferðarsviðs. Teymið hélt nokkurs konar æfingu seinni hluta nóvembermánaðar þar sem smitvarnir voru teknar út í búsetukjarna, á vistheimili, í þjónustuíbúðakjarna og neyðarskýli á vegum velferðarsviðs. Farið var yfir ráðgjöf og stuðning sem teymið gæti veitt stjórnendum slíkra starfsstaða í faraldrinum.^{357 358 359}

6.33 Liðsauki frá öðrum sviðum

Um miðjan nóvember voru birtar tvær fréttir af því að fjölmargt starfsfólk af ýmsum starfsstöðum Reykjavíkurborgar hefði boðist til að veita velferðarsviði liðsauka þar sem mikið álag væri á starfsfólki sviðsins vegna kórónuveirufaraldursins. Í fréttinni segir m.a.:

„Vegna sóttvarnaraðgerða hefur þurft að beita margvíslegum aðgerðum til að halda starfsemi gangandi. Meðal annars hafa neyðarskýli fyrir heimilislaut fólk verið opnuð allan sólarhringinn svo fólk eigi einhvers staðar athvarf á daginn. Þetta er m.a. vegna þess að fjölmargir staðir í Miðborginni eru lokaðir, t.d. opinber söfn, barir, sundlaugar og kaffistofur. Einnig hafa verið opnuð bráðabirgðaúrræði

³⁵⁶ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Covid-19 smit á sambyli fyrir konur með heilabilun“, 4. nóv. 2020 <https://reykjavik.is/frettir/covid-19-smit-sambyli-fyrir-konur-med-heilabilun>

³⁵⁷ Fundargerð velferðarsviðs 12. nóvember 2020.

³⁵⁸ Embætti landlæknis, „Sýkingavarna- og öryggisteymi,“ <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item43687/Sykingavarna--og-oryggisteymi>

³⁵⁹ Regína Ásvaldsdóttir: minnisblað til velferðarráðs 18. nóvember.

fyrir heimilisláust fólk þar sem aðstæður leyfa ekki nálægðartakmarkanir í því húsnæði sem fyrir var.

Velferðarsvið hefur því þurft talsvert fleira starfsfólk til að geta brugðist við ástandinu sem COVID-19 hefur valdið. Til þess að mæta álaginu hefur Reykjavíkurborg m.a. gripið til þess ráðs að biðja starfsfólk á öðrum sviðum að gefa sig fram til að létta undir.“

Í fréttinni er rætt við tvo sérfræðinga frá Borgarbókasafninu sem tóku að sér vaktir í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir heimilisláust fólk.³⁶⁰

Um svipað leyti var fjallað um verkefnið Símvínir sem snerist um að hringja í eldri borgara sem orðnir voru 85 ára og eldri og búa heima. Einnig þarna lagði starfsfólk frá menningar- og ferðamálasviði sitt af mörkum og skráðu 32 starfsmenn til að sinna verkefninu sem mæltist mjög vel fyrir hjá þeim sem hringt var í.³⁶¹

6.34 Bólusetningar í aðsigi

Þegar komið var fram yfir miðjan nóvember 2020 komu miklar gleðifregnir fyrir velferðarsvið og raunar samfélagið allt þegar ljóst varð að bólusetningar myndu hefjast í lok desember eða í byrjun árs og að byrjað yrði að bólusetja eldra fólk á hjúkrunarheimilum. Smit voru þó enn það útbreidd í samfélaginu að fólk var enn á ný hvatt til þess af sóttvarnaryfirvöldum „að hlýða Víði“ og halda sig í fámennum jólakúlum.

8. desember var ný reglugerð gefin út af heilbrigðisráðuneytinu þar sem samkomutakmarkanir sem miðuðu við 10 manns voru framlengdar til 12. janúar.

Á fundi neyðarstjórnar velferðarsviðs rétt fyrir jólin var ákveðið að senda bréf á forstöðumenn í húsnæði fyrir fatlað fólk. Rætt var um að minna fólk á fámennar jólakúlur og að gæta vel að smitvörnum.

Á fundinum kom fram að aðstandendur fatlaðs fólks væru sumir hverjir með áform um að taka sitt fólk úr íbúðakjörnum og heim um jólin. Ekki var talið forsvaranlegt að standa í vegi fyrir því enda væri yngra fatlað fólk ekki jafn útsett fyrir alvarlegum veikindum af völdum kórónuveirunnar og þeir sem eldri eru.³⁶²

³⁶⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Sjálfbodaliðar í störfum hjá velferðarsviði“, 12. nóvember 2020. <https://reykjavik.is/frettir/sjalfbodaliðar-i-storfum-hja-velferðarsviði>

³⁶¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Símvínir á velferðarvakt“, 17. nóvember 2020.

³⁶² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 17. des 2020.

6.35 Samningur um stóraukna heimahjúkrun

Rétt fyrir jólin 2020 var undirritaður samningur á milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar um stóraukna heimahjúkrun í Reykjavík. Í samningnum var lögð áhersla á að efla getu heimahjúkrunar Reykjavíkur til að nýta velferðartækni í auknum mæli, samhliða því að fjölga vitjunum, auka sérhæfingu og veita þverfaglega heilbrigðisþjónustu í meira mæli til fólks í heimahúsum. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 2021. Í frétt um samninginn var einnig fjallað um nýstofnað öldrunarteymi SELMA en þess var vænst að þjónusta teymisins bætti til muna þjónustu við aldraða í heimahúsum og fækkaði sjúkrahúsinnlögnum. Teyminu var einnig ætlað að veita starfsfólki heimahjúkrunar ráðgjöf.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri staðfestu samninginn með undirritun í Ráðhúsi Reykjavíkur 21. desember. Við það tilefni sagði borgarstjóri: „Reykjavíkurborg er mjög stolt af þeirri heimahjúkrun og heimaþjónustu sem borgin sinnir. Okkar frábæra starfsfólk hefur ekki stigið feilspor við ótrúlegar aðstæður að undanfögnu.“³⁶³

6.36 Bólusetningar hefjast

Rétt fyrir áramótin birtist síðan ein mesta gleðifrétt ársins á vef Reykjavíkurborgar þar sem sagt var frá því að nær allir íbúar hjúkrunarheimilanna Seljahlíðar og Droplaugarstaða, hátt í eitt hundrað manns, hafi verið bólusettir gegn COVID-19. Fyrstur til að fá bólusetningu meðal almennings á Íslandi var Þorleifur Hauksson, íbúi á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð og skömmu síðar var faðir hans bólusettur á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum.³⁶⁴ Bólusetning eldri borgara og viðkvæmra einstaklinga sem útsettir voru fyrir alvarlegum veikindum af völdum COVID-19 voru mikil tímamót fyrir starfsemi velferðarsviðs í faraldrinum.

³⁶³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Samningur um stóraukna heimahjúkrun í Reykjavík“, 21. des. 2020. <https://reykjavik.is/frettir/samningur-um-storaukna-heimahjukrun-i-reykjavik>

³⁶⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Feðgar bólusettir gegn COVID-19 í dag“, 28. desember 2020. <https://reykjavik.is/frettir/fedgar-bolusettir-gegn-covid-19-i-dag>



6.36 Fjöldabólusetning í Laugardalshöll þar sem skipulagið var til fyrirmyndar.
Mynd: Heilbrigðisráðuneytið.

6.37 Velferðarsvið 2021-2022: Ár bólusetninga

Ár bólusetninga og nýrra afbrigða COVID-19

Þrátt fyrir að bólusetningar væru hafnar hófst árið 2021 í 10 manna samkomutakmörkunum til að hamla smiti. Stjórnvöld lögðu áherslu á að bólusetja fólk yfir sjötugu fyrst en bóluefni var takmarkað til að byrja með.

Á fundum neyðarstjórnar velferðarsviðs í byrjun janúar var farið yfir bólusetningarátak stjórnvalda og sagt mikilvægt að stýra væntingum starfsfólks sem ekki var í forgangi að bólusetningu. Fatlað fólk sem bjó á herbergjasambýlum var í forgangi á meðan þeir sem bjuggu í íbúðakjörnum þar sem húsnæði er rýmra þurftu að bíða.

Áhyggjur voru af fjölda smita á landamærunum þar sem fjölmargt erlent starfsfólk velferðarsviðs var að snúa heim eftir jólafrí í sínum upprunalöndum. Ákveðið var að hvetja stjórnendur til þess að fylgjast vel með því að þeirra starfsmenn færu í 14 daga sóttkví eða tvær sýnatökur. Tekið er fram í fundargerðinni að ef starfsfólk velji 14 daga sóttkví fram yfir tvær sýnatökur sé það launalaust.

Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva voru hvattir til að upplýsa stjórnendur um þetta.³⁶⁵

6.38 Kostnaðarsöm hólfaskipting

Hólfaskipting starfsstaða var rædd á fundi um miðjan janúar. Hólfaskiptingin hafði reynst mjög kostnaðarsöm en nauðsynleg til að hægt væri að fylgja reglum um samkomutakmarkanir og til að tryggja öryggi íbúa og starfsfólks. Í fundargerð segir:

„Skoða þarf nýja útfærslu á þessu, eftir að íbúar íbúðakjarna og sambýla hafa verið bólusettir og því ekki lengur útsettir fyrir smiti. Starfsfólk er þó enn um sinn útsett og því þarf að meta hvert tilvik fyrir sig.“³⁶⁶

Ákvörðun var tekin um að forstöðumenn þyrftu að sækja um fjárveitingu teldu þeir þörf á að hólfaskipta.

Ólafía Magnea Hinriksdóttir, sem var í sóttvarnarnefnd sviðsins, benti á ef hólfaskiptingu yrði hætt gæti allt starfsfólk tiltekinna íbúðakjarna forfallast á sama tíma vegna einangrunar og sóttkvíar. Hins vegar var starfsfólkið sagt vera þreytt á stífri hólfaskiptingu og rætt var um að skoða hvort í staðinn væri hægt að skipta vöktum þannig að samskipti starfsfólksins væru takmörkuð.³⁶⁷

Auðveldara hefði verið fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar ef starfsfólkið hefði fengið bólusetningu á sama tíma og notendur þjónustu. Það hefði bæði sparað fjármuni og dregið úr álagi á starfsfólk og stjórnendur.

Tiltekið var á fundinum að allir framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva yrðu að ræða við sitt forstöðufólk um að vera áfram á tánum og tilbúnið að bregðast hratt við ef smitum tæki að fjölga á ný.³⁶⁸



6.38 Beðið eftir bólusetningu. Biðröð fyrir utan Laugardalshöll þar sem fjöldbólusetning var alla daga fram á sumar 2021. Mynd: Reykjavíkurborg.

³⁶⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 7. janúar 2021.

³⁶⁶ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 14. jan. 2021.

³⁶⁷ Sama heimild.

³⁶⁸ Sama heimild.

6.39 Viðkvæmir hópar bólusettir fyrst

Ástæðan fyrir því að starfsfólk fékk ekki bólusetningu alveg strax var áður nefndur hörgull á bóluefni í landinu þegar bólusetningarátakið var að hefjast. Ástandið varði þó ekki lengi því í lok janúar var allt starfsfólk á hjúkrunarheimilum búið að fá fyrri bólusetningarskammt og allir íbúar komnir með tvo skammta. Búið var að bólusetja alla sem fengju heimahjúkrun og fæddir eru fyrir 1944 og stór hluti starfsfólks heimahjúkrunar hafði fengið fyrri sprautu. Allir í dagdvölum voru bólusettir og starfsfólk dagdvala hafði fengið fyrri skammt. Þá voru íbúar í þjónustuíbúðum búnir að fá bólusetningu en ekki starfsfólkið sem sinnti þeim.

Í starfsemi fyrir fatlað fólk var bólusetningu lokið í sex íbúðakjörnum, en fjórir þeirra eru skilgreindir sem hjúkrunarrými, og á tveimur heimilum fyrir börn. Allir á 15 herbergjasambýlum höfðu verið bólusettir.

Ólokið var að bólusetja starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu, starfsfólk VoR teymis og gistiskýla, bakvakt Barnaverndar, Vinnu og virkniúrræðum og annað starfsfólk velferðarsviðs. Talið var mjög áriðandi að starfsfólk á bakvakt Barnaverndar og starfsfólk VoR teymisins fengi bólusetningu.³⁶⁹

Í frétt frá velferðarsviði var sagt frá því í lok janúar að 200 notendur heimahjúkrunar hafi fengið heimsókn frá hjúkrunarfræðingi síðustu daga sem hafi fært þeim góðan glaðning - sem sagt bóluefni gegn COVID-19.³⁷⁰

6.40 Tilslakanir hefjast og jörð skelfur

Um miðjan janúar var sett ný reglugerð sem færði samkomutakmarkanir úr 10 manns í 20. Félagsstarf eldri borgara í félagsmiðstöðvum hófst að nýju og eldra fólk gat aftur borðað í mötuneytum borgarinnar. „Á meðan á tíu manna fjöldatakmörkunum stóð lá nánast allt félagsstarf niðri og eru því liðnir meira en tveir mánuðir frá því að þátttakendur hafa geta sinnt sínum áhugamálum í félagi við aðra,“ segir í frétt á vef Reykjavíkurborgar af þessu tilefni.³⁷¹

Á fundi neyðarstjórnar 28. janúar var rætt um húsnæðisúrræði fyrir heimilislausu karlmenn í stað húsnæðis á Grandavegi en leigusamningur þar átti að renna út 15. apríl. Húsnæðið

³⁶⁹ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 28. janúar.

³⁷⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Bólusett í heimahúsi í kappi við tímann“, 22. janúar 2021 <https://reykjavik.is/frettir/bolusett-i-heimahusi-i-kappi-vid-timann>

³⁷¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Félagsstarf og matarþjónusta opna á ný, 15. jan. 2021“ <https://reykjavik.is/frettir/felagsstarf-og-matarthjonusta-opna-ny>

hafði verið tekið á leigu fyrir notendur gistiskýlisins og var nýtt sem biðrými fyrir þá sem sýndu einkenni COVID-19 þegar þeir komu í hús á meðan þeir biðu eftir niðurstöðum úr sýnatöku. Ákveðið var að hafa samband við Rauða Kross Íslands sem rak sóttvarnarhús og kanna hvort þessi hópur gæti komið þangað ef þörf krefði en það hafði ekki verið hægt á meðan smit voru útbreiddari.³⁷²

Neyðarstjórnin kom saman 25. febrúar og var sá fundur sagður sá síðasti þar sem ný reglugerð var komin þar sem búið var að færa fjölda þeirra sem máttu vera saman í rými upp í 50. Mikill meirihluti viðkvæmustu notendanna í þjónustu hjá sviðinu höfðu þá þegið bólusetningu.

Í fundargerð segir „Klukkustund síðar kom stór jarðskjálfti.“³⁷³

Það reyndist vera upphafið að miklum jarðhræringum og eldgosi í Geldingadölum á Reykjanesi.

6.41 Aftur á neyðarstig

Eins og fyrri daginn lék kórónuveiran á landsmenn og skaut upp sínum broddótta kolli á ný þannig að grípa þurfti til áframhaldandi sóttvarnarráðstafana og samkomutakmarkana. Þrátt fyrir að fjöldabólusetningar væru á fullu í Laugardalshöll var enn ekki búið að ná svokölluðu hjarðónæmi gegn veirunni. Landamærin voru opin og kórónuveiran lék margar þjóðir grátt um þessar mundir, t.a.m. Indverja þar sem delta afbrigði veirunnar geisaði eins og eldur í sinu með hræðilegum afleiðingum.

Skyndileg fjölgun COVID-19 smita í lok mars sem kennd voru við það sem kallað var „breskt afbrigði“ kórónuveirunnar gerði það að verkum að sóttvarnarlæknir sá sig tilneyddan að ráðleggja stjórnvöldum að setja almannavarnir á neyðarstig enn á ný. Ný reglugerð var gefin út þar sem samkomutakmarkanir voru á ný miðaðar við 10 manns. Neyðarstjórn velferðarsviðs kom því saman á ný 24. mars.

Teknar voru ákvarðanir um að loka félagsstarfi fyrir öðrum en íbúum en búið var að bólusetja eldra fólk.

Stefnt var að því að halda úti óskertri þjónustu við fullorðin fatlað fólk og fötluð börn.

Sótt var um undanþágur vegna fjöldatakmakmarkana m.a. til geta haldið mótuneytum í tengslum við þjónustuíbúðir opnum og voru þær veittar.³⁷⁴

³⁷² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 28. janúar 2021.

³⁷³ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 25. febr 2021.

³⁷⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. mars 2021.

Að sögn Pórhildar Guðrúnar Egilsdóttur deildarstjóra öldrunarmála hjá velferðarsviði var ekki mögulegt að hafa mötuneytin opin þegar samkomutakmarkanir miðuðust við 10 manns og því var sótt um undanþágur.³⁷⁵

Pörf var talin á að setja upp farsóttarhús fyrir notendur gistiskýlanna þar sem húsnæði að Grandagarði 1b hafði verið skilað.

Vinnu og virkniúrræði fyrir fatlað fólk í Gylfaflöt lokaði í einn dag meðan leitað var úrræða til að halda starfinu gangandi.

Undanþágur frá sóttvarnareglum voru veittar fyrir tvær dagdvalir, fjögur neyðarskýli, heimahjúkrun og vinnu og virkniúrræði. Neyðarstjórn velferðarsviðs tók þann pól í hæðina eins og áður að halda úti eins mikilli þjónustu og mögulegt væri miðað við sóttvarnarreglur.³⁷⁶

6.42 Óánægja með ósamræmi í bólusetningu

Á fundi 25. mars var sagt mikilvægt að viðbragðsteymi velferðarþjónustu sem Embætti landlæknis hafði sett upp yrði virkjað að nýju en tekið fram að það hafi ekki virkað nægilega vel og skerpa þurfi á vinnulagi þess.

Þá var farið yfir hver staða bólusetninga væri hjá notendum þjónustunnar og starfsfólki. Í fundargerðinni segir að ósamræmi sé í bólusetningum. Þar var átt við að í nágrannasveitarfélögum hafði nánast allt fólk í velferðarþjónustu verið bólusett á meðan vissir hópar í þjónustu hjá Reykjavíkurborg höfðu setið eftir. Enn hafði fjöldi íbúa íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Reykjavík ekki verið bólusettur.³⁷⁷

Grípum niður í fundargerðina:

„Um 67% íbúa í íbúðakjörnum hafa ekki fengið bólusetningu. Allir angar eru úti til að þrýsta á bólusetningu þessara hópa.

Berglind og Ólafía Magnea fara almennt yfir stöðuna á bólusetningum á sviðinu.

- Allt starfsfólk á hjúkrunarheimilum hefur fengið fyrri sprautu og allir íbúar eru bólusettir. Allir skjólstaðingar heimahjúkrunar fæddir fyrir 1944 búnir og stór hluti starfsmanna heimahjúkrunar fengið fyrri sprautu.
- Allir í dagdvölum bólusettir og starfsfólk dagdvala fengið fyrstu sprautu.
- Íbúar þjónustuíbúða bólusettir en ekki starfsfólk.

³⁷⁵ Pórhildur Guðrún Egilsdóttir, viðtal.

³⁷⁶ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. mars 2021.

³⁷⁷ Fundargerð neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 25. mars 2021.

- Flestir þátttakendur í félagsstarfi bólusettil en ekki starfsfólk.

Húsnæði fyrir fatlað fólk:

- Lokið í sex íbúðakjörnum (fjórir þeirra skilgreinast sem hjúkrunarrými) og á tveimur heimilum fyrir börn. Allir með NPA-samninga bólusettil og allir á fimmtán herbergjasambýlum.
- Enn ólokið hjá: Starfsfólki félagslegrar heimaþjónustu, heimilslausu fólki og starfsfólki VoR-teymis og gistiskýla, bakvakt Barnaverndar, Vinnu og virkni, öðru starfsfólki velferðarsviðs.

Mjög ríður á að bakvaktarstarfsmenn Barnaverndar og starfsfólk VoR-teymis verði bólusettil.³⁷⁸

Stjórnendur á velferðarsviði eru nokkuð samdóma í því áliti að þarna hafi samstaða sveitarfélaganna brugðist í faraldrinum.

Að sögn Berglindar Magnúsdóttur, sem stýrði skrifstofu heimaþjónustu og öldrunarmála, fannst henni vanta talsvert upp á samábyrgð sveitarfélaganna þegar kom að bólusetningu viðkvæmra hópa.

„Mesta sjokkið sem ég fékk í allri þessari vinnu var hins vegar þegar ég komst að því að búið væri að bólusetja íbúa í öllum íbúðakjörnunum á höfuðborgarsvæðinu nema okkar fólk. Þarna upplifði ég bara algjört kaos. Þau voru einfaldlega að fá forgang fyrir allt sitt fólk og fóru ekki eftir leikreglum á meðan við sátum eftir. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hin sveitarfélögin sem voru með í þessari vinnu og fannst vanta talsvert upp á samábyrgðina þar.“³⁷⁹

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir hjá Almannavörnum höfuðborgarsvæðisins tók undir þessa gagnrýni og sagði að þarna hafi orðið alvarlegur misbrestur á samræmingu aðgerða á höfuðborgarsvæðinu sem var til þess fallinn að rjúfa samstöðuna.³⁸⁰

Við höfðum fengið fyrirmæli um að skrá fatlaða íbúa með undirliggjandi sjúkdóma á forganglista en ekki allt fatlað fólk.

³⁷⁸ Fundargerðir neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. og 25. mars.

³⁷⁹ Berglind Magnúsdóttir viðtal 18. nóvember 2021.

³⁸⁰ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir deildarstjóri hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins, viðtal.

6.43 Vor bjartsýni og tilslökunar

Eftir fund neyðarstjórnar í lok mars fundaði neyðarstjórn velferðarsviðs ekki í langan tíma. Framboð bóluefna jókst með hverri viku og var mikill kraftur í bólusetningarátaki stjórnvalda á vormánuðum 2021. Starfsfólk á starfsstöðum sviðsins var orðið þjálfað í sóttvarnaraðgerðum. Undirteymi neyðarstjórnar héldu utan um daglegan rekstur, sáu um að minna á sóttvarnir og gripu til aðgerða þegar nauðsyn kallaði.

Í lok apríl fengu 300 fatlaðir einstaklingar sem njóta víðtækrar þjónustu frá velferðarsviði fyrri bólusetningarskammtinn í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut. Um var að ræða fatlað fólk sem býr í íbúðakjörnum og fatlað fólk sem býr í sjálfstæðri búsetu en fær þjónustu frá Liðsaukanum sem er sólarhringsþjónusta á vegum velferðarsviðs. Liðsaukinn hefur það að markmiði að efla færni einstaklinga til að búa sjálfstætt á eigin heimilum og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu. Fjöldi einstaklinga sem njóta þjónustu frá Liðsaukanum er 18 manns. Starfsfólk íbúðakjarnanna og Liðsaukans fylgdi fólki til bólusetningarinnar.³⁸¹

6.43 Merkingar á glerhurðum Orkuhússins við Suðurlandsbraut. Mynd: Reykjavíkurborg.

Vorið 2021 var því sannkallað vor bjartsýni og tilslökunar á sóttvörnum eftir erfiðan farsóttarvetur þar sem æ stærri hluti þjóðarinnar fékk fulla bólusetningu og sóttvarnartakmarkanir voru felldar úr gildi smám saman eftir því sem smitum fækkaði.

2021

15. apríl

Samkomutakmarkanir færðar úr 10 í 20 manns.

10. maí

50 máttu koma saman og 150 á viðburðum þar sem fólk var skráð í sæti. Auk þess máttu sundlaugar og baðstaðir hafa opið fyrir 75% af leyfilegum fjölda og veitingastaðir gátu lengt opnunartíma til kl. 22.



³⁸¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Stór dagur í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar“, 21. apríl 2021 <https://reykjavik.is/frettir/stor-dagur-i-velferdarthjonustu-reykjavikurborgar>

25. maí

Dregið enn frekar úr takmörkunum; 150 manns máttu koma saman, slakað var á grímuskyldu og tveggja metra reglu og halda mátti sitjandi viðburði með allt að 300 manns. Fólk gat setið á veitingahúsum til kl. 23.

15. júní

Mátti halda 300 manna samkomur.

23. júní

Tók heilsugæslan upp svokölluð hraðpróf.

26. júní

Fullt frelsi fengið þegar allar takmarkanir voru felldar úr gildi og grímuskyldu og nándarreglum aflétt.

6.44 COVID-jól hin önnur með ómíkrón

Práðurinn var ekki tekinn upp á fundum neyðarstjórnar velferðarsviðs aftur fyrr en rétt fyrir jól en þá var hið skæða ómíkrón afbrigði veirunnar tekið við af hinu illvíga delta afbrigði og farið að herja á landsmenn af fullum krafti. Metfjöldi smita greindist á hverjum degi þrátt fyrir að þorri þjóðarinnar hefði verið bólusettur þrívægis.

21. desember fundaði neyðarstjórn vegna ástandsins. Sem fyrr var áherslan lögð á að halda úti óskertri þjónustu.

Berglind Magnúsdóttir framkvæmdastjóri heimahjúkrunar og heimaþjónustu sagði mikilvægt að heimaþjónusta héldist 100% yfir hátíðirnar. Hún heimilaði að hægt yrði að ráða sjúkraliða, ef einhverjir gætu komið í kvöld- og helgarþjónustu.

„Höldum úti óskertri þjónustu. Leggjumst á eitt svo að sem fæstir þurfi að fara í sóttkví, svo fáir þurfi að fara á spítala, því þar er staðan ekki góð.“³⁸²

Þetta endurspeglar ástandið vel því metfjöldi smita greindist dag eftir dag og margir á spítala með COVID-19.

Skötuveislur á Þorláksmessu í félagsmiðstöðvum höfðu samt sinn gang enda vildu eldri borgarar fá sína skötu og engar refjar. Í fundargerðinni segir. „Í Borgum og á Lindargötu verður take-away-skata. Þau ætla að

³⁸² Fundargerð neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 21. desember 2021.

taka inn í tveimur tuttugu manna hollum í tvígang, aðrir verða afgreiddir með skötu heim til sín.”³⁸³

Fréttir bárust af því að ekki yrði jólamatur hjá Hjálpræðishernum vegna fjölda smita. Hjálpræðisherinn sagðist ætla að keyra matinn heim til fólksins í staðinn. VoR teymið sótti poka til Mæðrastyrksnefndar og keyrði heim til fólks í brýnni þörf.³⁸⁴

6.45 Miklar áskoranir í upphafi árs 2022

Neyðarstjórn velferðarsviðs kom saman 7. janúar á nýju ári. Hátt í tvö hundruð starfsmanneskjur sviðsins voru þá í sóttkví eða einangrun. Staðan var rædd á fundinum. Ákveðið var að einfalda skipurit neyðarstjórnar og sátu Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri, Berglind Magnúsdóttir, Aðalbjörg Traustadóttir og Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í henni. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir upplýsingafulltrúi og Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir voru verkefnastjórnar neyðarstjórnar ásamt tilfallandi sérfræðingum á skrifstofu velferðarsviðs.³⁸⁵

Stjórnendur á velferðarsviði fengu sendar ítarlegar upplýsingar um hvernig ætti að bregðast við og hvert ætti að leita ef upp kæmu smit eða grunur um smit.

Þar var eftirfarandi leiðbeiningar að finna.

„Gætum vel að sóttvörnum og fylgjumst með ákvörðunum stjórnvalda.

Starfsfólk eða íbúar sem eru með einkenni sem gætu bent til COVID-19 eiga strax að fara í PCR-sýnatöku. Starfsfólk með flensulík einkenni á ekki að vera í vinnu. Starfsfólk sem kemur erlendis frá á að fylgja reglum sem sóttvarnayfirvöld setja um sýnatöku á landamærum hverju sinni. Starfsfólk ætti hins vegar að sýna sérstaka aðgát hvað sóttvarnir varðar í fimm daga eftir heimkomu. Viðhalda þarf góðri loftræstingu, þrifa sameiginlega snertifleti reglulega og ítreka persónulegar sóttvarnir meðal starfsfólks og íbúa. Mikilvægt er að stjórnendur fylgist með upplýsingum um fjarlægðarmörk og fjöldatakmarkanir og hagi starfseminni eftir því.”³⁸⁶

13. janúar voru 200 starfsmanneskjur sviðsins komnar í sóttkví eða einangrun. Búið var að gera fjórar sviðsmyndir um mönnun og stöðuna á sviðinu eftir því hvernig faraldurinn þróaðist. Þar kom m.a. fram hvaða starfsstöðum væri hægt að loka og hverjum þyrfti

³⁸³ Sama heimild.

³⁸⁴ Sama heimild.

³⁸⁵ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 7. janúar 2022.

³⁸⁶ Sama heimild.

nauðsynlega að halda opnum. Í fundargerð segir að til þess geti komið að færa þurfi fólk til í starfi tímabundið til þess að halda ákveðinni þjónustu órofinni.³⁸⁷

Á þessum síðustu vikum faraldursins þegar hvert metið í smittölum rak annað varð mönnunarvandi á ýmsum stofnunum alvarlegur og þurfti að leita til bakvarða sem tóku m.a. vaktir á hjúkrunarheimilum. Starfsfólk á skrifstofum velferðarsviðs fór einnig út og vann m.a. í sóttvarnarbúningum á sambýlum. Að sögn Auðar Björgvinsdóttur hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði gengu fimm einstaklingar af öðrum sviðum Reykjavíkurborgar í störf á stofnunum sviðsins og tóku alls níu vaktir samkvæmt upplýsingum mannauðs- og starfsumhverfissviðs.³⁸⁸

Að sögn Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur hjá Almannavörnum varð erfiðara um vik að fá bakverði til starfa í velferðarþjónustunni undir það síðasta í faraldrinum.³⁸⁹

Komið var á það stig vegna manneklunnar að virkja þurfti viðbragðsáætlanir á starfsstöðum og forstöðumenn voru hvattir til þess að kynna þær fyrir öllum starfsfólki. Átt var við þær viðbragðsáætlanir sem gerðar voru á öllum starfsstöðum í upphafi faraldursins. Inn í áætlun hvers starfsstaðar kemur fram hver mörkin eru við að halda úti þjónustu.³⁹⁰

Rétt eftir miðjan janúar var kominn upp mikill mönnunarvandi vegna starfsfólks sem var í einangrun eða sóttkví. Velferðarsvið hélt þá upplýsingafund fyrir stjórnendur á starfsstöðum í sólarhringsþjónustu þar sem farið var yfir þær leiðir sem starfsfólk gæti farið til að leita aðstoðar.

Í fundargerðinni er rætt um að greina fjölda starfsfólks á starfsstöðum sem mögulegt væri að loka og hversu marga væri hægt að virkja í önnur störf á starfsstöðum sem yrði að halda opnum.³⁹¹

6.46 Átta prósent starfsfólks frá vinnu

Á þessum tíma kom upp slæm staða á Alzheimer deild Droplaugarstaða vegna smita. Heimild var fengin til að greiða starfsfólki sérstaklega ef það tæki aukavakt og þyrfti að vinna í sóttvarnarbúningi að sinna smituðum.

Rakið var í fundargerðinni að sviðið væri að færast nær sviðsmynd B sem gerði ráð fyrir að 280 starfsmenn væru frá vinnu. Það þýddi að um 8% starfsfólks væru í sóttkví eða einangrun. Á þessum tíma var starfsfólk af skrifstofu fötlunarmála farið að stíga inn og taka

³⁸⁷ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 13. janúar 2022.

³⁸⁸ Auður Björgvinsdóttir tölvupóstur 25. nóvember 2022.

³⁸⁹ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, samtal í nóvember 2022.

³⁹⁰ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 13. janúar 2022.

³⁹¹ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 17. janúar 2022.

vaktir þar sem staðan var mjög þung. Fólk af öðrum íbúakjörnum og fleira fólk af skrifstofunni var sagt vera tilbúið til að hlaupa í skarðið.³⁹²

Á velferðarsviði eru 1.270 stöðugildi eða um 2.000 starfsmenn sem vinna í þjónustu sem þarf að haldast órofin.

Í frétt frá velferðarsviði kom fram að áhætta við að loka starfsstöðum sem væru ekki með sólarhringsþjónustu hefði verið metin.

„Viðbúið er að starfsfólk af þeim starfsstöðum stígi í auknum mæli inn í störf þar sem þjónusta þarf að vera óskert. Þegar eru dæmi um að starfsfólk af íbúðakjörnum stígi inn á vaktir á öðrum kjörnum þar sem staðan hefur verið þyngri. Þá hafa einstaklingar sem starfa á skrifstofu velferðarsviðs en hafa reynslu af því að vinna með fötluðu fólki stigið inn og tekið vaktir. Viðbúið er að slíkar tilfærslur eigi eftir að aukast næstu daga og vikur.“³⁹³

³⁹² Sama heimild.

³⁹³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Allt kapp lagt á að halda mikilvægri þjónustu órofinni“, 19. janúar 2022 <https://reykjavik.is/frettir/allt-kapp-lagt-ad-halda-mikilvaegri-thjonustu-orofinni>



6.46 Starfsfólk á velferðarsviði hleypur í skarðið og aðstoðar í íbúðarkjarnanum að Bleikargróf 4.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Tæpri viku síðar var ástandið enn slæmt og mikil vandamál vegna mönnunar en smit voru einnig að greinast á meðal þjónustunotenda hér og þar. Í frétt frá velferðarsviði var t.d. fjallað um smit hjá íbúa í Bleikargróf, íbúðakjarna fyrir fimm fatlaða einstaklinga, og rætt við Önnu Maríu Steindórsdóttur forstöðukonu þar.



„Þetta er búið að vera mikið áhlaup. Ég fékk skilaboð á laugardagskvöld um jákvæða niðurstöðu hjá einum af íbúunum hér. Þá var bara að anda djúpt og setja sig í stellingar. Þetta er búið að vera mikið þúsluspil, vinna á gólfinu sjálf meðfram því að skipuleggja starfsemina og stappa stálinu í íbúa, sem sumir voru svolítið smeykir við þetta ástand. Við erum eiginlega búin að vera

á handahlaupum.³⁹⁴

Anna María kvaðst hafa fengið mjög góðan stuðning við að halda starfseminni gangandi við þessar erfiðu aðstæður en starfsfólkið þurfti að vinna í sóttvarnarbúningum löngum stundum þar sem allir íbúarnir og tólf starfsmanneskjur Bleikargrófar fóru í sóttkví. Samkvæmt fréttinni voru þrjár starfsmanneskjur fullbólusettar og tvær fengu undanþágu frá sóttkví til að vinna.

„Mannauðsdeildin hefur verið frábær að bregðast við og leita allra leiða til að fá fólk hingað inn. Við höfum fengið aðstoð frá bakvarðasveit, starfsfólki annarra íbúðakjarna og svo hafa verið hér sérfræðingar af skrifstofu fötlunarmála á velferðarsviði. Þetta hafa verið langir dagar en andrúmsloftið hefur verið mjög jákvætt og allir hafa lagst á eitt við að hjálpa og styðja við okkur.“³⁹⁵

Sama dag birtist frétt á öllum miðlum Reykjavíkurborgar, innri vef, Workplace og ytri vef þar sem biðlað var til starfsfólks borgarinnar að skrá sig í bakvarðasveit til að veita tímabundna aðstoð í velferðarþjónustu. Tilgreint var að velferðarsvið glímdu við mikinn mönnunarfanda vegna faraldursins. Óskað var eftir fólki sem gæti starfað í þjónustu við fatlað fólk, á hjúkrunarheimilum, í heimaþjónustu og í þjónustu við heimilislauða. Tekið var fram að reynsla af störfum í velferðarþjónustu væri kostur en alls ekki skilyrði.³⁹⁶

6.47 Hópsmit í íbúðakjarna í Jöklaseli

Stefanía Smáradóttir forstöðukona og Ólafur Árni Jónsson teymisstjóri í íbúðarkjarnanum að Jöklaseli 2 glímdu við mjög alvarlega COVID-19 hópsýkingu um mánaðarmótin janúar og febrúar 2022. Nær helmingur starfsfólksins var frá um tíma vegna smitsins, þar á meðal forstöðukonan. Starfsmannahópurinn þótti sýna einstaka þrautseigju við að halda mjög flókinni starfsemi gangandi á þessum tíma og fékk fyrir vikið hvatningarverðlaun velferðarráðs síðar sama ár.

Íbúðakjarninn að Jöklaseli 2 var tekinn í notkun 2003. Þar búa sex íbúar með þroskahömlun, konur og karlar á ýmsum aldri, og eru íbúðirnar með sér salerni og eldunaraðstöðu. Að sögn stjórnenda er húsnæðið orðið frekar lúið enda stendur til að flytja íbúana í nýtt húsnæði sem er í byggingu í Norðlingaholti. Sextíu einstaklingar vinna í Jöklaseli 2 í 33 stöðugildum.

³⁹⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Á handahlaupum við að manna í stöðurnar“, 24. janúar 2022 <https://reykjavik.is/frettir/handahlaupum-vid-ad-manna-i-stodurnar>

³⁹⁵ Sama heimild.

³⁹⁶ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Leitað til starfsfólks Reykjavíkurborgar í bakvarðasveit velferðarþjónustu“, 24. janúar 2022 <https://reykjavik.is/frettir/leitad-til-starfsfolks-reykjavikurborgar-i-bakvardasveit-velferdarthjonustu>

Stefanía Smáradóttir forstöðukona segir að íbúðakjarninn sé einn af flóknustu starfsstöðum á landinu þar sem fólk með þroskahömlun býr og fær þjónustu frá velferðarsviði.³⁹⁷

Vegna þess verður íbúðakjarninn alltaf að vera fullmannaður og miðast allar neyðaráætlanir starfsstaðarins við það. Meirihluti íbúa er alltaf með tvær starfsmanneskjur með sér yfir daginn. Að sögn stjórnenda íbúðakjarnans eru svokölluð „atvik“ nokkuð algeng þar sem íbúarnir bregðast við umhverfi eða aðstæðum sínum á ýktan hátt, t.d. með ofbeldi gegn starfsfólki. Slík atvik eiga oftast rætur í óöryggi svo það er mikilvægt að gagnkvæmt traust ríki milli starfsfólks og íbúa. Vegna þessara aðstæðna var þjónustan í Jöklalesi ákaflega fallvölt í kórónuveirufaraldrinum en varð að haldast órofin.

Pau segja einstakan starfsanda ríkja í starfsmannahópnum sem hafi m.a. hjálpast að við að finna alls konar lausnir til að hafa ofan af fyrir íbúum á meðan faraldurinn gekk yfir en ekki síður þegar starfsemin nánast lagðist á hliðina og yfir helmingur starfsfólksins var í einangrun og sóttkví á sama tíma. Yfir 30 starfsmenn fengu COVID-19 í þeirri hrinu, þar á meðal forstöðukonan.

Í tilnefningunni til hvatningarverðlauna velferðarráðs segir m.a.:

„Starfsmannahópurinn í Jöklalesi er í sérflokki. Í baráttunni við COVID-19 steig starfsmannahópur Jöklales upp og gott betur en það. Það var ómetanlegt hversu jákvæður, boðinn og búinn hópurinn var í að aðstoða við að manna vaktir, ásamt því að vinna við breyttar, flóknar og krefjandi aðstæður. Án starfsmannahópsins hefði þetta ekki getað gengið upp.“³⁹⁸

Stjórnendurnir leystu málin með mikill yfirvinnu þeirra sem voru ekki frá og kölluðu einnig til fyrrverandi starfsfólk sem lét til leiðast að koma í afleysingar við þessar erfiðu aðstæður. Pau segja bæði að ef nauðsyn hefði krafist hefðu þau einfaldlega unnið veik til að halda starfseminni órofinni. Í þeirra huga skipti mestu máli að íbúarnir yrðu ekki beittir nauðung á borð við aukna lyfjagjöf eða innlokun.³⁹⁹

6.48 Nauðsyn á bakvörðum

Ástandið sem skapaðist í Jöklalesi sýndi í raun hvað getur gerst þegar smit í faraldri verða stjórnlaus og allt skipulag riðlast. Það leiddi m.a. í ljós hversu brýnt það er að hafa stöðugan starfsmannahóp á slíkum starfsstöðum. Þá væri í raun æskilegt að velferðarsvið hafi ætíð

³⁹⁷ Stefanía Smáradóttir forstöðukona og Ólafur Árni Jónsson teymisstjóri, viðtal 20. desember 2022

³⁹⁸ Regína Ásvaldsdóttir, Velferðarsvið: „Tillaga um tilnefningar til hvatningarverðlauna velferðarráðs 2021, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tillaga_hvatningarverdlaun_2021_ag.pdf

³⁹⁹ Stefanía Smáradóttir forstöðukona og Ólafur Árni Jónsson teymisstjóri, viðtal 20. desember 2022

aðgang að fastri sveit bakvarða sem býr yfir þekkingu og þjálfun til að ganga inn í neyðaraðstæður eins og þær sem voru uppi í Jöklaseli í janúar 2022.

Aðdragandi þess að fyrstu kórónuveirusmitin greindust hér á landi var um tveir mánuðir frá því faraldurinn hófst í Kína. Í framtíðinni þegar fréttir taka að berast af slíkri vá væri mögulega hægt að nýta slíkan tíma til að koma upp þjálfaðri bakvarðasveit.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri kallaði eftir því á vettvangi neyðarstjórnar Reykjavíkur að starfsfólk annarra sviða sem ekki var í framlínustörfum létti undir með starfsfólki velferðarsviðs þegar mest gekk á vegna faraldursins.

„Við erum mögulega að ganga inn í tímabil í mannkynssögunni þar sem reglulega mun koma upp krísuástand eins og heimsfaraldur kórónuveiru. Þá er nauðsynlegt að hver og einn sé ekki að finna upp hjólið í eigin horni og allir leggist á eitt við að leysa málin. Þetta verður að vera viðurkennt af stjórnvöldum. Ætlum við virkilega að vera með heilan helling af opinberum starfsmönnum sem fara bara í hálfgerft frí þegar allt lokar í svona krísum? Kannski er lærdómurinn af þessu ástandi núna að setja klausur inn í starfslýsingar fólks sem við ráðum héðan í frá um að hægt sé að láta það gegna öðrum störfum en það er nákvæmlega ráðið til að gegna.“⁴⁰⁰

Hún segir þó að þegar auglýst var eftir fólki innan borgarinnar til að leggja velferðarsviði lið hafi margir gefið sig fram.

„Þetta gekk ekki alveg eftir eins og við hefðum viljað en það sem var gert var hins vegar mjög vel þegið og gekk vel en nokkur fjöldi starfsmanna annarra sviða tók að sér að hringja í eldri borgara og vinna í úrræðum fyrir heimilisláust fólk.“⁴⁰¹

6.49 Sóttvarnartakmörkunum aflétt

Þrátt fyrir fjölda smita í ómíkrón bylgjunni í janúar voru samt betri tímar í vændum. Í löndunum í kring var farið að aflétta sóttvarnartakmörkunum þar sem búið var að þrífólusetja alla sem töldust til viðkvæmra hópa. Bóluefnin virtust ráða vel við ómíkrón afbrigði veirunnar en tölfræðin sýndi að óbólusettir veiktust helst illa, sérstaklega ef þeir smituðust af delta afbrigði veirunnar sem enn var á sveimi í samfélaginu.

Þegar komið var fram í lok janúar kom fram í fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs að fólk í smitgát eigi að mæta í vinnu og að engar sérreglur gildi lengur fyrir hjúkrunarheimili.⁴⁰²

⁴⁰⁰ Regína Ásvaldsdóttir, viðtal 30. september 2021.

⁴⁰¹ Sama heimild.

⁴⁰² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 26. janúar 2022.

Fólk með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma eða aðra áhættuþætti var það eina sem talið var í hættu af því að smitast. Vegna útbreiddrar bólusetningar taldist gamalt fólk, fatlað fólk eða heimilislaust fólk ekki lengur vera viðkvæmt gagnvart COVID-19 sýkingum. Í fundargerðinni segir.

„Algeng spurning: „Hvað eru viðkvæmir hópar?“ Það verður hver og einn forstöðumaður að meta og bera ábyrgð á. Forstöðumenn á starfseiningum sem hafa verið skilgreindir í viðkvæmri stöðu eiga að meta með sínu fólki. Á öðrum stöðum mætir fólk til vinnu.“⁴⁰³

Í Danmörku og Noregi var öllum sóttvarnaraðgerðum hætt 1. febrúar. Hér var ástandið þannig að stór hluti þjóðarinnar var í sóttkví, ómögulegt var að ráða við mikla útbreiðslu smita í samfélaginu og því orðið tímabært að láta veiruna hafa sinn gang til að ná fullu hjarðónæmi. Í byrjun febrúar voru nálægðartakmörk á sitjandi viðburðum afnumin með nýrri reglugerð.

17. febrúar greindist algjör metfjöldi COVID-19 smita hér á landi þegar 2.957 greindust jákvæðir, þar af 76 á landamærunum. Raðgreiningum á veirunni hafði þá verið hætt þar sem ómíkrón var orðið allsráðandi afbrigði SARS-COV-2.

Neyðarstjórn velferðarsviðs kom síðast saman 24. febrúar 2022 sama dag og stjórnvöld tilkynntu að öllum sóttvarnartakmörkunum yrði aflétt frá og með föstudeginum 25. febrúar.

„Ef stefnir í ófremdarástand þá getum við með auðveldum hætti byrjað aftur að kalla eftir upplýsingum,“ er síðasta setning fundargerðarinnar.⁴⁰⁴

Þar með lauk COVID-19 aðgerðum velferðarsviðs.

6.50 Aðgerðir velferðarsviðs í helstu málaflokkum

6.51 Aldrað fólk

Þjónusta við aldraða í heimahúsum og þjónustuíbúðum var ekki skert en félagsstarf aldraðra lokaði þó vegna smithættu í verstu hrinum faraldursins fyrsta árið. Ákveðið var að

⁴⁰³ Sama heimild.

⁴⁰⁴ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. febrúar 2022.

loka hjúkrunarheimilum fyrir gestakomum snemma í faraldrinum en aðstandendur fengu þó að kveðja sína nánustu á dánarbedi.

Að sögn Þórhildar Guðrúnar Egilsdóttir deildarstjóra öldrunar sem var yfir teymi þjónustuíbúða í faraldrinum voru eldri borgarar ákaflega gætnir í faraldrinum. Engin smit komu upp í þjónustuíbúðum á vegum borgarinnar fyrr en í lok faraldursins þegar ómíkrón afbrigði veirunnar gekk yfir samfélagið. Reynt var að halda þjónustu í félagsmiðstöðvum og mötuneytum eins órofinni og mögulegt var með hólfunum, grímunotkun og fjarlægðarmörkum.⁴⁰⁵

Heimaþjónusta og dagdvöl hélt áfram en dagdvöl aldaðra var aðeins lokað í tvo daga áður en hún var opnuð aftur. Fólk sem notaði mötuneyti félagsmiðstöðvanna var hvatt til að sækja um heimsendan mat. Umsóknir um slíka þjónustu voru samþykktar óundirritaðar til að tryggja öllum sem þurftu matarþjónustu.

Í þjónustuíbúðum voru sett upp skýr tilmæli um að gæta ítrustu sóttvarna en aldrei lokað alveg fyrir gestakomu. Gestir þurftu að gefa sig fram við starfsfólk áður en þeir fengu inngöngu til heimsóknna. Aðstandendur íbúa voru hvattir til að draga úr heimsóknnum og koma ekki margir í einu. Til að minnka umferð fólks og þar með smithættu í húsnæði þar sem þjónustuíbúðir eru staðsettar var ekki úthlutað í lausar íbúðir í nokkrar vikur. Úthlutun hófst að nýju í maí 2020 þegar faraldurinn lá niðri um skeið.

„Okkar markmið var allan tímann að halda þjónustunni gangandi,“ segir Berglind Magnúsdóttir. „Öll félagslega heimaþjónustan gekk vel og við héldum henni gangandi allan tímann. Hefðum við verið í hrædda pakkanum eins og Akureyri sem hætti nánast öllum þrifum og einfaldri aðstoð inni á heimilunum þá hefðum við bara lokað.

Fólk vann með grímur og passaði upp á að fylgja sóttvörnum. Við hugsuðum fyrst og fremst um að verja starfsfólkið og þjónustuna. Við höfum allan tímann gengið lengst allra í því að hafa opið; félagsstarf aldaðra var t.d. lokað á tímabili en opnaði aftur um leið og hægt var.

Sjálf hef ég verið mjög upptekin við að skoða hugsanlegar hliðarverkanir COVID-19, t.d. einangrun eldri borgara og sjúklinga, og að lágmarka það eins og mögulegt er.

Þrátt fyrir lokanir fékk fólk t.d. að kveðja sína nánustu á hjúkrunarheimilum. Ég var ánægð að Jórunn [Ósk Frímannsdóttir Jensen, forstöðumaður Droplaugarstaða] var líka þarna eins og ég. Mesta hættan var fólgin í því að upp kæmi smit á hjúkrunarheimilunum og því var lagt kapp á að verja þau.“⁴⁰⁶

⁴⁰⁵ Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri öldrunar, viðtal.

⁴⁰⁶ Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri heimaþjónustu velferðarsviðs, viðtal 18. nóvember 2021.

6.52 Verkefnið spjöllum saman

Hagsmunasamtök eldri borgara, Félag eldri borgara í Reykjavík (FEB) og Landssamband eldri borgara (LEB) viðruðu áhyggjur vegna einangrunar og mögulegs næringarskorts eldra fólks á eigin heimilum á fundi með sviðsstjóra og fleirum í mars 2020. Vegna þessa var gerður listi yfir þá sem talið var að ættu fáa að og undirbúningur hófst að verkefni þar sem hringt yrði í þetta fólk til að kanna líðan þess. Þeir sem unnu við félagsstarf sem var lokað í faraldrinum sáu m.a. um að hringja í eldri borgara. Sjálfbóðaliðar frá áðurnefndum félögum eldri borgara gerðust einnig símavinir. Verkefnið fékk góðan liðsauka frá nemum í félagsráðgjöf frá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands en um 35 nemar tóku að sér sjálfbóðaliðastörf við úthringingar. Verkefnið fékk heitið Spjöllum saman og var hafist handa við úthringingar 23. mars og hringt í 733 einstaklinga, 85 ára eldri sem búa einir og voru í þjónustu hjá Reykjavíkurborg. Í símtalinu var líðan fólksins og aðstæður kannaðar um leið og rætt var um daginn og veginn.⁴⁰⁷

Haustið 2020 var verkefnið útfært og ákveðið að hringja í alla eldri borgara í Reykjavík yfir 85 ára aldri sem bjuggu í heimahúsum. Á þeim tíma lagði starfsfólk borgarinnar af öðrum sviðum einnig hönd á plóg í verkefninu. Skráðu sig 32 starfsmenn af öðrum sviðum til að taka þátt í verkefninu.

Áslaug Guðrúnardóttir þáverandi kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur var ein af þeim sem hringdi í eldri borgara á þessum tíma. Í frétt á vef Reykjavíkurborgar sagði hún að símtölin væru bráðnauðsynleg. „Sumir eiga ekki marga að og heyra því í fáum. Við getum bent á ýmsa þjónustu sem er í boði á vegum borgarinnar og annarra og hvert á að sækja hana,“ sagði hún og bætti síðan við. „Það hafa allir verið mjög glaðir að heyra í mér og mér hefur oftast en ekki hlýnað um hjartaræturnar í þessum samtölum.“⁴⁰⁸

Ef til vill má læra af þessu að skipulögð vinna við símhringingar til eldri borgara getur haft veruleg áhrif á lífsgæði þeirra. Slíkar úthringingar geta rofið einangrun einhverra auk þess sem nauðsynlegt getur verið að minna eldra fólk á hvaða þjónusta er í boði fyrir eldra fólk hjá borginni. Spurning er hvort ekki þyrfti að halda úti slíku verkefni í einhverri mynd á hverju ári. Verkefnið mæltist mjög vel fyrir í velferðarráði þegar það var kynnt þar og var m.a. bókað hvort ekki þyrfti að viðhalda því.

Verkefnið er enn í gangi en með aðeins öðru sniði og hefur nú eignast heimili hjá Rauða krossi Íslands.⁴⁰⁹

⁴⁰⁷ Vefur Reykjavíkurborgar, „Félagsráðgjafanemar í hópi símavina“, 20. apríl 2020.

<https://reykjavik.is/frettir/felagsradgjafanemar-i-hopi-simavina>

⁴⁰⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Símavinir á velferðarvakt“, Reykjavík 17. nóvember 2020,

<https://reykjavik.is/frettir/simavinir-velferdarvakt>

⁴⁰⁹ Vefur Rauða Kross Íslands, <https://www.raudikrossinn.is/verkefni/innanlandsverkefni/heilbrigdi-og-velferd/vinaverkefni>

6.53 Styrkir til félagsstarfs eldri borgara

Eins og áður hefur komið fram voru nokkrar áhyggjur af eldri borgurum í faraldrinum, sérstaklega af þeim sem bjuggu einir heima. Þar sem loka þurfti félagsmiðstöðvum eldra fólks á verstu tímabilum í faraldrinum var hætta á að fólk einangraðist auk þess sem heimsóknir voru takmarkaðar.

Þegar félagsmiðstöðvarnar voru lokaðar var boðið upp á ýmsa rafræna viðburði fyrir eldri borgara eins og samsöng, leikfimi og skák en eins og gefur að skilja gátu ekki allir í þessum hópi nýtt sér það.

Um vorið var fjöldi námsmanna ráðinn til að auka þjónustu við eldri borgara og var þar um að ræða störf á hjúkrunarheimilum, dagdeildum, þjónustuíbúðum, í heimaþjónustu og á félagsmiðstöðvum.⁴¹⁰

Félagsmálaráðuneytið ákvað veita sveitarfélögum styrki til aukinnar starfsemi í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19. Framlagið var 1.600 krónur á hvern íbúa í sveitarfélaginu sem var 67 ára og eldri samkvæmt upplýsingum um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands

Ástæðan fyrir styrkveitingunni var sú að eldri borgarar og öryrkjar höfðu þurft að þola félagslega einangrun m.a. vegna sjálfsskipaðrar sóttkvíar og sóttvarnaraðgerða. Því var talið mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka heilbrigði og draga úr félagslegri einangrun.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fékk 25 milljóna króna styrk og voru fjármunirnir vel nýttir í aukið félagsstarf og þjónustu við þennan hóp þá um sumarið.

Að auki ákvað félagsmálaráðuneytið að veita fjármunum í ráðningu námsmanna vegna faraldursins en ekki var um auðugan garð að gresja í sumarstörfum fyrir námsmenn þetta sumar. Áætlaði velferðarsvið að ráða í alls 63 stöðugildi vegna eldri borgara en ráðningartímabilið var tveir mánuðir.

Þetta unga starfsfólk var m.a. ráðið til að efla tæknilæsi meðal eldra fólks, til að auka hreyfingu og heilsueflingu, í leiklistarhóp og önnur skapandi störf.⁴¹¹

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir deildarstjóri öldrunarmála hjá velferðarsviði segir að frábært hafi verið að fá þessa styrki inn í félagsstarfið. „Við gátum gert hluti sem við höfum aldrei getað gert, hvorki fyrr ná síðar,“ segir hún.⁴¹²

⁴¹⁰ Regína Ásvaldsdóttir: „Svar við fyrirspurn fulltrúa flokks fólksins um lista yfir úrræði fyrir eldri borgara í Covid“, lagt fyrir 380. fund velferðarráðs 24. júní 2020.

⁴¹¹ Sama heimild.

⁴¹² Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri öldrunarmála á velferðarsviði, viðtal.

Hún segir að styrkirnir hafi ekki aðeins nýst til að bæta og auka félagsstarf eldra fólks heldur hafi þeir verið eins og vítamínssprautu fyrir þá sem höfðu haft mjög lítið að gera í faraldrinum eins og listamenn og rútfyrtæki en mikil ásókn hafi verið í styrkina frá þessum aðilum.

„Við vorum með mjög opið ferli varðandi það hverjir voru valdir til að fá sátt um það hvernig fjármagninu yrði ráðstafað. Við fengum fullt af umsóknum og héldum fund með fulltrúum eldra fólksins og þau ákváðu með okkur hvað yrði fyrir valinu.“⁴¹³

Boðið var upp á farandleikhús, leiklistarnámskeið, tæknilæsinámskeið, námskeið um kvíða; sérstaklega í tengslum við COVID-19, dansleikfimi, námskeið um að auka vellíðan á covid-tímum, námskeið í hreyfingu- jafnvægi og styrk, hláturnámskeið og gert kynningarefni um mikilvægi félagslegrar heilsu og þess að einangrast ekki. Alls tóku 3.600 manns þátt í starfinu um sumarið.⁴¹⁴

Talsverð samlegðaráhrif voru af átaksverkefni félagsmálaráðuneytisins að fjölga störfum fyrir námsmenn og auknu félagsstarfi. Alls urðu til störf fyrir 18 námsmenn í tengslum við félagsstarfið sem varð til þess að kostnaður vegna leiksýningar sem sett var upp, leiklistarnámskeiða og tæknilæsinámskeiða varð minni en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta varð til þess að 15 milljónum af styrknum var ekki nýttur og sótt sviðið um að fá að fullnýta hann í áframhaldandi starfi.

„Vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að ráða við útbreiðslu Covid-19 veirunnar er mikilvægt að leggja áfram aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun eldri borgara og öryrkja. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að fullnýta styrkinn og halda áfram þeirri góðu vinnu sem hófst með styrkveitingunni í sumar og til þess að auka og efla félagsstarfið í vetur og fram á vor.“⁴¹⁵

Þetta var samþykkt og hélt starfið áfram veturinn 2020/2021 en var þó nokkuð sundurslitið vegna faraldursins sem geisaði sem aldrei fyrr með tilheyrandi samkomutakmörkunum. Þó var haldið áfram með ýmis námskeið og verkefni þennan vetur innan þeirra sóttvarnartakmarkana sem voru í gildi og náði starfið til fjölmargra.⁴¹⁶

Haldið var áfram með þessar styrkveitingar sumarið 2021 og var framlag félags- og barnamálaráðuneytisins þá 1.700 krónur á hvern íbúa 67 ára og eldri. Upphæð styrksins nam því 27.5 mkr.

⁴¹³ Sama heimild.

⁴¹⁴ Skýrsla frá Reykjavík um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19, velferðarsvið, september 2020.

⁴¹⁵ Sama heimild.

⁴¹⁶ Skýrsla frá Reykjavíkurborg um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020 - 21 vegna COVID-19: Velferðarsvið, maí 2021.

Eins og áður gerði styrkveitingin velferðarsviði kleift að setja af stað alls kyns verkefni til viðbótar við hefðbundið félagsstarf yfir sumarið; vinnusmiðjur í samskiptum, dansleikfimi, frisíbolfnámskeið, sagnfræði gamalla ljósmynda, námskeið um heilsu, hreyfingu og mannleg samskipti, jóganámskeið, ljósmyndanámskeið, núvitundarnámskeið með leir, ritlistarsmiðju, rútuferðir með leiðsögn og kaffiveitingum, samsöng við gítarundirleik, stólaleikfimi, tæknilæsinámskeið, töfranámskeið, útifjör, og ættfræðigrúsk. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á námskeiðin var 6.579 manns en þess bera að geta að á þeim námskeiðum sem haldin voru einu sinni í viku á hverri félagsmiðstöð gat verið um sömu einstaklinga að ræða. Alls voru ráðnir tíu námsmenn í sumarstörf í hluta þessara verkefna. Líkt og sumarið áður náðist ekki að fullnýta styrkinn yfir sumarið og voru 11,5 milljónir eftir. Var óskað eftir því við ráðuneytið að fá að fullnýta styrkinn og fékkst það í gegn.⁴¹⁷

Ljóst er að þessir styrkir frá ríkinu voru vel til fundnir af félagsmálaráðuneytinu og komu mörgum vel á þessum erfiðu árum faraldursins, sérstaklega í ljósi þess að kostnaður sveitarfélaga jókst mjög í faraldrinum.

6.54 Fatlað fólk

Allir starfsstaðir velferðarsviðs með sólarhringsþjónustu voru flokkaðir í A, B og C staði í upphafi faraldursins eins og áður hefur komið fram. Miðað var við hversu viðkvæmir einstaklingar notendur þjónustunnar væru fyrir því að smitast af COVID-19. Tekið skal fram að þótt fólk sé með fötlun þýðir það ekki endilega að sé viðkvæmt fyrir COVID-19 þar sem heilsufar fatlaðs fólks er mjög misjafnt eins og hjá ófötludum.

Í undirbúningsferlinu áður en faraldurinn skall á af fullum þunga var forstöðufólk íbúðakjarna og sambýla í sambandi við aðstandendur. Þá voru leiðbeiningar um sóttvarnir hengdar upp á öllum starfsstöðum.

Þegar komið var á neyðarstig varð nauðsynlegt að skerða eða breyta nokkuð þjónustu við fatlað fólk. Þar sem loka þurfti úrræðum var reynt eins og hægt var að nýta einstaklingsmiðaðar lausnir þar sem maður á mann aðferðir voru notaðar.

Vinnu- og virkniúrræðum var t.a.m. lokað tímabundið auk skammtímadvalar fyrir fötlud börn og unglunga. Í samráði við forsjáraðila var boðið upp á þjónustu heim. Börn með undirliggjandi sjúkdóma nýttu þjónustu á ábyrgð forsjáraðila.⁴¹⁸

Um leið og fundið var út úr smitvörnum og hólfaskiptingu var vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta opnuð aftur. Starfsfólki var deilt á milli starfsstaðanna lðjubergs og

⁴¹⁷ Skýrsla um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2021 vegna COVID-19 frá Reykjavíkurborg: Velferðarsvið janúar 2022.

⁴¹⁸ Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 9. mars 2020.

Gylfaflatar. Í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu eru 70 einstaklingar að jafnaði og 70 starfsmenn.

Sigurbjörn Rúnar Björnsson, forstöðumaður vinnu- og virknimiðaðra úrræða velferðarsviðs, segir að starfsstaðirnir skiptist þannig að 30 einstaklingar séu í Gylfaflöt í Grafarvogi, en þar er yngra fólk frá 18 – 30 ára, en í lðjubergi í Breiðholti eru 25 einstaklingar á aldrinum 30 – 60 ára. Sjö yngri einstaklingar sem eru m.a. útskrifaðir úr framhaldsskólum eru einnig í vinnu- og virknimiðuðu úrræði sem nefnist Opus í litlu húsnæði í Völvufelli. Fólk mætir í þessi úrræði á virkum dögum. Kynjaskipting er nokkuð jöfn. Margir af notendum þessara úrræða búa í íbúðakjörnum en aðrir búa heima hjá foreldrum eða eru í annarri sjálfstæðri búsetu með aðstoð frá Liðsaukanum.

Áðurnefndum vinnu- og virknimiðuðum úrræðum var lokað tímabundið þegar samkomubann hófst í fyrstu bylgjunni en aðeins í mjög skamman tíma þar sem allt kapp var lagt á að hólfaskipta þeim svo hægt yrði að halda þjónustunni gangandi en gæta jafnframt að sóttvörnum. Í fyrstu bylgjunni voru tíu í hólf, fimm starfsmenn og fimm notendur. Það fyrirkomulag reyndist frekar erfitt en síðar var sótt um undanþágur og 20 manns fengu að vera saman í hólf. Sigurbjörn segir að þetta hafi þúslast með ólíkindum vel saman. Hann telur reyndar að heppni hafi ráðið því að engin hópsmit urðu á stöðunum. Starfsfólk og íbúar smituðust í faraldrinum en það uppgötvaðist áður en fólk mætti á starfsstaðina þannig að ekkert hópsmit kom upp.

Sigurbjörn Rúnar segir að margir hafi kosið að vera heima í fyrstu bylgjunni. Þá fór starfsfólk með notendunum heim. Reynt var að stytta fólki stundir á ýmsa lund; gönguferðum, sjónvarpsáhorfi, tónlist og ýmis konar föndri. Langflest starfsfólkið gerði þetta í faraldrinum og vann þá mest með einhverjum ákveðnum einstaklingi.

„Eiginlega var erfiðast að skipuleggja hver ætti að vera með hverjum og hvar í faraldrinum því þetta er talsverður fjöldi. Síðan var talsvert flókið að finna út úr því hvernig ferðaðþjónusta fatlaðra ætti að koma fólki á milli heimilis og vinnu,“ segir Sigurbjörn Rúnar.

Hann segir að það hafi komið sér mest á óvart hversu vel gekk að fá alla til að hlýða sóttvarnareglum. „Við settum reglur og það fóru bara allir eftir þeim. Jafnvel einhverft fólk virtist alveg skilja að þetta væri nauðsynlegt.“

Sigurbjörn segir að faraldurinn hafi verið mikil áskorun fyrir starfsfólkið en starfsemin byggir á miklum og nánum samskiptum á milli starfsmanna og skjólstæðinga. „Við þurfum að vinna í mikill nálægð við fólk okkar til að veita þessa nánd og hlýju sem er nauðsynleg í svona úrræðum,“ segir hann og bætir við. „Þetta var mikið bras og ég held að allir vilji bara gleyma þessum tíma sem fyrst. Við vonum bara að þetta komi aldrei fyrir aftur.“⁴¹⁹

⁴¹⁹ Sigurbjörn Rúnar Björnsson, forstöðumaður vinnu- og virknimiðaðra úrræða velferðarsviðs, símaviðtal.

Undirteymi fyrir sértæka búsetu var stofnað og hafði sólarhringsvakt á símsvörun allan tímann sem faraldurinn varði.

Stuttu eftir að komið var á neyðarstig í fyrstu bylgjunni í mars kom upp smit hjá íbúa í íbúðarkjarnanum við Þórðarsveig fyrir fatlað fólk. Viðkomandi var sendur á sjúkrahús. Þar dvaldi einstaklingurinn ekki lengi en sá tími var nýttur til að finna íbúð fyrir aukna starfsmannaaðstöðu. Starfsmannahópnum var skipt upp og var sérstakt fólk sett á vakt til að sinna þessum einstaklingi í einangrun. Það hafði aðstöðu í íbúðinni þar sem auðvelt var að fara í og úr hlífðarfatnaði og hafði ekkert samneyti við þá starfsmenn sem sinntu hinum íbúunum í kjarnanum. Starfsfólk og íbúar í kjarnanum notuðu ekki sömu salerni til að draga úr smithættu. Að sögn Aðalbjargar Traustadóttur var í þessum aðgerðum fyrst notast við sóttkví B eða svokallaða vinnusóttkví þar sem starfsmaður sem hefur fengið skilaboð um að fara í sóttkví vinnur í stað þess að halda sig heima.⁴²⁰

6.55 Málefni fatlaðra barna

Klettaskóli sem þjónar börnum með þroskahömlun, væga þroskahömlun og viðbótarfötlun hafði þann háttinn á í upphafi neyðarstigs vegna hólfana að börn gátu aðeins mætt í skólann annan hvern dag. Bryndís Snæbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, segir að ekki hafi verið haft samráð við samtökin vegna þessa og hafi þau verið ósátt við ákvörðunina og gert athugasemdir. Ekki kom til að það væri lagað því fljótlega kom upp smit í skólanum og var honum lokað í kjölfarið.⁴²¹

Vegna þess var kortlagt hvaða einstaklingar væru í brýnni nauðsyn fyrir þjónustu sem þeir fá frá velferðarsviði.⁴²²

Samkvæmt forráðamönnum Proskahjálpar hafði lokun Klettaskóla alvarleg áhrif á nemendur skólans og fjölskyldur þeirra því foreldrar/forráðamenn þurftu að vera heima og sinna þeim meðan skólinn var lokaður. Þær Bryndís Snæbjörnsdóttir og Unnur Helga Óttarsdóttir núverandi formaður Proskahjálpar segja að helsta gagnrýnin sem komið hafi fram í faraldrinum í málaflokki fatlaðs fólks sé vegna lokana í Klettaskóla.

„Það er ekki hægt að senda tíu ára fatlað barn heim án þess að það fylgi stuðningur með,“ segir Bryndís Snæbjörnsdóttir en bætir því við að staðan hafi að sumu leyti verið flókin í faraldrinum því að ekki hafi allir foreldrar viljað fá þjónustu heim af hræðslu við smit.⁴²³

„Sumarið 2020 fórum við á fullt til að tryggja að okkar fólk sæti ekki eftir í faraldrinum. Við rýndum þetta um vorið með fulltrúum frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði

⁴²⁰ Aðalbjörg Traustadóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

⁴²¹ Bryndís Snæbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, viðtal.

⁴²² Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 20. mars 2020.

⁴²³ Bryndís Snæbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, viðtal.

Reykjavíkurborgar. Þar fórum við t.d. yfir það að skólar yrðu að vera búnir að forgangsraða hvernig skólastarfi fatlaðra barna yrði háttað. Við lögðum til að fundin yrði leið til að þau yrðu send síðast heim af öllum. Og þau voru ekki send heim.

Það kom t.d. upp smit í Hvassaleitisskóla þarna fljótlega og þá var sérdeildin þaðan send yfir í húsnæði frístundarinnar.

Við lögðum til að tómt húsnæði yrði frekar nýtt en að þau yrðu send heim. Í því samhengi bentum við skóla- og frístundasviði á að taka stöðuna innan hverfisins.

Fleiri úrræði fyrir fötluð börn lokuðu í fyrstu bylgjunni. Loka þurfti dagvist eftir skóla fyrir fötluð ungmenni í Hinu húsinu vegna þess að þar kom saman ungt fólk úr mörgum skólum.

Við áttum í góðu samstarfi við Hitt húsið sem lokaði dagvistinni fyrir þennan hóp," segir Bryndís. „Ég tel að það hefði verið hægt að færa þá starfsemi sem er þar inn í hvern og einn skóla svo hópurinn blandaðist ekki í Hinu húsinu. Þetta var rosalega erfitt fyrir þennan hóp og foreldrana. Mjög margir foreldrar kláruðu alla veikindadagana sína og urðu einnig að taka launalaus leyfi til að vera heima með börnunum.“

Bryndís segir að meiri hreyfing og sveigjanleiki í þjónustunni verði að vera raunhæfur möguleiki þegar svona erfiðar aðstæður eins og kórónuveirufaraldur komi upp.



„Í svona ástandi eins og heimsfaraldri verður fyrst og fremst að tryggja að lögbundinni þjónustu sé sinnt. Þörfin fyrir þjónustuna hverfur ekki og því þarf að finna lausnir. Þá verður að tryggja að þjónustan sé bundin við barnið en ekki tiltekið hús. Þetta þarf ekki endilega að kosta meira. Ég tel að lærdómurinn af þessum faraldri sé að þetta sé leiðin sem verði að fara. Í raun er það gamaldags hugsun að byggja hús og að það sé síðan eini staðurinn þar sem hægt sé að veita þjónustuna.“⁴²⁴

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs segir að hún hefði, líkt og framkvæmdastjóri og formaður Þroskahjálpar, viljað sjá aðrar lausnir varðandi lokanir þessara úrræða.⁴²⁵

Strax var farið í að finna lausnir til að halda frístundastarfi fatlaðra ungmenna í Hinu húsinu opinu með hólfaskiptingu og var hún ekki lokuð nema í mjög skamman tíma.

⁴²⁴ Sama heimild.

⁴²⁵ Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, viðtal 30. september 2021.

6.56 Vandræði með aðstoðarfólk fatlaðs fólks

Að sögn móður sem á fatlað ungmenni sem býr heima lenti fatlað fólk með beingreiðslusamninga við velferðarsvið sumt hvert í vandræðum með aðstoðarfólk í faraldrinum. Því þurftu aðstandendur í sumum tilfellum að hlaupa í skarðið. Að öllu jöfnu er ekki leyfilegt að foreldrar eða nánir aðstandendur fái greitt af þeim fjármunum sem greiddir eru eftir slíkum samningum en í faraldrinum var það hins vegar heimilað þar sem margir foreldrar voru bundnir heima við þegar aðstoðarfólk beinlínis „gufaði upp“ eins og móðirin orðaði það í viðtali. Hún sagði að fyrir flest fatlað fólk skipti regla mestu máli og það að vera í ákveðnu prógrammi sem megi helst ekki raskast. Í faraldrinum varð engu að síður talsverð röskun á högum fatlaðs fólks þótt reynt hafi verið af fremsta megni að halda þjónustu óbreyttri. Þessi móðir sem ekki vildi láta nafns síns getið segir að einangrun margra úr hópi fatlaðra hafi aukist mikið vegna faraldursins. Sagði hún að hugsa þurfi vel út í félagslegu hliðina í svona ástandi. Hún sagðist enn fremur hafa vissu fyrir því að foreldrar fatlaðra barna hefðu margir þurft að hætta í vinnu langtímum saman á meðan faraldrinum stóð til að geta sinnt börnum sínum. Í tilfelli fjölskyldu hennar kom sér vel að eiginmaðurinn á heimilinu varð atvinnulaus í faraldrinum og fékk greitt í gegnum beingreiðslusamning barns síns.⁴²⁶

6.57 Aðstoðarteymi sett upp

Í þriðju bylgju faraldursins haustið 2020 komu upp alvarleg smit í íbúðakjörnum fatlaðra á Barðastöðum og Jöklalesi. Aðalbjörg Traustadóttir sem stýrir málefnum fatlaðs fólks á velferðarsviði, segir að þá hafi sóttvarnarteymið sem neyðarstjórn velferðarsviðs stofnaði gegnt þýðingarmiklu hlutverki.

„Með því voru tryggðar beinar línur á milli forstöðumanna og okkar helstu sérfræðinga í smitvörnum og hjúkrun. Þannig tryggðum við mjög sterkt bakland og í því fólst gríðarmikill styrkur.“⁴²⁷

6.58 Heimahjúkrun og heimþjónusta

Viðbragðsáætlun velferðarsviðs við heimsfaraldri kórónuveiru var að hluta til unnin upp úr viðbragðsáætlun sem gerð hafði verið fyrir svínaflensufaraldurinn 2009. Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri heimþjónustunnar hafði haft yfirumsjón með vinnslu þeirrar áætlunar eins og áður hefur komið fram. Þegar hættustigi var lýst yfir var teymi heimahjúkrunar og heimþjónustu stofnað um þessa mikilvægu starfsemi sem velferðarsvið

⁴²⁶ Ónefnd móðir fatlaðs ungmennis, símaviðtal.

⁴²⁷ Aðalbjörg Traustadóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

sinnir. Teyminu var skipt í þrjá undirflokkka sem báru ábyrgð á borgarhlutunum, efri byggð, miðbyggð og vesturbyggð.

Teymi heimahjúkrunar og heimaþjónustu bar einnig ábyrgð á birgðastöðu hlífðar- og sóttvarnarbúnaðar og sá um að miðla búnaði eftir þörfum. Hjúkrunarfræðingar heimahjúkrunar leiðbeindu um meðferð búnaðar á starfsstöðum. Til að byrja með voru birgðirnar takmarkaðar og þurfti að fara sparlega með þær. Birgðastaðan batnaði eftir því sem leið á faraldurinn og framleiðsla á búnaði jókst.

Berglind Magnúsdóttir segir að það hafi verið gríðarlega mikilvægt að hafa hjúkrunarfræðinga í vinnu á velferðarsviði þegar faraldurinn skall á. Undir þetta sjónarmið tekur einnig sviðsstjórinn Regína Ásvaldsdóttir.⁴²⁸

„Hjúkrunarfræðingar eru vanir því að vera í neyðarvinnu og það varð okkur til mikils happs að hafa hjúkrunarþjónustuna innan okkar vébanda,“ segir Berglind. „Pau eru vön því að vinna með líf og dauða, vön að forgangsraða og fara ekki á taugum þótt fólk sé mikið veikt eða látist jafnvel. Pau halda ró sinni og taka yfirvegaðar ákvarðanir í svona aðstæðum. Parna er munurinn, nám og reynsla sem skiptir sköpum í svona faraldri. Ég ætla ekkert að neita því að það var mikið álag og hjúkrunarfræðingarnir okkar voru þreyttir eftir þetta en það hafðist.

Við vorum með tvö stöðugildi bara í COVID-19 í fyrstu bylgjunum sem ríkið kostaði en þar voru þær Lilja Petra Ólafsdóttir og Berglind Víðisdóttir.“⁴²⁹

Að sögn Berglindar voru þessar konur ákaflega útsjónarsamar og vakandi. Þær unnu leiðbeiningar og veittu upplýsingar til fjölmarga aðila á starfsstöðum sviðsins sem nýttust einnig á landsvísu. Að auki höfðu þær greiðan aðgang að heilbrigðiskerfinu og að upplýsingum inni á vefnum Heilsuveru sem nýttust í ákveðnum álitamálum. Til dæmis kom í ljós í faraldrinum að vegna þess að fatlað fólk í íbúðakjörnum er ekki með rafræn skilríki var vandkvæðum bundið að fá niðurstöður úr sýnatökum úr PCR prófum sem birtar voru á Heilsuveru og þurftu hjúkrunarfræðingarnir jafnan að nálgast þær fyrir einstaklingana með aðgangi sínum.⁴³⁰

Þetta var einnig vandamál víða annars staðar á landinu og gengu starfsmenn almannavarna þá í málin fyrir viðkomandi stofnanir að sögn Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur deildarstjóra hjá Almannavörnum höfuðborgarsvæðisins. Þessi galli á kerfinu hefur enn ekki verið lagaður en verið er að leita leiða til þess. [nóvember 2022]⁴³¹

⁴²⁸ Regína Ásvaldsdóttir, viðtal 30. september 2021.

⁴²⁹ Berglind Magnúsdóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

⁴³⁰ Sama heimild.

⁴³¹ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, samtal nóvember 2022.

6.59 Upplausnarástand í upphafi

Lilja Petra Ólafsdóttir hefur starfað við heimahjúkrun frá 2007, fyrst hjá Heilsugæslunni og hjá Reykjavíkurborg síðan 2011. Hún starfar í dag sem gæðastjóri heimahjúkrunar hjá velferðarsviði og situr í neyðarstjórn sviðsins. Lilja Petra var skipuð í sóttvarnarteymi velferðarsviðs ásamt Berglindi Víðisdóttur og Ólafíu Magneu Hinriksdóttir en var einnig í teyrum stuðningsþjónustu og teymi heimaþjónustu í faraldrinum. Hún segir að í upphafi faraldursins hafi ríkt hálfgerið upplausnarástand. Fólk í framlínunni hafi verið óttaslegið og því hafi þær þurft að veita mikla aðstoð og vera til taks fyrir stjórnendur og starfsfólk með leiðbeiningum í gegnum síma.⁴³²

„Við vorum bara í því að grípa boltann frá degi til dags. Ástandið var síbreytilegt og fólk vissi ekki hvað átti að gera. Það var misjafnt eftir stjórnendum hversu vel þeir voru undirbúnir fyrir þetta ástand. Við vorum í sambandi við suma oft á dag til að aðstoða og leiðbeina,“ segir Lilja Petra.

Eftir því sem leið á faraldurinn í seinni bylgjunum segir hún að meiri regla hafi komist á starfið enda fólk orðið þaulæft í sóttvörnum og skipulagi til að forðast smit og orðið vant því að vinna í sóttvarnarbúningum þegar þörf krafði.

„Við vorum í raun mjög heppin að því leyti að það komu ekki upp mörg smit á meðal notenda heimahjúkrunar hjá okkur. Að mörgu leyti voru okkar aðstæður í heimahjúkruninni erfiðari en á spítölunum þar sem allt er til alls til smitvarna.“

Sem betur fer passaði gamla fólkið sig mjög vel að smitast ekki. Þau smit sem urðu á meðal eldra fólks hjá okkur enduðu í innlögnum.“

Um sextíu manns vinna að heimahjúkrun hjá Reykjavíkurborg sem sinna m.a. þjónustu á næturvöktum á öllu höfuðborgarsvæðinu.

„Mér fannst vanta meiri skilning á því hjá sóttvarnaryfirvöldum og landlækni hversu mikla þjónustu velferðarsvið veitir. Ég varð vör við það í mínu starfi á þessum tíma að það kom heilsugæslunni beinlínis á óvart hversu þungir einstaklingar eru í þjónustu hjá sviðinu. Forráðamenn heilsugæslunnar voru samt tiltölulega fljótir að átta sig og í dag finnst mér vaxandi skilningur á þeirri þjónustu sem velferðarþjónustan veitir.“⁴³³

⁴³² Lilja Petra Ólafsdóttir, viðtal 4. nóvember 2021.

⁴³³ Sama heimild.

6.60 Upplýsingagjöf velferðarsviðs

Samræmi í upplýsingagjöf, skýrar, réttar og stöðugar upplýsingar eru lykilatriði til að ná árangri og auka gegnsæi í krísu eins og kórónuveirufaraldrinum.

Yfirstjórn velferðarsviðs lagði mikla áherslu á vandaða og víðtæka upplýsingagjöf allt frá upphafi faraldursins og til loka hans. Reynt var að upplýsa sem flesta, stjórnendur, starfsfólk, notendur þjónustu, aðstandendur, hagsmunasamtök, stjórnvöld og almenning um aðgerðir sviðsins. Þá var haft mikið samráð við hagsmunaaðila varðandi ýmis mál og þeir upplýstir um stöðuna á hverjum tíma.

Fundað var vikulega með hagsmunasamtökum fatlaðs fólks í þriðju bylgju faraldursins haustið 2020 til að upplýsa um stöðu mála.⁴³⁴

Lögð var áhersla á að allar boðleiðir væru skýrar og viðbragðsaðilar á sínum stað. Hver framkvæmdastjóri sinnti upplýsingamiðlun til sinna forstöðumanna og svo koll af kolli en í upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar er kveðið á um upplýsingaábyrgð stjórnenda um starfsemi og þjónustu.⁴³⁵

Sviðsstjóri velferðarsviðs sem sat í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar miðlaði upplýsingum þaðan til neyðarstjórnar velferðarsviðs. Sviðsstjórinn miðlaði einnig upplýsingum frá sviði sínu til neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og til annarra sviðsstjóra og borgarstjóra sem einnig var starfandi formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Að auki sinnti sviðsstjóri alls kyns upplýsingagjöf til stjórnvalda, annarra sveitarfélaga, Almanna- og höfuðborgarsvæðisins, Embætti landlæknis og samtaka eldri borgara og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Mikið var einnig um fundahöld með stjórnendum auk þess sem sviðsstjóri sinnti einstaklega vel upplýsingagjöf til starfsfólks á Workplace.

Líkt og annars staðar í borgarkerfinu og reyndar einnig á landsvísu kom fljótlega upp



6.60 Starfsfólk sem lagði gjörva hönd á þýðingar hjá Reykjavíkurborg í heimsfaraldri kórónuveiru. Margir lögðu mikið á sig til að koma skilaboðum á framfæri við það starfsfólk borgarinnar sem er af erlendu bergi brotið. Myndir: Úr safni.

⁴³⁴ Aðalbjörg Traustadóttir, viðtal 18. nóvember 2021.

⁴³⁵ Vefur Reykjavíkurborgar: Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar, júlí 2015 bls. 9 grein 4.

þörf fyrir að upplýsa starfsfólk á fleiri tungumálum en íslensku. Mest var þörfin fyrir að þýða upplýsingar á ensku og pólsku. Á velferðarsviði var ákveðið 17. mars að safna saman efni til þýðingar fyrir erlent starfsfólk.

Unnið var upplýsingablað fyrir gesti í stjórnsýsluhúsum, þjónustumiðstöðvum og barnavernd auk leiðbeininga fyrir starfsfólk um þrif og smitvarnir sem það þyrfti að huga sérstaklega að.

Neyðarstjórn gaf út leiðbeiningar og fyrirmæli um aðgerðir og fékk til baka ýmsar tölulegar upplýsingar eða fyrirspurnir vegna sérstakra aðstæðna. Þá kallaði neyðarstjórn eftir upplýsingum frá stjórnendum.

Velferðarsvið notaði Workplace síður mikið í sinni innri upplýsingamiðlun til starfsfólks í faraldrinum og gafst það vel. Einnig voru haldnir reglulegir upplýsingafundir með stjórnendum og starfsfólki.

Þá voru skrifaðar fréttatilkynningar um allar helstu aðgerðir sviðsins í faraldrinum sem settar voru á vef Reykjavíkurborgar og sendar til fjölmiðla. Þær voru í fyrstu unnar af upplýsingadeild Reykjavíkurborgar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samráði við velferðarsvið og síðar af upplýsingafulltrúa sviðsins sem kom af miklum krafti inn í upplýsingamiðlun sviðsins í faraldrinum og var starfsmaður neyðarstjórnar sviðsins.⁴³⁶

Fullyrða má að upplýsingagjöf stjórnenda velferðarsviðs til starfsfólks, aðstandenda og hagsmunasamtaka skjólstæðinga sviðsins hafi verið til fyrirmyndar auk þess sem velferðarráð var reglulega upplýst á vandaðan hátt í gegnum allan faraldurinn með ítarlegum gögnum og minnisblöðum um aðgerðir sviðsins í faraldrinum en sú upplýsingagjöf er rakin í sérstökum kafla þar sem farið er yfir umfjöllun um COVID-19 í ráðinu. Í þeirri umfjöllun eru einnig tenglar á helstu gögn sem lögð voru fram varðandi faraldurinn.

6.61 Aðrar mikilvægar aðgerðir

Starfsmannahópum í stjórnsýsluhúsum borgarinnar og þjónustumiðstöðvum var skipt upp og þess gætt að helmingur starfsfólksins ynni heima. Eins og á öðrum sviðum borgarinnar voru fjarfundir nýttir eins mikið og hægt var.

Þrif voru aukin alls staðar og sprittbrúsum komið fyrir á öllum mögulegum stöðum til sóttthreinsunar. Þegar grímur fengust loksins var þeim einnig dreift til allra.

⁴³⁶ Minnisblað: Samantekt yfir upplýsingagjöf á velferðarsviði í þriðju bylgju COVID-19

Notendur þjónustu voru hvattir til að skila gögnum í póstkassa í þjónustumiðstöðvum. Þá voru notendur hvattir til að nota símann frekar en að mæta. Einnig var hringt í þá notendur sem þurfti að ná í að fyrrabragði. Mikið álag var á þjónustumiðstöðvar vegna símtala.

Allir framkvæmdastjórar skipuðu staðgengla og tryggðu að þeir væru ekki í smitfæri við þá þannig að báðir veiktust ekki á sama tíma.

Sett var upp bakvakt vegna aukinna tilkynninga um heimilisofbeldi með sérstökum smitvarnarráðstöfunum.

Unnar voru vandaðar sviðsmyndir um mönnun í lok faraldursins. Þær rættust ekki að fullu en í upphafi árs 2022 þegar ómikron bylgjan reis sem hæst var staða mönnunar býsna svört og margir starfsstaðir í vanda vegna fjölmarga starfsmanna í sóttkví og einangrun.

6.62 Samantekt

Undirbúningur á velferðarsviði fyrir heimsfaraldur COVID-19 hófst snemma og sviðið bjó vel að því leyti að neyðarstjórn hafði verið skipuð, unnið hafði verið að uppfærslu viðbragðsáætlana og allir tengiliðir á starfsstöðum kortlagðir.

Markmið sviðsins voru skýr en þau voru að halda þjónustu sviðsins á öllum starfsstöðum gangandi eins lengi og vel og unnt var miðað við aðstæður á hverjum tíma og sóttvarnartakmarkanir stjórnvalda leyfðu.

Mikilvægur undirbúningur var unnin strax í byrjun með því að láta alla starfsstaði vinna viðbragðsáætlanir. Þannig voru allir stjórnendur farnir að huga að viðbrögðum við hugsanlegum faraldri áður en smit komu fram innanlands.

Starfsstaðir voru flokkaðir eftir áhættustigi, A, B, og C flokk. Í A flokki voru þjónustueiningar þar sem íbúar voru í mikilli áhættu vegna COVID-19. Fundað var með stjórnendum og starfsfólki þessara staða áður en faraldurinn fór á fullt skrið.

Sett voru upp sérstök undirteymi neyðarstjórnar velferðarsviðs sem héldu utan um ýmsa þjónustupætti, voru til staðar fyrir stjórnendur og upplýstu neyðarstjórn velferðarsviðs um daglega stöðu mála. Sérstakt sóttvarnarteymi aðstoðaði stjórnendur á sólarhringsstarfsstöðvum og hafði beinan aðgang að Landlæknisembættinu, Heilsuveru og Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Það var skipað reynslumiklum hjúkrunarfræðingum og þroskaþjálfum sem skipti sköpum að sögn stjórnenda. Teymið var á sólarhringsvakt og stjórnendur höfðu greiðan aðgang að því.

كيف تحمي نفسك من وباء الكورونا؟

- اغسل يديك بالماء والصابون باستمرار او بمطهر كحولي 
- قم بتغطية الناف و الفم عند السعال او العطاس بمنديل ثم تخلص منه فوراً او بالجزء العلوي من ذراعك او اكمامك اذا لم يكن معك منديل 
- تجنب المخالطة اللصيقة للأشخاص الذين سافروا الى المناطق الموبوءة او الذين تظهر عليهم اعراض الزكام او بعض اعراض الانفلونزا. 
- استعمل ازرار المصاعد وغيرها من الالات العمومية بحذر مع غسل اليدين بعد ذلك بالماء والصابون او بمطهر كحولي . 
- تجنب المعانقة او المصافحة واكتف بقول السلام او فقط برفع اليد مع الابتسامة. 
- طبخ اللحوم والبيض جيداً قبل اكله. 

 Embætti landlæknis
Directorate of Health

6.62 Þýða þurfti alls konar upplýsingar á mörg tungumál til að ná til innflytjenda og lögðu margir hönd á plóg. Hér eru leiðbeiningar um sóttvarnir á arabísku.
Mynd: Embætti landlæknis.

Tekin var ákvörðun um að loka hjúkrunarheimilum fyrir heimsóknum áður en smit urðu algeng í samfélaginu. Þetta var nokkuð umdeild ákvörðun en gerði það að verkum að ekki komu upp smit á hjúkrunarheimilum í rekstri velferðarsviðs. Enginn lést úr COVID-19 á hjúkrunarheimilum í rekstri hjá borginni í fyrstu bylgjunum.

Hugað var strax að því að hafa upplýsingagjöf vandaða og stöðuga til allra.

Innri upplýsingamiðlun til stjórnenda og starfsfólks hófst snemma og settar voru upp sérstakar síður á Workplace fyrir upplýsingar ætlaðar starfsfólki.

Ytri upplýsingamiðlun til almennings var mikil þar sem skrifaðar voru tilkynningar um breytingar á þjónustu, smit sem komu upp á starfsstöðum og aðrar aðgerðir sviðsins í gegnum allan faraldurinn. Þetta var til þess fallið að vekja traust á aðgerðum Reykjavíkurborgar í faraldrinum.

Farið var að þýða efni á mörg tungumál snemma í faraldrinum sem gagnaðist starfsfólki. Þetta var algjörlega nauðsynlegt. Huga þarf að því að upplýsingamiðlun til starfsfólks á erlendum tungumálum sé stöðug og jöfn en ekki aðeins þegar vá steðjar að samfélaginu þar sem velferðarsvið reiðir sig á fjölmarga erlenda starfsmenn.

Velferðarráð var vel upplýst um stöðu mála í faraldrinum sem og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar.

Unnar voru sviðsmyndir um mönnun og tekin saman margvísleg tölfræði um faraldurinn á sviðinu sem kynntar voru í velferðarráði.

Boðleiðir voru stuttar á milli allra og þess gætt að stjórnendur hefðu greiðan aðgang að aðstoð ef á þurfti að halda.

Unnar voru nákvæmar leiðbeiningar um sóttvarnir, notkun sóttvarnarbúnaðar og annað sem var mikilvægt fyrir starfsfólk sem var síðan dreift til notkunar á landsvísu.

Opnuð voru ný en tímabundin úrræði fyrir heimilislaust fólk, m.a. konur, vegna þrengsla í Konukoti, á Granda fyrir unga karlmenn í vanda og fyrir þá sem áttu í engin hús að venda. Þetta var gert með aðstoð ríkisins.

Starfsfólki heimahjúkrunar var skipt upp og meinað að hittast svo hópsmit legðu ekki þjónustuna.

Prif og sóttþreinsun var aukin alls staðar og unnið eftir ákveðnu skipulagi þar sem allir snertifletir voru sóttþreinsaðir.

Hugað var að viðkvæmum hópum sem sviðið þjónustar eins og eldri borgurum sem búa heima, heimilisláusu fólki með flóknar þjónustuparfir, fólki með NPA samninga og vegaláusu fólki.

Hugað var að starfsfólki og ráðinn aðili sem veitti áfallahjálp og sálræna aðstoð.

Haft var náið samráð við hagsmunasamtök eins og samtök eldri borgara og fatlaðs fólks. Þetta skipti miklu máli til að allir væru að róa í sömu átt og væru jafn vel upplýstir.

Stjórnendum var uppálagt og þeir minntir á reglulega að merkja allan kostnað sérstaklega sem féll til vegna COVID-19.

6.63 Tímalína helstu atburða í starfsemi velferðarsviðs í COVID-19

Janúar 2020 til febrúar 2022

2020

29. janúar.

Neyðarstjórn velferðarsviðs fundar í fyrsta sinn vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

31. janúar.

Viðbragðsáætlun velferðarsviðs vegna COVID-19 send á framkvæmdastjóra

3. febrúar.

Neyðarstjórn VEL kallar eftir framkvæmdaáætlunum frá þjónustumiðstöðvum og starfsstöðum.

27. febrúar.

Ákvörðun tekin um að áhættumeta alla starfsstaði sviðsins og flokka í A, B og C staði eftir því hversu útsettir einstaklingar sem þar búa eru fyrir alvarlegum veikindum vegna SARS-CoV-2.

28. febrúar.

Viðbragðsáætlun fyrir hættustig virkjuð vegna þess að fyrsta COVID-19 smitið greinist á Íslandi.

2. mars.

Farið í skipulagðar heimsóknir á starfsstaði í A-flokki.

4. mars.

Teymi stofnað fyrir heimahjúkrun og heimaþjónustu í COVID-19

6. mars.

Viðbragðsáætlun fyrir neyðarstig virkjuð þar sem fyrsta innanlandssmitið sem ekki er rakið til útlanda greinist.

8. mars.

Baklandsteymi til stuðnings við forstöðumenn stofnað, ennfremur teymi sértækrar búsetu og teymi stuðningsþjónustu.

10. mars.

Teymi stjórnsýsluhúsa sett á fót.

11. mars.

Skipulögðum heimsóknum á starfsstaði hætt vegna smithættu. Hringt í stjórnendur.

13. mars.

Upp kemur smit í íbúðakjarna.

16. mars.

Samkomubann sóttvarnaryfirvalda tekur gildi frá og með miðnætti vegna fjölda smita.

17. mars.

Sviðsstjóri sendir bréf til landlæknis. Í því er farið fram á einnig verði minnst á starfsfólk í velferðar- og umönnunarþjónustu ásamt heilbrigðisstarfsfólki í opinberri umræðu um kórónuveirufaraldurinn.

18. mars.

Staðfesting fæst á því að velferðarsvið hafi forgang í skimun fyrir heilbrigðis- og umönnunarstarfsfólk á starfsstöðum í A flokki.

19. mars.

Sóttvarnanefnd velferðarsviðs stofnuð. Skjáver heimaþjónustu tilbúið og verkefnið Símvínir velferðarsviðs hefst.

24. mars.

Teymi þjónustuíbúða stofnað.

17. apríl.

Samningur við félagsmálaráðuneytið um rekstur húsnæðis fyrir vegalausa og neyðarskýli.

29. apríl.

Tilslakanir á starfsstöðum.

4. maí.

Samkomubanni aflétt og slakað á sóttvarnarráðstöfunum.

6. maí.

Opnað fyrir inntöku í þjónustuíbúðir á ný.

13. maí.

Aðgerðahópur um COVID-19 stofnaður til að meta framhaldið.

Önnur og þriðja bylgja

31. júlí.

Neyðarstjórn velferðarsviðs kemur aftur saman vegna smita. Heimsóknir á hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðir skertar. Einn starfsmaður sviðsins í einangrun og annar í sóttkví.

4. ágúst.

Sex starfsmenn í sóttkví og einn starfsmaður í einangrun. Einn íbúi í varnarsóttkví.

6. ágúst.

Sjö starfsmenn í sóttkví.

15. september.

Starfsfólk í íbúðakjörnum að Barðastöðum og Jöklaseli greinast smitaðir.

17. september.

Fimm starfsmenn í einangrun og 26 í sóttkví þar af stór hluti starfsmanna Barðastaða. Þrír íbúar í sóttkví og einangrun.

18. september.

Tveir sumarbústaðir fengnir að láni hjá Proskahjálpi til að hægt sé að halda sóttkví og einangrun á Barðastöðum.

Íslensk erfðagreining ákveður að auðvelda sýnatöku og skimun starfsfólks og íbúa eftir samtal sviðsstjóra við forstjóra ÍE.

Starfsmaður á heimili fyrir börn með fjölpættan vanda greinist smitaður. Allir íbúarnir í sóttkví.

21. september.

Yfirstjórn sviðsins ákveður að færa þær starfsstöðvar sviðsins á neyðarstig þar sem erfitt gæti reynst að ráða við smit. Aðrar starfsstöðvar einungis á hættustigi.

24. september.

15 starfsmenn í einangrun og 42 í sóttkví. Einn íbúi í einangrun og sex í sóttkví. Tveir notendur heimaþjónustu einnig í sóttkví.

1. október.

Heimilislaus einstaklingur sem telur sig smitaðan af COVID-19 sest upp á biðstofu þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og neitaði að yfirgefa staðinn. Kallað var eftir verklagi sem ætti við slíkar aðstæður.

3. október.

Smit greinist hjá starfsmanni í Porláksgesla. Átta starfsmenn og einn íbúi í sóttkví vegna þess.

4. október.

Starfsmaður í gistiskýli fyrir heimilislaua á Granda í einangrun vegna smits. Allir starfsmenn fara í sóttkví og 14 gestir. Enginn notandi smitaðist.

Barn greinist með smit á vistheimilinu Hamarskoti.

Neyðarstigi lýst yfir á öllu landinu vegna faraldursins.

5. október.

23 starfsmenn af 35 í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk við Porláksgesla í sóttkví. Þrír í einangrun.

Erfitt reynist að hafa uppi á notendum gistiskýlisins á Granda til að senda þá í sóttkví.

Mestur fjöldi smita á einum degi í annarri og þriðju bylgju faraldursins eða 100 manns.

6. október.

21 starfsmaður velferðarsviðs í einangrun en 65 í sóttkví. Þrír notendur í einangrun og 45 notendur þjónustu í sóttkví.

Hópsmit í þjónustuíbúðakjarna fyrir eldri borgara í Hvassaleiti. Sex íbúar smituðust og tveir starfsmenn. Einn íbúi lést af völdum COVID-19 sýkingar.

3. nóvember.

COVID-19 smit greinist hjá einum íbúa og einum starfsmanni á herbergjasambýlinu Foldabæ sem er sambýli fyrir átta konur með heilabilun. Sjö starfsmenn og allir íbúar heimilisins lentu í sóttkví. Enginn lést vegna smitsins.

22. október.

Hópsýking á Landakoti. Hópsýkingin, sem smitaði 99 einstaklinga og starfsmenn Landakots, hafði mikil áhrif á starfsfólk heimahjúkrunar og heimaþjónustu velferðarsviðs á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Rekja mátti fjölda dauðsfalla til sýkingarinnar.

28. desember.

Hátt í eitt hundrað íbúar hjúkrunarheimilanna Droplaugarstaða og Seljahlíðar fá fyrsta bólusetningarskammt við COVID-19. Fyrstur á Íslandi var Þorleifur Hauksson íbúi á Seljahlíð. Faðir hans sem var á Droplaugarstöðum var bólusettur sama dag.

2021**22. janúar.**

Hjúkrunarfræðingar heimsækja 200 notendur heimahjúkrunar og bólusetja þá.

25. mars.

Neyðarstigi aftur lýst yfir og ný reglugerð takmarkar samkomur við 10 manns vegna fjölgunar smita af svokölluðu „breska afbrigði kórónuveirunnar.

21. apríl.

Mikilvægum áfanga náð í velferðarþjónustu borgarinnar þegar fleiri en 300 fatlaðir einstaklingar fá fyrstu bólusetningarsprautuna gegn COVID-19 í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut.

5. maí.

Gestir neyðarskýla, Frú Ragnheiðar, Skjólsins og aðrir skjólstæðingar VOR,vettvangs- og ráðgjafarteymis Reykjavíkurborgar, sem sinnir þjónustu við fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir, fá bólusetningu.

25. maí.

Tilslakanir í sóttvörnum í starfi hjá velferðarsviði. Ekki þarf lengur að nota grímur á starfsstöðum þegar hægt er að virða tveggja metra reglu. Fólk sem sækir mötuneyti eða hópstarf getur verið grímulaust með einn metra sín á milli.

19. – 26. júlí.

Grímuskylda aftur tekin upp á starfsstöðum vegna fjölgunar smita.

Ómíkrón bylgjan

29. desember.

Neyðarstjórn velferðarsviðs virkjuð vegna fjölda starfsmanna í einangrun og sóttkví en reynt að skerða þjónustu sem minnst. Alls voru 64 starfsmenn velferðarsviðs í einangrun og 77 í sóttkví.

2022

14. janúar.

Hertar samkomutakmarkanir í tíu manns og af þeim sökum var send tilkynning um matarþjónusta í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs yrði felld niður. Í staðinn var boðið upp á heimsendan mat. Félagsmiðstöðvar engu að síður opnar.

19. janúar.

Mikill fjöldi smita og allt reynt til að halda mikilvægri þjónustu órofinni en tæp sjö prósent starfsmanna sviðsins voru í sóttkví eða einangrun eða 236. Fjórar sviðsmyndir teiknaðar upp varðandi ógnun við mönnun.

24. janúar.

Glímt við mikinn mönnunarvanda vegna fjölda smita í samfélaginu. Starfsfólk á íbúðakjörnum þar sem staðan er skárri hleypur undir bagga á þeim stöðum þar sem staðan er þung. Sérfræðingar af skrifstofu velferðarsviðs sem hafa reynslu af störfum með fötluðu fólki ganga einnig í störf. Upp kom smit í íbúðarkjarna í Bleikargróf þar sem íbúi smitaðist.

Auglýst eftir bakvörðum meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar til að leysa vandann.

26. janúar – 8. febrúar.

Hópsmit í íbúðakjarna í Jöklaseli þar sem mikið fatlaðir einstaklingar búa. Stjórnendur sýna mikla útsjónarsemi við að leysa mönnunarvandann og starfsfólk leggur mikið á sig. Ekki kemur til aðstoðar frá bakvörðum en fyrrverandi starfsmenn koma til liðs við stjórnendur.

24. febrúar.

Öllum sóttvarnaraðgerðum hætt.

6.64 Umfjöllun um COVID 19 í velferðarráði

Hér á eftir er fjallað um upplýsingagjöf velferðarsviðs til velferðarráðs, rakin umfjöllun um faraldurinn í ráðinu og ákvarðanir ráðsins til viðspyrnu COVID-19.

Upplýsingagjöf sviðsstjóra og starfsfólks sviðsins til velferðarráðs í faraldrinum var stöðug og ítarleg. Ráðið var reglulega upplýst um allar ákvarðanir, jafnt stórar sem smáar, sem teknar voru í sambandi við faraldurinn, smittölur og aðgerðir vegna smita á starfsstöðum. Auk þessa sendi sviðsstjóri fulltrúum í ráðinu tölvupósta þar sem upplýst var um stöðuna hverju sinni. Öll gögn mála og minnisblöð fylgdu skilvíslega með fundargerðum og eru tenglar á þau meðfylgjandi í þeirri umfjöllun sem fer hér á eftir.

2020

Aðgerðir velferðarsviðs kynntar

Ekki var fjallað um heimsfaraldur kórónuveiru í velferðarráði fyrr en á fundi nr. 375, 1. apríl 2020 en þá hafði faraldurinn geisað í rétt rúman mánuð hér á landi.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti þá fyrir ráðinu til hvaða aðgerða sviðið hefði gripið í faraldrinum. Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

„Fulltrúar velferðarráðs þakka Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra fyrir greinargóða kynningu á starfi sviðsins og viðbrögð við COVID faraldrinum sem leitt hefur til gríðarlegra breytinga á þjónustu sviðsins við þúsundir íbúa Reykjavíkur. Við viljum koma á framfæri kæru

Þakklæti til starfsfólks fyrir vel unnin störf á þessum fordæmalausum tímum.⁴³⁷

Á fundi velferðarráðs nr. 376, 22. apríl 2020 var nánast allur fundurinn lagður undir kynningar og umræður um COVID-19.

Kynnt var hvað hefði gerst í starfseminni vegna COVID-19 á milli funda en að auki var farið yfir fjölmargar aðgerðir velferðarsviðs í faraldrinum, m.a. skjáheimsóknir í velferðarþjónustu, verkefnið símvini fyrir eldri borgara, aðgerðir Félagsbústaða sf., og samning við félagsmálaráðuneytið um tímabundin húsnæðisúrræði.

Á fundinum voru einnig kynntar fjölmargar leiðbeiningar sviðsins sem búnar höfðu verið til í faraldrinum fyrir hina ýmsu starfsstaði og þjónustuþætti. Þessum leiðbeiningum hafði verið deilt með öðrum sveitarfélögum en þarna voru verkferlar um hvernig annast ætti fólk í sóttkvi og einangrun, hreinlæti, heimsóknir og fjölmargt annað.

Talsvert var um bókanir vegna þessara mála og eru þær birtar hér þar sem þær varpa ljósi á framvinduna og pólitískar áherslur meiri- og minnihlutans í velferðarráði.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram bókun þar sem lýst var yfir áhyggjum af stöðu erlends verkafólks „sem kæmist ekki lönd né strönd og þyrði jafnvel ekki að láta af sér vita vegna stöðu sinnar.“ Spurt var hvernig velferðarsvið ætlaði að koma þessum hópi til aðstoðar.

Fulltrúar meirihluta og minnihluta lýstu yfir ánægju með verkefni skjáheimsóknir og símvini. Fram kom að skjáheimsóknir í heimahjúkrun og heimþjónustu væru hugsaðar sem hrein viðbót við núverandi þjónustu til að auka félagsleg samskipti. Framsýni velferðarsviðs og þau skref sem stigin hafa verið á sviði velferðartæknilausna voru sögð skipta sköpum á þessum viðsjárverðu tímum.⁴³⁸

Aðgerðir Félagsbústaða

Undir lið 4. á fundinum fór fram kynning á aðgerðum Félagsbústaða vegna COVID-19. Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, kynnti aðgerðirnar í gegnum fjarfundabúnað.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna bókuðu.

„Hér hafa verið kynntar áætlanir um tilslakanir og greiðslufresti sem Félagsbústaðir hafa ráðist í, í kjölfar ákvörðunar borgarráðs um

⁴³⁷ Fundur velferðarráðs nr. 375, 1. apríl 2020.

⁴³⁸ Fundur velferðarráðs, nr. 376, 22 apríl 2020 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-376>

tilslökun á innheimtu vegna COVID-19. Settar hafa verið reglur um sveigjanleika í innheimtu og gjaldfrestum. Auk þess sem fjárhagsáætlun Félagsbústaða verður endurskoðuð með það í huga hvort hægt sé að flýta framkvæmdum og auka viðhald eða fjölga íbúðum umfram áætlanir. Mikilvægt er að halda því til haga að þeir sem lenda í vandræðum með leigu geta leitað til félagsbústaða með beiðni um greiðslufrest eða aðrar tilslakanir. Dugi þau úrræði ekki til þá er hægt að leita til þjónustumiðstöðva og velferðarsviðs um aukna aðstoð. Sanngjarnast er að einar reglur gildi um alla samkvæmt gegnsæju ferli. Mikið og farsælt samstarf er á milli velferðarsviðs og Félagsbústaða og mun það halda áfram á þessum sérstöku tímum.“

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

„Margir glíma nú við erfiðar fjárhagslegar afleiðingar COVID-19. Fulltrúi Sósíalista tekur heilshugar undir erindi frá Blokkinni - Félagi leigjenda hjá Félagsbústöðum, sem skorar á borgarráð, velferðarráð, velferðarsvið og Félagsbústaði að taka höndum saman og koma með öllum ráðum í veg fyrir vanskil og fjárhagsörðugleika leigjenda hjá Félagsbústöðum. Krafa þeirra er að leiga verði felld niður í 2 mánuði og í framhaldi verði leitað til að aðstoða þau sem lenda í áframhaldandi vandræðum með ýmsum leiðum. Þau skora einnig á Félagsbústaði að auka samskipti við leigjendur sem lent hafa í vanskilum og að falla frá því að senda greiðsluseðla sjálfkrafa til innheimtufyrirtækja án þess að leitað hafi verið leitað til samninga fyrst. Í erindi sínu taka þau einnig m.a. fram að leigjendur Félagsbústaða eigi það sameiginlegt að vera tekjulágir. Auk þess tilheyra íbúar flestir félagslega- og/eða heilsufarslega viðkvæmum hópum samfélagsins sem augljóslega standa veikast gagnvart þeim aðstæðum sem nú hafa komið upp í þjóðfélaginu. Frystingar og dreifingar á greiðslum muni ekki hjálpa mikið í þessum aðstæðum, heldur frekar stuðla að auknum vanskilum í framhaldi. Það að auka mánaðarleg útgjöld vegna dreifinga eða búa til stóra „skuldasnjóbolta“ er einfaldlega ekki lausn í þessu sambandi og því er þörf á róttækari, fyrirbyggjandi aðgerðum.“

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ef ekki stendur til að lækka húsaleigu Félagsbústaða eða fella tímabundið niður leigu, er afar mikilvægt að gera grein fyrir þeirri ákvörðun um leið og hún liggur fyrir. Og að gera það með skýrum og

augljósum hætti, þannig að allri óvissu og vangaveltum í þá átt verði eytt. Það er engum til gagns að tala óskýrt um þá ákvörðun.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Félagsbústaðir hafa verið lengi í umræðunni vegna ýmissa mála. Það var mörgum áfall þegar stjórn ákvað að senda allar skuldir fólks í innheimtu hjá Motus. Þótt leigjendur Félagsbústaða séu fjölbreyttur hópur þá eiga þeir það allir sameiginlegt að vera tekjulágir og með mjög viðkvæman fjárhag. Nú ríkir þetta ótrúlega ástand vegna COVID og hefur það komið verst niður á viðkvæmum hópum sem borgarmeirihlutinn hefur þó sagst vilja standa vörð um og hlúa að. Flokkur fólksins lagði fram, strax í upphafi ástandsins tillögu um að létta á þessum hópi með því að fella niður leigu t.d. í 1, 2 eða 3 mánuði þar sem strax kom fordæmi fyrir slíku hjá öðru leigufélagi. Niðurfelling leigu, þótt ekki væri nema í einn mánuð, myndi létta mjög á þessum hópi. Boðið er upp á greiðsludreifingu. Auðvitað hjálpar allt. Flokkur fólksins vill minna velferðaryfirvöld á að meðal leigjenda er án efa fólk sem hefur jafnvel misst vinnu sína og er því ekki að fá tekjur neitt á næstunni. Greiðsludreifing nær skammt fyrir þennan hóp ef engar eru tekjurnar kannski til langs tíma.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

„Fulltrúar meirihlutans áréttu að Félagsbústaðir hafa ekki tekið ákvörðun um niðurfellingu leigu, en ljóst er að slík niðurfelling væri mjög kostnaðarsöm og ekki tryggt að þannig myndi fé nýtast sem best til að hjálpa þeim tekjulægstu, en margir sem leigja hjá Félagsbústöðum verða ekki fyrir tekjufalli og margir sem leigja ekki hjá Félagsbústöðum verða fyrir tekjufalli. Þarna væri um að ræða hundruð milljóna sem betur færi á að nýta í hnitmiðaðar aðgerðir til að hjálpa þeim sem lenda í vanda óháð búsetu eða til að fjölga íbúðum Félagsbústaða.“⁴³⁹

439 Sama heimild

Kallað eftir stafrænum lausnum

Undir lið 5. á fundinum voru lagðar fram leiðbeiningar til þjónustumiðstöðva um tilslakanir um skil á fylgigögnum með umsóknum. Voru þær samþykktar. ⁴⁴⁰

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun þar sem kallað var eftir aukinni notkun stafrænnar tækni við umsóknir. Einhverjir ferlar höfðu þegar verið gerðir stafrænir fyrir faraldurinn, m.a. umsókn um fjárhagsaðstoð sem sparaði sviðinu mikla vinnu og fjármuni í faraldrinum.

„Notkun stafrænnar tækni er okkar öflugasta verkfæri til þess að halda þjónustu borgarinnar við íbúa í eðlilegu horfi á þessum erfiðu tímum. Nú þegar hafa umsóknarferli verið færð á stafrænt form, en í ljósi þess að ekki er búið að rafvæða allar umsóknir er mikilvægt að borgin taki upp það verklag til þess að geta áfram veitt þá nauðsynlegu þjónustu sem íbúar borgarinnar þurfa á að halda. Þessar ráðstafanir ættu að duga til skemmri tíma, en mikilvægt er að huga að því til framtíðar að umsóknarferli sviðsins séu rafvædd að fullu. Það sparar notendum og starfsfólki tíma og vinnu, sparar pappír og ferðalög og er ein skýrasta leiðin sem í boði er til að bæta þjónustu borgarinnar.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Flokkur fólksins fagnar því að einfalda eigi umsóknabeiðnakerfið. Það er okkar skylda að reyna að gera allt fyrir þjónustuþegann til að létta honum verkið. Til þess að svo megi vera þarf að ríkja sveigjanleiki og lipurð. Hvað varðar skrifinnsku í kringum umsóknarferlið eða upplýsingagjöf má sumt sannarlega bíða og eiga smáatriði aldrei að verða til þess að fólk fái ekki aðstoðina. Ef rafrænar leiðir henta betur fólki, sbr. að skrifa undir rafrænt eða senda umboð rafrænt þá á að opna fyrir þann möguleika að sjálfsögðu. Í raun ættu allar þessar tilslakanir að vera festar í sessi en ekki aðeins tímabundnar. Flokkur fólksins vill nefna í þessu sambandi aðra tegund á tilslökunum sem þarf líka að gera. Auka þarf sveigjanleika til að geta hjálpað fólki sem fellur milli skips og bryggju. Sem dæmi um þetta eru einstaklingar, oft einstæðir foreldrar sem hafa e.t.v. þegið endurhæfingarlífeyri eða aðrar tímabundnar bætur og fá þar af leiðandi ekki fjárhagsaðstoð næsta mánuð á eftir þar sem tekjur voru umfram leyfilegt hámark mánuð á undan. Velferðarráð/svið verður að sammælast um að finna

440 Leiðbeiningar vegna umsókna https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/leidbeiningar_vegna_umsokna_beidni_um_thjonustu_skil_a_gognum_utgafa_2_19_mars.pdf

leiðir og lausnir til að mæta fólki sem er í þessum aðstæðum til þess að fólk lendi ekki á milli skíps og bryggju í kerfinu.”⁴⁴¹

Stuðningur ríkisins við neyðarhúsnæði

Undir lið 8. var lagt fram bréf borgarstjóra sem dagsett var 14. apríl 2020 og samningur félagsmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um tímabundinn stuðning ráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa í faraldrinum. Samningurinn var lagður fram í borgarráði 16. apríl 2020.⁴⁴²

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Gerður hefur verið samningur um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna COVID-19. Með samningnum eru fjármagnaðar tímabundnar lausnir fyrir þá sem ekki eiga í nein hús að venda vegna faraldursins en dæmi er um að á undanförunum vikum hafi vaxandi hópur leitað til sveitarfélaga eftir fjárhagsaðstoð og aðstoð við húsnæðisleit. Um er að ræða fólk sem hefur dvalist erlendis, hjá ættingjum eða vinum eða í öðru tímabundnu húsnæði og hefur lent í fjárhags- og húsnæðisvanda vegna COVID-19, til dæmis vegna hættu á smiti í núverandi húsnæði, eða fólk sem þarf að fara í sóttkví missir samastað sinn og leitar til sveitarfélags síns eftir húsnæðisúrræðum. Stundum geta þessar aðstæður borið brátt að og þörf fyrir úrræði strax. Úrræðið stendur til boða í fjóra mánuði og er heildarkostnaður um 85 milljónir króna. Um mikilvægt verkefni er að ræða og fagna fulltrúarnir því frumkvæði borgarinnar að tryggja þessa mikilvægu þjónustu gegn samningi við ríkið.”

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Flokkur fólksins fagnar þessum samningi en hefur áður tjáð undrun sína á hversu auðvelt þetta skref virðist hafa verið fyrir borgarmeirihlutann að taka. Ekki er hjá því komist að hugsa af hverju borgarstjóri og velferðaryfirvöld hafa ekki tekið skref sem þetta fyrir lífandis löngu því húsnæðisneyðin hefur oft verið mikil hjá fólki

⁴⁴¹ Sama heimild.

⁴⁴² Samningur um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19, 14. apríl 2020. Bréf ásamt samningi https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14_r20040072_samningur_um_timabundinn_studning_0.pdf

undanfarin ár, einstaklingum sem fjölskyldum. Þegar þarf að leysa mál þá er vel hægt að gera það, ef vilji er fyrir hendi. Á öllum tímum hefði þessi og síðasti meirihluti getað haft frumkvæði og þrýst á um að gert yrði sambærilegt samkomulag við ríkið um lausn eins og þessa fyrir þá sem hafa þurft. Flokkur fólksins vonast til að þessi hörmulega veirukrísa hafi þó kennt meirihlutanum í borgarstjórn að hugsa ívið meira út fyrir boxið en gert hefur verið þegar kemur að því að leysa mál af þessu tagi. Þarfir fólksins eiga alltaf að koma fyrst, á öllum tímum.“

Fyrirhuguð sumarstörf á vegum sviðsins voru einnig kynnt auk borgarvaktar.⁴⁴³

Tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð

Á fundi velferðarráðs nr. 377, 6. maí var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðstjóra velferðarsviðs um aðgerðir vegna COVID-19 veirufaraldursins:

„Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur um eingreiðslur og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg vegna COVID-19 faraldursins. Áætlaður kostnaður miðað við þriggja mánaða tímabil getur verið á bilinu 20 m.kr. til 25 m.kr. miðað við gefnar forsendur í meðfylgjandi kostnaðarmati.

1. Lagt er til að forsjáraðili sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu í jan - mars 2020 fái eingreiðslu með hverju barni sem er með lögheimili hjá forsjáraðila sem nemur 20.000 kr. Framangreind aðstoð skal greidd á grundvelli 16. og 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
2. Lagt er til að tilslakanir verði gerðar á tilteknum ákvæðum í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sem hér segir:
 - a. Á 6. og 7. mgr. 8. gr. er fjallar um umsóknir og nauðsynleg fylgigögn, þannig að fallið verði frá kröfu um að þeir einstaklingar sem eru án bótaréttar skili inn staðfestingarskjali um virka atvinnuleit;

⁴⁴³ Sama heimild.

- b. Á 1. - 4. mgr. 11. gr. er fjallar um grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar, þannig að umsækjandi um fjárhagsaðstoð sem er í hjónabandi og maki hans staddur erlendis, fái greidda fjárhagsaðstoð í tvo mánuði samkvæmt einstaklingskvarða (en ekki fjárhæð sem nemur hálfum hjónakvarða);
- c. Á 12. gr., er fjallar um tekjur og eignir umsækjanda í mánuðinum á undan, þannig að tekjur fyrri mánaðar, allt að 300.000 kr., dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði. Þá er lagt til að heimilt verði að líta framhjá því skilyrði að umsækjandi um fjárhagsaðstoð eigi ekki eignir utan íbúðarhúsnæðis og eina fjölskyldubifreið;

Pegar hafa verið gerðar ýmsar tímabundnar tilslakanir á verklagi með reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, sem staðfestar voru af velferðarráði 22. apríl sl. og fela þær ekki í sér viðbótarkostnað. Nánar er gerð grein fyrir þeim í greinargerð.

Aðgerðir þessar taka gildi frá og með 1. maí 2020 og gilda til 30. júní 2020.

Halda skal sérstaklega utan um þau mál sem samþykkt eru á grundvelli framangreindra tillagna og fjölda þeirra í málaskrá velferðarsviðs.“

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram bókun:

„Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fagna þeim aðgerðum sem nú eru samþykktar til að bregðast við því ástandi sem hefur skapast vegna COVID-19. Eingreiðslur til foreldra á fjárhagsaðstoð með börn á framfæri upp á kr. 20.000 með hverju barni til að bregðast við auknum útgjöldum vegna aukinnar viðveru barna á heimilum, tímabundin innleiðing á frítekjumörkum vegna tekna fyrri mánaða upp að allt að kr. 300.000 og það að hverfa tímabundið frá þeirri kröfu að notendur sýni fram á virka atvinnuleit eru allt aðgerðir sem skipta miklu máli fyrir notendur fjárhagsaðstoðar við þessar fordæmalausu aðstæður. Þá er einnig tryggt að þeir sem eiga maka sem eru „fastir“ erlendis fái fulla fjárhagsaðstoð einstaklings (kr. 207.709) en ekki hálfan hjónakvarða (kr. 166.167) eins og nú er.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Það er ánægjulegt að sjá að Reykjavík ætlar að koma til móts við fólk sem lendir í ófyrirséðum erfiðleikum vegna heimsfaraldursins. Það er þó fullljóst að 20.000 króna eingreiðsla dugar skammt. Ef við eigum að koma til móts við fátækasta hóp borgarinnar þá dugir ekki að tjalda til einnar nætur. Flokkur fólksins vill sjá fjárhagsaðstoð Reykjavíkur hækka varanlega um 20.000 krónur. Ef það þykir ómögulegt þá þarf að minnsta kosti að framlengja eingreiðsluúrræðið þannig að fólk fái 20.000 króna viðbót við fjárhagsaðstoð í 3 mánuði. Það er mat Flokks fólksins að almennt séð eru borgaryfirvöld ekki að koma nægilega á móts við ellilífeyrisþega og öryrkja og það er jafnframt mat margra þeirra líka eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Sumir eiga einfaldlega ekki til hnifs og skeiðar og glíma auk þess sumir einnig við húsnæðisvanda. Margir áttu afar erfitt áður en COVID-faraldurinn skall á og staðan eftir að COVID-19 skall á hefur versnað hjá þessu fólki til muna.“

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

„Það er gott að verið sé að skoða sérstaklega aðstæður þeirra sem þurfa stuðning núna. Fulltrúi sósíalista telur þó að almennt þurfi að hækka upphæð fjárhagsaðstoðar sem er lág til þess að byrja með. Þó að tillagan feli í sér að verið sé að líta fram hjá tekjum fyrri mánaðar, þannig að allt að 300.000 kr. dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði, þá telur fulltrúi sósíalista að þau mörk hefðu þurft að vera hærri. Einstaklingar sem sækja um fjárhagsaðstoð vita það oftast ekki fyrirfram og fyrri tekjur því oft ekki eitthvað sem viðkomandi á eftir þegar greiðslur fjárhagsaðstoðar til framfærslu hefjast.“⁴⁴⁴

Þjónusta við eldri borgara

Á fundi nr. 379, 3. júní 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem vísað var til umsagnar velferðarsviðs.

„Flokkur fólksins óskar eftir að fá lista yfir þau úrræði/aðstoð sem eldri borgarar fengu í COVID aðstæðunum? Ástæða fyrirspurnarinnar eru m.a. sú að í miðjum COVID faraldri bárust tíðindi m.a. frá Félagi

⁴⁴⁴ Fundur velferðarráðs nr. 377, 6. maí 2020

eldri borgara um að eldri borgarar í Reykjavík hefðu orðið útundan þegar kom að hjálparúrræðum m.a. fjárhagslegum á meðan faraldurinn gekk yfir og í kjölfar þess að náðist utan um hann. Margir eldri borgarar búa einir og voru fyrir þessar aðstæður þá þegar einmana og einangraðir og jafnvel fjárþurfi.⁴⁴⁵

Sviðsstjóri lagði fram svar við fyrirspurninni á næsta fundi nr. 380, 24. júní 2020.

Svarið var mjög upplýsandi fyrir þá þjónustu sem veitt var eldri Reykvíkum á meðan fyrstu bylgju faraldursins stóð og sýnir glögglega hversu umfangsmikla þjónustu sviðið veitir þessum samfélagshóp að öllu jöfnu.

Svarið er því birt í heild sinni hér á eftir:

„Þann 1. janúar 2020 voru Reykvíkingar sem eru 67 ára og eldri alls 15.668 talsins. Á velferðarsviði hefur alls 2639 eldri borgurum verið veitt þjónusta í heimahús á meðan COVID-19 samkomubannið stóð yfir. Í marsmánuði fengu 2018 einstaklingar félagslega heimaþjónustu, 914 fengu heimahjúkrun. 302 fengu heimsendan mat, 266 fengu akstursþjónustu, 96 voru í dagþjónustu, auk þess sem 57 eldri borgarar fengu fjárhagsaðstoð. Mörgum var veitt fleiri en ein tegund þjónustu. Matarþjónustu í félagsmiðstöðvum var lokað þegar samkomubannið var sett á. Þá var eldri borgurum sem höfðu nýtt sér aðstöðu í félagsmiðstöðvum til að borða og öðrum sem óskuðu eftir að fá heimsendan mat, gert kleift að sækja um mat með einu símtali og var fyrirkomulagið auglýst víða m.a. í útvarpi.

Á meðan félagsmiðstöðvar voru lokaðar var eldri borgurum boðið upp á ýmsa rafræna viðburði eins og samsöng, leikfimi og skák. Þá stóð velferðarsvið fyrir úthringingum til allra reykvíkinga sem fá heimaþjónustu, búa einir og eru eldri en 85 ára. Verkefnið var samstarfsverkefni sviðsins, Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis ásamt Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að draga úr félagslegri einangrun eldri borgara á meðan samskipti og nánd voru skert vegna útbreiðslu COVID19 faraldursins. Með verkefninu var veittur félagslegur og sálrænn stuðningur á tímum þegar sérstök hætta var á félagslegri einangrun meðal eldri borgara. Verkefninu var ekki ætlað

⁴⁴⁵ Fundur velferðarráðs nr. 379, 3. júní 2020

að koma í stað heimaþjónustu, heimahjúkrunar eða annarrar þjónustu. Hringt var í 734 einstaklinga og þeim boðnir símavinir í framhaldinu. Alls þáðu 160 einstaklingar að fá áframhaldandi hringingar frá símavinum en 61 sjálfboðaliði tók þátt í verkefninu. Hringt var í hvern og einn u.þ.b. 1 – 4 sinnum í viku eða eftir þörfum, en heildarfjöldi símtala á viku var u.þ.b. 250. Auk þess var starfsfólk á félagsmiðstöðvum í reglulegu símasambandi við eldri borgara í hverfunum sem áður höfðu tengst félagsstarfinu.

Fjöldi námsmanna hefur verið ráðinn til þess að auka þjónustu við eldri borgara. Um er að ræða störf á hjúkrunarheimilum, dagdeildum, þjónustuíbúðum, í heimaþjónustu og á félagsmiðstöðvum. Einnig verða ráðnir námsmenn til þess að efla tæknilæsi meðal eldri borgara, í leiklistarhóp, hreyfingu og heilsueflingu og önnur skapandi störf. Áætlað er að ráða í alls 63 stöðugildi námsmanna vegna eldri borgara en ráðningatímabilið eru 2 mánuðir. Velferðarsvið fékk einnig styrk, 25 mkr frá félagsmálaráðuneytinu til að auka starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020, umfram hefðbundið sumarstarf, vegna COVID-19.⁴⁴⁶

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram bókun sem rakti svarið hér að ofan í meginatriðum en fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Fulltrúi Flokks fólksins þakkar svarið og þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg í vinnu sinni eða sem sjálfboðaliðar til styðja og styrkja eldri borgara í COVID-19 aðstæðunum. Ljóst er að mikið hefur verið gert og vonandi hefur náðst til allra sem þurftu aðstoð eða stuðning af einhverju tagi. Ástæða þess að fulltrúi Flokks fólksins fann sig knúinn til að kalla eftir þessu yfirliti er að í ályktun Landssambands eldri borgara (LEB) frá 28. mars segir „að í öllum þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa gert til að koma til móts við fyrirtæki og einstaklinga vegna þeirra áhrifa sem kórónuveiran hefur á þjóðfélagið sé hvergi minnst á aðgerðir sem snerta hagsmuni eldri borgara landsins“. Í sömu ályktun skorar stjórn LEB á sveitarfélögin að taka upp gjaldfrjálsa heimsendingu til þeirra eldri borgara sem þurfa að fá sendingar heim til sín. Þegar stjórn LEB hefur áhyggjur hefur Flokkur fólksins áhyggjur enda flokkur sem er búinn til með það að markmiði að halda utan um okkar viðkvæmasta hóp. Varðandi matarheimsendingar þá eru þær

⁴⁴⁶ Fundur velferðarráðs nr. 380, 24. júní 2020.

ekki fríar. Vel kann að vera að gjaldskráin sé sanngjörn en fyrir þá sem eru fátækir þá er allur kostnaður erfiður.“⁴⁴⁷

Mataraðstoð hjálparsamtaka til umræðu

Á sama fundi nr. 380 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram tillögu um viðbragðsáætlun vegna lokunar góðgerðarfélaga sem sjá um matarúthlutanir. Einnig var lögð fram umsögn sviðsstjóra um tillöguna þar sem stuðningur sviðsins við hjálparsamtök var rakinn.⁴⁴⁸

Tillögunni var vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum fulltrúa Flokks fólksins, Sósíalístaflokks Íslands og Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Eins og fram kemur í tillögunni dró tímabundið úr matarúthlutunum nokkurra hjálparsamtaka á tímum COVID. Flest þeirra hafa þó hafið starfssemi að nýju samhliða tilslökunum á samkomubanni. Einnig nýttu sum samtök nýjar aðferðir á borð við heimsendingu matar til þeirra sem þurftu á að halda. Stjórnvöld veittu ýmsum félagasamtökum styrki í kjölfar COVID upp á samtals 55 m.kr. Styrkirnir voru hugsaðir til að styðja við aukna þjónustu samtakanna við viðkvæma hópa sem verða fyrir áhrifum vegna faraldurs kórónuveiru. Þau félagasamtök sem hlutu styrki voru m.a. Fjölskylduhjálpin, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Mæðrastyrksnefnd. Á fundi velferðarráðs þann 6. maí 2020 var samþykkt að veita forsjáraðilum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í janúar - mars 2020, 20.000 kr. eingreiðslu með hverju barni með lögheimili hjá forsjáraðila vegna ástandsins og fengu foreldrar afturvirkar greiðslur. Þann 22. maí fékk 201 foreldri greidda eingreiðsluna vegna 343 barna.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram bókun:

„Enginn á nokkurn tíman að þurfa að vera án matar á Íslandi og auðvitað þarf að vera viðbragðsáætlun. COVID hefur kennt ýmislegt og

⁴⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁴⁸ Regína Ásvaldsdóttir: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um viðbragðsáætlun vegna lokunar góðgerðarfélaga sem sjá um matarúthlutanir: Umsögn https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tillaga_um_mataruthlutanir.pdf

skemmst er einnig að minnst þess að í fyrra lentu 3700 manns í því að fá ekki að borða því góðgerðarsamtök lokuðu. Þetta er áhyggjuefni. Velferðaryfirvöldum ber skylda til að sjá til þess að allir eigi að borða í Reykjavík.“

Í bókun fulltrúans kom einnig fram að eðlilegast væri að fólk sem þarfnaðist aðstoðar fengi viðskiptakort til ráðstöfunar sem gildi í helstu matvöruverslunum í stað þess að leita til hjálparsamtaka.“

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lét bóka:

„Það á ekki að vera á ábyrgð sjálfbodaliða hjálparsamtaka að tryggja að fátækt fólk geti borðað út mánuðinn, ábyrgðin er stjórnvalda og fátækt ætti ekki að vera veruleiki. Þessi tillaga fól í sér að Reykjavíkurborg ynni með viðeigandi aðilum og leitaði t.a.m. til sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins að því að setja fram viðbragðsáætlun sem næði utan um þá sem munu hljóta skaða af lokun góðgerðarstarfsemi sem sjá um matarúthlutanir til þeirra sem búa við bág efnahagsleg kjör. Þó svo að hjálparsamtök hafi opnað fyrir starfsemi eftir að hafa lokað tímabundið í kjölfar COVID-19, þá er nauðsynlegt að við drögum lærdóm af því sem hefur gengið yfir samfélagið okkar og séum í stakk búin til þess að bregðast við ef að hjálparsamtök loka. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir lokunum, þ.m.t. sumarlokanir og það er ekki hægt að loka augunum gagnvart því að mörg í samfélaginu eru oft án matar og verða að treysta á matarúthlutanir. Við verðum að taka pólitíska ábyrgð á því að grunnþörfum íbúa sé mætt og því er nauðsynlegt að viðbragðsáætlun sé tilbúin. Hér skal þó tekið fram að það er áfall í sjálfu sér að upplifa svengd og þurfa að treysta á matarúthlutanir vegna fátæktar.“⁴⁴⁹

Úrræði fyrir heimilislausar konur

Á fundi nr. 382 sem haldinn var 2. september 2020 samþykkti velferðarráð að fela sviðsstjóra að kanna möguleika á því að starfrækja áfram úrræði fyrir heimilislausar konur, sem hafði verið starfrækt í samstarfi við ríkið vegna aðstæðna sem sköpuðust í faraldrinum. Skoða átti hvort úrræðið yrði áfram staðsett þar sem það hafði verið eða í

⁴⁴⁹ Sama heimild.

öðru húsnæði. Þá var sviðsstjóra falið að kanna með hvaða hætti áframhaldandi samstarf við ríkið yrði.

Fulltrúi Flokks fólksins bókaði:

„Fulltrúa Flokks fólksins finnst afar mikilvægt að áfram verði starfrækt úrræðið Brim fyrir heimilisláusar konur. Skýlið var sett á laggirnar sem viðbragð við COVID-19 þar sem ljóst var að ekki var hægt að virða tveggja metra reglu í Konukoti. Hætt var við lokun þegar smitum tók að fjölga aftur.“

Fulltrúinn fór síðan yfir það hvað sjálfstæð búseta þýddi samkvæmt hugmyndafræði „housing first“ eða húsnæði fyrst.

„Til stendur að bjóða þeim sem þar eru núna sjálfstæða búsetu samkvæmt „housing first“. Úrræðið Brim hefur þá sérstöðu að starfsfólk er á vakt allan sólarhringinn og hentar það sumum betur þegar tekin eru fyrstu skrefin frá því að vera heimilisláus yfir í að eignast heimili,“ segir m.a. í bókuninni.⁴⁵⁰

Undir lið 7. á þessum fundi var farið yfir greiningu á þróun fjárhagsaðstoðar í faraldrinum. Ljóst var að umsækjendum um fjárhagsaðstoð var að fjölga nokkuð vegna faraldursins en einnig hafði fólki með stöðu flóttafólks fjölgað í hópi umsækjenda.

Sólarhringsþjónusta neyðarskýla kostnaðargreind

Á fundi nr. 383, 16. september 2020 var lögð fram fyrirspurn frá fulltrúum meirihluta Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna um hvað það myndi kosta að hafa neyðarskýli borgarinnar fyrir heimilisláust fólk opin allan sólarhringinn. Óskuðu fulltrúarnir eftir því að sviðið léti kostnaðargreina sólarhringsþjónustu allt árið um kring. Sólarhringsopnun hafði mælst vel fyrir á meðal þjónustunotenda í faraldrinum. Skýlin voru opin eftir þörfum í faraldrinum en eftir að honum lauk hefur ekki fengist fjármagn til að hafa þau opin sem sólarhringsúrræði nema þegar miklir óveðrakaflar og kuldaköst ganga yfir líkt og í vetur 2022/23. Þó er mikil þörf á slíku dagathvarfi í borginni fyrir heimilisláust fólk en Reykjavíkurborg þarf nauðsynlega að fá stuðning frá ríki og nágrennasveitarfélögum til að halda slíku úrræði opnu.

⁴⁵⁰ Fundur velferðarráðs nr. 382, 2. september 2020.

Smit í íbúðakjörnum og gistiskýli á Granda

Í september 2020 gekk mikið á vegna smita á starfsstöðum sviðsins í þriðju bylgju. Smit komu upp á tveimur íbúðakjörnum og loka þurfti gistiskýlinu á Granda vegna COVID-19.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðunni á fundi velferðarráðs nr. 384, 7. október. Í kynningunni kom m.a. fram að neyðarstjórn sviðsins hafi fundað daglega eða oftár eftir þörfum og væri í stöðugu sambandi við fimm undirteymi sem sæju um að sem minnst röskun yrði á þjónustunni.^{451 452}

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

„Fulltrúar velferðarráðs vilja koma á framfæri þökkum til starfsfólks velferðarsviðs fyrir vel unnin störf á þessum krefjandi tímum. Ljóst er að gríðarlegt álag er á starfsemi sviðsins og mikið mæðir á stjórnendum og starfsfólki til að tryggja megi órofna þjónustu við íbúa Reykjavíkur. Endurteknar bylgjur COVID-19 faraldursins krefjast mikillar seiglu sem starfsmenn sviðsins hafa sýnt af sér. Jafnframt undirstrikar velferðarráð mikilvægi þess að standa vörð um velferðarþjónustu borgarinnar á þessum viðsjárverðu tímum.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram bókun:

„Nú er hart í ári vegna COVID. Mörg þúsund manns þarfnast aðstoðar og þörfin eykst með hverri viku. Staðan var þegar slæm fyrir COVID og má því segja að borgin hafi ekki verið nógu vel undirbúin fyrir áfall af þessu tagi. Forgangsröðun hefur verið skökk að mati Flokks fólksins, fólk ekki sett í forgang. Talið er að um 500 börn búi við sára fátækt. Staðan mun versna eða þar til bóluefni við veirunni finnst. Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð hafa verið of ströng sem rekið hefur stóran hóp til að leita á náðir hjálparsamtaka. Velferðaryfirvöld hafa árum saman treyst of mikið á hjálparsamtök. Fleiri þurfa nú aðstoð en nokkurn tímann áður. Hópurinn er breiðari en áður. Það eru þeir sem hafa misst vinnuna vegna efnahagslegra áhrifa COVID. Margir eru að ljúka uppsagnarfresti og mun því atvinnuleysi aukast enn frekar. Ef allt væri eðlilegt væri velferðarkerfi Reykjavíkur að sjá betur um grunnþarfirnar. Hjálparsamtök væru eftir sem áður að dreifa lagerum sem birgjar gefa. Sjálfsagt hefur verið að styrkja þau til að reka yfirbyggingu í þeim

⁴⁵¹ Fundur velferðarráðs n.r 384, 7. október 2020 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-384>

⁴⁵² Regína Ásvaldsdóttir, COVID-19, Staða mála á velferðarsviði: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning-yfirlit_yfir_stodu_mala_v_covid-19.pdf

tilgangi að dreifa gjöfum frá birgjum til fólks. Síðasta ár fengu 1700 umsækjendur efnislega aðstoð frá einum hjálparsamtökum í Reykjavík. Annar eins fjöldi, ef ekki meiri, hefur fengið aðstoð frá öðrum hjálparsamtökum.⁴⁵³

Auknar fjárheimildir vegna fjárhagsaðstoðar samþykktar

Á fundi velferðarráðs nr. 385, 21. október 2020 var lög fram tillaga sviðsstjóra um aukna fjárheimild til fjárhagsaðstoðar, alls 655,3 m.kr. á árinu 2020.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með sex atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Flokks fólksins og Sósíalístaflokks Íslands. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá.

Í greinargerð með tillögunni sást að sviðsmyndir sem höfðu verið unnar vegna faraldursins voru að rætast í aukningu umsókna um fjárhagsaðstoð.

Í greinargerðinni segir:

„Í apríl fjölgaði þeim sem þáðu fjárhagsaðstoð til framfærslu verulega á milli mánaða eða um 7,3%. Það jafngildir 25,3% fleiri notendum en í sama mánuði árið 2019. Þessi þróun hefur haldið áfram síðustu mánuði og svipaða þróun má sjá þegar kemur að heimildargreiðslum fjárhagsaðstoðar (umsóknir um ýmsan kostnað t.d. vegna barna). Þær hafa hækkað verulega frá fyrra ári og ljóst er að þær munu fara fram úr þeim fjárheimildum sem voru áætlaðar í upphafi árs.“⁴⁵⁴

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Mikil vinna hefur farið fram hjá Reykjavíkurborg sem viðbrögð við því ástandi sem COVID-19 hefur skapað á vinnumarkaði. Sérstakt atvinnuátak er í gangi til að skapa störf hjá borginni auk þess sem markvisst samstarf er í gangi við vinnumálastofnun um vinnumarkaðsúrræði. Einnig stendur yfir heildarendurskoðun á virkniúrræðum velferðarsviðs með skilvirkni og einstaklingsmiðaðri þjónustu við einstaklinga að leiðarljósi.“

⁴⁵³ Sama heimild

⁴⁵⁴ Fundur velferðarráðs nr. 385, 21. október 2020.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram bókun:

„Ljóst er að ein af ástæðum fjölgunar fólks eftir fjárhagsaðstoð eru áhrif COVID-19. Hins vegar er gagnrýnisvert að engin markviss stefna og afar fá úrræði eru hjá Reykjavíkurborg í að koma fólki af fjárhagsaðstoð. Kostnaður við fjárhagsaðstoð hleypur á milljörðum á sama tíma og einstaklingar sem þurfa á aðstoðinni að halda verða fyrir neikvæðum áhrifum atvinnuleysis og skorts á virkni. Hægt er að spara miklar fjárhæðir og auka lífsgæði einstaklinga með því að vinna markvissa vinnu í þessum efnunum.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Fulltrúi Flokks fólksins fagnar að fjárheimildir fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs verði hækkuð um 655.3 m.kr. árinu 2020. Þetta er mjög nauðsynlegt enda mun staðan eiga eftir að versna eða þar til bóluferni við veirunni finnst. Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð velferðarsviðs eru einnig of ströng. Þau þarf að endurskoða og endurmeta í ljósi nýs veruleika. Velferðarsvið/ráð verður að taka á ástandinu fulla ábyrgð. Ljóst er að stefnt er í U sviðsmynd í fjárhagsaðstoðinni, slík er fjölgun atvinnulausra. Hópur þeirra sem þarfnast aðstoðar nú hefur breyst samhliða auknu atvinnuleysi. Samsetning hópsins er allt önnur nú. Allir geta í raun fundið sig í þessum sporum nú á þessum sérkennilegu og erfiðu tímum. Ekkert skiptir máli meira að tryggja aðstæður fólks svo það geti haldið heilsu og þreki. Í langan tíma hefur þessi málaflokkur hvergi nær fengið næga athygli meirihlutans. Reglur um fjárhagsaðstoð hafa verið hlaðnar skilyrðum og almennt séð ekki verið nógu sveigjanlegar. Ástandið var slæmt fyrir COVID.“⁴⁵⁵

Staða geðheilbrigðismála könnuð

Á fundi nr. 386, 18. nóvember 2020 var lagt fram erindi frá skrifstofu borgarstjórnar en Sjálfstæðisflokkurinn hafði lagt fram tillögu um að gerð yrði úttekt á stöðu geðheilbrigðismála í Reykjavík vegna kórónuveirufaraldursins á fundi borgarstjórnar.

⁴⁵⁵ Sama heimild.

Breytingartillaga í þessa veru var samþykkt á fundi borgarstjórnar en þar var velferðarráði falið að skoða leiðir til þess að ná betur utan um stöðu geðheilbrigðismála vegna kórónuveirunnar í Reykjavík. Þetta átti að vinna í samvinnu við embætti landlæknis og borgarvakt í atvinnu og velferðarmálum sem sett hafði verið í gang vegna faraldursins. Vinna átti aðgerðaáætlun í kjölfarið⁴⁵⁶.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Velferðarráð felur velferðarsviði að undirbúa samráðsfund um geðheilbrigðismál í byrjun janúar. Þar verði farið yfir þau gögn sem liggja fyrir um geðheilbrigði Reykvíkinga í COVID-19 faraldrinum í samvinnu við aðila á borð við Landlæknisembættið og Rannsóknir og greiningu. Í kjölfarið verði unnin aðgerðaráætlun.“

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ánægjulegt er að borgarstjórn hafi samþykkt tillögu Sjálfstæðisflokksins um að gerð verði úttekt á stöðu geðheilbrigðismála hjá Reykjavíkurborg vegna kórónuveirunnar. Markmið tillögunnar er að unnin verði aðgerðaáætlun sem fylgt verði eftir. Tillagan gerir ráð fyrir því að vinnan verði unnin í samstarfi við fagaðila á sviði geðheilbrigðismála ásamt fulltrúum frá samtökum sem sinna geðheilbrigðismálum. Lagt er til að vinna við greiningu og aðgerðaáætlun ljúki eigi síðar en í árslok 2020 og niðurstöðunni verði skilað til borgarráðs. Aðgerðaáætlun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2021.“

Fulltrúi Flokks fólksins bókaði:

„Sjálfsagt er að skoða hlut borgarinnar í að gera úttekt á stöðu geðheilbrigðismála til að sjá hvað þarf að gera betur eða öðruvísi. Mestar áhyggjur eru af þeim sem eru veikir fyrir, andlega og líkamlega og þeim sem hafa tapað lífsviðurværi sínu. Hvað tekur meira á andlegu hliðina en að missa vinnuna, vera skyndilega komin á bætur? Mörg börn eru einnig kvíðin og huga þarf að þeim sérstaklega. Fulltrúi Flokks fólksins vill líka að velferðarráð og svið sendi frá sér jákvæð skilaboð og hvatningu til fólksins. Það er víska í óvissunni. Vissan er sú að ef við fylgjum leiðbeiningum sérfræðinga munum við ná yfirhöndinni og að

⁴⁵⁶ Fundur velferðarráðs nr. 386, 18. nóvember 2020.

Það kemur bóluefni. Sem stjórnvald ber okkur að blása von í fólk á öllum tímum, sama hvað gengur á. Rafrænar lausnir bjarga miklu þótt þær komi ekki í staðinn fyrir nærveru. Tækifæri til hreyfingar hefur takmarkast en ekki skerst að fullu. Hvetjum fólk til að halda í vonina og hika ekki við að leita hjálpar. Þeir sem leita hjálpar og ráðgjafar, mega alls ekki finna að erfitt er að ná í gegn, síma ekki svarað, erindum ekki svarað o.s.frv. Það mun verða aukin þörf á ráðgjöf og stuðningi vegna vaxandi atvinnuleysis.

Staðan vegna COVID-19 á velferðarsviði kynnt

Undir lið 2. á fundinum fór fram kynning um stöðuna á velferðarsviði vegna COVID-19 og næstu skref. Sviðsstjóri lagði fram ítarlegt minnisblað um stöðuna á velferðarsviði og aðgerðir sviðsins⁴⁵⁷ en að auki voru lögð fram gögn um upplýsingagjöf á vegum sviðsins í þriðju bylgju⁴⁵⁸ og rannsókn sem Eva Dröfn Hassel Guðmundsdóttir hafði unnið fyrir sviðið um viðbrögð velferðarsviðs við fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins.^{459 460}

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Velferðarráð kemur á framfæri þökkum til sviðsins fyrir þá þrotlausu vinnu sem starfsfólk velferðarsviðs hefur lagst í til að tryggja öryggi og heilsu skjólstaðinga þess. Sú vinna sem hefur átt sér stað sýnir svart á hvítu fram á mikilvægi nærþjónustu sveitarfélaga, ljóst hefur orðið í heimsfaraldri að sú þjónusta er beinlínis lífsnauðsynleg. Þá bóka fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins eindreginn stuðning við ákall Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að sveitarfélögum landsins verði bætt upp þann kostnaðarauka sem hlýst af völdum COVID-19 eins og gert hefur verið víða á Norðurlöndunum.“⁴⁶¹

⁴⁵⁷ Regína Ásvaldsdóttir: Minnisblað: „Staðan á velferðarsviði vegna Covid-19 og áskoranir í þriðju bylgju“, 18. nóvember 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/minnisblad_6.pdf

⁴⁵⁸ Velferðarsvið: Samantekt yfir upplýsingagjöf á velferðarsviði í þriðju bylgju COVID-19. <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/upplýsingagjof-yfirlit.pdf>

⁴⁵⁹ Fundur velferðarráðs nr. 386, 18. nóvember 2020.

⁴⁶⁰ Eva Dröfn Hassel Guðmundsdóttir: „Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og heimsfaraldur Covid-19: Undirbúningur, aðgerðir og tækifæri“, 21. september 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/rannsokn_covid-19_og_velferdarsvid.pdf

⁴⁶¹ Fundur velferðarráðs nr. 386, 18. nóvember 2020.

Undir lið 10 var lögð fram að nýju, tillaga fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 18. lið fundargerðar velferðarráðs þann 24. júní 2020, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 18. nóvember 2020, um úthringingar til eldri borgara.

Tillögunni var vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata gegn þremur atkvæðum fulltrúa Flokks fólksins, Sósíalístaflokks Íslands og Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Verkefni um úthringingar á velferðarsviði til eldri borgara hófst á nýjan leik þann 6. nóvember sl. og hefur verið hringt í alla 85 ára og eldri sem búa einir og í kjölfarið farið neðar í aldur. Markmið verkefnisins að þessu sinni var að ná til allra sem búa einir og kanna hagi þeirra og líðan. Rauði Krossinn hefur rekið verkefni sem snýr að símavinum og er þeim sem vilja boðinn kostur á að fá áframhaldandi símtöl í gegnum það verkefni. Verkefnið er því áframhaldandi. Tillögunni er vísað frá þar sem málið er þegar komið til framkvæmdar.“

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu og er vísað frá var lögð fram 24. júní þegar fyrri bylgju COVID hafði létt. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð. Tillagan hefur verið í kerfinu í fimm mánuði og er svo bara vísað frá loksins þegar hún kemur aftur á dagskrá. Eigi verkefnið að verða viðvarandi er sjálfsagt að samþykkja tillöguna, ekki satt! Tillagan var að úthringingarverkefni sem gengið hafði vel myndi halda áfram og það útvíkkað enn frekar og þróað frekar. Í svari virðist sem því hafi verið hætt en síðan byrjað aftur í þriðju bylgju. Það sem fulltrúi Flokks fólksins er að segja með þessu öllu er að þetta verkefni byrji ekki og hætti í takt við COVID bylgjur heldur verði gert að viðvarandi verkefni, það útvíkkað og þróað áfram. Þeir sem ekki vilja símavin nú gætu viljað hann seinna o.s.frv. Hugsa má einnig um þá sem eru ekki á málaskrá borgarinnar og svo mætti lengi telja. Fyrir þá sem hringja er þetta einnig dýrmæt reynsla og í henni felst mikill lærdómur. Þetta verkefni bíður upp á fjölmarga spennandi möguleika.“⁴⁶²

⁴⁶² Sama heimild.

2021

Staða geðheilbrigðismála í Reykjavík kynnt

Á fundi velferðarráðs nr. 393, 17. febrúar 2021 fóru m.a. fram kynningar um stöðu geðheilbrigðismála í Reykjavík í kórónuveirufaraldrinum en áður hafði verið samþykkt að sviðið rannsakaði þau mál eftir samþykkt þess efnis í borgarstjórn og síðan í velferðarráði eins og áður hefur verið rakið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Í lýðheilsuvakt Embættis landlæknis kemur fram að hlutfall þeirra sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða lækkar úr 76% í 72% milli 2019 og 2020. Áberandi munur er á aldurshópum en aðeins helmingur 18-24 ára meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða. Í þeim hópi mælist einnig mestur einmanaleiki og mun færri í yngsta hópnum telja sig hamingjusama en í elsta hópnum. Þá er kynjamunur áberandi, sérstaklega í yngsta aldurshópnum og greina mun fleiri konur þar en karlar frá daglegri streitu. Þetta rímar við mælingar á líðan grunnskólanema á unglíngastigi sem gefa til kynna að stúlkum líður verr og upplifa sig undir miklu álagi. Velferðarráð telur mikilvægt að koma til móts við þá hópa þar sem líðan er verst, með stuðningi m.a. í skóla- og velferðarkerfinu og með virkniúrræðum. Þá telur ráðið mikilvægt að tryggja ungu fólki atvinnu næsta sumar eins og gert var sumarið 2020. Yfir helmingur atvinnulausra í Reykjavík er ungt fólk og við því þarf að bregðast. Þá hefur velferðarsvið lagt sig fram við að hafa þjónustu við eldra fólk sem mest opna til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og það virðist hafa skilað sér - en áfram verður staðan vöktuð.“

Fulltrúi Flokks fólksins lét bóka:

„Farið er yfir rannsóknarniðurstöður. Fulltrúi Flokks fólksins telur mikilvægt að skoða geðheilbrigðismál vegna kórónuveirufaraldursins. Rannsóknir sýna að líðan grunnskólabarna hefur farið versnandi eftir því sem liðið hefur á faraldurinn. Fleiri eru einmana og áhyggjufull. Nú er mikilvægt að tryggja að þau fái tækifæri til að ræða sína vanlíðan. Fulltrúi Flokks fólksins hefur sérstaklega áhyggjur af börnum sem þarfnast sértæktrar þjónustu vegna fötlunar eða röskunar af einhverju tagi, einnig börnum innflytjenda sem mörg eru einangruð og síðan þeim

börnum sem voru í vanlíðan fyrir faraldurinn en hafa ekki fengið lausn sinna mála. Skólakerfinu hefur sem betur fer tekist að halda sjó að mestu á þessu krefjandi tímabili. Þess vegna er mikilvægt að hlúð sé að skólum, starfsfólki og innviðum skólanna. Svarti bletturinn eru biðlistar til fagaðila skólanna. Úr þeim málum verður að fara að leysa. Reykjavík getur ekki verið þekkt fyrir að hunsa vanlíðan barna og láta þau dúsa á biðlista mánuðum saman. Annar viðkvæmur hópur eru eldri borgarar. Margt er gert fyrir þennan hóp en langt er í land með að þjónusta sé heildstæð. Umfram allt er nú að sýna hvernig gögnin eru notuð og hvaða árangur hlýst þar af.”⁴⁶³

Nú kom langt hlé þar sem ekki var fjallað um COVID-19 í velferðarráði nema í framhjálaupi um önnur mál í bókunum ráðsfulltrúa. Bólusetningar á viðkvæmustu skjólstaðingum velferðarsviðs voru í fullum gangi. Búið var að bólusetja flesta eldri borgara og alla á hjúkrunarheimilum. Hættan af COVID-19 var því að mestu liðin hjá, í bili að minnsta kosti þótt annað ætti eftir að koma í ljós.

Á fundi velferðarráðs nr. 401 voru geðheilbrigðismálin enn á ný á dagskrá. Sviðsstjóri lagði þá fram minnisblað ásamt fylgigögnum um stöðuna á sviði geðheilbrigðismála í Reykjavík í tengslum við COVID-19.

Í minnisblaðinu var farið yfir niðurstöður rannsókna ýmissa aðila auk þess sem aðgerðir sviðsins voru raktar eftir þjónustuflokkum sviðsins.

Í greinargerðinni segir m.a.:

„Niðurstöður kannana út frá áhrifum COVID-19 benda til að það hafi orðið neikvæðar breytingar á líðan flestra aldurshópa á tímum COVID-19. Aldurshópurinn 18-24 ára virðist þó sýna flest neikvæð einkenni sem mögulega kunna að vera eðlileg viðbrögð á óeðlilegum tímum. Skólastarf þessa hóps hefur verið mjög skert og margir nemendur sem eru að hefja nám í framhaldsskóla eða háskóla hafa jafnvel ekki verið að hitta samnemendur sína á fyrsta árinu. Eins hefur atvinnuleysi aukist en ljóst er að atvinnuleysi hefur neikvæð áhrif á líðan og er ekki til þess fallið að auka bjartsýni á framtíðina. Velferðarsvið, skóla- og frístundasvið og íþrótt og tómstundasvið hafa öll brugðist við stöðunni vegna COVID-19 og reynt að halda starfsemi og þjónustu gangandi eins og unnt er með áherslu á sóttvarnir til að draga úr áhættu á smitum. Á tímabilinu mars-september 2020 var gripið til fjölda úrræða til að sporna við skaðlegum afleiðingum á andlega heilsu ungra

⁴⁶³ Fundur velferðarráðs nr. 393, 17. febrúar 2021.

sem aldinna og sú vinna heldur áfram. Að mati velferðarsviðs má leiða að því líkum að þær fjölmörgu og fjölbreyttu aðgerðir og verkefni sem gripið hefur verið til, þvert á aldurshópa, hafi stuðlað að betri líðan og aukinni virkni á tímum COVID-19.”^{464 465}

Fylgigögn undir þessum lið eru minnisblöð frá skóla- og frístundasviði og ÍTR þar sem farið er yfir aðgerðir þessara sviða í faraldrinum.^{466 467 468}

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram bókun:

„Lagt var til að gerð verði úttekt á stöðu geðheilbrigðismála hjá borginni vegna kórónuveirunnar. Veiran hefur haft áhrif á alla en mestar áhyggjur eru af viðkvæmstu hópunum sem voru veikir fyrir og síðan börnunum. Rannsóknir sýna að líðan grunnskólabarna hefur farið versnandi eftir því sem liðið hefur á faraldurinn. Fleiri eru einmana og áhyggjufull. Nú er mikilvægt að tryggja að þau fái tækifæri til að ræða sína vanlíðan. Á 5. hundruð barna hafa greinst með COVID-19 í Reykjavík. Huga þarf að foreldrum, starfsmönnum og börnunum sjálfum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur einnig sérstaklega áhyggjur af börnum sem þarfnast sértækrar þjónustu vegna fötlunar eða röskunar af einhverju tagi, einnig börnum innflytjenda sem mörg eru einangruð og síðan þeim börnum sem voru í vanlíðan fyrir faraldurinn en hafa ekki fengið lausn sinna mála. Annar viðkvæmur hópur eru eldri borgarar. Margt er gert fyrir þennan hóp en langt er í land að þjónusta sé heildstæð. Hvernig er sá hópur að koma undan COVID-19? Umfram allt er nú að sýna hvernig gögnin eru notuð og hvaða árangur hlýst þar af. Ekki er nóg að greina og taka stöðuna ef ekki á að bretta upp ermar og hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi.“

COVID-19 bar lítið á góma í velferðarráði á síðustu fundum fyrir sumarfrí. Á fundi ráðsins nr. 406, 18. ágúst 2021 eftir fundahlé sumarsins var staðan á sviðinu kynnt vegna fjórðu bylgju

⁴⁶⁴ Fundur velferðarráðs nr. 401, 5. maí 2021.

⁴⁶⁵ Regína Ásvaldsdóttir: Minnisblað lagt fyrir fund velferðarráðs nr. 401, 5. maí 2021. [minnisblad.pdf](#)

⁴⁶⁶ Samantekt á helstu niðurstöðum kynninga frá fundi velferðarráðs 17. febrúar 2021: [fylgiskjal_1_-_samantekt_a_nidurstodum_rannsokna.pdf](#)

⁴⁶⁷ Alda Árnadóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Sigríður Marteinsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir: Minnisblað 29. apríl 2021 [fylgiskjal_2_-_minnisblad_um_vidbrogd_sfs_vegna_covid.pdf](#)

⁴⁶⁸ Gerður Sveinsdóttir: Samantekt um aðgerðir ÍTR vegna COVID-19, 6. apríl 2021. [fylgiskjal_3_-_samantekt_um_adgerdir_itr_v_covid-19.pdf](#)

COVID-19 sem þá var hafin. Veiran hafði ekki farið í sumarfrí og lét aftur á sér kræla í ágúst með talsverðum fjölda smita og nýjum afbrigðum.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ljóst er að í mörg horn er að líta og álag hefur verið gríðarlegt á stjórnendur og allt starfsfólk velferðarsviðs, ekki síst þá sem starfa á stöðum sem eru með sólarhringsþjónustu. Velferðarráð þakkar starfsfólki og notendum fyrir lausnamiðun og þrautseigju við erfiðar aðstæður.“⁴⁶⁹

Mikill mönnunarvandi til umfjöllunar

Eftir þetta var lítið fjallað um heimsfaraldur kórónuveiru í velferðarráði fyrr en allt fór á hliðina í ómíkron bylgju faraldursins sem reið yfir í desember og á fyrstu mánuðum nýs árs 2022.

2022

Á fundi velferðarráðs nr. 419, 19. janúar 2022 er staðan kynnt enn á ný en þá stóð sviðið frammi fyrir miklum mönnunarvanda vegna einangrunar og sóttkvíar fjölmargra starfsmanna.

Velferðarráð hrósaði starfsfólki sviðsins fyrir störf sín í bókun.

„Velferðarráð færir velferðarsviði og öllu starfsfólki þess, sem starfar víðsvegar um borgina, innilegar þakkir fyrir að gefa ekkert eftir í afar flóknum og erfiðum aðstæðum. Staðan í dag er orðin mjög íþyngjandi og erfið vegna mikillar útbreiðslu COVID-19 í samfélaginu. Þrátt fyrir að á móti blási er einkennandi fyrir starfsmannaflórana að á sviðinu starfar fólk af einlægri hugsjón og fagmennsku. Ráðið gerir sér grein fyrir því hversu dýrmætur auður þið öll eruð og þeim fórnnum sem þið færið til að sinna velferð borgarbúa að nóttu sem degi.“⁴⁷⁰

Á fundi nr. 420. 2. febrúar 2022 var könnun um stuðning til stjórnenda sólarhringsstaða á tímum COVID-19 kynnt fyrir ráðinu.

⁴⁶⁹ Fundur velferðarráðs nr. 406, 18. ágúst 2021.

⁴⁷⁰ Fundur velferðarráðs nr. 419, 19. janúar 2022

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna bókuðu:

„Þökkuð er góð kynning á könnuninni á stuðningi til stjórnenda á sólarhringsstarfsstöðum en svarhlutfall var 86% sem telst nokkuð gott. Þar kom skýrt fram að stjórnendum fannst þeir fá nokkuð góðan stuðning frá þjónustumiðstöðvum, mannauðsþjónustu og frá teymi Almannavarna en handleiðsla gæti nýst þeim betur.“

Fulltrúi Flokks fólksins bókaði:

„Þetta eru áhugaverðar niðurstöður. Ef horft er til hvað það er sem er að nýtast stjórnendum er ef þeim áskotnast meiri mannaflí og hafa aðgang að ráðgjöf, leiðbeiningu og samtali. Það sem mest er kallað eftir er aukin handleiðsla og úrlausn á mönnunarvanda. Finna þarf leiðir til að mæta þessum þörfum að mati fulltrúa Flokks fólksins. Allt kostar þetta peninga og þá er kannski enn og aftur komið að því að velferðarsvið vantar meira fjármagn til að auka og efla þjónustu, ná niður biðlistum og til að sinna betur starfsfólkinu sem vinnur undir miklu álagi í langan tíma. Mætti ekki skoða að draga einhvers staðar úr yfirbyggingu og sameina verkefni til að fá aukið fjármagn í þjónustuliðina sjálfa ef ekki næst að fá meira fjármagn úr borgarsjóði. Fulltrúi Flokks fólksins vill stokka upp á nýtt og setja fólkið, þar með starfsfólkið, í forgang.“

24. febrúar var öllum sóttvarnartakmörkunum aflétt enda voru svo mörg smit í samfélaginu að ekki varð við neitt ráðið.

Eftir það var lítið fjallað um COVID-19 í velferðarráði.

7. Viðtöl við stjórnendur og starfsfólk á velferðarsviði

7.1 „Faraldurinn vakti upp margar áleitnar spurningar“

Regína Ásvaldsdóttir, fyrrverandi sviðsstjóri velferðarsviðs. Viðtal 30. september 2021 á Höfðatorgi.



Í heimsfaraldri kórónuveiru hvíldi mikil ábyrgð á æðstu stjórn velferðarmála hjá Reykjavíkurborg sem rekur bæði hjúkrunarheimili, heimahjúkrun og heimaþjónustu fyrir aldrað fólk svo og fjölmarga starfsstaði þar sem fatlað fólk býr eða starfar. Stór hluti af þjónustunni verður að haldast órofin svo ekki fari illa. Faraldurinn var því mikil áskorun fyrir stjórnendur og starfsfólk sviðsins. Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri sem stýrði sviðinu á tíma faraldursins segir að þessi tími hafi reynt verulega á en einnig sé hægt sé að draga mikinn lærdóm af faraldrinum.

Mikið álag fyrir starfsfólk og íbúa

„Í fyrstu bylgjunni lokuðu allir vinnustaðir fatlaðs fólks. Þau þurftu því að vera á búsetukjörnum allan sólarhringinn eða heima. Í raun var þetta mikið álag fyrir starfsfólkið og íbúana sem komust ekkert,“ segir hún.

„Kaffistofa Samhjalpar lokaði þannig að við urðum að finna ný úrræði fyrir heimilislauða fólkið sem á við margþættan vanda að stríða. Hjálpræðisherinn hljóp að lokum í skarðið.

Á þessum tíma var líka allt lokað, kaffihús, sundlaugar sem og aðrir staðir þar sem þetta fólk hefur til dæmis komist inn til að ganga örna sinna. Við þurftum að taka sérstaklega á því.

Í þriðju bylgjunni, haustið 2020, fórum við síðan að fá afleiðingar kórónuveirufaraldursins í fangið. Það var eiginlega ólýsanlegt. Þá streymdi fólk inn til barnaverndar, málum vegna heimilisofbeldis snarfjölgaði og fólki sem þurfti á fjárhagsaðstoð að halda.“

Hún segir að ofan í faraldurinn hafi síðan komið sparnaðarkrafa frá Reykjavíkurborg. „Við hefðum þurft þrjá milljarða króna en erum að fá 600 milljónir króna. Ég tel að það sé ekki

réttri tímamunkturinn núna til að spara í velferðarmálunum þegar fólk er búið að vera á hlaupum í vinnunni í allan þennan tíma við að glíma við faraldurinn.“

Glíma við heilbrigðiskerfið

Regína segir að glíma við embætti heilbrigðiskerfið í upphafi COVID faraldursins standi svolítið upp úr í minningunni.

„Það var einfaldlega ekki skilningur á stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu en greinilega meiri þekking á stöðu eldri borgara. Við mættum skilningsleysi varðandi skimanir, sóttvarnir og annað sem snerti fatlað fólk.

Þegar fyrsta smitið kom upp í búsetukjarna var okkur uppálagt að loka kjarnanum en þetta er heimili fatlaðs fólks og er einfaldlega ekki hægt. Þá fundum við upp sóttkví B sem er það þegar fólk vinnur á ákveðnum stað áfram þrátt fyrir að vera í sóttkví.

Þetta var mikil barátta þarna í upphafi. Það sem fólk í heilbrigðisgeiranum virtist ekki skilja er að fatlað fólk er mjög fjölbreyttur hópur. Það er allt frá því að vera hreyfihamlað fólk yfir í einstaklinga með gríðarlega miklar þroskaskerðingar og hegðunarvanda. Bara það verkefni að framkvæma skimun fyrir COVID-19 á sumum einstaklingum krafðist þess að þeir starfsmenn kæmu að.

Þá stendur aðstoð Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar upp úr því hann taldi sjálfsagt að skima fleiri hundruð manns frá okkur svo velferðarsvið gæti fundið þá í starfslíðinu sem voru smitaðir þegar sóttvarnarlæknir hafði sagt nei við því að við nytum slíks forgangs.

Á síðari stigum lentum við einnig í baráttu við Heilsugæsluna um að fá bólusetningar fyrir heimilisláusa. Það segir sig sjálft að það fólk var ekki að fara að standa í bólusetningarröðinni eða skimunarröðinni á Suðurlandsbraut.“

Landakotssmitið kom af fullum þunga á heimahjúkrun

„Þá kom Landakotssmitið af fullum þunga á velferðarsvið því við höfðum tekið við 17 manns í heimahjúkrun frá Landakoti áður en það komst upp sem sumir voru smitaðir af COVID-19.

Það var einkennandi í faraldrinum fannst mér að öll starfsemi í hjúkrun og heilsugæslu sem ríkið rak fékk miklu meiri fókus frá heilbrigðisráðherra en sú sem sveitarfélögin reka.

Það bjargaði miklu í Reykjavík að við erum með starfandi hjúkrunarfræðinga hér inni á sviðinu sem gátu nálgast upplýsingar strax í Heilsuveru sem var ekki aðgengileg öðrum. Þá var ákaflega góð samvinna á milli hjúkrunarfræðinga og þroskaþálfa á sviðinu.“

Gat reynt á að taka svona mikið pláss í umræðunni

„Mér fannst miðlæga neyðarstjórnin of stór og mannmörg. Það gat reynt á að þurfa að taka svona mikið pláss í umræðunni. Ég hefði kosið að þessir málaflokkar sem voru með mest undir, velferðarmálin og skólamálin, hefðu fengið meiri tíma til að ræða málin í meira næði – fimm manna fundir hefðu verið finir. Hins vegar var mikill stuðningur af borgarstjóra sem hafði mikinn skilning á okkar málaflokki.



Á velferðarsviði vorum við hins vegar með alvöru aðgerðastjórn þar sem reynsluboltar eins og Berglind Magnúsdóttur sem stýrir heimaþjónustunni og Aðalbjörg Traustadóttir voru við stjórnvölinn. Ef einhver ætti að fá verðlaun fyrir sitt framlag eru það þær.

Við þurftum að skrifa mikið af þessum leiðbeiningum til starfsfólksins inni á sviðinu sem nýttist öðrum sveitarfélögum einnig. Það kom m.a. til af því að hin sveitarfélögin eru ekki með þjónustu við heimilislaustr fólk og ekki heldur með heimahjúkrun eða öryggisvistun eins og við.“

Hefði viljað fá meiri aðstoð frá starfsfólki borgarinnar

Regína kallaði oft sinnis eftir því á vettvangi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar að fá aðstoð frá starfsfólki annarra fagsviða borgarinnar sem hafði minna að gera í faraldrinum vegna skertrar starfsemi, svo sem í sundlaugum og söfnum. Um þetta segir hún:

„Við erum mögulega að ganga inn í tímabil í mannkynssögunni þar sem reglulega mun koma upp krísuástand eins og heimsfaraldur kórónuveiru. Þá er nauðsynlegt að hver og einn sé ekki að finna upp hjólið í eigin horni og allir leggist á eitt við að leysa málin. Þetta verður að vera viðurkennt af stjórnvöldum. Ætlum við virkilega að vera með heilan helling af opinberum starfsmönnum sem fara bara í hálfgerft frí þegar allt lokar í svona krísum? Kannski er lærdómurinn af þessu ástandi núna að setja inn í starfslýsingar fólks sem við ráðum héðan í frá klausur um að hægt sé að láta það gegna öðrum störfum en það er nákvæmlega ráðið til að gegna.

Þetta gekk ekki alveg eftir eins og við hefðum viljað en það sem var gert var hins vegar mjög vel þegið og gekk vel en nokkur fjöldi starfsmanna annarra sviða tók að sér að hringja í eldri borgara og vinna í úrræðum fyrir heimilislaustr fólk. Við vorum alveg orðin úr sér gengin af þreytu á þessum tíma og hefðum í raun þurft miklu meira.“

Sjáum afleiðingarnar eftir á

„Nú erum við að sjá afleiðingarnar af þessu því sumt af okkar fólki er að verða fyrir kulnun í starfi. Það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Kulnun lýsir sér m.a. þannig að fólk verður ekki jafn vökult í starfi. Stjórnendur á okkar sviði verða nánast að hafa augu í hnakkanum varðandi mjög margt.

Klettaskóli lokaði alveg um tíma í upphafi faraldursins. Þá þurftu börnin að vera heima eða þessum heimilum með margföldu álagi fyrir starfsfólkið.

Frístundastarf fyrir fötluð ungmenni í Hinu húsinu lokaði einnig. Þá lentu foreldrar í því að þurfa að sinna börnunum heima, þurftu að taka leyfi til þess frá vinnu eða voru jafnvel sjálfir í vinnu heima við.

Ég hefði viljað sjá aðrar lausnir þarna. Þetta var viss slagur innan borgarinnar sem ég hefði gjarnan viljað vera laus við en þetta var á þeim tíma þegar allir voru rosalega hræddir við að smitast af veirunni.“

Fengu ekki heimild til að greiða álagsgreiðslur

„Ég vil líka nefna að ekki fengust heimildir til að greiða fólki sem lenti í miklu álagi eða þurfti að vinna dögum saman í fullum sóttvarnbúnaði álagsgreiðslur þrátt fyrir að slíkt væri ítrekað reifað.

Ég held að við höfum notið þess í faraldrinum að starfsfólkið okkar hafði mjög ríka ábyrgðartilfinningu gagnvart sínum skjólstæðingum. Það var hrætt um að smita aðra og gætti sín þess vegna mjög vel sjálf. Við hvöttum það til þess að gæta sérstaklega vel að sér í fyrstu póstunum. Hins vegar er það svolítið á gráu svæði að biðja fólk endalaust um að einangra sig í svona ástandi án þess að fá nokkuð fyrir það. Er virkilega hægt að ætlast til þess í lengri tíma af fólki sem hefur kannski 400 þúsund í laun á mánuði?

Ég tel að faraldurinn hafi vakið upp margar áleitnar spurningar sem eru stéttarlegs eðlis. Er í raun eðlilegt að ætlast til þess að ákveðnar stéttir í samfélaginu þurfi að leggja sérstaklega mikið á sig í svona ástandi og leggja sig og fjölskyldur sínar í hættu á meðan aðrir geta bara verið heima að vinna? Ég tel að verkalýðsfélögin verði að leggja upp með að sækja umbætur til handa fólkinu okkar vegna svona aðstæðna. Þarna þarf að eiga sér stað ákveðin samfélagsbýlting,“ sagði Regína að lokum.

7.2 „Við misstum engan úr COVID-19“

Aðalbjörg Traustadóttir. Viðtal á Höfðatorgi 18. nóvember 2021

Aðalbjörg er yfir skrifstofu málefna fatlaðs fólks sem stofnuð var 1. janúar 2018. Hún er félagsráðgjafi að mennt en er einnig menntuð í fjölskylduráðgjöf og opinberri stjórnsýslu. Hún hefur unnið í rúm 30 ár hjá Reykjavíkurborg og þekkir því velferðarþjónustuna mjög vel.

Reykjavíkurborg er með um 500 fatlaða einstaklinga í þjónustu. Fólkið glímir við alls konar fötlun. Það býr á sambýlum, íbúðakjörnum eða herbergjasambýlum eða sjálfstætt með stuðningi. Árið 2017 var gerð tíu ára áætlun um niðurlagningu herbergjasambýla sem þykir úrelt búsetuform fyrir fatlað fólk.



Ekki bara vinna heldur áhugamál

„Þetta er ekki bara vinna heldur áhugamál mitt í leiðinni,“ segir Aðalbjörg þegar hún er spurð út í starf sitt.

Aðalbjörg segir að velferðarsvið hafi náð góðum árangri í baráttunni við kórónuveiruna og það standi upp úr eftir á að hyggja. Skipt hafi sköpum að hafa öflugan stjórnendur, gott skipulag strax í upphafi, samráð við hagsmunaaðila og starfsfólk sem lagði mikið á sig í faraldrinum. „Þessi árangur er ekkert tilkominn af því bara,“ segir hún.

„Strax í janúar 2020 létum við alla okkar starfsstaði gera viðbragðsáætlanir. Við áttum til viðbragðsáætlun við svínainflúensu sem við byggðum á að einhverju leyti. Við þurftum að hittast fyrir áramót vegna alls konar ástands sem þá gekk á; óveður, jarðskjálftar og fleira. Það var því búið að grófteikna áætlun.

28. febrúar vorum við nokkuð mörg stödd á vígsluhátíð nýja hjúkrunarheimilisins á Sléttuvegi sem er á vegum Hrafnistu. Borgarstjóri var þar líka. Allt í einu myndaðist mikill órói í salnum og allir fóru í símana. Þá hafði fyrsta smitið af COVID-19 greinst hér á landi. Þetta var á föstudegi og strax þarna um helgina var neyðarstjórn velferðarsviðs kölluð saman. Við gengum í það að skipta starfsstöðunum okkar upp í A, B og C flokk eftir þyngd þjónustunnar sem þar er veitt og alvarleika ef upp kæmi smit. Við létum síðan almannavarnir hafa þessa flokkun okkar. Í framhaldinu var ákveðið að senda hjúkrunarfræðing og þroskaþjálfara út á alla A staðina okkar. Boðaðir voru fundir fyrir starfsfólk, aðstandendur og íbúa eftir því sem hægt var.

6. mars förum við síðan á neyðarstig þegar fyrsti einstaklingurinn greindist í innanlandssmiti. En þá vorum við komin með allar okkar viðbragðsáætlanir á hreint, búið að skipta upp starfsmannahópum, leiðbeiningar um sóttvarnir, spritt og handþvott og sýnatöku tilbúna og búið að útvega sóttvarnarbúnað ef upp kæmu smit.

Mikil samvinna við hagsmunasamtök fatlaðs fólks

Eftir 6. mars lokuðum við öllum vinnu- og virkniúrræðum fyrir fatlað fólk og dagdvöl fyrir fötluð börn. Þetta var erfið ákvörðun vegna þess að hún þýddi mikið rask fyrir bæði fólkið, aðstandendur og starfsfólk á sambýlum og íbúðakjörnum.

Við hófum strax undirbúning að því hvernig við gætum komið til móts við þessa einstaklinga. Við forgangsröðuðum m.a. þeim sem bjuggu heima hjá foreldrum í þjónustu til að hvíla heimilin. Við hættum að hugsa í húsum og hugsuðum frekar í þjónustu. Í þessu mættum við m.a. velvilja stéttarfélagi til að þessi þjónusta gæti gengið upp en hún krafðist þess að fólk færi út af sínum starfsstöðum.

Þessi gagnrýni sem við fengum okkur fyrir þessar lokanir fjaraði mjög fljótt út. Við vorum í þétu sambandi við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Ég sendi strax erindi á Proskahjálp og hélt upplýsingafundi með þeim. Í þriðju bylgjunni héldum við vikulega fundi með þeim. Á þeim voru formaður Proskahjálpar, Öryrkjabandalags Íslands, Geðhjálp og réttindagæslumaður fatlaðs fólks.



Samráðið gekk mjög vel. Við fengum m.a. hrós frá Proskahjálp í Morgunblaðinu. Það kom í veg fyrir alls konar erfiðleika að eiga þetta samtál við hagsmunasamtökin. Á þessum fundum upplýsti ég hver staðan væri og hvað við værum að gera.

Lærdómsríkt smit í búsetukjarna í Þórðarsveigi

Í fyrstu bylgju kom upp eitt smit í búsetukjarna í Þórðarsveigi. Það var mjög lærdómsríkt. Sá smitaði var sendur á spítala en var strax sendur heim. Þá sáu við að spítalinn var ekkert að fara að taka okkar fólk. Við þjónustuðum þennan einstakling á meðan hann var veikur. Þarna þurfti m.a. að nota sóttkví B sem er svokölluð vinnusóttkví þar sem fólk vinnur á undanþágu þrátt fyrir að hafa verið skipað að fara í sóttkví.

Við settum Ólafíu Magneu Hinriksdóttur, verkefnastjóra á skrifstofu málefna fatlaðs fólks, á sólarhringsvakt þannig að stjórnendur gætu alltaf náð í einhvern ákveðinn ef smit kæmu upp og gefið góð ráð.

Við lentum í flókinni stöðu vegna smita á Barðastöðum og Jöklaseli og eins og í úrræði fyrir geðfatlað fólk á Hverfisgötu í miðborginni.

Í þriðju bylgjunni var talsvert meira um um smit hjá okkur og þá voru sett upp teymi fyrir hvern kjarna þar sem smit komu upp. Með því voru tryggðar beinar línur á milli forstöðumanna og okkar helstu sérfræðinga í smitvörnum og hjúkrun. Þannig tryggðum við mjög sterkt bakland og í því fólst gríðarmikill styrkur.

Í þriðju bylgjunni vorum við á kafi í skipulagsbreytingum þar sem verið var að stokka upp starfsemi þjónustumiðstöðvanna og fleira.

Nú eru komnir tveir starfsmenn hjá almannavörnum sem sinna þessari ráðgjöf og hafa leyst okkur svolítið af hólmi. Það kom fljótlega í ljós að almannavarnir þekktu ekki málaflokkana okkar mjög vel og gerðu sér ekki grein fyrir því hvað við rákum þunga og yfirgripsmikla þjónustu.

Vann mikið um kvöld og helgar

Ég vann mikið um kvöld og helgar allan faraldurinn og lenti m.a. í því að eiga símafundi með bæjarstjórum á höfuðborgarsvæðinu þegar upp komu smit í sambýlum hjá þeim. Það kom m.a. upp smit á herbergjasambýli í Garðabæ.

Við höfum sett upp áætlun hjá borginni um að leggja slík herbergjasambýli niður. Þau eru ekki í takti við nútímann og henta t.d. mjög illa við svona aðstæður svo ekki sé talað um einkalíf þeirra sem þiggja þjónustuna.

María Rúnarsdóttir var ráðin til starfa með almannavörnum. Hún kom sterk inn í þessa vinnu og þá fór aðeins að hægjast um hjá mér.

Stofnað var viðbragðsteymi sem félagsmálaráðuneytið leiddi, og í því var m.a. Póra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri Almanna- og fjölskyldumála höfuðborgarsvæðisins.

Þetta viðbragðsteymi var á seinni stigum breytt í uppbyggingarteymi. Þetta voru skynsamlegar ráðstafanir að undirlagi félagsmálaráðuneytisins. Við sendum frá okkur stöðuskýrslur. Samband íslenskra sveitarfélaga hafði milligöngu um að ég miðlaði af reynslu okkar hjá Reykjavíkurborg.

Bakvarðasveit var síðan sett upp og við lögðum áherslu á að okkar starfsstaðir kæmu sér upp eigin bakvarðasveitum, t.d. leituðu til eldra starfsfólks eða fólks sem áður hafði unnið á staðnum í hlutastörfum o.s.frv.

Eftir stóð að við misstum engan úr COVID-19 þrátt fyrir nokkur smit.

Við áttum í mjög góðu samstarfi við Landssamtökin Proskahjálp og fengum m.a. lánaðar íbúðir og aðstöðu hjá þeim. Þau ráðlögðu okkur mjög vel.

Við reyndum ætíð að gæta meðalhófs en í faraldrinum þurfti stundum að taka skjótar og erfiðar ákvarðanir t.d. varðandi það að loka vinnu- og virkniúrræðunum tímabundið til að koma í veg fyrir smit.

Týndi NPA hópurinn

NPA hópurinn var mjög týndur á þessu tímabili. Í byrjun töldum við að við þyrftum ekki að sinna honum þar sem hugmyndafræðin gerir ráð fyrir miklu sjálfræði og við héldum að NPA miðstöðin myndi sinna þeim og leiðbeina. Það kom hins vegar í ljós að svo var ekki. Mér dettur helst í hug pilsfaldakapítalismi því þetta lenti á okkur þegar á móti blés.

Parna komu almannavarnir að. Gerðar voru leiðbeiningar fyrir NPA sem voru einnig þýddar á ensku því nokkuð er um að þessir einstaklingar séu með erlent aðstoðarfólk.

Við settum upp hringivakt fyrir þá sem eru með eigin umsýslu. En út frá hugmyndafræðinni áleit ég að þau myndu sjálf vera í sambandi við alla aðila en svo var ekki."

Aðalbjörg segir að þegar vinnu- og virkniúrræðum hafi verið lokað hafi álag aukist mjög inni á sambýlum og íbúðakjörnum. Í venjulegu ástandi nýtir starfsfólkið tímann sem íbúar eru í burtu yfir daginn til að skipuleggja vinnu sína og sinna öðrum nauðsynlegum hlutum í húsnæðinu. Einnig hafi orðið mikil röskum á rútínubundnu lífi margra í hópi íbúanna þegar ekki var hægt að nýta sér þjónustu sundlauga, kaffihúsa og kvikmyndahúsa svo eitthvað sé nefnt.

„Þetta reyndi á alla, bæði starfsfólk og íbúa. Ég var sjálf full aðdáunar á því hvað þau voru dugleg að hugsa í lausnum.“

Aðalbjörg var tímabundið skipuð framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals, Háaleitis og Bústaða í september 2020 en þar starfar m.a. heimahjúkrun í hverfum Laugardals, Háaleitis og Bústaða. „Ég náði að fara einn hring um húsið. Síðan var öllum skipt í hólf þannig að ég get varla sagt að ég hafi hitt fólk almennilega.“

En hvernig er ástandið núna? [vetur 2021]

„Við erum ekki á neyðarstigi núna og högum okkur samkvæmt því eftir settum reglum. Við brýnum fyrir starfsfólki að gæta sín og mæta ekki með einkenni í vinnuna, sóttreinsum mikið og þrífum. Það er mjög lýjandi fyrir alla að vera með hólfaskiptingu en fólk kann þetta í dag.“

Gat verið á fjarfundum allan daginn

Aðalbjörg segist hafa kunnað því ágætlega að vinna heima. „Þegar ástandið var sem alvarlegast var ég heima vikum saman. Ég gat verið á fundum allan daginn. Hagræðið í kostnaði við leigubíla var mikið skal ég segja þér. Maður er svo sannarlega reynslunni ríkari

eftir þetta. Við erum núna smám saman að fara inn í þriðju bólusetninguna með okkar viðkvæmu hópa sem er jákvætt.

Eitt af því jákvæða sem hefur komið út úr þessum faraldri er að skilningur á velferðarþjónustunni hefur aukist á tímabilinu.

Við bjuggum líka mjög vel að hafa þessa góðu hjúkrunarfræðinga á sviðinu. Við gátum tengt hjúkrunarfræðinga, þroskaþjálfara og félagsráðgjafa saman og það var ómetanlegt. Þegar svona ástand eins og þessi faraldur kemur upp þá reynir verulega á fólk – sumir stíga upp en aðrir láta undan.

Ég næ varla að lýsa með orðum aðdáun minni á fötluðum íbúum í þjónustu velferðarsviðs, okkar frábæra starfsfólki sem alltaf var tilbúið að hugsa í lausnum. Þetta var hrikalega flókið tímabil en við erum svo sannarlega reynslunni ríkari.”

7.3 „Fólk var mjög óöruggt og óttaslegið í byrjun“



Ólafía Magnea Hinriksdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks. Viðtal tekið á Höfðatorgi 2. nóvember 2021.

„Mér er mjög minnisstætt þegar þetta byrjaði 28. febrúar. Þá var ég kölluð til vinnu á laugardegi af mínum yfirmanni, Aðalbjörgu Traustadóttur, sem hringdi í mig.

Þegar ég mæti þarna á laugardegi óraði mig ekki fyrir því hvað væri framundan.

Þessa helgi byrjuðum við strax að skoða okkar starfsstaði og skilgreina þá sem A, B og C staði eftir áhættu og þjónustustigi.

Þarna var þegar búið að vinna mjög mikla vinnu og búa til aðgerðaáætlun. Við fengum forstöðumenn starfsstaðanna til að skoða hvað þeir gætu gert til að bregðast við ef fólk fengi COVID-19. Þá voru þeir einnig beðnir um að meta hvernig ætti að þjónusta einstaklinga ef þeir smituðust.

Þarna í byrjun var fólk auðvitað mjög óöruggt og jafnvel óttaslegið yfir því hvað við væri að eiga. Við fórum því á starfsstaðina sem höfðu verið skilgreindir í A hjá okkur og ræddum um COVID-19 við stjórnendur, starfsfólk, íbúa og aðstandendur.

Vilji starfsfólksins til að gera vel aðdáunarverður

Vilji starfsfólksins til að gera sitt besta var aðdáunarverður. Það fóru allir í þann bát fannst mér.

Við gerðum fljótlega leiðbeiningar um það hvernig fólk ætti að vinna, t.d. hvernig ætti að nota hlífðarfatnað. Þá unnum við einnig leiðbeiningar í samráði við almannavarnir og samband íslenskra sveitarfélaga og það nýttist öllum sveitarfélögum á landinu. Borgin leiddi þetta starf og vann mikla vinnu sem nýttist öðrum sveitarfélögum.

Við bjuggum einnig að því að Berglind Magnúsdóttir var búin að stýra mjög ítarlegri vinnu við að uppfæra allar neyðaráætlanir sviðsins. Það var gert að undirlagi sviðsstjóra Regínu Ásvaldsdóttur og snerist um áætlun og viðbrögð við náttúruhamförum t.d. stórum jarðskjálfta eða óveðri. Þetta var unnið í lok árs 2019 og kom sér mjög vel. Við áttum líka áætlun sem farið var eftir þegar Svínaflensan kom en munurinn á henni og kórónaveirunni er að til var bóluefni við Svínaflensunni. Það þýddi að hægt var að bólusetja alla við henni í einum hveli sem þurftu á því að halda en við COVID var ekkert til í byrjun.

Lánsöm í upphafi að fáir smituðust

Fljótlega í mars greindist íbúi í íbúðakjarna með COVID-19. Þarna býr mjög fullorðin fólk. Við vorum svo heppin að það var tóm íbúð þarna á vegum Félagsbústaða og þar gat starfsfólkið skipt um hlífðarbúnað og hvílt sig og slakað á milli þess sem íbúum var sinnt.

Við vorum mjög lánsöm í upphafi faraldursins að það voru fáir notendur þjónustu sem smituðust. Það var aðallega starfsfólk sem smitaðist í fyrstu bylgjunni.



Við vorum líka heppin í Reykjavík að því leytinu til að við rekum heimahjúkrun. Það þýddi að við áttum talsverðar birgðir af hlífðarfatnaði og rétt á því að fá slíkan búnað sem var af skorum skammti fyrst í stað. Við settum upp birgðastöð með heimahjúkruninni á þremur stöðum. Það var einnig mjög heppilegt að hafa hjúkrunarfræðinga inni á sviðinu.

Lilja Petra Ólafsdóttir sem fór fyrir sóttvarnanefnd velferðarsviðs hélt öllum á tánum. Ég vann mikið með henni þessa fyrstu mánuði og reyndar allan tímann.

Á bakvakt allan sólarhringinn

Ég var á bakvakt fyrir alla forstöðumennina allan sólarhringinn þannig að ef eitthvað kæmi upp á væri hægt að bregðast hratt við.

Pessi hópur sem við þjónustum er mjög flókinn og fjölbreyttur. Sumir eru vel færir um að mæta í sýnatöku á ákveðinn stað en aðrir geta það bara alls ekki. Þarna myndaðist núningur við heilsugæsluna og sóttvarnarlækni sem virtust hafa takmarkaðan skilning á málefnum fatlaðs fólks og fjölbreytileika þess hóps. Eftir að Regína [Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs innskot höfundar] beitti sér fengum við það í gegn að sýnatökur væru framkvæmdar á heimilum fólks þar sem það átti við.

Eitt kómískt dæmi kom upp. Forstöðumaður sem var staddur í apóteki með nokkuð mörgum þegar hann fékk símtal. „Já, frábært. Eru þeir að fara að koma og taka COVID sýnin,“ sagði hann þá upphátt í símann. Hann sá næstum undir iljarnar á fólkinu sem forðaði sér frá honum.

Starfsmannahópum skipt í tvennt

Við skiptum starfsmannahópum í kjörnunum okkar og sambýlum mjög fljótlega upp í tvennt til að missa ekki alla út í einu ef upp kæmi smit. Tilhögun þess hvernig þessir hópar unnu var misjöfn en verklagið var alls staðar svipað varðandi sóttvarnir. Fólk vann sína daga og hafði ekkert samneyti við hina í öðrum hópum. Síðan var allt sótthreinsað áður en ný vakt kom inn. Fólk gætti þess síðan að hafa tvo metra á milli sín.

Þetta reyndi mjög mikið á fólk. Sumum fannst mjög erfitt að vinna í þessum aðstæðum með grímur allan tímann. Mannauðsdeildin okkar hringdi mikið í fólk sem var að sinna veikum og líka í forstöðumenn til að sýna stuðning.

Svo þarna um vorið fer þetta að ganga niður og landið opnast.

Áréttaði smitvarnir í júlí 2020

Í júlí 2020 kom aftur upp smit í tengslum við kvennafótboltann [Breiðablikssmitið, innskot höfundar].

Ég hringdi þá í alla forstöðumenn A-starfsstöðvanna okkar og áréttaði að allir snertifletir væru sótthreinsaðir. Þá komst ég að því að það voru allir með sínar sóttvarnir upp á tíu og engir farnir að slaka á.

Eitt af því erfiða sem við rákum okkur á var að margt lokaði sem raskaði rútinu okkar einstaklinga. Íbúarnir þurftu að vera heima í stað þess að vera í virkni eða njóta ýmissar afþreyingar. Oft á tíðum er okkar fólk miklar rútinumanneskjur. Þá þurfti að nota hugmyndaflugið og útbúa ýmislegt eða finna upp á ýmsu sem gat komið í staðinn. Til dæmis var einn sem var vanur að fara á kaffihús alla daga. Það var lokað vegna ástandsins sem

voru þessum íbúa mikil vonbrigði. Þá var brugðið á það ráð að setjast á bekk fyrir utan og drekka kaffi þar. Það var líka farið út í náttúruna. Þetta ástand reyndist vera mikið álag á íbúana og einnig starfsfólkið. Einstaklingarnir skildu sum hver alls ekki af hverju þetta var svona.

Aðstandendur almennt þakklátir

Fyrst í stað voru A-staðirnir ekki mjög margir en þeim fjölgaði talsvert. Það var ýmislegt sem við vissum ekki í upphafi. Það þurfti t.d. ekki nema eina manneskju með undirliggjandi sjúkdóm eins og krabbamein til að starfsstöð væri færð í A-flokk. Í seinni bylgjunni kom ekki upp neitt COVID-19 smit á A-starfsstöð.

Almennt voru aðstandendur mjög þakklátir fyrir hvað þetta var tekið alvarlega. Hitt voru undantekningar.“

Aldrei sett heimsóknabann

Var heimsóknarbann?

„Nei, við settum aldrei á heimsóknarbann en við brýndum náttúrulega fyrir aðstandendum að gæta allra smitvarna og vera ekki að koma að óþörfu.“

Ólafía Magnea segir að Reykjavíkurborg reki enn herbergjasambýli sem sé gamaldags búsetuform sem sé á undanhaldi samkvæmt áætlun borgarinnar þar um. Einstaklingar búa þá á herbergjum en svo eru sameiginleg rými svo sem baðherbergi, eldhús og stofa sem fólk nýtir. Erfitt er að skipuleggja sóttvarnir á slíkum starfsstöðum auk þess sem aðstaðan er oft nokkuð þröng og snyrtingar og salerni nýtt af bæði íbúum og starfsfólki.

Smit í þyngstu kjörnunum

Það kom upp smit hjá starfsmönnum tveggja af okkar þyngstu kjörnum. Ég fékk fréttir af þessu seint um kvöld og þetta leit ekki vel út í byrjun. Þarna þurfti verulega að bretta upp ermar til að ná utan um ástandið.

Í þriðju bylgju voru smitin mest meðal ungs fólks sem er í hlutastörfum hjá okkur með háskólanámi.

Forstöðumanni eins kjarnans þar sem bæði íbúar og starfsmenn smituðust tókst að virkja starfsfólkið sitt alveg ótrúlega vel og þarna vann fólk í sóttkví. Við fengum undanþágu til þess. Ég fór með búninga til þeirra og við Lilja Petra funduðum mjög mikið með þeim.

Fólkið vann sumt hvert í 16 tíma á dag og lagði verulega mikið á sig. Þarna þurfti að leysa ýmis mál. Sumir íbúanna skildu t.d. ekki að þeir þyrftu að vera í sóttkví.

Forstöðumaðurinn var sjálfur í sóttkví og við höfðum hreinlega áhyggjur af því að hún ynni sér til húðar. En það var alveg eftirtektarvert hvað henni tókst að virkja fólkið sitt vel og fá alla með. Þarna eru 25 stöðugildi og um 40 manns sem manna þau.

Rákum okkur á vanþekkingu Heilsugæslunnar

Svo dæmi sé tekið var sýnataka mjög flókin á þessum stað. Starfsmenn þurftu m.a. að hafa sýnikennslu í sýnatöku til að fá skjólstæðinga sína til að samþykkja að tekin væru sýni af þeim.

Og þarna lentum við m.a. í því hversu mikla vanþekkingu Heilsugæslan og landlæknir hafði á þessum málaflokki því fyrst í stað áttum við ekki að fá sýnatöku á staðnum. Það var hins vegar alveg útilokað að fara með fólkið í sýnatöku. Það var ekki fyrr en sviðsstjóri steig inn í málið að heilsugæslan áttaði sig á verkefninu og brást vel við eftir það.

Í faraldrinum sveið manni líka að það var alltaf verið að þakka starfsfólki í heilbrigðiskerfinu á meðan ekki var minnst á okkar fólk sem sinnti umönnunarstörfum á vegum sveitarfélaganna, heimahjúkrun og fötluðu fólki. Starfsfólkið okkar lagði gríðarmikið á sig á öllum starfsstöðvum.

Á Norðurlöndunum er alltaf talað um þessa tvo þætti velferðarkerfisins í sömu andrá „helse og omsorg“, heilbrigði og umönnun. Mér finnst að embætti Landlæknis og heilsugæslan ættu að skilja þetta en þar virtist vera misbrestur á. Ef til vill er það vegna þess að þetta eru tvö kerfi hérna; félagsþjónustan sem sveitarfélögin reka og ríkið sem rekur heilbrigðiskerfið.

Við rákum okkur á greinilega vanþekkingu Heilsugæslunnar á því hversu víðtæk umönnunarþjónustunni sem við veitum er.

Það var ekki svo að við værum að fara að misnota kerfið varðandi sýnatöku eða bólusetningu. Þeir sem þurftu sýnatöku heima urðu hreinlega að fá hana þar og eins var með bólusetningar.“

Starfsfólkið passaði sig upp til hópa rosalega vel og vann með grímur á sér þar sem það var hægt. Maður finnur það ennþá að fólk er að gæta sín.

En nú er hins vegar hlutfallið af bólusettingum bæði á meðal skjólstæðinga og starfsfólks orðið mjög gott.

Hefði viljað fá allan hópinn bólusettan miklu fyrr

Ég hefði samt viljað fá allan hópinn bólusettan miklu fyrr. Það hefði létt starfseminu mjög mikið þegar við þurftum mjög á því að halda og létt á mikill spennu. Ég var ósátt við forgangsroðunina í bólusetningu og fannst skilningsleysi á málaflokknum skína í gegn hjá sóttvarnalækni.

Fólk á herbergjasambýlum var bólusett á milli jóla- og nýárs 2020, þau voru með þeim fyrstu sem fengu Pfizer. Ég var mjög þakklát fyrir það en svo ætluðum við aldrei að koma hinum að.

Það var vegna þess að þau voru ekki skráð sem forgangshópur. Ég hugsa að Reykjavík sé með á milli 50-60% af málaflokki fatlaðs fólks.“

Samstarfið við almannavarnir og Embætti landlæknis var annars mjög gott. Við áttum fasta fundi með þeim vikulega þegar mest gekk á sem skiptu miklu máli.

Bakvarðasveitir sveitarfélaganna komu talsvert að mönnun hjá okkur þegar á skorti.

Hefði viljað fá fleiri hendur

Mér fannst hins vegar mjög sérstakt að fólk skyldi ekki koma inn frá öðrum sviðum borgarinnar. Hjá okkur var allt á hvolfi og við á skrifstofunni vorum tilbúin að mæta inn á kjarnana og vinna á meðan aðrir höfðu lítið sem ekkert að gera.

Það hefði verið hægt að ganga í ýmis störf sem hefðu létt á álaginu t.d. þrif, matseld, símsvörun og margt fleira. Fólk hefði fengið aðlögun og lært. Það var aðeins um þetta en hefði mátt vera meira.

Mér fannst eitthvað bogið við það að við fengjum ekki fleiri hendur þegar við vorum að reyna að halda öllu gangandi. Sérstaklega í ljósi þess að mannauðsstefna borgarinnar gengur út á að borgin sé einn vinnustaður.

Við verðum að setja þetta inn í vinnustaðamenninguna hjá okkur að það sé ábyrgð okkar allra sem störfum hjá Reykjavíkurborg að halda hlutunum gangandi í svona ástandi og að álagið lendi ekki bara á einum hópi starfsfólksins.“

7.4 „Hefði viljað eiga stærri stafla af sóttvarnarbúnaði“

Lilja Petra Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur - Viðtal tekið á Höfðatorgi 4. nóvember 2021

Lilja Petra hefur starfað við heimahjúkrun frá árinu 2007, var fyrst hjá Heilsugæslunni en færðist síðan yfir til Reykjavíkurborgar árið 2009. Hún var lykilstarfsmaður í sóttvarnarteymi sem neyðarstjórn velferðarsviðs skipaði en var auk þess í tveimur teymum stuðningsþjónustu og heimaþjónustu sem störfuðu í umboði neyðarstjórnar. Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra mæddi mikið á henni í faraldrinum. Regína segir að það hafi bjargað miklu fyrir sviðið í faraldrinum og skipt sköpum að hafa menntaða hjúkrunarfræðinga í starfsliðinu. Heimahjúkrun þjónustaði um 2.800 manns árið 2021 og er með um 1.000 manns í þjónustu á hverjum tíma.

Bjuggu að því að neyðaráætlun var til

Hvernig brugðust þið við í heimahjúkrun í húsnæði fatlaðra þegar faraldurinn hófst?



„Við vorum bara í því að grípa boltann frá degi til dags. Ástandið var síbreytilegt og fólk vissi eðlilega ekki hvað átti að gera. Það var misjafnt eftir stjórnendum í húsnæði fyrir fatlaða hversu mikla reynslu þeir höfðu og hve vel þeir voru undirbúnir fyrir þetta ástand. Við vorum í sambandi við suma oft á dag til að aðstoða og leiðbeina. Það er komin meiri regla á þetta núna frá því í haust [2021]

Við Ólafía vorum í öðrum störfum sem sátu eðlilega á hakanum í þessu ástandi. Við bjuggum að því að það var til neyðaráætlun um það hvernig bregðast ætti við heimsfaraldri sem við gátum nýtt. Það er samt ekki hægt að bera saman fugla- og svínaflensuna við COVID-19 en grunnurinn að áætlunum var samt til og við byggðum á honum.

Ég var í beinum tengslum við Embætti landlæknis til að sækja um vinnusóttkví þegar það átti við og gat leitað til starfsfólks embættisins þegar þörf var á.

Við urðum oft að hafa hraðar hendur og úrræðin voru eðlilega af skörnum skammti fyrir svona ástandi. Við urðum t.d. að flytja fólk úr sínu húsnæði og koma því fyrir annars staðar tímabundið með allri þjónustu á meðan við vorum með einstakling í einangrun á starfsstöð. Þá var allra leiða leitað til að raska ró notendanna sem minnst og tryggja öryggi allra.

Aðstöðuleysi háði starfsemi í faraldrinum

Það sem háði starfsemi mest var aðstöðuleysi, aðstaðan sums staðar var þröng og þurfti að nýta geymslur og skrifstofur. Sums staðar var t.d. engin aukaaðstaða til að starfsfólkið gæti klætt sig í hlífðarbúnað og þurfti þá að stúka af svæði fyrir framan íbúðir. Þá var leigður gámur sem var innréttaður sem starfsmannaaðstaða og auka salerni og fleira sem þurfti til að bregðast sem best við.

Í heimahjúkrun leigðum við sendiferðabíl þar sem hægt var að skipta rýminu í tvennt til að skipta um hlífðarbúnað. Hann var reyndar aldrei notaður – kannski sem betur fer. En það var mjög góð hugmynd að hafa hann til reiðu ef á þyrfti að halda.

Við vorum í raun mjög heppin að því leyti að það komu ekki upp mörg mörg smit á meðal notenda heimahjúkrunar hjá okkur. Að mörgu leyti voru okkar aðstæður í heimahjúkruninni erfiðari en á spítölunum þar sem allt er til alls til sóttvarna.

Lítill reynsla af notkun hlífðarbúnaðar

Rúmlega 200 manns vinna við heimahjúkrun hjá Reykjavíkurborg og segir Lilja Petra að það hafi verið lítil reynsla hjá starfsfólkinu af notkun sérhæfðs hlífðarbúnaðar eins og þurfti til að sinna smituðum einstaklingum og fólki í sóttkví og einangrun. Þekking á notkun hlífðarbúnaðar á öðrum starfsstöðum sviðsins, t.d. íbúðakjörnum með sólarhringsþjónustu, hafi eðlilega verið enn minni.

„Þau höfðu auðvitað litla þekkingu á notkun svona hlífðarbúnaðar. Fólk gat verið hrætt við að fara heim eftir að hafa sinnt smituðum í hlífðarbúnaði. Við Ólafía vorum því í því að veita stuðning og almennar leiðbeiningar. Þegar smit voru í gangi heyrði ég stundum í fólki mörgum sinnum á dag.

Ég heyri hins vegar lítið í fólki í dag þar sem fólk er orðið miklu öruggara varðandi þetta núna. Það eru mjög flottir stjórnendur hérna á sviðinu sem bera mikla væntumþykju og ábyrgð gagnvart sínum skjólstæðingum og starfsfólki. Það hefur verið alveg aðdáunarvert að kynna því að það er valinn maður í hverju rúmi. Við erum verulega heppin hvað það varðar.

Mér fannst stundum vanta meiri skilning á því hjá sóttvarnaryfirvöldum og Landlækni hversu mikla og þunga þjónustu velferðarsvið veitir. Ég varð vör við það í mínu starfi að það kom mörgum beinlínis á óvart hversu þungir einstaklingar eru í þjónustu hjá sviðinu. Ég verð samt að segja að t.d. forráðamenn heilsugæslunnar voru tiltölulega fljótir að átta sig á stöðunni og í dag finnst mér vaxandi skilningur á þeirri velferðarþjónustu sem við veitum.

Sóttvarnateymið vann nauðsynlegar leiðbeiningar

Lilja Petra segir að heimahjúkrun leggi ávallt mikið kapp á að veita gæðarþjónustu.

„Við þjónustum fólk á öllum aldri þó aldrei séu í meirihluta. Það er mjög misjafnt hvað fólk er með mikla þjónustu, alveg frá því að fá eina til tvær heimsóknir í mánuði og upp í að fá heimsóknir sex til átta sinnum á dag. Heimahjúkrun er sólarhringsþjónusta og sinnum við m.a. næturvakt á öllu höfuðborgarsvæðinu. Nú er verið að efla heimahjúkrunina með SELMU sem er sérhæft teymi hjúkrunarfræðinga og lækna. Það á m.a. að létta álagi af bráðamóttökunni. Okkur hefur alltaf vantað aðkomu lækna að heimahjúkrun til að geta komið í veg fyrir að fólk þurfi að leita t.d. á bráðamóttökuna. Þetta gefur okkur líka tækifæri til þess að grípa fyrir inn í veikindi okkar fólks.“

Lilja Petra segir að í faraldrinum hafi starfsfólk heimahjúkrunar verið í viðbragðsstöðu fyrir Landspítalann. „Við héldum jafnvel að við þyrftum sérteymi sem færi í að sinna COVID sjúklingum allan daginn en það fór þó aldrei svo.“



Sóttvarnarteymið vann einnig að handbókum með almannavörnum með leiðbeiningum fyrir starfsstöðvar velferðarsviðs ef upp kæmu smit og fóru þær inn á heimasíðu þeirra. Þeim var einnig dreift til sveitarfélaga um allt land í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga.

„Við munum alltaf búa að þessu,“ segir Lilja Petra.

Þegar viðtalið fór fram í nóvember 2021 var farið að slakna á grímuskyldunni. Lilja Petra hefði viljað halda að einhverju leyti í grímuskylduna þar sem grímurnar minntu á sóttvarnirnar. „Núna sér maður bara alla ganga fram hjá sprittbrúsunum.“

Dáðist að starfsfólki sviðsins

Hún kveðst hafa dáðst að starfsfólki sviðsins sem þurfti að vinna með grímur allan daginn, t.d. á starfsstöðum fyrir fatlað fólk og fleiri stöðum. „Í sumum tilfellum var það mjög íþyngjandi fyrir íbúana að sjá starfsfólkið með grímur. En það skilaði hins vegar miklu fyrir sóttvarnirnar að hafa grímurnar.“

Hún segir að birgðastaða hlífðarbúnaðar hafi ekki verið ásættanleg til að byrja með.

„Við áttum einhverjar birgðir af hlífðarbúnaði en t.d. ekki veirumaska með ventli. Við áttum þá ekki og fengum ekki eins mikið og við vildum til að byrja með og þurftum að spara sumt af þessu. Ég hefði viljað eiga stærri stafla af þessum sérhæfða búnaði.“

Til að byrja með voru kassarnir með bláu grímunum ekki til. Sem betur fer kom það ekki að sök.“

Lilja Petra segir að allt samstarf sem hún átti við utanaðkomandi hafi verið til fyrirmyndar.

„Ég fór á marga samstarfsfundi sem voru mjög góðir og skiluðu sínu. Það þarf alltaf að taka með í reikninginn að allir voru að glíma við gríðarmikið álag á þessum tíma, t.d. rakningateymið. Við gátum aðeins létt undir þar og greitt úr hlutum. Það skilaði sér tvímælalaust að allir hjálpuðust að.“

7.5 „Petta var mjög krefjandi tími.“

Tinna Sigurðardóttir og Margrét Baldvinsdóttir, hjúkrunarfræðingar og teymisstjórar hjá heimaþjónustu Reykjavíkurborgar. Viðtal tekið 16. nóvember 2021 í þjónustumiðstöðinni í Efstaleiti.

Þær Tinna og Margrét eru báðar menntaðar hjúkrunarfræðingar og teymisstjórar hjá heimaþjónustu velferðarsviðs.

Starfið er þannig skipulagt að hvert teymi þjónustar ákveðið svæði í borginni.

Margrét hefur unnið hjá borginni í tvö og hálf ár. Hún er með um 60 skjólstæðinga á sinni könnu sem margir hverjir eiga við geðrænan vanda að etja. Margrét er m.a. Hátúnið og hluta af Sóltúni í þjónustu.

Tinna hefur unnið hjá borginni síðan 2017 og hefur verið teymisstjóri í tvö ár. Hún sinnir þjónustuíbúðum eldri borgara í Mörkinni, Vogum og Sundum og er með 53 einstaklinga í þjónustu.

Engin smit hjá þjónustunotendum í fyrstu bylgju

Allur gangur er á því hversu mikla þjónustu hver og einn skjólstæðingur þarf. Sumir fá fjórar til fimm vitjanir á dag, aðrir eina til tvær á viku.

Þegar heimsfaraldur kórónuveiru hófst snemma árs 2020 segja þær að alls konar viðbragð hafi farið í gang hjá velferðarsviði til að bregðast við faraldrinum, t.d. hafi verið leigður bíll sem átti að fara á milli þar sem hjúkrunarteymi gætu skipt um smitvarnarbúnað.

Engin smit komu hins vegar upp á meðal skjólstæðinga í heimaþjónustu borgarinnar í fyrstu bylgju COVID-19 og því var bíllinn aldrei nýttur. Hugmyndin að úrræðinu var þó góð að þeirra sögn.

Þær segjast báðar hafa fundið vel fyrir óöryggi starfsfólksins fyrst í stað. Það hafi hins vegar skapað ákveðna hugarró að finna að það var unnið eftir mjög ákveðnu skipulagi.



7.5 Tinna Sigurðardóttir og Margrét Baldvinsdóttir þurftu að takast á við ýmsar áskoranir í faraldrinum. Mynd: Úr einkasafni.

Vitjanir til aldraðs fólks sem var smitað

Það var ekki fyrr en þriðja bylgja COVID-19 haustið og veturinn 2020 gekk yfir að bera fór á smitum í þeim viðkvæma hópi sem skjólstæðingar heimaþjónustunnar eru. Þær fóru þá báðar í vitjanir til smitaðra einstaklinga þegar hópsmit kom upp í Hvassaleiti þar sem eru þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Þar voru m.a. þrjár eldri konur sem smituðust. „Við vorum ánægðar að geta hjálpað þeim að vera heima í nokkra daga þrátt fyrir að þær þyrftu á spítalavist að halda á endanum. Þær náðu sér sem betur fer af veikindunum.“

Margrét og Tinna þurftu þurftu að klæðast sóttvarnarbúningum frá toppi til táar og vera með sóttvarnargleraugu og hjálma við vinnu sína á meðan þær sinntu COVID-19 sjúklingum. Þær segja að hjúkrunin hafi mest falist í eftirliti. Mæld voru lífsmörk, hiti, blóðþrýstingur og púls. Lystarleysi og niðurgangur var algengt og því mikil hætta á ofþornun og næringarskort.

Á meðan þetta ástand varði voru þær í stöðugu sambandi við COVID-19 deildina á Landspítalanum sem gaf ráðleggingar um umönnun og tók ákvörðun um hvenær komið væri að spítalainnlögn.



„Þetta var mjög krefjandi tími. Það var erfitt að vinna í hlífðarbúningunum, rosalega heitt og maður fann svitann leka niður. Síðan þurfti að hafa mjög ákveðna rútinu þegar maður klæddi sig í og úr búnaðinum.“

Heppni réði því að þessi smit sem komu upp í þjónustuíbúðum í Hvassaleiti voru nærri þjónustumiðstöðinni í Efstaleiti. Útbúinn var kassi með búnaðinum og útvegað herbergi í húsinu þar sem þær gátu skipt um föt og klæðst sóttvarnarbúnaði. „Við vorum alltaf tvær, ein fór inn og önnur beið úti. Í einu tilfelli þurftu þær báðar að fara inn til skjólstæðings þar sem aðstæður kröfðust þess.“

Þurftu báðar á handleiðslu að halda

Eftir þennan tíma þurftu þær báðar á handleiðslu að halda og fengu hana hjá sálfræðingi á velferðarsviði. Þær segja báðar að það hafi hjálpað mjög mikið að fá slíka aðstoð.

Margrét: „Ég var nýbúin að missa pabba minn og kom síðan beint í þetta. Þetta var mikið andlegt álag.“

Þær segja að í sumum tilfellum þar sem fólk lenti í sóttkví hafi aðstandendur einfaldlega flutt inn til að sjá um viðkomandi. Heimaþjónusta við fólk í sóttkví þurfti einnig að fara fram í fullum sóttvarnbúnaði þar sem hætta var á smitum.

Þær segja að smit hafi komið upp víða í dagvistunarúrræðum eldri borgara, t.d. Múlabæ, Friðuhúsi, og Sléttuvegi þannig að margir lentu í sóttkví.

„Við gátum sem betur fer stýtt sóttkví hjá sumum með því að taka sýni hjá öllum.“

Þær eru sammála um að þriðja bylgja COVID-19 hafi verið þyngst varðandi þjónustuveitingu heimaþjónustunnar.

„Á tímabili var um helmingur þeirra einstaklinga sem lést okkar fólk, sem smitaðist á Landakoti. Það var einhver umræða um það hvort við gætum tekið á móti COVID-19 smituðum af Landakoti en það kom aldrei til þess.“

Erfitt að vinna heima

Heimavinna teymisstjóra var einnig aukið álag þar sem börnin voru einnig heima og því aðstæður frekar krefjandi. „Ég bý við þannig aðstæður að ég gat ekki tekið erfið símtöl með alla heima við,“ segir Margrét sem var með ungmenni heima en var sjálf í vinnu á heimilinu.

Tinna: „Ég er með einn þriggja ára og fékk því sjaldnast almennilegan vinnufrið.“

Heimavinnan reyndist þeim því erfið og þær segja að allir hafi orðið glaðir þegar teymisstjórnarnir gátu farið að hittast aftur.

Var meira um veikindi í starfsliðinu en vanalega á meðan bylgjurnar gengu yfir?

Tinna: „Mín upplifun er sú að það hafi ekki verið. Hins vegar vorum við með óstöðuga hjúkrunarfræðingamönnun þegar kom að vitjunum. Ef starfsfólk í vitjunum er ekki til staðar þurfa teymisstjórnar að fara í vitjanirnar ofan á allt annað sem þeir sinna.“

Er mikil starfsmannavelta hjá ykkur?

Tinna: „Það er alltaf ákveðinn kjarni en svo einhver velta eins og gengur og gerist. Það hefur verið svolítið um það að fólk brenni út í starfi vegna ástandsins. Á tímabili fórum við flestar í handleiðslu.“

Þær segja að þrátt fyrir allt hafi vinnan gengið ótrúlega vel. Aðspurð um skjólstæðinga sína með flókin vandamál segir Margrét að á tímabili hafi hún óttast mjög að COVID-19 smit kæmi upp á meðal þessa hóps.

„Það slapp sem betur fer. Fólk einangraði sig meira. Ég þekki dæmi þess að skjólstæðingar hafi ekki farið út í tvö ár vegna hræðslu við að smitast. Þetta gat stundum verið svolítið skrautlegt. Í vitjunum mætti maður fólki með grímurnar alls konar á sér og ekki endilega alveg fyrir vitunum,“ segir Margrét.

Álagið jókst þegar bólusetningar hófust

Þær segja að álagið hafi aukist mikið þegar bólusetningar hófust. Heimahjúkrun sá þá um bólusetningar sinna skjólstæðinga í heimaþjónustu sem gátu ekki farið að heiman til að láta bólusetja sig. Þessar bólusetningavitjanir bættust ofan á allar aðrar vitjanir heimahjúkrunar auk þess að halda þurfti skrá yfir þá sem fengið höfðu bólusetningu. Auk þess þurfti að gæta þess að skjólstæðingar fengju einnig seinni sprautuna líka.

„Ég þurfti m.a. að fara inn á sjúkrahús og sprauta einn skjólstæðing sem átti að fá síðari sprautuna,“ segir Tinna.

Þær segja að einnig hafi álag aukist á þjónustu heimahjúkrunar vegna þrýstings frá skjólstæðingum sem vildi fá bólusetningu heima en gat auðveldlega farið sjálft á staðinn.

Á þessum tíma var mönnun heldur ekki alveg nógu góð að þeirra sögn. „Þannig að það mátti ekki mikið út af bregða og það kom alltaf eitthvað nýtt upp sem þurfti að sinna.“

Þær segja einnig að það sem hafi reynst sérstaklega erfitt við COVID-19 sé hið viðvarandi óvissuástand. Þær hafi ekki frekar en aðrir vitað hvernig faraldurinn myndi enda. Þær lýsa þessu tímabili sem kaótísku og að það hafi einkennst af mikill óvissu.

Starfsfólkið smitaðist ekki

Var bætt í starfsliðið?

Að sögn þeirra var bætt í starfsliðið á tímabili en svo versnaði mönnunarástandið aftur.

„Þetta kemur svona í tímabilum hjá okkur. Þetta hefur verið viðunandi að undanfögnu,“ segir Margrét.

Vinnufyrirkomulagið var þannig að vöktum starfsfólksins var tímaskipt. Raðað var þannig á vaktirnar að fólk hittist ekki. Þær vilja meina að fólk hafi engu að síður hist fyrir tilviljun í vitjunum.

„Það komu samt engin smit upp hjá okkur. Fólk passaði sig mjög mikið. Maður hitti ekki neinn að óþörfu. Var bara alltaf í sinni jólakúlu. Ég fann t.d. að ég passaði mig betur og meira en vinkonur mínar,“ segir Margrét.

En hvað hefði gerst ef mikið hefði verið um smit og algjört krísuástand skapast?

„Við eigum óveðursplan sem við hefðum getað nýtt. Þá er forgangsraðað stíft og öllum vitjunum sleppt sem teljast ekki brýnar. Þá er einnig athugað hvort aðstandendur geta tekið við og haft samband við fólk í gegnum síma ef það er hægt.“

Þær segja að sem betur fer hafi ekki reynt á þetta skipulag. Þær segjast heldur ekki hafa fundið fyrir því að búnaður væri af skornum skammti. Hver eining af sóttvarnargalla var aðeins notuð einu sinni, þar með talin gleraugu og hjálmur.

7.6 „Klæddu sig úr sóttvarnarbúningum úti“

Hvernig brugðist var við smiti í íbúðakjarna fyrir fatlaða karlmenn að Barðastöðum sem upp kom 15. september 2020.

Viðtöl við Hönnu Kristínu Sigurðardóttur forstöðumann og Ásdísi Gunnarsdóttur teymisstjóra á Barðastöðum.

Hanna Kristín Sigurðardóttir er forstöðumaður íbúðakjarnans á Barðastöðum. Viðtalið fór fram á skrifstofu hennar á Barðastöðum 8. nóvember 2021. Einnig var rætt við Ásdísi Gunnarsdóttur teymisstjóra í íbúðakjarnanum.

Hanna Kristín er menntaður þroskaþjálfari og tók við forstöðu íbúðakjarnans árið 2015. Heimilið hefur starfað frá 2002. Að sögn Hönnu Kristínar eru íbúðirnar ekki mjög stórar en á undanförunum árum hefur starfið miðað að því aðgreina sem flesta þætti þjónustunnar þannig að íbúarnir geti lifað sem sjálfstæðustu lífi.

Barðastaðir eru íbúðakjarni sex einhverfra karlmannna sem þurfa mikla aðstoð en þeir eru allir í kringum þrítugt. Starfsfólkið er um 40 talsins og eru 35 af því fast starfsfólk en aðrir í lægra starfshlutfalli eða tímavinnu.



„Þetta er ótrúlega góður hópur og margir með langa starfsreynslu. Helmingur starfsfólksins er með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Það skilar sér í stöðugleika sem er nauðsynlegur í svona starfi og skapar íbúunum meira öryggi gagnvart öllu verklagi.“

Um miðjan september 2020, nánar tiltekið þann 15., kom upp COVID-19 smit meðal starfsfólks á tveimur íbúðakjörnum/sambýlum í Reykjavík samtímis. Annars vegar í Jöklaseli og hins vegar á Barðastöðum. Svo óheppilega vildi til að smitin tengdust vegna skyldleika starfsmanna á báðum stöðum. Þetta var í upphafi þriðju bylgju faraldursins sem hófst haustið 2020.

Að sögn Hönnu Kristínar er skipulagið í Jöklaseli nokkuð frábrugðið því sem er á Barðastöðum. Í Jöklaseli eru stærri íbúðir og eiginlega engin sameiginleg þjónusta.

Smituðust líklega í eldhúsinu

Á þessum tíma var búið að slaka talsvert á sóttvörnum alls staðar eftir rólegt sumar. Hanna Kristín hafði látið loka eldhúsinu í fyrri bylgjunni en var búin að opna það aftur. „Þetta gerist eiginlega á fyrsta degi nýrrar bylgju. Það sem felldi okkur var að allir fóru inn í eldhús og náðu sér í kvöldmat.“

11 starfsmenn á Barðastöðum smituðust og tveir íbúar. Starfsmennirnir voru í einangrun heima. Íbúarnir lentu í sóttkví.

„Það voru átta á þessari kvöldvakt. Ég hitti þann sem smitaði hér í dyrunum en um kvöldið var hann orðinn slappur. Af þessari kvöldvakt smituðust sex.“

Ég er með þrjú pör í vinnu og út frá einu smitanna smitaðist maki einnig. Þetta var svona vika þar sem fólk greindist koll af kalli með COVID-19.

Ég var sjálf í sóttkví hérna inni á skrifstofunni og mátti því ekki nota neitt salerni hérna. Það gat verið erfitt. Svo var mér færður matur hingað inn eftir þörfum. Fyrsta daginn var ég hér bara á fullu allan daginn í báðum símunum samtímis en neyddist að lokum til að fara heim á klósettið. Þetta var alveg súrrealískt ástand.“

Hún segir að mesta áskorunin hafi verið að kenna starfsfólkinu að vinna í sóttvarnarbúningum því það var ekki mikil reynsla á sviðinu af því að vinna í slíkum hlífðarfatnaði. Vegna þess að hún var sjálf í sóttkví gat hún ekki fylgst með því hvort starfsfólkið væri að gera hlutina rétt.

Fóru með íbúa í sumarbústaði

Hanna kveðst hafa verið í miklum samskiptum við Þroskahjálp sem útvegaði þeim aukahúsnæði til að leysa málin.

„Eftir að seinni íbúinn smitaðist fengum við lánað einbýlishús í Melgerði sem Þroskahjálp á. Það munaði miklu því okkar íbúar eiga mjög erfitt með að vera í þröngu húsnæði.“

Þroskahjálp lánaði einnig tvo sumarbústaði til að létta álagi af íbúðakjarnanum en íbúarnir eiga mjög erfitt með að vera lokaðir inni í íbúðum sínum fötlunar sinnar vegna. Tveir íbúar fóru í sóttkví í bústaðina og með þeim fylgdu þrír starfsmenn á hvorn stað sem voru í sóttkví. Fengin var undanþága til að hafa starfsmenn í vinnusóttkví – svokallaðri sóttkví B. Enginn veiktist í vinnusóttkvínni.

„Það var nokkuð flókið að sinna COVID-19 smituðum hér á staðnum. Við fengum því lánaðar sumarbúðirnar í Reykjadal fyrir þá íbúa sem voru hvorki í einangrun né sóttkví. Hér var samt einn íbúi í einangrun allan tímann.“

Við fórum með annan íbúa líka í sumarbústað til að minnka álagið hér á staðnum og auka tilbreytingu í flóknum aðstæðum.“

Misskilningur varðandi sóttvarnabúnað

Prátt fyrir þessar varúðarráðstafanir sem gengu fullkomlega upp var hættan ekki liðin hjá.

„Svo gerðist það að starfsmaður smitaðist sem hafði verið að sinna þessum smitaða hér. Við vitum ekki alveg hvernig það gerðist en við höldum jafnvel að hann hafi smitast af gleraugunum sem okkur var sagt að þyrfti að endurnýta á þessum tíma sem reyndist síðan rangt því það bauð upp á smithættu.“

Hanna Kristin segir að misskilningur varðandi þessa endurnýtingu á hlífðarfatnaðinum hafi komið upp í byrjun og verið bagalegur.

„Það var þarna einhver misskilningur um að við þyrftum að spara búningana og jafnvel endurnýta þá sem var alveg vonlaust verk, sérstaklega fyrir okkar fólk sem hafði ekki fengið neina þjálfun í notkun þeirra. Þetta var svona aukastress sem mér finnst við hefðum ekki átt að þurfa að upplifa.“

Síðan fengum við þau skilaboð að við ættum að endurnýta andlitsgrímurnar. Seinna sátum við á fundi með hjúkrunarfræðingi sem sagði að það ætti alls ekki að endurnýta þær. Eftir á að hyggja finnst mér þetta óþægilegast því það hefði getað farið verr.“

Reyndu að komast hjá óþarfa nauðung

Til að bregðast við ástandinu fékk Hanna Kristín liðsauka frá fyrrum starfsfólki og fólki sem hafði sinnt tímavinnu á íbúðakjarnanum. Ekki reyndist nauðsynlegt að kalla inn starfsfólk úr bakvarðasveit en það hefði jafnvel aukið flækjustigið þar sem íbúarnir eru óvanir ókunnugum.

„Hugsun okkar var alltaf sú að komast hjá því að beita fólk óþarfa nauðung. Sumir einstaklingarnir okkar eru þannig að það getur verið flókið að stoppa þá af í svona aðstæðum. Þeir fara sínu fram og skilja ekki hvers vegna þeir eru í ákveðnum aðstæðum. Það flækta einnig málin að önnur þjónusta lokaði einnig eins og Gylfaflöt, starfsstaður fatlaðs fólks þar sem tveir af íbúnum okkar eru líka. Það voru því margir hlutir sem þurftu að ganga upp. Flækjustigið var mjög hátt og það þurfti að skipta starfsmannahópnum upp. Hluti vann í búningum en aðrir ekki. Við þurftum t.d. að finna út úr því hversu lengi fólk gat unnið í búningum og komumst að því að það voru í mesta lagi tvær klukkustundir. Síðan þurfti að tryggja aðföng og sóttvarnir á þremur til fjórum stöðum í einu. Í þessu húsnæði hér [á Barðastöðum] eru engin millirými eins og á spítala þar sem starfsfólk getur farið í og úr hlífðarbúningum. Við settum upp stöð á ganginum þar sem starfsfólkið fór í búningana. Þegar það var búið að vinna fór starfsfólkið út um svalahurðina og þurfti að klæða sig úr úti, jafnvel í ógeðslegu veðri því þarna voru haustlægðirnar byrjaðar að ganga yfir. Þegar við vorum eiginlega búin að tæma húsið af fólki gátum við síðan notað herbergið þar sem heiti potturinn er til að skipta um búning. Það var talsvert betra“.

Erfitt vinna með sóttvarnglæraugu

Ásdís Gunnarsdóttir, teymisstjóri í íbúðakjarnanum að Barðastöðum, tekur undir þetta. Hún vann sjálf í búningi allan tímann en ástandið varði í þrjár vikur frá því fyrsta smitið uppgötvaðist.

Ásdís hefur unnið á Barðastöðum jafnlengi og Hanna Kristín eða frá 2015.

Hér er lýsing hennar á vinnuaðstæðum: „Erfiðast við þennan tíma var að vinna í búningi allan tímann. Glæraugun voru sérstaklega erfið því það var sárt að hafa þau á sér og maður var með far eftir þau. Þá sá maður ekkert fyrir móðu sem var einnig erfitt. Það var miklu betra þegar við fengum hjálmana sem eru miklu þægilegri búnaður en glæraugun. Búningarnir voru líka alveg lokaðir þannig að maður svitnaði mikið í þeim. Aðstaðan var heldur ekki merkileg því við þurftum að klæða okkur úr búningunum úti. Það tók mann stundum alveg tvo tíma að ná hlýju í kroppinn eftir það og svo var komið að því að fara aftur í sóttvarnbúning. Ég vildi ekki vera hjúkrunarfræðingur og þurfa að vinna í svona búningi alltaf. Þetta reyndi talsvert á mann.“

Mikil ábyrgðartilfinning starfsfólks

Hanna segir að það hafi bjargað miklu hversu sterkur starfsmannahópurinn sé.

„Starfsfólkið hérna hefur ofboðslega mikla ábyrgðartilfinningu gagnvart íbúunum. Þau litu þannig á að íbúarnir væru að upplifa mikið óöryggi í þessum aðstæðum og vildu gera allt sem í þeirra valdi stóð til að draga úr því. Á þeim tíma þegar þetta gekk yfir voru allir með. Vaktaplanið hjá okkur fór út um gluggann. En til marks um það hversu viljugt fólk var að hjálpa til þá hringdi sumt starfsfólkið sem vinnur tímavinnu hérna í mig og spurði: Hvenær þarftu mig? Við þurfum bara að leysa þetta. Fólk losaði sig jafnvel úr námi. Við áttum samstarf við Háskólann um að skólafólkið gæti komið inn og fengi lengri skilafresti til að skila inn verkefnum svo þau gætu verið hér og hjálpað til. Á tímabili varð smá titringur meðal starfsfólksins út af því að það voru fleiri í sóttkví en þeir sem voru að vinna. Sumir unnu í sóttkví en aðrir voru bara heima.“

Íbúar viðkvæmir fyrir nýju starfsfólki

Hanna segir að íbúarnir á Barðastöðum séu mjög viðkvæmir fyrir nýju starfsfólki. Það taki alltaf tíma að venjast nýju fólki. Þá sé sérstaklega mikilvægt að starfsfólkið þekki íbúana mjög vel við svona aðstæður. Því hafi hún verið fegin því að ekki reyndist þörf á því að kalla til fólk úr bakvarðasveitum til aðstoðar.

„Þessir tveir sem veiktust voru alveg fljótir að átta sig á því hvað væri í gangi. En þeir geta ekki sagt okkur hvað er að. Og því er mikilvægt að starfsfólkið þekki vel inn á þá og skilji

þeirra tjáningu. Læknirinn þurfti síðan að meta það með okkur hvenær fyrsti einkennalaus dagurinn væri, meta hæsi, hita og svoleiðis.“

Hún segir að sýnataka hjá íbúum hafi verið afar flókin í framkvæmd og nauðsynlegt hafi verið að beita ýmsum ráðum til að fá fólk með.

„Það hjálpaði mikið til að það var líka verið að taka sýni hjá starfsmönnum á sama tíma. Þeir fóru fyrst og sýndu íbúnum hvernig þetta færi fram. Þetta gekk upp hjá öllum nema einum íbúa og ég vona að það komi hreinlega ekki til þess að hann þurfi að fara í sýnatöku. Ég verð líka að segja að ég hefði gjarnan viljað fá bólusetningarnar fyrr hjá þessum hópi. Það voru allir teknir á undan okkur. Svo kom loksins að íbúnum en þá var ekki hægt að taka starfsfólkið með. Þegar bólusetningin fór fram lagði einn starfsmaður það á sig að vera sprautaður tvisvar með tómrí sprautu til að sýna íbúum hvernig þetta færi fram. Það hafði tilætluð áhrif.“

Nýttu lausnir sem hentuðu íbúum

Hún kveðst hafa fengið góðan stuðning frá velferðarsviði þegar þessi krísa kom upp.

„Ég var stolt og þakklát borginni fyrir að fá að nýta lausnir sem hentuðu íbúunum best. Það gekk hratt og vel fyrir sig að leysa málin og það var ómetanlegt að finna stuðninginn og fá aðstoð við að komast í gegnum þetta. Það voru allir tilbúnir að hjálpa okkur til að íbúarnir kæmst í gegnum þetta á sem blíðastan hátt án þess að upplifa nauðung. Það er ótrúlega þakkarvert að það var hlustað á þau sjónarmið okkar.“

Hún segir að fjárhagsáætlun starfsstaðarins hafi farið talsvert fram úr áætlun við þessar aðstæður þar sem bæta þurfti við starfsfólki og greiða fyrir yfirvinnu. „Þetta voru ótrúlega margir yfirvinnutímar en það var náttúrulega allt COVID-19 merkt.“

Spurð að því hvaða önnur áhrif COVID-19 hafi haft á starfsemina segir Hanna Kristín að þau hafi stefnt að því að hafa meiri einstaklingsmiðaða þjónustu á Barðastöðum en faraldurinn hafi tafið það ferli þar sem orkan hafi farið í það að halda sjó í ástandinu.

„Mér finnst að það hefðu alveg mátt koma álagsgreiðslur fyrir það fólk sem vann í sóttkví og eins fyrir þá sem þurftu að vinna í búningum.“

En hvernig ætli fólkinu hafi reitt af sem smitaðist af COVID-19?

„Sem betur fer komust allir yfir þetta nokkuð auðveldlega nema einn sem var veikur lengi.“

7.7 „Hefðum unnið veik“

Stefanía Smáradóttir og Ólafur Árni Jónsson. Viðtal tekið 20. desember 2022 í Jöklaseli.

Stefanía Smáradóttir forstöðukona og Ólafur Árni Jónsson teymisstjóri í íbúðarkjarnanum að Jöklaseli 2 glímdu við mjög alvarlega hópsýkingu í lok kórónuveirufaraldursins í janúar og febrúar 2022 þegar nær helmingur starfsfólksins var frá vegna einangrunar og sóttkvíar. Starfsmannahópurinn þótti sýna einstaka þrautseigju við að halda mjög flókinni starfsemi gangandi á þessum tíma. Þau fara hér yfir COVID tímamann í Jöklaseli.



7.7 Ólafur Árni Jónsson og Stefania Smáradóttir.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Íbúðakjarninn að Jöklaseli 2 var tekinn í notkun 2003. Þar búa sex íbúar með einhverfu, konur og karlar á ýmsum aldri, og eru íbúðirnar með sér salerni og eldunaraðstöðu. Að sögn stjórnenda er húsnæðið orðið frekar lúíð enda stendur til að flytja íbúana í nýtt húsnæði sem er í byggingu í Norðlingaholti. Sextíu starfsmenn vinna í Jöklaseli 2 í 33 stöðugildum. Stefania Smáradóttir forstöðukona segir að íbúðakjarninn sé einn af flóknustu starfsstöðum á landinu þar sem fólk með einhverfu býr og fær þjónustu frá velferðarsviði.

Vegna þessa verður íbúðakjarninn alltaf að vera fullmannaður og miðast allar neyðaráætlanir starfsstaðarins við það. Segja má að það sé einn starfsmaður fyrir hvern íbúa að meðaltali. Að sögn stjórnenda íbúðakjarnans eru svokölluð „atvik“ nokkuð algeng þar sem íbúarnir bregðast við umhverfi eða aðstæðum sínum á ýktan hátt, svo sem með ofbeldi gegn starfsfólki. Slík atvik eiga oftast rætur í óöryggi svo það er mikilvægt að gagnkvæmt traust ríki milli starfsfólks og íbúa. Vegna þessara aðstæðna var þjónustan í Jöklaseli ákaflega fallvölt í kórónuveirufaraldrinum en varð að haldast órofin.

Bæði Stefania og Ólafur Árni hafa unnið lengi í Jöklaseli. Hann frá árinu 2013 og hún frá árinu 2015. Stefania varð forstöðukona árið 2019. Hún er þroskaþjálfari að mennt en hann er

menntaður stjórn málafræðingur. Þau segja einstakan starfsanda ríkja í starfsmannahópnum sem hafi m.a. hjálpast að við að finna alls konar lausnir á meðan heimsfaraldurinn gekk yfir en ekki síður þegar starfsemin nánast lagðist á hliðina og yfir helmingur starfsfólksins var í einangrun og sóttkví á sama tíma í upphafi árs 2022, í lok janúar og febrúar. Yfir 30 starfsmanneskjur fengu COVID-19 í þeirri hrinu, þar á meðal Stefanía. Starfsfólk og stjórnendur Jökla­sels sýndu mikla þrautseigju í því að halda starfseminni gangandi í faraldrinum og hugmyndaauðgi við að hafa ofan af fyrir íbúunum þegar allt var meira og minna lokað í samfélaginu og sóttvarna var krafist, m.a. grímuskyldu sem íbúarnir áttu erfitt eða ómögulegt með að gangast undir. Fyrir það fékk starfsmannahópurinn hvatningarverðlaun velferðarráðs 2022. Í tilnefningunni segir m.a.:



„Starfsmannahópurinn í Jökla­seli er í sérflokk. Í baráttunni við COVID-19 steig starfsmannahópur Jökla­sels upp og gott betur en það. Það var ómetanlegt hversu jákvæður, boðinn og búinn hópurinn var í að aðstoða við að manna vaktir, ásamt því að vinna við breyttar, flóknar og krefjandi aðstæður. Án starfsmannahópsins hefði þetta ekki getað gengið upp.“

Íbúðakjarninn var ekki flokkaður í A-flokk út frá sóttvörnum þar sem íbúarnir eru tiltölulega hraustir og enginn var með undirliggjandi sjúkdóm að sögn stjórnendanna tveggja. Íbúðakjarninn var því flokkaður í C-flokk hjá velferðarsviði.

Smit í september 2020

Framan af í faraldrinum komst íbúðakjarninn vel frá COVID-19. Í upphafi þriðju bylgju, um miðjan september 2020, smitaðist hins vegar starfsmaður Jökla­sels af COVID-19 og tengdust smit þar og í íbúðakjarnanum á Barðastöðum þar sem fjölmargir smituðust, bæði starfsmenn og íbúar á sama tíma.

Stefanía Smáradóttir forstöðukona Jökla­sels var í fæðingarorlofi þegar fyrra smitið kom upp. Halldóra Guðmundsdóttir, sem nú er orðin forstöðukona í Konukoti, leysti hana af. Hún tók við Konukoti í nóvember og tók þá Ólafur Árni Jónsson við forstöðumannshlutverki í Jökla­seli.

Þegar smitið kom upp um miðjan september 2020 var Ólafur Árni stjórnandi með Halldóru. Hann segir að ef til vill hafi þau verið heppin að fleiri smituðust ekki í íbúðakjarnanum á þessum tíma.

ÓÁ: „Við náðum einhvern veginn að loka fyrir þetta. Eftir á að hyggja lærðum við ýmislegt. Eiginlega var ótrúlegt að smitið náði ekki að dreifa sér meira. Það átti til dæmis að senda hálfan starfshópinn í sóttkví sem hefði verið mjög erfitt fyrir starfsemina. Forstöðukonan átti samtál við rakningateymið og það endaði með því að það fóru tveir í sóttkví. Þau sýndu okkur mikinn skilning. Við þurfum starfsfólkið okkar hérna og ef við gátum rökstutt það fengum við oft að ráða því hverjir færu í sóttkví og hverjir ekki í gegnum faraldurinn. Þessi starfsmaður sem smitaðist þarna fyrst fór á Irishman Pub. Hún var þar inni líklega í fimm mínútur og allir í hópnum smituðust. Þau sátu meira að segja við sér borð og það var afgreitt á borðin en allir smituðust samt.“

Keyptu sérstaka sóttþreinsunarbýssu

Ólafur Árni segir að ekki hafi verið þörf á því að hólfaskipta starfseminni í þetta sinn en húsnæðið var sóttþreinsað oft á dag. Kaffistofu starfsfólksins var lokað um leið og faraldurinn hófst.

ÓÁ: „Við keyptum sérstaka sóttþreinsunarbýssu sem úðar stanslaust. Það er eiginlega bara gaman að nota þetta tæki. Það var bara sett upp á töflu hver ætti að sjá um að spritta og hvenær. Og allir snertifletir í húsinu voru úðaðir á tveggja tíma fresti.“

Þau segja bæði að óvissan hafi í raun verið erfiðust og biðin eftir því að fá niðurstöður úr sýnatökum hafi reynt talsvert á.

ÓÁ: „Við vissum auðvitað ekki frekar en aðrir hvað við vorum að fara að glíma við. Óvissan fór eiginlega verst í starfsfólkið. Þegar upp kom grunur um smit vissu það allir því ef íbúarnir voru með einhver einkenni fengum við alltaf bíl hingað frá Læknavaktinni til að taka sýni. Íbúar hér gátu ekkert farið þangað í sýnatöku.“

Var ekkert mál að fá Læknavaktina til að koma?

SS: „Nei, við erum mjög ákveðin þegar við hringjum og fáum yfirleitt allt sem við viljum. Við útskýrum ástæðuna vel og þau eru farin að þekkja okkur. Þeir komu bara á COVID bílnum. Stundum þurftum við að taka sýnið og þeir fóru síðan með það. En þá kom upp stress hjá starfsfólkinu.“

ÓÁ: „Það jók stundum stressið hjá starfsfólkinu ef starfsmaður var með einkenni. Það fréttist hratt ef einhver fór í sýnatöku vegna einkenna. En þegar COVID kom hérna inn fyrir alvöru á þessu ári [2022] þá stigu starfsmennirnir upp. Þá virtist þeim líða betur þar sem óvissan var ekki lengur til staðar.“

Sýnataka mjög flókin hjá íbúum

Hvernig gekk að fá að taka sýni hjá íbúunum?

ÓÁ: „Það gat stundum verið mjög flókið að fá að taka sýni en starfsfólkið okkar er mjög úrræðagott. Vegna þess hvernig íbúarnir eru þurftum við stundum sjálf að taka sýnin þegar einhverjir ókunnugir gátu það ekki. Það þurfti að nálgast hvern einstakling á sinn hátt því þau eru mjög ólík.“

Meirihluti starfsmanna í Jöklaseli eru ungir karlmenn. Þeir þurfa að gangast undir frekar langa aðlögun í starfi þar sem teknar eru margar vaktir með reyndum starfsmanni og íbúa sem viðkomandi starfsmaður í þjálfun annast síðan. Þetta er nauðsynlegt því starfsfólkið þarf að þekkja íbúana mjög vel auk þess sem það tekur íbúana nokkurn tíma að aðlagast nýju starfsfólki.

ÓÁ: „Um áramótin 20/21 var einn íbúi fárveikur og fór í sýnatöku. Eðlilega gekk það ekkert mjög hratt fyrir sig að fá niðurstöðurnar á þessum árstíma. Ég var því með hnút í maganum á gamlársgangi og fram eftir nýársdegi. Ég var bara að bíða eftir því að fá að vita hvort ég væri að fara að senda fullt af starfsmönnum í sóttkví. Ég þurfti að láta starfsfólkið vinna með honum með einkenni. Svo beið ég og beið eftir niðurstöðunni.“

Unnu þau þá í búningum á meðan?

ÓÁ: „Þau voru í þeim göllum sem krafist var á þeim tíma, með hanska og grímur. Á þessum tíma var ennþá einhver skortur á sóttvarnbúningum og við fengum þá ekki nema um staðfest smit væri að ræða. Það var auðvitað alltaf verið að þróa staðlana hvernig væri unnið. Sem betur fer greindist þessi einstaklingur ekki með COVID-19 og ég var í algjöru spennufalli seinnipart nýársdags. Það voru nokkur dæmi um að fólk færi í sóttkví á þessum tíma en það greindust ekki smit.“

SS: „Við erum náttúrulega bara með hermannastreitu eftir þennan tíma.“

Mikið unnið á undanþágum

ÓÁ: „Að mörgu leyti var sóttkvíin í raun erfiðari en COVIDið sjálft því biðin var svo erfið. Sóttkví hjá íbúunum hér er svo flókin. Við fengum undanþágur hérna fyrir einstaklinga sem gátu ekki verið inni og þurftu að fá að fara út að hreyfa sig og í bíltúra með starfsmönnum.“

SS: „Þetta var unnið á undanþágum. Við vorum mikið í samráði við rakningateymið og fengum að fara út að ganga með íbúunum þótt þeir væru í sóttkví. Á árinu 2021 héldum við stjarnfræðilega þétt á spilunum þannig að enginn íbúi smitaðist. Starfsmennirnir okkar smituðust hins vegar einn af öðrum og við vorum bara endalaust í smitakningu. Við misstum samt aldrei mjög stóran hluta starfsmannanna út á þessum tíma en samt stundum fimm til sjö starfsmenn í einu.“

ÓÁ: „COVID kom náttúrliga ofan í venjuleg veikindi starfsmanna, veikindi barna og önnur forföll sem koma upp í starfsliðinu. Þetta ár var alveg krefjandi, eiginlega bara martröð stundum að redda fólki á vaktir en einhvern veginn sluppu íbúarnir við smit í fyrstu bylgjunum.“

SS: „Þangað til allt féll í lok janúar á þessu ári. Mér finnst svo langt síðan þótt ekki sé lengra um liðið. Í janúar fengu þrír íbúar COVID-19 en ekki á sama tíma þó.“

ÓÁ: „Þeir smituðust líklega af starfsmönnum.“

SS: „Þegar mest var voru 23 starfsmenn úti vegna COVID-19.“

Og hvað gerðuð þið þá?

SS: „Þá þurftum við að skipta upp húsinu. Í byrjun desember 2021 varð íbúi bráðkvaddur hérna. Við vorum því með tóma íbúð þar sem Ólafur hannaði svona skipti- og sóttþreinsistöð.“

ÓÁ: „Við rákum út iðnaðarmenn sem voru að gera upp íbúðina og sögðum þeim að þeir mættu ekki koma næstu vikurnar. Að mörgu leyti var heppilegt að hjá tveimur íbúum er innangengt frá svölunum og ein íbúðin er með sérinnangang. Við þurftum að loka ganginum hérna og settum upp skilrúm, sturtutjald og sófa fyrir. Þá létum við smíða geymslu hér fyrir enda gangansins.“

Undirmönnun beinlínis hættuleg

SS: „Við gátum sem betur fer haft þetta þannig að öll þjónustan kom að utan. Fólk gekk út og fór inn í íbúðirnar í gegnum svalahurðir.“

Íbúarnir hérna eru einhverfir með mjög flóknar þjónustuparfir og áhættuhegðun. Þau eru með talsverðan skynúrvinnsluvanda (skyntruflanir) þannig að hér kemur upp mikið af atvikum þar sem starfsmenn geta orðið fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi. Það komu til dæmis upp atvik hér þar sem starfsmenn voru að vinna í fullum COVID-19 sóttvarnbúningi og þurftu að taka íbúa niður.“

ÓÁ: „Maður lenti í því að vera inni á kaffistofu og það hringdi öryggisbjalla en þær eru notaðar ef styttist í atvik eða eitthvert ástand. Þá þurfti maður að klæða sig í allan gallann á nokkrum sekúndum og hlaupa til aðstoðar. Mér fannst alveg magnað hvað starfsmenn stigu upp við þessar aðstæður og stóðu sig einstaklega vel. Við létum smíða hérna tvo vegg og hönnuðum skilrúmið hérna þannig að það var búið að skipta öllu upp í fernt og svo nýttist þessi íbúð til að fara í sóttvarnbúninginn en starfsfólk klæddi sig úr búningunum úti við og henti í sérstakar ruslafötur sem við keyptum. Fyrstu dagana var starfsfólkið endalaust að hrynja niður með COVID en við náðum að stoppa í gatið og eftir um viku var starfsfólkið hætt að smitast. Við hringdum út um allt í fyrrverandi starfsmenn en meirihlutinn af þeim var með COVID eða í sóttkví þegar við höfðum samband, en við náðum einhverjum inn.“

SS: „Og þetta kostaði mjög mikið. Þetta var yfirvinna á yfirvinnu ofan. Sumir starfsmenn unnu í sólarhring án hvíldar. Ef fólk var á morgunvakt báðum við það stundum um að taka kvöldvaktina líka.“

Er það ekki hættulegt á svona vinnustað?

ÓÁ: „Það getur verið mjög hættulegt.“

SS: „Það má aldrei vera undirmannað hérna.“

ÓÁ: „Starfsfólkið sá þörfina og ákvað að stíga inn í þetta með okkur.“

Hver íbúi með 10-15 starfsmenn í kringum sig

Pannig að þið hafið ekki þurft að fá bakverði til liðs við ykkur?

ÓÁ: „Við fengum einn bakvörð inn til okkar 2020. Hann var sá eini sem mælt var með að gæti unnið hérna og það endaði reyndar með því að hann varð fastur starfsmaður hérna, mjög góður starfsmaður. Þetta er þannig starfsstaður að bakverðir sem koma hérna inn verða að hafa mikla reynslu, annað er ekki mögulegt.“

SS: „Þegar nýir starfsmenn koma hérna fara þeir í langa og góða aðlögun þar sem þeir vinna með vönu starfsfólki. Þeir vinna margar vaktir með þeim íbúum sem þeir munu vinna með. Starfsfólk hérna vinnur aldrei með öllum íbúum því þau hafa öll miklar sérþarfir sem starfsfólkið þarf að gjörþekkja. Starfsfólkið fær einnig langan bækling sem það verður að lesa um ýmislegt sem tengist starfsemi.“

ÓÁ: „Hver íbúi er með tíu til fimmtán starfsmenn í kringum sig. Það fer svolítið eftir íbúum og hversu viðkvæm þau eru fyrir breytingum. Núna eru t.d. einstaklingar hérna sem eru með mjög fáa með sér af því þau þola illa breytingar. Í grunninn hafa íbúarnir samt vanist því að hafa mjög marga starfsmenn á sínum æviferli því þau fara mjög ung í svona íbúðakjarna. Sumir hafa verið á svona stað frá sjö til átta ára aldri en aðrir frá fjórtán, fimmtán ára aldri.“

Þrjár vikur af algjöru kaosi

Þau segjast vera í góðu sambandi við aðstandendur íbúanna.

SS: „Það er náttúrliga hluti af vinnunni að vera í sambandi við aðstandendur. Og í COVID vorum við að sjálfsögðu í sambandi við aðstandendur en þeir voru ekki hluti af þjónustunni, enda getur ekki hver sem er komið inn í slíkt hlutverk. Það þurfa allir að fylgja sínum hlutverkum, fólk er mamma og pabbi en ekki aðstoðarmenn.“

ÓÁ: „Ef aðstandendur eru til staðar er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að halda góðu sambandi við þá.“

Pannig að þetta hefur verið flókinn janúar og febrúar hjá ykkur á þessu ári?

ÓÁ: „Já, þetta voru svona þrjár vikur af algjöru kaosi sem við gengum í gegnum.“

SS: „Við vorum mjög þreytt eftir þetta og starfsfólkið okkar uppgefið.“

ÓÁ: „Til þess að létta andann aðeins eftir þetta allt saman héldum við í fyrsta skipti okkar eigin árshátíð sem starfsmannafélagið okkar á allan heiðurinn af. Við fengum fyrrverandi starfsmenn til að leysa okkur af hérna til þess að allir gætu mætt og það var gríðarleg þörf komin fyrir það. Ég missti reyndar af árshátíðinni þar sem ég fékk sjálfur COVID þá, nældi mér í það í síðustu vikunni áður en einangrun var hætt.“

SS: „Það kom upp COVID smit hérna hjá starfsmanni um helgina. Núna vil ég bara varla heyra á þetta minnst.“

Óvissan verst í byrjun

ÓÁ: „Í byrjun var óvissan eiginlega verst. Maður var alltaf með einhvern kvíðahnút. En eftir að hafa upplifað þetta kaos hérna í upphafi ársins þá er maður allur annar.“

Aðspurð um það hvort þau hafi fengið nægan stuðning frá velferðarsviði í faraldrinum segja þau svo vera.

SS: „Þau gerðu eins vel og þau gátu. Sem stjórnandi var maður auðvitað hálfgerð eyland að taka hræðilega erfiðar ákvarðanir. Það var samt allt annað núna í janúar heldur en í byrjun. Fólk kunnir meira. Í faraldrinum voru allir stjórnendur í þessari stöðu. Maður gat ekkert komið og aðstoðað. Öll kvöld fóru í smitrakningu og samtöl við starfsmenn og smitrakningateymið. Maður vann dag og nótt, heima eða hér. Auðvitað fengum við stuðning frá velferðarsviði en á endanum þurftum við bara að taka ákvarðanir fljótt um alls konar hluti. Við vorum alveg svolítið í því að gera fyrst og fá heimildir svo. En það var gott að finna að stjórnendur á velferðarsviði þekkjum okkur vel og bera traust til okkar. Það kom fyrir að maður þurfti að fara á miðnætti að sækja einhverja búninga svo allt væri tilbúið fyrir morgundaginn.“

ÓÁ: „Við horfðum eiginlega bara á það að starfsstaðurinn kæmi fyrst, íbúarnir og starfsfólkið. Það sem þurfti að gera var bara gert. En við þekkjum auðvitað stjórnendur íbúðakjarna í öðrum sveitarfélögum og tölum við þá þannig að ég veit að það voru sveitarfélög sem stóðu sig miklu verr en við. Þetta ástand var auðvitað alveg nýtt fyrir öllum.“

Enginn íbúi alvarlega veikur

Varð einhver alvarlega veikur af COVID-19 hjá ykkur?

SS: „Það varð enginn íbúi alvarlega veikur. Þetta var meira eins og slæm flensa. En sumir starfsmenn urðu fárveikir og voru frá í allt að tvo mánuði. Og það er svolítið sorglegt að

segja frá því að það voru þeir sem höfðu neitað bólusetningu. Þau þurftu sem betur fer ekki að leggjast inn á spítala.“

Starfsmenn íbúðakjarnans eru allir íslenskir en þau segja afar mikilvægt að starfsfólkið tali íslensku vegna íbúanna sem tala ekki önnur tungumál.

Að sögn þeirra eru þau í samskiptum við starfsfólk annarra íbúðakjarna sem eru með svipaða starfsemi. Þau segjast ekki hafa heyrt af starfsstöðum sem lentu í jafn alvarlegum vanda og þau gerðu í lok faraldursins.

Leituðu til eldri starfsmanna til að leysa af

ÓÁ: „Það voru einn eða tveir staðir sem ég vissi af að lentu í svipuðu en enginn sem fór alveg á hliðina eins og gerðist hjá okkur. Þetta var líka sérstaklega þungt hjá okkur því við vorum eini staðurinn sem þurfti svona sérhæft starfsfólk. Ég veit að starfsfólk sviðsins var t.d. komið á gólfið á einhverjum öðrum stað sem lenti í mönnunarvanda. Það hefði bara ekki gengið upp hérna. Þess vegna leituðum við til eldri starfsmanna. Við vorum einnig svolítið heppin vegna þess að það var íbúi hérna sem var að fara að flytja í nýtt úrræði í glænýtt húsnæði í Árlandi og hér voru starfsmenn þaðan í aðlögun. Við gátum nýtt starfskrafta þeirra bara til að hafa fólk. Undirbúningur var hafinn að flutningi þessa íbúa í Árland þegar hann fékk COVID hérna og það seinkaði opnun úrræðisins fram í mars. Sem betur fer fyrir okkur því það var búið að ráða þessa starfsmenn og við gátum nýtt þá hérna. Þetta bjargaði okkur bara.“

En hvað gerist ef allir starfsmenn í svona kjarna forfallast í einu?

SS: „Þá þarf gríðarlegt inngríp með nauðung sem er eitthvað sem við vildum alls ekki sjá. Ég tel að við hefðum frekar fengið leyfi til þess að vinna veik því annars hefði bara þurft að fara í það að læsa fólk inni og beita lyfjum. Það var held ég enginn sem vildi bera ábyrgð á því og í raun hefði ég þurft að taka þá ábyrgð á mig. Þannig við vorum tilbúin með pappírana um að við myndum sjálf vinna með COVID með smituðum einstaklingum.“

ÓÁ: „Það var bara það eina sem við hefðum gert. Hitt bara gengur ekki.“

Það er þá eina leiðin til að bjarga hlutunum eða hvað, að vinna smitaður?

ÓÁ: „Já, nema hin leiðin væri valin sem er alveg ótæk. Ég held að allir stjórnendur hérna, við erum forstöðumaður og fjórir teymisstjórar, hefðu mætt og unnið. Við hefðum bara ekki sagt neinum frá því að við værum með COVID til að halda staðnum gangandi.“

Purfa alltaf að vera fullmönnuð

Vitið þið hvað þið gætuð komist af með fáa?

SS: „Nei, það er ekki hægt að segja það. Öryggismönnun hérna er bara full mönnun. Það er aldrei undirmannað hérna. Við tökum bara ekki ábyrgð á því.“

Veistu hvað þú fórst mikið fram úr fjárhagsáætlun fyrir íbúðakjarnann?

SS: „Já, núna í lok árs 2022 er ég komin nokkuð fram úr heimild.“

ÓÁ: „Það var örugglega talsvert meira 2021.“

SS: „Svo eru eftirköstin að koma í ljós. Það er mikil þreyta í mannskapnum og það hafði áhrif fram í maí.“

ÓÁ: „COVID hafði líka þau áhrif að það varð erfiðara að ráða inn mannskap. Það sótti bara enginn um. Við vorum til dæmis mjög undirmönnuð í sumar vegna þess að við gátum ekki ráðið í stöðurnar. Og líka sumarið á undan því enginn skipti um starf í faraldrinum. Við létum það ganga upp. Það var ekki hægt að taka sumarfrí af starfsfólkinu eftir tvö ár af COVID. Starfsfólkið verður að hvílast.“

SS: „Við Óli höfum verið að grínast með að við vonumst til þess að vera sagt upp. Þá fáum við loksins að hvílast.“

Tvö ár sem reyndu gríðarlega á

Eruð þið langþreytt?

ÓÁ: „Ég er reyndar að koma úr tveggja mánaða fæðingarorlofi sem ég hafði gríðarlega þörf fyrir. En þessi tvö ár hafa reynt verulega á. Það er svo margt búið að gerast. Jöklašel er búið að ganga í gegnum ótrúlega hluti, ekki bara COVID.“

Hvað annað?

ÓÁ: „Á tólf mánuðum létust tveir íbúar hérna.“

SS: „Annar varð bráðkvaddur en hinn fékk krabbamein sem tók hann mjög hratt.“

ÓÁ: „Þetta reyndi líka mikið á starfsmennina.“

SS: „Og við erum eiginlega búin að vera með sömu starfsmennina allan tímann.“

ÓÁ: „Það er mikið talað um það að það sé einstakur andi hérna. Þau ná öll svo vel saman, engar hópaskiptingar, heldur eru bara allir vinir sem standa rosalega þétt saman. Ég hef aldrei unnið á svona stað þar sem er svona góður andi. Þannig hefur það verið síðan ég byrjaði hérna.“

SS: „Þetta er mest allt ungt fólk.“

ÓÁ: „Þau lifa svolítið á þessari klikkun sem er á svona vinnustað, því þetta er enginn venjulegur vinnustaður. En við þekkjum starfsfólkið vel og sjáum þegar þau eru orðin þreytt.“

Hvernig lýsir þessi þreyta sér, fleiri veikindadagar eða minni áhugi á starfinu?

SS: „Já, við sjáum fleiri veikindadaga.“

ÓÁ: „Þegar maður hefur þekkt einhvern lengi þá tekur maður alveg eftir svona breytingum. Það er ekki þetta aukahopp eða gleði og meira verið að dæsa. Í faraldrinum þurftum við að lesa í líðan fólksins okkar og jafnvel horfa fram hjá því þegar fólk varð pirrað. Það er alveg pirrandi að þurfa alltaf að vera með grímu, pirrandi að þurfa að vera einn heima, pirrandi að það megi bara tíu koma saman. Þannig að við reyndum bara að sýna mikinn skilning.“

Starfsfólkið passaði sig mjög vel

Passaði starfsfólkið ykkar sig á því að smitast ekki?

SS: „Já, sérstaklega framan af. Þá var geðveikur starfsandi hérna og fólk passaði sig mjög vel og gerði sér vel grein fyrir því hvernig stað það væri að vinna á. Svo náttúrliga leið bara tíminn og fólk er kannski bara ungt og þarf að fá sitt pláss, félagslíf og afþreyingu.“

ÓÁ: „Fyrst héldu allir að þetta yrði bara stutt. Stemningin var frábær: „Við tökum þetta bara á hálfu ári, keyrum þetta í gegn og pössum okkur.“ En svo leið árið og svo voru komin tvö ár af þessu. Samfélagið gafst bara upp. Það var bara þannig.“

Á seinna ári var náttúrliga komin vörn með bólusetningu. Breytti það ekki aðeins dæminu?

ÓÁ: „Jú, flestir hérna fóru í sprautu. En við þurftum að sýna því skilning ef fólk vildi ekki fara í bólusetningu. Það var ekki okkar að neyða fólk í það. Við þurftum líka að sýna skilning gagnvart aðstandendum sem vildu sumir ekki að ákveðnir íbúar hérna fengu sprautu.“

Sumir íbúar mega ekki sjá sprautur

Voru allir íbúarnir bólusettir?

ÓÁ: „Nei, það eru ákveðnir einstaklingar hérna sem mega ekki sjá sprautur og geta ekki farið. Svo voru aðstandendur með mismunandi skoðanir. Ég var í miklum samskiptum við aðstandendur í samstarfi við yfirmenn velferðarsviðs meðan ég var forstöðumaður. Einn aðstandandi vildi til dæmis að hans íbúi fengi Spútnik bóluefnið frá Rússlandi. [Bóluefnið var ekki í boði á Íslandi, innskot höfundar.]. Samskipti við aðstandendur eru alltaf krefjandi partur af starfinu.“

SS: „Þetta endaði þannig að tveir einstaklingar hérna eru óbólusettir fyrir COVID-19. Annar vegna skoðana aðstandenda en hinn vegna þess að það þyrfti að svæfa hann. Sá þriðji fékk bólusetningu vegna þess að hann var svæfður út af öðru.“

ÓÁ: „Þetta var einnig nokkuð flókið vegna þess að ég hefði getað orðað hlutina þannig við suma einstaklingana hérna að þeir hefðu sagt já við bólusetningu. Þau eru ekki svipt sjálfræði. Ég útskýrði þetta fyrir bæði mínum yfirmönnum á velferðarsviði og réttindagæslu fatlaðs fólks og lýsti því yfir að mér þætti það kannski ekki rétt. Ég vildi fá réttindagæslumanninn hérna inn og fá hann frekar til að spyrja. Á endanum held ég að stjórnendur á velferðarsviði hafi gefið sig og leyft aðstandendum að ráða til að lenda ekki í DV. Það er oft sú hótun sem fólk í okkar starfi býr við.“

Flókið að fá upplýsingar úr Heilsuveru

Var vandkvæðum bundið fyrir ykkur að fá niðurstöður úr sýnatökum íbúa úr Heilsuveru?

ÓÁ: „Það er alltaf flókið, ekki bara í faraldrinum. Við höfum ekki aðgang að lyfseðlum eða neinu til að sjá hvað er í gáttinni út af rafrænum skilríkjum. Þetta er alltaf þvítíkur hausverkur. Við gátum hins vegar alltaf hringt í Læknavaktina þar sem þau tóku sýnin fyrir okkur. Þau sögðu okkur niðurstöðurnar.“

SS: „Þegar ég var í fæðingarorlofi fékk ég alltaf símtölin þar sem ég var skráð sem forstöðumaður. Við reyndum að breyta því og þau tóku jákvætt í að fara eftir því en það virtist bara ekki halda. Boðleiðirnar voru svolítið ruglaðar en við létum þetta ganga upp.“

ÓÁ: „Já, við vorum búin að biðja um að hringt yrði í mig þar sem Stefanía var í fæðingarorlofi en þau skilaboð virtust glatast strax. Á nýársdag 2021 var ég að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku íbúa með hnút í maganum. Ég var alltaf að hringja og fékk engin svör. Svo hringdi Stefanía allt í einu í mig og þá hafði verið hringt í hana og hún var komin með niðurstöðurnar úr sýnatökunni.“

SS: „Læknavaktin reyndist okkur samt mjög vel og við fengum alls konar góð ráð frá þeim. Þau vildu allt fyrir okkur gera.“

ÓÁ: „Þau róðu okkur og voru mjög hjálpleg. Við fáum oft nei við okkar beiðnum en við hlustum bara ekkert alltaf á það og höldum áfram að þrýsta á þar til við fáum úrlausn okkar mála. Til dæmis eru ákveðnar reglur á bráðamóttökunni sem gilda ekkert alltaf um okkar fólk og við þurfum oft að útskýra og biðja þau um að fara í sjúkrasögu viðkomandi til að sjá hvað á við. Við erum farin að fá mjög góða þjónustu þar.“

Lyfjafræðingar með enga menntun

Þið eruð náttúrulega að vinna við mjög sérstakar aðstæður.

ÓÁ: „Já, og þetta eru aðstæður sem langflest heilbrigðisstarfsfólk þekkir ekki og hefur takmarkaðan skilning á. Sumt hefur það aldrei séð, til dæmis lyfjagjöf til þessara einstaklinga og lyfjapol sumra í þessum hópi.“

SS: „Við höfum alveg þurft að veita hjúkrunarfræðingum á bráðamóttökunni ráðgjöf varðandi lyfjagjöf fyrir íbúana okkar.“

ÓÁ: „Já, við erum lyfjafræðingar með enga menntun.“

Af hverju?

SS: „Vegna þess að við þekkjum einstaklingana okkar vel og erum með lyfjasöguna þeirra á hreinu.“

ÓÁ: „Við þekkjum lyfjanotkunina og söguna. Fólkið okkar er búið að vera hérna lengi. Hér ætti auðvitað að vera starfandi hjúkrunarfræðingur en af einhverjum ástæðum er það ekki. Sá tími gæti komið að einhver fái það í bakið. Lyfjagjöf hér er nefnilega galin án þess að hún fari í gegnum hjúkrunarfræðing. Eldri einstaklingar sem búa í íbúðakjörnum taka gríðarlegt magn af lyfjum daglega. Það er vegna þess að fyrir þrjátíu árum tíðkaðist það einfaldlega að lyfja fólk upp. Eldra fólkið getur ekki hætt á þessum lyfjum. Þetta eru alls konar kokteilar. Við fáum ekki geðlækna hér inn því þeir þora ekki að snerta við þessu. Þó er jákvætt að yngra fólkið sem býr hér er ekki svona því nú eru komnar betri leiðir og þekking. Þetta er bara einn höfuðverkurinn sem við glímum við. Því miður er of stutt síðan vinnubrögðin voru skrýtin á þessu sviði.“

Hvernig líður dagur einstaklings sem býr hérna?

SS: „Það fer eftir íbúum. Sumir eru í vinnu- og virknimiðuðum úrræðum hjá Ópus, Gylfaflöt og lðjubergi. Aðrir eru ekki í vinnu og kæra sig ekki um það. Þeir eru þá bara hér og við reynum að finna eitthvað fyrir þá. Það er alltaf mönnun hérna, við erum alltaf til staðar frá 8 – 11 á kvöldin og svo tveir á næturvakt. Við erum heppin að því leytinu til að íbúarnir okkar sofa vel á næturnar, sem betur fer.“

ÓÁ: „Þegar einhver vaknar þá er betra að séu tveir á vakt því þá getur ýmislegt verið í gangi. Ef einn vaknar þá vakna yfirleitt fleiri. Þegar ég byrjaði árið 2013 var bara einn á næturvakt og það gat vægast sagt verið mjög krefjandi. Það var talsverð barátta að fá því breytt. Kannski voru þrír vakandi og tveir af þeim þannig að yfir daginn voru þeir með tvo starfsmenn með sér hvor. Svo var maður allt í einu einn á næturnar. Það tók smá tíma að sannfæra borgina um að það þyrftu að vera tveir. Eftir á sér maður að það var eiginlega alveg galið að sætta sig við að vera einn hér á næturvakt.“

Miklu fleiri vandamál í COVID

COVID bjó til miklu fleiri vandamál en við erum vanalega að eiga við. Hér eru einstaklingar í mikilli rútínu og gera kannski eitthvað ákveðið í hverri viku; fara til dæmis sund á miðvikudögum eða bíó á fimmtudögum. Þetta var auðvitað ekki hægt þegar allt var lokað eða háð takmörkunum sem ekki var hægt að fá okkar fólk til að virða, til dæmis grímuskyldu. Við fundum lausnir á öllu þessu og breyttum til dæmis fimmtudögum í bíódag heima. Viðkomandi var vanur því að fá alltaf ákveðna tegund af súkkulaði, gos og popp. Við fundum þessa hluti, popppoka og bíógosglas til að allt væri sem líkast. Fyrir þann sem vildi fara í sund leituðum við uppi náttúrulaugar. Við fórum til dæmis út í Gróttu í litlu setlaugina þar og það var bara nóg. Einn vildi alltaf fara í Krónuna og kaupa ákveðna tegund af súkkulaði og gos á hverjum degi en gat ekki verið með grímu. Þá var gengið að Krónunni og sagt að hún væri lokuð í dag en gosið og súkkulaðistykkið haft til reiðu. Göngutúrinn var alltaf farinn og viðkomandi fékk nammið sitt. En Krónan var bara lokuð í ár „eða þannig“. Það voru endalaus svona atriði sem við þurftum að leysa. Við prófuðum okkur áfram og vorum heldur ekkert hrædd við mistök. Fyrsta hugmyndin sem maður fær er ekki alltaf sú besta. Eftir á að hyggja var reynslan af COVID frábær því í dag getum við gert allt. Það er bara ekki til vandamál sem við getum ekki leyst. Það hefur reyndar alltaf verið hugarfarið hérna í Jöklalesi.“

7.8 „Mikið happ að hafa hjúkrunarfræðinga á sviðinu“

Berglind Magnúsdóttir. Viðtal tekið 18. nóvember 2021.

Berglind Magnúsdóttir var yfir allri heimaþjónustu borgarinnar þar á meðal heimahjúkrun og var einnig með hjúkrunarheimilin og þjónustuíbúðir á sinni könnu.

Berglind hóf störf hjá Reykjavíkurborg 2009 og segir að fljótlega eftir það hafi hún lent í djúpu lauginni varðandi viðbrögð við heimsfaraldri.



„Þá kom svínaflensufaraldurinn. Við vorum með þriðja stærsta starfsstað hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á landinu. Ég var sett í að vinna viðbragðsáætlun við svínaflensunni. Það var ágætur undirbúningur fyrir þetta ástand núna.“



Berglind segir að vegna þessarar reynslu hafi hún ætíð fylgst vel með farsóttarfréttum í heiminum og hafi m.a. lesið sér vel til um Spænsku veikina sem geisaði 1918 og 1919.

Pegar fyrstu fréttir af þessari nýju kórónuveiru fóru að birtast var hún að vinna að endurskoðun viðbragðsáætlunar velferðarsviðs.

„Ég var þá að vinna með Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur deildarstjóra hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins í því að stofna neyðarstjórn velferðarsviðs en okkur vantaði slíka stjórn meðal annars ef upp kæmi neyðarástand vegna óveðurs eða náttúruhamfara.

Undirbúningur hófst í byrjun janúar

Ég hafði því verið að skoða þessar áætlanir sem til voru. 4. janúar hringi ég Írisi Marelsdóttur, verkefnastjóra sóttvarna hjá Embætti landlæknis, og var þá farin að spá í þessa Kínaplágu. Ég spurði hvort ég ætti að búa til nýja áætlun. Hún sagði að það væri frábært ef ég byrjaði á því. Ég hóf því vinnuna og boðaði til fundar 7. janúar og við bjuggum til áætlun. Við vorum tilbúnar með áætlun fyrir heimahjúkrun og kláruðum að gera allt tilbúið. Í byrjun febrúar lagði ég síðan til að við virkjuðum neyðarstjórnina. 28. febrúar var ég viðstödd opnun hjúkrunarheimilisins á Sléttuvegi ásamt fjölmörgu fólki í velferðarþjónustu. Á sama augnablikinu fóru allir í símann og höfðu þá fengið sama SMS-ið um að fyrsta COVID-19 smitið hefði greinst á Íslandi. Það var alveg magnað. Þá sagði ég einfaldlega við mitt samstarfsfólk. „Ég sagði ykkur þetta. Þetta var á föstudegi og alla þá helgi unnum við að því að skipuleggja og flokka starfsstaðina okkar í A, B, og C flokk eftir áhættu og þyngd þjónustunnar. Við vorum í rauninni á undan öllum öðrum. Við létum forstöðumennina vinna viðbragðsáætlanir fyrir starfsstaðina og fengum áætlanir frá öllum innan viku. Þarna var ég búin að vinna eins og brjálæðingur því ég var að reyna að klára allt því ég var á leiðinni í fjögurra vikna leyfi á Írlandi í byrjun mars því ég átti svo mikið ótekið frí. Svo smitaðist ég af COVID-19 á Írlandi sem var í raun ótrúleg tilviljun og fríð breyttist í fjögurra vikna einangrun inni í herbergi. Sem betur fer smitaði ég engan heima. Ég vann samt á meðan ég var í COVIDinu nema eina viku sem ég var mjög slæm.“

Berglind var lengi að ná sér af veikindunum og þjáðist m.a. af ofþreytu.

Hjúkrunarfræðingar fara ekki á taugum

Hún segir að það hafi auðveldað viðbrögðin við kórónuveirufaraldrinum mikið að hafa hjúkrunarþjónustuna innan vébanda sviðsins.

„Þetta var bara mikið happ fyrir okkur að hafa hjúkrunarfræðinga með okkur í liðinu. Á skrifstofu velferðarsviðs voru að vinna tveir hjúkrunarfræðingar vegna rekstur sviðsins á heimahjúkrun, þær Lilja Petra Ólafsdóttir og Berglind Víðisdóttir. Strax í fyrstu bylgju voru þær settar í að sinna viðbrögðum við COVID-19 og voru í sóttvarnarteymi neyðarstjórnar velferðarsviðs. Hjúkrunarfræðingar eru vanir því að vinna með líf og dauða og fara ekki á

taugum þótt fólk sé mikið veikt eða látist jafnvel. Þeir halda ró sinni og taka yfirvegaðar ákvarðanir í erfiðum aðstæðum. Þarna er munurinn, nám og reynsla sem skiptir sköpum í svona faraldri. Fólk sem er vant því að forgangsraða. Ég ætla ekkert að neita því að það var mikið álag og þær voru þreyttar á eftir en þetta hafðist. Við kviðum því mest að það kæmu upp smit í íbúðakjörnunum fyrir fatlað fólk.“

Heppin að ekki kom upp smit á hjúkrunarheimilum

Berglind segir að þegar þú ert í svona ástandi skiptir mestu að allir vinni vinnuna sína fumlaust og fari ekki á taugum. „Það dó enginn hjá okkur en við vorum rosalega heppin að ekki kom upp smit á hjúkrunarheimilunum í fyrstu bylgjunum. Öll heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustan gekk vel og við héldum henni gangandi. Hefðum við verið í hrædda pakkanum eins og Akureyri sem hætti nánast öllum þrifum og einfaldri aðstoð inni á heimilum þá hefðum við bara lokað.“

Við hættum ekki með neina þjónustu. Fólk vann með grímur og hugsaði um sóttvarnir og hélt þjónustunni gangandi. Við hugsuðum um að verja starfsfólkið og þjónustuna. Við höfum allan tímann gengið lengst allra í því að hafa opið; félagsstarf aldraðra var t.d. lokað á tímabili en opnaði aftur um leið og hægt var. Við höfum alltaf verið sá aðili sem hefur haft minnsta lokun.“

Skoðar hliðarverkanir COVID

Berglind var mjög upptekin við að skoða hugsanlegar hliðarverkanir COVID-19, t.d. einangrun eldri borgara og sjúklinga og telur að nauðsynlegt sé að lágmarka það eins og mögulegt er. „Við vorum ekki alltaf sammála um hlutina, sem var líka mikilvægt, en við reyndum að takmarka þjónustuna eins lítið og mögulegt var. Fólk fékk t.d. að kveðja sína nánustu á hjúkrunarheimilum. Ég var ánægð að Jórunn [Frímannsdóttir forstöðumaður Droplaugarstaða] var á sömu skoðun og ég varðandi þetta. En mesta hættan var að upp kæmi smit á hjúkrunarheimilunum.“

Berglind og Jórunn voru í fimm til sex manna hópi sem fundaði með tengiliðum hjá Embætti landlæknis vikulega. Allar leiðbeiningar varðandi hjúkrunarheimili voru unnar af þessum hópi.

Þegar Berglind er spurð að því hvort þekkingarleysi hafi ríkt hjá Embætti landlæknis og Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu á málefnum fatlaðs fólks og þeirri þjónustu sem velferðarsvið veitti á sviði umönnunar segir hún að þekkingarleysið hafi ekki aðeins verið þar. „Það var alveg eins „frústrasjón“ gagnvart Ráðhúsinu varðandi það hversu fjölbreytt og þung starfsemi velferðarsviðs er. Ég neita því ekki að okkur fannst stundum að það væri takmörkuð þekking á því hvernig þú vinnur í neyðarástandi.“

Berglind er þeirrar skoðunar að neyðarstjórn borgarinnar sé skipuð of mörgum. Betur hefði farið á því í faraldrinum að hafa minni neyðarstjórn um málefni þar sem um líf og dauða var að tefla en funda sjaldnar um minna brýn mál.

Neyðarstjórnir verða að kunna að forgangsraða

„Ef við lendum aftur í svona ástandi þá legg ég til að málum verði skipt upp í neyð og „nice to have“ hluti. Þegar svona plága ríður yfir og um líf og dauða er að tefla þá eru það viðbrögð við vanni sem eru áríðandi.

Við verðum að hafa tilbúna neyðarstjórnir til að eiga við svona plágur. Þær verða að kunna að forgangsraða og gera það sem mestu máli skiptir. Allt hitt getur bara beðið.“

Varðandi ástandið í dag segir Berglind að starfsemin sem heyri undir hana fari eftir þeim reglum sem opinberir aðilar setji um starfsemina. Hver og einn stjórnandi verður að ná í upplýsingar um sína starfsemi og meta hvaða aðgerðir þurfi að ráðast í hverju sinni.

Hún segir að Lilja Petra Ólafsdóttir deildarstjóri heimahjúkrunar hafi í raun bjargað velferðarsviði þar sem hún hafði sem hjúkrunarfræðingur aðgang að Heilsuveru og gat aflað upplýsinga um notendur. Sem dæmi um þetta var vandkvæðum bundið að fá niðurstöður úr sýnatökum íbúa í íbúðakjörnum sem voru ekki með rafræn skilríki.

„Það skipti gríðarmiklu máli fyrir okkur að hafa heimahjúkrunina undir velferðarsviði. Reyndar var öll þróun í heimahjúkrun sett á ís í eitt ár meðan COVID-19 gekk yfir okkur í fyrstu þremur bylgjunum áður en bólusetning hófst. Það var ekki farið eftir kröfulýsingum og engar úttektir gerðar á meðan.“

Reyndi mikið á heimahjúkrunina í bólusetningum

Þá reyndi mikið á heimahjúkrunina í bólusetningunni. Að sögn Berglindar var mikil vinna að bólusetja þá sem voru á forgangslistum. Gerðir voru forgangslistar í góðri samvinnu við heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu sem treysti þeim fyrir þessu.

„Við settumst niður með þeim og ákveðum hvernig við vildum hafa forganginn. En mesta sjokkið sem ég fékk í allri þessari vinnu var hins vegar þegar ég komst að því að búið væri að bólusetja íbúa í öllum kjörnum á höfuðborgarsvæðinu nema hjá okkar. Þarna upplifði ég bara algjört kaos. Þau voru einfaldlega að fá forgang fyrir allt sitt fólk og fóru ekki eftir leikreglum á meðan við sátum eftir. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hin sveitarfélögin sem voru með í þessari vinnu og fannst vanta talsvert upp á samábyrgðina þar,“ segir Berglind.

Að sögn hennar var þetta sérstakt í ljósi þess að velferðarsvið hafði tekið að sér mörg verkefni á meðan faraldurinn var sem verstur sem nýttust öllum. „Ef svona ástand væri uppi í dag myndi ég einfaldlega leggja til að Reykjavíkurborg tæki við stjórn fyrir allt

höfuðborgarsvæðið. Þóra Kristín [Ásgeirsdóttir deildarstjóri hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins] hefði átt að vera með okkur allan tímann og miðla síðan til hinna sveitarfélaganna því sem við vorum að gera. Það skiptir miklu máli í þessu starfi öllu að hafa stuttar boðleiðir. Að geta tekið upp símann og hringt er ómetanlegt,” segir Berglind.

Er eitthvað sem þú myndir gera öðruvísi í dag?

„Ef ég væri að gera þetta allt aftur þá myndi ég hrósa fólkinu mínu meira og koma hrósina vel á framfæri. Ég hefði getað gert betur þar. Starfsfólki stóð sig ofboðslega vel en það er mikil þreyta í því eftir þetta.“

Umhugsunarvert að loka fyrir heimsóknir

Berglind nefnir að verkefnið Símafinir þar sem hringt var í eldri borgara hafi gengið mjög vel. Þá segir hún að skjáheimsóknir í heimaþjónustu sem ætlunin hafi verið að innleiða á sex mánuðum hafi verið innleiddar á þremur vikum vegna COVID-19.

Hún segir að það sé algjört forgangsatriði fyrir velferðarþjónustuna í svona ástandi að halda þjónustunni gangandi og huga að því hvernig mögulegt sé að halda í eins mikil lífsgæði og kostur er á hverjum tíma. Það hafi t.d. verið umhugsunarvert að loka alveg á heimsóknir aðstandenda til eldra fólks á hjúkrunarheimilum þrátt fyrir að aðgerðin hafi tvímælalaust virkað og orðið til þess að færri úr hópi eldri borgara létust úr COVID-19 þegar ekki var til nein bólusetning við veirunni.

„Mitt álit er einfaldlega það að við verðum að hafa lífsgæði fólks í fyrirrúmi. Fólk vill frekar deyja úr COVID-19 en leiðindum.“

7.9 „Það ríkti mikil samstaða á milli íbúa og starfsfólks“

Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen, forstöðumaður Droplaugarstaða. Viðtal tekið 23. nóvember 2021.

Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen hefur verið forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða í rúm fjögur ár. Hún er einnig formaður öldrunarráðs Íslands. Á Droplaugarstöðum eru 81 íbúi og fjögur biðrymi og starfsmenn nærri 170.

Jórunn segir að faraldurinn hafi komið snöggt upp og að ástandið hafi verið algjörlega nýtt fyrir henni og stjórnendum hjúkrunarheimilisins.





„Ég veit ekki hvað varð okkur mest til happs. Eftir á að hyggja held ég að það hafi fyrst og fremst verið trygglyndi starfsfólksins okkar. Það mætti í vinnuna, hélt sig að mestu leyti heima utan vinnutíma og gætti sín vel að smitast ekki og mætti alls ekki ef það var lasið. Þetta var mikilvægast.

Við jukum þrífín og allir snertifletir voru sótthreinsaðir þrisvar á dag. Það kostaði mikið en skilaði sínu.

Við hólfaskiptum einnig heimilinu í tíu einingar. Starfsfólkið hittist ekki milli eininga og borðaði með heimilisfólkinu.

Það komu engin smit upp í fyrstu, annarri og þriðju bylgju; nú í haust [2021] greindist í fyrsta skipti starfsmaður með COVID-19 sem hafði verið að vinna tvo dagana á undan og þurftu tveir íbúar að fara í sóttkví af þeim sökum. Enginn annar, hvorki íbúi né starfsmaður, greindist í tengslum við það smit. En starfsfólk hjá okkur hefur vissulega lent í sóttkví og verið heima meðan beðið er niðurstöðu úr sýnatöku.

Ég held að það hafi fyrst og fremst verið upplýsingagjöf, fræðsla og þekking sem kom okkur í gegnum þetta. Það skipti miklu máli að funda með starfsfólkinu. Við vorum reglulega með streymisfundi á miðvikudögum í hverri viku þar sem við fórum yfir málin. Skilningur starfsfólksins var mikill. Í raun var það lykillinn að þessu. Ef starfsfólkinu hefði verið sama þá hefðum við ekki ráðið við neitt.“

Reyndum að hafa gaman

Jórunn segir að á Droplaugarstöðum sé sterkur og góður kjarni starfsfólks sem skipti miklu máli fyrir starfsemina. „Ég er með marga hérna sem líta á starfsstaðinn sem sína fjölskyldu. Um 40 prósent af starfsfólkinu er af erlendum uppruna. Þetta er fólk af tólf þjóðarbrotum eins og staðan er núna.

Við lögðum mikið upp úr því að ræða um það hvað værum heppin að fá að mæta í vinnuna á tíma þegar flestir voru bara heima. Við náðum svolítið að byggja upp þann mórál.

Svo reyndum við að hafa gaman þrátt fyrir ástandið. Héldum til dæmis danskeppni á milli eininga þar sem íbúar og starfsmenn tóku þátt. Okkur tókst að skapa góða stemningu hérna í fyrstu bylgjunni sem var mikilvægt. Við enduðum með því að dansa hérna úti í garði rétt fyrir jólin í fyrra. [2020]

Þetta var allt gott og blessað. Núna er þetta að verða miklu þyngra, stytting vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólkinu tók mikið á. Sumarið var erfitt og fólk er enn að fóta sig í því hvernig á að glíma við styttinguna. Við fórum að mínu mati allt of bratt inn í sumarið og ég hefði

gjarnan viljað að við hefðum frestað innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar um eitt til tvö ár, í það minnsta þar til COVID er búið.

Vegna styttingarinnar og breytinga á kjarasamningum þurftum við að senda fastafólkið okkar í löng sumarfrí því það verður að taka út frídagana sína. Erlendir starfsmenn vilja margir hverjir safna saman frídögum sínum til að geta tekið löng frí í sínum heimalöndum. Staðan eftir COVID-19 er því erfið.

Lokun fór almennt illa í íbúa

Við höfum hins vegar ekki svo miklar áhyggjur af íbúunum í dag þar sem þeir eru allir bólusettir og fá örvunarskammta. Fólk er hætt að trúá því að þetta verði einhver katastrofa. Við höfum fengið þessar almennu flensuþýkingar hér inn núna sem komu ekki á meðan lokunin varði.

Það var auðvitað frábært að vernda gamla fólkið fyrir COVID-19 en lokun hjúkrunarheimilisins fór almennt illa í íbúana. Hvaða réttlæti er í því þegar maður er kominn á endastöð í lífinu að mega ekki hitta sína nánustu? Hér er margt heilabílað fólk og ég er alls ekki viss um að þetta fólk myndi svara því játandi, þ.e. ef það gæti yfirleitt svarað, að það vilji vera lokað hér inni án þess að fá heimsóknir frá sínum nánustu. Það sem skiptir samt mestu máli þegar maður er orðinn gamall og hrumur að það sé einhver sem sýnir manni hlýju og sér um daglegar þarfir.

Við höfðum allan tímann opið fyrir aðstandendur þegar fólk var orðið mjög veikt og komið í lífslokameðferð. Aðstandendur urðu að fara í slopp og vera með grímu en þeir fengu að koma.

Staðreyndin er sú að það voru miklu færri sem létust en í venjulegu árferði því það komu engar pestir hérna inn.

Við fengum það spjaldtölvur til að búa til facebook síður þannig að íbúarnir gætu séð framan í ástvinu sína, þ.e. þeir sem gátu hagnýtt sér slíka tækni.

Mikil samstaða á milli starfsfólks og íbúa

Það var mikilvægt að styðja vel við starfsfólkið og peppa það upp. Mér fannst frábært að sjá hvað starfsfólkið óx upp í þetta ástand. Það voru allir á sama báti og létu hlutina ganga upp.

Hárgreiðslustofan lokaði hér eins og annars staðar. Þá voru bara keyptar rúllur og hárbílasarar og almennir starfsmenn sáu um hárgreiðslur og lagningar.

Á margan hátt var þetta skemmtilegur tími því það ríkti mikil samstaða á milli íbúa og starfsfólks. Svo var eins og það ríkti miklu meiri ró á heimilinu en þegar aðstandendur eru alltaf að koma og fara.“

En var starfsfólkið óánægt eða kvíðið?

„Ég man eftir tölvupósti frá starfsmanni sem lýsti yfir óánægju yfir því að við værum að leyfa heimsóknir eftir að þær voru leyfðar. Sumir í starfsliðinu voru hræddir við heimsóknir. Það kom einnig upp talsverð óánægja þegar starfsfólkið frétti af því að starfsfólk á öðrum hjúkrunarheimilum hefði fengið 15 – 40 þúsund króna umbun fyrir að hafa staðið sig vel í faraldrinum.

Upplýsingagjöf mikilvæg

ISO vottun hjúkrunarheimilisins og gæðakerfi hjálpaði okkur að uppfæra leiðbeiningar og koma þeim örugglega til starfsfólksins. Þetta er nokkuð flókið hús, tíu einingar. Ég gat til dæmis ekki gengið um húsið og hitt starfsfólkið á þessum tíma. Við vorum með beint streymi í sjónvörpunum á öllum einingum á vaktaskiptum á miðvikudögum þar sem við fórum yfir málin. Svo sendum við út fréttabréf í tölvupósti beint til íbúa, starfsfólksins og aðstandenda.

Við erum með með CCQ kerfi varðandi reglur og leiðbeiningar. Þannig að ef leiðbeiningar eru uppfærðar fær fólk tölvupóst um að breyting hafi verið gerð á t.d. leiðbeiningu. Við getum séð í kerfinu fólk hefur lesið og staðfest lestur. Allir starfsmenn skrifa undir það að þeir vinni í gæðakerfi og því bera þeir talsverða ábyrgð á því að unnið sé eftir þeim stöðlum og leiðbeiningum sem þar eru,” segir Jórunn og bætir því við að allt svona skipulag hjálpi þegar ástand eins og heimsfaraldur kemur upp.

COVID þreyta í starfsfólkinu

Hún segist einnig finna fyrir því að faraldurinn hafi dregið kraftinn úr starfsfólkinu.

„Ég finn núna að það er komin talsverð eftir-COVID þreyta í fólk. Við hefðum þurft að byrja fyrr á því að ná vel utan um starfsfólkið okkar - jafnvel með aukinni sálfræðipjónustu. Við þurfum einhvern veginn að vinna okkur út úr þessu. Peningar skipta ekki öllu máli í því samhengi, en auðvitað kostar allt. Við höfum þurft að fjölga starfsfólki vegna styttingar vinnuvikunnar og það hefur reynst erfitt. Mikilvægast núna er að starfsemin sé vel mönnuð og fólk nái að sinna vinnunni sinni vel. Ég hef þá trú að þá nái fólk smám saman aftur kröftum sínum, gleðinni og vellíðaninni sem er svo mikilvæg. Það er fátt betra en að fara heim úr vinnunni og vita að maður gerði vel og fólkinu sem maður er að hugsa um líður vel. Það gefur öllum orku. En að fara heim með hálfgerð samviskubit af því manni finnst maður ekki ná að klára eða gera nógu vel er slítandi. Ég held því miður að þessi COVID tími hafi gengið mjög nærri fólk og allt of oft var undirmannað vegna veikinda eða sóttkvíar. Vonandi fer að komast ró á ástandið og þjóðfélagið að verða samt aftur og samvera og gleðistundir að aukast.“

7.10 „Eldra fólk passaði sig vel á COVID-19“

Pórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri öldrunarmála hjá velferðarsviði. Viðtal tekið 21. nóvember 2022.

Pórhildur Guðrún Egilsdóttir er félagsráðsgjafi og hefur unnið hjá borginni í 14 ár í þessari lotu sem nú stendur yfir; fyrst í fjögur ár hjá Þjónustumiðstöðinni í Árbæ og síðan á skrifstofu velferðarsviðs í núverandi starfi. Áður vann hún í 15 ár hjá Landspítalanum en þar á undan var hún í um sex ár hjá Reykjavíkurborg. Pórhildur Guðrún fékk hvatningarverðlaun velferðarráðs fyrir árið 2021 í flokknum einstaklingar.



Pórhildur stýrði teymi fyrir þjónustuíbúðir í faraldrinum sem neyðarstjórn velferðarsviðs skipaði en í því sátu forstöðumenn þjónustuíbúðakjarna Reykjavíkurborgar. Í þjónustuíbúðum á vegum borgarinnar búa um 380 manns í sjálfstæðri búsetu. Velferðarsvið rekur félagsmiðstöðvar fyrir fullorðið fólk og mötuneyti á 17 stöðum m.a. þar sem fólk býr í eigin íbúðum, t.a.m. á Aflagranda, Bólstaðarhlíð, Hvassaleiti, Borgum og Gerðubergi. Teymi þjónustuíbúða fundaði reglulega í tvö ár á meðan faraldurinn stóð yfir og hélt fundargerðir sem birtar voru á Workplace síðunni Þjónustuíbúðir COVID-19 teymi sem Pórhildur hélt utan um.

Velferðarsvið rekur sex staði þar sem eru þjónustuíbúðir í útleigu frá Félagsbústöðum með félagsstarfi inni í húsnæðinu. Þetta eru félagslegar íbúðir fyrir einstaklinga sem geta verið í sjálfstæðri búsetu. Þjónustuíbúðir eru skilgreindar samkvæmt lögum og þar á m.a. að vera aðgangur að félagsstarfi. „Yfir hverjum kjarna er forstöðumaður og starfsfólk. Í grunninn er þetta heimaþjónusta sem er í húsinu sjálfu. Við þurftum að taka miklu fastar utan um þennan hóp heldur en þann t.d. sem býr í eigin þjónustuíbúðum á Aflagranda. Það húsnæði er ekki á okkar forræði en við reukum þar félagsstarf og mötuneyti.“

Pórhildur segir að eldra fólk sem býr í þjónustuíbúðunum hafi passað sig vel í fyrstu bylgjunum árið 2020. „Sumir voru hræddir og það var mikill skilningur á því að það þyrfti að gæta sín til að smitast ekki. Fólkíð missti mikið þegar það gat ekki lengur borðað saman. Svo var líka mikill spilaáhugi, en það var mikil smithætta af spilamennskunni, allir að snerta spilín, þannig að við urðum að benda þeim á það. Við urðum samt að gæta þess að virða sjálfsákvörðunarrétt fólks.“

Pórhildur segir að ekkert kórónuveirusmit hafi orðið í þeim þjónustuíbúðakjörnum sem heyri undir sviðið fyrr en í síðustu bylgjunni þegar Ómíkrón afbrigði veirunnar gekk yfir.

Var starfsfólk beðið um að gefa kost á sér í hjúkrun COVID-19 smitaðra?

„Já, við gáfum fólki alveg það svigrúm. Hjá okkur voru áhugasamir starfsmenn sem gáfu kost á sér í þessi störf og voru tilbúnir til að vinna í hlífðarbúningum. Mér sýndist að mesti kvíðinn hafi farið í áhyggjur af því að vinna í göllunum. Við nutum þar stuðnings heimahjúkrunar sem sagði okkur að þær myndu ekki eyða kröftunum í að koma og kenna okkur meðferð búninganna nema eitthvað gerðist og smit kæmi upp. Þá myndu þau koma og leiðbeina okkur.“

Þyrfti að æfa fólk í að umgangast og vinna í svona sóttvarnarbúningum?



„Alveg tvímælaust. Reynslan af faraldrinum kenndi okkur það að það þyrfti að kenna og æfa svona búninganotkun hjá almennu starfsfólki.“

Hópsmit í þjónustuíbúðum í Hvassaleiti

Að sögn Pórhildar var flóknasta málið í starfsemi þjónustuíbúða fyrir eldri borgara í faraldrinum þegar upp kom smit í Hvassaleiti í lok október árið 2020. Íbúðakjarninn er ekki á forræði Reykjavíkurborgar en Pórhildur segir að samt sem áður hafi verið ákveðið að ganga í málin. „Það fóru beinlínis allir brunaboðar í gang í einu vegna smita þar og við vorum með svo stóran faðm að við tókum þetta í fangið líka þótt þessi starfsemi væri í raun ekki á okkar forræði,“ segir Pórhildur.

Sex íbúar í Hvassaleiti smituðust af COVID-19 og tveir starfsmenn. Einn íbúi lést af völdum sýkingarinnar. Að sögn Pórhildar greindust fyrst tveir íbúar og hafði annar þeirra farið mjög víða í húsinu og hitt marga áður en hann greindist. Vegna þess voru allir íbúar hússins settir í sóttkví. Matsalurinn lokaði vegna þessa en fólkíð þurfti samt að fá að borða.

„Starfsmaður úr félagsstarfinu í Hvassaleiti sem var ekki smituð vildi gjarnan aðstoða. Hún þurfti að komast inn í húsið til að finna blað sem var með upplýsingum um hver hefði skráð sig í mat daginn áður svo við gætum skráð þau í heimsendan mat frá okkur. Hún fór þarna inn í bygginguna að kvöldlagi og ég var í símanum að leiðbeina henni hvernig hún ætti að ná í blaðið og taka mynd af því með símanum án þess að snerta nokkurn hlut. Hún fann blaðið og síðan fór kokkurinn á Vitatorgi sjálfur á staðinn og afhenti matinn. Hann var með þeim fyrstu sem fékk COVID-19 og var því nokkuð öruggur með sig gagnvart smiti. Íbúarnir hefðu hreinlega ekki fengið mat ef við hefðum ekki gert þetta. Við áttum í sjálfu sér ekkert að vera að skipta okkur af þessu en gerðum það nú samt. Í framhaldinu þurftu íbúarnir að fara í COVID-19 próf og þá þurfti að skipuleggja það og tímasetja prófin þannig að allir væru tilbúnir þegar starfsfólk heilsugæslunnar kom til að taka próf. Svo kom í ljós að fæstir

Íbúanna 68 voru með aðgang að Heilsuveru og þá urðu hjúkrunarfræðingarnir okkar að finna út úr niðurstöðunum,” segir Pórhildur Guðrún.

Lykilatriði að hafa öflugan stjórnanda

Fólk talar um að það hafi styrkt það að vera í hóp til að takast saman á við hlutina. Var það þín upplifun líka, að teymið styrkti starfsfólkið?

„Já, samvinnan styrkti þennan hóp. Þessir forstöðumenn þjónustuíbúða tilheyra í raun þremur yfirmönnum og höfðu ekki verið að vinna saman áður. Þeim fannst þetta mjög gott.

Almennu tilmælin varðandi sóttvarnaraðgerðir komu fram í fjölmiðlum og það fylgdust allir í teyminu með þeim. En það var ekki hægt að taka ákvarðanir út frá því sem kom fram þar heldur vildi ég sjá reglurnar frá ráðuneytinu áður en ákvarðanir voru teknar. Ég hélt mig við þær leiðbeiningar varðandi félagsstarfið. En oftast en ekki þurftum við að laga reglugerðina að okkar aðstæðum. Ég þurfti að aðlaga sumt varðandi þjónustuíbúðirnar því sem var að gerast á hjúkrunarheimilunum, t.d. varðandi það hvernig gengið var frá sóttvarnarbúnaði í sérstök ílát fyrir utan íbúðirnar. Við urðum m.a. að kaupa slíkan útbúnað.

Við Berglind Magnúsdóttir, sem var minn yfirmaður, vorum alveg sammála um að loka aldrei alveg og opna eins mikið og eins fljótt og mögulegt var þegar færi gafst til þess. Við höfðum þor til að fara alveg út á brúnina með það. Það hafði jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir íbúana eftir á að hyggja því þessi hópur einangraðist talsvert í faraldrinum og ég tel að hann hefði orðið verr úti hefðum við ekki lagt þessa ríku áherslu á að halda starfinu eins opnu og mögulegt var.

Pórhildur Guðrún nefnir sérstaklega og segir hafa skipt sköpum að fyrir sviðinu fór jafn öflugur stjórnandi og Regína Ásvaldsdóttir. „Regína var aðgengileg, alltaf tilbúin að slökkva alla elda sem upp komu og var með alla þræðina og tengingarnar og var vel inni í öllu varðandi COVID-19. Það skipti miklu máli að hafa svona sterkan stjórnanda.”

Hún segir að það hafi einnig skipt gríðarlega miklu máli að teymisstjórnarnir þrír, Ólafía Magnea Hinriksdóttir sem sá um málaflokk fatlaðs fólks, Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur sem fór fyrir sóttvarnarteyminu og hún sjálf sem sá um teymi fyrir þjónustuíbúðir og félagsstarfið hafi verið aðgengilegar allan sólarhringinn. „Það skipti miklu máli fyrir starfsfólkið að vita að við værum alltaf til staðar fyrir það.”

Lokað fyrir úthlutanir í þjónustuíbúðir

Forstöðumenn í þjónustuíbúðunum voru sammála um að ekki yrði úthlutað nýjum íbúðum í byggingunum á meðan faraldurinn gengi yfir. Því var lokað fyrir úthlutun í nokkurn tíma á vormánuðum 2020. Nýjar úthlutanir hefðu þýtt að iðnaðarmenn væru á ferðinni um byggingarnar að standsetja íbúðir og ættingjar hefðu komið til að skoða húsnæðið. Slíkt

hefði aukið umferðina í byggingunum til muna og þar með smithættu. „Við vorum einnig ánægðar að fá lausar íbúðir til að hafa fyrir starfsfólkið ef upp kæmi smit.

Pórhildur Guðrún segir að það sem hafi verið mest einkennandi fyrir COVID-19 tímabilið á tíma sóttvarnaraðgerða sé að allir venjulegir ferlar í starfinu urðu flóknir og það þurfti að endurhugsa þá og búa til nýjar reglur. Hún segir að mikill tími hafi farið í endurskipulagningu fyrsta árið en svo hafi starfsfólkið þjálfast í viðbrögðunum.

„Varðandi félagsstarf eldri borgara leit ég til þess sem veitingahúsin voru að gera. Alls konar hólfanir og reglur um sóttvarnir sem þurfti að sníða til. Þetta var svona línudans á milli þess að vera með hlutina á hreinu og drepa ekki fólk alveg úr leiðindum.

Við galopnuðum til dæmis allar reglur varðandi heimsenda matinn. Þar þurfti t.d. ekki undirskrift á umsókn. Aðalatriðið var að þeir fengju mat sem þurftu hann. Sumt eldra fólk var hrætt við að taka á móti matnum frá bílstjórunum þannig að við létum þá hengja hann í pokum á hurðarhúnn þar sem það var hægt. Þetta rataði m.a. í fréttir en ástæðan var þessi og margir biðja enn um að þetta sé gert svona þegar maturinn er sendur heim.

Um miðjan mars 2020 urðum við að loka mötuneytinu á Vítorgi í svólítinn tíma. Þangað komu svo margir samtímis og stóðu í röð þannig að ekki var hægt að virða tveggja metra regluna í röðinni. Þá fengu þeir sem vildu heimsendan mat.“

Íbúar fóru eftir reglum

Í þrítugustu fundargerð teymisins frá miðjum febrúar 2021 kemur fram að áhugi sé innan teymisins að fara í starfshóp sem myndi vinna að framtíðarstefnumótun í tengslum við ýmislegt sem snýr að þjónustunni eins og dýrahald, félagslegan stuðning, geðfíknir vanda osfrv. Hefur teymið hist áfram og unnið að slíkri stefnumótun?

„Já, það er enn verið að vinna að því betrumbæta fyrirkomulagið í þjónustuíbúðunum.“

Á fundum teymisins kom einnig fram að forstöðumenn telji að mikil vanþekking sé í kerfinu um hlutverk þjónustuíbúða, t.d. að forstöðumenn hafi ekki verið upplýstir af Landspítalanum þegar eitthvað kom upp hjá íbúum eins og t.d. mögulegt COVID-19 smit.

Pórhildur Guðrún segir að forstöðumennirnir hafi t.d. viljað fá upplýsingar um ef einhver fór í COVID-19 próf en misbrestur hafi verið á því.

„Hjúkrunarfræðingurinn okkar í sóttvarnarteyminu gat fylgst með því í gegnum Heilsuveru. Það er oft talað um eldra fólk sé nokkuð tölvufært en í faraldrinum komumst við t.d. að því að fáir í þessum hópi voru með virkan aðgang að Heilsuveru. Við þurftum því að láta hringja í fólk til að láta því í té niðurstöður úr prófum.“

Komu upp tilfelli þar sem íbúar eða gestir fóru ekki eftir reglum?

„Nei, það var í rauninni sáralítið um það og þá aðeins hjá þeim sem þjást af heilabilun eða eru með byrjun á elliglöpum. Allt frískt fólk hjá okkur fór alveg eftir reglunum.“

Skötuveislan í Borgum

Pórhildur Guðrún segir að stundum hafi komið upp atvik í faraldrinum sem hægt sé að brosa að eftir á og nefnir skötuveislu í félagsmiðstöðinni í Borgum í Grafarvogi sem dæmi.

„Fyrir jólin 2020 rak ég augun í innslag í facebook hópi Korpúlfa um árlega skötuveislu í Borgum. Þarna fylgdi með myndband sem sýndi fólk í einni kös í röð að bíða eftir skötunni og ég las ekki textann alveg í gegn heldur sá bara myndbandið. Mér krossbrá og bjóst við hinu versta – þarna kæmi áreiðanlega upp rosalegt hópssmit. Ég hringdi auðvitað um leið til að kanna málið en þá kom í ljós að myndbandið var frá skötuveislu sem haldin hafði verið árið á undan. Það var mikill léttir. Skatan var svo bara send heim í þetta skipti til þeirra sem pöntuðu hana svo fólk gæti verið í sinni jólakúlu.“

Pórhildur segir að mikil orka og tími starfsfólks í matarþjónustu og félagsstarfi aldra hafi farið í að skrá niður nöfn og kennitölur fólks sem kom í mat og félagsstarf. „Það var smithætta við að nota sama pennann og nauðsynlegt að spritta hann á milli manna. Við töldum því öruggast að starfsmennirnir skráðu nöfn og kennitölur en við þurftum að vita hver var hvar á hvaða tíma þannig að hægt væri að rekja smit.“

Um páskana 2021 fékkst undanþága fyrir þjónustuíbúðir að hafa allt að 20 manns í matsal þegar samkomutakmarkanir miðuðust við 10 manns. Var það rétt í ljósi ástandsins að fá slíka undanþágu?

„Já, við treystum okkur í þetta. Þegar voru minna en 20 í einu þá þurftum við að loka og því sóttum við um undanþágu og fengum hana sem betur fer. Það var svo mikilvægt að geta haldið þessari þjónustu opinni.“

Styrkir til félagsstarfs nýttust vel

Um vorið 2020 bauð félags- og barnamálaráðuneytið sveitarfélögum að sækja um styrki til félagsstarfs fyrir eldri borgara til að efla slíkt starf í kjölfar samkomutakmarkana vegna faraldursins. Voru þessi styrkir vel nýttir hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar?

„Já, heldur betur. Ég hef haldið utan um þessa styrki og þeir komu sér heldur betur vel - ekki bara fyrir eldra fólkið heldur líka fyrir þá sem höfðu haft mjög lítið að gera í faraldrinum og urðu jafnvel atvinnulausir eins og listamenn og rútfyrirtæki. Það var mikil ásókn í þessa styrki frá þeim. Við vorum með mjög opið ferli varðandi það hverjir voru valdir til að fá sátt um það hvernig fjármagninu yrði ráðstafað. Við fengum fullt af

umsóknnum og héldum fund með fulltrúum eldra fólksins og þau ákváðu með okkur hvað yrði fyrir valinu.

Petta var því mikil vítamínsprauta en heilmikið utanumhald. Sumt gekk vel en annað ekki alveg eins vel. Við höfum haldið áfram með það sem er vinsælast, til dæmis danstíma sem Auður Harpa í DanceFitness hélt fyrir okkur. Hún kemur inn á staðina með músík og nær fólki með sér í svona leikfimi og nær einstaklega vel til karlanna.

Einnig komu leikarar frá Þjóðleikhúsinu sem spiluðu og sungu fyrir utan þjónustuíbúðirnar og hjúkrunarheimili og fólk kom út á svalir til að hlusta. Þessir styrkir voru frábærir því við gátum gert hluti sem við höfum aldrei getað gert hvorki fyrr né síðar.“

Endalausir þræðir

Velferðarsvið hefur verið með tilraunaverkefni í þjónustuíbúðunum sem gengur út á það að fá háskólanema til að búa í slíkri íbúð gegn því að þeir aðstoði eldri borgara sem þar búa á ýmsa lund og komi m.a. að skipulagningu viðburða í félagsstarfinu. Verkefnið hefur gengið vel en það hófst árið 2017. Þórhildur segir að rétt áður en kórónuveirufaraldurinn hófst hafi ungur maður í Listaháskólanum verið búinn að koma sér fyrir í íbúð í Norðurbrún. „Hann fór auðvitað í skólann og sinnti sínum málum eins og ungt fólk gerir og var mjög hræddur um að smita eldra fólkið. Hann fékk bekkjarfélaga sína í Listaháskólanum til að semja með sér leikrit og verkið sem hét Endalausir þræðir. Leikritið var frumsýnt í kjallaranum á Norðurbrún í byrjun júlí 2020 og var svo sýnt alls staðar.“

Þórhildur telur að gjarnan hefði mátt taka meira tillit til þess að starfsfólk velferðarsviðs var að glíma við heimsfaraldur og hægja meira á verkefnum sem gátu beðið.

„Svo er það nú eitt að faraldurinn og öll sú vinna sem þurfti að inna af hendi til að glíma við hann kom ofan á venjubundið starf okkar hérna á sviðinu. Í raun var lítill slaki og ætlast til þess að allt gengi sinn vanagang.“

Þórhildur kveðst skynja að þjóðfélagið sé nú að fást við talsverða eftirskjálfta vegna heimsfaraldurs kórónaveiru og finnur fyrir því í þeirri starfsemi sem hún hefur umsjón með.

„Já, ég hef það á tilfinningunni. Félagsstarfið hjá eldri borgurum hefur ekki náð sér á strik aftur mjög víða. Þá eru mikil veikindi og doði yfir fólki almennt.“

Nokkur dæmi um pósta á Workplace

Nokkur dæmi um pósta frá Berglindi Magnúsdóttur yfirmanni Þórhildar og Þórhildi á Workplace síðunni *Þjónustuíbúðir - COVID-19 teymi*.

„Einnig bið ég ykkur að hvetja sérstaklega unga starfsfólkið ykkar til að virða samfélagssáttmálann og vera ekki mikið innan um hópa utan vinnu og fara mjög gætilega.“

Tilmæli frá Berglindi Magnúsdóttur á Workplace síðunni Þjónustuíbúðir COVID-19 teymi frá 7. ágúst 2020 þegar önnur bylgja var að hefjast.

„Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og þakka fyrir frábært samstarf á árinu. Við höldum 24 fundi í COVID- teyminu og þið náðuð að halda þjónustuíbúðunum algjörlega smitlausum. Vel gert!“

Jólaþakveðja til forstöðumanna frá Þórhildi Guðrúnu fyrir jólin 2020.

„Fyrsti Íslendingurinn var bólusettur gegn COVID-19 veirunni í morgun. Það var Þorleifur, íbúi í Seljahlíð sem tók það að sér. Sannarlega söguleg stund og nú mun allt snúast til betri vegar í starfinu með öldruðum; bæði á hjúkrunarheimilunum, þjónustuíbúðunum og í félagsstarfinu.“

Áramótakveðja frá Þórhildi Guðrúnu til teymisins 29. desember 2020.

7.11 „Starf velferðarsviðs til fyrirmyndar í faraldrinum“

Bryndís Snæbjörnsdóttir og Unnur Helga Óttarsdóttir fyrrverandi formenn Landssamtakanna Proskahjálpar. Viðtal tekið á skrifstofu Proskahjálpar 24. nóvember 2021.

„Við ákváðum strax í upphafi faraldursins að hafa samband við velferðarráðuneytið og sveitarfélögin. Ákall okkar snerist um að haft yrði samráð við íbúana og okkur ef ákvarðanir væru teknar um að loka heimilum fatlaðs fólks.“

Það verður að segjast eins og er að Reykjavíkurborg brást strax við þessu ákalli, eitt sveitarfélag, og var í samráði við okkur. Við vorum með beina línu til Aðalbjargar Traustadóttur og Ólafíu Magneu Hinriksdóttur. Þær hikuðu ekki við að láta forstöðumenn hringja í okkur ef upp komu vafaatriði. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á mikið hrós skilið fyrir þetta.

Við vorum ósátt við að ákveðið var án samráðs að hafa Klettaskóla lokaðan annan hvern dag og létum vita af því. Það kom ekki til þess að það væri lagað vegna þess að það kom upp smit í skólanum og honum var lokað í kjölfarið.

Mesta gagnrýnin hefur komið frá foreldrum sem áttu börn sem voru send heim, t.d. úr Klettaskóla. Það er svolítið flókið að lesa úr þessari gagnrýni því sumir voru viðkvæmir fyrir því að fá fólk inn á heimilið til aðstoðar vegna ótta við smit. Það er samt í rauninni ekki hægt að senda tíu ára fatlað barn heim án þess að það fylgi stuðningur með.

Vildu nýta tómmt húsnæði

Sumarið 2020 fórum við á fullt til að tryggja að okkar fólk sæti ekki eftir í faraldrinum. Við rýndum þetta um vorið með fulltrúum frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Þar fórum við t.d. yfir það að skólar yrðu að vera búnir að forgangsraða hvernig skólastarfi fatlaðra barna yrði háttað. Við lögðum til að fundin yrði leið til að þau yrðu send síðast heim af öllum. Og þau voru ekki send heim. Við lögðum til að tómmt húsnæði yrði frekar nýtt en að þau yrðu send heim. Í því samhengi bentum við skóla- og frístundasviði á að taka stöðuna innan hverfisins. Það kom t.d. upp smit í Hvassaleitisskóla þarna fljótlega og þá var sérdeildin þaðan send yfir í húsnæði frístundarinnar.

Þá gerðum við einnig athugasemdir við það að framhaldsskólunum væri lokað. Við áttum í góðu samstarfi við Hitt húsið sem lokaði dagvistinni fyrir þennan hóp um tíma. Ég tel að það hefði verið hægt að færa starfsemina þaðan inn í hvern og einn framhaldsskóla svo hópurinn blandaðist ekki í Hinu húsinu. Þetta var rosalega erfitt fyrir þennan hóp og foreldrana. Mjög margir foreldrar kláruðu alla veikindadagana sína og urðu einnig að taka launalaus leyfi til að vera heima með börnunum.

Í svona ástandi eins og heimsfaraldri verður fyrst og fremst að tryggja að lögbundinni þjónustu sé sinnt. Þörfin hverfur ekki og því þarf að finna lausnir. Þá verður að tryggja að þjónustan sé bundin við barnið en ekki tiltekið hús. Það er gamaldags að byggja hús og líta þannig á að það sé eini staðurinn sem sé hægt að veita þjónustuna á. Við verðum að hafa meiri hreyfingu og sveigjanleika í þjónustunni. Þetta þarf ekki endilega að kosta meira. Ég tel að lærdómurinn af þessum faraldri sé að þetta sé leiðin sem verði að fara.“

Þær segjast ekki hafa verið í miklu sambandi við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í faraldrinum heldur hafi samstarfið einskorðast við Reykjavíkurborg.

Lánuðu húsnæði þegar smit kom upp

Þegar smit kom upp á íbúðakjarnanum að Barðastöðum í Grafarvogi kom Proskahjálpi til aðstoðar og útvegaði húsnæði sem hægt var að nýta svo hægt væri að gæta að sóttvörnum og einangrun án þess að grípa þyrfti til nauðungar.

„Við erum með húsnæði í Melgerði sem er í venjulegu árferði afdrep fyrir foreldra utan af landi þegar þau þurfa að koma til Reykjavíkur. Það stóð autt í faraldrinum og við gátum því lánað það. Þá eigum við sumarbústað á Flúðum sem við lánuðum einnig þegar smitið kom upp á Barðastöðum. Ég áleit það að við værum bara saman í þessu og samvinnan gekk frábærlega. Okkur fannst gott að geta lagt okkar af mörkum og að vera þátttakendur í þessu starfi.“

Það verður að segjast að starf VEL í gegnum þetta var alveg til fyrirmyndar. Við fengum aragrúa af fyrirspurnum frá aðstandendum. Þá var fólk með NPA samninga í lausu lofti. Það endaði með því að Ólafía tók þá sem eru í sjálfstæðri búsetu með NPA að sér.

Við lögðum mesta áherslu á að fólk missti ekki lögbundna þjónustu. Það er svolítið misjafnt eftir hverfum í borginni hvernig þjónustu fólk fær. Árbær kemur eiginlega verst út varðandi þetta og ástæðan held ég að sé skortur á þekkingu á málaflokknum.

Við lögðum einnig mikla áherslu á að búsetukjörnum yrði ekki lokað með einhliða ákvörðun að ofan. Það yrði að gera í samráði við íbúana og tryggt eins og hægt væri að þeir skildu hvað væri verið að gera og hvers vegna.

Heimilum lokað í nágrannalöndum

Í nágrannalöndunum var þessum heimilum lokað flatt með einni skipun frá stjórnvöldum. Á Norðurlöndunum voru viðbrögðin keimlík og hjá okkur. Svíarnir lokuðu engu en Norðmenn og Danir settu á heimsóknabann í búsetukjarna. Þar var bara öllu lokað með einu pennastriki.

Við getum verið stolt af því hvernig stjórnvöld tóku á okkar málum. Ég upplifði ekki að ein tegund mannfólks væri æðri öðrum. Í Evrópu var skelfingarástand víða.

Reykjavíkurborg stóð fremst í því að huga að þessum málum og hvernig hægt væri að tryggja að þau yrðu ekki félagslega einangruð. Það má hrósa starfsfólki VEL fyrir það hvernig þau stóðu þessa vakt. Þetta var mjög vel leyst og tekið vel í allar ábendingar sem við komum með.

Til dæmis var aldrei neitt spurt um peninga. Það var bara gert ef það var nauðsynlegt. Sjálf rukkuðum við ekki um neitt fyrir það sem við lögðum af mörkum.

“Ás búseta lokaði öllu t.d. sínu m.a. starfsstaðnum en þar eru yfir 100 manns í vinnu.”

Þær gagnrýna að fólk með Downs-heilkenni hafi ekki verið sett í algjöran forgang í bólusetningum þar sem margar rannsóknir sýndu að það væri í mikilli áhættu af því að látast úr COVID-19. Þær segja að ekki hafi verið skilningur hjá landlækni fyrir því að bólusetja Downs-fólkið strax þrátt fyrir að embættinu væri bent á skýrslur um áhættuna.

Við vitum að dánartíðni fólks með Downs-heilkenni í Evrópu hefur verið há í faraldrinum.”

Aðstandendur fatlaðs fólks smeykir

Þá segja þær að margir nánustu aðstandendur fatlaðs fólks hafi verið mjög smeykir við að fá COVID-19 þar sem andlát þeirra myndi þýða að fatlaðir einstaklingar stæðu þá einir eftir. Til að eyða þeim ótta hefði þurft að setja aðstandendur fatlaðs fólks í forgang varðandi bólusetningar.

Engu að síður taka þær fram að fatlað fólk sé ekki endilega í áhættuhópi vegna kórónuveirunnar.

Fatlað fólk í foreldrahúsum skilið eftir

„Það sem er einna helst gagnrýni vert er að fatlað fólk sem býr í foreldrahúsum var skilið eftir. Þetta er fólk sem sumt er búíð að bíða endalaust eftir eigin húsnæði. Þetta fólk virtist bara ekki vera á radarnum. Ég giska á að þetta sé um 180 manna hópur. Til dæmis fengu þau ekki forgang í bólusetningu vegna þess að þau voru bara með sínum árgöngum.

Það þarf að skrásetja þetta fólk og fötlun þess og setja þennan hóp á radarinn. Þau eru ekki flokkuð vegna þess að eru ekki í þjónustu og hvergi skráð með sína fötlun. Ef upp kemur svipað ástand og núna er nauðsynlegt að þessi hópur sé þjónustugreindur og á skrá yfir fatlað fólk. Við stóðum vaktina frá morgni til kvölds og vildum verja þennan hóp eins vel og við gátum. Við vorum upptekin af því að húsnæði sem væri til staðar væri nýtt. Í dag veit ég að það eru nokkrir af okkar fólki sem eru svo hræddir við að smitast að þeir fara ekki út úr húsi. Við höfum áhyggjur af þessum hópi, að hann loki sig af og einangrist. Starfsfólk sem umgengst þennan hóp verður að hafa frumkvæði að því að ná fólkinu út úr þessum hugsunum.

Við fengum Þórólf [Guðnason sóttvarnalækni, innskot höfundar] á fund í byrjun september 2020 með Átaki sem er félag ungs fólks með þroskahömlun. Þá var ekki komin grímuskylda en við vorum öll með grímur og það var mjög góð mæting. Daginn eftir var komin grímuskylda. Þórólfur var frábær. Hann sagði einfaldlega við krakkana: „Ekki vera þar sem fólk er að drekka bjór því fólk verður svo kærulaust þegar það fær sér bjór.“

Varðandi nám fatlaðs fólks segja þær að fjarkennsla hafi verið góð fyrir hluta af hópnum, þ.e. suma einhverfa.

Betur hefði mátt huga að félagslegri virkni

Þær segja að betur hefði mátt huga að félagslegri virkni fatlaðs fólks á þessum tímum. Félagsmálaráðuneytið setti fjármagn í það sem varð hluti af ferðagjöfinni og var umtalsverð fjárhæð, 50 þúsund krónur. Þær segja að starfsfólk víða hafi ekki vitað af þessu og því hafi nokkrir einstaklingar ekki getað nýtt sér gjöfina.

Úrræði eins og fjölskyldufrí og sumarfrí fyrir fullorðin fólk hafi slegið í gegn en verði líklega ekki áfram þegar faraldrinum lýkur.

Þær segja að velferðarsvið ætti að gera könnun eða stöðumat á meðal foreldra um reynsluna af því hvernig var að vera með fatlað barn í kórónuveirufaraldrinum.

Þá segja þær að faraldurinn hafi varpað skærara ljósi á marga hluti sem tengjast fötluðu fólki, t.a.m. því hvað herbergjasambýlin eru gallað búsetuform þar sem of margir hlutir eru sameiginlegir, m.a. snyrtingar og eldhús.

8. Skóla- og frístundasvið (SFS)

8.1 Inngangur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) starfrækir um 170 starfsstaði. Á sviðinu starfa yfir 6.100 starfsmannskjör í nær 4.700 stöðugildum.

Sviðið starfrækir 67 leikskóla þar sem 6.300 börn stunda leik og nám. Þar af eru þrír samreknir með grunnskólum. Auk þess eru 17 sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni.

Sviðið rekur einnig 38 grunnskóla en að auki eru sex sjálfstætt starfandi grunnskólar í Reykjavík með alls um 15.440 nemendur.

Frístundastarf fyrir börn og unglinga er rekið í 39 frístundaheimilum með alls um 4.300 börn og 21 félagsmiðstöð með um 130 þúsund heimsóknir á ári. Þar af eru fjórar sértækar félagsmiðstöðvar fyrir fötluð börn.

Fjórar skólahljómsveitir eru starfræktar þar sem 520 nemendur læra á hljóðfæri. Einn tónlistarskóli er samrekin með skólastarfi en 18 tónlistarskólar eru með þjónustusamning við sviðið. Þá rekur sviðið Námsflokka Reykjavíkur.

Börn í skólum Reykjavíkur eru af nær 100 þjóðernum og tala yfir 70 tungumál en um 3.000 nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs er Helgi Grímsson.⁴⁷¹

8.2 Undirbúningur sóttvarna

Undirbúningur sóttvarna í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar hófst strax eftir fund neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar með sóttvarnarlækni 31. janúar 2020 þar sem Þórólfur Guðnason hvatti stjórnendur Reykjavíkurborgar að hefja undirbúning fyrir faraldurinn sem fyrst. Eftir þann fund sendi Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs tölvupóst á alla stjórnendur í skóla- og frístundastarfi í borginni þar sem hann hvatti til þess að þríf yrðu aukin og nauðsynleg sóttvarnarefni keypt.

„Sæl öll. Nú herja flensur og aðrir veirusjúkdómar af ýmsum gerðum.

⁴⁷¹ Vefur Reykjavíkurborgar, <https://reykjavik.is/SFS>

Ég hvet ykkur til að tryggja að leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eigi nóg af handspritti, handsápu og pappírspurrkum. Þá þarf einnig að eiga nóg af einnota hönskum vegna starfa í eldhúsi og aðstoða við salernisferðir ungra barna. Mikilvægt er að leiðbeina börnunum hvernig eigi að þvo hendur sínar eftir salernisferðir og gjarnan máltíðir – handþvottaleiðbeiningar ættu að vera á öllum salernum. Þá þarf að innleiða breytingar á verkferlum varðandi ræstingar og hreinlæti starfsmanna í eigin vinnurými og barna (strjúka af hurðarhúnum, slökkvurum, símum, lykklaborðum, borðum og stólörmum). Nánari upplýsingar um undirbúning borgarinnar vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar munu berast síðar.⁴⁷²

Sett var upp neyðarstjórn á sviðinu í upphafi faraldursins sem samanstóð af sviðsstjóra og framkvæmdastjórn sviðsins. Starfsmaður neyðarstjórnar var Eygló Traustadóttir sem sá um upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsfólks og annarra sem þurftu að vera upplýstir um gang mála á sviðinu og sóttvarnaaðgerðir í náinni samvinnu við sviðsstjóra allan faraldurinn. Neyðarstjórnin fundaði eftir þörfum um aðgerðir sviðsins en þegar leið á faraldurinn voru mál tengd faraldrinum rædd á framkvæmdastjórnarfundum sem haldnir voru einu sinni í viku. Í fyrstu bylgjunni, á tímabilinu 9. mars -4. maí 2020, fundaði neyðarstjórn sviðsins 29 sinnum enda var umfang aðgerða þá langmest þegar verið var að endurskipuleggja allt skóla- og frístundastarf.⁴⁷³

Reglugerðir og þar með skipulag var sífellt að breytast svo reynslan varð til þess að eftirleikurinn yrði auðveldari í seinni bylgjunum nema þegar smit komu upp og loka þurfti. Nákvæmar útfærslur skólastarfsins voru í höndum skólastjórnenda í hverjum skóla enda aðstæður til sóttvarna og hólfaskiptingar mjög misjafnar eftir skólum.

Eftir að óvissustigi og síðar hættustigi almannavarna vegna faraldursins var lýst yfir héldu skólarnir sínu striki. Sendir voru póstar frá sviðinu til skólastjórnenda um sóttvarnir, hreinlæti og þrif í skólabyggingunum.

8.3 Skóla- og frístundastarf á neyðarstigi

Þegar neyðarstigi var lýst yfir 6. mars 2020 var enn ekki ljóst hvernig skólastarfi yrði háttað.

⁴⁷² Helgi Grímsson tölvupóstur 31. janúar 2020.

⁴⁷³ Eygló Traustadóttir, tölvupóstur, 14. október 2022.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sendi tölvupóst til skólastjórnenda 11. mars með leiðbeiningum til nemenda hvað gera skyldi í veikindatilfellum og um hreinlæti og ferðalög. Bréfið var á íslensku, ensku og pólsku. Í tölvupóstinum kemur fram að „ekki hafi verið tekin ákvörðun um samkomubann eða mögulegt fyrirkomulag þess.“⁴⁷⁴

Mennta- og menningarmálaráðuneytið birti einnig tilkynningu á vef Stjórnarráðsins 10. mars. Þar var vitnað í landsáætlun sóttvarnalæknis og ríkislögreglustjóra um að skólastarf skyldi halda áfram eins lengi og mögulegt væri. Í tilkynningunni sagði að markmiðið væri að starfsfólk skóla héldi áfram störfum þótt nemendur eða starfsfólk væri sent heim vegna sóttvarnarráðstafana og skipuleggja ætti hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.⁴⁷⁵

Ekki lá fyrir nein áætlun um hvernig skólalaldi sveitarfélaga skyldi háttað ef til samkomutakmarkana kæmi. Fundur hafði verið boðaður með grunnskólastjórum þar sem fara átti yfir fjarkennslu og notkun stafrænna lausna í skólalaldi í faraldrinum. Grípum niður í skýrslu um innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur fyrir árið 2020.

„Föstudagurinn 13. mars markaði þáttaskil í skóla- og frístundastarfi borgarinnar en þann dag kom ríkisstjórn Íslands saman og boðað samkomutakmarkanir frá mánudeginum 16. mars. Dagana á undan var ljóst í hvað stefndi. Þannig var undirbúningur þegar hafinn fyrir fund með grunnskólastjórum sama dag til að kynna stuðning við skólana þar sem ljóst var að aukin þörf var fyrir fjarkennslu eða nám stutt af neti. Á fimmtudagskvöldi kom hins vegar í ljós að breyta þyrfti dagskrá fundarins og nýta hann sem undirbúning fyrir endurskipulag skólastarfs á komandi vikum á grunni gildandi reglugerðar. Síðar sama dag voru einnig skipulagðir fjarfundir fyrir leikskólastjóra og stjórnendur í frístundastarfi sem fóru fram þessa helgi og þar með hófst vinnulag í samskiptum stjórnenda á vettvangi og skrifstofu SFS sem hefur haldist.

Á föstudagsmorgninum sátu starfsmenn grunnskólaskrifstofu og fulltrúar Nýsköpunarmiðju á undirbúningsfundi en þá var búið að flytja fyrirhugaðan fund með grunnskólastjórum á Menntavísindasvið HÍ til að hægt væri að streyma honum þannig að sem fæstir grunnskólastjórar þyrftu að koma í hús og plássíð væri nægt. Fulltrúar frá MVS, sambandi sveitarfélaga, menntamálastofnun og RÚV, sem í samvinnu við MMR hafði ákveðið að setja á laggirnar menntasjónvarp, höfðu samþykkt að koma á fundinn og voru skilaboðin þau að við værum í þessu saman. Sá samstarfsvilji hefur einkennt allt árið og mögulega gert það

⁴⁷⁴ Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, tölvupóstur, „Upplýsingar vegna kórónaveiru COVID-19, 11. mars 2020.

⁴⁷⁵ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, „Kennsla heldur áfram,“ 10. mars 2020.

auðveldara að vinna saman í gegnum fjarfundarbúnað heldur en með tímafrekum ferðum á milli staða. Soffía Vagnsdóttir [skrifstofustjóri grunnskólamála, innskot höf.] var fulltrúi skólasamfélagsins á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar og fór beint þangað af undirbúningsfundi og síðan á fundinn á MVS.⁴⁷⁶

Að sögn Helga Grímssonar, sviðsstjóra SFS, hefði verið betra að fyrr hefði legið fyrir hvaða takmarkanir myndu gilda ef til þess kæmi að setja takmarkanir á framkvæmd skólastarfs. Einnig hefði verið betra að hefja samtalið fyrr við skólafólk um vægi þess sem framlínustarfsfólks í faraldrinum.

Ákvörðunin um að takmarka skóla- og frístundastarf með þeim hætti sem fyrirskipuð var var kynnt með mjög litlum fyrirvara og án samráðs við þau sem þurftu að endurskipuleggja allt skóla- og frístundastarf á höfuðborgarsvæðinu yfir helgi.⁴⁷⁷

8.4 Viðbragðsáætlanir stjórnvalda varðandi skólastarf

Hins vegar voru viðbragðsáætlanir stjórnvalda og Reykjavíkurborgar skýrar varðandi það að halda skólunum starfandi að því marki sem mögulegt var í faraldrinum.

Í kafla viðbragðsáætlunar neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar frá 13. febrúar 2020 sem fjallar um skóla- og frístundasvið er rætt um nauðsyn þess að halda skólum, frístundastarfi og daggæslu gangandi á öllum almannavarnarstigum. Þar kemur fram að mikilvægt sé að halda úti grunnþjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila svo framarlega sem nógu margt starfsfólk sé til staðar. Mikilvægt sé að þessi þjónusta sé opin m.a. vegna þess að foreldrar með börn í skólum og hjá dagforeldrum eru stór hluti vinnuaflds og verði að geta gengið að þjónustunni vísri.

„Í skipulagi þjónustu leikskóla og frístundaheimila er gert ráð fyrir ákveðnum fjölda starfsmanna til að þjónusta barnahópa. Ef um manneklu er að ræða er unnið eftir svokölluðum faliðunarferlum. Þjónusta er skert ef ekki tekst að manna þjónustueiningar. Í grunnskólum skal manna forföll og er almennt ekki heimilt að fella niður kennslu. En við mikil forföll getur orðið nauðsynlegt að gera það. Ákvörðun um lokun vegna manneklu er tekin af fulltrúum í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs og eftir atvikum kynnt

⁴⁷⁶ Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar: Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030. Staða innleiðingar 2020, bls. 7.

⁴⁷⁷ Áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum, bls. 321.

neyðarstjórn borgarinnar. Sóttvarnalæknir getur jafnframt kveðið á um lokun starfseminnar.

Allar starfsstöðvar SFS eru opnar á dagvinnutíma auk þess sem félagsmiðstöðvar eru opnar á kvöldin. Ef upp kemur vá á efsta neyðarstigi á starfstíma starfsstöðva SFS er mikilvægt að tryggja öryggi barna og unglinga samkvæmt áætlun þar um.⁴⁷⁸

Í áætluninni er starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila flokkuð sem forgangsverkefni. Þar að auki verði samskipti við neyðarstjórn borgarinnar, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsfólks og notenda þjónustunnar að haldast órofin auk þess sem SFS verði að geta veitt aðstoð, leiðbeiningar og stuðning vegna aðstæðna og málefna sem upp geti komið. Einnig verði samskipti og þjónusta við skóla- og frístundaráð að vera í lagi.⁴⁷⁹

Í landsáætlun stjórnvalda, Heimsfaraldur – Landsáætlun er tekið í svipaðan streng varðandi skólastarf á neyðarstigi almannavarna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er ábyrgt fyrir þeim þætti áætlunarinnar á öllum þremur almannavarnarstigum, óvissustigi, hættustigi og neyðarstigi.

Á tveimur fyrstu almannavarnarstigum, óvissu- og hættustigi, er tiltekið að fræðsluaðilar eigi að gera viðbragðsáætlanir, yfirfara boðleiðir, skipuleggja upplýsingagjöf, gera birgðaáætlanir um sóttvarnabúnað og áætlanir um þrif með tilliti til sóttvarna, kanna öryggi fasteigna og búnaðar o.fl.

Um neyðarstig er höfð eftirfarandi klausa:

„Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er. Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana. Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi. Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda. Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.“⁴⁸⁰

Vilji stjórnvalda til að halda fyrstu stigum skólakerfisins gangandi þrátt fyrir að samkomubann væri í gildi frá 16. mars hafði því sterkar stoðir í útgefnum áætlunum enda

⁴⁷⁸ Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 2020, bls. 18

⁴⁷⁹ Sama heimild.

⁴⁸⁰ Landsáætlun, Heimsfaraldur – Landsáætlun, bls. 64.

var brýnt að halda skólum opnum og kennslu gangandi út frá mörgum sjónarmiðum eins og áður hefur komið fram.

Ísland var eitt af fáum löndum sem tókst að halda grunn- og leikskólum opnum í gegnum allar bylgjur faraldursins. Það var mikilvægur liður í því að draga úr högginu af faraldrinum á atvinnulífið auk þess sem börn og ungmenni fengu nauðsynlega menntun á öllum stigum þótt hún væri vissulega skert og mjög fjaraði undan félagslífi barna og unglunga á erfiðustu tímum faraldursins.

Framhaldsskólar færðu sig hins vegar alfarið yfir í fjarkennslu í samkomubanni samkvæmt ráðleggingum sóttvarnaryfirvalda þar sem ungt fólk á framhaldsskólastigi gat hæglega smitast af veirunni, orðið veikt og þar með aukið smithættu í samfélaginu og álag á heilbrigðiskerfið.

Ekki síst var mikilvægt að halda skólum opnum fyrir yngri börn vegna bráðnauðsynlegrar þjónustu sem ekki mátti verða hlé á í faraldrinum og er þar átt við sjúkrahús, bráðþjónustu, löggæslu, sjúkraflutninga, brunavarnir og almenningsamgöngur svo eitthvað sé nefnt. Ef ung börn á leikskólum og í fyrstu bekkjum grunnskóla hefðu þurft að vera heima vegna lokana hefði komið upp mönnunarvandi í áðurnefndri framlínuþjónustu. Því var farið í að útbúa lista yfir þau sem þurftu að hafa forgang fyrir börn sín í leikskóla og skóla. Forgangslistarnir voru nýttir í leikskólum og frístundaheimilum frá seinnihluta mars og fram í byrjun maí 2020. Ef komið hefði til lokunar á skólastigum fyrir yngstu börnin hefði verið nauðsynlegt að koma upp dagvistun fyrir þennan hóp þar sem eingöngu hefði verið metinn forgangur framlínustarfsfólks í sjúkraflutningum, heilbrigðisþjónustu, umönnunarstörfum og annarri þjónustu sem varð að haldast órofin.

8.5 Ótti við veiruna

Gögn erlendis frá sem yfirvöld höfðu undir höndum um smit vegna kórónuveirunnar sýndu að börn og unglingar smituðust síður af veirunni. Þetta átti sérstaklega við um fyrstu afbrigði veirunnar en síður við þau sem á eftir komu veturinn 2021.

Þetta vó þungt í því áliti sóttvarnaryfirvalda, almannavarna ríkislögreglustjóra og fræðslu- og sveitarstjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að reyna til þrautar að halda grunn- og leikskólum opnum í faraldrinum.

Mörg í hópi starfsfólks skólanna voru hins vegar smeyk við veiruna sem var eðlilegt enda bárust daglega skelfilegar fréttir af mörgum dauðsföllum af hennar völdum erlendis frá. Ótti fólks við þessar aðstæður var eðlilegur og réttmætur og ræðst af aðstæðum og sjónarmiði hvers og eins.

Þegar samfélagið stóð frammi fyrir samkomubanni vegna faraldursins um miðjan mars varð því mjög aðkallandi að fá lykilaðila að borðinu til að taka ákvörðun um að halda skólum opnum.

Í auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar sem heilbrigðisráðherra birti 13. mars 2020 eru tvær greinar þar sem leik og grunnskólum er heimilað að halda uppi skólastarfi en framhaldsskólum gert að loka.

Í 3. gr. segir: „Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi leikskólastarfi að þeim skilyrðum uppfylltum að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.“

Í 4. gr. sömu auglýsingar segir: „Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga að halda upp skólastarfi í skólabyggingum að þeim skilyrðum uppfylltum að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, s.s. í mötuneyti eða frímínútum. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.“⁴⁸¹

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að það hafi ekki verið sjálfgefið að leik- og grunnskólar yrðu opnir eftir að samkomubanni var komið á.

„Í aðdraganda þess að ákveðið var að halda skólunum opnum fundaði Víðir Reynisson [frá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra] með mér þannig að við vissum að þetta væri að koma. Við höfðum miklar áhyggjur af því að þetta myndi valda úlfúð því um svipað leyti voru mörg lönd að loka skólunum. Á þessum tímamarki vorum við að ákveða að setja á samkomubann í öllu samfélaginu en halda skólunum opnum. Það var langt í frá sjálfgefið að fá fólk til samvinnu um þetta. Í fyrstu voru sterkar raddir innan kennarasambandsins sem héldu því fram að verið væri að fórna lífi kennara með því að halda skólum opnum. Föstudaginn fyrir þessar aðgerðir, á mjög krítískum tímamarki, boðaði ég fund hér í borgarráðsherberginu þar sem við Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir og Víðir Reynisson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hittum forystu Sambands íslenskra sveitarfélaga og forystu kennarasambandsins og fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu. Á þessum fundi var umræðan tekin og allir fengu að blása. Þegar leið á fundinn ákváðum við að fara í þetta. Fyrir þennan fund var algjörlega óvíst að við fengjum samstöðu um þetta. Ég veit hreinlega ekki hvað hefði gerst hefði kennaraforystan farið út af þessum fundi með það í farteskinu

⁴⁸¹ Takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 13. mars 2020

að segja kennurum að halda sig heima. Í svona stöðu er von á öllu og allir voru áhyggjufullir með réttu. Ég held að þetta talsamband og það að taka samtalið á þessum tímapunkti hafi skipt miklu máli. Síðan gekk þetta bara vel og var algjörlega í samræmi við það sem rannsóknir sýndu og sóttvarnarlæknir hafði haldið fram.”⁴⁸²

Fundurinn sem borgarstjóri vísar til var haldinn laugardaginn 14. mars í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á honum voru sóttvarnarlæknir, fulltrúar almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélags, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar og Kennarasambands Íslands.

Eftir fundinn var send út eftirfarandi yfirlýsing sem birtist hér í heild:

„Almannavarnir standa frammi fyrir nýjum veruleika á hverjum degi. Brynt er að tilmælum yfirvalda, sem miða að því að tryggja öryggi borgaranna og verja innviði íslensks samfélags, sé fylgt og að ákvarðanataka og framkvæmd séu eins vandaðar og kostur er. Mat sóttvarnarlæknis og yfirvalda á þessari stundu er að þýðingarmikið sé að leik- og grunnskólar starfi áfram. Þessi ákvörðun byggir á eðli sjúkdómsins og mikilvægi skóla í samfélaginu. Starfsemi skóla verður þó skilyrðum háð og ljóst er að skólahald mun raskast. Öryggi og heilsa nemenda og starfsfólks er fyrir öllu. Viðkvæma hópa þarf að verja sérstaklega og tryggja að umsvifalaust sé brugðist við öllum mikilvægum upplýsingum sem varða starfsemi skólanna. Samfélagið tekur nú allt höndum saman í því verkefni sem blasir við. Skólakerfið mun ekki anna öllum lögbundnum verkefnum á næstu vikum og þarf að forgangsraða. Því er þeim tilmælum beint til almennings, og sérstaklega til atvinnulífsins, að sýna sveigjanleika og ábyrgð. Foreldrar eru beðnir um að fara að þeim tilmælum sem koma frá skólayfirvöldum og skólastjórnendum um skólahald. Skólastarf er ein af grunnstoðum samfélagsins. Skólar hafa meðal annars það hlutverk að auka jöfnuð og vernda börn. Starfsfólk skólanna hefur unnið þrekvirki við að styðja við nemendur á þessum óvissutímum.

Peir aðilar sem undir þessa yfirlýsingu skrifa ætla sér að eiga mikið og öflugt samstarf til að tryggja að brugðist sé hratt og vel við þeim aðstæðum sem upp koma. Í þeirri vinnu mun velferð og öryggi

⁴⁸² Dagur B. Eggertsson viðtal

ævinlega hafa forgang. Tryggt verður að upplýsingagjöf um málefni skólanna sé öflug, markviss og heiðarleg.⁴⁸³

Porgerður L. Diðriksdóttir, þáverandi formaður félags grunnskólakennara, segir að nauðsynlegt hafi verið að kalla sem flest að borðinu og áður nefndur fundur sem borgarstjóri boðaði til hafi verið afar gagnlegur til að komast að niðurstöðu.

„Það var nauðsynlegt að koma á samráði til að allar upplýsingar væru réttar. Á þessum tíma fannst mér allt takast mjög vel og við höfðum eitthvað til málanna að leggja.“⁴⁸⁴

Hún segir að í upphafi faraldursins hafi talsverður ótti ríkt á meðal grunnskólakennara við að smitast í skólastarfi og þar hafi alls kyns aðstæður spilað inn í; undirliggjandi sjúkdómar, hár meðalaldur kennara og fjölskylduaðstæður þar sem nákomnir hafi verið með undirliggjandi sjúkdóma. „Við vorum að fá óteljandi spurningar alls staðar að af landinu um smit, sóttkví og einangrun,“ segir hún um þennan tíma.

Porgerður segir að Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og yfirstjórn sviðsins hafi gegnt lykilhlutverki í því að koma réttum upplýsingum til allra.

„Óttinn var til staðar og viðbrögðin voru mjög skýr. Reykjavíkurborg vann mjög gott plagg þarna í byrjun sem var einkar sanngjarnt í garð kennara. Settir voru upp þrír skýrir kostir fyrir þá kennara sem höfðu áhyggjur af því að smitast eða að smita aðra og vildu af þeim ástæðum vera heima.

Þeir gátu í fyrsta lagi fengið tilfærslu í starfi sem minnkaði smithættu, í öðru lagi gætu þeir unnið að verkefnum heima og í þriðja lagi gætu þeir farið í veikindaleyfi en þá þyrftu þeir að skila læknisvottorði.

Frá okkar bæjardyrum séð lagði ég ríka áherslu á að þeir gætu unnið að heiman og að kennarar kæmu sjálfir með hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að sinna heima en í staðinn yrðu þeir ekki skráðir veikir.

Þetta var ekki stór hópur en ég er nokkuð viss um að ef ekki hefði verið brugðist svona við á sanngjarnan hátt þá er ekki víst að þetta fólk hefði komið aftur til vinnu. Mannauðssvið SFS vann þetta mjög vel.“⁴⁸⁵

Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara, segist hafa fundið fyrir ótta meðal síns félagsfólks í upphafi faraldursins. „Þetta var algjörlega nýtt og enginn vissi neitt um

⁴⁸³ Vefur Reykjavíkurborgar 15. mars, „Sameiginleg yfirlýsing vegna áhrifa COVID-19 á skólastarf,“ <https://reykjavik.is/frettir/sameiginleg-yfirlýsing-vegna-ahrifa-covid-19-skolastarf>

⁴⁸⁴ Porgerður L. Diðriksdóttir, formaður félags grunnskólakennara, viðtal.

⁴⁸⁵ Sama

hvaða áhrif þetta hefði. Það var því mikil hræðsla við að takast á við þetta verkefni að halda skólunum opnum.”⁴⁸⁶

Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri Háteigsskóla kveðst hafa haldið fund á kaffistofunni í upphafi faraldursins þar sem farið var vel yfir stöðuna.

„Þar bað ég fólk vinsamlegast um að vera ekki að tjá sig á facebook um ástandið. Í svona aðstæðum verður maður samt fyrst og fremst að hlusta. Í raun höfðu allflestir minnstar áhyggjur af sjálfum sér. Það var yfirleitt eitthvað annað sem olli áhyggjunum, eitthvað utanaðkomandi frekar en að það snerti starfið beint, t.d. foreldrar, börn eða nánir ættingjar. Við bjuggum svolítið að því við eigum í mjög heilbrigðu sambandi við starfsfólkið okkar. Fólk kemur og segir okkur frá því ef eitthvað amar að. Við tókum síðan einstaklingssamtöl við þá fáu í kennarahópnum sem töluðu eins og forysta kennarasambandsins um að verið væri að fórna kennurum á altari efnishyggjunnar með því að hafa skólana opna.”⁴⁸⁷

Fleiri úr hópi kennara og skólastjórnenda sem rætt var við höfðu sömu sögu að segja af ótta starfsfólks við veiruna fyrsta árið áður en bólusetningar hófust.

Háteigsskóli varð fyrstur skóla á höfuðborgarsvæðinu sem þurfti að loka um miðjan mars vegna COVID-19 smita á sama tíma og verið var að endurskipuleggja skólastarf á öllu



⁴⁸⁶ Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara

⁴⁸⁷ Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri Háteigsskóla og Guðrún Helga Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri viðtal í Háteigsskóla.

höfuðborgarsvæðinu vegna samkomubanns. Stjórnendurnir voru heppnir því þær smituðust ekki og gátu fjarstýrt skólanum að heiman.

8.6 Skólastarf endurskipulagt á nokkrum dögum

Í aðdraganda þess að ákveðið var að halda leik- og grunnskólum opnum í settum samkomutakmörkunum hófst mikil vinna við að endurskipuleggja skólastarfið í samræmi við gildandi sóttvarnarreglur og áður nefnda auglýsingu. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu höfðu náið samstarf um þetta og sendu út sameiginlega tilkynningu föstudaginn 13. mars þar sem boðaður var starfsdagur í öllum skólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og skólahljómsveitum á vegum sveitarfélaganna mánudaginn 16. mars.

Foreldrar og forsjáraðilar leik- og grunnskólabarna voru hvött til að fylgjast vel með upplýsingum þessa helgi og mánudaginn eftir hana á heimasíðum sveitarfélaga og grunn- og leikskóla. Unnið var að sameiginlegum leiðbeiningum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um frístundaheimili, íþróttastarf, íþróttamannvirki, skólahljómsveitir, og aðrar tólmstundir barna.

Stjórnendur unnu alla helgina að útfærslunni en mánudagurinn var nýttur til að skipuleggja starfið með kennurum og öðru starfsfólki skólanna.⁴⁸⁸

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri telur að þessi ákvörðun varðandi skólastarfið og aðgerðirnar sem fylgdu í kjölfarið þessa helgi hafi skipt sköpum varðandi það hvernig til tókst í kórónuveirufaraldrinum. Stjórnendur og starfsfólk skólanna hafi þarna lyft miklu grettistaki.

Um þetta segir borgarstjóri: „Mér er líka ógleymanleg helgin þegar við umturnuðum öllu skólastarfi á höfuðborgarsvæðinu með því að gefa einn starfsdag á mánudegi. Í lok þess dags var búið að hólfaskipta öllum skólum samkvæmt öllum kúnstarinnar sóttvarnarreglum.“⁴⁸⁹

Eftir mikil fundahöld alla helgina var útfærslan að mestu leyti tilbúin sunnudaginn 15. mars en eftir var að hólfaskipta í skólum og skipuleggja starfið þar.

Sveitarfélögin sendu frá sér tilkynningu þennan sunnudag þar sem farið var yfir útfærslur í skólum og frístunda- og íþróttastarfi. Í tilkynningunni kom eftirfarandi fram:

⁴⁸⁸ Vefur Reykjavíkurborgar, „Ekkert skóla og frístundastarf á mánudag“, 13. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/ekkert-skola-og-fristundastarf-manudag>

⁴⁸⁹ Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri viðtal

„Grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu

Kennsla verður í hópum með ekki fleiri en 20 nemendum og ekki verður um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Skólar munu halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður. Það verður í höndum hvers sveitarfélags og skóla að útfæra skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Nákvæm útfærsla verður því ólík milli skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Öll hefðbundin kennsla í list- og verkgreinastofum mun falla niður og íprótta- og sundkennsla verður í formi hreyfingar á skólalóð, inni í hópastofum eða annarrar útikennslu. Hver skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun. Sér- og starfsdeildir verða með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni. Þá verður matarþjónusta í boði í skóla ef mögulegt er að koma því við. Öll neysla á mat fer fram í heimastofum eða í matsal skóla þar sem því verður við komið. Vettvangsferðir falla niður ásamt ferðum í skólabúðir.

Leikskólar á höfuðborgarsvæðinu

Gert er ráð fyrir því að halda starfsemi leikskóla gangandi á sem öruggastan hátt með þeim hætti að börn verði í sem minnstum hópum og aðskilin sem mest. Vegna þessa raskast skólastarf í leikskólum og opnunartími getur breyst s.s. vegna þrifa sem nauðsynleg eru. Hver leikskóli á höfuðborgarsvæðinu mun upplýsa foreldra um útfærslu á skólastarfi á heimasíðu eða í gegnum aðra miðla.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Frístundaheimili verða opin í framhaldi af skóladegi yngstu nemenda en viðbúið er að starfsemi muni að einhverju leyti skerðast.

Starfsemi félagsmiðstöðva tekur breytingum þar sem megináhersla verði á að mæta félagsþörf án þess að skörun verði milli hópa eða bekkja. Til dæmis með hópaskiptingu eða árgangaskiptingu í opnunum og lögð áhersla á hópastarf en ekki stærri samkomur. Nákvæm útfærsla verður ólík milli félagsmiðstöðva.

Tónlistarskólar og skólahljómsveitir á höfuðborgarsvæðinu

Tímar í hljóðfærakennslu og söngkennslu fara fram í húsnæði eða heimastöð tónlistarskóla eða skólahljómsveita. Hóptímar s.s. hljómsveitartímar, hópæfingar, tónfundir, forskóli og tónfræðitímar falla niður. Allir viðburðir tengdir þessari starfsemi falla niður. Viðmið þessi taka einnig til tónlistarnemenda sem eru eldri en 18 ára. Lögð er áhersla á að leitað sé leiða til

að viðhalda virkni óháð fjarveru og niðurfellingu tónlistartíma. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla.

Skólaíþróttir og íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu

Ekki verður hefðbundin íþrótt- og sundkennsla á vegum grunnskóla í samkomubanninu. Viðkomandi húsnæði verður lokað fyrir skólakennslu og íþrótt- og sundkennarar vinna með námshópnum í heimastofu eða úti á skólalóð. Íþróttafélög munu gefa út eigin tilkynningar um íþróttæfingar. Tilkynningar eru þegar komnar frá íþróttasamböndum um leikjaban. ⁴⁹⁰

8.7 Hólfaskiptingar og nýtt skipulag

Hólfaskiptingar í skólunum og víðar á starfsstöðum borgarinnar voru til að treysta sóttvarnir og koma í veg fyrir hópsmit. Á móti juku þær einangrun starfsfólks og barna, þrengdu að starfsaðstöðu og höfðu áhrif á samskipti á vinnustöðum.

Skólabyggingarnar sjálfar hentuðu misvel til hólfaskiptingar en þeim þurfti að skipta upp í sóttvarnarhólf með 20 einstaklingum að hámarki og gæta þess að hóparnir blönduðust ekki, t.a.m. í frímínútum. Víða þurftu börn að vera heima einhverja daga í viku og átti það sérstaklega við um eldri börnin. Skólastjórnendum var falið að finna besta fyrirkomulagið sem hentaði viðkomandi skólum. Í einhverjum tilfellum var skóladagurinn stytur og bekkjum skipt upp þar sem fjöldinn var of mikill. Fjarkennsla í gegnum Google Meet var algeng hjá þeim skólum sem höfðu tileinkað sér þá tækni.

Þorgerður L. Diðriksdóttir, formaður félags grunnskólakennara, segir að faraldurinn hafi m.a. leitt í ljós að hólfaskipting í nýjustu skólabyggingunum þar sem unnið er í stórum opnum rýmum hafi reynst snúnari en í skólabyggingum þar sem eru hefðbundnar stofur. Nýlegir skólar hafi verið byggðir með það fyrir augum að skólastarfið geti flætt um ganga og stofur.

„Ég er hrædd um að við verðum að hugsa það upp á nýtt hvernig svona opin rými eru skipulögð og í það minnsta verður að hafa möguleika á því að hólfnið til að hægt sé að gæta að sóttvörnum og halda starfinu gangandi. Opin rými eru kannski ekki alveg alltaf málið.“ ⁴⁹¹

⁴⁹⁰ Vefur 15. mars, „Starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt- og menningarmála í samkomubanni“, <https://reykjavik.is/frettir/starfsemi-grunn-og-leikskola/ithrotta-og-meningarmala-i-samkomubanni>

⁴⁹¹ Þorgerður L. Diðriksdóttir formaður félags grunnskólakennara, viðtal.

Skipulag vegna aukinna þrifa og sóttþreinsunar á snertiflötum var þegar komið á. Hólfaskiptingin og blátt bann við því að foreldrar kæmu inn í skólana hafði einnig þau áhrif að álag á starfsfólk skólanna jókst.

Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara, segir að vegna hólfaskiptingarinnar hafi álag aukist mikið á leikskólakennara og starfsaðstaða versnað til muna. Um leið og komu tímabil þar sem faraldurinn gekk niður hafi síðan komið upp kröfur frá skólayfirvöldum um að hætta hólfaskiptingunni.⁴⁹²

Þorgerður L. Diðriksdóttir formaður félags grunnskólakennara segir að öll hafi lagst á eitt við að láta skólastarfið ganga upp á þessum tíma.

„Þetta gekk mjög vel þarna í fyrstu bylgjunni – mars fram á vor 2020. Ráðist var í miklar hólfanir og allt skipulagt upp á nýtt sem leiddi til þess að kennarar höfðu litla sem enga aðstöðu í skólunum og ég fann að þeir voru orðnir aðframkomnir þetta vor.“⁴⁹³

8.8 Nýtt skipulag í skólum

Í viðtali við Helga Grímsson sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem birtist í Fréttablaðinu 16. mars fer hann yfir aðgerðir í skólunum og segir mesta flækjustigið liggja í tilmælum um að nemendur megi ekki blandast. Þar kemur einnig fram að í sumum leikskólum verði fyrirkomulagið þannig að einungis helmingur barna geti mætt í skólann á hverjum tímamarki. „Útfærslan er hjá hverjum og einum skóla fyrir sig með það að markmiði að halda úti eins mikilli kennslu og mögulegt er í aðstæðunum.“⁴⁹⁴

Í Fréttablaðinu var rætt við Hreiðar Sigtryggsson skólastjóra í Langholtsskóla 19. mars, en þá hafði skólinn starfað í tvo daga samkvæmt breyttu skipulagi. Þar var nemendum skipt í tvo hluta og mættu þeir annan hvern dag í skólann en í skólanum voru á þessum tíma 700 nemendur og 100 starfsfólk. Hreiðar sagði skólann búa vel að því leyti að í Langholtsskóla hafi skólinn verið byrjaður að vinna mikið rafrænt á unglíngastigi og þar sé hægt að mæta nemendum betur með fjarkennslu. Í samtalinu við Hreiðar kom fram að nokkuð margir foreldrar hafi kosið að halda nemendum heima.

⁴⁹² Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara, viðtal.

⁴⁹³ Þorgerður L. Diðriksdóttir viðtal.

⁴⁹⁴ Fréttablaðið, „Samkomubann gengið í gildi á Íslandi“, 16. mars bls. 1

„Núna erum við fyrst og fremst að hugsa um að halda bara áfram, að stoppa ekki allt saman. Við erum auðvitað bara að taka þátt í þessu eins og allt samfélagið að dreifa þessu álagi og halda út eins lengi og við getum.“⁴⁹⁵

8.9 Leikskólar í samkomubanni

Ákveðið var að opnunartími leikskóla yrði stytur og yrði frá kl. 7.30 – 16.15. Þetta var gert til að gera starfsfólkinu kleift að þrifa og sótthreinsa skólana í lok skóladagsins.

Send var út ítarleg tilkynning til foreldra og forsjáraðila um tilhögun starfsins á leikskólum og hún birt opinberlega á vef borgarinnar á íslensku, ensku og pólsku.

Í tilkynningunni var farið nokkuð nákvæmlega yfir þær aðgerðir sem grípa þurfti til vegna nýrrar reglugerðar um skólahald.

Þar segir orðrétt:

„Tekið verður á móti sem nemur helmingi barna á hverri deild daglega.

Meginlína er að hvert barn komi í leikskólann tvo daga aðra vikunnar og þrjá daga hina og að systkini fylgist að.

Börn starfsfólks í framlínustörfum vegna farsóttar, samkvæmt lista frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, geta sótt um forgang að þjónustu umfram aðra hópa og það kann að fækka þeim dögum sem önnur börn geta sótt leikskólann.

Starfsfólk leitast við að vinna með börnin í litlum hópum u.þ.b. 4-6 börn í hópi.

Leitast verður við að nýta allt húsnæði leikskólans til að dreifa úr hópnum eins og kostur er en verklagið miðar að því að barnahópar blandist sem minnst á milli deilda.

Leikskólum verður lokað kl. 16.15 og tíminn eftir það nýttur til að ganga frá eftir daginn og undirbúa næsta dag en meðal aðgerða leikskólans er að fækka leikföngum og skipta um leikefni á hverjum degi.

Í hvíld og matartíma verði þess gætt að gott bil sé á milli barna.

Hugsanlega þurfa börnin að borða í hollum til að ná því að þau sitji ekki þétt saman og þá þarf að sótthreinsa borð og helstu snertifleti á milli hópa.

⁴⁹⁵ Fréttablaðið, „Hugsa fyrst og fremst um að allt stoppi ekki“, 19. mars bls. 6

Börn leggja ekki á borð, skammta sér ekki sjálf á diskana og taka sér ekki sjálf t.d. ávaxtabita úr skál.

Starfsfólk vinnur fyrst og fremst með börn af einni deild og leitast verður við að lágmarka flæði barna og starfsfólks á milli deilda t.d. með því að deildir skipti á milli sín dögum vegna afnota sameiginlegra svæða.

Fyrirhugaðri aðlögun barna þessar vikur verður frestað.

Komi til mikillar mannfæðar þannig að ekki verði hægt að vinna með börnin í u.þ.b. 4-6 barna hópum verður unnið eftir faliðunarferli leikskóla til viðbótar við ofangreint.“

Þá voru í tilkynningunni nokkuð ítarleg tilmæli til foreldra um að takmarka viðveru í fataherbergjum skólanna og snerta sem minnst, koma alls ekki ef þau eða börnin væru með veikindaeinkenni, gæta fyllsta hreinlætis, koma ekki með leikföng að heiman o.fl.⁴⁹⁶

Á sumum leikskólum voru reglurnar einfaldlega þannig að foreldrar komu alls ekki inn í skólana heldur tók starfsfólkið á móti börnunum úti og sá alfarið um að klæða þau í og úr útifatnaði.

8.10 Smit í Háteigsskóla í mars 2020

Í Háteigsskóla var annað og alvarlegra ástand í gangi um miðjan mars en hólfun og endurskipulagning skólastarfsins. Skólinn þurfti að loka í tvær vikur vegna smita eins og áður hefur komið fram. Í tölvupósti frá Arndísi Steinþórsdóttur skólastjóra til Helga Grímssonar sviðsstjóra SFS kemur fram að 100 nemendur séu komnir í sóttkví og 13 starfsmanneskjur. 60 starfsmanneskjur vinna í skólanum og smituðust 20 af COVID-19, þar af fjögur sem vissu ekki að þau hefðu smitast fyrr en eftir á þegar þau fóru í mótefnamælingu að sögn Arndísar.⁴⁹⁷

Í tengslum við smitið í Háteigsskóla þurfti einnig að loka leikskólunum Nóaborg og Stakkaborg tímabundið en leikskólinn Laufskálar var einnig lokaður á þessum tíma.

„Við sátum heima í tvær vikur en vorum í vinnunni frá morgni til kvölds. Arndís var í því að tala við og hughreysta það starfsfólk sem var heima og þjáðist af kvíða. Ég var að hjálpa

⁴⁹⁶ Vefur Reykjavíkurborgar, „Takmarkanir á leikskólaþjónustu vegna COVID19 – In English and Polish Below“ 16. mars, 2020 <https://reykjavik.is/frettir/takmarkanir-leikskolathjonustu-vegna-covid19-english-and-polish-below>

⁴⁹⁷ Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla, tölvupóstur 17.3.2020

öllum með upplýsingatæknina sem þurfti til að vera í sambandi við nemendur og foreldra og okkar á milli,” segir Guðrún Helga Sigfúsdóttir aðstoðarskólalastjóri.⁴⁹⁸

Þær segja að hólfaskiptingin hafi reynst vel í faraldrinum þegar skólinn mátti opna á ný en starfsfólkinu var t.d. skipt niður á þrjár kaffistofur, ein fyrir unglíngastigið, önnur fyrir miðstig og sú þriðja fyrir yngsta stigið og þeirri skiptingu var haldið í gegnum allan faraldurinn.

„Þarna er fólk sem átti kannski sína bestu starfsfélaga í öðrum hópi og þurfti því að eiga meiri samskipti við aðra vegna hólfaskiptingarinnar. En þetta hefur gengið merkilega vel,” segir Arndís.⁴⁹⁹

8.11 Smit í Klettaskóla

Á sama tíma um miðjan mars kom upp smit í Klettaskóla sem er sérskóli fyrir börn með þroskahömlun sem þjónar öllu landinu. Loka varð skólanum í tvær vikur vegna smitsins.

Í frétt frá Reykjavíkurborg um lokunina sagði að skólinn myndi loka um óákveðinn tíma vegna smita.⁵⁰⁰

Lokun Klettaskóla hafði alvarleg áhrif á fjölmarga foreldra nemenda sem þurftu að vera heima með börnum sínum eins og kemur fram í viðtali við Bryndísi Snæbjörnsdóttur þáverandi formann Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Hún segir að samtökin hafi verið ósátt við að börn gætu aðeins mætt í skólann annan hvern dag til að byrja með í faraldrinum og gert athugasemdir við það. Ekki hafi verið haft samráð við samtökin vegna þess. Síðan hafi skólanum verið lokað vegna smita og því hafi ekki gefist



færi á að leiðrétta þetta.

Talsverð gagnrýni hafi verið frá foreldrum vegna lokunar skólans en hins vegar hafi verið til staðar hræðsla hjá sumum aðstandendum við að fá utanaðkomandi aðstoð inn á heimilin sem var í boði. Foreldrar hafi því einfaldlega þurft að taka

⁴⁹⁸ Guðrún Helga Sigfúsdóttir, aðstoðarskólalastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

⁴⁹⁹ Arndís Steinþórsdóttir, skólalastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

⁵⁰⁰ Vefur Reykjavíkurborgar, „Ekkert skólahald í Klettaskóla um óákveðinn tíma“, 18. mars 2020.

<https://reykjavik.is/frettir/ekkert-skolahald-i-klettaskola-um-oakvedinn-tima-english-and-polish-below>

sér frí frá vinnu til að leysa málin.⁵⁰¹

Báðir skólarnir, Háteigsskóli og Klettaskóli, voru síðan opnaðir í byrjun apríl. Í tilkynningu frá borginni 2. apríl 2020 er tilkynnt að sóttkvíum í báðum skólum hafi verið aflétt og skólarnir geti hafið starfsemi á ný samkvæmt áætlun varðandi smitgát og sóttvarnir í skólum.⁵⁰²

Að öðru leyti lýsir Bryndís Snæbjörnsdóttir hjá Proskahjálpi yfir þakklæti í garð stjórnenda skóla- og frístundasviðs fyrir gott samstarf í faraldrinum.

„Sumarið 2020 fórum við á fullt til að tryggja að okkar fólk sæti ekki eftir í faraldrinum. Við rýndum þetta um vorið með fulltrúum frá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Þar fórum við t.d. yfir það að skólar yrðu að vera tilbúnir að forgangsraða hvernig skólastarfi fatlaðra barna yrði háttað. Við lögðum til að fundin yrði leið til að þau yrðu send síðast heim af öllum. Og þau voru ekki send heim. Það kom t.d. upp smit í Hvassaleitisskóla þarna fljótlega [haust 2020] og þá var sérdeildin þaðan send yfir í húsnæði frístundarinnar. Við lögðum m.a. til að tómt húsnæði yrði frekar nýtt en að þau yrðu send heim. Í því samhengi bentum við skóla- og frístundasviði á að taka stöðuna innan hverfisins.“⁵⁰³

8.12 Börnum haldið heima í sjálfskipaðri sóttkví

Talsvert var um það að foreldrar héldu börnum sínum heima í fyrstu bylgju faraldursins vegna ótta við smit. Átti þetta ekki síst við foreldra af erlendum uppruna sem studdust oftast en ekki við upplýsingar frá sínum heimalöndum þar sem skólum var lokað í faraldrinum ásamt flestu öðru en í mörgum löndum Evrópu og á Bretlandseyjum var fólk skyldað með lögregluvaldi til að halda sig heima nema brýn nauðsyn bæri til. Mikilvægt var að koma leiðbeinandi upplýsingum til þessara foreldra og var það reynt eftir ýmsum leiðum. Kennarar og frístundafólk voru í sambandi við foreldra. Auk þess var talsverð umræða um þetta einstaka málefni á facebook síðunni Living in Reykjavík og á facebook síðunni Reykjavik-Nasze Miasto sem nær til Pólverja á Íslandi sem mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur úti. Var reynt að nota samfélagsmiðlana til að koma réttum skilaboðum á framfæri varðandi skólahlald og svara spurningum frá notendum þar að lútandi.

⁵⁰¹ Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, viðtal 24. nóvember 2021

⁵⁰² Vefur Reykjavíkurborgar, „Starfsfólki í sóttkví fækkar og skólar opna“ <https://reykjavik.is/frettir/starfsfolki-i-sottkvi-faekkar-og-skolar-opna>

⁵⁰³ Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, viðtal 24. nóvember 2021.

Í tölvupósti frá 23. mars þar sem Helgi Grímsson sviðsstjóri svarar fyrirspurn frá fréttastofu Stöðvar 2 kemur fram að 1.400 börn af um 20 þúsund í skólum borgarinnar séu heima í „sjálfskipaðri sóttkví“.⁵⁰⁴

Fréttir af þessu urðu til þess að landlæknir og sóttvarnalæknir sendu bréf til foreldra, kennara og skólustjórnenda þar sem minnt var á mikilvægi skólagöngu barna þrátt fyrir takmarkanir í skólastarfi. Í bréfinu kom fram að rannsóknir sýndu að fátítt væri að börn smituðust og ef það gerðist sýndu þau lítil sem engin einkenni og væru því ekki miklir smitberar. Þau lögðu áherslu á að náíð væri fylgst með stöðunni og að markmið aðgerða væri að halda sýkingum af völdum kórónuveirunnar í lágmarki svo að heilbrigðiskerfið réði við að sinna þeim sem veiktust.

Í bréfinu var lögð áhersla á eftirfarandi:

- Heilbrigð börn ættu að halda áfram að sækja sinn skóla. Námið er þeim mikilvægt sem og sú virkni og aðhald sem því fylgir.
- Kennarar og starfsfólk skóla er framlínufólk í núverandi aðstæðum. Skólarnir eru mikilvægur hlekkur í okkar samfélagi og framlag skólasamfélagsins afar dýrmætt í því samhengi. Staðan er flókin og kallar á fjölbreyttar leiðir, úthald og sveigjanleika af hálfu allra.
- Kennarar og starfsfólk í áhættuhópum ættu að gæta fyllstu varúðar og skólar fara eftir sínum viðbragðsáætlunum ef upp kemur grunur um smit.⁵⁰⁵

8.13 Mikið álag á yfirstjórn

Mikið álag var á yfirstjórn sviðsins fyrstu tvo mánuðina í faraldrinum og kveðst Helgi Grímsson sviðsstjóri hafa verið á vaktinni öll kvöld og allar helgar þann tíma. Hann og Eygló Traustadóttir stóðu vaktina og sáu um upplýsingamiðlun til stjórnenda. Í fyrstu sá Helgi um upplýsingagjöfina en svo var ákveðið að allar fyrirspurnir og upplýsingagjöf færu í gegnum Eygló. Þá var sett saman teymi tengiliða við fagskrifstofurnar þrjár sem halda utan um frístundastarf, grunnskóla og leikskóla sem héldu m.a. utan um smitrakningu á starfsstöðum.

Sviðsstjóri þurfti að sækja marga fundi, m.a. í samstarfsteymi fræðslustjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem funduðu reglulega með almannavörnum höfuðborgarsvæðisins. „Sú samvinna gekk mjög vel og samstilling sveitarfélaganna var algjör,“ segir Helgi. Hann fór einnig á reglulega fundi í menntamálaráðuneytinu og með menntamálaráðherra til að fara yfir stöðuna. Helgi segir að fljótlega hafi komið í ljós að

⁵⁰⁴ Tölvupóstur Helgi Grímsson, svar við fyrirspurn frá Stöð 2, 23. mars 2020.

⁵⁰⁵ Vefur Reykjavíkurborgar, „Landlæknir og sóttvarnalæknir áretta mikilvægi skólagöngu“, 25. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/landlaeknir-og-sottvarnalaknir-aretta-mikilvaegi-skolagongu>

Reykjavíkurborg hafði bestu úrræðin og afl til að finna lausnir og úrræði í faraldrinum og nutu sveitarfélög um allt land þeirrar vinnu.⁵⁰⁶

Stíft var fundað þegar nýjar reglugerðir um sóttvarnir voru settar. Að sögn Helga var skipt um gír varðandi upplýsingagjöf um slíkar breytingar sumarið 2020. Þá var ákveðið að taka stutta upplýsingafundi með skólastjórnendum hvort sem það voru leikskólastjórar, grunnskólastjórnendur, tónlistarskólarnir og stjórnendur í frístundinni til þess að öll væru vel upplýst og útfærslur gengju betur fyrir sig.

Helgi segir að fyrirvari á reglugerðunum hafi jafnan verið allt of stuttur og því hafi fyrirvari til upplýsingajafar til stjórnenda oftast verið mjög lítill. Oft hafi reglugerðir um sóttvarnir í skólum verið birtar rétt fyrir helgi og þá hafi þurfti að nýta helgarnar til að finna út úr því hvernig þær yrðu útfærðar í skólunum. Eitt sinn hafi meira að segja reglugerð verið sett á sunnudegi sem þurfti síðan að útfæra í skólastarfinu á mánudegi.

Á fundi sem almannavarnir höfuðborgarsvæðisins héldu með fulltrúum frá skóla- og frístundasviðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu haustið 2022 kom fram talsverð óánægja með framgöngu menntamálaráðuneytisins í faraldrinum. Þar var einnig rætt að mun betra hefði verið að upplýsa fyrr um meginatriði reglugerða í stað þess að eyða tíma fólks og orku í túlkanir og útfærslur á síðustu stundu. Slík vinnubrögð voru sögð til marks um litla virðingu fyrir einkalífi þeirra sem þurftu að eyða miklum tíma í útfærslurnar utan hefðbundins vinnutíma. Á sama tíma reyndist erfitt eða ómögulegt að ná í fólk í ráðuneytum sem hefði mögulega getað útskýrt álitafni.⁵⁰⁷

Bæði Eygló og Helgi sögðu að helgarvinna hjá þeim hefði verið viðvarandi í faraldrinum og mikið hringt í þau af stjórnendum til að fá ráðgjöf þegar smit dúkkuðu upp. „Helgarnar hafa eiginlega verið strembnar allan tímann,“ segir Helgi.

Samtalið við þau Helga og Eygló fór fram 2. september 2021. Þá höfðu komið upp smit í öllum grunnskólum borgarinnar þótt einhverjir starfsstaðir hefðu sloppið. Engu að síður var erfiðasti tíminn eftir fyrir skólafólk þegar börn og unglingar tóku að veikjast af delta og ómikron afbrigðum veirunnar síðar um veturinn en sú saga er rakin síðar í þessum kafla.

Fjöldmargir viðmælendur á skóla- og frístundasviði og hjá samtökum kennara lýstu mikilli ánægju með framgöngu sviðsstjóra og stöðuga og jákvæða upplýsingagjöf frá honum persónulega og sviðinu í faraldrinum. Miklu máli hafi skipt að sviðsstjóri var alltaf til staðar fyrir fjölmarga stjórnendur sviðsins.

⁵⁰⁶ Helgi Grímsson, sviðsstjóri og Eygló Traustadóttir, viðtal 2. september 2021.

⁵⁰⁷ Bjarni Brynjólfsson fundarpunktur, COVID-19 rýni, skóla- og frístundamál, fundur hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð, 2. nóvember 2022.

8.14 Kennsla og fjölbreytt starfsemi á netinu

Í byrjun apríl var fjallað um það í frétt frá Reykjavíkurborg að kennarar og starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi haldi úti virku námi og afar fjölbreyttri starfsemi á netinu. Skólastarfið var sagt byggja á margvíslegri blöndu af staðnámi, heimanámi og námi í gegnum rafræna miðla. Fram kom að kennarar hafi verið fljótir að laga skólastarfið að nýjum veruleika, breyta skipulagi og taka upp nýjar leiðir til að miðla upplýsingum til nemenda. Þannig hafi virkum notendum í Google skólalausnum fjölgað mikið á undanförunum vikum í reykvískum leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Margvíslegar netlausnir séu notaðar til að styðja nemendur við nám og draga úr einangrun nemenda heima við.



8.14 Margir unglingar stunduðu fjarnám gegnum Google skólalausnir í faraldrinum. Heimanám átti vel við summa nemendur en ekki alla að sögn skólastjórnenda. Mynd: Reykjavíkurborg.

Skóla- og frístundasvið rekur öfluga og lausnamiðaða upplýsingatæknimiðlun sem aðstoðaði skólafólk í því að nýta ýmis konar upplýsingatæknilausnir í starfinu. Rætt var við Bjarndísi Fjólu Jónsdóttur, Hildi Rudolfsdóttur og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur, verkefnisstjóra upplýsingatækni í réttinni sem sögðu að skólarnir útfærðu starfið á mismunandi vegu. Skólafólk nýtti sér lausnir eins og fjarfundalausnina Google Meet sem nýttist til að eiga fundi með nemendum. Haft var eftir þeim að það væri frábært hvað borgin byggði að góðum kennurum sem notuðu nýjar leiðir í kennslu af miklum eldmóði.

Nokkur hundruð tölvur höfðu verið lánaðar til nemenda sem ekki höfðu aðgengi að tölvum heima. Þá voru skólar einnig að leggja fyrir svokölluð 1:1 verkefni (ein tölva á nemanda) þar sem nemendur höfðu greiðari eða tryggðan aðgang að eigin vinnutækjum. Í þeim tilfellum voru nemendur sagðir betur í stakk búnir að takast á við nám stutt af netinu.⁵⁰⁸

Í samtölum við stjórnendur í skóla- og frístundastarfi kom skýrt fram að fjarkennsla og möguleikar á því að nota ýmsar lausnir á netinu hjálpuðu mikið til að vera í sambandi við

⁵⁰⁸ Vefur Reykjavíkurborgar, „Nám og frístundastarf í gegnum rafræna miðla“, 2. apríl <https://reykjavik.is/frettir/nam-og-fristundastarf-i-gegnum-rafraena-midla>

nemendur og aðstandendur í faraldrinum. Þetta átti við bæði leik- og grunnskóla og einnig frístundastarfið.

8.15 Félagsmiðstöðvar á netinu

Í fyrstu bylgjunni þegar félagsmiðstöðvarnar lokuðu brást starfsfólkið hratt við og opnaðar voru rafrænar félagsmiðstöðvar á netinu. „Þau voru allt í einu orðin eins og samfélagsmiðlastjórnur og voru rosalega dugleg að halda lífi í starfseminni og samskiptum við unglingana,“ segir Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar um starfsfólk félagsmiðstöðva Tjarnarinnar. Að sögn hennar var starfsfólkið einnig í sambandi við unglingana á „facetime“ í síma með leyfi foreldra.

Að sögn Guðrúnar var rafrænt starf ekki jafn vinsælt og hefðbundið starf í félagsmiðstöðvunum en það gerði engu að síður sitt gagn þegar engu öðru var til að dreifa.⁵⁰⁹

Dæmi um rafrænt félagsmiðstöðvastarf hjá [Tjörninni](#), [Bakka](#) og [Árseli](#).

Leikskólarnir nýttu sér einnig rafræna tækni til að efla samkennd og nálægð með streymi, t.d. með samsöngs og hreyfistundum, eins og sjá má t.d. á [vina- og hreyfistund hjá Rauðhóli](#).

Segja má að virkni í Google skólalausnum hafi tekið stóra stökkið í marsmánuði 2020 en þá margfaldaðist notkun slíkra lausna í skólunum.⁵¹⁰

8.16 Kennarar tengdust nemendum á netinu

Í Háteigsskóla tengdust allir kennarar nemendum sínum á netinu. Að sögn Arndísar Steinþórsdóttur skólastjóra frétti hún að í Noregi væri sá háttur hafður á í faraldrinum að nemendur mættu hringja í umsjónarkennarann sinn. „Ég fór að skoða þetta nánar og fann þá rannsókn á netinu sem fjallaði um börn í hræðilegum aðstæðum, t.d. stríðsástandi eins og í Sierra Leone. Þar kom fram að það sem róar börnin mest er rödd kennarans. Við útfærðum þetta í því ástandi sem skapaðist hér í skólanum vegna COVID-19 og allir kennarar tengdust nemendahópnum sínum á netinu.“⁵¹¹

Unglingastigið fór mjög fljótlega í fullt nám á netinu og kennarinn hitti nemendur sína þar.

⁵⁰⁹ Guðrún Kaldal forstöðukona Tjarnarinnar, viðtal 15. september 2021.

⁵¹⁰ Vefur Reykjavíkurborgar, „Nám og frístundastarf í gegnum rafræna miðla“, 2. apríl <https://reykjavik.is/frettir/nam-og-fristundastarf-i-gegnum-rafraena-midla>

⁵¹¹ Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

Að sögn Guðrúnar Helgu Sigfúsdóttur aðstoðarskólalastjóra var hringt í nemendur með annað móðurmál en íslensku með myndsímtölum. Af því segjast þær m.a. hafa lært að þannig væri auðveldara að tengjast foreldrahópnum.

„Allt í einu vorum við komin í virkara samband við þennan hóp. Þetta voru um 50 nemendur á þessum tíma. Við fórum að ná sambandi við fólk sem svarar ekki póstunum okkar. Stundum kíktu foreldrarnir inn í samtölin við nemendur sem voru þá í símanum.“⁵¹²

„Annað sem við lærðum af því að vera með nemendur heima er að þau sem haldin eru skólaforðun vegna kvíða eða annars, voru e.t.v. bara í betri málum heima og við gátum nálgast þau þar. Kannski þurfum við að skoða nánar að ef til vill hentar sumum betur að vera heima og að skólinn nálgist þau þar. Við erum svolítið bundin af því að allir eigi alltaf að mæta í skólann.“⁵¹³

Þær tala báðar um að fjarkennsla hafi gengið mjög vel í gegnum Google-Meet umhverfið. Skólinn sé með mjög færnan verkefnastjóra í upplýsingatækni sem hafi strax sett allt á fullt við að tengja kennara við nemendur heima. Allir kennarar voru búnir fartölvum og haldnir voru daglegir fjarfundir með kennurum skólans. Allir í skólanum, kennarar, nemendur og foreldrar geti nú nýtt tæknina.⁵¹⁴

Nýsköpunarmiðja menntamála (NýMið) hjá skóla- og frístundasviði bauð upp á námskeið í notkun upplýsingatækni fyrir kennara og skólafólk enda var mikill áhugi á meðal kennara að tileinka sér upplýsingatækni í faraldrinum. Námskeiðin hófust í lok apríl í gegnum fjarfundabúnað og hófust með námskeiði fyrir starfsfólk Ölduselsskóla. Í mars var einnig settur í loftið vefurinn [Nám stutt af neti](#) þar sem hægt er að finna alls kyns gagnlegar upplýsingar og kennslumyndbönd um hagnýtingu upplýsingatækni.⁵¹⁵

8.17 Innleiðingu stafrænnar tækni hraðað

Í lok apríl samþykkti síðan meirihluti skóla- og frístundaráðs að hraða innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar enn frekar. Áhersla var lögð á að uppfæra tækjabúnað og stuðla markvisst að starfsþróun í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi.

Í greinargerð með tillögunni segir að notkun á ýmsum tæknilausnum í skólastarfi hafi stóraukist í faraldrinum.

⁵¹² Guðrún Helgu Sigfúsdóttir aðstoðarskólalastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

⁵¹³ Arndís Steinþórsdóttir skólalastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

⁵¹⁴ Sama heimild.

⁵¹⁵ Vefur Reykjavíkurborgar, „Lært á netinu að kenna á netinu“, 17. apríl 2020 <https://reykjavik.is/frettir/laert-netinu-ad-kenna-netinu>

„Mestu máli hefur þó skipt hvað starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hefur brugðist við af mikilli fagmennsku, endurskoðað skipulag og nýtt leiðir og lausnir sem styðja við nám, kennslu og mikilvæg samskipti. Fyrir þetta ber að þakka og ekki síður hrósa. Vert er að vekja athygli á því að hugmyndum, lausnum og verkfærum á tímum COVID hefur verið safnað markvisst í verkfærakistu menntastefnuvefsins.“^{516 517}

Tillagan vísaði til samþykktar borgarráðs frá 26. mars 2020 þar sem kynntar voru fyrstu aðgerðir borgarinnar til að mæta afleiðingum kórónuveirufaraldursins en þar sagði í 5. lið.

„Fjárfestingum í innleiðingu nýrrar tækni hjá Reykjavíkurborg verði flýtt og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunarumhverfisins að lausnaleyti á grundvelli nýrrar nýsköpunarstefnu.“⁵¹⁸

Í greinargerðinni með tillögunni er einnig rakið hvernig stafrænar lausnir höfðu verið nýttar á margvíslegan hátt í skólastarfinu undanfarnar vikur.

- „Kennarar í skóla sem þurfti að loka tímabundið nýttu t.d. stafrænar lausnir í faglegu starfi og umsjónarkennarar funduðu daglega með nemendum í 1.-10. bekk. Umræða um mismunandi þarfir og stöðu nemenda (t.d. aðgengi að búnaði og neti) opnaðist og skólar lánuðu töluvert af tækjum heim til nemenda. Í ljós kom að skólar með 1:1 verkefni (ein tölva á nemanda) stóðu einna best þegar kom að fjarkennslu.
- Margvísleg starfsþróun færðist yfir á netið. Skólar, t.d. í þróunarverkefnum færðu sameiginlega fræðslu á starfsdögum yfir á netið. Haldnar voru fjölsóttar fjarmenntabúðir á vegum HÍ og HA í samstarfi við SFS sem starfsfólk SFS tók þátt með kynningum.
- Ráðgjafar og kennarar nýttu tæknina til að styðja við nemendur m.a. brúarsmiðir Miðju Máls og læsis sem hafa stutt fjöltyngda nemendur við heimanám í gegnum Google-Meet. Einnig lögðu kennarar og stjórnendur grunnskóla mikið upp úr að vera í samskiptum við nemendur og foreldra til að ræða líðan, stöðu, aðbúnað og fleira.
- Rafræn heimavinna bjó til nýja „námshesta“ (t.d. margir strákar sem hafa unnið meira á liðnum vikum en nokkra mánuði þar á undan.)
- Rafræn heimavinna og rafræn samskipti í nemendahópum „kveikti“ nemendum með skólaforðun.

⁵¹⁶ Menntastefna Reykjavíkur, <https://menntastefna.is/verkfaerakista/>

⁵¹⁷ Skóla- og frístundaráð fundur nr. 182 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-182>

⁵¹⁸ Borgarráð, fundur nr. 5581, fundargerð 26. mars 2020. <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5581>

- Nokkrir nemendur hafa sagt að kennarinn hafi aldrei talað eins mikið við þá sem einstaklinga og núna.
- Foreldrar barna af erlendum uppruna hafa lýst yfir ánægju sinni við brúarsmiði MML um það hversu frábærir kennararnir séu í að vera í sambandi og sinna börnum þeirra á þessum erfiðu tímum en það eru dæmi um að börn séu í meiri samskiptum við kennara en áður.
- Aukin rafræn upplýsingagjöf virkjaði marga foreldra með nýjum hætti og margir stjórnendur eru orðnir öruggari í rafrænni upplýsingagjöf.
- Skerpt hefur verið á vinnulagi og ferlum er snúa að mati á tæknilausnum út frá persónuverndarlögum. Í því sambandi hefur verið lögð sérstök áhersla á að vekja athygli alls starfsfólks SFS á mikilvægi persónuverndar m.a. í upplýsingapóstum og í allri fræðslu.
- Samstarf milli sviða hefur aukist með samvinnu kennsluráðgjafa, lögfræðinga Skóla- og frístundasviðs, persónuverndarsérfræðinga og starfsfólks Upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar (UTR).⁵¹⁹

8.18 Samhæfingar og hjálparteymi stofnuð

Á sama fundi skóla- og frístundaráðs lögðu fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata fram tillögu sem ráðið samþykkti um að leggja sérstaka áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Samkvæmt tillögunni átti sérstaklega að huga að nemendum með annað móðurmál en íslensku, nemendum í skólaforðun og unglingum í áhættu hegðun. Sviðsstjóra SFS var falið að móta verklag í samráði við þjónustumiðstöðvar. Setja átti upp viðbragðsteymi í hverjum borgarhluta sem myndi samhæfa vinnu skóla, skólaþjónustu og frístundamiðstöðvar í málefnum einstakra barna og hópa í viðkomandi borgarhluta.

Einnig skyldi komið á fót samhæfingarteymi sem hefði yfirsýn yfir málefni barna og unglunga sem metin væru í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna áhrifa COVID-19, í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. „Í þessu samhæfingarteymi sitji fulltrúar skóla- og frístundasviðs, skólaþjónustu, frístundamiðstöðva, skólastjórnenda og kennara auk fulltrúa skóla- og frístundaráðs.“

Hópurinn skyldi funda vikulega fram til 15. júní 2020 og meta þá hvort haldið skyldi áfram.⁵²⁰

⁵¹⁹ Skóla- og frístundaráð fundur nr. 182 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-182>

⁵²⁰ Skóla- og frístundaráð fundur nr. 182 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-182>

Samhæfingarteymi og fimm slík viðbragðsteymi voru stofnuð, kölluð hjálparteymi og funduðu vikulega með samhæfingarteymi.

„Á fundum hjálparteymis var fjallað um þær tölulegu upplýsingar sem fyrir lágu á hverjum tíma og aðilar teymis gerðu ráðstafanir í samstarfi við skóla- og frístundastarf að finna út hvar þessi börn væru og hvort þeim hefði verið mætt samkvæmt samþykktu verklagi. Í öllum tilfellum lágu fyrir skýringar á fjarveru barnanna frá skóla- og frístundastarfi en vissulega höfðu menn áhyggjur af því hversu langt tímabil þetta er í lífi barna. Í einhverjum tilfellum er um að ræða fjarveru frá því í byrjun mars og jafnvel fram að upphafi skóla í ágúst. Helstu ástæður fjarveru er: sjálfskipuð sóttkví vegna til dæmis veikinda á heimili, börn af erlendu bergi sem treysta síður íslenskum heilbrigðisyfirvöldum, börn sem fyrir voru með alvarlegan skólaforðunarvanda fyrir, erfiðar félagslegar aðstæður barna og vöntun á stuðningi forsjáraðila til þess að stunda nám og tólmstundir. Ekki var fjallað um börn niður á nafn í hjálparteyminu. Fram kom að skólustjórnendur og starfsmenn þjónustumiðstöðva hafa verið í sambandi við umrædd heimili og vel er fylgst með hverju og einu barni.“⁵²¹

8.19 Þjónustugjöld leiðrétt vegna skerðinga á þjónustu

Í lok mars 2020 ákváðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að gefa út sameiginlega tilkynningu um að þjónustugjöld vegna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila yrðu leiðrétt vegna skerðinga á þjónustunni.

Leiðréttingin átti við tilvik þar sem þjónusta leik- og grunnskóla féll niður eða var skert vegna verkfalls, samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna. Einnig tilvik þar sem börn gátu ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda. Og enn fremur ef foreldrar kusu að nýta sér ekki þjónustu með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn héldu börnum sínum heima.

Ákvörðunin var tímabundin og gilti til loka maí. Endurskoðun fór fram að teknu tilliti til aðstæðna um miðjan maí.⁵²²

⁵²¹ Alda Árnadóttir: Greinargerð vegna hjálparteyma og samhæfingarteymis 12.06.2020

⁵²² Vefur Reykjavíkurborgar, „Þjónustugjöld vegna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila“, 24. mars, 2020 <https://reykjavik.is/frettir/thjonustugjold-vegna-leikskola/grunnskola-og-fristundaheimila>

Skóla- og frístundaráð samþykkti einnig á fundi sínum um miðjan maí að heimilt skyldi að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki 20 virka daga í sumarleyfi. Þetta var gert til þess að koma til móts við foreldra sem höfðu þurft að ganga á orlofsdaga sína vegna skerðinga á leikskólaþjónustu í samkomubanni í faraldrinum á tímabilinu 16. mars – 30. apríl. Skilyrt var að hvert barn þyrfti að fá 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokaði. Foreldrar gátu sótt um fimm til tíu daga tilslökun á sumarleyfi barna sinna ef þeir hefðu gengið á orlofsrétt sinn vegna faraldursins á tímabilinu 16. mars – 30. apríl.

Börn sem áttu rétt á þessari þjónustu fengu dvöl í hverfisleikskóla og þurftu foreldrar að greiða aukalega fyrir þjónustuna.⁵²³

Í lok maí voru foreldrar aftur boðnir velkomnir inn í skólana en þeir höfðu verið útilokaðir síðan faraldurinn skall á. Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að skólahald sé með hefðbundnum hætti og sama eigi við um starfsemi dagforeldra, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og aðra lögbundna þjónustu á leik og grunnskólastigi. Hins vegar gildi enn fjöldatakmarkanir um starfsfólk leik- og grunnskóla og alla fullorðna á samkomum sem haldnar eru í skólabyggingum en hámarksfjöldi fullorðinna í hverju rými var þá kominn upp í 200. Fólk var hvatt til að virða tveggja metra regluna og gæta að sóttvörnum.⁵²⁴

8.20 Smit í upphafi skólavetrar haustið 2020

Upphaf skólavetrar haustið 2020 litaðist m.a. af því að fresta varð skólasetningu Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla vegna smita og voru skólarnir lokaðir um tíma vegna þessa. Yngstu nemendunum í 1.-4. bekk var hins vegar boðið upp á frístundastarf allan daginn í frístundaheimilum þessara skóla.

Einhverfum börnum úr Hvassaleitisskóla sem sóttu þjónustu í sértæku félagsmiðstöðinni Hellinum var boðin heilsdagspjónusta. Félagsmiðstöðin Tónabær lengdi opnunartíma sinn fyrir börn og unglina í 5.-10. bekk.⁵²⁵

Fleiri skólar voru í vandræðum vegna veirunnar þessa haustdaga en vel gekk að eiga við útbreiðslu smita að sögn sviðsstjóra vegna öflugra sóttvarna og hólfaskiptingar sem hafði verið tekin upp að nýju vegna fjölgunar smita. Í byrjun september voru þannig þrír grunnskólar að opna að nýju eftir lokanir; Hvassaleitisskóli, Álftamýrarskóli og grunnskóli Hjallastefnunnar. Auk þess hafði þjónusta verið skert í leikskólunum Hálsaskógi og Ægisborg

⁵²³ Skóla- og frístundaráð fundur nr. 183 12. maí 2020 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-183>

⁵²⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Foreldrar aftur velkomnir í húsnæði skóla- og frístundasviðs,“ 28. maí 2020. <https://reykjavik.is/frettir/foreldrar-aftur-velkomnir-i-husnaedi-skola-og-fristundasvids>

⁵²⁵ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Meira frístundastarf fyrir nemendur í lokuðum skólum,“ 25. ágúst 2020 <https://reykjavik.is/frettir/meira-fristundastarf-fyrir-nemendur-i-lokudum-skolum>

vegna sóttkvíar starfsfólks. Ekkert smit sem komið hafði upp í þessum skólum hafði dreifst til starfsfólks eða barna.

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, þakkaði stjórnendum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi fyrir útsjónarsemi, sveigjanleika og þrautseigju í skipulagningu skólustarfsins. Hann notaði einnig tækifærið og sagði að foreldrar hefðu tekið hvatningu fræðslufirvalda mjög vel og skólasókn og ástundun væri eins og best væri á kosið.⁵²⁶

Skólar héldu sínu starfi áfram þótt faraldurinn sækti stöðugt þessar haustvikur fram í október. Íþróttakennsla var þó takmörkuð mjög í byrjun október eins og allt íþróttastarf til að koma í veg fyrir hópamyndun, nánd og blöndun aðila úr ólíkum áttum eins og segir í tilkynningu 8. október. Þar var tilkynnt að ekkert íþróttastarf yrði innan dyra í tvær vikur og íþróttakennsla utan dyra yrði ströngum sóttvarnarreglum háð. Skólasund var einnig fellt niður til 19. október. Þetta var ákveðið af öllum skóla- og íþróttasviðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.⁵²⁷

„Verið er að slá skjaldborg um börn, starfsfólk grunnskóla og skólustarf. Andstæðingurinn er veiran og það er mikilvægt að íbúar höfuðborgarsvæðisins sýni samstöðu og leggi allt á vogarskálarnar til að fækka smitum,“ segir í tilkynningunni.⁵²⁸

Þessar aðgerðir voru framlengdar 20. október þar sem faraldurinn hafði verið óvenju skæður á höfuðborgarsvæðinu. Í tilefni af því sendi almannavarnaráð höfuðborgarsvæðisins frá sér eftirfarandi tilkynningu:

„Höfuðborgarsvæðið er á viðkvæmum tíma í faraldrinum. Smitum á höfuðborgarsvæðinu hefur farið fækkandi síðustu daga. Næstu daga er mikilvægt að ná enn frekari tókum á þessari bylgju svo hægt verði aftur að draga úr sóttvarnarráðstöfunum í stað þess að herða frekar á þeim.

Sóttvarnaryfirvöld og almannavarnir hafa hvatt alla og höfuðborgarsvæðið sérstaklega til að halda áfram að koma í veg fyrir hópamyndun, nánd og blöndun aðila úr ólíkum áttum næstu vikur.

⁵²⁶ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Öflugar smitvarnir í skólum skila árangri,“ 2. september 2020 <https://reykjavik.is/frettir/oflugar-smitvarnir-i-skolum-skila-arangri>

⁵²⁷ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Ekkert íþróttastarf næstu tvær vikur,“ 8. október 2020 <https://reykjavik.is/frettir/ekker-ithrottastarf-naestu-tvaer-vikur>

⁵²⁸ Sama heimild.

Sagt var í tilkynningu að búast mætti við breytingum á skólahaldi í þessum aldurshópi. Áhersla yrði lögð á að nemendur kæmu í skólann á hverjum degi en lausna leitað til að koma til móts við skerðingu á skólasókn, m.a. fjarnámi.⁵³²

Starfsemi tónlistarskóla var með breytilegum hætti eftir því sem aðstæður leyfðu en flestir voru með fjarkennslu.

Íþróttastarf var enn óheimilt, félagsmiðstöðvar lokaðar og undirbjuggu starf á netinu.

8.22 Grímuskylda – líka í leikskólum

Upplýsingar um tilhögun skólastarfs voru sendar til foreldra frá hverjum skóla fyrir sig. Nemendur voru hvattir til að koma með grímur að heiman í það minnsta til að byrja með.⁵³³

Reglugerðin var framlengd 13. nóvember til 1. desember með sömu takmörkunum, en starfsfólki í leikskólum var gert að bera grímur ef ekki var hægt að virða tveggja metra reglu í samskiptum við leikskólabörn.⁵³⁴



8.22 Grímur á víðavangi voru ekki óalgeng sjón á tímum kórónuveirunnar. Sumar festust í runnum. Mynd: Reykjavíkurborg.

Þessu og ýmsu öðru er varðar grímuskyldu í skólum og blöndun hópa var breytt í reglugerð sem sett var þremur dögum síðar, 16. nóvember, enda var varla hægt að framfylgja grímuskyldu á leikskólum þar sem mikil nánd er á milli barnanna og starfsfólksins.⁵³⁵

Í enn einni reglugerðarbreytingu sem auglýst var 20. nóvember var tónlistarskólum heimilt að halda einstaklingskennslu áfram ef tveggja

⁵³² Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Skólahald í ljósi hertra sóttvarnarreglna,” 2. nóvember 2020 <https://reykjavik.is/frettir/skolahald-i-ljosi-hertra-sottvarnarreglna>

⁵³³ Sama heimild.

⁵³⁴ Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1106 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 13. nóvember 2020. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/11/B_nr_1106_2020-1.pdf

⁵³⁵ Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1110 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 16. nóvember. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/11/B_nr_1110_2020.pdf

metra reglu og grímuskyldu væri fylgt á milli nemanda og kennara.⁵³⁶

Í desember voru síðan reglurnar framlengdar til loka ársins 2020 með smávægilegum breytingum þar sem sniðnir voru af agnúr í þeim til að auðvelda starfið.⁵³⁷

Rétt fyrir jólin birtist skemmtileg frétt frá skóla- og frístundasviði þar sem fjallað var um jólakveðjur skólahljómsveita sem höfðu verið teknar upp á myndband. Stjórnendur og kennarar höfðu sýnt mikla útsjónarsemi til að geta haldið uppi kennslu og æfingum sem þurfti að móta eftir sóttvarnarreglum frá febrúar 2020. Fáar æfingar höfðu verið haldnar á árinu vegna takmarkana en tækifærið hafði verið gripið á síðustu vikum til að taka upp jólakveðjur í smærri hópum. Voru farnar ýmsar leiðir til að taka upp myndböndin og tónleika án áhorfenda í stærri sölum þar sem hægt var að virða fjarlægðarmörk.⁵³⁸

Þetta síðasta útspil skólasamfélagsins rétt fyrir jólin 2020 var lýsandi fyrir það hugmyndaríki sem skólastjórnendur, starfsfólk skólanna og frístundafólk sýndi í gegnum faraldurinn þar sem ótal skapandi lausnum var beitt til að halda skólunum gangandi og nemendum í virkni.

8.23 Nýtt ár hefst með tilslökunum

Árið 2021 hófst með tilslökunum á sóttvörnum sem höfðu jákvæðar breytingar í för með sér fyrir skólastarfið.⁵³⁹

Í leikskólum gat starfsfólk farið á milli barnahópa og 20 fullorðnir einstaklingar verið í sama rými en með grímur ef ekki var hægt að tryggja tveggja metra nálægðarmörk.

Í grunnskólum máttu 20 fullorðnir einstaklingar vera í sama rými með sömu reglum um nálægðarmörk og grímunotkun. Starfsfólki var leyft að fara á milli nemendahópa. Nemendur 1.-10. bekk voru undanþegin tveggja metra nálægðartakmörkun sem og grímuskyldu.

50 nemendur máttu vera saman í sama rými innandyra og nemendur máttu fara á milli hópa. Ekki var talið æskilegt að aðstandendur og foreldrar væru í skólabyggingum nema algjör nauðsyn bæri til.

⁵³⁶ Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1130 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 20. nóvember 2020

⁵³⁷ Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1224 um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, með síðari breytingum, 8. desember 2020. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/12/B_nr_1224_2020-1.pdf

⁵³⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Skólahljómsveitir senda jólakveðjur“, 21. desember 2020 <https://reykjavik.is/frettir/skolahljomsveitir-senda-jolakvedjur>

⁵³⁹ Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1306 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 1. janúar 2021 https://ahs.is/wp-content/uploads/2021/01/B_nr_1306_2020.pdf

Sömu reglur giltu í frístundastarfi og einnig í skipulögðu íþrótt-, æskulýðs- og tómsundastarfi grunnskólanna.

Miklu máli skipti fyrir skólastarfið að nemendur gátu nú blandast á ný og hægt var að hefja kennslu í valgreinum á ný og opna mötuneyti á ný í stað þess að nemendur mötuðust í kennslustofum.⁵⁴⁰

8.24 Gagnrýni leikskólastarfsfólks í dymbilviku

Gekk nú allt tíðindalítið í skólastarfinu um þriggja mánaða skeið. Fjöldabólusetningar voru komnar á fullt skrið og lítið um smit. Í lok mars dró hins vegar til tíðinda þegar hópsmit kom upp. Smitin voru greind sem nýtt afbrigði kórónuveirunnar sem talið var meira smitandi en fyrri afbrigði.

Heilbrigðisráðuneytið gaf út nýja reglugerð með hertum aðgerðum til að hindra að smit breiddist út. Reglugerðin tók gildi á miðnætti 24. mars en þar var grunnskólum og tónlistarskólum gert að loka í dymbilvikunni og fram yfir páska. Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili lokuðu einnig og námsflokkar Reykjavíkur. Leikskólar áttu hins vegar að hafa opið með hertum reglum þar sem aðeins tíu fullorðnir máttu vera í hverju sóttvarnarhólfi. Þessi ráðstöfun olli mikilli gremju meðal leikskólafólks sem fannst eins og það væri gleymt og grafið. Reglugerðin tók gildi á miðnætti aðfararnótt fimmtudags og var boðaður starfsdagur í leikskólum þann dag til að skipuleggja starfið.⁵⁴¹

Í lok maí kom upp smit á leikskólanum Árborg með þeim afleiðingum að loka þurfti skólanum í nokkra daga en allt starfsfólk skólans, tuttugu talsins voru send í sóttkví og 60 nemendur. Smitið hafði einnig áhrif á leikskólana Holt og Múlaborg þar sem starfsmannskjan á Árborg sem greindist smituð hafði verið í vettvangsferð með þessum skólum og þurftu talsvert margir úr skólunum að fara í sóttkví vegna þessa.⁵⁴²

8.25 Fjármagni veitt til aukinnar sálfræðipjónustu

Fagfólki í skólasamfélaginu, bæði í skólum og frístundastarfi, var ljóst að bregðast þurfti við alls konar vandamálum meðal barna og unglinga sem faraldurinn hafði valdið. Einangrun nemenda, lítil félagsleg samskipti, skert íþróttaiðkun og mikil heimavera höfðu misjöfn áhrif

⁵⁴⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Skólastarf hefst með tilslökunum á sóttvörnum“, 5. janúar 2021. <https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-hefst-med-tilslökunum-sottvornum>

⁵⁴¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Hertar lokanir og takmarkanir vegna COVID-19“, 24. mars 2020, <https://reykjavik.is/frettir/hertar-lokanir-og-takmarkanir-vegncovid-19>

⁵⁴² Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Leikskólinn Árborg lokaður fram á föstudag vegna smits“, 26. maí 2021. <https://reykjavik.is/frettir/leikskolinn-arborg-lokadur-fram-fostudag-vegna-smits>

á börnin. Félagslegar aðstæður barna heima við eru einnig mjög misjafnar og tengslin við skólann mjög mikilvæg mörgum börnum sem búa við erfiðar aðstæður heima fyrir.

Stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustufarfir lagði fram tillögu á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní. Meðal tillagna stýrihópsins var að óska eftir 140 milljóna króna fjárheimild til borgarráðs, sem færi í vinnu með börnum og unglíngum vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19. Um var að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Borgarráð samþykkti tillöguna á fundi 1. júlí 2021.⁵⁴³

Að sögn Guðrúnar Kaldal framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar sem starfar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum hafði faraldurinn greinanleg slæm áhrif á börn og unglínga, sérstaklega þau sem voru í viðkvæmri stöðu fyrir.⁵⁴⁴

„COVID tíminn var ofboðslega krefjandi tími fyrir börn með litla félagsfærni. Þau dattu kannski út úr vínahópum. Manni fannst þetta pínulítið mannréttindabrot. Það mátti bara leika við einhverja tvo vini og fólki skipt í hólf eftir stafrófinu.

Á hinn bóginn hentaði fyrirkomulagið sumum börnum vel; það hentaði til dæmis þeim börnum sem eru svolítið inni í sér og kvíðabörnunum vel að vera í litlum hópum. Þeim fannst erfitt að byrja aftur í stórum hópum. Og „introvert týpunum“ fannst COVID bara frekar næs. Þau gátu þá bara verið ein í kósí heima.

Við erum held ég að sjá núna hversu mikilvægur andlegi þátturinn er. Núna er að koma í ljós að þetta hefur haft mikil áhrif á þá sem eru viðkvæmir. Þeir sem áttu um sárt að binda fyrir COVID eiga enn frekar um sárt að binda núna eftir þetta ástand.“⁵⁴⁵

Fleiri í skólasamfélaginu sem skýrsluhöfundur ræddi við haustið 2021 í skólasamfélaginu tóku undir þetta og sögðu faraldurinn hafa haft margvísleg áhrif á börn og unglínga.

8.26 Fjöldabólusetningar unglínga hefjast

Rétt eftir miðjan ágúst bárust þau gleðitíðindi að fjöldabólusetning 12 – 17 ára barna væri að hefjast í Laugardalshöll og yrði hún dagana 23. –24. ágúst.

Nú bar lítið til tíðinda utan einstaka smits í nokkurn tíma. Faraldurinn var samt enn mallandi í samfélaginu. Skólarnir voru settir um haustið og skólastarf hófst án teljandi takmarkana.

⁵⁴³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Aukið fjármagn sett í sálfræðiþjónustu fyrir börn“, 1. júlí 2021. <https://reykjavik.is/frettir/aukid-fjarmagn-sett-i-salfraedithjonustu-fyrir-born>

⁵⁴⁴ Guðrún Kaldal, viðtal 15. september 2021.

⁵⁴⁵ Sama heimild.

Samkomutakmarkanir miðuðust við 200 manns í rými samkvæmt nýrri reglugerð sem sett var 28. ágúst. Hraðprófum var beitt til að hægt væri að halda viðburði og þeim fjölgaði ört sem voru fullbólusett.

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. október var farið yfir stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík á tímum COVID-19 og aðgerðir í faraldrinum. Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn almannavarnasviðs ríkislögreglustjóra og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir mættu á fundinn.⁵⁴⁶

Af því tilefni bókaði skóla- og frístundaráð:

„Það hefur verið gæfuspor fyrir samfélagið að tekist hefur að halda úti reglulegu skóla- og frístundastarfi þrátt fyrir það mikla álag og skakkaföll sem fylgt hafa COVID-19 faraldrinum. Stefna sóttvarnaryfirvalda og almannavarna hefur verið mjög skýr með að það sé mikilvæg forsenda þess að samfélagið geti gengið sinn gang og allir hafa lagst á eitt við að styðja og framfylgja þeirri stefnu: Starfsfólk og stjórnendur skóla og frístundasviðs, börn og forráðamenn þeirra og kjörnir fulltrúar. Við munum áfram styðja þá stefnu af öllu afli og leggja okkur fram um að styðja þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að kveða niður faraldurinn.“⁵⁴⁷ Skóla- og frístundaráð þakkar Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni, Víði Reynissyni yfirlögregluþjóni hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og Jóni Viðari Matthíassyni slökkviliðsstjóra fyrir mikilvæg innlegg þeirra á fundinum og frábær störf ásamt Ölmú Möller landlækni undanfarna mánuði.“

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum á fundinum lögðu einnig fram svohljóðandi bókun:

„Skólaárið 2020 – 2021 hefur frá upphafi markast af stöðu íslensks samfélags og baráttu þess við illskæða veiru. Til ólíkra aðgerða hefur þar verið gripið til undir stjórn sóttvarnalæknis og Almannavarna, þ.á.m. þær að hafa skólastarf grunnskóla eins eðlilegt og mögulegt er. Af þessum sökum hefur starfsfólk grunnskólans búið við aðrar aðstæður í sóttvörnum en almennt gerist og hefur borið á kvíða og vanlíðan í þeirra hópi. Mikilvægt er að hugað verði að starfsfólki við þessar aðstæður á raunsæjan hátt, það verður að finna fyrir jákvæðum stuðningi í öllum dagsins auk þess að fá upplýsingar um

⁵⁴⁶ Fundur skóla- og frístundaráðs nr. 193 13. október 2021, <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

⁵⁴⁷ Sama heimild.

stöðu mála inni á sínum vinnustöðum. Verkefni grunnskólanna í þessum aðstæðum er stórt og enn er allsendis óvíst um framtíðina. Mikilvægi hreinskiptinnar, jákvæðrar og öflugrar mannauðsstjórnar er algert um leið og allar aðgerðir verða að miðast við að hraða því ferli að samfélagssmit náist niður og að neyðarstigi sé aflétt.“

8.27 Álag gríðarlegt vegna smitakningar

Smitum fór fjölgandi á ný í október. Delta afbrigði veirunnar var komið til að hrella landsmenn og pestin farin að hafa veruleg áhrif á skólastarfið þar sem nú smituðust börn og unglingar einnig þótt einkenni væru væg hjá flestum. Smitakning sem skólastjórnendur þurftu að sinna var sérstaklega lýjandi þar sem hafa þurfti hraðar hendur að taka saman lista yfir þau sem þurftu að fara í sóttkví og hafa samband við þau. Oft þurftu stjórnendur að vinna langt fram á kvöld við smitakningu og samskipti við smitakningateymi almannaþinganna. Sumir skólar lentu ítrekað í smitum með tilheyrandi smitakningu sem var að verða hálfgerð mara sem lá á skólastjórum ofan á allt starfið við að halda starfinu gangandi í faraldrinum.

Þorsteinn Sæberg formaður félags skólastjóra sagði í viðtali við fréttavefinn Vísi að álagið á skólastjórnendur væri gríðarlegt vegna þessa.

„Þetta er með þeim hætti í dag að skólastjórar frá tilkynningu þegar upp kemur smit yfirleitt síðari part dags og það bara farið í það, kvöld og jafnvel langt fram á nætur, í skólum að rekja smit með hringingum í fólk um það hvort þessi eða hinn hafi verið í návígi við þennan eða hinn og svo framvegis. Svo þarf að hafa samband við fólk þannig að allt sé nú klárt að morgni næsta dags og þetta er bara verkefni sem er ekki bætandi á skólastjórnendur sem hafa í nógu að snúast.“⁵⁴⁸

Í viðtali við síðdegisútlit Rásar 2 á RÚV 21. október sagði Helgi Grímsson sviðsstjóri að skóla- og frístundasvið væri á flóknasta staðnum í faraldrinum til þessa varðandi grunnskólana.

Langstærsti hópurinn sem var í einangrun á þessum tíma voru börn á aldrinum sex til tólf ára sem var nýtt þar sem börn höfðu ekki smitast jafn mikið af fyrri afbrigðum kórónuveirunnar en 50 – 60 smit voru að greinast á dag. Helgi sagði að í þrettán skólum hefði ekkert smit komið upp en í fjórum skólum hafði þurft að setja af stað umfangsmikla smitakningu allt að tíu sinnum með tilheyrandi röskun á skólastarfinu. Helgi sagði miklu flóknara að hefta útbreiðsluna því smitin væru lúmsk og kæmu stundum ekki í ljós fyrr en

⁵⁴⁸ Lillý Valgerður Pétursdóttir, visir.is: „Skólastjórar í næturvinnu við að rekja smit“, 21. október 2021 <https://www.visir.is/g/202112172376d/skolastjorar-i-naeturvinnu-vid-ad-rekja-smit>

foreldrarnir veiktust. „Þetta er töluvert flækjustig sem við erum núna að glíma við og myndi ég segja að gagnvart grunnskólunum að þá erum við á flóknasta staðnum fram að þessu, vegna þess að krafan um opnun er svo mikil en svo kemur á móti að okkur ber að framfylgja reglum um að rekja og greina hvar smit er til þess að hefta frekari útbreiðslu.“⁵⁴⁹

Þetta var samt bara forsmekkurinn að því sem síðar gerðist þegar ómíkrón afbrigðið herjaði á landsmenn með tilheyrandi fjölda smita. Smit í skólum og vinnustöðum urðu þá svo algeng að hætt var að fjalla um einstaka smit sem upp komu í skólum og frístundastarfi. Þarna reyndi verulega á þrautseigju starfsfólks og útsjónarsemi stjórnenda hjá borginni bæði á vettvangi skóla- og frístundastarfs og í velferðarþjónustu. Mönnunarvandi kom upp á flestum starfsstöðum en mismikill þó.

Rétt fyrir miðjan desember kom upp hópsmit í Klettaskóla sem er sérskóli fyrir fötluð börn. Tíu nemendur og fimm starfsmanneskjur reyndust smituð. Tilfellið voru að mestu bundin við tvo árganga skólans og tókst að einangra þau. Skólastarf var því ekki fellt niður eins og í fyrsta skiptið þegar smit greindist þar en starfsfólk og nemendur voru send í sóttkví eftir smitakningu. Rætt var við Arnheiði Helgadóttur skólastjóra í frétt á Vísi og sagði hún m.a. að börn og unglingar hefðu verið að smitast í auknum mæli á þessari haustönn en þetta væri í fyrsta sinn sem hópsmit greindist í Klettaskóla. Hún þakkaði foreldrum og starfsfólki sem hefðu staðið sig vel.⁵⁵⁰

Eftir miðjan desember 2021 komu vikur þar sem hvert metið í fjölda smita var sett. Farið var að bera á mikill farsóttarþreytu meðal almennings. Vegna bólusetninga var fólk ekki lengur eins mikið á verði gagnvart veirunni. Yngra fólk sérstaklega var hætt að fylgja sóttvarnareglum og tók niður grímurnar í auknum mæli þar sem grímuskylda var. Um jól og áramót lágu margir veikir heima með COVID-19.

Leikskólinn Rauðhóll þurfti að loka á milli hátíða vegna margra smita og mönnunarvanda. Sóttvarnareglur voru hertar en allt kom fyrir ekki, smitum fjölgaði dag eftir dag og greindist metfjöldi smita um áramótin.

8.28 Ráðleggingar sóttvarnalæknis hunsaðar

Umræða var um það að hemja faraldurinn og draga úr fjölda smita með því að hafa skóla-, frístunda- og íþróttastarf lokað til 10. janúar en sóttvarnalæknir lagði það til í minnisblaði til heilbrigðisráðherra. Ekki var farið eftir þeirri ráðleggingu og skólum gert að opna á hefðbundnum tíma á nýju ári.

⁵⁴⁹ Bjarni Pétur Jónsson, RÚV, „Á flóknasta staðnum í faraldrinum til þessa“, 21. október 2021

⁵⁵⁰ Fanndís Birna Logadóttir, Vísi.is, „Tíu nemendur og fimm starfsmenn Klettaskóla smitaðir, 13. desember 2021. <https://www.visir.is/g/20212195576d/tiu-nemendur-og-fimm-starfsmenn-klettaskola-smitadir>

Fundað var um ástandið á milli jóla og nýárs og ákveðið að hefja skólastarf á nýju ári með skipulagsdegi í leik- og grunn- og tónlistarskólum sem og frístundastarfi, 3. janúar.⁵⁵¹

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg er sagt að dagurinn verði nýttur til þess að skipuleggja starfsemina miðað við gildandi reglugerð um sóttvarnir sem var enn á ný háð miklum fjöldatakmörkunum en samkomutakmarkanir miðuðust við 20 manns í nýrri reglugerð sem tók gildi 23. desember.⁵⁵² Í tilkynningunni var ennfremur vitnað í bréf sem Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hafði sent foreldrum og aðstandendum.

„Miðað við hraða útbreiðslu COVID -19 og fjölgun smita í samfélaginu er viðbúið að röskun geti orðið á starfsemi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og tónlistarskóla á komandi dögum. Gera má ráð fyrir að loka þurfi deildum í leikskólum og fella niður kennslu í einstökum árgöngum eða stærri hópum í grunnskólum, um skemmri eða lengri tíma. Stjórnendur munu að öllu jöfnu reyna að leysa forföll eins og hægt er.“⁵⁵³

Þann 4. janúar var önnur frétt um ástandið í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík birt á vef borgarinnar. Þar var rakið að 7,3 prósent starfsfólks í skóla og frístundastarfi borgarinnar væri fjarverandi vegna einangrunar eða sóttkvíar af völdum COVID-19. Foreldrar og aðstandendur voru því varaðir við að til skerðinga gæti komið í starfi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.⁵⁵⁴

Ekki voru allir á eitt sáttir með þá ákvörðun Willum Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra að fara ekki eftir ráðleggingum sóttvarnalæknis varðandi það að hafa skóla lokaða til 10. janúar. Þannig sagði Þorsteinn Sæberg formaður félags skólastjóra í fjölmiðlum í byrjun janúar að hann hefði stutt tillögu sóttvarnalæknis og betra hefði verið að bíða með að opna skólana.

Það gerði einnig Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins, sem sagði í samtali við Fréttablaðið hafa kosið að heilbrigðisráðherra færi að ráðleggingum sóttvarnalæknis. Jón Viðar sagði ennfremur að skólastjórnendur og kennarar

⁵⁵¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Skóla- og frístundastarf fellur niður mánudaginn 3. janúar - In English and Polish below“ 30. desember 2021. <https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-fellur-nidur-manudaginn-3-januar-english-and-polish-below>

⁵⁵² Stjórnartíðindi: Reglugerð nr. 1484, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=e3757fa0-2f5a-4436-84af-fc2cac755ecc>

⁵⁵³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Skóla- og frístundastarf fellur niður mánudaginn 3. janúar - In English and Polish below“ 30. desember 2021. <https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-fellur-nidur-manudaginn-3-januar-english-and-polish-below>

⁵⁵⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Skóla- og frístundastarf hefst við óvenjulegar aðstæður“, 4. janúar 2022. <https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-hefst-vid-ovenjulegar-adstaedur>

hefðu unnið afrek með því að halda kerfinu gangandi en væru orðnir þreyttir á eilífri smitrakningu.⁵⁵⁵

Rætt var við Arnheiði Helgadóttur skólastjóra Klettaskóla um skólabyrjun eftir hátíðarnar á fréttavefnum Vísi og sagðist hún hafa verið fylgjandi því að fresta skólabyrjun til 10. janúar. Mikil forföll voru meðal starfsfólks og nemenda í skólanum. Arnheiður sagði þó að nemendur hefðu verið glaðir að fá að mæta í skólann og gaf kennurum og skólastjórnendum það ráð að reyna að fá nægan og góðan nætursvefn til að glíma við ástandið sem væri erfitt.⁵⁵⁶

Viku síðar, 11. janúar, var ástandið orðið talsvert verra en þá var einn af hverjum tíu starfsmanneskjum í skóla- og frístundastarfi sögð vera frá vegna faraldursins. 600 starfsmanneskjur voru frá vinnu sem jafngilti 10,2 prósent starfsfólks á skóla- og frístundasviði.⁵⁵⁷

Grípum niður í frétt sem Reykjavíkurborg sendi til fjölmiðla og á vefinn 11. janúar 2022 og fjallaði um stöðuna í skólum og frístundastarfi borgarinnar.

„Leikskóli

- Í leikskólum eru 342 starfsmenn í einangrun eða sóttkví sem jafngildir 14,3% af starfsmanna. Það er hækkun úr 8,3% sem var hlutfallið fyrir viku.
- Þá voru í gær 1.554 börn skráð fjarverandi ýmist vegna veikinda, sóttkvíar eða annarra forfalla í borgarreknum leikskólum sem er 29,2% leikskólabarna.

Grunnskóli

- Í grunnskólum eru 216 starfsmenn fjarverandi í beinum tengslum við COVID-19. Það gerir 7,4% starfsmanna og er hækkun úr 6,4% fyrir viku.
- Rúmlega 2.900 börn voru fjarverandi í borgarreknum grunnskólum ýmist vegna veikinda, sóttkvíar eða annarra forfalla eða 20% nemenda.

⁵⁵⁵ Fréttablaðið 4. janúar 2022.

⁵⁵⁶ Vésteinn Örn Pétursson, visir.is: „Ráðleggur skólastjórnendum í erfiðri stöðu að sofa nóg,“ 4. janúar 2022. <https://www.visir.is/g/20222204352d/rad-leggur-skola-stjorn-endum-i-erfidri-stodu-ad-sofa-nog>

⁵⁵⁷ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Einn af hverjum tíu starfsmönnum í skóla- og frístundastarfi frá vinnu vegna covid“, 11. janúar 2022. <https://reykjavik.is/frettir/einn-af-hverjum-tiu-starfsmoenum-i-skola-og-fristundastarfi-fra-vinnu-vegna-covid>

Frístundastarf

- Í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum eru 24 starfsmenn í einangrun eða sóttkví eða 7,2% starfsmanna og er það aukning frá 6,3% fyrir viku.
- Tæplega 400 börn voru fjarverandi ýmist vegna veikinda, sóttkvíar eða annarra forfalla í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem gerir er 23,8% barna.
- Í félagsmiðstöðvum eru 15 starfsmenn í einangrun eða sóttkví sem jafngildir 8,9% starfsmanna og er það fækkun frá 10,6% fyrir viku.⁵⁵⁸

8.29 Staðan fer versnandi og útlitið svart

Staðan fór versnandi frá degi til dags um miðjan janúar. Seljaskóli þurfti að loka vegna margra smita 13. janúar og íþróttæfingar lögðust af hjá ÍR, þar sem 100 börn af 650 voru forfölluð og 30 starfsmanneskjur. Bára Birgisdóttir skólastjóri kvaðst ekki hafa yfirsýn yfir fjölda smita og ekki væri möguleiki að rekja smit. Hún sagði í samtali við RÚV að betra hefði verið að fara að ráðum Þórólfs og opna ekki skólana fyrr en 10. jan.⁵⁵⁹

Skólinn var því lokaður föstudaginn 14. janúar og mánudaginn 17. Á vefsíðu skólans birtist síðan tilkynning þann 17. um framhaldið.

„Í dag funduðum við með yfirmönnum okkar hjá SFS, Almannavörnum Reykjavíkur, Félags- og frístundamiðstöðvum og ÍR til þess að fara yfir stöðuna og taka ákvarðanir um skólalald á morgun, þriðjudaginn 18. janúar.

Staðan er enn mjög þung hjá okkur. Gríðarleg forföll eru í starfsmannahópnum okkar og smit í langflestum árgöngum í skólanum.

Í ljósi þessa var tekin sú ákvörðun að einungis væri hægt að taka einn dag í einu í þessari viku.

Skólalald verður því með eftirfarandi hætti á morgun: Kennt verður í 2., 3., 4., 5. og 8. bekk með hefðbundnum hætti á morgun. Aðrir árgangar verða því miður heima.

⁵⁵⁸ Sama heimild.

⁵⁵⁹ Sólveig Klara Ragnarsdóttir, „Ná ekki utan um fjölda smita,“ ruv.is 13. janúar 2022 <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-01-13-na-ekki-utan-um-fjolda-smita>

Frístundaheimilið verður á morgun fyrir nemendur í 2., 3. og 4. bekk. Ekki fyrir nemendur í 1. bekk. Frístundaheimilið mun hólfaskipta nemendum – þ.e.a.s. passa upp á að nemendur Seljaskóla séu ekki í blöndun við nemendur úr Ölduselsskóla.

Engar æfingar verða hjá ÍR fyrir grunnskólabörn í dag og á morgun, þriðjudaginn 18. janúar.”⁵⁶⁰

Þann 14. janúar var gerð úrslitatilraun til að taka í hornin á faraldrinum og stöðva hann. Heilbrigðisráðherra boðaði þá hertar samkomutakmarkanir sem miðuðust við 10 manns sem voru byggðar á minnisblaði sóttvarnalæknis. Viðburðir sem byggðu á að gestir hefðu farið í hraðpróf voru ekki lengur heimilaðir og skemmtistöðum, börum og spilasölum var gert að skella í lás. Sóttvarnalæknir lagði einnig til aðra leið í minnisblaði sínu sem var að loka samfélaginu að mestu í tíu daga sem hann taldi reyndar áhrifamestu aðgerðina.⁵⁶¹

Þórólfur taldi á þessum tímamarki að faraldurinn gæti reynst heilbrigðiskerfinu ofviða ef fjöldi smita héldist stöðugur um 1.000 á dag í nokkrar vikur til viðbótar og því væri reynandi að draga verulega úr fjölgun smita með lokun. Ástandið var býsna alvarlegt eins og eftirfarandi lýsing sóttvarnalæknis í minnisblaðinu ber með sér.

„Neyðarstigi var lýst yfir á Landspítala þ. 28. desember sl. og hefur verið leitað eftir sérhæfðum starfskröftum utan sjúkrahússins, sjúklingar hafa verið fluttir til annarra heilbrigðisstofnana, björgunarsveitarfólk hefur verið fengið til starfa og mörgum aðgerðum hefur verið frestað innan sem utan sjúkrahússins. Vegna þessa álags á heilbrigðiskerfið þá var lýst yfir neyðarstigi almannavarna þ. 11. janúar 2022 og er það í fjórða sinn í COVID-19 faraldrinum sem slíkt gerist.”⁵⁶²

Helgi Grímsson sviðsstjóri sendi eftirfarandi tölvupóst til skólastjórnenda þegar ný reglugerð var sett.

„Ríkisstjórnin ákvað að halda skólareglugerð óbreyttri komandi daga. Okkar verkefni er að halda úti eins miklu skóla- og frístundastarfi og aðstæður leyfa. Ég hvet ykkur áfram til markvissra sóttvarnaaðgerða og „hugsa út fyrir boxið“. Til dæmis, ef aðstæður leyfa, hafa að

⁵⁶⁰ Vefur Seljaskóla: 18. janúar 2022 – Skólahald í Seljaskóla, 17. janúar 2022.

⁵⁶¹ Þórólfur Guðnason: Minnisblað sóttvarnalæknis um sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19. 13. janúar 2022 <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Minnisblad%20svl.-innanlands-13012022.pdf>

⁵⁶² Sama heimild.

hámarki 10 starfsmenn „í hólfi“, þó reglugerðarheimild sé til þess að hafa 20. Viðbótaraðgerðir mega þó ekki fela sér kostnaðarauka, svo það sé sagt.”⁵⁶³

Síðar í janúar sendi sviðsstjóri einnig tölvupóst til stjórnenda þar sem hann hvatti þau til að láta yngra starfsfólk vita af örvunarskammti bólusetningar „þar sem það fylgist ekki vel með fréttamiðlum“.⁵⁶⁴

25. janúar komu síðan mikil gleðitíðindi fyrir starfsfólk þar sem ný reglugerð kom þar sem ekki var lengur gerð krafa um smitrakningu í skólunum. Sviðsstjóri hafði fyrir um daginn sent tölvupóst til skólastjórnenda um að smitrakningu yrði haldið áfram þar til annað kæmi í ljós en þegar búið var að skera úr um vafaatriði frekar loðinnar reglugerðar kom upp úr kafinu að hætta ætti smitrakningu í skólunum. Helgi Grímsson sviðsstjóri sendi þá póst með yfirskriftinni „Hætt’að telja – þett’er ég.“

Pósturinn var svohljóðandi:

„Sú staða er komin upp að ekki er lengur lögð áhersla á rakningar stjórnenda í skóla- og frístundastarfi hvort heldur er hvað varðar börn eða starfsfólk. Fyrri leiðbeiningar mínar um rakningar á gildistíma reglugerðar gilda því ekki. Meira um þetta á fundinum á eftir.“⁵⁶⁵

Þetta var mikill léttir fyrir skólastjórnendur sem höfðu eins og áður hefur komið fram staðið í ströngu við smitrakningu í marga mánuði.

Nýjar reglur þýddu hins vegar að börn þurftu ekki lengur að fara í sóttkví þótt grunur léki á smiti. Þetta vakti upp ugg meðal starfsfólks. Sviðið lét því kanna kaup á veiruheldum andlitsgrímum fyrir starfsfólk í skólum og sendi sviðsstjóri tölvupóst til stjórnenda varðandi möguleika á kaupum slíks búnaðar.⁵⁶⁶

8.30 „Óðurinn til gleðinnar“

Engu að síður var stutt í enn meiri gleðitíðindi fyrir skólafólk og reyndar allt samfélagið því enn meiri afléttinga á sóttvarnartakmörkunum var að vænta. Víða í nágrennalöndum var búið að aflétta öllu eins og kórónuveiran væri ekki lengur nein ógn.

⁵⁶³ Helgi Grímsson: Tölvupóstur til skólastjórnenda 14. janúar 2022.

⁵⁶⁴ Helgi Grímsson: Tölvupóstur til stjórnenda, 24. janúar 2022.

⁵⁶⁵ Helgi Grímsson: Tölvupóstur til stjórnenda 25. janúar 2022.

⁵⁶⁶ Helgi Grímsson: Tölvupóstur til stjórnenda 26. janúar 2022.

Helgi Grímsson sendi póst á starfsfólk sviðsins 28. janúar sem bar yfirskriftina „Óðurinn til gleðinnar“ sem vísar til frægs tónverks eftir Ludwig Van Beethoven.

Pósturinn er allur hinn jákvæðasti og góð áminning um að besta leiðin til að komast í gegnum krísur er að hafa ávallt bjartsýnina og gleðina að leiðarljósi.

„Heil og sæl öll sem koma að stjórnun hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur,

Nú vinnum við samkvæmt nýrri stefnu með breyttum verkefnum. Sóttvarnayfirvöld í heiminum álíta að við séum að komast í gegnum þetta, en það muni sitthvað ganga á á komandi vikum.

En hvað svo?

Ég hvet til þess að við hefjum gleðina hátt á loft með rísandi sól. Starfsgleðina, ánægjuna af því að sjá börn blómstra, leyfa sér að vera kálfur að vori. Fá blik í augu barna og starfsmanna. Nú er ekki tíminn til vinna upp glötuð verkefni. Setjum gleðina í öndvegi.

Og ég meina þetta í fullri alvöru. Fólkið okkar og börnin eiga það skilið eftir þrúgandi öldurót seinustu tveggja ára að fá aftur njóta sín til fulls í námi, starfi og leik.

Auðvitað þarf starfið að byggja á festu, en glæðum festuna gleði. Hvaða starfsaðferðum vilja kennarar og starfsfólk beita? Ef meiri sveigjanleiki í viðveru stuðlar að aukinni starfsánægju starfsmanna – er hægt að auka sveigjanleikann? Er ekki kominn tími á gigg? Getum við breytt námsmati í vor þannig að börnin og kennarar njóti sín betur í skólastarfinu? Hvað kveikir blikid í augum barnanna? Að hvað verkefnum vilja þau vinna? Hvaða náms- og starfsaðferðir kveikja áhuga þeirra? Getum við aukið val? Getum við aukið útiveru og hreyfingu, farið í fleiri vettvangsferðir? Getum við fjölgað skapandi verkefnum? Nýtum okkur menntastefnuna- okkar mikilvægu grundvallaratriði: Félagshæfni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Um leið og ég þakka ykkur af hjartans einlægni fyrir þau afrek sem þið unnið á seinustu tveim árum með ykkar fólki minni ég ykkur á drauminn. Látum okkur dreyma. Reisum vitann sem við ætlum að stefna á til að auðvelda okkur að komast í gegnum komandi vikur. Tökum samtalið með starfsfólkinu okkar og börnunum. Hvernig hefjum við gleðina hátt á loft?“

8.31 Jákvæð áhrif en líka neikvæð á börn og unglunga

Í mati á áhrifum faraldursins á lýðheilsu Reykvíkinga sem reyndar var gefið út áður en síðustu bylgjum faraldursins lauk síðla árs 2021 kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós varðandi áhrif faraldursins á börn og ungmenni. Þar er t.d. komist að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun að halda skólum opnum og tryggja grunnþjónustu hafi haft jákvæð áhrif fyrir bæði börn og foreldra/aðstandendur.⁵⁶⁷

Samkvæmt lýðheilsumatinu var jákvætt að grunnskólanemar fengu meiri svefn, drukku því færri orkudrykki og voru meira með foreldrum sínum. Þá minnkaði ölvunardrykkja fullorðinna sem var jákvætt bæði fyrir þau og börn og unglunga.

Andleg líðan þeirra versnaði hins vegar og þeim fannst þau ekki hafa næga stjórn á eigin lífi. Þau hreyfðu sig einnig minna, fóru á færri íþróttæfingar, borðuðu minna af grænmeti og ávöxtum og fannst námið ekki jafn skemmtilegt og áður.⁵⁶⁸

Þá jókst skjátími barna í 5. – 7. bekk talsvert, þ.á.m. á samfélagsmiðlum en börn á þessum aldri hafa ekki leyfi til að vera á slíkum miðlum.

Eitt af því sem ber að skoða í ljósi þessa er reyna með einhverju móti að tryggja félagsleg samskipti barna og unglunga. Þrátt fyrir að skólastarf væri skert í grunnskólum gátu börnin þó átt í talsverðum félagslegum samskiptum, voru í ákveðinni rútinu og höfðu stuðning af skólanum sínum í gegnum faraldurinn.

Margar af aðgerðum skóla- og frístundasviðs og stjórnvalda miðuðu að því að draga úr áhrifum faraldursins á börn og unglunga. Stofnuð voru hjálpar- og samhæfingarteymi í öllum borgarhlutum með það að markmiði að samhæfa starf skóla, skólaþjónustu og frístundaþjónustu vegna barna sem ekki mættu í skólann á tímum faraldursins og til að fá betri yfirsýn á stöðu barna í viðkvæmri stöðu í borginni. Í sama tilgangi var flakkandi félagsmiðstöðin Flotinn stofnaður í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og samvinnu við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Flotinn sinnti vettvangsvinnu í öllum hverfum, stóð fyrir uppákomum og vann að því að koma í veg fyrir hópamyndun hjá unglingum í borginni.

Það er því ótvíræð niðurstaða að það hafi verið rétt ákvörðun af hálfu stjórnvalda og fólks í skóla- og frístundaþjónustu að halda skólum og frístundastarfi gangandi að því marki sem mögulegt var í faraldrinum.

⁵⁶⁷ Hugrún Snorradóttir: „Lýðheilsumat á óbeinum áhrifum COVID-19 faraldursins á heilsu og líðan í Reykjavík“. bls. 2

⁵⁶⁸ Sama heimild, bls. 8 -15.

8.32 Skóla- og frístundaráð í heimsfaraldri

Upplýsingagjöf sviðsstjóra SFS og stjórnenda sviðsins til ráðsins var regluleg og víðtæk. Ráðið var vel upplýst um allar aðgerðir sviðsins í faraldrinum. Jafnframt tókst að halda starfsemi ráðsins að mestu órofnu í gegnum tveggja ára tímabil faraldursins þótt fundað væri með fjarfundabúnaði lengst af.

Nokkur ágreiningur varð í skóla- og frístundaráði vegna mismunandi áherslna meiri- og minnihluta á síðari hluta ársins 2020 varðandi ýmislegt í tengslum við kórónuveirufaraldurinn, m.a. um opnunartíma leikskólanna sem var stytur til að hægt væri að sinna sóttvarnaraðgerðum. Tillagan um styttingu opnunartíma var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 14. janúar 2020 og lögð fyrir borgarráð í kjölfarið. Tillagan fékk nokkra fjölmiðlaumfjöllun eftir að hún var samþykkt í skóla- og frístundaráði og voru fjölmargir aðilar sem hvöttu borgarstjórn til að rýna vel í þau jafnréttisáhrif sem samþykkt tillögunnar gæti haft í för með sér. Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 lagði borgarstjóri svo fram eftirfarandi tillögu og var hún samþykkt: „Í samráði við stýrihóp skóla- og frístundaráðs um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík er lagt til að fram fari ítarlegt jafnréttismat á tillögu um breyttan opnunartíma á leikskólum. Mikilvægt er að fá skoðanir foreldra fram í þeirri vinnu og þá sérstaklega þeirra sem eru með dvalarsamninga eftir kl. 16.30 og greina aðstæður þeirra. Greina skal sérstaklega þann hóp foreldra sem muni eiga erfitt með að mæta þessari breytingu á opnunartíma. Einnig er mikilvægt að fá mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti. Að loknu jafnréttismati muni borgarráð taka tillöguna til endanlegrar meðferðar.“

Hér á eftir eru teknar saman helstu umræður um kórónuveirufaraldurinn í skóla- og frístundaráði í öllum bylgjum hans frá því í apríl 2020 til febrúar 2022.

Á fundi ráðsins nr. 181, 10. mars var umræða um kórónuveiru og COVID-19 undir 6. lið. Faraldurinn var þá á byrjunarstigi í landinu þrátt fyrir að neyðarstigi hefði verið lýst yfir. Hlé var gert á fundahaldi ráðsins til 28. apríl vegna faraldursins enda höfðu stjórnendur á sviðinu í nægu að snúast í upphafi veirufársins á meðan verið var að skipuleggja allt skólastarf upp á nýtt á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ráðið fundaði á ný var fyrsta bylgja faraldursins nánast að baki.

8.33 Sumarnámskeið fyrir útskrifaða grunnskólanema

Á fundi skóla- og frístundaráðs nr. 182, 28. apríl lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um að nemendum sem væru að ljúka grunnskólanámi þá um vorið yrði boðið að stunda fjarnámsáfangu í framhaldsskólum um sumarið sér að kostnaðarlausu til að fá sem bestan undirbúning fyrir framhaldsskólanám.

Tillögunni var frestað og hún tekin upp að nýju á fundi nr. 185 9. júní 2020.

Í tillögunni segir orðrétt:

„Í ljósi ástandsins og skerts skólahalds að undanfögnu vegna COVID-19 faraldursins og samkomubannsins er mikilvægt að nemendur eigi þess kost við skólaskilin að spreyta sig á framhaldsskólaáföngum. Þannig munu þeir kynnast framhaldsskólastiginu, geta nýtt tímann og verða betur í stakk búnir til að takast á við krefjandi nám á framhaldsskólastigi.“⁵⁶⁹

Tillögunni var vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að útskriftarárgangur grunnskóla geti stundað fjarnám í sumar til að undirbúa framhaldsskólanám sitt er efalítið lögð fram af góðum hug. Engu að síður liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um að reykvísk ungmenni hafi áhuga á slíku úrræði og engar vísbendingar eru um áform ráðuneytis um að koma slíku á fót. Hins vegar hafa staðið yfir viðræður við framhaldsskóla um að tekið verði tillit til hinna óvenjulegu kringumstæðna í tengslum við COVID-19 faraldurinn við inntöku nema í framhaldsskólana og hafa þær skilað góðum árangri og sameiginlegum skilningi á því að komið verði til móts við nýnema hvað þetta varðar á komandi skólaári í framhaldsskólunum.“

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Það að tillagan sé ekki tekin fyrir fyrir en um sömu mundir og fjarnám framhaldsskólanna hefst lýsir því best að meirihlutinn hefur ekki haft neinn áhuga á að taka málið til frekari skoðunar og reyna að koma til móts við þá nemendur sem eru að ljúka grunnskóla núna og hafa orðið fyrir skertu skólastarfi vegna kórónuveirunnar. Mikilvægt er að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við framhaldsskólanám.“

⁵⁶⁹ Tillaga Sjálfstæðisflokksins um fjarnám í framhaldsskóla í sumar fyrir þá nemendur sem hafa nýlokið grunnskóla

Prátt fyrir að framhaldsskólarnir séu meðvitaðir um að nemendur grunnskólans hafi orðið fyrir skertu skólastarfi og munu að einhverju leyti taka tillit til þess má búast við að margir nemendur hefðu viljað undirbúa sig enn frekar fyrir framhaldsskólann og nýta sér tilboð um kostnaðarlausu fjarnámsáfangu í sumar til að efla sig og styrkja fyrir framhaldsskólanámið.“

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Þar greindi hann frá því að hann hefði átt fund með formönnum Skólastjórafélags Íslands og Skólameistarafélags Íslands 16. apríl sl. Á fundinum hefði ríkt skilningur á því að ekki hefði verið hægt að halda úti fullu skólastarfi á vorönn samkvæmt aðalnámskrá vegna COVID-19. Þar hefði einnig komið fram að framhaldsskólar treystu námsmati grunnskólanna. Ekki væri því ástæða til að ætla að innritun nemenda í framhaldsskóla fyrir haustið 2020 gæti ekki orðið með hefðbundnum hætti.

Einnig var greint frá því í minnisblaðinu að skóla- og frístundasvið og Skólastjórafélag Íslands hefðu þegar sent erindi til ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytisins og forstjóra Menntamálastofnunar til að fylgja eftir niðurstöðum fundarins og að framhaldsskólar myndu laga starf sitt að aðstæðunum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið var sagt hafa sent tilmæli þess efnis til skólastjórnenda.

Þá greindi sviðsstjóri frá því að Vinnuskólinn myndi fjölga 10. bekkjum í sumarvinnu og tímabil vinnu yrði einnig lengt. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið hefðu auk þess samstarf um sérstakt starf á vegum félagsmiðstöðva fyrir unglinga yfir sumartímann.

„Þess má einnig geta að skóla- og frístundasvið hefur ekki orðið vart við ákall frá vettvangi um sumarnám í framhaldsskólum,“ segir í minnisblaðinu.^{570 571}

8.34 Ágreiningur um styttnu opnunartíma leikskóla

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru ósáttir við að opnunartími leikskóla væri skertur með því að leikskólarnir lokuðu kl. 16.30 í stað þess að loka kl. 17. Röksemdir fyrir styttingunni voru þær að nýta þyrfti þennan tíma vinnudagsins til þess að þrifa skólana og sótthreinsa eftir daginn. Fulltrúar sjálfstæðisflokksins lögðu til að komið væri til móts við foreldra sem óskuðu þess að hafa börn sín í vistun til kl. 17 og það gæti komið mörgum foreldrum illa að leikskólar væru ekki opnir nema til kl. 16.30.

⁵⁷⁰ Fundargerð skóla- og frístundaráðs <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-185>

⁵⁷¹ Helgi Grímsson, minnisblað. [Minnisblað um tillöguna](#)

Á fundi skóla og frístundaráðs nr. 185, 9. júní 2020, óskuðu fulltrúar sjálfstæðisflokksins eftir upplýsingum um breytingar á opnunartímanum vegna COVID-19, hversu margir leikskólar hefðu verið með skertan opnunartíma 1. júní 2020 og hverjar forsendurnar væru fyrir því að hafa opnunartímamann skertan.⁵⁷²

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs svaraði fyrirspurninni á fundi ráðsins nr. 193, 13. október og greindi frá því að allir leikskólar borgarinnar hefðu verið með skerta opnun 1. júní.

Í minnisblaði sviðsstjóra segir orðrétt:

„Vegna hættustigs á tímum farsóttar er talið mikilvægt að halda hólfun í leikskólunum eins og kostur er og í því sambandi er mikilvægt að allt starfsfólk sé komið til starfa klukkan 8:30 til að komast hjá blöndun hópa, ekki hvað síst starfsmanna. Jafnframt er mikilvægt að starfsfólk sinni frágangi og sóttthreinsun í lok dags og undirbúningi næsta dags eftir að börnin fara úr húsi. Starfsmannarými í leikskólum eru alla jafna fremur þröng s.s. kaffistofur og undirbúningsaðstaða og til að fækka fólki í rýmum hefur þeim tilmælum verið beint til stjórnenda að gera starfsfólki kleift að taka undirbúningstíma heima. Þess vegna er gjarnan færri fólk í húsi síðdegis en í eðlilegu árferði.“⁵⁷³

8.35 Viðameiri viðhaldsframkvæmdir lagðar til

Á fundi nr. 186, 23. júní 2020, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins að nýju fram tillögu Sjálfstæðisflokksins sem hafði verið frestað á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020. Þar var lagt til að ráðist yrði í enn viðameiri aðgerðir „vegna löngu tímabærra viðhaldsverkefna í grunn- og leikskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum strax á þessu ári. Á sama tíma og slík ráðstöfun yrði atvinnuskapandi yrði margra ára uppsafnaðri viðhaldsþörf skólanna mætt,“ segir í tillögunni.⁵⁷⁴

Tillögunni var vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum skóla- og

⁵⁷² Fundargerð skóla- og frístundaráðs <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-185>

⁵⁷³ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 193 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

⁵⁷⁴ Tillaga Sjálfstæðisflokksins um viðhaldsverkefni á starfsstöðum SFS vegna aukinna fjárfestinga borgarsjóðs

frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins sat hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu einnig fram svohljóðandi bókun:

„Nú þegar liggur fyrir áætlun um aukningu viðhalds á skóla- og frístundamannvirkjum fyrir um 2 milljarða á þessu ári, í kjölfar ákvörðunar borgarráðs að fjölga flýtiframkvæmdum til að örva atvinnustig í borginni. Þetta fjármagn kemur til viðbótar því fjármagni sem varið er til hefðbundins viðhalds og endurbóta á mannvirkjum skóla- og frístundastarfsins í borginni en það hefur þrefaldast á örfáum árum. Erfitt er að sjá að við þær aðstæður sem uppi eru í borginni sé raunhæft að ganga lengra í aukningu en þegar er áætlað.“⁵⁷⁵

8.36 Sömu úrræði fyrir sjálfstætt starfandi skóla

Á sama fundi nr. 186 var lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem hafði verið á dagskrá borgarráðs 14. maí 2020 og borgarráð hafði vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júní 2020, um tillöguna:^{576 577}

„Borgarráð samþykkir að tryggja foreldrum barna á sjálfstætt starfandi leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum þau úrræði sem borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. mars 2020 að tryggja heimilum í borginni. Vísað er til liðar 1(a) í aðgerðarpakka borgarráðs í efnahagsmálum vegna COVID19, þar sem samþykkt var að lækka, fella niður eða leiðrétta gjöld til heimilanna vegna skerðingar þjónustu yfir samkomubann. Þannig verði tryggt að Reykjavíkurborg mæti foreldrum barna í öllum leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar, með sama hætti vegna skertrar þjónustu yfir samkomubann, óháð því hvort börnin sækja borgarrekna eða sjálfstætt starfandi einingar. Borgarráð gæti þannig að jafnræði milli heimilanna í borginni hvað úrræðið varðar.“

⁵⁷⁵ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 23. júní 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-186>

⁵⁷⁶ Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að tryggja foreldrum barna lækkan, niðurfellingu eða leiðréttingu gjalda vegna Covid-19

⁵⁷⁷ Helgi Grímsson: Minnisblað um tillöguna

Fulltrúar meirihlutans vísuðu tillögunni frá með fjórum atkvæðum gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Flokks fólksins í ráðinu sat hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Nú þegar hefur borgarráð gengið frá ákvörðun um niðurfellingu dvalargjalda vegna skerðingar á þjónustu sjálfstætt starfandi leikskóla og frístundaheimila í góðu samráði við samtök sjálfstætt starfandi skóla. Þar sem þessu máli hefur þegar verið lokið af hálfu borgarráðs er ekki þörf á því að taka það mál upp að nýju í þessu ráði enda hefur verið komið til móts við meginóskir forsvarsmanna sjálfstætt starfandi skóla og foreldra með börn í þeim skólum.“⁵⁷⁸

8.37 Fjarvinna og fjarnám

Fyrsti fundur skóla- og frístundaráðs eftir sumarfrí var haldinn 18. ágúst 2020. Veiran hafði aftur látið á sér kræla seinnipart sumars og því fór fram umræða í ráðinu um skóla- og frístundastarf á tímum COVID-19.

Áheyrnarfulltrúar kennara í grunnskólum og skólustjóra í grunnskólum lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Skólaárið sem nú fer í hönd mun án vafa markast af því að skólastarf þarf að taka tillit til sóttvarna vegna COVID19-farsóttarinnar. Grunnskólar borgarinnar undirbúa nú skólastarfið í ljósi áherslna sóttvarnarlæknis um mikilvægi skólastarfs fyrir íslenskt samfélag og samkvæmt leiðbeiningum sem koma til skólanna frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsmenn skólanna leggja metnað sinn í það að leysa verkefnið með sóma og eru að skipuleggja viðbrögð við ólíkum sviðsmyndum sem upp kunna að koma í starfinu vegna þessa. Fulltrúarnir vilja sérstaklega hvetja kjörna fulltrúa ráðsins að beita sér fyrir framkvæmd á samþykkt borgarráðs frá í vor þar sem áréttað var mikilvægi þess að bæta sérstaklega þann aðbúnað sem snýr að fjarvinnu og fjarnámi í grunnskólum borgarinnar. Það er lykilatriði fyrir

⁵⁷⁸ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 23. júní 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-186>

skólastarf að hægt sé að nýta tæknilausnir í þeim raunveruleika sem nú er uppi í skólastarfi og er um leið mikið tækifæri til að þróa og efla skólastarf í borginni.“

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Það er einbeittur ásetningur Reykjavíkurborgar að halda úti faglegu og vönduðu skóla- og frístundastarfi í leikskólum, grunnskólum og frístund á komandi skólaári þrátt fyrir COVID-19 faraldurinn. Að sjálfsögðu vinnum við í samræmi við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda og í góðu samstarfi við önnur stjórnvöld þar sem allir fylgja sömu stefnu. Það er gott að heyra og sjá að fagfólk sviðsins á vettvangi og aðalskrifstofu er vel undir það búíð að mæta þeim kringumstæðum sem skapast hafa vegna faraldursins og allir eru viðbúnir því að þurfa að grípa til ráðstafana þegar og ef aðstæður breytast.“⁵⁷⁹

8.38 Áfram stytur opnunartími leikskóla

Á sama fundi nr. 188 lagði Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs fyrir ráðið að það samþykkti tillögu um að almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar yrði áfram frá kl. 07.30 til 16.30 til 31. desember 2020. Þetta væri lagt til vegna áframhaldandi hættustigs vegna farsóttarinnar.⁵⁸⁰

Samþykkt tillögunnar var frestað en skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

„Í ljósi þess að skipulag leikskólastarfs þarf að fara fram með breyttum hætti vegna COVID 19 er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra foreldra sem þurfa nauðsynlega á leikskólaþjónustu að halda til kl. 17:00. Sviðsstjóra verði því falið, í samráði við leikskólastjórnendur, að koma með tillögum um hvernig megi tryggja fulla þjónustu fyrir þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á að halda. Tillögum verði skilað svo fljótt sem verða má, enda áriðandi að hægt verði að skipuleggja skólastarf og skólasókn leikskólabarna í byrjun skólaárs.“

⁵⁷⁹ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-188>

⁵⁸⁰ Helgi Grímsson: [Tillaga um tímabundna breytingu á opnunartíma leikskóla](#)

Afgreiðslu tillögunnar var frestað.⁵⁸¹

Málið var tekið upp að nýju á fundi nr. 190, 8. september 2020.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu þá fram svohljóðandi breytingartillögu:

„Lagt er til vegna aðstæðna er varða COVID-19 að sóttvörnum vegna farsóttarinnar verði sinnt í leikskólum Reykjavíkur eftir kl. 17:00 til að komist verði hjá tímabundinni skerðingu á leikskólþjónustu. Starfsmönnum leikskólanna gefst kostur á að bæta við sig yfirvinnu til að sinna þessum störfum. Um er að ræða tímabundið ástand eða til 31. október nk. og því ekki um umtalsverðan kostnað að ræða.“

Breytingatillagan var felld af meirihlutanum og upphafleg tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs samþykkt með þeirri breytingu að breyting á almennum opnunartíma myndi gilda til 31. október í stað 31. desember. Lagt yrði mat á það í október hvort nauðsynlegt yrði að framlengja samþykktina og myndi það liggja fyrir um miðjan þann mánuð.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Prátt fyrir þá miklu röskun sem COVID faraldurinn hefur valdið á daglegu lífi almennings hefur góðu heilli tekist að halda úti skóla- og frístundastarfi í borginni með góðri samvinnu allra hlutaðeigandi, starfsfólks, foreldra og barna. Með því að stytta opnunartíma leikskóla um 30 mínútur á meðan þetta ástand varir hefur verið hægt að mæta kröfum sóttvarnaryfirvalda inni í leikskólum borgarinnar. Eins og allir vita fer veiran sínar eigin leiðir og breytist ástandið oft á tíðum hratt. Það er því skynsamlegt að búa svo um að hægt verði að bregðast við og gera ráðstafanir jafnt og þétt, líkt og þessi tillaga gerir ráð fyrir.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í ráðinu lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Samþykkt á tillögu meirihlutans um breyttan opnunartíma leikskóla felur í sér skerðingu á þjónustu sem hittir viðkvæma hópa illa. Þessi ákvörðun meirihlutans fer gegn hans eigin bókun frá 18. ágúst sl. þar sem segir um skóla- og frístundastarf á tímum COVID-19; „Það er einbeittur ásetningur Reykjavíkurborgar að halda úti faglegu og

⁵⁸¹ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-188>

vönduðu skóla- og frístundastarfi í leikskólum, grunnskólum og frístund á komandi skólaári þrátt fyrir COVID-19 faraldurinn". Einnig segir þar að „allir séu viðbúnir því að þurfa að grípa til ráðstafana þegar og ef aðstæður breytast“. Með þeirri ákvörðun sinni í dag um að draga úr þjónustu sýnir meirihlutinn að ekki fari saman mynd og hljóð. Breytingartillaga Sjálfstæðisflokks sem nú var hafnað, var lausnamiðuð og kom í veg fyrir þjónustuskerðingu. Kostnaðarmat FÁST lá fyrir, upphæð sem nemur um 8.000 kr. á barn fyrir þann tíma sem um ræðir. Öllum er ljóst að auknum sóttvörnum fylgir ákveðinn kostnaðarauki. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að eðlilegra sé að forgangsraða í þágu leikskólabarna í stað gæluverkefna. Heildarkostnaður við þá lausn sem Sjálfstæðisflokkur lagði til er innan við 18 milljónir króna, sem ekki getur talist hár ef borinn er saman við endurgerð Tryggvatorgs svo dæmi sé tekið. Lausn Sjálfstæðisflokks hefði sömuleiðis falið í sér aukna tekjumöguleika fyrir starfsfólk leikskólanna sem hefði verið vel tekið á þeim erfiðu tímum sem nú eru uppi. Þjónustuskerðingin kemur illa niður á fjölmörgum fjölskyldum í borginni.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram gagnbókun:

„Opnunartími leikskóla hefur verið til kl. 16.30 í Reykjavík allt frá því í mars. Það hefur verið mikilvæg forsenda þess að hægt hefur verið að halda uppi faglegu leikskólastarfi í borginni við krefjandi aðstæður. Tillagan boðar því enga breytingu hvað það varðar en segir einfaldlega að þetta fyrirkomulag verði áfram við lýði til loka október amk. Foreldrar hafa sýnt þessu mikinn skilning. Breytingartillaga Sjálfstæðisflokksins er köld kveðja til leikskólastarfsfólks sem staðið hefur sig frábærlega við erfiðar aðstæður.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu þá fram svohljóðandi gagnbókun:

„Því fer fjarri að tillaga okkar sjálfstæðismanna feli í sér kaldar kveðjur heldur þvert á móti er verið að koma til móts við starfsfólk og þarfir foreldra. Betur færi á því að meirihlutinn hefði kynnt sér tillöguna betur og litið í eigin barm varðandi sendingar á köldum kveðjum.“⁵⁸²

⁵⁸² Fundargerð skóla- og frístundaráðs 8. september 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-190>

8.39 Skóla- og frístundaráð haft með í ráðum

Á fundi skóla og frístundaráðs nr. 189, 25. ágúst lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

„Lagt er til að búinn verði til skýr verklagsferill komi upp kórónuveirusmit innan grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og frístundamiðstöðva borgarinnar. Verklagsferillinn taki mið af því að komi upp Kórónuveirusmit á starfstöðvum skóla- og frístundasviðs verði skóla- og frístundaráð upplýst hið fyrsta og haft með í ráðum varðandi ákvarðanir í tengslum við aðgerðir sem teknar verða þá í samráði við sóttvarnarlækni og yfirmenn þeirra starfstöðva þar sem smit kemur upp. Þá verði starfsmenn og foreldrar upplýstir strax. Sviðsstjóra verði falið að framfylgja ákvörðunum ráðsins, eins og fram kemur í 6. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.“⁵⁸³

Afgreiðslu tillögunnar var frestað en hún tekin aftur upp á fundi ráðsins nr. 193. 13. október 2020 en fundurinn var alfarið haldinn í fjarfundabúnaði vegna ástandsins. Þá lá fyrir svar frá neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, undirritað af formanni neyðarstjórnar Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.⁵⁸⁴

Svarið var svohljóðandi:

„Í hjálögðum leiðbeiningum frá Almannavörnum dags. 22.09.2020 fyrir stjórnendur í skólasamfélaginu er skýr ferill þegar upp kemur smit í leik-, grunn- og tónlistarskóla, frístundastarfi og hjá dagforeldrum. Í ferlinum kemur m.a. fram að smitakning er samstarfsverkefni stjórnanda, stuðningsteymis og starfsmanns smitakningarteymis almannavarna. Hlutverk stjórnanda er yfirgripsmikið í þessu ferli og ljóst er að ekki er svigrúm í þessum aðstæðum að bíða með ákvörðunartöku í því augnamiði að hafa skóla- og frístundaráð með í ráðum varðandi ákvarðanir í tengslum við aðgerðir sem teknar verða þegar upp kemur smit. Jafnframt kemur fram í ferlinum að vinnan er bæði tímafrek og umfangsmikil og mikilvægt er að hún taki ekki of

⁵⁸³ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-189>

⁵⁸⁴ Umsögn um tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa sjálfstæðisflokksins um verklag vegna kórónuveirusmita 24. september 2020. Umsögn Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar

langan tíma. Tekið er sérstaklega fram að stjórnandi ber ábyrgð á upplýsingagjöf og að upplýsa þurfi foreldra/forráðamenn um stöðu mála og næstu skref. Skilaboðin þurfa að berast eins fljótt og mögulegt er.

Undanfarna mánuði í tengslum við COVID-19 hefur víða þurft að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og taka skjótar ákvarðanir sem viðkoma starfsemi borgarinnar. Á hverjum tíma hefur verið lögð rík áhersla á að upplýsa notendur viðkomandi þjónustu, starfsfólk og starfsstaði um þessar ráðstafanir og ákvarðanir, sem og kjörna fulltrúa, borgarráð og fagráð.

Almannavarnaskipulagið sem neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og stjórnendur borgarinnar starfa samkvæmt, leggur áherslu á einfaldar boðleiðir og vel skilgreint ákvörðunarferli því það getur skipt sköpum um árangur.“

Meirihlutinn vísaði tillögunni frá með fjórum atkvæðum gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna í ráðinu lögðu fram svohljóðandi bókun.

„Eins og fram kemur í umsögn Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar er til staðar skýr ferill þegar upp kemur smit í leik-, grunn- og tónlistarskóla, frístundastarfi og hjá dagforeldrum í borginni. Einnig er við lýði regluleg upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði. Tillögunni er því vísað frá.“

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókuðu þá:

„Fundurinn í dag sýndi fram á að full þörf er á að skýra verkferla og efla gagnvirkt samráð. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar sem bera ábyrgð á skólustarfi í borginni fylgist vel með og geti komið ábendingum og athugasemdum á framfæri.“⁵⁸⁵

8.40 Kynningar á sumarstörfum

⁵⁸⁵ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

Haustið 2020 voru fundir skóla- og frístundaráðs haldnir í borgarstjórnarsalnum til að hægt væri að virða fjarlægðartakmarkanir. Ennfremur var notaður fjarfundabúnaður fyrir þau sem kusu að taka þátt í fundinum rafrænt.

Í kynningu á sumarstörfum á fundi nr. 190, 8. september, kemur fram að skóla- og frístundasvið hafi fengið 46 störf fyrir 17 ára í gegnum átak sem samþykkt var í borgarráði 26. mars en þar var ákveðið að setja fjármagn í 200 störf fyrir 17 ára hópinn. Störfin voru notuð í frístundastarfi og leikskólum.

Ennfremur fékk sviðið 115 störf af fjármagni sem sett var í að ráða í 450 störf í samstarfi við Vinnumálastofnun. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fengu þarna 76 störf, Gulahlíð og Askja 6 störf. Í nýsköpun fóru 37 störf. Þar af sumarnámskeið fyrir fjöltkynngd börn t.d.13 og Flotinn- flakkandi félagsmiðstöð fékk níu störf. Mjög fjölbreytt starfsemi var þetta sumar vegna þessa; námskeið, smiðjur, klúbbastarf og fleira og lýstu fulltrúar í ráðinu yfir ánægju sinni með kynninguna.⁵⁸⁶

8.41 Gæfuspor fyrir samfélagið að halda skólum opnum

Á fundi nr. 193 sem haldinn var 13. október í fjarfundabúnaði fór fram umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík á tímum COVID-19 undir lið 5.

Jón Viðar Matthíasson framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, Víðir Reynisson yfirlöggregluþjónn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir sérfræðingur í aðferðafræði og rannsóknum á skóla- og frístundasviði tóku sæti á fundinum og svöruðu fyrirspurnum.

Af þessu tilefni bókaði skóla- og frístundaráð:

„Það hefur verið gæfuspor fyrir samfélagið að tekist hefur að halda úti reglulegu skóla- og frístundastarfi þrátt fyrir það mikla álag og skakkaföll sem fylgt hafa COVID-19 faraldrinum. Stefna sóttvarnaryfirvalda og almannavarna hefur verið mjög skýr með að það sé mikilvæg forsenda þess að samfélagið geti gengið sinn gang og allir hafa lagst á eitt við að styðja og framfylgja þeirri stefnu: Starfsfólk og stjórnendur skóla og frístundasviðs, börn og forráðamenn þeirra og kjörnir fulltrúar. Við munum áfram styðja þá stefnu af öllu afli og leggja okkur fram um að styðja þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að

⁵⁸⁶ Sumarstarfið á skóla- og frístundasviði 2020 - kynning

kveða niður faraldurinn. Skóla- og frístundaráð þakkar Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni, Víði Reynissyni yfirlöggreglupjóni hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og Jóni Viðari Matthíassyni slökkviliðsstjóra fyrir mikilvæg innlegg þeirra á fundinum og frábær störf ásamt Ölmu Möller landlækni undanfarna mánuði.“⁵⁸⁷

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks þakka formanni ráðsins fyrir að bregðast skjótt við þeirri ósk okkar að fá sóttvarnalækni á fund ráðsins. Fundurinn sýndi fram á mikilvægi virks samráðs og gagnkvæmrar upplýsingagjafar. Mikilvægt er í framhaldinu meðan á kórónuveirufaraldrinum stendur að slíkir fundir verði haldnir oft.“⁵⁸⁸

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum lögðu einnig fram bókun:

„Skólaárið 2020 – 2021 hefur frá upphafi markast af stöðu íslensks samfélags og baráttu þess við illskæða veiru. Til ólíkra aðgerða hefur þar verið gripið til undir stjórn sóttvarnalæknis og Almannafráttar, þ.á.m. þær að hafa skólastarf grunnskóla eins eðlilegt og mögulegt er. Af þessum sökum hefur starfsfólk grunnskólans búið við aðrar aðstæður í sóttvörnum en almennt gerist og hefur borið á kvíða og vanlíðan í þeirra hópi. Mikilvægt er að hugað verði að starfsfólki við þessar aðstæður á raunsæjan hátt, það verður að finna fyrir jákvæðum stuðningi í öllum dögum auk þess að fá upplýsingar um stöðu mála inni á sínum vinnustöðum. Verkefni grunnskólanna í þessum aðstæðum er stórt og enn er allsendis óvíst um framtíðina. Mikilvægi hreinskiptinnar, jákvæðrar og öflugrar mannauðsstjórnar er algert um leið og allar aðgerðir verða að miðast við að hraða því ferli að samfélagssmit náist niður og að neyðarstigi sé aflétt.“⁵⁸⁹

Fylgigögn undir þessum lið voru kynningar á COVID-19 smitum meðal barna eftir fæðingarári sem almannavarnir höfuðborgarsvæðisins höfðu tekið saman og staða mála í skóla- og frístundastarfi varðandi smit og sóttkví.

Í báðum kynningunum kom fram að þótt börn og unglingar hefðu sannanlega smitast af COVID-19 voru einkennin væg og hlutfallið frekar lágt miðað við almenn smit í samfélaginu.

⁵⁸⁷ Fundargerð skóla- og frístundaráðs 13. október 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

⁵⁸⁸ Sama heimild.

⁵⁸⁹ Sama

Þá kom fram að aðeins níu tilfelli hefðu verið rakin þar sem börn úr leik- og grunnskólum höfðu mætt í skólann og smitað út frá sér. Þessi tölfræði sem var vel fram sett og byggði á nákvæmum upplýsingum var mikilvæg til að sýna fram á að starfsfólki skólanna stafaði frekar lítil hættu af smitum í starfi þar og að vel var haldið á málum þegar smit komu upp með lokunum og rakningu þannig að smit breiddist ekki út stjórnlaust. Þetta skipti miklu máli til að auka traust á þeim aðgerðum stjórnvalda að halda skólum opnum í faraldrinum að því marki sem mögulegt var.^{590 591 592}

8.42 Tillaga um að formaður skóla- og frístundaráðs taki sæti í neyðarstjórn

Á þessum fundi nr. 193 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins einnig fram tillögu um að óskað yrði eftir því með formlegum hætti að formaður ráðsins tæki sæti í Neyðarstjórn borgarinnar.⁵⁹³

Tillögunni var frestað en lögð fram að nýju á fundi nr. 194, 27. október 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs þar sem hann fór yfir skipan neyðarstjórnar, sem væri skipuð helstu framkvæmdaaðilum í yfirstjórn borgarinnar og nauðsynlegt að hún gæti tekið ákvarðanir skjótt og örugglega í samræmi við aðgerðir almannavarna.⁵⁹⁴

Meirihluti skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vísaði tillögunni frá gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Það er rétt að starfsemi skóla- og frístundasviðs varðar sérstaklega störf neyðarstjórnar um þessar mundir og góðra gjalda vert að vilja hafa öflugan upplýsingagjöf á milli skóla- og frístundaráðs og neyðarstjórnar, sérstaklega þar sem viðkemur smitvörnum í skólum. Þó ber að halda því til haga að neyðarstjórn er ekki pólitískur vettvangur, heldur er henni ætlað að vera framkvæmdaaðili sem getur brugðist hratt við þegar hættulegt ástand myndast. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs er nú þegar í neyðarstjórn og hefur staðið sig vel í upplýsingagjöf til og frá ráðinu og njóta hann og neyðarstjórn

⁵⁹⁰ Fundargerð skóla- og frístundaráðs 13. október 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

⁵⁹¹ Covid-19 smit meðal barna eftir fæðingarári

⁵⁹² Staða mála í skóla- og frístundastarfi varðandi smit og sóttkví vegna Covid-19 - kynning

⁵⁹³ Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að formaður skóla- og frístundaráðs taki sæti í neyðarstjórn

⁵⁹⁴ Helgi Grímsson: Minnisblað og önnur fylgiskjöl

borgarinnar fulls trausts fulltrúa meirihlutans í skóla- og frístundaráði.⁵⁹⁵

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Í ljósi þeirrar umfangsmiklu starfsemi og þess mikla fjölda nemenda og starfsmanna sem heyra undir sviðið hefði verið eðlilegt og nauðsynlegt að kjörinn fulltrúi skóla- og frístundaráðs ætti sæti í Neyðarstjórninni til að fylgjast með framvindu mála, til að koma á framfæri ábendingum og geta brugðist hratt og örugglega við aðstæðum sem kunna að koma upp. Enda segir í samþykkt fyrir ráðið: Skóla- og frístundaráð tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Þá hefur skóla- og frístundaráð ennfremur með höndum eftirfarandi: Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerir tillögur til skólastjóra og/eða borgarráðs um umbætur í skólastarfi. Staðfestir starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ár hvert og skólanámskrá einstakra leik- og grunnskóla. Hvorki skóla- og frístundaráð né borgarráð hefur framselt heimildir sínar til Neyðarstjórnar. Þá berast skóla- og frístundaráði ekki fundargerðir Neyðarstjórnir sem snúa að skólamálum. Taka skal fram að Reykjavík er fjölskipað stjórnvald og umgangast verður allar valdheimildir með það í huga. Í ljósi ofangreinds verður það teljast ansi veikburða ákvörðun meirihluta ráðsins að falast ekki eftir því að kjörinn fulltrúi eigi sæti í Neyðarstjórninni.“⁵⁹⁶

8.43 Tillaga um vikulega fundi ráðsins á neyðarstigi

Á fundi nr. 194, 27. október, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu undir lið 15.

„Lagt er til að skóla- og frístundaráð fundi vikulega meðan neyðarstig ríkir vegna Kórónuveirufaraldursins. Mikilvægt er að ráðið fylgist vel með stöðu mála hvað varðar skólana og allar þær starfsstöðvar sem undir ráðið heyra. Skóla- og frístundaráð ber ábyrgð á rekstri og skólastarfi í borginni og undir ráðið heyra samtals 27.560 einstaklingar

⁵⁹⁵ Fundargerð skóla- og frístundaráðs 13. október 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

⁵⁹⁶ Sama

eða 6.200 börn í leikskólum, 500 börn sem dvelja hjá dagforeldrum, 15.100 nemendur í grunnskólum, 250 manns sem stunda nám hjá Námsflokki Reykjavíkur og 5.510 starfsmenn sem heyra undir sviðið. Með þessa umfangsmiklu starfsemi í huga er nauðsynlegt að ráðið fundi vikulega til að fylgjast með framvindu mála og geta brugðist hratt við þeim aðstæðum sem geta komið upp vegna farsóttarinnar.”⁵⁹⁷

Tillöggunni var frestað en hún tekin upp á næsta fundi nr. 195 sem haldinn var 10. nóvember 2020.

Lögð var fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðs:

„Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að boða til reglulegra óformlegra upplýsingafunda með þeim kjörnu fulltrúum sem sæti eiga í skóla- og frístundaráði á meðan neyðarstig almanna- og borgaravarna stendur yfir. Fundirnir skulu haldnir í fjarfundabúnaði og á þeim skal fara yfir viðbúnað skóla- og frístundasviðs vegna COVID-19 faraldursins, svara spurningum og ræða um næstu skref, helstu álitamál og viðfangsefni. Upplýsingafundina skal halda í þeirri viku þar sem ekki er reglulegur fundur skóla- og frístundaráðs.”^{598,599}

Breytingatillagan var samþykkt.

Fulltrúar meirihlutans í ráðinu lögðu síðan fram svohljóðandi bókun:

„Virkt og náíð samtal stjórnsýslu og kjörinna fulltrúa er lykilatriði á tímum sem þessum þegar við erum á neyðarstigi almanna- og borgaravarna vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Þess vegna sameinast skóla- og frístundaráð um að efna til reglulegra upplýsingafunda sviðsstjóra með kjörnum fulltrúum þar sem farið er yfir stöðu, álitamál og ákvarðanatöku í tengslum við skóla- og frístundastarf á tímum COVID-19.”

8.44 Vildu fá fundargerðir neyðarstjórnar

Á fundi 194, 27. október undir lið 16. óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir því að allar fundargerðir neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar sem snúa að skólamála yrðu lagðar fram á næsta reglulega fundi ráðsins. Þetta var í takti við kröfu borgarfulltrúa

⁵⁹⁷ Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 27. október, 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-194>

⁵⁹⁸ Fundargerð skóla- og frístundaráðs.

⁵⁹⁹ Breytingartillaga

Sjálfstæðisflokksins um að fá fundargerðir neyðarstjórnar birtar en þær höfðu til þessa ekki verið gerðar opinberar þótt fundarpunktur væru skráðir. Úr því var bætt skömmu síðar en neyðarstjórn hóf birtingu fundargerða í borgarráði 6. nóvember.

Sviðsstjóri svaraði fyrirspurninni ekki formlega fyrr en á fundi ráðsins nr. 202 sem haldinn var 9. mars 2021.⁶⁰⁰ Í svarinu sem er reyndar dagsett 8. febrúar kemur fram að á fundi borgarráðs 5. nóvember 2020 hafi trúnaðarmerktir fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar frá 31. janúar 2020 verið sendir borgarráði til kynningar. Einnig að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara veiti aðgang að punktunum eftir því sem við á. Þá hafi neyðarstjórn Reykjavíkurborgar haldið formlegar fundargerðir frá 6. nóvember 2020 og séu þær aðgengilegar í fundargerðum borgarráðs.⁶⁰¹

Engar bókanir voru vegna þessa enda hafði málið í raun verið leitt til lykta með ákvörðun neyðarstjórnar að birta fundargerðir í borgarráði og opna aðgengi borgarfulltrúa að trúnaðarmerktum fundarpunktum.

8.45 Staðan kynnt fyrir ráðinu

Á fundi nr. 195, 10. nóvember 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs þar sem hann gerði grein fyrir stöðu COVID-19 á starfsstöðum sviðsins og þróun útbreiðslunnar í bylgju 2 og 3.⁶⁰²

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

„Skóla- og frístundaráð þakkar kynninguna. Starfsfólk og embættisfólk sviðsins eiga hrós skilið fyrir útsjónarsemi og snör viðbrögð við innleiðingu nýrrar reglugerðar um sóttvarnir. Það sem er fyrir öllu er að aðgerðirnar sem ráðist var í virðast vera að skila árangri og smitum fer fækkandi. Það ber að þakka traustum og öruggum viðbrögðum sviðsins og borgarinnar allrar í traustu samstarfi við sóttvarnaryfirvöld og ráðuneyti. Nú liggur á að missa ekki móðinn og halda þetta út þangað til sigurinn á þessari bylgju er í höfn, en fara þá á það viðbúnaðarstig sem dugar til að koma í veg fyrir að upp komi ný bylgja.“

⁶⁰⁰ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 202, 9. mars 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-202>

⁶⁰¹ Helgi Grímsson: [Svar við fyrirspurn varðandi fundargerðir Neyðarstjórnar Reykjavíkur](#)

⁶⁰² Helgi Grímsson: [Minnisblað um útbreiðslu Covid-19 í starfsemi skóla- og frístundasviðs](#)

8.46 Gátlistar fyrir gerð viðbragðsáætlana

Á fundi nr. 195 var einnig lagt fyrir minnisblað sviðsstjóra sem svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í ráðinu á fundi nr. 189 þar sem spurt var um aðgerðaáætlun um nám og kennslu ef skóla er lokað eða skólahald skert vegna kórónuveirusmits.⁶⁰³

Í svarinu kemur fram að sviðið hafði útbúið gátlista sem skólum var ráðlagt að fara eftir við gerð viðbragðsáætlunar.

„Til að styðja betur við skólana í þessu nýja og hreyfanlega náms- og kennsluumhverfi hefur skóla- og frístundasvið útbúið sérstakan gátlista fyrir gerð viðbragðsáætlunar fyrir hvern skóla til að vera betur undir það búnir að breyta kennsluháttum úr staðnámi í sveigjanlegt nám studdu af neti (e. hybrid learning). Ekki er um miðlæga viðbragðsáætlun að ræða heldur er gert ráð fyrir að hver skóli útbúi sína viðbragðsáætlun með tilliti til aðstæðna en þær eru mjög ólíkar á milli skóla. Á sama tíma getur þannig verið um að ræða hefðbundið staðnám í húsi, nám stutt af neti og alfarið fjarnám. Leiðarljósið í öllu starfinu er að nám og kennsla raskist sem allra minnst.“⁶⁰⁴

8.47 Matarþjónusta

Á fundi nr. 196, 24. nóvember 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dagsett 19. nóv. um matarþjónustu í grunnskólum á meðan takmarkanir giltu vegna COVID-19. Í minnisblaðinu kom m.a. fram að einhverjir skólar höfðu þurft að takmarka matarþjónustu og þá sérstaklega við nemendur í eldri bekkjum.⁶⁰⁵

Lögð var fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa skólastjóra grunnskóla, skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

„Lagt er til að grunnskólar borgarinnar bjóði upp á heitar máltíðir eins og verið hefur í öllum þeim tilvikum þar sem húsnæði og sóttvarnarreglur bjóða uppá. Ef einungis hluti nemenda í skóla getur fengið mat í ljósi þessara atriða skal það gert og þá byrjað á yngstu nemendunum. Í þeim tilvikum sem að ekki er hægt að bjóða upp á heitan mat í matsal skal boðið upp á nestis- eða matarpakka sem hægt er að neyta í stofum. Skal máltíðin vera í samræmi við

⁶⁰³ Helgi Grímsson: Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaáætlun um nám og kennslu ef skóla er lokað eða skólahald skert

⁶⁰⁴ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 195,10. nóvember 2020, liður 6: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-195>

⁶⁰⁵ Helgi Grímsson: Matarþjónusta í grunnskólum í nóvember 2020, minnisblað

manneldismarkmið og af þeim gæðum að nemandi hafi næga næringu og orku fyrir allan skóladaginn.“
Tillagan var samþykkt.⁶⁰⁶

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

„Grunnskólarnir í Reykjavík hafa staðið sig afburða vel við að halda uppi skólastarfi við oft og tíðum afar krefjandi aðstæður út af þeim sóttvarnaraðgerðum sem fylgt hafa kórónuveirufaraldrinum. Það hefur m.a. leitt til breytinga á matarþjónustu fyrir eldri börnin. Öll börn á yngsta stigi grunnskólans hafa fengið hádegismat eins og verið hefur og víða hefur tekist að bjóða mið- og unglíngastigi hádegisverð en á sumum stöðum hafa aðstæður hamlað. Vilji allra stendur þó til þess að bjóða öllum börnum mat á skólatíma og þess vegna sameinast skóla- og frístundaráð, sviðsstjóri og fulltrúi skólastjóra um tillögu þess efnis að öllum börnum sem á þurfa að halda standi til boða hádegismatur þó útfærslan verði mismunandi eftir skólum og aðstæðum á hverjum stað. Skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk skólanna rýni áfram sérstaklega í mismunandi aðstæður skólabarna og séu á varðbergi gagnvart því að ekkert barn þurfi að fara á mis við að matast á skóladögum.“

Lögð var fram bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði:

„Áheyrnarfulltrúi foreldra barna og SAMFOK hafa verið að heyra af áhyggjum foreldra barna í grunnskólum borgarinnar og eru mörg mjög ósátt með það úrval sem börnum hefur verið boðið upp á í stað heitrar máltíðar. Það verður að teljast vafasamt að kalla jóгурtdós, ostaslaufu eða skyrdós léttu máltíð og er það ekki mikil næring fyrir stækkandi börn. Fyrir sum börn er þetta jafnvel eina máltíð dagsins og teljum við það sýna ákveðið metnaðarleysi að ekki hafi verið hægt að leysa matarmálin á annan hátt en með næringarsnauðum kolvetnum. Það er líka undarlegt að í sumum skólum má bjóða upp á ávexti án þess að það brjóti reglugerð en hjá öðrum ekki. Við vonum að unnið verði í þessum málum, gæði matarins bætt og komið verði í veg fyrir þá mismunun sem nú er í gangi innan borgarinnar. Við fögnum hinsvegar


⁶⁰⁶ Tillaga áheyrnarfulltrúa skólastjóra grunnskóla, skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skólamáltíðir í tengslum við COVID-19 faraldurinn: [Tillaga um matarþjónustu í grunnskólum](#)

nýrri tillögu skólastjórnenda, sem unnin var með pólitískum fulltrúum. Vonum að hún komi fram sem fyrst.”⁶⁰⁷

Á fundi nr. 196 var einnig lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs, dags. 24. nóvember 2020, varðandi stöðu útbreiðslu COVID-19 í starfsemi SFS og þróun útbreiðslunnar í bylgju 2 og 3.

Par voru birt súlurit um smit barna og starfsfólks í starfseminni á tímabilinu 31.ágúst – 23. nóvember en sviðið aflaði upplýsinga frá starfsstöðum um stöðu smita og sóttkvíar einu sinni til tvisvar í viku.⁶⁰⁸

Fjöldi barna með Covid-19 smit




8.47 Fjöldi barna með COVID-19 smit á tímabilinu 31. ágúst til 23. nóvember.

⁶⁰⁷ Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 196, 24. nóvember 2020.

⁶⁰⁸ Staða mála í skóla- og frístundastarfi varðandi smit og sóttkví vegna Covid-19 23. nóvember 2020

Fjöldi starfsmanna með covid smit



8.47 Fjöldi starfsfólks með COVID smit á tímabilinu 31. ágúst til 23. nóvember.

8.48 Úttektir lagðar til

Á fundi nr. 197. 8. desember 2020 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að að skóla- og frístundasviði yrði falið að gera úttekt á því hvort skert skólahald í faraldrinum hafi haft áhrif á námsárangur nemenda. Skoðaðar verði niðurstöður samræmdra prófa og skólaprófa milli ára.

Tillögunni var frestað. Þetta var síðasti fundur skóla- og frístundaráðs á þessu þungbæra upphafsári kórónuveirunnar.

8.49 Árið 2021

Fyrsti fundur ársins nr. 200, var haldinn 9. febrúar 2021. Enn varð stytur opnunartími leikskóla að bitbeini í ráðinu. Lagt var fram svar sviðsstjóra, dags. 8. febrúar 2021, við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins frá 199. fundi skóla- og frístundaráðs um breyttan opnunartíma leikskóla vegna COVID-19.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að leikskólar Reykjavíkur færðu þegar í stað opnunartíma sinn til fyrra horfs.

„Samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst sl. að breyta opnunartímanum þannig að leikskólar yrðu ekki opnir lengur en til kl. 16:30 í stað til kl. 17:00. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun vegna COVID 19 og samþykktin átti að gilda til 31. desember 2020. Engin samþykkt er því lengur í gildi sem heimilar þennan breytta opnunartíma og því nauðsynlegt að breyta honum til fyrra horfs sem fyrst,“ sagði í tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.⁶⁰⁹

Tillögunni var frestað.

Í svari Helga Grímssonar sviðsstjóra var farið yfir forsögu þess að opnunartíma hafði verið breytt. Enn fremur greindi sviðsstjóri frá því að neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefði heimilað sviðinu að hafa opnunartímann óbreyttan til febrúarloka.

Í svarinu segir:

„Á fundi neyðarstjórnar Reykjavíkur, mánudaginn 25. janúar 2021, óskaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eftir heimild neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar til þess að halda óbreyttum opnunartíma í leikskóla í janúar og til loka febrúar, þ.e. út gildistíma reglugerðar um takmarkanir í skólastarfi vegna heimsfaraldurs COVID-19 með þeim rökum að enn værum við á neyðarstigi vegna faraldursins. Einnig eru ennþá í gildi strangar reglur þar sem ráðstafanir skulu gerðar til þrifa og sóttþreinsunar leikskólahúsnæðis eftir hvern dag. Neyðarstjórn samþykkti beiðnina.“^{610,611}

Málið var aftur tekið upp á fundi ráðsins nr. 203 23. mars undir lið 5 og lagði sviðsstjóri þá til að opnunartími leikskóla borgarinnar yrði óbreyttur eða frá kl. 7.30 – kl. 16.30 til 15. ágúst 2021.⁶¹²

„Tillagan tekur mið af þeim kröfum sem gerðar eru til þrifa í leikskólunum vegna COVID faraldursins og þess starfsumhverfis sem einkennt hefur leikskólustarf borgarinnar í heilt ár með aukinni vinnu vegna þrifa og sóttvarna auk hliðrunar á bæði dvalartíma barna og vinnutíma starfsfólks.“

⁶⁰⁹ Tillaga Sjálfstæðisflokksins um breytingu á opnunartíma leikskóla vegna Covid-19

⁶¹⁰ Helgi Grímsson: Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um breyttan opnunartíma leikskóla vegna Covid-19

⁶¹¹ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 200, 9. febrúar 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-200>

⁶¹² Helgi Grímsson: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um opnunartíma leikskóla

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans gegn þremur atkvæðum Sjálfstæðisflokksins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar meirihluta Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Leikskólar borgarinnar hafa verið opnir til kl. 16.30 undanfarið ár vegna aukins álags á starfseminu í tengslum við COVID-19 faraldurinn sem m.a. hefur þýtt stórauðnar kröfur um þrif í lok hvers dags. Þær kröfur munu verða í gildi út þetta starfsár og þegar við bætist óvissa vegna mögulegrar aukningar smita í samfélaginu er skynsamlegt til að stuðla að stöðugleika í starfsemi leikskólanna að gefa út skýr fyrirmæli um að opnunartíminn verði óbreyttur þangað til eftir sumarleyfi leikskóla.“

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókðu:

„Í ársbyrjun 2020 kynnti meirihluti borgarstjórnar fyrirhugaða skerðingu á opnunartíma leikskólanna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðust gegn skerðingunni enda kæmi hún verst niður á viðkvæmum hópum og yrði afturför í jafnréttisbaráttunni. Breytingunni var frestað meðan framkvæmt yrði jafnréttismat, en niðurstöður matsins sýndu glögg hvernig skerðingar á leikskólaþjónustu kæmu verst niður á vinnandi mæðrum, lágtekjuhópum, fólki af erlendum uppruna og þeim sem hefðu lítinn sveigjanleika í starfi. Þrátt fyrir niðurstöður matsins var á haustdögum ákveðið að skerða opnunartímann, að þessu sinni undir yfirskini sóttvarna. Engin sannfærandi rök voru færð fyrir breytingunni né heldur þeirri fullyrðingu að ekki mætti tryggja viðeigandi sóttvarnir innan hefðbundins opnunartíma. Til samanburðar hefur frístundaheimilum borgarinnar tekist að tryggja óskertan opnunartíma þrátt fyrir auknar kröfur um sóttvarnir. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks ítreka nú andstöðu sína við áformaða þjónustuskerðingu og hvetja til lausnamiðaðrar nálgunar á viðfangsefnið. Til að mynda mætti ljúka leikskóladegi á leiksvæði utandyra, meðan þrifum og sóttthreinsun er sinnt innandyra. Eðlilegast er að samræma þjónustustig frístundaheimila og leikskóla - og tryggja aukinn sveigjanleika fyrir fjölskyldur í Reykjavík.“

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram gagnbókun:

„Fulltrúar meirihlutans benda á að stýrihópur um bætt starfsumhverfi leikskóla er ennþá að störfum og mun leggja fram tillögur þegar starfi hans er lokið. Sú tillaga sem nú hefur verið samþykkt er vegna þeirra ráðstafana sem sóttvarnaryfirvöld hafa gert kröfu um vegna þrifa í leikskólum og gilda tímabundið.“

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

„Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna gerir athugasemdir við framlengingu á styttnum opnunartíma leikskóla í Reykjavík vegna COVID-19. Allar breytingar á þjónustu leikskóla hafa mikil áhrif á börn og foreldra/forráðafólk og geta aukið mjög álag á fjölskyldur. Um verulega skerðingu á opnunartíma er að ræða og jafnréttismat frá júní 2020 sýnir skýrt að opnunartími til kl. 17 er mikilvæg þjónusta fyrir margar fjölskyldur í borginni. Ekki má nota viðbrögð við COVID19 sem afsökun fyrir svo langvarandi skerðingu á þjónustu. Fækkun barna með vistunartíma til kl. 17 undanfarið ár er ekki marktæk enda hefur vistun bara verið í boði til 16.30 allan þann tíma. Eðlilegra hefði verið að mæta auknu álagi við þrif með fjölgun starfsfólks eða aukinni ræstingu eftir lokunartíma skólanna frekar en að starfsfólk leikskólanna þurfi að sinna þessu á opnunartíma leikskólanna.“

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra lagði fram svohljóðandi bókun:

„Fulltrúi leikskólastjóra fagnar þeirri ákvörðun skóla- og frístundaráðs að framlengja skertan opnunartíma leikskóla 07:30-16:30 til 15. ágúst á COVID tímum og skapa þannig lágmarks aðstæður fyrir starfsmenn leikskóla til að sinna þeim þrifum og frágangi sem lagt eru til af hálfu almannavarna.“

Í framhaldi var tillaga Sjálfstæðisflokksins um lengdan opnunartíma felld.⁶¹³

8.50 Óánægja leikskólafólks með opnun í dymbilviku

Rétt fyrir páskana 2021 eða 25. mars var haldinn aukafundur í skóla- og frístundaráði nr. 204. Þar fór fram umræða um stöðu mála í skóla- og frístundastarfi vegna COVID-19.

⁶¹³ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 203, 23. mars 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-203>

Fulltrúi leikskólastjóra lagði fram bókun á fundinum en þá hafði verið gefið út að leikskólar yrðu opnir í dymbilvikunni en grunnskólum og frístundastarfi lokað til að draga úr smitum. Þarna var faraldurinn á miklu skriði í samfélaginu og miðuðu aðgerðir sóttvarnaryfirvalda að því að draga verulega úr smittfjölda um páskana. Ákvörðun um að halda leikskólum opnum einum skóla olli talsverðri óánægju meðal leikskólafólks eins og áður hefur komið fram.⁶¹⁴

Bókunin var svohljóðandi:

„Leikskólastjórar og leikskólakennarar harma að leikskólastigið sé eina skólastigið sem skilið er eftir, að engar takmarkanir hafi verið settar á starfsemi leikskóla vegna hertra aðgerða stjórnvalda. Mikilvægi leikskólastigsins fyrir framlínustarfsfólk er óumdeilt, en hægt hefði verið að halda leikskólum opnum með lágmarksstarfsemi fyrir vel skilgreinda forgangshópa. Stjórnendur benda á, að þessi mikilvægi hópur, starfsmenn leikskóla, sem heldur úti skólastarfi þegar öðrum skólastigum er gert að loka sínum skólum er einungis í áttunda sæti af níunda af skilgreindum forgangshópum að fá bólusetningu gegn COVID-19. Skorað er á stjórnvöld í Reykjavík að ganga lengra en tilmæli sóttvarnarlæknis kveða á um.“⁶¹⁵

8.51 Umræða vegna hópsmits í leikskólanum Jörfa

Á fundi nr. 207 sem haldinn var 27. apríl fór fram umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík undir lið 10. Kynnt var minnisblað um útbreiðslu COVID-19 í skólaumhverfinu í fjórðu bylgju. Var staða tekin á smitum og sóttkví 26. apríl 2021.⁶¹⁶

Í skjalinu kemur fram að hópsmit hafi orðið á leikskólanum Jörfa sem smitaði út frá sér í þrjá grunnskóla. 34 börn voru smituð, þar af 30 á leikskóla á þessum tímapunkti. 25 starfsmanneskjur voru smitaðar.⁶¹⁷

⁶¹⁴ Fundargerð skóla- og frístundasviðs nr. 204: 25. mars 2021. <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-204>

⁶¹⁵ Sama heimild.

⁶¹⁶ Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 207, 27. apríl 2021. <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-207>

⁶¹⁷ Útbreiðsla Covid-19 innan skóla- og frístundasviðs í fjórðu bylgju faraldurs, stöðutaka 26. apríl 2021

8.52 Bakvarðasveit eða Afleysingastofa?

Á fundi nr. 208, 11. maí 2021 var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað hafði verið á fundi ráðsins 10. nóvember 2020. Tillagan snerist um að komið yrði á fót bakvarðasveit fyrir skóla- og frístundastarf í ljósi faraldursins líkt og gert hafði verið í heilbrigðisþjónustunni og á velferðarsviði borgarinnar.⁶¹⁸

Tillögunni var vísað frá af meirihlutanum en sviðsstjóri gerði grein fyrir afstöðu sviðsins í minnisblaði sem lagt var fyrir fundinn. Þar kom fram að Afleysingastofa hefði séð um að manna þær stöður sem þörf var á þennan vetur.

Í svari Helga Grímssonar við tillögunni segir orðrétt:

„En með Afleysingastofunni, sem sett var á laggirnar haustið 2018, gefst starfsstöðum Reykjavíkurborgar tækifæri til þess að ráða í afleysingu í tímabundin störf til þess að bregðast við ófyrirséðum og fyrirséðum forföllum t.d. eins og komið hefur upp á tímum COVID-19. Komið hefur í ljós að þetta fyrirkomulag, sem felur í sér mikinn sveigjanleika fyrir þá einstaklinga sem vilja tímabundin, breytileg störf og/eða þurfa mikinn sveigjanleika á vinnutíma, hefur laðað að fjölda starfsmanna. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs hafa því náð að ráða nokkuð stóran hóp í afleysingar í gegnum Afleysingastofuna veturinn 2020-2021 sem hefur sannarlega hjálpað til við að manna störf.“^{619,620}

8.53 Fjármál SFS í COVID-19

Á fundi 208, 11. maí 2021 undir lið 10 var lagt fram ársuppgjör skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2020. Þar kom fram í yfirferð fjármálastjóra sviðsins að heimsfaraldurinn hefði haft umtalsverð áhrif á fjármál sviðsins. Nettó útgjöld sviðsins voru 58.428 m.kr. sem var 1.447 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%. Verkfall Eflingar í febrúar það ár og kórónuveiran alveg sérstaklega höfðu valdið talsverðum búsjfjum í rekstrinum. Örfáir grunnskólar voru reknir réttu megin við núllið COVID-árið 2020. Um helmingur þeirra var 3,5% umfram fjárheimildir og sá með mesta hallann fór tæp 12% umfram fjárheimildir.⁶²¹

⁶¹⁸ Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bakvarðasveit skóla- og frístundasviðs sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. nóvember 2020: [Tillaga](#)

⁶¹⁹ Helgi Grímsson: [Minnisblað um tillöguna](#)

⁶²⁰ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 208, 11. maí 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-208>

⁶²¹ Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 208, 11. maí 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-208>

Í greinargerð segir orðrétt:

„Töluverð áhrif voru á tekjur og kostnað vegna faraldursins. Tekjur voru lægri þar sem ekki var hægt að veita fulla þjónustu í leikskólum og frístundastarfi og hjá grunnskólum var ekki hægt að vera með skólamáltíðir. Tekjusamdráttur vegna vistunargjalda og fæðisgjalda var fyrst og fremst vegna lokunar og skertrar opunar á fyrri hluta árs um 550 m.kr. Ekki var lækkun á hráefniskostnaði mótuneyta til samræmis þar sem meira var um aðkeyptan mat, m.a. vegna skiptingar í smithólf. Útlagður kostnaður við smitvarnir í tengslum við COVID-19 vegna aukinna þrifa var um 285,4 m.kr.“⁶²²

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri bókðu:

„Árið 2020 var óvenjulegt í alla staði. COVID-19 heimsfaraldurinn raskaði verulega skóla- og frístundastarfi en þó tókst ótrúlega vel að halda uppi vönduðu starfi við krefjandi aðstæður þökk sé frábærri vinnu starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Heimsfaraldurinn hafði verulega neikvæð áhrif á reksturinn auk þess sem kostnaður vegna langtímaveikinda og sértæks stuðnings varð talsvert meiri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í ráðinu þökkðu fjármálastjóra fyrir skýra og greinargóða yfirferð og tóku undir að liðið ár hefði verið um flest óvenjulegt.

Nánar er farið yfir fjármál SFS í faraldrinum í kafla um kostnað sviðanna vegna COVID-19.

8.54 Sameiginlegur fundur með velferðarráði

Fundur 211 sem haldinn var 8. júní 2021 var haldinn sameiginlega með velferðarráði.

Þar var lögð fram tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir, dags. í júní 2021.^{623 624}

⁶²² Greinargerð vegna fjárhagsuppgjörs 2020

⁶²³ Tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga: Tillaga

⁶²⁴ Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir, skýrsla stýrihóps

Í tillöggunni er óskað eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglinga vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19. Um var að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022 og var mikil þörf sögð vera eftir sálfræðiþjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs sem samþykkti hana á fundi 10. júní 2021.⁶²⁵

Fulltrúi Flokks fólksins bókaði að 140 milljónir króna væri allt of lág upphæð og sýndi að börn væru ekki í forgangi hjá borginni þar sem biðlisti barna í skólum væri langur og fjölgaði á honum með hverjum degi.

8.55 Enn rætt um opnun leikskóla

Á 207. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. apríl 2021 höfðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lagt fram svohljóðandi fyrirspurn um opnunartíma leikskóla borgarinnar:

„Ríkisstjórnin hefur nú kynnt afléttingaáætlun vegna samkomutakmarkana í kórónuveirufaraldrinum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um það hvort skóla- og frístundasvið hafi sett sér afléttingaáætlun hvað varðar afléttingar á þeim takmörkunum sem nú gilda um opnunartíma leikskóla í Reykjavík?“⁶²⁶

Sviðsstjóri lagði fram svar á fundi nr. 212, 22. júní. Þar sagði að leikskólarnir myndu loka kl. 16.30 fram yfir sumarleyfi vegna faraldursins samkvæmt samþykkt frá 203. fundi skóla- og frístundaráðs 23. mars 2021.⁶²⁷

„Meginmarkmið þeirrar tillögu tekur mið af þeim kröfum sem gerðar eru til þrifa í leikskólunum og ekki stendur til að slaka á fyrr en eftir að þjóðin hefur verið bólusett. Einnig tekur tillagan til þess starfsumhverfis sem einkennt hefur leikskólastarf borgarinnar í heilt ár með aukinni vinnu vegna þessara þrifa og sóttvarna auk hliðrunar á bæði dvalartíma barna og vinnutíma starfsfólks,“ segir í svari sviðsstjóra.

⁶²⁵ Fundargerð borgarráðs liður 23: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5628>

⁶²⁶ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 207, 27. apríl 2021.

⁶²⁷ Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 212, 22. júní 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-212>

Pá er rakið að stýrihópur um Umbætur og skipulag leikskólastarfs hafi lagt fram tillögu um að opnunartími leikskóla borgarinnar verði frá kl. 07.30 -16.30 en að einn til tveir leikskólar í hverju hverfi verði opnir til kl. 17 til að koma til móts við þann hóp foreldra/forsjáraðila sem þurfi á því að halda.

Á sama fundi var lögð fram skýrsla áðurnefnds stýrihóps þar sem tillagan kom m.a. fram.

Fulltrúar sjálfstæðisflokksins í ráðinu bókuðu að þeir legðust gegn varanlegri skerðingu á opnunartíma leikskóla og sögðu hana koma verst niður á vinnandi mæðrum, lágtekjuhópum, fólki af erlendum uppruna og þeim sem hafa lítinn sveigjanleika í starfi.⁶²⁸

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum tók undir athugasemdir frá fagaðilum í bókun og sagði vanta faglegan og fræðilegan rökstuðning fyrir breyttu dagskipulagi.

8.56 Kallað eftir aukagreiðslum vegna COVID-19

Fundur nr. 213 var haldinn í skóla- og frístundaráði eftir sumarleyfi eftir miðjan ágúst.

Þar fór fram undir lið 2 umræða um upphaf starfsárs í skóla- og frístundastarfi og áhrif COVID-19.⁶²⁹

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

„Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna hvetur til þess að komið verði til móts við starfsfólk leikskólanna með aukagreiðslum vegna aukins álags tengdu COVID-19. Starfsfólk leikskólanna hefur staðið sig frábærlega í mjög erfiðu ástandi, tekið á sig þrif á leikskólunum og unnið í hólfaskiptum leikskólum sem eykur álag og breytir starfsanda innan leikskólanna. Náðin í leikskólastarfinu er líka mikil og ekki er hægt að tryggja sóttvarnir með sama hætti á leikskólum og á vinnustöðum þar sem eingöngu eru eldri börn eða fullorðnir. Eðlilegt er að starfsfólk fái umbun fyrir að hafa starfað í þessu erfiða umhverfi síðan snemma árs 2020 og líklegt að þetta ástand verði mögulega allan þennan vetur.“

⁶²⁸ Sama heimild.

⁶²⁹ Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 213, 15. ágúst 2021

Álagsgreiðslur voru ekki samþykktar hvorki í leikskólum né grunnskólum, né hjá framlínustarfsfólki í velferðarþjónustu þótt eftir því væri kallað.

Um haustið og fram á vetur 2021 var lítið sem ekkert fjallað um COVID-19 í skóla- og frístundaráði enda mikill meirihluti landsmanna bólusettur og því miklu minni hættu af COVID-19 fyrir flesta. Engu að síður var staðan þennan vetur mjög flókin á SFS og smit og skólastjórnendur á haus við smitakningu og að glíma við mikinn mönnunarfanda vegna smita og sóttkvía starfsfólksins. Í janúar 2022 var staðan síðan mjög krítísk vegna fjölda smita eins og áður hefur komið fram.

8.57 Fjárhagshalli áfram mikill

Á síðasta fundi ráðsins fyrir jól, nr. 221 14. des. 2021 var lagt fram fjárhagsuppgjör sviðsins fyrir janúar til september það ár.⁶³⁰ Í skýrslu fjármálastjóra sviðsins kemur fram að enn hafi hallað talsvert undan fæti í rekstrinum og er COVID-19 sagður sökudólgurinn. Á tímabilinu voru útgjöld sviðsins 46.951 milljónir króna sem var 2.658 milljónir króna umfram fjárheimildir eða 6,0%. Var hallinn sagður meiri en áður hafði sést á sviðinu. Brá svo við að aðeins einn grunnskóli var rekinn án umframhalla. Tæplega 1.230 milljónir króna voru raktar beint til COVID-19 á tímabilinu. Grunnskólar borgarinnar voru reknir með 6,4% halla og leikskólar með 9,3% umfram fjárheimildir.⁶³¹

Í skýrslunni segir orðrätt:

„Skóla- og frístundastarf hefur þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum, t.d. með hólfaskiptingu, minna samstarfi milli eininga og breytingu á starfi. Skipta hefur upp matartímum o.fl. Þessar breytingar hafa oft á tíðum krafist aukinnar mönnunar til að geta haldið uppi óskertri þjónustu. Það hefur verið mikil krafa gagnvart leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi að halda uppi sem eðlilegustu skólakerfi. Stjórnendur hafa lagt sig fram um að gera það með sem bestum hætti en það hefur valdið kostnaði umfram áætlanir.“⁶³²

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

⁶³⁰ Fjárhagsuppgjör SFS janúar - september 2021

⁶³¹ Fundargerð skóla- og frístundasviðs nr 221, liður 10, 14. desember 2021 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-221-0>

⁶³² Greinargerð um þróun rekstrar SFS

„Hallarekstur á sviðinu hefur því miður aukist milli ára, en þá aukningu má að miklu leyti rekja til kostnaðar vegna aðgerða sem tengjast viðbrögðum og aðgerðum vegna COVID-19. Þar má nefna 500 milljónir vegna hólfunar í leikskólum og 450 milljónir vegna hólfunar í grunnskólum, en einnig 173 milljónir vegna aukinna þrifa. Það eru óvenjulegar aðstæður og erfitt að sjá hvernig komast hefði mátt hjá þeim kostnaði,“ sagði m.a. í bókuninni en aðrar ástæður voru einnig tíundaðar.“⁶³³

8.58 Metfjöldi smita og alvarlegt ástand í skólum

Árið 2022 hófst með mesta fjölda smita sem sést hafði í öllum faraldrinum. Á fyrsta fundi skóla- og frístundaráðs á nýju ári sem haldinn var 11. janúar voru Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Jón Viðar Matthíasson framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu mættir ásamt Ragnheiði Ósk Erlendsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að fara yfir ástandið en það var vægast sagt snúið á mörgum starfsstöðvum sviðsins.

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

„Mikið álag er á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs um þessar mundir út af mikilli fjölgun COVID smita í samfélaginu. Mikil vinna fer í endurskipulagningu daglegra starfa út af sóttvarnarfyrirmælum stjórnvalda og stjórnendur þurfa að verja miklum tíma í smitrakningu með sínu fólki og jafnvel ítrekað á stuttum tíma. Skóla- og frístundaráð vill koma á framfæri miklum þökkum til starfsfólks sviðsins sem sýnt hefur mikil þolgæði, úthald og útsjónarsemi við afar krefjandi aðstæður undanfarin tvö ár. Foreldrum er sömuleiðis þakkað fyrir þolinmæði og skilning á því að grípa hefur þurft til tímabundinna breytinga á tilhögun skóla- og frístundastarfs vegna þessara óvenjulegu aðstæðna. Við horfum fram á bjartari tíð með hækkanði sól reynslunni ríkari þar sem við höfum fengið staðfestingu á þeim mikla styrk sem býr í skólasamfélaginu í Reykjavík.“⁶³⁴

⁶³³ Fundargerð skóla- og frístundasviðs nr 221, liður 10, 14. desember 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-221-0>

⁶³⁴ Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 222 11. janúar 2022 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-222>

Faraldurinn var ekki mikið til umræðu í skóla- og frístundaráði á nýju ári þótt ástandið væri erfitt vegna pestarinnar sem lagði gríðarlega marga á fyrstu þremur mánuðunum. Um miðjan febrúar var orðið deginum ljósara að ekki var lengur hægt að stjórna fjölda smita og nokkru síðar var öllum sóttvarnaraðgerðum hætt.

Í byrjun febrúar var hins vegar fjallað um starfsáætlanir skólahljómsveita í ráðinu. Í bókun meirihlutans sagði m.a. að „skólahljómsveitir í Reykjavík hefðu lyft grettistaki á tímum COVID og ættu mikið hrós skilið fyrir að hafa haldið upp öflugu starfi á erfiðum tímum.“⁶³⁵

Með þeim lúðrablæstri var umfjöllun um COVID-19 blásin af í ráðinu.

9. Viðtöl við stjórnendur og starfsfólk á skóla- og frístundasviði

9.1 „Hefði kosið meira samráð við skólafólk“

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðtal tekið 27. nóvember 2023.

Í Reykjavík eru um 22.000 börn 16 ára og yngri og undir skóla- og frístundasvið heyrja um 170 starfsstaðir og til viðbótar eru um 40 sjálfstætt starfandi. Í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og skólahljómsveitum og starfa hátt í 5500 kennarar og annað starfsfólk. Það voru því ýmsar áskoranir sem sviðsstjóri stóð frammi fyrir ásamt sínu starfsfólki á meðan á heimsfaraldrinum stóð.

„Þetta var langur tími og ólíkar áskoranir eftir tímabilum. Í fyrstu var svo mikil óvissa, hvað myndi gerast, hvað ákvarðanir yrðu teknar varðandi framkvæmd skóla- og frístundastarf og hver áhrifin yrðu. Þetta var ótrúlegur fjöldi



⁶³⁵ Fundur skóla- og frístundaráðs nr. 224, 8. febrúar <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-224-0>

af reglugerðum sem settar voru og ég held að ein stærsta áskorunin hafi verið þessi stöðuga aðlögun, jafnvel að smávægilegum reglugerðarbreytingum. Breytingarnar þurfti að útfæra og laga að skóla- og frístundastarfi með okkar fólki,” segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

„Í fyrsta kaflanum hefði skipt máli ef sóttvarnarlæknir hefði verið í meiri samskiptum við fulltrúa í menntakerfinu. Það getur til dæmis munar gríðarlega miklu ef sett eru viðmið um 28 í hóp í staðinn fyrir kannski 25. Þegar viðmiðin voru orðin 25 eða 20 gátum við ekki haldið úti venjulegu skólastarfi heldur þurfti að skipta bekkjum og annað slíkt sem helmingaði þann tíma sem barn gat verið í skóla. Ég er nokkuð sannfærður um það að 26. barnið hefði ekki skipt sköpum,” segir Helgi og undirstrikar hvað litlu gat munað fyrir töluvert meira óhagræði. Fyrst hafi skólakerfið ekki átt von á slíkum skerðingum heldur að annað hvort yrði skóli eða ekki. Gagnlegt hefði verið að hafa ólíkar sviðsmyndir til að máta sig við í aðdragandanum.

Kjarasamningar minnkuðu sveigjanleika

Helgi segir aðra mikla áskorun hafi verið samkomulag við kennarasamtökin og ekki hafi gengið vel í upphafi að fá þau til að taka þátt í að sveigja til skólastarf. „Það var krísufundur í ráðhúsinu þegar fyrsta reglugerðin kom. Þar var forystufólk kennarasamtakanna, sóttvarnarlæknir, ríkislögreglustjóri, fulltrúar frá innviðaráðuneytinu, frá menntamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytinu, fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og frá Samband íslenskra sveitarfélaga, bara til að fá kennarana til að manna skólana. Þessa helgi var mikil vinna lögð í að útfæra viðmið og reglur sem og sameiginlega yfirlýsingu til að undirstrika að skólinn væri eitt af hryggjarstykki samfélagsins og miklu skipti að börn nytu eins mikillar menntunar og reglufestu eins og frekast væri kostur. Það var líka erfitt að geta ekki hreyft til kennara og endurraða stundatöflum án þess að það kæmi krafa um aukagreiðslur. Ég sæi þetta ekki gerast í heilbrigðiskerfinu. Þú ert kannski að kenna 26 stundir en það má ekki hreyfa þær til innan vikunnar því í kjarasamningum eru þær fastar í stundatöflunni allt skólaárið.“



Öflugt samstarf náðist strax á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Jóns Viðars Matthíassonar og Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins og varði það allan COVID tímamann. „Við náðum svo mikilli samhæfingu og samstillingu. Samband íslenskra sveitarfélaga fékk að teika okkur en ráðuneytið veitti litla forystu. Ráðuneytið hallaði sér of mikið að kennarasamtökunum í stað þessa að vera með virkt samtál og samráð við sveitarfélögin,” segir Helgi.

Helgi segir mesta óttann hafa verið áður en í ljós kom að börn smituðust mun síður og flest sem það gerðu veiktust lítið. „Stærsta áfallið var þegar Klettaskóli þurfi að loka út af smitum. Við vitum að það var mjög erfitt fyrir aðstandendur þeirra barna. Skólanum var lokað og foreldrarnir þurftu að sjá um börnin sem mörg hafa þörf á mikilli þjónustu. Það voru í sjálfu sér ekki mörg smit vorið 2020, heldur var það óvissan. Við vissum af dauðsföllum úti í heimi og vorum á nálum yfir hvað myndi gerast. Hjá okkur á skrifstofunni var starfsmaður sem veiktist og var nær dauða en lífi og maður sá hversu alvarlegt þetta gat orðið.“

Ævintýralegt veikindahlutfall í byrjun árs 2022

Áskoranirnar breyttust með tímanum og Helgi rifjar upp hvernig létt hafi til um vorið 2020 og Íslendingar hafi ferðast um í túristalausum landi og upplifað Stuðlagil. „Við héldum að við hefðum reddað þessu, að við værum best og þetta búið, en það var heldur betur ekki þannig. Smitin blossuðu upp í byrjun skólaárs og aftur komu skerðingar, þó ekki eins miklar og giltu um vorið. Þá breyttist líka að sérstök rakningateymi sæju um rakninguna og stjórnendur fengu verkefnið. Um vorið stýrði rakningateymið öllum rakningum og ég var í forystu varðandi leiðbeiningar til stjórnenda. Um haustið þegar rakningin fór í hendur stjórnenda þurfti að fjölga í hópi ráðgjafa. Þrjár af skrifstofunni fóru með í verkefnið og sáu um hverja einingu, leikskóla, grunnskóla og frístundastarf en sjálfur var hann alltaf á bakvakt. „Þá var skólastarf nánast óskert, þarna hausið 2020. Einhverjar skerðingar voru fyrst um haustið en um áramótin voru viðmiðin orðin þannig að við náðum að halda úti óskertu skólastarfi.“

Til að bæta upplýsingagjöf í Reykjavík var horfið frá því að stóla svona mikið á tölvupóstsendingar eins og gert var vorið 2020 og haldnir vikulegir fjarfundir með stjórnendum og oftast ef það urðu reglugerðarbreytingar. „Það lagaðist mjög margt þegar við fórum að hafa svona öra upplýsingagjöf og buðum upp á fundi. Þá var meiri festa, betri yfirsýn og maður gat séð fólk sem ég held að hafi skipt miklu máli, þannig að við lærðum helling af fyrstu umferðinni til að bæta allt verklag í framhaldinu.“

Veikindi hjá börnum voru áfram lítil, allt til haustsins 2021 þegar delta afbrigðið helltist yfir samfélagið. „Þá flæktist rakning rosalega hjá stjórnendum og sóttkvíar urðu fjölmennari. Stjórnendur tóku kannski 10 til 11 rakningar á einum mánuði. Þetta var brjálæðislegt álag á þá og svo í desember og í janúar 21, 22 að þá er þetta orðin stjórnlaus staða og við komin á þann stað í bólusetningum og slíku að það var hægt að láta þetta gossa og það var ævintýralegt veikindahlutfall í ársbyrjun 2022 bæði hjá börnum og starfsfólki. Það var tekin eiginlega staðan á hverjum degi í tvo til þrjá mánuði. Jæja hver er staðan í dag, sjáum hvaða skólastarfi við getum haldið úti.“

Mikilvægt að setja gleðina í öndvegi

Helgi segir mesta óttann hafa verið í byrjun. „Það var í rauninni bara rétt í blá upphafi þegar fyrsta dauðsfallið var staðreynd. Ótti gagnvart óþekktum sjúkdómi. Reyndar líka haustið 21 þegar kom þetta afbrigði sem var svona smitandi hjá börnum og þó það væri búið að bólusetja að þá var mikil óvissa hvað yrði. Þá fann maður raunverulega hvað rakningaálagið á stjórnendur var yfirgengilegt og í svo langan tíma. Stjórnendur sem voru á kafi í rakningu þurftu líka að vera sterkir leiðtogar fyrir starfsfólkið sitt, það fer ekki endilega vel saman. Annars var þetta á margan hátt góður tími, pólitíkin svolítið úr leik, ég bara réði og það bara hlýddu allir sem var nýtt fyrir mér,“ segir Helgi og slær léttan tón.

Hann segist ekki hafa haft svo miklar áhyggjur af skólastarfinu svona samanborið við það sem var að gerast víða erlendis þar sem allt var meira og minna lokað. „Það voru kannski helst áhyggjur af leikskólabörnunum að þau myndu ekki fá nánd og knús og svo starfsfólk með grímur í ofanálag. Það er líka vitað að það tæki tíma fyrir samfélagið að komast á réttan kjöl eftir svona áfall. Við höfðum áhyggjur af hvað myndi gerast með krakkana, fyrst aðeins vorið 2021 vegna sumarsins þegar reglufestan er minni og svo vorið 2022. Við vitum hvernig þetta er með kýrnar þegar þær komast út á vorin. Við lögðum því mjög mikla áherslu á vorið 2022 að þetta væri ekki tími til að vinna upp glötuð verkefni. Það ætti bara að setja gleðina í öndvegi. Það sem myndi skipta mestu máli eftir svona erfitt og þrúgandi tímabil væri að hrista af sér hrollinn. Ekki alveg tími til að fara yfir núþálegu sagnirnar.“

Að halda í alla þræði skólasamfélagsins í stærsta sveitarfélagi landsins var viss áskorun. „Maður fór bara í einhvern skátagír, þetta var bara verkefnið, allt annað beið,“ segir gamli skátaforinginn sem var með opin síma allan sólarhringinn. Aðspurður segist hann glaður að þessu tímabili sé lokið. „Veröldin má alveg vera COVID laus og ég held að við höfum staðið okkur býsna vel hér í Reykjavík.“

9.2 „COVID hafði mikil áhrif á þá sem voru viðkvæmir fyrir“

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar, frístundamiðstöðvar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Viðtal tekið 15. september 2021.

Hverju breytti COVID fyrir starfsemina hjá Tjörninni?



„COVID breytti mjög miklu í starfi Tjarnarinnar eins og í öllu samfélaginu. Það eru 13 frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem heyra undir Tjörnina og við vinnum í nánu í samstarfi við sjö grunnskóla, fjóra í Vesturbæ og þrjá í Miðborg og Hlíðum.

Við þurftum að fara í miklar hólfanir og fylgja nýjum og nýjum reglugerðum og takast á við ástand sem við vissum ekkert um. Til að byrja með þá voru bara allir að reyna að finna út úr hlutunum og halda starfinu gangandi og það gekk svona upp og niður eins og eðlilegt er þegar verið er að takast á við nýja hluti. Það voru gefnar út reglugerðir í faraldrinum sem við urðum að bregðast við og þær breyttust mjög hratt. Allt varð síðan að vera í

góðu samstarfi og takti við grunnskólana þar sem við vorum að vinna með sama hóp inn í sama rými. Við reyndum að samræma okkur í frístundamiðstöðvunum í Reykjavík en aðstæður grunnskólanna virtust vera mjög misjafnar til að bregðast við og þjónustustig á milli skóla var ólíkt. Sumir skólar buðu upp á mjög takmarkaða þjónustu á meðan aðrir skertu hana lítið og við þurftum í raun að fylgja því sem að skólarnir ákváðu með hólfun og rými.

Í skólafríum sinnum við heilsdagsþjónustu frístundaheimila og þá náðum við að sinna börnunum allan daginn sem ég er mjög stolt af. Við erum með ungt og frískt starfsfólk sem gekk í hlutina og skilgreindi sig sem framlínustarfsmenn. Við greindum menningarmun á milli fagstétta og að stéttarfélög höfðu mismunandi hátt og tókust á við breytingarnar á ólíkan máta sem var áhugavert. Í Tjörninni starfa 220 starfsmenn og ég er rosalega stolt af því hvernig þau stóðu sig í faraldrinum. Við litum á okkur sem framlínustarfsfólk og stóðum vel undir nafni að mínu mati

Í fyrstu bylgjunni lokuðu félagsmiðstöðvarnar. Starfsfólk félagsmiðstöðva stóð þá strax fyrir rafrænum opnunum í Discord, félagsmiðstöð á netinu. Þau voru allt í einu orðin eins og samfélagsmiðlastjörnur og voru rosalega dugleg að halda lífi í starfseminni og samskiptum við unglिंगana. Fóru út með þau í ratleiki og feluleiki. Við settum einnig í gang vettvangsvinnu til að fylgjast með unglिंगunum í hverfunum og vera til staðar fyrir þau börn

sem þurftu á því að halda. Flotinn flakkandi félagsmiðstöð varð til en við fengum styrk frá ríkinu í tengslum við COVID. Við fjölguðum starfsfólki Flotans í þessari bylgju og fylgdumst vel með hópamyndun og unglingum sem þurftu aukinn stuðning. Í sumar [2021] voru átta starfsmenn í Flotanum sem starfar á vettvangi eftir reglum um félagsmiðstöðvar í Reykjavík þar sem fram kemur að starfsfólk félagsmiðstöðva sinnir vettvangsvinnu fyrir utan hefðbundinn opnunartíma félagsmiðstöðva eða á kvöldin og um helgar. Flotinn er skipaður vel þjálfuðu starfsfólki úr öllum félagsmiðstöðvum í Reykjavík.

Frístundaheimilin lokuðu ekkert og héldu út starfsemi allan faraldurinn sem er að mínu viti alveg frábært því að það er svo mikilvægt að halda takti og hafa líka gaman og leika sér þegar ástandið er eins og það varð í COVID.



Við fylgdumst einnig vel með börnum sem eru með annað móðurmál en íslensku og hringdum í foreldrana ef við vissum að þau hefðu minni aðgang að því að fá eða skilja gögnin frá okkur. Einhverjir erlendir foreldrar virtust fá upplýsingar frá sínum heimalöndum þar sem verið var að loka skólum og fólk þurfti að halda sig heima við. Þeir voru því smeykir við að senda börn sín í skólann vegna smithættu. Sóttvarnarlæknir gaf hins vegar snemma út þá línu að miklu minni smithætta stafaði af börnum, þau fengju væg einkenni ef þau smituðust og væru því litlir smitberar.

Við fundum fyrir aukinni spennu á meðal unglinganna okkar, hópamyndun hefur aukist og upp eru að koma ofbeldismál sem mikilvægt er að stíga inn í strax og stöðva. Við þurfum að efla samkennd og vinna með þrautseigju. Við finnum fyrir mikilli þátttöku í öllum félagsmiðstöðvum núna og mikilli þörf fyrir þjónustu við börn og unglinga. Þau misstu út langan tíma í félagsmótun sem þarf að vinna upp. Hér í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum hefur verið aukning í þátttöku. Þátttakan fer dálítið eftir viðfangsefnunum og byggir mikið á starfsfólki. Ef þau ná vel til krakkanna þá koma þau oftar.“

Aðspurð um hvað Tjörnin hafi gert til að halda utan um hópinn á meðan lokun stóð segir Guðrún að samfélagsmiðlar hafi komið sér vel og verið mikið notaðir til að ná til barnanna og aðstandenda þeirra.

„Við sendum foreldrum barna í 5.-7.bekk lista yfir afþreyingu sem þau gætu hvatt börnin sín til að gera. Það var mjög krefjandi fyrir starfsfólkið að finna alltaf eitthvað nýtt. Þau voru eins og skemmtikraftar að hluta til. Í félagsmiðstöðvunum hringdi starfsfólkið í unglingana á „facetime“ með leyfi foreldra. Það var heilmikið samspil á milli starfsfólks og unglinganna og

mikil þátttaka. Þau fóru í spurningakeppnir og alls konar leiki á samfélagsmiðlum. Við fengum nema til að gera viðhorfsskönnun á meðal krakkanna yfir sumarið. Niðurstöðurnar sýndu að vel hefði tekist til en krakkarnir sögðust frekar vilja mæta í félagsmiðstöðina sína en þá stafrænu enda vitum við hvað það skiptir miklu máli að umgangast annað fólk.“

Funduð þið fyrir ótta starfsfólksins við að smitast?

„Nei, við fundum ekki mikið fyrir því. Þeir fáu sem veiktust hjá okkur urðu lítið veikir. Þá voru fáir sem skiluðu inn veikindavottorðum vegna ótta við smit.“

Þá verð ég að segja að upplýsingagjöf Helga Grímssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, var til fyrirmyndar. Hann var með alla tölfræði á hreinu og hélt reglulega stjórnendafundi þar sem allt var rætt og upplýsingar veittar. Okkar fólk var mest í því að reyna opna aftur og vildi hafa starfið sem eðlilegast.

Við þurftum að fara í miklar hólfanir hjá frístundaheimilunum og þurftum m.a. að færa starfsemi safnfrístundaheimilisins Frostheima í Vesturbæ út í grunnskólana því þau eru svo mörg þar og í opnu rými sem erfitt var að hólfa. Það gekk allt vel því stjórnendurnir eru kanónur sem að hugsa út fyrir boxið og leystu málin vel. Samstarfið við grunnskólana var líka mjög gott, það voru allir til í að gera allt sem hægt var til að halda úti sem mestu starfi.“

Purfti starfsfólk mikið að ræða við börn og unglinga um ástandið?

„Það kom sem betur fer ekki oft upp en auðvitað þurfti að skýra vel út fyrir þeim breytingar og hólfanir og af hverju þau máttu ekki gera hluti sem að þau áður máttu gera, þau pínupreytt á að vera alltaf í sama hólfinu því þau máttu ekkert flæða á milli. Börn eru svo frábær í að vera í núinu að leika sér og voru yfirleitt glöð og með mikla aðlögunarhæfni.“

Purftuð þið að loka einhverjum starfsstöðum Tjarnarinnar á þessu fyrsta ári vegna smita?

„Það var öllu lokað í félagsmiðstöðinni 105 sem var vegna þess að Háteigsskóli lokaði alveg. Hann var fyrstur í Reykjavík til að fara í algjört „lockdown.“ Fyrsta smitið sem uppgötvaðist þar var í félagsmiðstöðinni 105 þannig að við fórum í rakningu þar í samstarfi við skólann. Í annarri bylgju lokuðum við Frostheimum þrisvar en þar eru 300 börn. Við þurftum að taka saman kennitölur og símanúmer allra foreldra og senda á rakningarteymið. Það kom síðan í okkar hlut að senda fólk í sóttkví því að rakningarteymið hafði ekki tíma til að heyra í öllum strax. Við sendum pósta með mjög skýrum skilaboðum á nokkrum tungumálum. Svo komu skilaboð frá rakningarteyminu. En svo var tekið fyrir það af einhverjum ástæðum. Allt í einu máttum við það ekki lengur og það var held ég tengt lögum um hver má senda í sóttkví.“

Foreldrar urðu sumir ofboðslega hræddir þegar þeir fengu skilaboð um að það þyrfti að senda þau í sóttkví og höfðu samband, það greip um sig hræðsla og stundum reiði en

hræðsla kemur oft út sem reiði. Þessi rakningavinna var ofboðslega þung og olli miklu vinnuálagi.

Ég er mjög þakklát fyrir að hafa haft aðgang að Jóni Viðari Matthíassyni, framkvæmdastjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu. Ef eitthvað var óskýrt var ég oft í beinu sambandi við hann. Það var alveg ósamræmi í sumu og við vorum stöðugt að læra með því að framkvæma. Það var gott að geta komið skilaboðum til almannavarna því við vorum öll að læra á þetta.

Þegar fyrsta smitið kom upp hjá okkur þá vorum við í samskiptum við sjálfan Þórólfur Guðnason sóttvarnarlækni. Þá hafði rakningarteymið líka tíma til að hringja í alla og taka spjallið. Það breyttist hins vegar fljótlega þegar veldisvöxturinn í faraldrinum hófst. Þá þurftum við að senda út pósta um að fólk ætti að fara í sóttkví.

Við vorum bara í því að róa fólk. Gáfum upp símanúmerin okkar í póstunum og það var mikil leitað til okkar. Sumir voru fokreiðir, aðrir hræddir, kvíðnir og óöruggir.

Á þessum tíma var svakalegt vinnuálag sem ég hafði enga stjórn á, því við urðum að bregðast við. Ég vann t.d. fimm helgar í röð til klukkan tvö á nóttunni og vaknaði sjö daginn eftir. Rakningarteymið virtist alltaf hringja um helgar eða á kvöldin.“

Ekki bætti úr skák að nýjar reglugerðir, sem stjórnendur þurftu að tileinka sér og útfæra á starfsstöðum sínum tóku líka oftast gildi seinnipart viku en undan því hefur talsvert verið kvartað.

„Þetta var mikið samvinnuverkefni með rakningarteyminu, almannavörnum og okkur. Það var mikil ábyrgð á okkur sett varðandi rakningu og sóttkví og upplýsingagjöf sem tengdist því. Við þurftum til dæmis að ná sambandi við þá foreldra sem eiga erfitt með að lesa tölvupóst til að koma skilaboðum alveg skýrt til skila.

COVID tíminn var ofboðslega krefjandi tími fyrir börn með litla félagsfærni. Þau dattu kannski út úr vínahópum. Manni fannst þetta pínulítið mannréttindabrot. Það mátti bara leika við einhverja tvo vini og fólki skipt í hólf eftir stafrófinu.

Á hinn bóginn hentaði fyrirkomulagið sumum börnum vel; það hentaði til dæmis þeim börnum sem eru svolítið inni í sér og kvíðabörnnum vel að vera í litlum hópum. Þeim fannst erfitt að byrja aftur í stórum hópum. Og „introvert týpunum“ fannst COVID bara frekar næs. Þau gátu þá bara verið ein í kósí heima.

Við erum held ég að sjá núna hversu mikilvægur andlegi þátturinn er. Núna er að koma í ljós að þetta hefur haft mikil áhrif á þá sem eru viðkvæmir. Þeir sem áttu um sárt að binda fyrir COVID eiga enn frekar um sárt að binda núna eftir þetta ástand.“

Fannst þér þú fá nægilegan stuðning frá sviðinu?

„Já, mér fannst það. Þar lögðust allir á eitt að láta hlutina ganga. Annars erum við mjög sjálfbær hérna. Eins og ég sagði var frábært að geta talað beint við Jón Viðar og Helgi Grímsson sviðsstjóri stóð sig frábærlega, það sama má segja um Soffíu Pálsdóttur

skrifstofustjóra frístundamála sem samræmdi allt hjá frístundamiðstöðvunum og hvatti okkur áfram. Ef upp kom smit þá stjórnaði ég til að byrja með en þegar smit og lokanir voru orðnar daglegt brauð í lok faraldursins þá voru það forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaheimila sem voru orðin eldklár í að rekja og skrá sem tóku stjórnina á sínum stöðum með mér. Boðleiðirnar hjá okkur voru einfaldar og skýrar og við höfðum gott aðgengi að stuðningi hjá Helga Gríms, Soffíu og Jóni Viðari ef upp komu vafamál.“

9.3 Mikil hræðsla við veiruna í fyrstu

Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara.

Viðtal tekið 29. október 2021.

„Það greip um sig mikil hræðsla í fyrstu. Þetta var algjörlega nýtt og það vissi enginn neitt um það hvaða áhrif þetta hefði. Ég fann það mjög mikið á meðal minna félagsmanna. Og það var bara mikil hræðsla að takast á við þetta verkefni að halda skólunum opnum,“ segir Haraldur um upphaf faraldursins.

„Margir treystu sér ekki til að mæta í vinnuna, voru e.t.v með undirliggjandi sjúkdóm eða áttu aðstandendur sem voru veikir fyrir. Það var leyst ágætlega á vinnustaðnum fannst mér.



Það var mikið álag á félagið í byrjun og það jókst eftir því sem smitum fjölgaði. Svo minnkaði það þegar dró úr smittíðninni og faraldurinn hjaðnaði. Sumarið núna var t.d. mjög fínt.[2021]

Þá juku takmarkanir í skólunum sjálfum, t.d. hólfanir einnig álagið á leikskólakennara auk þess sem starfsaðstaðan versnaði til muna.

Um leið og faraldurinn gekk niður komu upp kröfur um það að hætta hólfaskiptingunni þar sem hún hafði talsverð neikvæð áhrif á starfið.“

Varðandi það að tölfræði hafi sýnt að það ung börn smituðust síður af kórónuveirunni segir Haraldur: „Fyrst var hressileg vantrú á það að börn smituðust síður en gögnin sýndu það samt ótvírætt. En síðan fóru gögnin að stangast á. Þegar grunnskólunum var lokað í dymbilvikunni í ár til að draga úr smitum hefði í raun það sama átt að gilda um leikskólann þar sem gögnin sýndu að það var sami smitfjöldi í 4-12 árahópnum. Misræmi er ekki gott og það birtist þarna.

Bólusetningarnar hafa breytt viðhorfi fólks og veitt því ákveðið öryggi. Leikskólakennarar lögðu áherslu á að vera framfarir í forgangsröðun varðandi bólusetningar og fengu það að einhverju leyti. Þeir fengu Jansen bóluefnið í fyrstu eins og kennarar. Þegar kom í ljós að

Jansen hafði ekki sömu virkni og önnur bóluefni var sem betur fer farið strax í það að bjóða upp á annað bóluefni sem virkaði betur. Það var leyst hratt og vel.“

Haraldur segir að Reykjavíkurborg hafi staðið sig nokkuð vel heilt yfir gagnvart leikskólastarfsfólki. „Það voru einhverjir hnökrar. Til dæmis voru ekki sömu sóttvarnir og þrif í leikskólunum eins og grunnskólum til að byrja með en það var bætt úr því þegar yfir því var kvartað.“

Hann kveðst ekki hafa fundið fyrir sérstöku stolti leikskólakennara yfir því að hafa átt þátt í því að halda samfélaginu gangandi í faraldrinum.



„Leikskólinn er menntastofnun en ekki þjónustustofnun fyrir foreldra sem er viðhorf sem við erum ekki sammála.“

Varðandi forgangsröðun barna inn í leikskólann til að halda ítrustu neyðarþjónustu gangandi, svo sem heilbrigðisþjónustunni, slökkviliði, lögreglu o.s.frv. segir Haraldur: „Við tókum undir það en það kom reyndar aldrei til þess að það væri skilgreint mjög þröngt hvaða börn ættu að vera í forgangi eða hvaða hópar. Ég tel að allir hafi verið að gera sitt besta við mjög erfiðar aðstæður. Við komum þökkalega standandi niður en þetta er auðvitað ekki búið.“

9.4 „Rödd kennarans róar mest“

Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri Háteigsskóla og Guðrún Helga Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri. Viðtal tekið 21. sept. 2021.

Háteigsskóli var fyrsti skólinn í Reykjavík sem þurfti að loka vegna smits sem kom upp hjá starfsmannskju á kóræfingu þar sem öll sem voru æfingunni smituðust, ellefu talsins. Skólinn var lokaður frá 15. mars í tvær vikur. Arndís var heppin því hún hefði einnig átt að vera á sömu kóræfingu en mætti ekki. Kórinn er með æfingaaðstöðu í skólanum.

Þegar fyrsta bylgja COVID-19 gekk yfir í mars voru um 465 nemendur í skólanum, þar af um 50 sem eru af erlendu bergi brotnir. Starfsfólk skólans er 60 talsins. Þar af sýktust 1/3 af COVID-19 og fjögur vissu ekki af því fyrr en síðar þegar þau fóru í mótetnamælingu.



Í seinni bylgjunni þurftu síðan öll á unglingastigi í skólanum að fara í sóttkví en þá veiktist einn nemandi í 8. bekk.

Arndís: „Við fórum náttúrulega mjög bratt af stað í COVID. 15. mars 2020 verður lengi í minnum hafður því þá kom upp fyrsta smitið og við þurftum að loka skólanum.“

Svona eftir á að hyggja er það merkilegt hvað maður aðlagast fljótt svona aðstæðum sem eru brjálæðislega súrrealískar. Ég á barnabörn í Noregi og frétti frá þeim að í Noregi væri hafður sá háttur á að börnin mættu hringja í umsjónarkennarann sinn. Ég fór að skoða þetta nánar og fann þá rannsókn á netinu sem fjallaði um börn í hræðilegum aðstæðum, t.d. stríðsástandi eins og í Sierra Leone. Þar kom fram að það sem róar börnin mest er rödd kennarans. Við útfærðum þetta í því ástandi sem skapaðist hér í skólanum vegna COVID-19 og allir kennarar tengdust nemendahópnum sínum á netinu.

Unglingastigið fór mjög fljótlega í fullt nám á netinu og kennarinn hitti nemendur sína á netinu.“



Guðrún Helga: „Það var gott að sjá ábyrgðartilfinningu kennaranna gagnvart börnunum. Allir lögðust á eitt við að finna og hafa samband við týndu nemendurna. Sérstaklega átti þetta við um nemendur með annað tungumál. Við hringdum í þá.“

Arndís: „Þar komum við að öðru sem við lærðum af þessu ástandi. Það var auðveldara að tengjast þessum foreldrahópi og nemendum með annað tungumál en íslensku í gegnum myndsímtöl. Allt í einu vorum við komin í virkara samband við þennan hóp. Þetta voru um 50 nemendur á þessum tíma. Við fórum að ná sambandi við fólk sem svarar ekki póstunum okkar. Stundum kíktu foreldrarnir inn í samtölin við nemendur sem voru þá í símanum.

Annað sem við lærðum af því að vera með nemendur heima er að þeir sem haldnir eru skólaforðun vegna kvíða eða annars, voru e.t.v. bara í betri málum heima og við gátum nálgast þau þar. Kannski þurfum við að skoða nánar að ef til vill hentar sumum betur að vera heima og að skólinn nálgist þau þar. Við erum svolítið bundin af því að allir eigi alltaf að mæta í skólann.“

Guðrún Helga: „Svo lærði maður æðruleysi. Við sátum heilu sunnudagana og útfærðum starfið og hólfanir eftir nýjustu reglugerðunum frá almannavörnum. Við fundum að fólk er svo óöruggt í svona aðstæðum. En það sem var merkilegt er að allir gengu eins og hermenn í takt við skipulagið sem við komum á. Og það voru alls konar útfærslur. Við slógum aldrei af í rauninni og kenndum fulla dagskrá allan tímann. Kennararnir komu með nesti og mötuneytið lokaði en við leystum það með því að börnin fengu spónamat í stofunum.

Þegar þetta ástand skapaðist voru náttúrulega alls kyns viðbrögð í gangi. Hér grét fólk þegar þetta byrjaði og sumir voru hræddir við smitast eða að smita fólk sitt. Við bjuggum að því að við höfum tekið mannauðsmálin föstum tökum hjá okkur og reynt að hlúa að starfsfólkinu eins og kostur er.

Í viðhorfskönnun starfsmanna sem Reykjavíkurborg lætur gera hækkaði prósentustig í hverjum einasta þætti hjá okkur. Starfsfólkinu leið betur í vinnunni, traust jókst á stjórnendum og vinnustaðnum sem slíkum. Þetta kom okkur svolítið á óvart.

Við lögðum hins vegar upp úr því að hafa skipulagið í lagi, að öryggið væri í fyrirrúmi og að allir ynnu sem ein liðsheild.“

Guðrún Helga: „Við sátum heima í tvær vikur en vorum í vinnunni frá morgni til kvölds. Arndís var í því að tala við og hughreysta það starfsfólk sem var heima og þjáðist af kvíða. Ég var að hjálpa öllum með upplýsingatæknina sem þurfti til að vera í sambandi við nemendur og foreldra og okkar á milli.“

Arndís: „Í svona aðstæðum verður maður fyrst og fremst að hlusta. Í raun höfðu allflestir minnstar áhyggjur af sjálfum sér. Það var yfirleitt eitthvað annað sem olli áhyggjunum, eitthvað utanaðkomandi frekar en að það snerti starfið beint. Foreldrar, börn eða ættingjar. Við bjuggum svolítið að því að við eigum í góðu sambandi við starfsfólkið okkar. Fólk kemur og segir okkur frá því ef eitthvað amar að.

Ég hef oft hugsað um þetta eftir á. Maður er alltaf í vinnunni og ber ábyrgð á öllu. Svo kemur eitt símtal frá rakningarteyminu og manni er hent út af og er úr leik. Ég held að það hafi ekki verið mjög skemmtilegt að búa með manni á þessum tíma þegar við vorum fastar

við tölvuna frá morgni til kvölds. Það voru engin skil á milli vinnu og einkalífs. Ég settist bara við borðið á morgnana og vann allan daginn fram á kvöld.“

Guðrún Helga: „Margir skiptu vikunni á milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, tveir dagar og tveir dagar. Við gátum ekki hugsað okkur það. Við vildum vera báðar í vinnunni og pössuðum okkur bara mjög vel.“

Arndís: „Við tókum markvisst starfsþróunarsamtöl til að kanna ástandið á hópnum. Við skiptum starfsfólkinu niður á þrjár kaffistofur og það er ennþá þannig. [2021] Ein fyrir unglingastigið, önnur fyrir miðstig og sú þriðja fyrir yngsta stigið. Þarna er fólk sem átti kannski sína bestu starfsfélaga í öðrum hópi og þurfti því að eiga meiri samskipti við aðra vegna hólfaskiptingarinnar. En þetta hefur gengið merkilega vel. Ég tel að við stöndum sterkari á eftir sem hópur. Fólkið hefur ekki kvartað yfir neinu og við höfum lagt upp úr góðri upplýsingagjöf til starfsfólksins. Fólk varð held ég óeigingjarnara.“

Guðrún Helga: „Við tókum þátt í þrífum á milli matarhléa. Ég held að þegar maður kemur út úr svona gusu eins og COVID-19 þá verður líðsheildin sterkari og það eiga allir hlut í því.“

Arndís: „Við lögðum áherslu á að allt sem við gerðum væri í samræmi við reglugerðirnar. Þær voru ekki okkar ákvörðun. Við þurftum að glíma við það að fólk sat heima með vinnuna sína og börnin sem voru einnig heima.“

Guðrún Helga: „Við þurfum auðvitað að læra af reynslunni. Kennararnir höfðu svo mikinn metnað og vildu halda eðlilegri námsframvindu og dampi í faraldrinum. Við þurftum svolítið að halda aftur af þeim því foreldrarnir eru ekki kennarar og gátu margir hverjir ekki tekið að sér að hjálpa börnunum sem skyldi heima við.“

Arndís: „Skólinn er samfélagsstofnun sem þarf að malla áfram þrátt fyrir að ástandið sé slæmt. Ég fann sterkt fyrir því að margir foreldrar áttuðu sig betur á því í faraldrinum hvað skólinn er mikilvægur. Margir foreldrar höfðu samband og sögðu okkur hvað það væri mikilvægt fyrir þá að við héldum skólanum gangandi.“

En eruð þið ekkert orðnar þreyttar sem stjórnendur?

Arndís: „Merkilega lítið. Ég verð samt að segja að það var svolítil lopi í hausnum á mér í haust þegar við byrjuðum aftur.“

Guðrún Helga: „Síðasta vetur snerist starfið í raun alfarið um COVID-19, að hugsa um öryggið og halda skólanum opnum. Í haust vildum við auðvitað halda áfram með alls konar verkefni sem sátu á hakanum í þessu ástandi. Ég hlakkaði mikið til þess að geta loksins byrjað. En í svona krefjandi ástandi getur maður ekki sett af stað nein aukaverkefni. Og í haust var það ekki eitt af því sem maður ætlaði að fara að gera aftur, þ.e. að glíma við COVID-19 enn einn veturinn.“

Arndís: „Í raun höfum við samt unnið alls konar sigra sem nýtast áfram í starfinu.“

Guðrún Helga: „Við sáum úr hverju fólkið okkar er gert.“

Arndís: „Horfðum til dæmis á veikindadaga verða að engu. Hópurinn er sterkari eftir að hafa gengið í gegnum þetta saman, foreldrahópurinn er góður og í jafnvægi. Það er allt í lagi með okkur. Aðalatriðið er að börnin séu glöð því þau eru í eðli sínu glöð.“

Guðrún Helga: „Ég varð samt smá döpur þegar þau þurftu að ganga með grímur í skólanum, alveg niður á miðstig. Þau tóku því samt af miklu æðruleysi.“

Arndís: „Fólk finnur sér alltaf leið og sýnir seiglu í alls kyns aðstæðum.“

Þær tala báðar um að fjarkennsla hafi gengið mjög vel í gegnum Google-Meet umhverfið. Skólinn sé með mjög færan verkefnastjóra í upplýsingatækni sem setti allt á fullt í því að tengja kennara við nemendur heima. Foreldrar og börn settu þetta strax upp hjá sér. Allir kennarar voru búnir fartölvum og voru haldnir daglegir fjarfundir með kennurum skólans..

Arndís: „Við kunnum orðið miklu meira núna og erum öll komin á þann stað að geta nýtt okkur þessa tækni.“

9.5 Telur mörg hafa unnið sér til húðar

Þorgerður L. Diðriksdóttir, formaður félags grunnskólakennara.

Viðtal tekið 20. október 2021.

Þorgerður L. Diðriksdóttir, formaður félags grunnskólakennara hefur staðið í ströngu í faraldrinum enda hefur mikið verið leitað til félagsins vegna alls kyns mála á faraldurstímanum. Hún segir vel hafi tekist til í heildina séð og að samtakamátturinn hafi verið mikill í fyrstu. Um haustið 2020 hafi hins vegar viðhorf skólastjórnenda breyst sem hafi valdið úlfúð hjá kennurum. Mjög hafi reynt á grunnskólakennara í faraldrinum.

„Þetta er orðinn býsna langur tími og hefur verið kaflaskiptur. Ég fann að þetta var raunveruleg ógn í fyrsta skipti þegar ég var kölluð á fund menntamálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur. Ég sá bara á svipnum á henni að ástandið var alvarlegt. Hún lýsti því þannig að við værum komin á mjög hættulegan stað.“

II

Mín viðbrögð eftir þann fund voru að kalla saman sem flesta að borðinu þannig að allir væru á sama stað, fræðslustjóra, borgar- og bæjarstjóra. Dagur tók þetta síðan lengra og boðaði til fundar í Ráðhúsinu. Það var nauðsynlegt að koma á samráði til að allar upplýsingar væru réttar og allir væru á sömu blaðsíðunni.

Á þessum tíma fannst mér allt takast mjög vel og við höfðum eitthvað til málanna að leggja.

Áður en þetta gerðist var verið að undirbúa verkfall Sameykis og verkfall Eflingar hafði verið í gangi í nokkurn tíma.

Það lögðust allir á eitt til að ekki færu út misvísandi skilaboð. Við vorum þarna að fá óteljandi spurningar alls staðar að af landinu um smit, sóttkví og einangrun auk þess sem fjölmargir kennarar óttuðust að smitast vegna undirliggjandi sjúkdóma eða vegna fjölskylduaðstæðna þar sem einhver nákominn var með undirliggjandi sjúkdóm. Það þurfti að samræma þessi svör. Helgi Grímsson og SFS gegndu þarna lykilhlutverki í því að koma upplýsingum til allra.

Óttinn var til staðar og viðbrögðin voru mjög skýr. Reykjavíkurborg vann mjög gott plagg þarna í byrjun sem var einkar sanngjarnt í garð kennara. Settir voru upp þrír skýrir kostir fyrir þá kennara sem höfðu áhyggjur af því að smitast eða að smita aðra og vildu af þeim ástæðum vera heima.

Þeir gátu í fyrsta lagi fengið tilfærslu í starfi sem minnkaði smithættu, í öðru lagi gætu þeir unnið að verkefnum heima og í þriðja lagi gætu þeir farið í veikindaleyfi en þá þyrftu þeir að skila læknisvottorði.

Í okkar tilfelli lagði ég ríka áherslu á að þeir gætu unnið að heiman og að kennarar kæmu sjálfir með hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að sinna heima en í staðinn yrðu þeir ekki skráðir veikir.

Þetta var ekki stór hópur en ég er nokkuð viss um að ef ekki hefði verið brugðist svona við á sanngjarnan hátt þá er ekki víst að þetta fólk hefði komið aftur til vinnu. Mannauðssvið SFS vann þetta mjög vel.

Þetta gekk mjög vel þarna í fyrstu bylgjunni – mars fram á vor 2020. Þá var einnig ráðist í miklar hólfanir í skólunum, allt var skipulagt upp á nýtt og kennarar höfðu litla sem enga aðstöðu í skólunum og ég fann að þeir voru orðnir aðframkomnir af þreytu þetta vor.

En á þessum tíma var samtakamátturinn mikill og allir unnu saman að því að glíma við þennan faraldur og að halda skólunum gangandi. Þeir sem vildu vera heima gátu það og unnu að alls konar verkefnum. Við vorum öll að gera það sem þurfti. Þetta ýtti undir sjálfsvirðingu kennara og þeir fundu að þeir og fagmennska þeirra skiptu máli.

Svo kom sumarið og þetta virtist vera á góðri leið þar til í ágúst þegar önnur bylgjan hófst. Þá var komið eitthvað aðeins annað hljóð í skólastjórnendur og í sumum skólum voru haldnir stórir staðfundir sem leiddi til þess að skólarnir gátu ekki hafið starf þá um haustið. Samt hafði verið haldinn fundur með Þórólfi sóttvarnalækni í ágúst þar sem hann hvatti alla til að hámarka sóttvarnir.

Og þarna var kominn lína sett fram af mannauðssviði og samþykkt í neyðarstjórn borgarinnar, um að fólki var gert að mæta í vinnuna eða fara að öðrum kosti í veikindaleyfi.

Þetta olli mikilli úlfúð og reiði hjá kennurum og þá reyndi á það hjá mér að sannfæra kennara um að tala við skólastjórana sína og athuga hvort ekki væri hægt að leysa málin. Ég þurfti oft að byrja á því að ná fólki út úr reiðinni sem það var búið að koma sér í.

Línan var einhvern veginn svona: Við þurfum að manna þetta skip, það er skólaskylda á Íslandi og öll börn eiga að mæta í skólann. Þarna voru ákveðnir skólastjórar farnir að taka málin í eigin hendur. Við fundum að það kom upp mikil togstreita og það fór að brotna undan því samkomulagi sem verið hafði við lýði þarna um vorið. Þarna voru komnir hnökrar í samtalið og mér fannst þarna að borgin væri orðin svolítið góð með sig með því að setja þessa línu. Traustið minnkaði því.

Borgin þarf að átta sig á því að kennarar upplifðu valdbeitingu þarna af hálfu skólayfirvalda. Á þessum tíma kom einnig upp kvörtun um að það væri þöggun í kerfinu um hversu margir nemendur væru með COVID-19.

Þá tók sviðið sig til og bætti upplýsingagjöf mikið. Fulltrúar í skóla- og frístundaráði voru reglulega upplýstir um stöðuna og við eigum áheyrnarfulltrúa þar. Þessi minnisblöð voru mjög góð heimild um hvernig staðan var. Og þar sá maður að það voru að koma upp smit í skólunum.

Þetta haust var einnig verið að taka upp gamla hætti eins og að fara með nemendahópa á Reyki í Hrótafirði með tilheyrandi smithættu.

Ég hélt daglega fundi með öllum svæðiformönnum kennara sem eru tíu talsins og þar fann ég hvernig bylgjan gekk yfir. Álagið var langmest hér á höfuðborgarsvæðinu. Reyndar var það þannig að öll vinnan var unnin hjá skólayfirvöldum í Reykjavík, sem fór fyrir stjórnarsýsluapparatinu. Reykjavíkurborg vann vinnuna sem þurfti að vinna. Og það skipti gríðarlega miklu máli að hafa miðlægán aðila sem upplýsti.

Ég bað t.d. Helga Grímsson um að hafa mig inn í öllum póstum sem skiptu máli fyrir kennara og hann varð góðfúslega við því. Þetta skipti miklu máli því ég var að fá spurningar frá mínu fólki allan sólarhringinn þegar vöntun á upplýsingum var sem mest.

Ég gerði kjarasamning í gegnum fjarfundabúnað og kynnti hann einnig þannig. Tæknin er góð og til margs brúkleg en hún kemur ekki í stað mannlegra samskipta augliti til auglitis.

Kennarar voru að teygja sig inn á heimili fólks í faraldrinum. Varðandi foreldrasamskipti þá gáfu fjarfundir í gegnum Teams og fleiri forrit foreldrum aukin tækifæri til að mæta, t.d. feðrunum sem sáust oftast á foreldrafundum.

Síðastliðið vor fundu kennarar mjög fyrir því að sumir foreldrar höfðu aldrei komið inn í skóla barnanna sinna. Við höfum einnig verið að sjá foreldramál koma upp sem hefði líklega verið búið að leysa hefðu foreldrar hitt kennarann á fundi en ekki í fjarfundabúnaði. Það eru ekkert allir góðir í rafrænum samskiptum.

Margir kennarar eru að eldast og sumir voru eðlilega hræddir við sjúkdóminn. Jafnframt var mikið traust sett á fólkið og það var stolt af því að finna það. Þegar fólkið fann fyrir því að

traustið hvarf að einhverju leyti varð það til þess að slá niður löngun fólks til að halda áfram í þessari baráttu.

Ég held að faraldurinn hafi gert það að verkum að margir hafi unnið sér til húðar. Það hefur engin umbun komið til opinberra starfsmanna eins og víða í einkageiranum. Það er eins og við eigum alltaf að vera bara þakklát fyrir að hafa vinnu.“

Þorgerður segir að á síðustu árum hafi flestir nýir skólar verið byggðir með það fyrir augum að skólastarfið geti flætt um ganga og stofur. Það auki á vanda við hólfun þegar svona faraldur gengur yfir. „Ég er hrædd um að við verðum að hugsa það upp á nýtt hvernig svona opin rými eru skipulögð og í það minnsta verður að hafa möguleika á því að hólfa niður til að hægt sé að gæta að sóttvörnum og halda starfinu gangandi. Opin rými eru kannski ekki alveg alltaf málið,“ segir hún að lokum.

9.6 „Var skapi næst að hætta í dymbilvikunni 2021“

Guðrún Sólveig Vignisdóttir, skólastjóri leikskólans Rauðhóls í Norðlingaholti. Viðtal tekið 14. október 2021.



Leikskólinn Rauðhóll er sá stærsti í Reykjavík með 70 starfsmönnum og 197 börnum á þremur starfsstöðvum. Guðrún Sólveig Vignisdóttir leikskólastjóri segir að sér hafi verið skapi næst að hætta þegar leikskólastarfsfólki var gert að vinna í dymbilvikunni 2021 þegar allir skólar lokuðu vegna faraldursins fimm dögum fyrir páska.

„Í febrúar 2020 fann ég á mér að eitthvað var að fara að gerast þannig að ég pantaði fartölvur fyrir alla deildarstjórana mína og fékk tólf slíkar. Þetta þýddi að við gátum fært undirbúnings vinnuna heim og verið í samskiptum og bjargaði það hreinlega öllu því leikskólanum var skipt upp í fimm sóttvarnarhólf.

Fólkinu mínu fannst þetta mikil ábyrgð að hafa á sínum herðum en það var alveg tilbúið að takast á við þetta, segir Guðrún Sólveig og bætir þó við að þetta hafi lagst verr í suma og að einhverjir hafi farið í veikindaleyfi. „Sumir voru bara ofsahræddir við þessa veiru sem var alveg skiljanlegt. Við fundum strax að það hafði ekkert upp á sig að halda fólki í vinnu sem var með tárin í augunum.“ Þau hafi því farið rólega í sakirnar og fengið fólkið sitt aftur með hægd.

Var erlenda starfsfólkið eitthvað sér á báti hvað þetta varðar?

„Nei, mér fannst erlenda starfsfólkið frekar rólegt,“ segir Guðrún Sólveig. Það hafði haft mestu áhrifin að komast ekki heim vegna ástandsins sem sumstaðar hafi verið miklu verra en hér. „Þau höfðu áhyggjur af fólkinu sínu úti og vantaði hreinlega tengslanetið sitt. Sum komust ekki heim fyrr en í sumar.“ [2021]

Leikskólinn hafi á þessum tímamarki ekki farið í sóttkví og aðeins einn starfsmaður hafði smitast. „Við vorum rosalega ströng við foreldra og starfsfólk. Foreldrar áttu skýlaust að halda börnunum heima ef þau voru með einhver veikindaeinkenni og eins var með starfsfólkið. Þrjú börn smituðust í vetur en þau voru ekki í skólanum þegar smitin uppgötvaðust þannig að við sluppum vel.“

Þegar leikskólinn Jörfi þurfti að loka fékk ég hálfgera áfall. [Apríl 2021] Vinkona mín stýrir þeim skóla og mér fannst alveg eins og ég hefði getað lent í þessu. Smitið sprakk út á einum föstudegi hjá þeim og ég held að 80% starfsfólksins hafi smitast. Ég fékk svona hitaeinkenni þegar ég frétti þetta. Mig langaði ekkert til að það væri leikskólinn Rauðhóll sem væri í öllum fjölmiðlum vegna COVID-19 smita.“

Enn færðist raunveruleikinn nær því bera fór á smitum í Norðlingaskóla og hverfinu [haust 2021]. Til öryggis lokaði Guðrún Sólveig báðum eldhúsum leikskólans, lokaði deild tvisvar og bað foreldra að fara með börnin í próf.

„Í framhaldi af þessu COVID veseni öllu saman hefur verið mikið um veikindaleyfi, í raun aldrei meira en í þessu ástandi. Allan síðasta vetur var ég að bjarga og redda hlutum og gekk í öll störf í skólanum til að halda honum gangandi,“ segir hún. Að auki hafi öll samskipti sem að öllu jöfnu byggja á nálægð breyst því ekkert mátti flæða á milli sóttvarnahólfa, ekki heldur stjórnendur sem hafði mikil áhrif.

„Vegna ástandsins gat ég ekki ráðið nýja starfsmenn inn. Mér fannst ég ekki geta boðið fólki upp á að byrja við þessar aðstæður. Það var því flókið að halda starfsemi gangandi. Þetta kom líka mjög niður á félagslegum samskiptum starfsmannanna. Við höfum alltaf hist mikið utan vinnu, jafnvel meira en á öðrum vinnustöðum en þurftum að hætta því alveg.“

Guðrún Sólveig nefnir líka að þau hafi verið nýkomin úr verkfalli þegar faraldurinn skall á. Sex vikna verkfall sem hafi verið mikið niðurbrot fyrir margt þeirra starfsfólk. Það hafi átt erfitt með að halda rútínu í verkfallinu og höfðu áhyggjur af starfinu sínu. Hún fór bæði í Eflingu og niður í Ráðhús til að lýsa áhyggjum sínum og kallaði eftir að talað yrði af virðingu um fólkið sem þarna stóð að baki. Í verkfallinu hafi þau þó getað hist og meðal annars fagnað Menntaverðlaunum skóla- og frístundaráðs sem þeim voru veitt.

„En þetta var staðan. Fólkið var að koma brotið úr verkfalli og svo byrjaði bara COVID-19 ástandið með einum fréttamannafundi.“

Í byrjun faraldursins skildi ég ekki hvernig ég gæti rekið skólann. Ekkert foreldri steig inn í leikskólann allan síðasta vetur. Við bættum á okkur mikilli vinnu þar sem við klæddum t.d. öll börnin úr útifatnaði þegar þau komu í skólann og í hann þegar þau voru sótt,“ segir

Guðrún Sólveig. Engir foreldrafundir voru haldnir, kynningarfundir fyrir foreldra voru úti á plani og starfsmannaviðtöl tekin í gönguferðum úti. „Foreldraviðtöl fóru fram í gegnum tölvur eða í síma. Þegar bylgjurnar hafa gengið niður höfum við reynt að taka inn foreldra sem þurfa meiri aðstoð eða athygli frá okkur.

Okkur fannst hins vegar rosalega skrítið að við þurftum að keyra á fullum afköstum og halda starfseminni opinni. Starfsfólk í launadeild vann hálfu vikuna heima og eins var þetta á skóla- og frístundasviði. Þetta var bara eins og Pentagon - enginn mátti koma þar inn fyrir dyr.“

Þá fannst mér leikskólastarfsfólki sýnd fádæma óvirðing þegar menntamálaráðherra mætti á fréttamannafund og sagði að skólum yrði lokað fimm dögum fyrir páska vegna smithættu.[2020] Ég hringdi sérstaklega í sviðsstjórnann og bað hann um að minna menntamálaráðherra á að gleyma ekki leikskólunum en svo gerði hún það. Við þurftum að hafa opið alla dymbilvikuna. Við áttum að þjarga þjóðfélaginu og halda öllu gangandi á meðan allir aðrir voru bara heima að vinna. Þegar þetta gerðist var mér skapi næst að segja upp og hætta.

Á þessum tíma voru fimm deildarstjórar af tíu í veikindaleyfi hérna og margt af mínu starfsfólki með ung börn á grunnskólaaldri sem það vildi ekki skilja eftir ein heima þannig að okkur var mikill vandi á höndum. Sviðið skipaði okkur hins vegar að hafa opið. Ég hringdi í grunnskólakennara sem áttu börn í skólanum og bað þá um að halda börnunum heima. Það breytti öllu að fá minni hóp inn í skólann.“

Við fengum aldrei neinn afslátt af okkar vinnu í faraldrinum nema að við gátum lokað hálf tíma fyrr á daginn. Það var bara meira álag og meiri vinna og mjög takmarkaður skilningur á okkar starfi fannst mér. Á sama tíma gátu stjórnendur grunnskóla og frístundamiðstöðva útfært sína vinnu nánast eins og þeir vildu og flestir fóru í raun niður í 50% starf. Börnin mættu í skólann tvo til þrjá daga í viku og voru heima hálfu vikuna.



Þrátt fyrir mikið álag tókst þetta ótrúlega vel að mínu mati. Ég held að ein mikilvægasta ástæðan fyrir því hve vel tókst til sé að starfsfólkið sýndi mikla ábyrgðarkennnd. Það fór að lifa mjög einföldu lífi eins og fólkið á spítölunum. Fólk verslaði á netinu, vann bara og hélt sig heima við til að smitast ekki.

Guðrún Sólveig segir ekki hafa bætt ástandið að fjármál leikskólanna hafi verið í vöndri stöðu. Allir leikskólar hafi verið í mínus.

„Við höfum líka horft á menntaða starfsfólkið okkar renna yfir í grunnskólana þar sem leyfisbréf leikskólakennara tók gildi á öllum skólastigum og erum við því í brjálaðri

varnarstöðu. Við þyrftum að vera í þeirri stöðu að geta gert mjög vel við starfsfólkið okkar og hafa möguleika á því að keyra starfið upp en ekki niður. Ég hef hins vegar engan áhuga á því að fá þann stimpil á mig að vera stjórnandi og geta ekki haldið fjárhagsáætlun. Ég tel að skóla- og frístundasvið átti sig ekki á því hvað starfið er orðið flatt víða,” segir Guðrún Sólveig.

Það góða er hins vegar að börnin eru ekkert að spá í þessu. Lífið heldur bara áfram. Þau gefa ótrúlega mikið. Mér finnst forvitnilegt að faraldurinn hefur að sumu leyti haft holl áhrif á börnin. Fólk hefur verið á fullu síðustu tíu árin eða svo. Það er með börnin sín á leikskóla átta til níu tíma á dag, svo þurfa þau að fara í sund og íþróttir og guð má vita hvað. Fyrir COVID voru þau stundum alveg komin á öskrið á fimmtudagsmorgnum af þreytu. Svo komu oft föstudagar þar sem annað hvert barn var sótt af ömmum og öfum því foreldrarnir höfðu nauðsynlega þurft að skreppa í helgarferð til útlanda. Það var kominn sjúklega mikill hraði í lífið hjá mörgum fjölskyldum sem hefur ekkert sérstaklega góð áhrif á börn. Nú hefur fólk svolítið lært að vera bara heima með fjölskyldunni. Það hefur bjargað ótrúlega miklu að leyfa börnunum bara að vera heima í rólegheitunum, draga úr hraðanum og stressinu.“

Hvernig líður þér eftir þetta allt saman?

„Ég finn að þráðurinn er rosastuttur í mér og hef bara reynt að hreyfa mig og lært að meta alla góðu dagana sem koma.

Ég finn að fólkið mitt þarf mikið á mér að halda og ég hef reynt að gera þetta sem best og taka púlsinn á öllum. Því miður hefur verið talsvert um áföll í starfsmannahópnum en líka fullt af sterku jákvæðu fólki hérna sem hefur staðið sig ótrúlega vel.

Við reyndum að finna fólkið sem var þungt og var við það að bugast af þreytu og sendum það bara heim. Ég fann til öll hrós sem ég átti til. Við lögðum mikið upp úr því að tala um hvað fólk væri heppið að geta mætt í vinnuna og að fá útborgað 1. hvers mánaðar.

Erfiðast var að vera með sérkennsluna því sérfræðingarnir sem við reiðum okkur á máttu ekki stíga hér inn fyrir dyr. Börnin voru ekki að fara í þá tíma sem þau þurfa fyrir utan leikskólann en við leystum þetta með alls konar úrræðum. Einnig gat sérkennslufólkið okkar ekki hoppað á milli hólfa til að aðstoða.

Við náðum að halda jólagleði sem var ekki sjálfgefið. Hvert sóttvarnarhólf hélt jólagleði með sínu fólki og það var gert þannig að einn úr hverjum hópi bauð heim til sín. Það var rosa gaman hjá öllum hópnum en við stjórnendurnir gátum ekki mætt, við vorum bara fyrir utan allt.“

10. Umhverfis- og skipulagssvið (USK)

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) fylgir eftir stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum. Auk þess gegnir sviðið mjög fjölpættu hlutverki. Það rekur lögbundin embætti skipulagsfulltrúa, byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Bílastæðasjóð og ber ábyrgð á rekstri Grasagarðs Reykjavíkur.

Sviðið stýrir framkvæmdum og viðhaldi mannvirkja í eigu og rekstri borgarinnar. Einnig sinnir það almennum rekstri borgarlandsins, garðyrkju, grasslætti, snjómokstri, hreinsun og sorphirðu. Sviðsstjóri er Ólöf Örvarsdóttir.

Í ljósi þeirra fjölbreyttu og mikilvægu verkefna sem USK hefur á sinni könnu var mikilvægt að starfsemi sviðsins héldist órofin á sem flestum starfsstöðvum. Þetta gekk eftir og var starfsemi sviðsins órofin allan faraldurstímamann en það gekk ekki þrautalaust fyrir sig. Grípa þurfti til ráðstafana víða í starfseminni til að svo yrði; starfsfólk vann heima að verkefnum sínum þegar samkomutakmarkanir voru mestar og starfshópum var skipt upp á skrifstofum sviðsins til að forðast hópsmit.

Afgreiðsla mála hélt áfram af fullum krafti. Fundnar voru leiðir t.a.m. hjá embætti byggingarfulltrúa til að afgreiða teikningar rafrænt og farið var í átak við skönnun byggingateikninga. Það auðveldaði þetta að þjónustuver borgarinnar í Borgartúni lokaði aldrei en stór hluti af verkefnum þess felast í afgreiðslu teikninga fyrir byggingarfulltrúa. Unnið er að því að skanna allt byggingateikningasafn borgarinnar inn svo hægt verði að afgreiða þær áfram með rafrænum lausnum. Faraldurinn leiddi m.a. í ljós hversu brýnt er út frá ýmsum sjónarmiðum að möguleikinn á því að afgreiða erindi rafrænt sé fyrir hendi.

Þótt hægði á einstaka framkvæmdum vegna faraldursins, svo sem við hótélbyggingu Íslandshótela í Lækjargötu var framkvæmdastig afar hátt í borginni allan COVID-tímamann, jafnt í verklegum framkvæmdum á vegum borgarinnar og hjá einkaaðilum. Það var ekki síst því að þakka að afgreiðsla mála hjá skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa hélst órofin og ráðin sem umhverfis- og skipulagssvið þjónar sem fara yfir mál embættanna, funduðu nánast óslitið bæði árin. Skipulags- og samgönguráð fundaði 11. mars 2020 en gerði þá hlé vegna faraldursins og fundaði næst 1. apríl 2020. Það var eina hléið sem ráðið tók í faraldrinum enda gekk starfsemi umhverfis- og skipulagssviðs snurðulaust fyrir sig allan tímamann. Sama gilti um umhverfis- og heilbrigðisráð sem tók fundahlé í mars 2020, fundir í ráðinu voru haldnir 19. febrúar og aftur 22. apríl. Þetta hlé gaf stjórnendum sviðsins ráðrúm til að endurskipuleggja starfið.

10.1 Sorphirða

Einkar mikilvægt var að sorphirða í borginni gengi vel fyrir sig í faraldrinum og að ekki yrði hlé á hirðingu úrgangs frá heimilum. Það hefði verið mjög óheppilegt út frá heilbrigðissjónarmiðum og haft slæm sálræn áhrif á borgarbúa ofan í pestina. Verkfall Eflingar setti samt strik í reikninginn því starfsfólk sorphirðunnar var í verkfalli meira og minna í febrúar 2020 þannig að sorphirðan missti af heilli umferð í hirðu. Það var unnið upp á laugardögum í mars þegar faraldurinn var í miklum vexti.

Þegar sóttvarnareglur voru sem stífastar var meira en að segja það að halda sorphirðunni gangandi. Í hverjum sorphirðubíl sem fer um borgina er alltaf flokkur starfsfólks, fjögur til fimm í bíl, og þess vegna ekki auðvelt um vik að gæta tveggja metra nálægðarreglu sem og aðrar sóttvarnir. Að sögn Sigríðar Ólafsdóttur rekstrarstjóra sorphirðunnar var teft á tæpasta vað til að halda starfseminni gangandi.⁶³⁶



„Það mátti ekki fara nema einn hlekkur hjá okkur til að við lentum í vandræðum. Við erum með tíu bíla og urðum að slíta sundur alla hlekkina til að forðast smit. Þannig að við skiptum svæðum niður á tvo og tvo bíla sem máttu skiptast á þannig að við gætum rakið smit ef þau kæmu upp. Hér var enginn sameiginlegur snertiflötur, ekkert mótuneyti hérna eins og vanalega, heldur fóru menn heim í vinnuhléi og hópunum var skipt upp þannig að fólk fékk ekki að fara á milli flokka nema þessara tveggja. Svo var skráð hver var hvar var á hverjum degi og héldu flokksstjórnir dagbók yfir það.“

Að sögn Sigríðar voru strax keyptar sóttvarnargrímur fyrir starfsfólkið og einnota hanskar sem það notaði við störf sín. Var það áður en mælt var með grímunotkun.

„Þetta var áður en Þórólfur hvatti til grímunotkunar og einhverjir voru að segja, t.a.m. heilbrigðiseftirlitið, að grímurnar yllu bara meiri smithættu væru þær ekki rétt notaðar. Við hlustuðum ekkert á það og héldum okkar striki.“⁶³⁷

Í fyrsta samkomubanninu varð mikil aukning á sorpi við heimili vegna þess að fjölmargir unnu heima þessar vikur í mars. Sorphirðan gaf hins vegar út tilkynningu þar sem borgarbúar voru hvattir til þess að vanda frágang á sorpi og skilja ekki eftir umframsorp við

⁶³⁶ Sigríður Ólafsdóttir rekstrarstjóri Sorphirðunnar, viðtal.

⁶³⁷ Sama heimild.

tunnur. Ákveðið var að taka ekkert umframsorp frá heimilum þar sem reynt var að takmarka alla snertingu starfsfólksins við sorpið í sóttvarnarskyni.⁶³⁸

Einnig var hugað að því að sóttþreinsa alla snertifleti reglulega með spritti sem og lykla að sorpgeymslum í fjölbýlishúsum sem sorphirðan er með.

Talsvert var um það að borgarbúar hentu sóttvarnargrímum í pappírstunnur. Gefin var út tilkynning þar sem fólk var vinsamlegast beðið um að setja grímur í almennt sorp (gráu tunnurnar) og ganga vel frá þeim.

„Snýtubréf og maskar eiga heima í lokuðum pokum með blönduðu heimilissorpi en ekki með pappírsúrgangi. Latexhanska og eldhúsbréf sem hafa verið notuð við þrif eða sóttþreinsun skal sömuleiðis setja með blönduðum úrgangi í gráu tunnurnar.“⁶³⁹

Sorphirðan fékk síðan aðstoð við hirðuna frá Terra og Íslenska gámafélaginu í lok apríl. Hjá þessum félögum var frekar lítið að gera þar sem starfsemi fyrirtækja dróst mikið saman á starfsstöðvum í faraldrinum en þau sjá um sorphirðu frá þeim í borginni. Sigríður segir að hjálpin hafi verið mjög vel þegin en hún var ekki síður hugsuð sem aðstoð við þessi fyrirtæki sem höfðu úr litlu að móða þessar vikur.⁶⁴⁰

10.2 Umhirða borgarlandsins

USK rekur verkbækistöðvar á nokkrum stöðum í borginni: Fiskislóð sem sér um vesturborgina og aðra í Jafnaseli sem sinnir hverfunum austan Elliðaána. Smærri stöðvar eru í Laugardal, Árbæjarbletti og Kjalarnesi. Starfsfólk þessara stöðva sinnir margvíslegri umhirðu og heldur við innviðum borgarinnar. Um 140 manns vinna við umhirðu borgarlandsins að jafnaði.

Þjónustumiðstöð borgarlandsins er síðan staðsett á Stórhöfða en þar er sorphirðan með bækistöð og þar er einnig véladeild með aðsetur og geymslur fyrir ýmsa aðra starfsemi sem tengist borgarlandinu. Þjónustumiðstöðin sinnir margvíslegum verkefnum í borgarlandinu, svo sem uppsetningu og viðhaldi umferðar- og gangbrautarljósa og umferðarmerkja, auk útleigu á lokunarbúnaði, umferðarmerkjum, fánum og fánaborgum. Grassláttur á 470 hekturum borgarlands er í höndum dráttarvéladeildar auk eftirlits með störfum verktaka, en

⁶³⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Vanda þarf frágang á sorpi við heimili vegna sóttvarnar“, 20. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/vanda-tharf-fragang-sorpi-vid-heimili-vegna-sottvarna>

⁶³⁹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Grímur og snýtubréf í gráu tunnurnar“, 1. apríl 2020, <https://reykjavik.is/frettir/grimur-og-snyttubref-i-grau-tunnurnar>

⁶⁴⁰ Sigríður Ólafsdóttir, viðtal.

á veturna sinnir deildin snjómokstri og hálkuvörnum á göngu- og hjólastígum ásamt verktökum.

Eftirlit og umsjón með vetrarþjónustu og hreinsun gatna og gönguleiða er í höndum Þjónustumiðstöðvar, sem og umsjón og viðhald hitakerfa og eftirlit með framkvæmdum veitustofnana.⁶⁴¹

Skipuleggja þurfti starfsemina á öllum hverfastöðvunum upp á nýtt í faraldrinum svo hún héldist órofin.

Í upphafi árs 2020 var starfsemi nýhafin í nýrri og glæsilegri hverfastöð á Fiskislóð 1 og fluttist starfsemi af eldri verkþækistöðvum á Njarðargötu og Klambratúni þangað. Á Fiskislóð eru 57 stöðugildi en voru aðeins færri í faraldrinum þar sem ekki var ráðið í lausar stöður.

Að sögn Hafsteins Viktorssonar, deildarstjóra á Fiskislóð, varð að fara í alls kyns tilfæringar til að hægt væri að halda starfseminni órofinni og gæta sóttvarna. Skipulagið var mikið púsluspil. Eitt af ráðunum sem gripið var til var að garðyrkjudeildin flutti þækistöð sína á Njarðargötu og var þar til loka faraldursins til að létta á starfsstöðinni á Fiskislóð.⁶⁴²

Allt skipulag á hverfastöðvunum miðaði að því að ekki kæmi upp hópsmit sem myndi stöðva starfsemina. Skrifstofufólkið vann heima eins og hægt var. Leigðir voru fleiri bílar til að ekki væru of margir saman í bíl og voru að jafnaði aðeins tveir saman í hverjum bíl. Leigðar voru tvær rútur fyrir flokka til að fólk gæti virt fjarlægðarmörk í vinnunni. Flestallir starfsmenn á þessum stöðum vinna að jafnaði úti við og þar var hægara um vik að halda fjarlægð. Starfsfólki var skipt upp í hópa sem unnu til skiptis á vettvangi eða heima.

Hluti starfsfólks vann verk sín að heiman og valdir lykilstarfsmenn sem gátu leyst hver annan af mættu til skiptis. Þá var tæknin nýtt til daglegra morgunfunda með millistjórnendum og innan deilda.

Að sögn Hafsteins kom best út þegar flokkabílarnir voru gerðir út að heiman og aðeins tvö voru saman í bíl.

Einnig var reynt að skipta upp mannskapnum fyrir hádegi og eftir hádegi en það reyndist ekki jafn vel og að hafa hluta fólksins heima dag og dag.

Þegar samkomutakmarkanir voru sem strangastar kom enginn á stöðina en stjórnendur funduðu í gegnum fjarfundabúnað.

⁶⁴¹ Vefur reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð borgarlandsins, <https://reykjavik.is/thjonustumidstod-borgarlandsins>

⁶⁴² Hafsteinn Viktorsson, deildarstjóri hverfastöð Vestur, viðtal.

Eitt og eitt smit komu upp í starfsmannahópnum á farsóttartímanum en það leiddi aldrei til hópsmits.⁶⁴³

Svipað fyrirkomulag var viðhaft á hinum hverfastöðvum borgarinnar.

Hverfastöðin á Fiskislóð sér m.a. um undirbúning stórra viðburða í Miðborginni og setur upp lokanir og öryggishlið og sinnir hreinsun. Ekki var mikið um viðburðahald á COVID-tímanum en stórar sumarhátíðir eins og 17. júní, Menningarnótt og Gleðigangan voru blásnar af bæði sumrin 2020 og 2021.

Segja má að rekstur og umhirða borgarlandsins hafi gengið vonum frammar í faraldrinum.

Til allrar hamingju dró úr faraldrinum um vorið þannig að hægt var að sinna hefðbundinni hreinsun og gera borgina fallega fyrir sumarið. Starfsfólkið lagði sig fram um að gera vel og var borgin fallega skreytt blómum bæði sumrin í faraldrinum og útvistarvæðum var gert hátt undir höfði enda voru þau vel nýtt af almenningi allan tímann. Segja má að margir hafi uppgötvað borgina sína í faraldrinum því fólk var duglegt við að njóta útvistar heima við þar sem ferðalög til útlanda voru ekki í boði. Sérstakt átak var gert til að fegra miðborgina undir slagorðinu Sumarborgin og var hún einstaklega vel hirt og blómleg bæði faraldursárin.

Þá tóku nokkrir starfsmenn að sér að hringja í eldri borgara í átaki velferðarsviðs við að draga úr einangrun eldra fólks í heimahúsum.

10.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlitið hélt upp órofinni þjónustu allan faraldurstímann. Starfsemin var skipulögð upp á nýtt til að lágmarka smithættu milli starfsfólksins og mætti til skiptis á starfsstöð sína. Heilbrigðiseftirlitið tók út þrif og sóttvarnir í skólahúsnæði og á ýmsum öðrum starfsstöðvum borgarinnar. Þá tók starfsfólk sviðsins saman góð ráð til að fylgja í faraldrinum og setti á sérstaka vefsíðu auk þess að miðla upplýsingum á facebook síðu Heilbrigðiseftirlitsins.⁶⁴⁴

Á síðunni er að finna ítarlegar leiðbeiningar til starfsfólks veitingastaða, gistihúsa og fyrirtækja um sóttvarnir gegn COVID-19. Þjónustuaðilum var bent á síðuna ef fyrirsurnir bárust.

Heilbrigðiseftirlitið sendi einnig pósta til fyrirtækja með tiltekna starfsemi. Þá var haft samband við dagmæður og leikskóla og farið yfir leiðbeiningar og ráð til sóttvarna.

⁶⁴³ Hafsteinn Viktorsson deildarstjóri hverfastöðvar vestur, viðtal.

⁶⁴⁴ Vefur Reykjavíkurborgar, Upplýsingasíða heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna COVID-19. <https://reykjavik.is/upplysingasida-heilbrigdiseftirlits-reykjavikur-vegna-covid-19>

Heilbrigðiseftirlitið hélt síðan út eins öflugu eftirliti og aðstæður leyfðu á hverjum tíma í faraldrinum.

10.4 Tekjuhrun hjá bílastæðasjóði

Mikill tekjusamdráttur varð hjá umhverfis- og skipulagssviði í faraldrinum. Tekjur Bílastæðasjóðs sem sviðið rekur þornuðu t.d. upp þar sem umferð í miðborginni var lítil sem engin á tímabili og miklu minni en í venjulegu árferði. Þá varð einnig mikill samdráttur í leyfisgjöldum hjá byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlitinu. Nánar er fjallað um tekjusamdrátt sviðsins í kafla um fjármál sviða.

10.5 „Starfsfólkið var frábært“

Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Viðtal tekið í nóvember 2023.

Hverjar voru helstu áskoranirnar?

„Helstu áskoranir voru til að mynda að senda starfsfólk eins og byggingarfulltrúann í Reykjavík í heimavinnu þrátt fyrir embættið væri ekki ennþá orðið stafrænt. Einnig að finna lausnir fyrir starfsfólk í sorphirðu og rekstri á umhirðu borgarlandsins því þar er iðulega þétt setið í flokkabílum og þar er samstarf sem krefst þess að fólk vinni í miklu návígi við hvort annað. Það var líka áskorun að halda utan um starfsfólk, passa upp á að tapa ekki liðsheild og mikilvægri samvinnu en á heildina litið gekk allt vel og betur en maður hefði getað ímyndað sér.“



Hvaða breytingar þurftuð þið aðallega að gera á starfsemi sviðsins í faraldrinum?

„Breytingar á starfsemi voru þær að við urðum að flestu leyti starfræn, notuðum Webex og Teams fyrir fundi og teymisvinnu og fækkuðum verulega í Borgartúninu og hólfaskiptum. Við veittum alla þá þjónustu sem við erum vön en þurftum að breyta vinnufyrirkomulagi í sorphirðunni og í rekstrinum vegna fjarlægðartakmakana.“

Hvernig brást starfsfólkið við?

„Starfsfólkið var frábært. Sýndi mikla aðlögunarhæfni, rósemd og lausnamiðaða nálgun á öll hin fjölmörgu úrlausnarefni sem við erum að fást við daglega. Eitthvað minna var um afköst enda um nýjan veruleika að ræða og í einhverjum tilvikum bar á ótta, óöryggi og heilsukvíða.“

Hvernig reyndi þetta tímabil á þig og aðra stjórnendur á sviðinu?



„Þetta var áskorun og næstum óraunverulegt að vera í brúnni á stórum vinnustað við þessar aðstæður. Að því sögðu þá var aðlögunarhæfnin gríðarleg, samstarf gott og stuðningur og hlýja úr öllu borgarkerfinu.“

Fenguð þið tækifæri til að prófa nýjungar?

„Nei, ekki sérstaklega en auðvitað hefur eitthvað breyst með tilkomu Webex og Teams, heimavinnu og jafnvel má segja að teymisvinna og óformlegt rafrænt samtal um hin ýmsu mál sé meira notað núna þvert á svið og starfseiningar.“

Hvað er eftirminnilegast í þínum huga frá þessum tíma?

„Stöðugir fundir í neyðarstjórn, breytingarstjórnun, hvað samstarfsfólk mitt er lausnamiðað og jarðbundið alla jafna. Hvað þau öll stóðu sig vel. Hvað velferðarsvið og skóla- og frístundasvið mættu áskorunum fallega. Hvað starfsfólkið á USK er magnað og hvað sterk forysta í borginni skipti miklu máli sem og fjölskylda og kærir vinir. Svo er kyrrðin eftirminnileg og að jólaskreyta stóran vinnustað sem var hálf tómur og halda áætlun í einu og öllu en í öðrum takti og öðru formi.“

Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

„Fyrst og fremst þakklæti til starfsfólks á USKinu og borgarinnar allrar.“



10.5 Umhverfis- og skipulagssvið nýtti COVID-19 tímann til þess að ráðast í endurgerð á leiksvæðum víða um borg. Hér er leiksvæði á lóð Guluhlíðar sem er frístundaheimili Klettaskóla sem var endurgert 2021. Mynd: Reykjavíkurborg.

10.6 „Petta fór bara svakalega vel allt saman“

Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri hjá sorphirðu Reykjavíkurborgar. Viðtal tekið á Stórhöfða mánudaginn 13. des 2021.

Sigríður hefur verið starfsmaður Reykjavíkurborgar frá 1975. Hún er með 56 starfsmenn í sorphirðu borgarinnar undir sinni stjórn.

Hún segir að margir hafi verið frá vinnu vegna veikinda í haust þar sem einhver flensa önnur en kórónuveiran hafi hrjád mannskapinn. Hún segir að allt starfsfólkið sé vant og góður liðsandi sé jafnan í hópnum. Allir bílstjórnarnir sem séu einnig teymisstjórar búi yfir mikilli reynslu.

„Petta hefur gengið upp til þessa en álag á stjórnendum hefur verið mikið enda gerir þjónustan sem við veitum miklar kröfur til okkar og allt verður að ganga upp sama á hverju sem gengur.

Ef einhver hefði sagt mér það fyrirfram hvernig veturinn 2019/2020 yrði þá efast ég um að ég hefði mætt í vinnuna,“ segir hún og hlær. „Fyrir það fyrsta var þetta hundleiðinlegur vetur með stormum og snjókomu í desember 2019 sem gerir allt miklu erfiðara hjá okkur. Við krossum nefnilega fingur hérna og biðjum um rauð jól þannig að allt gangi vel fyrir sig í hirðunni. Svo byrjuðu verkföll og ofan á allt kom svo þessi veira með allri þeirri óvissu sem henni fylgdi. En svo er það nú að maður hefur þessa seiglu og gefst ekki svo auðveldlega upp – en ég viðurkenni alveg að þetta var bara mjög töff.

Það mátti ekki fara nema einn hlekkur hjá okkur þannig að við lentum í vandræðum. Við eru með tíu bíla og urðum að slíta sundur alla hlekkina til að forðast smit. Þannig að við skiptum svæðum niður á tvo og tvo bíla sem máttu skiptast á þannig að við hefðum rekjanleika smita ef þau kæmu upp. Hér var enginn sameiginlegur snertiflötur, ekkert mötuneyti hérna eins og vanalega heldur fóru menn heim í vinnuhlé og hópnum var skipt upp þannig að fólk fékk ekki að fara á milli flokka nema þessara tveggja. Svo var skráð hver var hvar á hverjum degi og flokksstjórnarnir héldu dagbók yfir það.

Við keyptum síðan grímur fyrir starfsfólkið og einnota hanska. Við notuðum grímurnar frá byrjun því starfsfólkið situr saman í bílunum, fjögur til fimm í hverjum bíl, og erfitt að halda fjarlægðarmörk. Þetta var áður en Þórólfur hvatti til grímunotkunar og einhverjir sögðu, t.a.m. heilbrigðiseftirlitið, að grímurnar yllu bara meiri smithættu væru þær ekki rétt notaðar. Við hlustuðum ekkert á það og héldum okkar striki.



Tveir til þrjár starfsmenn fóru strax í veikindaleyfi vegna þess að þeir voru með undirliggjandi sjúkdóma. Einn af þeim fékk síðan COVID-19 og fann ekkert fyrir því en hann þjáðist af astma og var því hræddur við veiruna eins og gefur að skilja.

Það kom upp smit í einum hópnum okkar, einn smitaðist og aðrir fóru þá heim í sóttkví. Síðar kom upp smit sem var eflaust að grassera í hópnum svo það þurfti að senda alla aftur í sóttkví svo og rekstrarfulltrúa, alls þrjú starfsmenn.

Við sprittuðum líka allt í bak og fyrir sem við vorum að nota, lyklana og alla sameiginlega snertifleti. Þá bönnuðum við að umframsorp væri tekið því við vildum ekki að starfsfólkið væri í snertingu við sorpið.

Við fengum Terra til að aðstoða okkur í öllu þessu ati og einnig Íslenska gámafélagið. Það var lítið að gera hjá þeim því fyrirtækin voru meira og minna stopp en þeir sjá um hirðu frá þeim. Bæði var þetta út af COVID-19 því við vissum ekki hvernig þetta yrði en einnig var þetta hugsað sem aðstoð við þessi fyrirtæki, þannig að við vorum svolítið að redda þeim.

Við vorum meira og minna í verkfalli frá 5. – 28. febrúar vegna vinnudeilu Eflingar við Reykjavíkurborg og misstum alveg úr heila umferð í hirðu. Við unnum þetta upp á laugardögum. Íslenska gámafélagið kom inn 27. apríl. Þetta var í raun „win win“ fyrir alla þótt okkar menn væru ekkert yfir sig hrifnir af þessu og óttuðust svolítið um sinn hag.

Við höfum reynt hvað við getum að forðast smit en svo hefur ástandið bara orðið viðvarandi. Ég var alltaf með það í huga að þegar faraldurinn hætti þá myndum við gera eitthvað flott fyrir starfsfólkið. Við höfum alltaf verið með grillveislu fyrir starfsfólkið á vorin en það var auðvitað ekki hægt. Þannig að ég keypti „fish & chips“ á línuna og hver og einn náði í sinn skammt. Og núna erum við ekkert að fara á neitt hlaðborð því við erum að fara inn í gríðarmiklar annir um hátíðarnar. Vikan fyrir jól og svo vikan á milli hátíða er alltaf krítískasti tíminn í sorphirðunni. Þá má ekkert út af bera.



En álagið við að stjórna í gegnum þetta var gríðarlegt og það var mikil óvissa hjá okkur því maður vissi í raun ekkert hvað myndi gerast. Og það verður að segjast að þetta fór bara svakalega vel allt saman.“

10.7 „Petta var bara verkefni sem var leyst“

Árný Sigurðardóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Viðtal tekið 28. nóvember 2023.



„Prátt fyrir áskoranir héldum við okkar striki og það gekk vel að takast á við þetta verkefni,“ segir Árný en tekur fram að dálítil forsaga sé að baki. Þegar COVID-19 skall á hafði hún setið í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar í mörg ár. „Ég var fengin í neyðarstjórn í kringum árið 2005. Þá vorum við að smíða neyðaráætlun fyrir landið vegna heimsfaraldurs fuglaflensu og ég vann að því verkefni með Almannavörnum, embætti landlæknis og sóttvarnalækni. Sú áætlun kom út fyrir allt landið árið 2008 og var mjög flott, við vorum búin að greina allt niður í smæstu hluti. Eftir því sem árin liðu varð ljósara að við þyrftum að búa til neyðaráætlun fyrir Reykjavíkurborg. Ég hóf þá vinnu og henni lauk síðan í

Ráðhúsinu.“

Árný segir hluta af forsögunni einnig vera þá staðreynd að starfsfólk Heilbrigðiseftirlitsins hafi verið vant að vinna að áhættumati og viðbragðsáætlunum. Þau hafi verið vön hugsunarhætti sem sumir aðrir hafi þurft að stíga inn í á þessum tíma. „Við höfum neyðaráætlanir fyrir hitt og þetta, alls konar viðbragðsáætlanir sem við vinnum til dæmis með matvælafyrirtækjum, snyrtigeiranum, heilbrigðisgeiranum og svo framvegis svo við áttum heilmikið efni til þegar COVID skall á,“ segir hún. „Víða voru til áætlanir en kannski ekki í sóttvörnum. Á því sviði vorum við að vissu leyti sérfræðingar og okkar þekking nýttist vel inn í starf borgarinnar í þessu fári sem skall á í byrjun árs 2020. Við vorum því ágætlega undirbúin en þurftum auðvitað að uppfæra okkar plön því þarna fórum við inn í fordæmalausar aðstæður.“

Breytt verklag sem er komið til að vera

Árný minnst þess að ástandið hafi verið rólegt framan af. Neyðarstjórnin hafi fyrst fundað í lok janúar vegna COVID en svo hafi stormurinn skolið á í mars. Áskoranir hjá Heilbrigðiseftirlitinu hafi verið af ýmsu tagi. „Við sinnum lögboðnum verkefnum og þurftum að halda þeim áfram. Við sjáum til dæmis um eftirlit í alls konar fyrirtækjum, skólum og annarri starfsemi en þarna var skrúfað fyrir allt. Það mátti til dæmis enginn fara að óþörfu inn á hjúkrunarheimili og við þurftum að breyta okkar vinnulagi mjög mikið. Þarna þróaðist því breytt verklag sem er komið til að vera,“ segir Árný og á þar við rafrænt eftirlit. „Sem

dæmi má nefna veitingastaði. Margir þurftu að breyta sinni starfsemi og bjóða upp á heimsendingar á mat í auknum mæli og það þurftum við að skipuleggja með þeim. Við gátum ekki mætt á staðinn og skoðað allt eins og við vorum vön heldur fór eftirlitið í auknum mæli fram í gegnum síma og tölvur. Þannig sýndi fólk okkur hvað var í gangi með myndrænum hætti í gegnum þessa miðla. Starfsemi okkar hélst því óslitin en við þurftum að aðlagast breyttum aðstæðum.“

Ástandið fól í sér ákveðin tækifæri

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlitsins gerði ýmiss konar leiðbeiningar um sóttvarnir, til dæmis um hvernig mætti halda leikskólum opnum án þess að sérstök hætta skapaðist, hvernig mætti fækka smitflötum, hvernig mætti hólfa niður umgengni fólks og þar fram eftir götunum. „Þessar leiðbeiningar lifa margar ennþá á heimasíðunni okkar þótt eflaust mætti uppfæra þær,“ segir Árný. „Þetta var áskorun en ég held samt að þetta hafi verið auðveldara hjá okkur en félögum okkar á til dæmis velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Það var rosalegt og ekkert smáræðis álag sem var á fólkinu þar. Þau stóðu sig ótrúlega vel og ég dáist að því fólki.“



Þótt starfsfólk Heilbrigðiseftirlitsins þyrfti að breyta verklagi hjá sér urðu ekki beinlínis til neinar nýjungar. „Við fórum hins vegar að nýta ýmis tæki og tól sem voru til fyrir, í miklu meiri mæli,“ segir Árný og nefnir til að mynda samskiptaforrit á borð við WhatsApp, myndsímtöl, fjarfundi og fleira í þeim dúr. „Það er mjög jákvætt fyrir umhverfið því þetta fækkaði verulega ferðum hjá okkur til að sinna eftirliti. Við sáum að ástandið fól í sér ákveðin tækifæri og hoppuðum á þann vagn. Þetta eru hlutir sem eru komnir til að vera, alveg eins og heimavinna fólks. Fólk skipuleggur sig öðruvísi en áður, fækkar ferðum og nýtir kannski vinnutímann betur.“

Til tals hefur komið að sameina heilbrigðiseftirlit landsins og færa verkefnið aftur til ríkisins. „Við höfum rætt þessi mál við ráðuneytið og þar er fólk hrifið af þessu nýja verklagi sem þróaðist á COVID-tímanum, það er því rafræna,“ segir Árný. „Ef lögum um heilbrigðiseftirlit verður breytt býst ég við að verklag færist áfram í þessa átt enda yrði þá ein miðlæg stofnun á landinu.“

Fundu lausnirnar í sameiningu

Önnur helsta breyting sem takast þurfti á við var að fólk gat ekki lengur hist að vild augliti til auglitis. „Það skiptir miklu máli fyrir sérfræðingana okkar að vera í samskiptum við að leysa úr ýmsum málum svo þetta tók á. Þegar aðeins ákveðinn fjöldi fólks mátti hittast gaf ég til dæmis oft eftir mitt pláss sem yfirmaður svo aðrir gætu hist og borið saman bækur sínar og reyndi þá að halda utan um mitt fólk úr tölvunni heima hjá mér. Stundum sat ég tímunum saman án þess að standa upp og það var áskorun ekki bara að passa upp á sjálfan sig, heldur sem yfirmaður, að passa upp á fólkið sitt. Gæta þess að starfsfólk héldi í eðlilegt líf; borðaði, hreyfði sig, ætti í samskiptum þótt það væri á rafrænan hátt og gerði greinarmun á vinnu og einkalífi. Fyrir mig var það jafnvel stærsti hluturinn, það er að segja mannlega hliðin á stjórnuninni. Sérfræðingarnir mínir kunna best á praktísku málin eins og sóttvarnir og annað slíkt, en ég þurfti að halda öllu gangandi og passa upp á fólkið mitt. Það þurfti líka að gæta þess að fólk ofkeyrði sig ekki og ynni yfir sig. Ég held að margir hafi gert það og það var til dæmis mikil aukavinna hjá stjórnendum borgarinnar. Enda lyfti þetta fólk grettistaki.“

Árný tekur skýrt fram að um samvinnu í hennar hópi hafi verið að ræða og að starfsfólk hafi staðið sig framúrskarandi vel. „Þau voru æðisleg, köstuðu sér út í þetta. Svona var þetta bara og enginn kvartaði. Þetta var bara verkefni sem var leyst. En við gerðum þetta líka allt saman. Ég ákvað ekki hvernig allt ætti að vera heldur fundum við lausnirnar í sameiningu.“

Aukið traust ofarlega í huga

Árný segir að mikið hafi verið horft til borgarinnar á þessum tíma og því hafi hún fundið skýrt fyrir varðandi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, sem er það stærsta á landinu. „Við erum almennt leiðandi og það var mikið horft til okkar. Til dæmis varðandi leiðbeiningar um hvernig ætti að ráðleggja leikskólum eða sundlaugum, hvernig væri best að gera hlutina,“ segir hún. „Svo þurfti að gæta að samræmingu svo fólk fengi ekki mismunandi leiðbeiningar eftir því hvar það væri statt á landinu. Það var því önnur áskorun, að samhæfa þær leiðbeiningar sem voru gefnar út. Ég vann með Almannavörnum og leiðbeiningar voru alltaf lagðar fyrir okkur í Reykjavík til að ná samhæfingu yfir landið, en það var heilmikil vinna.“

Spurð um hvað sé eftirminnilegast frá þessum tíma nefnir Árný tímamót í mars, þegar allt skall á af krafti. „Ég kólnaði aðeins að innan þegar ég áttaði mig á því hvað var að gerast og mér brá þegar fyrsti starfsmaðurinn veiktist. Ég fór líka utan í viku um þetta leyti og þegar ég kom aftur heim var einhvern veginn allt breytt. Maður fann fyrir ákveðinni óvissu og ótta. Þetta var skrytinn tími en mér fannst borgaryfirvöld nálgast þetta allt mjög skynsamlega.“

En telur Árný eitthvað gott hafa komið út úr þessu tímabili? „Já, ég held að við höfum stokkið minnst fimm ár fram í tímamót varðandi vinnulag og fleira. Svo er vitað að yfirmenn eru missveigjanlegir varðandi til dæmis heimavinnu starfsfólks en hjá mér stendur upp úr að

ég held að traust hafi aukist gríðarlega mikið á þessum tíma. Fólk sem er í vinnu, því bara er treystandi. Það vinnur vinnuna sína af krafti og ekki síður þegar það vinnur að heiman.“

Gagnsemi neyðaráætlana sýndi sig

Árný hefur upplifað ýmislegt á sinni starfsævi, til að mynda sem hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu, en segir COVID-tímann á margan hátt standa upp úr í minningunni. „Við hjá Heilbrigðiseftirlitinu erum með hlutverk í sóttvarnalögum og þetta tímabil fól í sér mikið samstarf við landlækni og sóttvarnalækni og svo komu lögreglan og Almannavarnir inn í þetta. Það var í vissum skilningi gefandi og mikil reynsla að prófa að lenda í svona áskorun,“ segir hún. „Gagnsemi neyðaráætlana sem voru til sýndi sig afar vel. Það skipti máli að þær voru til og nú höfum við mikla reynslu að byggja á ef nýjar áskoranir koma upp, til dæmis vegna veðurs eða náttúruhamfara. Þá græðum við á allri vinnunni sem fólk lagði á sig á þessum tíma. Við vorum ágætlega undirbúin og þetta gekk á heildina litið vel. Og við búum að þessu í framhaldinu.“

11. Íþróttta- og tómstundasvið (ÍTR)

Heimfaraldur kórónuveiru hafði veruleg og íþyngjandi áhrif á flesta þætti þjónustu ÍTR. Á þetta við um bæði árin 2020 og 2021. Fyrri árið var þó ívið verra í fyrstu þremur smitbylgjunum þegar loka þurfti sundlaugum, íþróttamannvirkjum og skíðasvæðum vikum saman.

Á COVID-19 tímanum rak ÍTR átta sundlaugar, Ylströndina í Nauthólsvík, skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Hitt Húsið.

Í hverfum borgarinnar veitir ÍTR margs konar þjónustu sem snýr að frítíma borgarbúa. Þar eru m.a. íþróttamiðstöðvar, hjólabrettagarðar, gervigrasvelli og sparkvelli sem ÍTR hafði umsjón með. Sviðið sinnti einnig víðtæku samstarfi við hagsmunaaðila í íþróttta- og æskulýðsstarfi, veitti styrki til félaga og styrkti þátttöku barna og unglunga í starfsemi þeirra með Frístundakortinu. Tekið skal fram að nýtt fagsvið, menningar- og íþróttasvið var stofnað 1. janúar 2023. Nýja sviðið sameinar starfsemi ÍTR og menningar og ferðamálasviðs (MOF).⁶⁴⁵

11.1 Fyrsta bylgjan

Í upphafi fyrstu bylgjunnar í mars 2020 var reynt að halda sundlaugum og skíðasvæðum opnum og voru gestir hvattir til að fara eftir sóttvarnarleiðbeiningum. Þegar ljóst varð að það gekk ekki var þessari þjónustu einfaldlega lokað samkvæmt reglugerðum heilbrigðisráðuneytisins um samkomutakmarkanir.

Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal allar sjö almenningslaugar ÍTR (Dalslaug opnaði í desember 2021), voru lokaðar í 119 daga á árinu 2020 og voru að auki með takmarkað leyfi til opunar í 118 daga vegna faraldursins.

16.-23. mars 2020 voru samkomutakmarkanir sem miðuðust við 100 manns. Dró það úr aðsókn í sundlaugarnar um allt að 65%.

Í frétt frá Reykjavíkurborg frá þessum tíma þar sem fjallað er um fyrirhugaðar samkomutakmarkanir segir að sundlaugarnar eigi á flestum tímum dags að geta uppfyllt skilyrði um 100 manna aðsóknartakmörk. Hins vegar geti orðið erfitt geti orðið að uppfylla tveggja metra fjarlægðarmörk í sundlaugum og íþróttahúsum.

„Það er ljóst að samkvæmt þeim tilmælum sem borist hafa, mun íþróttastarf og rekstur íþróttamannvirkja riðlast á næstunni.“

⁶⁴⁵ Vefur Reykjavíkurborgar, Menningar- og íþróttasvið, <https://reykjavik.is/menningar-og-itrottasvid>



- 11.1** ÍTR auglýsti miðnæturopnun þegar sóttvarnarreglur voru afnumdar. Langar raðir mynduðust og varð opnunin að fréttaeftir þar sem um var að ræða stærstu samkomur sem haldnar höfðu verið í faraldrinum.

Verkferlar voru endurskipulagðir vegna nýrra krafna um sóttvarnir til að tryggja öryggi gesta og starfsfólks sundlauga og íþróttamiðstöðva. Vegna þessa voru allir sundstaðir lokaðir mánudaginn 16. mars auk íþróttamiðstöðva.

Enn fremur var greint frá því að hefðbundin íþrótt- og sundkennsla á vegum grunnskóla yrði ekki í samkomubanninu þar sem aðstaðan væri lokað. Íþrótt- og sundkennarar voru sagðir myndu vinna með nemendum í heimastofum og á skólalóðum. Tilkynningar frá íþróttasamböndum um leikjabann voru þegar komnar fram og íþróttafélögin sendu út eigin tilkynningar um æfingar.⁶⁴⁶

Í fyrstu reyndi starfsfólk sundlauganna eftir fremsta megni að brýna smitgát fyrir gestum lauganna og fá þá til að virða tveggja metra fjarlægðarregluna. Það reyndist í sumum tilfellum nokkuð snúið.

Ýmsar ráðstafanir voru gerðar í sundlaugunum til að hægt væri að halda þeim opnum í fyrsta samkomubanninu. Gufu- og eimböðum var lokað ásamt stöku pottum og rennibrautum. Skápum í notkun var fækkað og nýting á handklæðarekkum og

sturtum takmörkuð vegna tveggja metra fjarlægðarreglu.

Prif og sóttthreinsun snertiflata voru aukin og framkvæmd reglulega eins og alls staðar á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Þá var sundleikfimi eldri borgara felld niður. Ylströndin í Nauthólsvík var lokað vegna þess að þar eru þrengslí í búninga- og potti.⁶⁴⁷

Þegar samkomutakmarkanir voru hertar í 20 manns 24. mars með nýrri reglugerð var síðan öllum sundlaugum lokað. Þær opnuðu ekki aftur fyrr en 18. maí. Ylströndin var áfram lokað af fyrrgreindum ástæðum.⁶⁴⁸

⁶⁴⁶ Frétt á vef Reykjavíkurborgar 15. mars 2020, „Starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt- og menningarmála í samkomubanni, <https://reykjavik.is/frettir/starfsemi-grunn-og-leikskola/ithrotta-og-meningarmala-i-samkomubanni>

⁶⁴⁷ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sundlaugar opnar um sinn“, 16. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/sundlaugar-opnar-um-sinn-english-below>⁶⁴⁷

⁶⁴⁸ Auglýsing nr. 242/2020, 23. mars <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=63a79c00-2633-4a60-b0a0-447983b5f418>

Í tilkynningu var tekið fram að öll 6 og 12 mánaða sundkort yrðu framlengd um þann tíma sem lokunin stæði.⁶⁴⁹

Um tíma var rætt um að tæma sundlaugarnar af vatni þar sem kostnaðarsamt var að halda þeim alveg tilbúnum. Hætt var við þau áform m.a. vegna þess að það getur verið slæmt fyrir laugarkerin að standa vatnslaus lengi. Hins vegar voru pottar í laugunum víða tæmdir og lagfærðir meðan á lokunum í faraldrinum stóð. Starfsfólkið sinnti einnig ýmsu viðhaldi og þrifum á meðan lokað var.

„Við sögðum engum upp og fólkið vann bara í dagvinnu. Þetta voru auðvitað hrikalegar takmarkanir og komu illa út rekstrarlega séð en betur en við héldum þegar við skoðuðum þetta eftir á,“ segir Ómar.⁶⁵⁰

Þrátt fyrir að hámarks gestafjöldi í sundlaugum miðaðist við 50% af leyfilegum fjölda gesta þegar leyft var að opna þær aftur 18. maí ákvað ÍTR að auglýsa miðnæturopnun sundlauganna í Reykjavík. Fallett vorkvöld var í Reykjavík og mynduðust langar biðraðir við laugarnar og urðu þær að fréttæfni.



„Við Laugardalslaug og víðar stóðu fleiri hundruð manns í röð, sem gerir opnun sundlauga Reykjavíkur að langstærstu samkomu hér á landi frá upphafi samkomutakmarkana í mars,“ sagði í frétt Morgunblaðsins um opnunina.⁶⁵¹

„Þá sáum við hvað laugarnar eiga stóran sess í lífi fólks og hvað þær eru mikilvægar fyrir samfélagið,“ segir Ómar Einarsson sviðsstjóri.

Eftir 15. júní 2020 var öllum takmörkunum í sundlaugunum aflétt og voru þær opnar yfir hásumarið. Þegar önnur bylgja hófst í lok júlí 2020 var hins aftur sett á 50% takmörkun af leyfilegum fjölda.⁶⁵²

Viljinn til að halda sundlaugunum opnum var ríkur enda eru þær mikilvægur þáttur í lífi fjölmargra, ekki síst eldri borgara, sem stunda þær reglulega sér til heilsuefingar og

⁶⁴⁹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar 23. mars 2020, „Sundlaugum, íþróttamiðstöðvum og skíðasvæðum lokað,“ <https://reykjavik.is/frettir/sundlaugum/ithrottamidstodvum-og-skidasvaedum-lokad>

⁶⁵⁰ Ómar Einarsson viðtal.

⁶⁵¹ Sundþyrstir biðu í röðum, Morgunblaðið 19. maí bls. 2


⁶⁵² Auglýsing nr. 763, 3. ágúst <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=df901cdc-f999-4f15-9ac6-08bf0c03b46e>

félagslífs. 14. ágúst var sundlaugunum leyft að hleypa inn 75% af leyfilegum fjölda gesta í hverja laug. Það tímabil stóð fram til 4. október þegar neyðarstig var aftur sett á og fjöldatakmörkunir voru hertar í 50% af leyfilegum gestafjölda sundlauganna.

Premur dögum síðar, 7. október, var staðan orðin mjög alvarleg vegna margra smita á höfuðborgarsvæðinu. Þá var sundlaugunum lokað á ný og opnuðu þær ekki aftur fyrr en 10. desember og voru fjöldatakmörkunir þá miðaðar við 50% af leyfilegum gestafjölda út árið. Skólasund og sundæfingar höfðu verið leyfðar í laugunum tveimur vikum áður.

Opnun sundlauganna á þessum tíma var í nokkurri mótsögn við aðrar aðgerðir í nýrri reglugerð um samkomutakmörkunir sem tók gildi 10. desember en samkvæmt reglugerðinni var fleiri en tíu óheimilt að koma saman. Líkamsræktarstöðvar voru áfram lokaðar og íþróttæfingar og keppni óheimilar samkvæmt reglugerðinni. Þó var veitt undanþága til æfinga einstaklinga fæddra 2004 og fyrr, með eða án snertingar, í íþróttum innan Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og í efstu deild kvenna og karla í hverju sérsambandi.⁶⁵³

⁶⁵³ Auglýsing nr. 1223, 8. desember <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=45d200fa-610e-438d-8136-8e8f2ff2818a>



11.1 Tóm innilaug í Laugardal. Þegar lokað var vegna samkomutakmarkana var tíminn nýttur til viðhaldsverka. Mynd: Reykjavíkurborg.

11.2 Tekjutap vegna lokana

Árið 2020 varð mikið tekjutap hjá sundlaugunum eins og gefur að skilja vegna lokana og takmarkana vegna COVID-19 en tekjurnar voru 232 milljónum króna minni en áætlað hafði verið og fór reksturinn 6.9% fram úr áætlun. Það var ekki allt tilkomið vegna faraldursins.

Alls voru 1.497 þúsund heimsóknir í sundlaugarnar 2020 sem var fækkun um 846 þúsund gesti eða 37,7% frá árinu á undan.⁶⁵⁴

Svipað var uppi á teningnum í Fjölskyldu og húsdýragarðinum sem varð fyrir miklu tekjutapi vegna lokana í faraldrinum en garðurinn var lokaður langtímum saman í samræmi við

⁶⁵⁴ ÍTR: Tólf mánaða greinargerð.

reglugerðir sóttvarnaryfirvalda. Tekjur garðsins voru 34 milljónum króna undir áætlun sem mátti rekja til sóttvarnaraðgerða.⁶⁵⁵

Tjaldsvæðið í Laugardal varð einnig fyrir miklu tekjutapi vegna COVID-19. Tekjur ÍTR vegna samnings við rekstraraðila tjaldsvæðisins voru einungis 20% af því sem áætlun gerði ráð fyrir þetta ár. Þetta stafaði af því algjöra hruni sem varð í komu erlendra ferðamanna til landsins.

Skíðasvæðunum var einnig lokað þegar samkomutakmarkanir voru hertar í mars og voru lokað út veturinn. Tekjur voru þó 52 milljónir króna sem var 15% yfir áætlun. Það skýrðist af því að mjög góðar aðstæður höfðu verið til skíðaiðkunar fyrstu mánuðina áður en til lokana kom. Launakostnaður var 44 milljónir króna innan fjárheimilda á árinu og annar rekstrarkostnaður var 32 milljónir króna innan fjárheimilda eða um 20,6%.

Aðsókn var einnig mjög góð í skíðalyfturnar í Seljahverfi og Ártúnsbrekku en þar hljóp kostnaður vegna margra opnunardaga talsvert fram úr áætlun eða um 3,6 milljónir króna sem var 28,2% umfram fjárheimildir. Þetta skýrðist af meiri starfsemi í brekkunum.

11.3 Lokanir og takmarkanir árið 2020 í starfi ÍTR

2020

16. mars 2020.

Samkomutakmarkanir, 100 manns mega koma saman. Sundlaugar opnar. Ylströnd lokað.

24. mars 2020.

Samkomutakmarkanir miðast við 20 manns. Sundlaugum lokað. Ylströnd lokað. Skíðasvæðum lokað. Fjölskyldu- og húsdýragarði lokað. Engar íþróttæfingar og gervigrasvöllum læst.

18. maí 2020.

Sundlaugar opna með þeim takmörkunum að 50% af uppgefnum gestafjölda má vera þar hverju sinni. Ylströnd opnar.

15. júní 2020.

⁶⁵⁵ Sama heimild.

Öllum takmörkunum aflétt.

31. júlí 2020.

Takmarkanir teknar upp aftur, 50% af leyfilegum gestafjölda í sundlaugunum.

14. ágúst 2020.

Leyft að hafa 75% af leyfilegum fjölda gesta í hverja laug.

4. október 2020.

Neyðarstig aftur komið á. Fjöldatakmörkanir hertar í 50% af leyfilegum gestafjölda sundlauga. Ylströnd lokað.

7. október 2020.

Sundlaugum lokað aftur, Ylströnd lokað. Fjölskyldu- og húsdýragarði lokað.

10. desember 2020.

Fjöldi leyfðra gesta 50% af leyfilegum gestafjölda út árið. Skólasund og sundæfingar höfðu verið leyfilegar í hálfan mánuð þar á undan.

11.4 Hitt húsið

Starfsemi Hins hússins sem miðar að því að halda unglingum og ungu fólki í virkni var í heilmiklu uppnámi vegna verkfalls Eflingar sem hófst í febrúar eftir að óvissustigi hafði verið lýst yfir vegna heimsfaraldurs. Í byrjun mars þurfti að loka frístundastarfi fatlaðra framhaldsskólanema sem fer fram í húsinu vegna þess að húsnæðið hafði þá ekki verið þrifið í 17. daga. Var starfsemin sögð komin að þolmörkum vegna þessa. Undanþágubeiðni sem send hafði verið vegna starfseminnar hafði ekki verið talin nægilega ítarleg af Eflingu og vann ÍTR að því að fá undanþágu samþykkt í samvinnu við mannauðs- og starfsumhverfissvið.⁶⁵⁶

Um 50 eru í frístundastarfi fatlaðra ungmenna hjá Hinu húsinu og koma þau úr fjórum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu; Fjölbrautaskólanum í Ármúla, Tækniskólanum, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Þetta starf er afar mikilvægt og hafði því forgang í húsinu og var þjónustan því nokkuð stöðug í faraldrinum þegar búið var að skipta aðstöðunni í fjögur sóttvarnarhólf eftir

⁶⁵⁶ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 3. mars 2020.

skólum. Gæta þurfti að því að blanda ekki fólki úr einstökum skólum saman. Undanþága fékkst einnig frá sóttvarnalækni varðandi fjölda. Að öðru leyti þurfti dagskrá frístundastarfsins að taka mið af sóttvarnartakmörkunum. Heppilegt var að nýtt húsnæði Hins hússins að Rafstöðvarvegi 7-9 er afar rúmgott og því tiltölulega auðvelt að hólfaskipta því. Það hefði getað reynst erfitt í gamla Pósthúsinu þar sem starfsemin var áður.

Að sögn Markúsar Heimis Guðmundssonar forstöðumanns Hins hússins voru það skýr skilaboð frá menntamálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu að ekki mætti loka frístundastarfi fatlaðra ungmenna í faraldrinum.

Markús setti saman fjögurra manna teymi til að skipuleggja starfið í faraldrinum og segir að það hafi verið mjög dýrmæt ákvörðun sem bjargaði miklu.

„Við máttum bara ekki loka og þá reyndum við að taka okkur einn og einn dag í að skipuleggja starfið þegar nýjar reglugerðir með hertum takmörkunum tóku gildi.“

Hann segir að gríðarmikil vinna hafi farið í það hjá teyminu að skipuleggja alls konar mótvægisáðgerðir og viðburði sem síðan var ekki hægt að halda vegna faraldursins. Þá hafi oft verið unnið um helgar til að skipuleggja vikuna. „Þetta var svo mikil vinna og ég vona að þetta komi aldrei aftur,“ segir hann. Til dæmis voru stórir viðburðir eins og Músíktílaunir skipulagðir en þeim síðan frestað tvívegis árin 2020 og 2021.

Hann segist hafa ráðlagt starfsfólkinu sínu reglulega að fara út að hreyfa sig í minnst 20 mínútur á dag, drekka mikið vatn og ná átta tíma svefni enda sé það lykillinn að því að komast í gegnum svona krísuástand eins og heimsfaraldurinn var.⁶⁵⁷

Á tímabili þurfti starfsfólk Hins hússins að vinna með velferðarsviði þegar loka þurfti vinnu- og virkniúrræðum fyrir fatlað fólk á vegum sviðsins í svokölluðum „maður á mann“ lausnum. „Ástandið var samt bara þannig að við áttum fullt í fangi með að halda okkar starfsemi gangandi, þannig að við gátum ekki lagt öðrum mikið lið á meðan þetta gekk yfir,“ segir Markús.⁶⁵⁸

Faraldurinn hafði einnig talsverð áhrif á reglubundna starfsemi Hins Hússins. Markús segir að önnur starfsemi en frístundastarf fatlaðra ungmenna hafi krumpast mikið saman í faraldrinum en hægt hafi verið að færa margt yfir á netið, t.d. ýmsa viðburði og tónleika sem var streymt.

Í lok ágúst 2020 kom upp smit hjá einum starfsmanni Hins hússins og þurftu þá yfir 30 starfsmenn að fara í sóttkví. Hinu húsinu var því lokað 21. ágúst og var tilkynnt um lokun á facebook síðu Hins hússins til 2. september.

⁶⁵⁷ Markús Heimir Guðmundsson, símaviðtal.

⁶⁵⁸ Sama heimild.

„Við erum engu að síður öll í ágætum málum miðað við aðstæður, tókum þessu að sjálfsögðu alvarlega og erum líka spennt fyrir því að geta snúið aftur í fyrra horf, reynslunni ríkari, með allar sóttvarnir í forgangi líkt og áður hefur verið. Með kærri kveðju starfsfólk Hins hússins,“ segir í innleggi á facebook síðunni 24. ágúst 2020.⁶⁵⁹

Síðar um haustið, 6. október, þegar sóttvarnaraðgerðir voru hertar lokaði Hitt húsið á ný til 16. október. Starfsmenn unnu þá að heiman og unnið var að því að útfæra hvernig frístundastarf fatlaðra ungmenna gæti haldið áfram í húsinu.

25. mars 2021 lokaði Hitt húsið í dymbilvikunni fram yfir páska vegna margra smita í samfélaginu og til að bregðast við hertum samkomutakmörkunum.

Gerð er ítarleg grein fyrir starfsemi Hins hússins í faraldrinum í svari til velferðarráðs varðandi aðgerðir ÍTR vegna COVID-19. Eins og sjá má af upptalningunni hér að neðan voru áhrifin víðtæk á starfseminu. Um leið og sóttvarnaraðgerðum var hætt var starfsemin fljót að jafna sig og færast í fyrra horf.⁶⁶⁰

Námskeið fyrir ungt fólk í atvinnuleit sem haldin voru fyrir Vinnumálastofnun voru færð á netið vegna COVID-19. Farið var í samstarf við velferðarsvið um að senda unga skjólstæðinga á fjárhagsaðstoð á námskeiðin. Boðið var upp á atvinnuráðgjöf í síma og á SKYPE.

Músíktílaunir 2020 féllu niður en Unglist fór fram á netinu og var viðburðum streymt frá tónleikastöðum og leikhúsum.

Vinnsla umsókna í Lifthópa fór fram í gegnum fjarfundi fyrir sumarið 2021.

Jafningjafræðslan færði vetrarfræðsluna í framhaldsskólunum á netið.

Í hópastarfinu Vinfús, þar sem unnið er með félagslega einangraða einstaklinga, fékkst undanþága frá sóttvarnarlækni til að halda úti starfinu.

Í upplýsingamiðstöð Hins hússins þurfti að vísa mörgum hópum frá sem höfðu óskað eftir aðstöðu og fastir leigutakar þurftu að fara annað á meðan aðgangur var takmarkaður að húsnæðinu.

Vefsíða fyrir ungt fólk, Áttavitinn, var eflað í faraldrinum en þar má finna greinar og fróðleik um málefni ungs fólks en auk þess svarar starfsfólk þar spurningum.

⁶⁵⁹ Facebook síða Hins hússins. https://www.facebook.com/hhhusid?locale=is_IS

⁶⁶⁰ Gerður Sveinsdóttir: „Svar við fyrirspurn um upplýsingar um þær aðgerðir sem ÍTR hefur þegar gripið til, og til hvaða frekari aðgerða sviðið hyggst taka í þeim tilgangi að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins,“ 6. apríl 2021 [fylgiskjal_3_-_samantekt_um_adgerdir_itr_v_covid-19.pdf](#)

Vegna lokana var innleiðingu opins húss fyrir 16 – 18 ára frestað.⁶⁶¹

11.5 Áhrif COVID-19 á rekstur ÍTR árið 2021

Prátt fyrir að bólusetningar við kórónuveirunni hæfust á milli jóla og nýárs 2020 voru enn miklar takmarkanir í gangi á nýju ári. Sundlaugarnar voru opnar í upphafi nýs árs en með 50% takmörkunum á leyfilegum gestafjölda til 24. febrúar en þá voru reglur rýmkaðar og leyft að hafa 75% af heimiluðum gestafjölda og var sú ráðstöfun í gildi í mánuð eða til 24. mars.

25. mars var sundlaugunum lokað til 14. apríl vegna fjölda smita í samfélaginu. Ný reglugerð tók þá gildi með 10 einstaklinga samkomutakmörkun og grímuskyldu. Íþróttæfingar voru óheimilar á þessum tíma.

Þá tók aftur við tímabil þar sem leyft var að hafa sundlaugar opnar með 50% af heimiluðum gestafjölda og gildi sú ákvörðun frá 15. apríl til 9. maí. 10. maí voru takmarkanir færðar upp í 75% af leyfilegum gestafjölda.

15. júní tók ný reglugerð um sóttvarnartakmarkanir gildi og máttu þá 300 einstaklingar koma saman og engar takmarkanir voru á gestafjölda sundlauga og tjaldsvæða, auk þess sem íþróttæfingar og keppni var leyfileg.

Ný reglugerð var sett 25. júlí vegna aukningar á smitum í samfélaginu og voru þá aftur settar takmarkanir sem miðuðust við 75% af leyfilegum gestafjölda í sundlaugum. Þetta gildi til 27. ágúst en þá var sett ný reglugerð og voru engar takmarkanir í sundi og íþróttæfingar og keppni heimilar. Þannig var ástandið til 13. nóvember þegar ný reglugerð tók gildi með 50 einstaklinga samkomutakmörkunum. Þá máttu 75% af heimiluðum gestafjölda vera í sundlaugum á hverjum tíma.

Ný reglugerð tók gildi 23. desember 2021 sem gildi til 12. janúar 2022 þar sem 50% af leyfilegum fjölda gesta mátti vera í sundlaugum og skíðasvæðum. Veiran var þá miklu skriði í samfélaginu og í raun orðin stjórnlaus. Um miðjan janúarmánuð 2022 tók ný reglugerð gildi með mjög hertum takmörkunum og máttu þá aðeins 10 einstaklingar koma saman. Sundlaugar máttu þá hafa 50% af leyfilegum gestafjölda í lauginni á hverjum tíma. Þetta var síðasta reglugerðin sem sett var þar sem reynt var að hemja smit í samfélaginu. Gildi hún til 2. febrúar. Í lok janúar var sett ný reglugerð með rýmri heimild upp á 75% af leyfilegum gestafjölda í sundlaugarnar. 12. febrúar kom síðan reglugerð þar sem engar takmarkanir voru settar á sundlaugarnar og var það síðasta reglugerðin áður en öllum sóttvarnaraðgerðum var hætt 24. febrúar 2022.

⁶⁶¹ Sama heimild.

Árið 2021 gerði áætlun ráð fyrir lækkun á tekjum sundlauganna vegna lokana upp á 70 m.kr. Tekjur vegna aðgangs voru samt sem áður 15,5 m.kr. undir áætlun á fyrstu sjö mánuðum ársins. Áætlað var að tekjur sundlauganna yrðu 100 m.kr. lægri vegna COVID-19 á árinu 2021.

Faraldurinn hafði mikil áhrif á skíðasvæðin vegna lokana veturinn 2020/’21. Lokað var allan desember og fram til 15. janúar. Skíðasvæðunum var aftur lokað 25. mars og fram yfir páskana. Heimilað var að opna aftur 14. apríl en þá var orðið snjólaust í fjöllum og ekki hægt að opna. Tekjur voru 35 mkr. undir áætlun.

Lokanir og takmarkanir höfðu einnig veruleg áhrif á Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Ylströndina sem var lokað 21 dag fyrstu sjö mánuðina 2021. Þeir sem höfðu keypt hálfis árs kort fengu að framlengja þau sem því nam og gátu keypt haustkort á lægra verði.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn var einnig talsvert lokaður eða með skertan gestafjölda sem hafði áhrif á reksturinn. Á góðum dögum yfir sumarið þurfti ítrekað að vísa fjölda fólks frá vegna þess að leyfilegum gestafjölda hafði verið náð og þannig missti garðurinn af tekjum upp á rúma milljón á dag þegar aðsókn hefði verið sem mest.

11.6 Sérstakir styrkir til íþróttafélaga vegna COVID-19

Um haustið 2020 voru íþróttá- og æskulýðsfélög í Reykjavík og víðar komin í talsverðan vanda vegna tekjutaps sem kórónuveirufaraldurinn skapaði. Engar æfingar né kappleikir höfðu verið leyfðar í samkomubanni um veturinn, minni aðsókn var á knattspyrnuleiki um sumarið, útleiga á íþróttasölum hafði engin verið um veturinn og lítil umgengni um íþróttamannvirki félaganna. Faraldurinn hafði því fjölbætt áhrif á rekstur og starfsemi félaganna.

Borgarráð samþykkti því tillögu borgarstjóra um að veita íþróttá- og æskulýðsfélögum í Reykjavík sérstakan stuðning upp á 135 milljónir króna

ÍTR og íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) höfðu kannað áhrif faraldursins á starfsemi félaganna. Horft var sérstaklega til tekjutaps félaganna vegna útleigu á eigin mannvirkjum, aukins kostnaðar vegna reksturs barna- og unglingsstarfs og viðhaldsóska félaganna vegna eigin mannvirkja. Styrkurinn skiptist þannig að 80 milljónum króna fóru í að vega á móti tekjutapi í faraldrinum og 55 milljónir króna til að mæta viðhaldsóskum félaganna.⁶⁶²

⁶⁶² Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavíkurborg styður við íþróttá- og æskulýðsfélög vegna Covid-19“, 10. september 2020, <https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-styður-vid-ithrotta-og-aeskulydsfelog-vegna-covid-19>

11.7 „Neyðarstjórn sannaði gildið sitt“

Ómar Einarsson, fyrrverandi sviðsstjóri ÍTR. Viðtal tekið í nóv. 2021

Ómar Einarsson fyrrverandi sviðsstjóri ÍTR sat í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar líkt og aðrir sviðsstjórar Reykjavíkurborgar. Hann segir að neyðarstjórnin hafi virkað ákaflega vel í faraldrinum og sannað gildi sitt. Allir aðilar innan borgarkerfisins sem skiptu máli hafi verið vel tengdir saman sem auðveldaði samstarf og upplýsingagjöf þvert á borgarkerfið. Hann lýsir Jóni Viðari Matthíassyni, framkvæmdastjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu sem „algjörum herforingja“ sem hafi staðið vaktina allan faraldurinn.



11.7 Ómar Einarsson fyrrverandi sviðsstjóri ÍTR á einum af mörgum fjárfundum í veirufaraldrinum. Fundirnir gátu tekið virkilega á, ekki síst þegar túlka þurfti óljósar reglugerðir ráðuneyta.
Mynd: Reykjavíkurborg.

Jón Viðar stýrði reglulegum fundum með fulltrúum sem stýra íþrótt- og æskulýðsmálum hjá sveitarfélögunum sex á höfuðborgarsvæðinu. Þeir fóru í sameiningu yfir reglugerðir heilbrigðisráðherra um sóttvarnir og Jón Viðar setti sig í samband við ráðuneytið ef einhverjar athugasemdir komu fram. Að sögn Ómars hefðu reglugerðirnar mátt vera skýrari, ýmislegt hafi verið of mikið háð túlkunum og þurfti að liggja yfir útfærslunum.

„Það hefði sparað bæði tíma og peninga ef reglugerðirnar hefðu komið til yfirlestrar hjá

sveitarfélögunum áður en þær voru gefnar út. Bent var reglulega á þessa vankanta og þetta hefði mátt laga á milli fyrstu og síðari bylgjunnar. Það vantaði samráðið við rekstraraðila. Betra hefði verið að tala við fulltrúa sveitarfélaganna fyrir hádegi á laugardegi áður en reglugerðin var gefin út á sunnudegi. Það voru auðvitað allir að gera sitt besta miðað við aðstæður en þetta er í rauninni eitt það helsta sem hefði mátt lagfæra.“

Á fundi með þessum sömu fulltrúum sem almannavarnir höfuðborgarsvæðisins héldu til að fara yfir viðbrögð í faraldrinum haustið 2022 komu þessi sömu sjónarmið fram. Óþarflega mikil leynd hafi hvílt yfir reglugerðunum sem hafi oft verið birtar rétt fyrir helgar og ekkert samráð haft um þær efnislega. Þetta hafi valdið óþörfu vinnuálagi á stjórnendur málaflokksins á höfuðborgarsvæðinu.



11.7 Röð fyrir utan Laugardalslaug vegna miðnæturopnunar við afléttingu samkomutakmarkana. Borgarbúar glaðir að komast í sund. Mynd: Reykjavíkurborg.

Gott samráð á milli sveitarfélaga

Ómar segir að samráð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafi verið til mikillar fyrirmyndar í faraldrinum. Allir hafi unnið sem einn maður. Fundað var oft í viku, stundum oft á dag þegar mest gekk á. Það hafi auðveldað þessa vinnu að fulltrúar sveitarfélaganna þekktust ágætlega. Hann segir að sér hafi virst sem upplýsingagjöf hafi að einhverju leyti verið ábótavant innan stjórnarsýslunnar hjá ríkinu.

ÍTR ber einnig ábyrgð á samskiptum við íþróttahreyfinguna fyrir hönd Reykjavíkurborgar og funduðu yfirmenn sviðsins oft sinnis með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar á þessum tíma. Öllum íþróttahúsum var lokað og æfingar íþróttafélaga stöðvaðar vegna sóttvarna.

„Ef maður lítur til baka var þetta ótrúlegur tími, bara eins og heimsstyrjöld. Allt lokað um jól og páska og fáir á ferli,“ segir Ómar.

II

„Ég held að það sem hafi tekist vel hjá okkur er að boðleiðir voru stuttar, við vorum fljót að læra og höfðum beinar línur til slökkviliðsstjóra og borgarstjóra. Kerfið virkaði bara eins og hervél. Þá fannst mér upplýsingamiðlunin til fyrirmyndar, bæði inn á við og út á við.“

Ég hef verið lengi hjá borginni og það kom mér eiginlega nokkuð á óvart hvað kerfið virkaði vel og hvað innviðirnir voru sterkir og héldu vel. Við unnum náttúrliga öll sólarhringnum saman, öll kvöld og allar helgar.“

12. Menningar- og ferðamálasvið (MOF)

Á tímum COVID-19 hélt menningar- og ferðamálasvið utan um og rak safnastarfsemi borgarinnar; Listasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn og Borgarbókasafn. Þá sá viðburðateymi sviðsins um borgarhátíðirnar Menningarnótt, 17. júní, Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Aðventugleði í miðborginni og viðburð í kringum uppljómun Friðarsúlu Yoko Ono. Sviðið var einnig ábyrgt fyrir framlögum og samstarfssamningum við Borgarleikhúsið, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fjöldmargir sjálfstæðir aðilar fá einnig húsnæðis og rekstrarstyrki frá Reykjavíkurborg sem sviðið hélt utan þar á meðal Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, Bíó Paradís, Dansverkstæðið og Nýlistasafnið og Kling & Bang í Marshallhúsi. Menningar- og ferðamálasvið hélt einnig utan um Reykjavík, Bókmenntaborg Unesco og Tónlistarborgina Reykjavík. Að auki sá sviðið um að styrkveitingar til fjölmargra sjálfstæðra listamanna á ári hverju.

Þá rak sviðið Höfuðborgarstofu sem hélt utan um sölu gestakorta, vefsíðuna visitreykjavik.is og markaðssetningu Reykjavíkur og nágrennis á erlendum sem innlendum vettvangi.

Nýtt svið, menningar-, íþróttar- og tómstundasvið var stofnað 1. janúar 2023 og tók það yfir öll helstu verkefni sviðsins nema Höfuðborgarstofu sem var lögð niður í janúar 2023. Ný markaðsstofa fyrir allt höfuðborgarsvæðið var stofnuð í kjölfarið með aðkomu allra sveitarfélaganna sex.⁶⁶³

Viðburðateymi menningar- og ferðamálasviðs var sameinað samskiptateymi sem heyrir undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Þegar neyðarstig almannavarna var komið á í mars 2020 varð fljótlega ljóst að faraldurinn myndi hafa talsverð áhrif á rekstur menningar- og ferðamálasviðs þar sem hugsanlega þyrfti að loka söfnum borgarinnar með tilheyrandi tekjutapi og hætta við ýmsar skipulagðar borgarhátíðir og viðburði. Vetrarhátíð og Safnanótt í tengslum við hana var engu að síður haldin að venju í febrúar 2020 þótt lýst hefði verið yfir hættustigi almannavarna vegna veirunnar og var aðsókn góð.

Reynt var eftir fremsta megni að halda söfnum borgarinnar opnum með auknum þrifum og sóttþreinsun en allt kom fyrir ekki þegar samkomutakmörk voru færð úr 100 manns yfir í 20 manns 24. mars en þá var söfnum lokað samkvæmt reglugerð heilbrigðisráðuneytisins.

⁶⁶³ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Höfuðborgarsvæðið markaðssett sem einn áfangastaður“, 3. apríl 2023. <https://reykjavik.is/frettir/hofudborgarsvaedid-markadsett-sem-einn-afangastadur>

Á miðlægri skrifstofu safnsins sem staðsett var í Ráðhúsi Reykjavíkur var starfsfólki skipt upp í samkomutakmörkunum og farið eftir settum sóttvarnartakmörkunum í húsinu til að gæta þess að hópsmit stöðvuðu ekki nauðsynlegan rekstur sviðsins. Starfsfólkið vann heima eftir þörfum og fundaði með fjarfundabúnaði.

12.1 Vandræði listamanna í faraldrinum

Í svo ströngu samkomubanni varð fljótlega dagljóst að listafólk, sérstaklega tónlistarmenn, sem er að stórum hluta einyrkjar myndi verða fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum af völdum veirunnar. Tónleikar lögðust alfarið af, sviðslistir einnig þannig að leikhús urðu að loka svo og allar myndlistarsýningar og öll önnur mannamót nema útfarir en þar voru einnig strangar takmarkanir á mannfjölda sem mátti vera viðstaddur.

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 27. apríl 2020 var fjallað um að setja aukna fjármuni í menningarpott vegna ársins 2020. Í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar til viðspyrnu við COVID-19 sem samþykkt hafði verið í borgarráði 26. mars var kveðið á um að unnar yrðu tillögur um aðgerðir í menningarmálum. Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks lögðu fram bókun á fundinum. Þar sagði að þau teldu brýnt að gripið yrði til aðgerða til að styðja við sjálfstætt starfandi listamenn og hönnuði þar sem faraldurinn hefði haft alvarleg áhrif á afkomu þeirra.

„Umsóknarfrestur verði í byrjun maí og úthlutun undir lok þess mánaðar. Úthlutunarreglur verði einfaldar og veittir verða styrkir til verkefna sem örva sköpunargleði og listræn verkefni, samræður og menningarlegt framboð í borginni næstu mánuði. Sjóðurinn verði ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Faghópi með fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands verði falið að meta umsóknir og gera tillögur til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs um úthlutun,“ segir í bókuninni.⁶⁶⁴

Þetta var framkvæmt, faghópurinn skipaður af sviðinu og tillögur hans kynntar á næsta fundi ráðsins nr. 37, 11. maí. Þarnaest var auglýst eftir styrkjum. Á fundi ráðsins nr. 40. rúmum mánuði síðar var listi birtur ráðinu með 43 listamönnum og fyrirtækjum sem hlotið hefðu styrki frá 500 þúsund krónum upp í 750 þúsund krónur til ákveðinna verkefna sem tilgreind voru. Um var að ræða myndlistarfólk, tónlistarfólk og hönnuði. Níu fengu styrk upp á 500 þúsund en 34 styrk upp á 750 þúsund krónur. Alls var 30 milljónum varið til þessarar

⁶⁶⁴ Fundur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs nr. 37. 27. apríl 2020.

auka styrkveitingar til sjálfstætt starfandi listamanna vegna áhrifa COVID-19 á starfsumhverfi þeirra.⁶⁶⁵

Þetta voru einu styrkirnir sem borgin veitti listamönnum sérstaklega vegna áhrifa frá COVID-19 en áhrifin af heimsfaraldrinum voru mjög alvarleg á menningarlífið, sérstaklega á tónlistarfólk sem sá helstu afkomumöguleika sína gufa upp í faraldrinum bæði árin 2020 og 2021. Allar helstu tónlistarhátíðir voru blásnar af, bæði hér heima og erlendis, tónleikar máttu ekki fara fram megnið af tímanum og alls ekki þar sem gestir voru standandi. Sömu aðstæður voru uppi í flestum löndum vegna heimsfaraldursins og umheimurinn því lokaður þeim listamönnum sem höfðu verið að gera það gott erlendis. Í greinargóðri skýrslu sem helstu samtök tónlistarfólks kynntu fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráði í lok ágúst 2020 var farið ítarlega yfir það hvernig kórónuveiran hafði rústað tekjumöguleikum tónlistarfólks og grafalvarlegum afleiðingum þess.⁶⁶⁶

Ráðið þakkaði fyrir vandaða skýrslu um áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistarmarkað og sagði mikilvægt að gripið yrði til skilvirkra ráðstafana til að styðja tónlistariðnaðinn.⁶⁶⁷

Í nóvember var ákveðið að auglýsa styrki til að halda streymistónleika á tónleikastöðum í Reykjavík og var það hugsað til að styðja við tónleikastaði og tónlistarfólk.

Auglýst var eftir styrkjum 1. desember undir hatti Tónlistarborgarinnar sem menningar- og ferðamálasvið rak.

Í frétt um þetta framtak á vef Reykjavíkurborgar segir:



„Tónleikastaðir geta sótt um styrk til að greiða laun tónlistar- og tæknifólks eða standa straum af öðrum kostnaði við tónleikahaldið. Tónlistarborgin Reykjavík mun hins vegar standa straum af öllum kostnaði við streymið sjálft og leggja til kvikmyndatökumann, hljóðmann og nauðsynlegan tækjakost. Einnig mun Tónlistarborgin taka þátt í að kynna dagskrá tónleikastaðanna í desember.“⁶⁶⁸

⁶⁶⁵ Fundur menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs nr. 40. 15. júní, 2020.

⁶⁶⁶ Fundur menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs nr. 42. 24. ágúst, 2020, „Áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað“, skýrsla, júní 2020, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ahrif_covid19_a_islenskan_tonlistaridnad_juni_2020.pdf

⁶⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁶⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Streymisstyrkir til tónleikastaða í Reykjavík“, <https://reykjavik.is/frettir/streymisstyrkir-til-tonleikastada-i-reykjavik>

Í úthlutunarpotti voru 3.550.000 kr., fjármunir sem höfðu verið eyrnamerktaðar úrbótasjóði tónleikastaða í Reykjavík en vegna áhrifa faraldursins varð til afgangur í sjóðnum sem ákveðið var að nýta á þennan hátt. Úrbótasjóður tónleikastaða í Reykjavík var stofnaður með átta milljón króna framlagi árið 2019 til þess að styðja við lifandi tónlistarflutning í borginni en vegna faraldursins gátu sumir staðir ekki nýtt sér styrki úr honum 2020 og því myndaðist afgangur. Sama framlag var veitt til sjóðsins 2020, 2021 og 2022 sem hefur nýst stöðunum vel.⁶⁶⁹

Átta staðir fengu styrki til að halda streymistónleika í desember og janúar.

- Gaukurinn - 660.000 kr.
- Hard Rock Café - 550.000 kr.
- Dillon - 550.000 kr.
- Mengi - 470.000 kr.
- Gamla bíó - 420.000 kr.
- Hannesarholt - 400.000 kr.
- KEX Hostel - 300.000 kr.
- R6013 - 200.000 kr.⁶⁷⁰

12.2 Leikhús í kröggum

Ljóst var á haustdögum 2020 að leikhúsin sem Reykjavíkurborg styrkir með myndarlegum framlögum ár hvert, Borgarleikhúsið og Tjarnarbíó heimili sjálfstæðra sviðslista, væru í miklum kröggum vegna tekjuhruns og sýningabanns. Ákveðið var á fundi borgarráðs í byrjun nóvember að styrkja Borgarleikhúsið um 78 milljónir króna aukalega vegna áhrifa faraldursins og Tjarnarbíó um fimm milljónir króna. Í tillögu borgarstjóra sem lögð var fram í borgarráði vegna málsins sagði um styrk til Borgarleikhússins:

„Upphæðinni verði skipt þannig að 50 m.kr. verði veittar í desember 2020 og það sem eftir stendur, g eða 28 m.kr., verði greiddar þegar uppgjör í febrúar 2021 liggur fyrir. Á tímabilinu mun leikfélagið veita borginni reglulega upplýsingar um uppgjör og stöðu mála. Verði niðurstaða rekstrar betri en ráðgert er lækkar framlag í samræmi við það en verði útkoman verri þarf að meta stöðuna að nýju.“⁶⁷¹

Í tillögu um styrk til Tjarnarbíós voru sömu fyrirvarar gerðir.

⁶⁶⁹ Vefur Reykjavíkurborgar: Úrbótasjóður tónleikastaða í Reykjavík, <https://reykjavik.is/urbotasjodur-tonleikastada>

⁶⁷⁰ Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Átta staðir fá streymisstyrk frá Reykjavíkurborg“, 18. desember 2020, <https://reykjavik.is/frettir/atta-stadir-fa-streymisstyrk-fra-reykjavikurborg>

⁶⁷¹ Fundur borgarráðs 5. nóvember 2020

12.3 Átak til að fjölga ferðamönnum

Faraldurinn hafði gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna í landinu og veitingageirann þar sem ferðalög almennings lögðust næstum af í heiminum á meðan kórónuveiran geisaði. Átti þetta sérstaklega við um árið 2020. Ein af aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu var að veita 150 milljónum króna aukaframlagi í sérstakt átak til að fjölga ferðamönnum. Fjármunirnir voru m.a. notaðir til að útbúa sérstaka auglýsingaherferð sem beint var að erlendum markhópum. Höfuðborgarstofa hafði umsjón með gerð auglýsinganna í samvinnu við Íslandsstofu. Slagorð auglýsinganna var RE sem stóð fyrir forskeyti ýmissa orða á ensku, t.d. „reinvent, refresh, rekindle“ o.s.frv. Um leið var ákveðið að hætta að nota slagorðið „Reykjavík Loves“ sem hafði verið markað til að laða að erlenda ferðamenn nokkrum árum áður. Farið var í RE herferðina í samráði við Íslandsstofu og Inspired by Iceland North America þegar færi gafst til á árinu 2021 og fjármunir voru taldir nýttast best þegar faraldurinn var að slota, bólusetningar hafnar og fólk var tilbúið að ferðast á ný. Lögð var áhersla á almannatengsl í samstarfi við áðurnefnd fyrirtæki á vegum ríkisins og hagaðila í ferðaþjónustunni.⁶⁷²

Herferðin þótti mjög vel heppnuð.

12.4 Borgin okkar

Ferðaþjónustan í landinu réri lífróður á vordögum 2020 og veitingahús urðu gjaldþrota, t.a.m. hinn rótgróni og rómaði veitingastaður Grillið á Hótel Sögu og veitingahúsið á KEX hostel við Skúlagötu. Um vorið gaf borgin út að veitingahús mættu breiða úr sér í borgarrýminu til að hægt yrði að virða tveggja metra regluna og draga úr smithættu. Þetta var gert til að auðvelda veitingamönnum og gestum að virða fjarlægðarmörk og sóttvarnir.

Áðurnefndir fjármunir sem Reykjavíkurborg veitti til ferðamannaátaks voru einnig nýttir til að hrinda af stað átaki innanlands en á vordögum var útlitið þannig að innlendir ferðamenn myndu að mestu halda uppi ferðaþjónustu og veitingastöðum í borginni sumarið 2020.

Höfuðborgarstofa gerði mikið átak í því að koma á fót sérstökum íslenskum ferðamannavef, sem fékk nafnið Borgin okkar, www.borginokkar.is. Vefurinn er eins konar íslensk útgáfa af visitreykjavik.is og voru stofnaðir samfélagsmiðlar með sama nafni á facebook og instagram.

Sala gestakorta Höfuðborgarstofu varð nánast að engu eins og gefur að skilja þegar engir ferðamenn komu til landsins. Salan fór úr 13.876 kortum árið 2019 í 1.168 kort 2020. Salan tók kipp upp á við árið 2021 en þá seldust 5.053 kort. Heimsóknir á vefinn visitreykjavik.is

⁶⁷² Höfuðborgarstofa, kynning. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_mai_21.pdf

drógust einnig saman um meira en helming. Fóru úr yfir 800 þúsund heimsóknum í rúmlega 360 þúsund heimsóknir en fjölgar aftur talsvert 2021 þegar ferðalög tóku að aukast aftur.⁶⁷³

12.5 Sumarborgin Reykjavík

Um miðjan maí var tilkynnt um stafrænt gjafabréf stjórnvalda sem kallað var Ferðagjöfin. Ríkið veitti 1.5 milljarði til þessa átaks. Einstaklingar gátu hlaðið niður smáforriti í snjallsíma sem hægt var að nota til greiðslu 5.000 króna á veitingahúsum, hótelum og öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum. Talsvert munaði um þessa innspýtingu þótt hún kæmi engan veginn í stað tekna af erlendum ferðamönnum sem skipta milljörðum króna í hverjum mánuði yfir aðal ferðamannatímamann á sumrin.

Vorið 2020 var Sumarborginni Reykjavík ýtt úr vör en hún var samstarfsverkefni menningar- og ferðamálasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Sumarborgin gekk út á að efla miðborgina og rekstraraðila þar vegna COVID-19 og voru borgarbúar og landsmenn allir hvattir til að njóta miðborgarinnar. Aukið fjármagn var sett í að fegra og endurgera svæði miðborgarinnar og efla viðburðahald þar yfir sumarið til að laða fólk að. Átakinu var haldið áfram sumrin 2021 og 2022.

„Nýjar aðstæður kalla á nýjar áskoranir og nú er tækifæri til að endurhugsa hátíðir og viðburði borgarinnar og prófa eitthvað alveg nýtt. Við sjáum fyrir okkur að sumarborgin verði full af sköpun, list, mannlífi og menningu sem vonandi gleður borgarbúa og gesti hennar næstu mánuði. Jafnframt hefur verið ákveðið að markaðssetja miðborgina sérstaklega gagnvart borgarbúum og landsmönnum öllum í sumar og styðja þar með enn frekar við rekstraraðila í miðborginni,“ sagði Arna Schram heitin, þáverandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.⁶⁷⁴

Viðburðadagatal var gert fyrir miðborgina og kynnt fyrir almenningi svo auðvelt væri fyrir fólk að velja sér viðburði og uppákomur.

„Farið verður í samstarf við fólk og fyrirtæki. Borgin mun lifna við í samvinnu við listafólk og hönnuði, plötusnúða og tónlistarfólk, leikhúsfólk og sirkuslistamenn, rithöfunda og líkamsræktarstöðvar svo möguleg dæmi séu tekin. Unnið verður að nánari hugmyndum og útfærslum með hagaðilum,“ segir í frétt frá borginni í lok apríl.⁶⁷⁵

⁶⁷³ Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs 2022: Lykiltölur Höfuðborgarstofu, bls. 63.

⁶⁷⁴ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Mannlíf og menning fyrir alla í Sumarborginni Reykjavík,“ 30. apríl 2020, <https://reykjavik.is/frettir/mannlif-og-menning-fyrir-alla-i-sumarborginni-reykjavik>

⁶⁷⁵ Sama heimild

Einnig var vitnað í Ólöfu Örvarsdóttur, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, í fréttinni sem sagði að hennar fólk myndi ekki láta sitt eftir liggja við að fegra borgina og gera fjölmörg útivistarsvæði hennar eins aðlaðandi og kostur væri.

„Ég vonast til þess að rekstraraðilar komi í samstarf með okkur og færi reksturinn út og notfæri sér göturýmið. Við sjáum fyrir okkur að borgin verði blómleg sem aldrei fyrr,“ sagði Ólöf Örvarsdóttir.⁶⁷⁶

Fjármunir til framkvæmdar verkefnisins komu úr fjárhagsrömmum menningar- og ferðamálasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs en borgarráð veitti 50 milljónum króna aukalega til verkefnisins. Á sama fundi borgarráðs var ákveðið að íbúaráð borgarinnar fengju 30 milljónir til að efla viðburðahald og mannlíf í hverfum borgarinnar.

Sumarborgin var mjög vel heppnað og vinsælt verkefni meðal borgarbúa. Fjölmargir viðburðir voru haldnir undir hatti hennar allt sumarið 2020 sem lífgaði mjög upp á miðborgina þótt einhverjar kvartanir bærust vegna hávaða frá tónleikum og öðrum uppákomum frá íbúum sem höfðu vanist óvanalegum rólegheitum í miðborginni í samkomubanni þegar öldurhús voru lokuð.

Íbúaráðin nýttu síðan styrki sína til að halda vel heppnaðar hverfishátíðir, t.d. á 17. júní. Vel færi á því að halda slíku starfi áfram með skipulögðum hætti í samráði við íbúa í hverfunum.⁶⁷⁷

12.6 Almennigur hvattur til Sporlofs

Höfuðborgarstofa fór einnig í átak til að efla innlenda ferðapjónustu í borginni vorið 2021 og var fólk þá hvatt til að fara orlof í heimabyggð. Auglýst var eftir tillögum að íslensku orði sem næði yfir enska hugtakið „Staycation“, sem þýðir frí á heimaslóð. Yfir 2.500 tillögur bárust en orðið „sporlof“ varð fyrir valinu. Hugmyndina að sporlofinu átti Jón Oddur Guðmundsson sem hlaut vegleg verðlaun í formi gistingar og veitinga í borginni fyrir tillögu sína. Í framhaldinu voru höfuðborgarbúar hvattir til að njóta sumarfrísins í „sporlofi“ í borginni.⁶⁷⁸

12.7 Starf borgarsafna í faraldrinum

Söfn Reykjavíkurborgar sem menningar- og ferðamálasvið rak í faraldrinum urðu fyrir miklu tekjutapi. Þetta átti við öll söfnin en Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur urðu

⁶⁷⁶ Sama heimild

⁶⁷⁷ Fundur borgarráðs nr. 5584, liðir 23. og 24, 30. apríl 2020, <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5584>

⁶⁷⁸ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sporlof í borginni,“ 25. maí 2021, <https://reykjavik.is/frettir/sporlof-i-borginni>

sérstaklega illa fyrir barðinu á kórónuveirunni þar sem nokkuð stór hluti af tekjum þessara safna kemur frá erlendum ferðamönnum sem greiða einskiptis aðgangseyri. Öll söfnin nýttu tímann vel þegar þeim var lokað vegna samkomutakmarkana til viðhalds innanhúss, breytinga og endurskipulagningar safnkosts og innra starfs. Þá sýndi starfsfólkið mikla hugmyndaauðgi í því að koma á fót verkefnum til að fólk gæti nýtt sér safnkostinn að einhverju leyti á meðan lokað var.

12.8 Borgarbókasafnið

Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður segir að aldrei áður hafi bókasöfn þurft að loka alfarið fyrir starfsemi sína en Borgarbókasafnið var lokað í 42 daga í fyrstu bylgjunni. Hún kveðst hafa verið ósátt við að safnið mætti ekki lána út í gegnum pantanir í fyrstu bylgjunni en það hafi sem betur fer breyst í seinni bylgjunum þegar hægt var að panta bækur í gegnum vef Borgarbókasafnsins og sækja þær.

12.9 Lokanir á Borgarbókasafninu í COVID-19

2020

2020 – mars.

Öll söfn lokuð frá og með 24.mars og auk þess skertur opnunartími 23.mars

2020 – apríl.

Öll söfn lokuð.

2020 – maí.

Öll söfn, nema safnið í Sólheimum þar sem loft var endurnýjað, opnuð 4. maí.
Bókabíll gekk frá og með 25.maí

2020 – október.

Öll söfn lokuð frá og með 7. og út október. Í þetta sinn var þó hægt að panta og sækja efni í söfnin sem var ekki leyft í fyrri lokun.

2020 – nóvember.

Öll söfn lokuð til 19. nóvember – hægt að panta bækur og sækja.
Fjöldatakmörkanir og stytur opnunartími frá 19. nóvember.

2020 – desember.

Fjöldatakmarkanir sem miðuðu við tíu manns í rými og stytur opnunartími í öllum söfnum. Stytur opnunartími kom til vegna hólfunar og vegna þess að skipta þurfti starfsmannahópnum upp og þá var ekki til mannafla til að halda safninu opnu allan daginn.

2021**2021 – janúar.**

Fjöldatakmarkanir, 10 manns, til 12. janúar. 20 manns frá 13. janúar. Stytur opnunartími til 16. janúar.

2021 – febrúar.

Fjöldatakmarkanir úr 20 í 50 manns 24. febrúar

2021 – mars.

Fjöldatakmarkanir úr 50 í 10 manns 25. mars. Skertur opnunartími í Grófinni frá 27. mars, frá kl. 12-17 og 13-17 um helgar.

2021 – apríl.

Fjöldatakmarkanir úr 10 í 20 manns og opnunartími í Grófinni lengdur aftur á virkum dögum 16. apríl.

2021 – maí.

Fjöldatakmarkanir miðast við 50 fullorðna einstaklinga. Söfn máttu þá taka við 75% af leyfilegum fjölda. Gestir skráðu sig áfram inn í safnið frá 10. maí til 26. maí en frá þeim degi voru engar takmarkanir.

2022 – janúar.

Sólheimasafn lokað 3. janúar vegna sóttkvíar starfsmanna. Frá þeim tíma hafa engar takmarkanir verið á starfsemi Borgarbókasafnsins.

Borgarbókavörður segir að starfsfólkið hafi aldrei verið sent heim heldur hafi allir unnið á sínum starfsstöðvum allan tímann sem lokað var.⁶⁷⁹

Lokunartíminn, 24. mars – 4. maí var notaður afar vel til breytinga og viðhalds og til að sinna ýmsum verkefnum sem höfðu setið á hakanum á starfsstöðum safnsins. Farið var í kærkomnar og löngu tímabærar viðhaldsframkvæmdir á útibúi safnsins í Sólheimum þetta vor en hluti af viðnámi Reykjavíkurborgar vegna COVID-19 var að auka fjárframlög til viðhaldsverkefna og framkvæmda.

Áætlað tekjutap Borgarbókasafnsins á fyrri hluta ársins 2020 var 7.2 milljónir króna og var helsta ástæðan lokun safnsins og framlenging skírteina sem því nam.⁶⁸⁰

Eftir að hættustigi hafði verið lýst yfir í febrúar vegna faraldursins var hert á þrifum í safninu og allir snertifletir þrífir reglulega og gætt að fjarlægðarmörkum gesta og starfsfólks. Þá voru allar bækur sótthreinsaðar við skil.

Þegar 100 manna samkomubann var sett á lokuðu háskólar og framhaldsskólar og bókasöfn þeirra einnig. Borgarbókasafnið var þó áfram opið en bókaþillinn Höfðingi og sögubíllinn Æringi hættu að keyra. Þegar 20 manna samkomubann var sett á var söfnum einnig gert að loka. Þau voru ekki opnuð aftur fyrr en 4. maí þegar 50 manns máttu koma saman á ný. Borgarbókasafnið opnaði þá á ný. Bílar safnsins Höfðingi og Æringi hófu síðan áætlunarferðir sínar aftur 25. maí.

12.10 Verkefni í lokun

Meðal verkefna sem farið var í meðan á lokun stóð voru stórar breytingar á húsnæðinu innandyra sem höfðu verið áætlaðar í Grófinni og Gerðubergi auk áðurnefndra viðhaldsbreytinga í Sólheimum sem tilvalið var að ráðast í á þessum tíma.

Í húsnæði safnsins í Grófinni voru gerðar umtalsverðar breytingar. Tónlistardeild var flutt og unglingsdeild færð á fimmtu hæð safnsins. Afgreiðslu var breytt á fimmtu hæð og tímaritadeild færð til auk þess sem tölvum fyrir almenning var komið fyrir á fyrstu hæð. Margt starfsfólk safnsins kom að þessum stóru breytingum.

Þá var unnið að undirbúningi viðburða fyrir börn og unglinga út árið, safnkosturinn skráður og grisjaður, nýtt efni skráð og gagnagrunnar teknir í gegn og undirbúnir fyrir yfirfærslu í nýtt kerfi. Unnið var að gerð efnis fyrir samfélagsmiðla, unnið að undirbúningi og

⁶⁷⁹ Pálína Magnúsdóttir, tölvupóstur 18. apríl 2023.

⁶⁸⁰ Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður: „Borgarbókasafnið á tímum COVID-19“, kynning á fundi menningar-, íþrótt og tómstundaráðs nr. 38, 25. maí 2020, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_mit_covid_2020.pdf

hugmyndavinnu í tengslum við smiðjur sem sendar eru út á netinu, rafrænt efni var grísjað og skjalað og leiðbeiningar gerðar fyrir nýtt starfsfólk.

Á aðalskrifstofu safnsins var m.a. unnið að því að bæta Bókmenntavefinn, <https://borgarbokasafn.is/starfid-a-safninu/fraedsla/bokmenntavefurinn> með því að endurskoða texta, bæta við nýjum höfundum og yfirfara verkaskrár þeirra. Þá var unnið að því að bæta við nýjum titlum í rafbókasafnið enda var mikil aukning á notendum þess. Gert var átak í skjalavörslu í málakerfinu GoPro og sameign. Þá var unnin upp skráning á safnefni í Gegni og tekið til í safnkostinum vegna nýs bókasafnskerfis sem var tekið í notkun 2021.

Í útibúum safnsins var tíminn nýttur vel til alls kyns tiltekta og grísjunar í geymslum og framsetning bókakosts og annarra safngripa endurskipulögð. Þá unnu starfsmenn útibúanna einnig að færslum og endurbótum á Bókmenntavefnum. Þá var unnið að ýmsum rafrænum verkefnum safnsins.

12.11 Opnað á ný

Þegar Borgarbókasafnið opnaði dyr sínar á ný 4. maí var aðsókn frekar róleg fyrstu dagana. Fólk kom og skilaði og fékk lánaðar bækur en stoppaði stutt við. Þá höfðu engir viðburðir verið í söfnunum frá 17. mars en yfirleitt iða þau af alls konar lífi og fjöri í kringum fjölbreytt viðburðahald sitt og námskeið.

Góð aðsókn var í fyrirhugaðar sumarsmiðjur fyrir börn sem voru fleiri en vanalega og var kominn biðlisti í lok maí. Þá var dagskrá í OK-inu í Gerðubergi aukin en þar var ráðinn auka starfsmaður í gegnum séráttak.

Samkvæmt skýrslu Borgarbókasafnsins til ráðsins höfðu starfsmenn lært ýmislegt í faraldrinum. Stefnt var að því að auka streymi frá viðburðum, fiktvarp og fleiri rafræn verkefni höfðu orðið til og ný fundamenning skapaðist með tilkomu fjarfunda.

Við opnun 4. maí máttu 50 manns vera í hverju rými sem þýddi að sá fjöldi gat verið á hverri hæð í Grófinni og Gerðubergi. Samgangur á milli 4. hæðar og aðalsafns var áfram skertur til að gæta sóttvarna meðal starfsfólks. Hægt var að telja inn í söfnin í gegnum hlið og fylgjast með fjölda í húsunum hverju sinni.

Reynt var að tryggja að tveir metrar væru á milli fólks og var stólum og öðrum sætum fækkað í því skyni að hafa tvo metra á milli.

Skólahópar töldust ekki með í 50 manna reglunni sem þýddi að skólabekkir og leikskólahópar máttu heimsækja söfnin en starfsfólk sem fylgdi þeim taldist með. Reynt var að beina þessu hópum á söfnin á morgnana þegar almenn aðsókn var minni.

Leikföng og tuskudýr og þess háttar voru fjarlægð úr barnahornum vegna smithættu og helstu snertifletir áfram þrífir reglulega en talsvert var um þá í almenningsrýmum

safnanna; t.d. sjálfsafgreiðsluvélar með snertiskjám, almenningstölvur, borð, hurðarhúnar, lykklaborð, posar, símar, handrið og þess háttar.

Safngögn voru þrífín með sápuvatni eða sótthreinsunarefni. Handspritt og í sumum tilfellum hanskar, var til staðar við sjálfsafgreiðsluvélar, við innganga og á snyrtingum. Dagblöð og tímarit lágu ekki frammi fyrir gesti og voru ný tímarit lánuð út. Ekki var boðið upp á kaffi í útibúum Borgarbókasafnsins.

Skiladagur allra safngagna var framlengdur til 14. maí og engar dagsektir reiknaðar fram að þeim degi. Voru lánþegaskírteini framlengd um sex vikur. Fólk var hvatt til að panta bækur á heimasíðunni og sækja í afgreiðslu.⁶⁸¹

Samkvæmt lykiltölum Borgarbókasafnsins dróst gestafjöldi umtalsvert saman faraldursárin 2020 og 2021. Árið 2019 heimsóttu 581.282 gestir safnið, árið 2020 fór heimsóknafjöldi niður í 386.085 og 2021 var fjöldi heimsókna 442.136.⁶⁸²

12.12 Listasafn Reykjavíkur

Árið 2020 í Listasafni Reykjavíkur hófst með feikna vel heppnaðri sýningu Hrafnhildar Arnardóttur/Shoplifter sem bar yfirskriftina „Chromo Sapiens“ sem opnaði í Hafnarhúsi 23. janúar. Verkið hafði áður verið sýnt sem framlag Íslands á Fenejvatvíæringnum 2019. Almennigur flykkist til að sjá verkið sem býður upp á mikil hughrif og leik með magnaðri litadýrð og lýsingu.

Í janúar var einnig opnuð önnur sýning ungrar listakonu í Hafnarhúsinu en titill sýningarinnar spáði eiginlega því sem gerðist nokkrum vikum síðar.

Grípum niður í pistil Ólafar Kristínar Sigurðardóttir, forstöðumanns safnsins, sem hún sendi til starfsfólks safnsins um áramótin 2020/2021.

„Fyrsta D-salarsýningin var innsetning eftir Unu Björgu Magnúsdóttur sem bar yfirskriftina *Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund*. Nú þegar litið er til baka má segja að þessi titill hafi verið lýsandi fyrir það sem árið bar í skauti sér. Fáa hefði grunað að þegar sýningunni *Chromo Sapiens* var lokað þann 19. mars yrði safninu jafnframt lokað vegna veirusjúkdóms sem herjaði á veröldina og borist hafði til landsins. Safninu var gert að loka og var ekki opnað aftur fyrr en 4. maí.“⁶⁸³

⁶⁸¹ Sama heimild

⁶⁸² María Rut Reynisdóttir, Menningar- og ferðamálasvið: „Starfsáætlun 2022, Reykjavík þú veur mig“, bls. 29

⁶⁸³ Ólöf Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: „Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund“, áramótapistill: Tölvupóstur til starfsfólks Listasafns Reykjavíkur.

Listasafn Reykjavíkur var lokað fyrir gestum í jafn langan tíma og Borgarbókasafnið á fyrri hluta ársins 2020. Safnið var síðan lokað á sömu tímum um haustið 2020 en leyft var að hafa söfnin opin með ströngum fjöldatakmörkunum í takti við samkomutakmarkanir og hólfaskiptingu eftir 19. nóvember.

Starfsemi safnsins var í algjöru uppnámi sumarið 2020 vegna hruns í aðsókn ferðamanna. Að sögn safnstjóra var einnig hrun í útleigu á rými safnsins undir ýmsa viðburði. Þar að auki hafði faraldurinn áhrif á sýningadagskrá 2020, 2021 og 2022. Áætlað tekjutap var 60 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2020 sem reyndist svartari spá en raun varð á.⁶⁸⁴

Stærsti óvissupátturinn varðandi efnahag safnsins voru tekjur af erlendum ferðamönnum sem kaupa að jafnaði dýrasta aðganginn að safninu, þ.e. einskiptis aðgang. Í kynningu á áhrifum COVID-19 á Listasafn Reykjavíkur í menningar-, íþrótt- og tómsundaráði í lok maí 2020 kom m.a. fram að hlutfall sjálfsaflafjár safnsins hafði aukist stöðugt á árunum fyrir faraldurinn vegna sívaxandi ferðamannastraums. Var svo komið að sjálfsaflafé stóð undir meirihluta kostnaðar við verkefni safnsins ef frá var talinn fastur kostnaður. „Í ljósi þess er rík ástæða til að hafa í huga að það er veruleg áhætta sem felst í að reiða sig í jafn miklum mæli á slíkar sértekjur til að standa undir þjónustunni...“ segir í kynningunni. Enn fremur var bent á að rekstur Listasafns Reykjavíkur yrði „fyrir gríðarlegum skakkaföllum“ í ljósi ástandsins og taka þyrfti tillit til þess á komandi árum með auknum framlögum.⁶⁸⁵

Á meðan lokun stóð vann starfsfólks safnsins að ýmsum verkefnum sem ráðrúm gafst til að sinna. Fjölbreyttum verkefnum var hrint í framkvæmd þannig að almenningur gæti notið myndlistar á netinu; meðal verkefna sem urðu að veruleika voru smáforritið *Útilistaverk í Reykjavík*, myndlistarsýningar á netinu og sýning á göngum Kjarvalsstaða sem hægt var að skoða í gegnum stóra glugga hússins. „Miðlunin var fjölbreytt og til ólíkra hópa og mátti greina talsvert aukna notkun vefmiðla safnsins. Unnið var að tiltekt og þrifum, skrifum, skráningu og skönnun auk þess sem sýningar framtíðarinnar voru undirbúnar.“⁶⁸⁶

12.13 Sérstök verkefni Listasafns Reykjavíkur í COVID-19

- Haustlaukar – hátíð með tímabundinni list í almannarými

⁶⁸⁴ Ólöf Kristín Sigurðardóttir, „Listasafn Reykjavíkur á tímum COVID-19“, kynning fyrir menningar-, íþrótt- og tómsundaráð á fundi nr. 38, 25. maí 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_-_listasafn_reykjavikur.pdf

⁶⁸⁵ Ólöf Kristín Sigurðardóttir, „Listasafn Reykjavíkur á tímum COVID-19“, kynning fyrir menningar-, íþrótt- og tómsundaráð á fundi nr. 38, 25. maí 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_-_listasafn_reykjavikur.pdf

⁶⁸⁶ Ólöf Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, „Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund“: Áramótapistill sendur starfsfólki í tölvupósti.

- Gjörningahátíð – þriggja daga hátíð með gjörningadagskrá og ráðstefnu ætluð sem sérstök innspýting með atvinnutækifærum fyrir listamenn og fleiri.
- Liðsmenn – sýning í forsölum Kjarvalsstaða sýnileg úr garðinum
- Miðlun á samfélagsmiðlum með þáttum og umfjöllunum um sýningar og listaverk

Þrátt fyrir faraldurinn og lokanir 2020 voru opnaðar tvær alþjóðlegar sýningar í safninu, á veggteikningum bandaríska listamannsins Sol LeWitt (1928-2007) um miðjan febrúar og stóðu fram í júlí þegar sýning á verkum bresku listamannanna Gilbert & George, THE GREAT EXHIBITION tók við. Sú sýning átti að vera á Listahátíð í júní en var frestað fram til 6. ágúst. Stóð hún fram í janúar 2021. Þá var sýningin Sæborg með verkum Errós sett upp í Hafnarhúsinu.

Á seinna lokunartímabilinu um haustið 2020 var sett upp yfirlitssýning á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar sem bar yfirskriftina ÓraVidd. Vegna lokunar stóð sýningin tilbúin á Kjarvalsstöðum í rúman mánuð áður en leyfi fékkst til að opna safnið á ný með afar ströngum fjöldatakmörkunum. Ekki var haldin vegleg opnun eins og vaninn er heldur var „listamaðurinn heiðraður með mörgum „ör“ opnunum sem ekki brutu fjöldatakmörkanir sóttvarnarlaga.“⁶⁸⁷

Sýning Sigurðar Árna stóð fram í mars 2021 og voru aðrar áætlaðar sýningar færðar til.

Listasafn Reykjavíkur lét alls ekki deigan síga í faraldrinum og hélt nokkurn veginn sínu striki og aðlagði sig þeim gjörbreyttu aðstæðum sem faraldurinn skapaði þrátt fyrir að mannfjöldinn hyrfi sporlaust um stund.

Gætt var að sóttvörnum og því að starfsfólkið yrði ekki fyrir hópsmiti. Sumir gátu unnið heima að sínum verkefnum. Nokkrir úr hópi starfsfólksins tóku að sér verkefni fyrir velferðarsvið, svo sem að taka vaktir í gistiskýlum fyrir heimilislauða og úthringingar til eldri borgara í heimahúsum.

Að sögn Ólafar Kristínar bætti menningar- og ferðamálasvið safninu upp tekjutap sem varð í faraldrinum en það nam 58,476 milljónum króna bæði árin 2020 og 2021 eins og taflan sýnir. Hún segir að starfsemin hafi verið fljót að jafna sig á árinu 2022 og hafi farið fram úr varlegum tekjuáætlunum sem gerðar voru fyrir það ár.⁶⁸⁸

	2020			2021		
	Áætlun	Raun	Frávik	Áætlun	Raun	Frávik
Aðgangseyrir	-65.587	-38.123	27.464	-45.546	-43.863	1.683

⁶⁸⁷ Sama heimild.

⁶⁸⁸ Ólöf Kristín Sigurðardóttir, tölvupóstur.

Vörusala	-35.800	-25.491	10.309	-35.800	-37.601	-1.801
Útleiga sala og rýma	-14.060	-2.945	11.115	-14.060	-4.354	9.706
Samtals	-115.447	-66.559	48.888	-95.406	-85.818	9.588

12.13 Rekstur Listasafns Reykjavíkur á COVID árunum 2020-2021.

12.14 Lokanir og takmarkanir í Listasafni Reykjavíkur

2020 – mars.

Opið 23. mars til kl. 17. Öll söfn lokuð frá og með 24.mars

2020 – apríl.

Öll söfn lokuð.

2020 – maí.

Öll söfn opnuð 4. maí.

2020 – október.

Öll söfn lokuð frá og með 7. og út október.

2020 – nóvember.

Öll söfn lokuð til 19. nóvember. Fjöldatakmarkanir og stytur opnunartími frá 19. nóvember.

2020 – desember.

Fjöldatakmarkanir sem miðuðu við tíu manns í rými.

2021 – janúar.

Fjöldatakmarkanir, 10 manns, til 12. janúar. 20 manns frá 13.janúar.

2021 – febrúar.

Fjöldatakmarkanir úr 20 í 50 manns 24.febrúar.

2021 – mars.

| Fjöldatakmarkanir úr 50 í 10 manns 25. mars.

2021 – apríl.

Fjöldatakmarkanir úr 10 í 20 manns.

2021 – maí.

Fjöldatakmarkanir miðast við 50 fullorðna einstaklinga. Söfn máttu þá taka við 75% af leyfilegum fjölda. Gestir skráðu sig áfram inn í safnið frá 10. maí til 26. maí en frá þeim degi voru engar takmarkanir.

2021 – desember.

Fjöldatakmarkanir frá 23. desember 2021 til 12. janúar 2022. Söfn máttu taka á móti 50 manns í hverju hólfi að börnum meðtöldum. Fyrir hverja 10 m² umfram 100 m² má bæta við fimm viðskiptavinum að hámarki 500 manns.

2022 – janúar.

Fjöldatakmarkanir 15. janúar til 2. febrúar. 50 manns í hverju hólfi að börnum meðtöldum. Fyrir hverja 10 m² umfram 100 m² mátti bæta við fimm viðskiptavinum að hámarki 200 manns.

2022 – janúar.

Fjöldatakmarkanir 29. janúar til 24. febrúar 2022 100 manns í hverju hólfi að börnum meðtöldum. Fyrir hverja 10 m² umfram 100 m² mátti bæta við fimm viðskiptavinum að hámarki 500 manns.

2022 – febrúar.

Hertar sóttvarnarreglur frá 2.- 25. febrúar. 50 manns í hverju hólfi auk fimm gesta til viðbótar á hverja 10 10 m². Viðburðum frestað.

2022 – febrúar.

24. febrúar. Öllum takmörkunum vegna COVID-19 aflétt

12.15 Borgarsögusafn

Samkvæmt starfsáætlun Borgarsögusafns var mikið um að vera á árinu 2020. Undir hatti Borgarsögusafns eru Sjóminjasafnið, Landnámssýningin í Aðalstræti 16 sem tengist núna nýrri sýningu um sögu Reykjavíkur í Aðalstræti 10, Árbæjarsafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Viðey.

Á árinu voru fyrirhugaðar miklar viðhaldsframkvæmdir við skipin Óðinn og Magna, þá voru áframhaldandi fornleifarannsóknir við Árbæ í samvinnu við Háskóla Íslands og vinna áætluð við fornminjar í Viðey með styrkjum úr Fornminjasjóði. Auk þess var búið að skipuleggja fjölda viðburða og samstarfsverkefni og umbótaverkefni í rekstri safnsins.

Samkvæmt kynningu í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði í lok maí var rekstur Borgarsögusafns í jafnvægi fyrstu þrjá mánuðina. Gestum fór þó að fækka strax í mars en þá hafði ferðamönnum þegar fækkað nokkuð og tekjur minni vegna þess.

Sýningum safnsins var lokað 24. mars eins og á öðrum söfnum og þær opnaðar aftur 4. maí. Lokanir og takmarkanir voru þær sömu og voru taldar upp hér á undan í Listasafni Reykjavíkur.

Gætt var að sóttvörnum og tveggja metra reglu í starfi safnsins og sinnti framlínufólk innra starfi á meðan lokun stóð. Nokkur fjöldi starfsfólks vann heima og enginn samgangur var á milli starfsstöðva en fundað reglulega í gegnum fjarfundabúnað. Rafræn fræðsla var aukin og unnið að því að gera myndbönd.

Að sögn safnstjóra hafði faglegt starf að mestu gengið samkvæmt áætlun enda mörg af verkefnum þannig að þau þurftu ekki að stöðvast þrátt fyrir faraldurinn þótt sýningar safnsins væru lokaðar. Unnið var að undirbúningi nýrrar og glæsilegrar sýningar um sögu Reykjavíkur í Aðalstræti 10 sem teygir sig með undirgangi neðanjarðar yfir í Landnámssýninguna í Aðalstræti 16. Sýningin opnaði í byrjun maí 2022.⁶⁸⁹

Sérstök verkefni sem farið var í á Borgarsögusafni á tímum kórónuveirunnar voru ljósmyndasýning í strætóskýlum víðs vegar um borgina með áherslu á úthverfin sem bar yfirskriftina „Myndum hverfi“. Meðan söfnin voru lokað var reynt að koma menningunni til fólksins í nærumhverfi þess og í gegnum netið. Því var miðlun aukin á samfélagsmiðlum og aukið streymi frá viðburðum og fyrirlestrum. Í safnhúsum Árbæjarsafns voru settar upp sérstakar skreytingar sem mátti sjá inni í húsunum ef guðað var á glugga þar á tímum lokunar.

Útlitið var samt sem áður ekki bjart fyrir rekstur safnsins þar sem tekjufallið var orðið talsvert og tekjuhrun framundan en spáð var 90% fækkun erlendra gesta á safnið en aukning innlendra gesta var áætluð 10%. Þó var talið að tekjufallið yrði mismunandi eftir starfsstöðum og nefnt sem dæmi að 9 af hverjum 10 gestum landnámssýningarinnar í Ingólfsstræti væru erlendir.⁶⁹⁰

⁶⁸⁹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Ný sýning og götuhátíð í Aðalstræti“, 6. maí 2022. <https://reykjavik.is/frettir/ny-syning-og-gotuhatid-i-adalstraeti>

⁶⁹⁰ Guðbrandur Benediktsson: „Borgarsögusafn á tímum COVID-19,“ kynning á fundi menningar, íþrótt- og tómstundasviðs nr. 38, 25. maí 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_-_borgarsogusafnid.pdf

Tekjufall Borgarsögusafns var mikið. Áætlun safnsins fyrir 2020 gerði ráð fyrir tekjum upp á tæpar 179 milljónir króna en tæpar 47 milljónir króna skiluðu sér í kassann.

Áætlun ársins 2021 var miðuð við faraldursárið 2020 en tekjurnar urðu þó meiri það ár en áætlun gerði ráð fyrir eða tæpar 86 milljónir króna sem var samt talsvert undir venjulegu tekjuári hjá safninu. Komið var til móts við þetta tekjutap með 90,3 milljón króna aukafjárveitingu árið 2021 en jafnframt var gerð tekjuaukningarkrafa á safnið árin 2022 og 2023 til að greiða upp aukafjárveitinguna.

Árið 2022 skiluðu tekjur sér til baka og voru töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir þannig að reksturinn stendur undir þeirri tekjuaukningarkröfu sem gerð var upp á 44,9 mkr. árið 2022 og 45,4 mkr. 2023.

	2020			2021		
	Áætlun	Raun	Frávik	Áætlun	Raun	Frávik
Aðgangseyrir	-135.359	-31.672	103.687	-48.294	-60.033	-11.739
Vörusala	-34.000	-7.552	26.448	-7.251	-16.570	-9.319
Útleiga sala og rýma	-9.598	-7.470	2.128	-9.806	-3.315	6.491
Samtals	-178.957	-46.694	132.263	-95.406	-85.818	-14.567

12.15 Tekjur Borgarsögusafns í þúsundum króna.

12.16 Aftur lokað haustið 2020

Söfnum borgarinnar var aftur lokað 7. október 2020 þegar hertar samkomutakmarkanir með 20 manna hámarksfjölda voru settar með reglugerð. Ekki var kveðið á um að söfn þyrftu að loka í reglugerðinni en miklar fjöldatakmörkunir og nálægðarmörk höfðu það mikil áhrif á starfsemina að ákveðið var að loka til 19. október sem var gildistími reglugerðarinnar. Tiltekið var í frétt frá Reykjavíkurborg að góð aðsókn hefði verið í söfnin undanfarna mánuði. Sagt var að lokunartíminn yrði m.a. nýttur til að skipta út sýningum, huga að safneign og öðru innra starfi. Gildistími Menningarkorta Reykjavíkur og bókasafnsskírteina var framlengdur sem nam lokuninni og ekki voru lagðar sektir á safnkost Borgarbókasafns á tímabilinu.⁶⁹¹

⁶⁹¹ Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Söfnum borgarinnar lokað næstu tvær vikurnar,“ 7. október 2020, <https://reykjavik.is/frettir/sofnum-borgarinnar-lokad-naestu-tvaer-vikurnar>

Faraldurinn var hins vegar í miklum vexti í október 2020 og var söfnum og sundlaugum gert að hafa lokað áfram. Í lok október voru samkomutakmarkanir hertar enn frekar og máttu aðeins tíu manns koma saman. Gildistími nýrrar reglugerðar var frá 31. október til 17. nóvember. Þessar takmarkanir voru framlengdar til 1. desember og aftur 8. desember til 12. janúar.

Hins vegar var ekki kveðið á um lokun safna í reglugerðunum og máttu þau hafa opið með ströngum fjöldatakmarkunum og sóttvarnaraðgerðum. Söfnin opnuðu því 19. nóvember og voru opin eftir það og lutu þeim samkomutakmarkunum sem í gildi voru á hverjum tíma auk þess sem þeim var hólfaskipt. Um tíma máttu aðeins tíu manns vera inni í hverju hólf í söfnunum í einu en þau voru engu að síður opin.⁶⁹²

12.17 Samantekt

Stjórnendur og starfsfólk Menningar- og ferðamálasviðs og stofnana sem sviðið rekur reyndu eftir fremsta megni að halda þjónustu opinni í faraldrinum.

Farið var í ýmsar aðgerðir til að styrkja sjálfstæða listamenn og tónlistariðnaðinn með beinum styrkjum og styrkjum til tónleikastaða til að halda streymistónleika. 33,55 milljónum króna var varið til slíkra styrkja.

Borgarleikhúsið og Tjarnarbíó heimili sjálfstæðra sviðslista fengu styrki vegna lokana upp á 83 milljónir króna.

Höfuðborgarstofa réðist í markaðssetningarátakið RE til að styrkja Reykjavík sem áfangastað erlendra ferðamanna í samstarfi við Íslandsstofu og fleiri.

Farið var í að búa til heimasíðuna borginokkar.is og samfélagsmiðla undir sömu yfirskrift til að efla Reykjavík sem áfangastað innlendra ferðamanna.

150 milljónum króna var varið aukalega til þessara verkefna samkvæmt sérstakri fjárveitingu.

Verkefninu Sumarborginni var ýtt úr vör í samstarfi menningar- og ferðamálasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs til að efla mannlíf og fegra svæði í miðborginni og nágrenni.

Söfn borgarinnar héldu úti mögnuðu starfi þrátt fyrir faraldurinn og reyndu eftir fremsta megni að halda þjónustu sinni órofinni. Þrátt fyrir lokanir og miklar fjöldatakmarkanir tókst starfsfólki safnanna að halda fjölmargar sýningar (Listasafn Reykjavíkur), lána út bækur og

⁶⁹² Stjórnartíðindi, „Auglýsing nr. 1051, 30. október“ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3edeac13-690b-4681-abbe-e3ab5fd18e6e>

aðra safngripi (Borgarbókasafnið) og koma upp glæsilegri nýrri sýningu um sögu Reykjavíkur í Aðalstræti (Borgarsögusafn).

Auk þess vann starfsfólk safna ótullega að alls kyns verkefnum í lokunum sem höfðu sum hver setið á hakanum í starfseminni. Gerðar voru breytingar innanstokks, safnkostur skráður, tekið til og grísað í geymslum og unnið að viðhaldi svo eitthvað sé nefnt. Fundnar voru rafrænar og snjallar lausnir til að leyfa fólki að njóta safnanna þegar takmarkanir voru sem mestar.

Öll þrjú borgarsöfnin urðu fyrir talsverðu tekjutapi í faraldrinum vegna minni aðsóknar.

Starfsfólk borgarsafna vann sem sjálfbóðaliðar í verkefnum á vegum velferðarviðs í faraldrinum.

12.18 „Margar nýjungar teknar upp“

Huld Ingimarsdóttir, fyrrverandi starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs. Viðtal tekið í nóvember 2023.



Huld Ingimarsdóttir var starfandi sviðsstjóri á menningar- og ferðamálasviði þegar COVID-19 skall á og átti sæti í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar þar sem voru tíð og regluleg fundahöld. Huld segir neyðarstjórn borgarinnar hafa virkað mjög vel og hafi fyrirkomulagið verið til fyrirmyndar.

„Á fundunum fóru fram góðar umræður og regluleg upplýsingagjöf með almannavörnum höfuðborgarsvæðisins sem skipti miklu máli í

samhæfingarskyni. Teknar voru ákvarðanir í framhaldi af því sem var að gerast hverju sinni og ég tel að þetta hafi verið algjör grundvöllur þess að viðbrögð borgarinnar voru vel samræmd. Stjórnendur voru vel inni í málum sem gerði upplýsingagjöf til starfsmanna auðveldari og kom í veg fyrir upplýsingaóreiðu. Mikið álag var á öllum stjórnendum og oft á tíðum unnið sleitulaust daga og kvöld“, segir Huld.

Hún segir að sóttvarnarreglugerðir sem voru gefnar út af ráðuneyti og almannavörnum hafi oft á tíðum verið óskýrar og að heilmikill tími hafi farið í að ræða þær, túlka og freista þess á ná fram breytingum.

„Það var ákveðið þekkingarleysi á t.d. starfsemi menningar- og safnamála sem skein oftast en ekki í gegn og olli oft á tíðum pirringi hjá okkur og óþarfa vinna sem fór í að reyna að ná fram breytingum eða málamiðlun. Eftir að settir voru á reglulegir fundir safnamála

höfuðborgarsvæðisins með sérfræðingi hjá neyðarstjórn náðist að mestu að sníða af helstu agnúa“.

COVID-19 og samkomutakmarkanir sem faraldrinum fylgdu höfðu mjög miklar breytingar í för með sér á starfsemi sviðsins almennt og fólst meðal annars í fjarvinnu starfsfólks á meðan á þeim stóð. „Á meðan á lokun safnanna stóð var þó flest starfsfólk við vinnu á sínum stöðum og einbeitti sér meira að innra starfi og notaði tímann til að fara í ýmsar viðbætur og skráningar sem oft á tíðum sitja á hakanum í venjulegu árferði. Reglulegar borgarhátíðir lögðust af að mestu á þessum tíma sem var auðvitað heilmikil viðbrigði bæði fyrir okkar starfsfólkið og borgarbúa. En starfsfólk var almennt mjög jákvætt og tók þessum breytingum af miklu æðruleysi og lagði mikið á sig til að halda starfseminni gangandi. Misjafnt álag var þó á fólki eins og gengur og oft þurfti fólk að taka á sig aukavinnu þegar félagar veiktust af COVID eða ef önnur veikindi gerðu vart við sig.“

Huld segir að það hafi komið sér mjög vel þegar tækifæri gafst til að ráða atvinnulaust fólk með sérstökum styrk til 6 mánaða frá Vinnumálastofnun. Sem dæmi þá var sviðið búið að ráða u.þ.b. 15 manns á fyrstu 2 mánuðum frá því að reglugerðin kom út. „Með því að vera svona fljót til þá náðum við í margt mjög hæft fólk með góðan bakgrunn í ýmsum sérhæfðum störfum og munaði svo sannarlega um þessa sérfræðinga sem unnu við hin fjölbreyttustu störf og styrkti þessi ráðstöfun verulega okkar innra markaðs- og fagstarf og létti á álagi. Flest allt þetta fólk var mjög ánægt og voru dæmi um aðila sem höfðu verið atvinnulausir í töluverðan tíma og voru orðnir vonlitlir um getu sína en blómstruðu í þessari vinnu og fóru með reisn áfram út í atvinnulífið“.

II

Huld segir að hafi verið töluvert álag á stjórnendum sviðsins á þessum tíma og streita hafi gert vart við sig sem eðlilegt er. „Stjórnendahópurinn stóð þó þétt saman enda um einvala lið að ræða sem leggur mikið upp úr fagmennsku og eru með eindæmum úrræðagóð. Vikulegir forstöðumannafundir voru haldnir þar sem málin voru rædd og ákvarðanir teknar í ljósi stöðugra breytinga til að aðlaga starfið sem best að starfsfólki og gestum þess“.

Huld segir að stjórnendur hafi sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni og ný verkefni og breytt verklag var innleitt með hraði. Töluverð tekjuminnkun átti sér stað á sviðinu og var þar af leiðandi erfitt að halda sig innan fjárhagsramma. „Borgarsögusafn varð einna verst úti og síðan Listasafn Reykjavíkur. Aukafjárveiting var sem betur fer veitt til að geta haldið rekstrinum gangandi og náðu báðar þessar stofnanir að greiða þessa fjárveitingu að fullu til baka á tveimur árum eftir að COVID tímabilinu lauk“.

Sjónum beint að innanlandsmarkaði

Á árinu 2020 ákvað borgarráð að veita 150 milljónum króna til næstu tveggja ára í sérstakt átak til að fjölga erlendum ferðamönnum og vera vel undirbúin þegar faraldrinum lyki.

„Farið var í gríðarlega undirbúningsvinnu og var t.d. hin svokallaða „RE“ herferð var hleypt af stað og unnin í góðri samvinnu með Íslandsstofu, Inspired by Iceland, Icelandair, Ferðamálastofu og ýmsum hagaðilum í ferðageiranum í borginni.“

Fókusinn var einnig settur á innanlandsmarkað. „Hrint var af stað nýju markaðsátaki „Borgin okkar“ sem beint var að innlendum ferðamönnum og var ný heimasíða undirbúin. Átakið fékk mjög góðar viðtökur og styrkti vel við miðborgina, fyrirtæki í veitinga- og hótélrekstri og fjölbreytt verkefni safnanna. Vefsíðan Visitreykjavík var endurnýjuð að fullu og nokkuð ljóst að þessar herferðir og undirbúningsvinna nýttist mjög vel þegar fólk fór að huga aftur að ferðalögum, bæði fyrir innlenda og erlenda gesti. Einnig nýttist öll þessi markaðsvinna gríðarlega vel við undirbúning á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum EFA (European Film Awards) sem haldin voru í Reykjavík í desember árið 2022.“

Um sumarið árið 2020 var Sumarborgin sett af stað í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið. „Sérstök fjárveiting var veitt með það að markmiði að efla miðborgina og rekstraraðila hennar, aðstoða og styrkja sértakar uppákomur og viðburði, fegra nærumhverfið og hvetja borgarbúa til að njóta þess sem borgin hefði upp á að bjóða. Nokkur skörun var á verkefnum „Sumarborgar“ og „Borgarinnar okkar“ en þó gekk nokkuð vel að samhæfa aðgerðir og markaðsáttak.“

„Þegar líða fór á COVID tímabilið varð augljóst að sjálfstætt starfandi listamenn og minni listahópar og ekki síður tónlistarsenan urðu fyrir miklum skakkaföllum vegna samkomutakmarkana og urðu fyrir verulegum tekjumissi sem ógnaði afkomu þessa listafólks. Aukafjárveiting var veitt í 2 ár til að koma til móts við þennan hóp. Töluverð aukavinna fólst í því að undirbúa og fylgja þessu eftir en varð án efa mikil lyftistöng fyrir marga aðila og fengum við mjög jákvæð viðbrögð frá þessum aðilum við viðbótarstyrkjum“.

Stærri menningarstofnanir sem voru með samningsbundna styrki frá Reykjavíkurborg eins og Harpa, Borgarleikhús, Bíó Paradís og Tjarnarbíó voru öll komin í alvarlegar fjárhagskröggur. „Verulega minnkandi innkoma vegna lokana hafði mikil áhrif á þessar stofnanir. Farið var í töluverðar sviðsmyndagreiningar til að greina stöðuna og má þar t.d. nefna að sviðsstjóri vann með Borgarleikhúsinu að uppfærslu á u.þ.b. 25 mismunandi sviðsmynda- og áætlunargreiningum á þessu tímabili. Aukafjárveiting var veitt til allra þessara aðila sem gerði það m.a. að verkum að þessar stofnanir náðu að halda sjó“.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin

Á árinu 2018 var undirritaður þríliða samningur milli Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Berlín (The European Film Awards - EFA), Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytis að verðlaunin skyldu haldin í Reykjavík í desember 2020. „Hafist

var handa við undirbúning í samvinnu við stjórn EFA á árinu 2019, en strax um vorið 2020 varð ljóst að COVID faraldurinn gæti haft veruleg áhrif og óvíst að hægt yrði að halda verðlaunahátíðina í desember það ár. Um er að ræða stóran viðburð þar sem evrópskt kvikmyndagerðarfólk hvaðanæva að úr Evrópu kemur saman til að fagna og velja bestu kvikmyndirnar og var von á u.þ.b. 1.400 erlendum gestum.“ Huld segir að í fyrstu hafi gengið erfiðlega að sannfæra stjórn EFA á þessum tíma um að fresta þyrfti athöfninni en á síðustu stundu eða í september 2020 var ljóst að ekki myndi ganga að halda athöfnina í Reykjavík. „Eftir samningaviðræður samþykktu allir aðilar að athöfninni skildi frestað og að hún yrði haldin í Reykjavík í desember 2022. Þessi frestun hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á áætlaðar tekjur Hörpu á þessum tíma Verðlaunahátíðin tókst í alla staði mjög vel á árinu 2022.“

Hæfileikaríkt og jákvætt starfsfólk

Aðspurð hvað Huld þyki eftirminnilegast frá þessum tíma segir hún vera vinnuálagið. „Þetta var mikil vinna og álag, svona „bretta upp ermar tilfinning“ en þótt þessi tími renni svolítið saman þá voru ótrúlega mörg frábær verkefni framkvæmd og margar nýjungar teknar upp og verklagi oft breytt. Þá var einnig mikill samhugur meðal stjórnenda og sviðið hefur á að skipa hæfileikaríku og jákvæðu starfsfólki sem reyndist mjög mikilvægt á þessu tímabili.“

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: Áramótapistill sendur til starfsfólks safnsins í tölvupósti áramótin 2020/2021.

Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund

Árið 2020 fór af stað með miklum hveli hjá Listasafni Reykjavíkur. Sýningin *Chromo Sapiens* eftir Hrafnhildi Arnardóttur/Shoplifter var opnuð í Hafnarhúsi 23. janúar. Verkið var framlag Íslands til Fenejvatvíæringsins 2019 og er skemmst frá því að segja að sýningin vakti fádæma athygli og var með eindæmum vel sótt af fjölbreyttum hópi fólks á öllum aldri. Í janúar var líka opnuð ein af þeim fjórum sýningum sem ráðgerðar voru á árinu í D-sal Hafnarhúss þar sem jafnan eru kynnt verk yngri listamanna. Fyrsta D-salarsýningin var innsetning eftir Unu Björgu Magnúsdóttur sem bar yfirskriftina *Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund*. Nú þegar litið er til baka má segja að þessi titill hafi verið lýsandi fyrir það sem árið bar í skauti sér. Fáa hefði grunað að þegar sýningunni *Chromo Sapiens* var lokað þann 19. mars yrði safninu jafnframt lokað vegna veirusjúkdóms sem herjaði á veröldina og borist hafði til landsins. Safninu var gert að loka og var ekki opnað aftur fyrr en 4. maí.



Það fylgdi því mikil gleði og ánægja að fá að opna sýningarnar aftur þó fjöldatakmarkanir væru í gildi og engir erlendir gesti en þeir hafa undanfarin ár verið um 75% gesta safnhúsanna. Það segir sig því sjálft að algjört tekjuhrun varð hjá safninu en aðgangseyrir og annað sjálfaflað fé er um 25% af rekstrarfé safnsins. Á árinu hefur fjöldi leyfilegra gesta farið allt niður í 10 í mörg hundurð fermetra safnhúsum.

Á meðan safnhúsin voru lokað gestum tók starfsemin kollhnís. Hugmyndaríkt og atorkusamt starfsfólk hrinti í framkvæmd fjölbreyttum verkefnum þannig að fólk fengi notið myndlistar í gegnum netið; með appinu *Útilistaverk í Reykjavík*, sýningum á netinu eða á sýningu sem sett var upp á göngum Kjarvalsstaða og hægt að njóta utanfrá. Miðlunin var fjölbreytt og til ólíkra hópa og mátti greina talsvert aukna notkun vefmiðla safnsins. Unnið var að tiltekt og þrifum, skrifum, skráningu og skönnun auk þess sem sýningar framtíðarinnar voru undirbúnar.

Á árinu voru tvær mikilvægar alþjóðlegar sýningar í Hafnarhúsi. Innlendir og erlendir teiknarar og listamenn unnu með okkur að veggteikningum í rými safnsins frá upphafi árs og var afraksturinn einstök sýning á veggteikningum bandaríska listamannsins Sol LeWitt (1928-2007). Á sama tíma var í Hafnarhúsinu sýning á verkum úr safneigninni, *Röð og regla*, en þar voru sýnd verk íslenskra listamanna þar sem greina má áhrif frá Sol LeWitt. Sýningarnar voru opnaðar um miðjan febrúar og stóðu fram í júlí þegar byrjað var að setja upp sýningu á verkum Gilbert & George: *THE GREAT EXHIBITION*. Þá sýningu átti að opna á Listahátíð í Reykjavík þann 6. júní en var frestað til 6. ágúst og stendur hún fram í janúar 2021. Hluta þess tímabils var safnið lokað eða frá 7. október til 19. nóvember. Erró átti sinn sess í Hafnarhúsinu með sýningunni *Sæborg*.

Á þessu seinna lokunartímabili var unnið að uppsetningu yfirlitssýningar á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar: *ÓraVidd*. Sýningin stóð tilbúin í vestursal Kjarvalsstaða í rúmar fjórar vikur áður en leyfi fékkst til að opna safnið á ný og þá með afar ströngum fjöldatakmarkunum. Ekki var hægt að fagna með veglegri opnun en í staðinn var listamaðurinn heiðraður með mörgum „ör“ opnunum sem ekki brutu fjöldatakmarkanir sóttvarnalaga. Til að tryggja að sem flestir fái notið þessarar frábæru sýningar mun hún standa til mars 2021 og hafa þá aðrar sýningar sem áætlaðar voru á því ári verið færðar til. Að öðru leyti voru sýningar á Kjarvalsstöðum nokkurn vegin samkvæmt áætlun, fyrsta sýning ársins var yfirlitssýning á verkum Ásgerðar Búadóttur: *Lífsfletir*, sýning sumarsins var *Allt sem sýnist - raunveruleiki á striga 1970-2020* og síðan voru tvær áhugaverðar og vel sóttar Kjarvalssýningar: *Að utan* og *Hér heima*.

Í Ásmundarsafni var sérstök áhersla á miðlun og þá einkum til barna. Í skemmuni stóð allt árið sýningin Undir sama himni þar sjónum var beint að verkum Ásmundar í almannarými en síðan var í safninu sérstök fjölskyldusýning sem bar yfirskriftina *Leikum og lærum*. Safninu var lokað vegna endurbóta í byrjun október.

Árið 2020 eru 20 ár liðin frá því Listasafn Reykjavíkur nam land í Hafnarhúsi. Segja má að með því hafi hafist ný kafli í myndlistarlífi borgarinnar með meira sýningarými og öflugri

starfsemi sem býður upp á fjölbreytta myndlist jafnt innlenda sem erlenda. Ráðgert var að fagna þessum tímamótum veglega meðal annars með því að heiðra alla þá listamenn sem sannarlega hafa sett svip sinn á starfseminu í húsinu á þessum 20 árum. Minna varð úr hátíðahöldum en ætlað var en þó hefur öllum Reykvíkum fæddum 2000 verið gefið árskort og sett var upp sýningin *Harnarhús – pakkhús hugmynda í miðborginni*.

Borgarráð veitti sérstöku fé til að bæta stöðu listamanna og skapandi einstaklinga í borginni og þá um leið efla menningarlífið. Listasafn Reykjavíkur fékk aukafjárveitingu til að standa fyrir tveimur verkefnum; *Haustlaukar II* þar sem list í almannarými var í forgrunni með inngrípi listamanna í umhverfi og mannlíf borgarinnar. Hitt verkefnið sem safnið ráðgerði á vordögum var mikil fimm daga gjörningahátíð með þátttöku fjölda listamanna undir yfirskriftinni *Gjörningapoka*. Samhliða var ráðgert málþing um tímatengda list með þátttöku fjölda fræði- og listamanna. Undirbúningur er vel á veg kominn en viðburðurinn verður ekki fyrir en margir geta og mega komið saman.

Prátt fyrir lokanir og fjöldatakmörkanir fækkaði skólahópum og viðburðum minna en ætla hefði mátt. Eins og fram hefur komið, komu nánast engir erlendir gestir til okkar á árinu en þegar tölur ársins eru teknar sama kemur í ljós að innlendum getur hefur fjölgað á milli ár. Þetta er frábær árangur og eiga allir sinn hlut í honum – til hamingju!

Í heildina var safnið lokað í þrjá mánuði á árinu 2020 og fjöldatakmörkanir voru í safnhúsin frá 19. mars og út árið. Prátt fyrir þetta fjölgaði íslenskum gestum á milli ára um 6700 sem teljast má kraftaverk miðað við aðstæður. Við höfum lært margt sem við tókum með okkur inn í framtíðina sem ef til vill verður eitthvað breytt. Eitt af því mikilvægasta sem við horfumst í augu við er mikilvægi gestanna okkar, viðtakenda listarinnar sem við miðlum og þátttakendanna í viðburðunum sem við stöndum fyrir.

Við vitum nú að titill fyrstu sýningar ársins 2020, *Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund*, hafði forspárgildi. Nú er vonandi komið að því að þessi mannlausu stund sé liðin.

13. Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON)

13.1 Upplýsingatækni í heimsfaraldri COVID-19

Þegar kórónuveirufaraldurinn brast á í mars 2020 bjó Reykjavíkurborg að því að búið var að innleiða Webex fjarfundalausnina frá Cisco í flest fundaherbergi í skrifstofurýmum á Höfðatorgi og í Ráðhúsi. Innleiðingin hófst árið 2016 og var að mestu lokið í upphafi árs 2019. Notkun á þessu kerfi var hafin en hún var ekki orðin almenn í upphafi faraldursins. Starfsfólk var hins fljótt að tileinka sér notkun búnaðarins þegar á reyndi og var hann hið mesta þarfapening þegar kom að nauðsynlegum fundahöldum og samskiptum til að halda starfsemi gangandi. Neyðarstjórn fundaði í gegnum búnaðinn svo og ráð og nefndir sem fengu heimildir til að funda með fjarfundafyrirkomulagi.

Webex var einnig nýtt til að halda fundi íbúaráðanna í borginni og var fundum þeirra streymt úr kerfinu á facebook og Youtube rásum Reykjavíkurborgar.

13.2 Skýr skilaboð frá neyðarstjórn að halda kerfum gangandi

Að sögn Friðþjófs Bergmann fyrrverandi skrifstofustjóra upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar var stafræn vegferð borgarinnar komin á fulla ferð áður en heimsfaraldurinn byrjaði og var að miklu leyti búið að kortleggja þau verkefni sem ráðast átti í. Hins vegar þurfti að ganga skjótt til verka og forgangsraða stíft til að halda starfsemi borgarinnar óraskaðri.⁶⁹³

Friðþjófur segir að skilaboð frá neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hafi verið einföld og skýr í fyrstu bylgjunni. „Fjármála- og áhættustýringarsvið og velferðarsvið fengu forgang með sín mikilvægu verkefni. Vinnsla launagreiðslna og reikningshald mátti ekki stöðvast. Velferðarsvið er með tugi starfsstaða þar sem rekin er sólarhringsstarfsemi fyrir viðkvæma hópa og sú starfsemi mátti heldur ekki skerðast. Þá varð að halda heimahjúkrun gangandi.“

Þessi skilgreining neyðarstjórnar á forgangsþjónustu er í samræmi við viðbragðsáætlun borgarinnar í heimsfaraldri en þar er skilgreind sú þjónusta sem á að haldast órofin á öllum

⁶⁹³ Friðþjófur Bergmann, viðtal.

háskastigum. Annars vegar varð að vera hægt að standa við greiðsluskuldbindingar borgarsjóðs gagnvart einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum auk þess að afgreiða laun starfsfólksins. Hins vegar þurftu kerfi velferðarsviðs að vera starfhæf og aðgengileg vegna fjárhagsaðstoðar, húsaleigubóta og heimapjónustu. Þá eru rekin kerfi á vegum velferðarsviðs sem halda utan um vistunargreiðslur, barnavernd, heimahjúkrun og matarþjónustu sem þurftu að vera starfhæf.

13.3 Innleiddu nýjar lausnir hraðar

Friðþjófur segir að upplýsingatækniþjónustan hafi lagt áherslu á að innleiða fjarvinnustöðvar fyrir starfsfólk heima með öruggum fjarvinnutengingum (VPN) og sett var upp ný fjarvinnugátt til að auðvelda sömu tengingar.



„Í upplýsingatæknigeiranum var mikið rætt um mögulegan skort á alls konar tölvubúnaði vegna rofs í aðfangakeðjum og framleiðslu. Við sáum því fram á skort og ákváðum því að fara í stórt útboð á búnaði til að lenda ekki í skortstöðu,“ segir hann.

Upplýsingatækniþjónustan innleiddi nýjar lausnir hraðar en áætlað hafði verið fyrir faraldurinn. „Við settum upp og innleiddum Memaxi hugbúnaðarlausn fyrir rafrænar heimsóknir á velferðarsviði. Við vorum eina sveitarfélagið sem innleiddi þessa lausn á þessum tíma. Við keyptum 80 spjaldtölvur og annan búnað fyrir þessa lausn og tókst að innleiða hana á met tíma.“

Auk þess var sett upp fullkomið skjáver (e. Call center) þar sem þrír starfsmenn geta sinnt skjáheimsóknum.

Fleiri hugbúnaðarlausnir voru teknar í notkun í faraldrinum sem Friðþjófur segir að hafi reynst vel. Kara Connect kerfið var aðlagð fyrir barnavernd og leyfum fjölgað en hugbúnaðurinn er notaður af fósturteymum barnaverndar til að treysta samskipti fósturbarna við félagsráðgjafa sína.

Friðþjófur segir að mikilvægur fjaraðgangur hafi verið opnaður að Sögu sjúkraskrá fyrir heimahjúkrun. Þetta hafi auðveldað fjarvinnu starfsfólks heimahjúkrunarinnar og auðveldaði skráningu í sjúkraskrá utan starfsstöðvar. Þetta var gert í samvinnu við heilsugæsluna.

Rafrænar undirskriftir voru innleiddar með Dokobit lausninni sem gerði alla undirritun skjala örugga og þægilega.

Skóla- og frístundasvið hafði tekið Google G Suite í notkun og var innleiðingu þess hraðað í faraldrinum til þeirra skóla sem vildu taka það upp og nýttist kerfið mjög vel til fjarkennslu í faraldrinum að sögn Friðþjófs.

Leitað var til erlendra sérfræðinga til að bæta við þekkingu í þeim efnum. Í lok ársins 2020 hafði skóla- og frístundasvið tekið upp G Suite Enterprise for Education sem býður upp á fjölmarga möguleika í sveigjanlegu námi auk þess að auðvelda betri stjórn og yfirsýn yfir gögn starfsfólks og nemenda.



„Það skipti miklu máli fyrir það hvernig okkur tókst að eiga við þetta ástand að við lögðum áherslu á að kaupa inn viðbótarbúnað, skjái, heyrnartól og fleira. Á þessum tíma var ekkert verið þexa um peninga heldur var það keypt sem til þurfti,“ segir Friðþjófur.

„Við bættum einnig við samninga við birgjana okkar um þjónustu og tvöfölduðum magn starfsfólks sem sinnti starfseminni.“

Auk Cisco Webex fjarfundakerfisins sem uppfyllti allar öryggiskröfur Reykjavíkurborgar var farið í að innleiða Microsoft Teams sem bauð upp á öruggar fjarfundalausnir. Margir voru farnir að nota Zoom fjarfundabúnað en upplýsingaþjónustan uppgötvaði öryggisbrest í þeim hugbúnaði og mælti gegn notkun á honum.

Friðþjófur fullyrðir að vegferðin sem hafi verið ákveðin með samþykkt Græna plansins að uppfæra tölvukerfi borgarinnar og hraða stafrænni uppfærslu sé afar mikilvæg fyrir þjónustu borgarinnar við íbúana en að auki muni slík uppfærsla draga úr kolefnisspori borgarinnar og auka öryggi borgaranna komi upp annar heimsfaraldur sem er næsta víst að gerist.

„Þökk sé Græna planinu þá erum við núna búin að uppfæra alla netþjónana okkar. Við höfum einnig verið að vinna að samræmdri nemendaskráningu, fyrsta útgáfan er komin fyrir grunnskólana og við erum að vinna að slíku kerfi fyrir leikskólana. Þetta mun einfalda alla skráningu í skólakerfinu til hagsbóta fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur.“

13.4 Starfsfólk fljótt að tileinka sér hugbúnað og tækni

Friðþjófur segir að starfsfólk borgarinnar eigi hrós skilið fyrir það hvernig tókst til í faraldrinum. Afleiðingar faraldursins séu heldur ekki allar neikvæðar eins og dæmin sýni. Fólk hafi verið fljótara að tileinka sér nýjan hugbúnað og tækni, vanist því að vinna heima

sem sé mikilvægur valkostur og lært að nýta sér fjarfundabúnað sem spari ferðir og minnki kolefnisspor. „Við notum enn fjarfundi að eins miklu leyti og hægt er. Það fækkar ferðum á milli. Það má enn vinna að því að bæta fundamenningu Reykjavíkurborgar á þann veg að hafa fundi markvissari og styttri,“ segir hann.

13.5 Byggingarteikningar afgreiddar rafrænt

Upplýsingatæknin leysti einnig vandamál sem upp kom í þjónustuveri á Höfðatorgi varðandi afgreiðslu teikninga fyrir byggingarfulltrúa en afgreiðslan snýst 60-80% um að afgreiða byggingarteikningar og aðra svipaða þjónustu fyrir byggingarfulltrúa. Þjónustuverið lokaði aldrei í faraldrinum en viðskiptavinir voru hvattir til að nýta sér aðra samskiptamáta en að koma á staðinn eins og mögulegt væri. Að sögn Örnú Ýrar Sævarsdóttur, skrifstofustjóra þjónustuhönnunar, var fundin einföld lausn til að skanna og afgreiða byggingarteikningar í gegnum netið.⁶⁹⁴



„Við settum í loftið frekar einfalda rafræna lausn sem er reyndar einnig mjög umhverfisvæn því hún sparar fólki ferðir hingað. Fólk sendi inn pöntun á reykjavik.is, við gáfum okkur 48 tíma til að afgreiða pöntunina en afgreiðslan felst í því að sækja teikninguna í safnið, skanna hana og senda hana síðan rafrænt með We Transfer. Þessi lausn er enn notuð mikið en nú er hins vegar hafin stór umbreyting í þessu verkefni því allsherjar skönnun er hafin á teikningasafni byggingarfulltrúa.“

Að sögn Örnú Ýrar gat þjónustuverið uppfyllt sín hlutverk í faraldrinum vegna þess að starfsfólkið skiptist á að vinna á fjórum mismunandi stöðum sem þjónustuverið sér um; gestamóttökum á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, símaveri og afgreiðslu á bás. „Þar af leiðandi var allt starfsfólkið okkar með eigin fartölvur. Til að bæta ofan á það og koma upp aðstöðu fyrir fólk heima var leitað í dyrum og dyngjum að búnaði hér, gömlum skjám og öðru sem á vantaði. Aðstæður fólks til að vinna heima voru auðvitað mismunandi en mörgum líkaði það prýðilega. Sem betur fer voru kerfin okkar í skýi og því þurfti aðeins að koma upp VPN tengingum svo fólk gæti unnið heima.

⁶⁹⁴ Arna Ýr Sævarsdóttir, viðtal.

Við vorum vel búin tæknilega undir þennan faraldur og nú erum við enn betur í stakk búin með samskiptalausnir þjónustuversins,“ segir Arna Ýr Sævarsdóttir.

Hún segir að ennfremur að heimsóknnum í þjónustuverið hafi fækkað jafnt og þétt á síðustu árum. „Við erum stöðugt að bæta okkur í því að svara spurningum í gegnum vefinn okkar þannig að fólk getur afgreitt margt þar sjálft og fengið upplýsingar.“

13.6 Rafræn umsókn um fjárhagsaðstoð

Árið 2019 tók velferðarsvið upp nýtt rafrænt umsóknakerfi fyrir notendur fjárhagsaðstoðar. Nokkurn tíma tók að koma kerfinu upp og var kostnaður við ferilinn um 100 milljónir. Rafræn umsókn um fjárhagsaðstoð virkar þannig að umsækjandi skilar gögnum í gegnum netið og getur einnig átt þar í samskiptum við starfsfólk velferðarsviðs sem tekur við umsókninni og lýkur ferlinu án pappírs. Þegar umsóknarferlinu lýkur myndast síðan PDF skjal sem vistað er í málaskrá velferðarsviðs en skylt er samkvæmt lögum að skjala allar umsóknir.

Í dag nota 85 prósent umsækjenda um fjárhagsaðstoð kerfið og var mikið hagræði af því í faraldrinum auk þess sem það dró úr smithættu eins og gefur að skilja. Regína Ásvaldsdóttir fyrrverandi sviðsstjóri velferðarsviðs taldi að kerfið hefði aukið skilvirkni umsóknaferlisins til muna og að 20-30% fleiri starfsmenn hefði þurft til að afgreiða aukinn fjölda umsókna um fjárhagsaðstoð þegar flestar umsóknir bárust í faraldrinum. Hún sagði í samtali við Morgunblaðið í byrjun janúar 2022 að líklega hefði velferðarsvið ekki ráðið við að afgreiða umsóknir tímanlega nema vegna kerfisins sem var komið í fulla virkni fyrir faraldurinn. Áður tók allt að þrjár vikur að afgreiða einstaka umsóknir en nýja rafræna kerfið stytta þann tíma niður í einn til tvo sólarhringa.⁶⁹⁵

Fyrirhuguð stafræn umbreyting þjónustunnar mun síðan gera fólki enn frekar mögulegt að afgreiða sín erindi við borgina rafrænt í stað þess að mæta á staðinn, sem dregur úr kolefnisspori samfélagsins og eykur öryggi og skilvirkni ef upp koma svipaðar aðstæður og í heimsfaraldri COVID-19.



13.6 Í fyrstu bylgju faraldursins auglýsti Borgarskjalasafnið eftir frásögnum og myndum af upplifun fólks í samkomubanni. Undirtektir voru frekar dræmar. *Skjámynd.*

⁶⁹⁵ Baldur Arnarson: „Umsóknakerfi verði notað á fleiri sviðum.“ Morgunblaðið, 6. janúar 2022, bls. 4.

13.7 „Við vorum tilbúin af því að við vorum búin að skapa menningu sem var tilbúin“

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Viðtal tekið í nóvember 2023.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið er eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að leiða stafræna umbreytingu borgarinnar og sinna verkefnum tengdum innri og ytri þjónustu, upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun, tæknilegum umbótum og vefmálum. Þá ber sviðið ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga og þjónustuveri borgarinnar.



Óskar Sandholt, sviðsstjóri, segir að verkefni sviðsins hafi verið bæði fjölbreytt og krefjandi á tímum heimsfaraldurs. Verkefni sneru fyrst og fremst að þrennu: að viðhalda þeirri starfsemi sem mátti hafa í stjórnsýsluhúsunum, að styðja við starfsemi annarra sviða, m.a. með því að tryggja að starfsfólk gæti unnið heiman frá sér og að halda áfram annarri starfsemi sviðsins, til dæmis því sem snýr að stafrænni umbreytingu.

„Eitt af því sem var hvað mest undir húddinu var að stuðla að innleiðingu fjarfundamenningar og koma upp búnaði til að halda slíka fundi. Við vorum búin að tala fyrir því mjög lengi að borgin innleiddi fjarfundi, en það hafði ekki verið mikil stemning fyrir því. Ég held að einu fundirnir sem höfðu verið í fjar fram að 28. febrúar 2020 hafi verið fundir á milli mín og páverandi borgarritara, Stefáns Eiríkssonar, því hann var mjög tæknilega sinnaður og neitaði að fara á milli húsa ef hægt var að taka fundinn í fjar. Annars var sáralítill notkun á fjarfundabúnaði.“

Það þurfti greinilega ekkert minna en heimsfaraldur til að koma okkur almennilega af stað?

„Já, í raun og veru, og aukningin var líka alveg svakaleg. Mig minnir að þetta hafi verið í kringum 13 þúsund prósentu aukning á notkun fjarfunda á hreinlega einni nóttu þegar við fórum að rýna í tölurnar úr kerfunum. Enda reyndi þetta gríðarlega á alla okkar innviði varðandi netrekstur.“

Og voru innviðir borgarinnar reiðubúnir að takast á við ástand á borð við heimsfaraldur?

„Bæði og. Við búum svo vel að vera einhver best ljósleiðaravædda borg í heimi og ljósleiðaratengingar á milli starfsstaða Reykjavíkur eru í góðu lagi. Margar aðrar borgir lentu í vandræðum varðandi þetta, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Netflix þurfti til dæmis að takmarka gæði útsendinga á ákveðnum svæðum vegna þess að það var ekki næg bandbreidd til svo hægt væri að sinna nauðsynlegri netumferð. Þetta þurftum við ekki að gera og við getum þakkað það öflugri ljósleiðaravæðingu borgarinnar.

Búnaðurinn á sumum stöðum var aftur á móti ekki eins og best verður á kosið og því þurfti að fara í mikla endurnýjun á netinnviðum og -þjónum. Í raun og veru erum við enn að klára það átak því að það kom svo í ljós að það voru netskápar úti um alla borg sem höfðu jafnvel verið settir upp fyrir meira en 30 árum og bara gleymst og var eðli málsins samkvæmt löngu tímabært að skipta út.“

Er eitthvað sem þið lærðuð á þessum tíma sem nýtist í starfsemi sviðsins í dag?

„Fyrst og fremst lærðum við að vinna á nýjan hátt. Þetta gjörbreytti vinnulagi hjá borginni. Ég held reyndar að sú æfing sé ekki búin ennþá. Fólk er enn á fullu að finna þetta gullna jafnvægi – heima eða á skrifstofunni. Þetta var náttúrulega mjög róttæk breyting og heljarinnar æfing í nýju vinnulagi. Til dæmis sparar yfirstjórn borgarinnar nú ansi margar mínútur á viku sem annars fóru í að ferðast á milli fundastaða, bíða fyrir utan fundarrými kannski í klukkutíma til að fara með verkefni inn í borgarráð og almennt að drepa tímann milli funda. Stóra spurningin er svo auðvitað alltaf hvort að þetta sé arðbært, erum við að nýta tímann í eitthvað betra í staðinn? Það er kannski aðeins erfiðara að svara því, en ég trúi því allavega að við séum á góðri leið með þessa æfingu. Að finna út hvernig framtíð vinnandi fólks mun koma til að vera eftir 5, 10 eða 15 ár.“

Þjónustu- og nýsköpunarsvið er tiltölulega ungt svið, stofnað 2019 í kjölfar skipulagsbreytinga.

Í fyrstu bylgju COVID hafði sviðið því aðeins verið starfrækt í nokkra mánuði, en mikilvæg vinna þó þegar hafin við að umbreyta þjónustu borgarinnar. Óskar telur að það hafi verið krítískt að ákveða að skala upp og stækka sviðið á þeim tíma sem það var gert.

„Að stofna rafræna þjónustumiðstöð 2016 og stækka svo upp í að verða svið árið 2019 gerði okkur kleift að leggja grunninn fyrir verkefni sem tóku við þegar Covid skall á. Þá vorum við þegar byrjuð að ráða inn fólk sem hugsaði gagnrýnið um þjónustu og hvernig hún er veitt hjá borginni. Fram að því höfðum við ekki verið með margt svoleiðis fólk. Ef við hefðum ekki gert það og ekki verið komin á þann stað sem við vorum hefðum við ekki getað brugðist svona vel við. Við vorum tilbúin af því að við vorum búin að skapa menningu sem var tilbúin. Þetta hefði verið mjög erfitt í gamla kerfinu. Að sama skapi hefðum við ekki getað farið í þessa uppskölun sem við þurftum að fara í 2021 ef ekki hefði verið fyrir þessa

vegferð. Ég held líka að sagan sé að dæma þetta mjög vel, og að þessir háværustu gagnrýnendur séu að átta sig á mikilvæginu.”

Pegar þú lítur til baka, hverju ertu stoltastur af varðandi störf sviðsins á þessum umrótatímum?

„Það er erfitt að taka eitthvað eitt út fyrir sviga, en ég er virkilega stoltur af öllu starfsfólki og stjórnendum þessa sviðs sem misstu aldrei niður bolta á þessum tíma. Það stóð aldrei á okkur, við skiluðum alltaf okkar. Annars hefði mögulega ákveðin keðjuverkun átt sér stað innan kerfisins því að við erum oft fólkið á bak við tjöldin sem gerir öðrum kleift að vinna sína vinnu.“

Ertu með einhver fleiri dæmi um verkefni sem eiga sér stað á bak við tjöldin?

„Til dæmis bara það að koma heilli fjármáladeild sem alla jafna vinnur við borðtölvu á skrifstofu í Borgartúni í það að geta borgað út laun heiman frá sér er ekkert smá verk. Þú getur rétt ímyndað þér keðjuverkandi áhrifin ef ekki væri hægt að borga út laun.“

Ef við lítum á björtu hliðarnar, hvaða jákvæðu afleiðingar hefur Covid haft á starfsemi borgarinnar?

„Eitt af þeim gæfusporum sem við tókum í Covid var auðvitað sú mikilvæga ákvörðun að fara í átak í stafrænni umbreytingu og fjárfesta af alvöru í innviðum. Ef það var eitthvað gott við þennan faraldur þá var það mögulega það að hann hjálpaði mörgum að skilja mikilvægi og gagnsemi þess að þjónusta sé aðgengileg og innviðir í lagi. Þar eiga skrifstofustjórar- og mannauðsdeild sviðsins einnig mikið hrós skilið. Þau ekki bara leiddu sviðið í gegnum þessa erfiðu tíma heldur tókst að byggja upp ótrúlegan flota hæfileikaríks fólks sem vinnur vel saman. Og það allt í miðjum heimsfaraldri. Það er ekkert smáverk að byggja upp heilt svið til að sinna stafrænni umbreytingu og gera það svona vel. Ég held að fólk átti sig ekki á vinnunni sem fer í þetta, og þetta hefði enginn getað gert nema framúrskarandi stjórnendur.“

13.8 Fóru í stórt útboð búnaðar til að koma í veg fyrir skort

Friðþjófur Bergmann, fyrrverandi upplýsingatæknistjóri og skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar. Viðtal tekið á Höfðatorgi 25. ágúst 2022.



Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar gegndi veigamiklu hlutverki í faraldrinum en sjá þurfti til þess að öll tölvukerfi væru virk, fjarfundabúnaður í lagi og VPN tengingar starfsfólks virkar. Einnig þurfti að útvega mikinn búnað svo starfsfólk gæti unnið heima og aðstoða skólana við fjarkennslu.

Það var því í mörg horn að líta fyrir Friðþjóf Bergmann, upplýsingatæknistjóra sem stýrir upplýsingaþjónustu borgarinnar. Hann segir að verkefnið við að efla rafræna þjónustu í skólum borgarinnar hafi þegar verið hafið fyrir faraldurinn. Byrjað hafi verið á því að kortleggja ferla sem þyrfti að ráðast í.

Hluti af Græna plani Reykjavíkurborgar snýst um að hraða stafrænni umbreytingu borgarinnar og er kostnaður við það risaverkefni áætlaður 10,3 milljarðar króna sem dreifist á fimm ár.



„Verkefnið er að efla rafræna þjónustu og ná þannig virðisauka fyrir íbúana. Það eru 86 ferlar sem þarf að endurskoða og rafvæða. Verkefnið snýst hins vegar ekki aðeins um rafvæðingu heldur líka endurnýjun innviða og kerfa í upplýsingatækni,“ segir Friðþjófur.

„Þessi vinna var þegar hafin þegar holskeflan reið yfir okkur. Ég heimsótti 14 skóla og skoðaði hvernig þeir væru búnir upplýsingatækni og hlustaði á skólastjórana og þeirra þarfir. Ég fékk síðan að koma á skólastjórafund þar sem ég náði að átta mig betur á umfanginu. Verkefnið í skólunum er þrjúþætt; auka búnað til kennslu, kortleggja hvernig upplýsingatækni er nýtt og efla einstaklinga innan skólanna og veita ákveðnu fólki betri aðgang að starfsfólki UTR.

Það þurfti að efla netkerfið í skólunum og til þess þurfti að mæla húsin út en það hafði ekki verið gert. Þá var mikilvægt að byrja strax að skipuleggja að allar nýjar byggingar hefðu staðlaðan búnað, tengla á réttum stöðum, fjarfundabúnað og rétta uppsetningu á tölvum.

Við þurftum að vinna eftir ákveðinni forgangsröðun sem neyðarstjórn Reykjavíkurborgar setti okkur. Þar voru fjármála og áhættustýringarsvið og velferðarsvið sett í forgang með þjónustu, þar sem vinnsla launagreiðslna og reikningshald mátti ekki stöðvast. Þá var velferðarsvið með tugi starfsstaða þar sem rekin var sólarhringsstarfsemi fyrir viðkvæma hópa sem varð að halda gangandi. Við gerðum samninga við nokkra birgja um aukna þjónustu og gerðum ráðstafanir með grímur og hanska til að starfsfólkið gæti unnið í návígi á þessum starfsstöðum.

Þá þurfti að huga að starfsfólkinu okkar. Það vann heima á vöktum. Við innleiddum fjarvinnustöðvar heima.

Við sáum einnig fram á að það yrði skortur á alls konar búnaði vegna rofs á aðfangakeðjum. Um þetta var mikið rætt í upplýsingatæknigeiranum. Þannig að við ákváðum að fara í stórt útboð á búnaði til þess að lenda ekki í skortstöðu.

Þá innleiddum við nýjar lausnir fyrir velferðarsvið, MEMAXI hugbúnaðarlausn fyrir rafrænar heimsóknir. Við vorum eina sveitarfélagið sem innleiddi þessa lausn á þessum tíma. Við keyptum spjaldtölvur og annan búnað fyrir þessa lausn og það tókst að innleiða hana á met tíma. Þá settum við annað kerfi upp fyrir barnavernd sem er útvíkkuð útgáfa af Kara Connect.

Eitt sem var gert sem var mikilvægt var að við opnuðum fjaraðgang að Sögu sjúkraskrá fyrir heimahjúkrunina sem var mikilvægt til að þau gætu unnið að heiman og í gegnum símann. Þetta var gert í samvinnu við heilsugæsluna og tókst mjög vel.

Við vorum síðan svo lánsöm að Webex fjarfundakerfið hafði þegar verið innleitt. Við innleiddum síðan Teams kerfið. Margir voru farnir að nota Zoom fjarfundakerfið en við uppgötvuðum öryggisbrest í því og mæltum því gegn notkun þess.

Við innleiddum síðan G Suite frá Google í þá skóla sem vildu taka það kerfi upp en það nýttist mjög vel til fjarkennslu í faraldrinum.

Það skipti miklu máli fyrir það hvernig okkur tókst að eiga við þetta ástand að við lögðum áherslu á að kaupa inn viðbótarbúnað, skjái, heyrnartól og fleira. Á þessum tíma var ekkert verið þexa um peninga heldur var bara það keypt sem þurfti til að komast í gegnum þetta.

Við bættum einnig við samninga við birgjana okkur um þjónustu og tvöfölduðum starfsmannafjölda sem sinnti starfseminni. Þá voru auðvitað þrif aukin á öllum starfseiningum hjá okkur af rekstrarþjónustunni sem skipti miklu máli upp á öryggið.

Í heildina finnst mér starfsfólk borgarinnar eiga hrós skilið fyrir það hvernig við fórum í gegnum faraldurinn.

Pökk sé Græna planinu þá erum við núna búin að uppfæra alla netþjónana okkar. Við höfum verið að vinna að samræmdri nemendaskráningu, fyrsta útgáfan er komin fyrir grunnskólana og við erum að vinna að slíku kerfi fyrir leikskólana. Þetta mun einfalda alla skráningu.

Við notum enn fjarfundi að eins miklu leyti og það er hægt. Það fækkar ferðum á milli. Það má enn vinna að því að bæta fundamenningu Reykjavíkurborgar á þann veg að hafa fundina markvissari og stytta fundartímann,” segir Friðþjófur Bergmann um fjölmargar aðgerðir upplýsingatækniþjónustunnar í faraldrinum.

13.9 Þjónustuver borgarinnar opið allan covid-tímann

Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustuhönnunar á þjónustu- og nýsköpunarsviði. Viðtal tekið 25. ágúst 2022 á Höfðatorgi.

Í þjónustuveri Reykjavíkurborgar vinna um 18 manns sem sinna símsvörun, afgreiða fólk í þjónustuverum á Höfðatorgi og Ráðhúsi og svara fyrirspurnum og afgreiða ábendingar sem berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar.

II

„Það var mjög heppilegt að við vorum í stakk búin frá degi eitt til að takast á við þetta ástand. Það hefði ekki verið mögulegt nema vegna þess að við gátum sent starfsfólk þjónustuversins heim til að vinna þar.



Við bjuggum einnig að því að starfsfólkið róteraði allt á milli fjögurra mismunandi staða sem þjónustuverið vinnur á; gestamóttöku á Höfðatorgi og Ráðhúsi, símaveri og afgreiðslu á bás á Höfðatorgi.

Þar af leiðandi var allt starfsfólk okkar þegar með eigin fartölvur. Til að bæta ofan á það til að koma upp betri aðstöðu fyrir fólk heima var leitað í dyrum og dyngjum að búnaði hér, gömlum skjám og öðru sem upp á vantaði. Aðstæður fólks til að vinna heima voru auðvitað mismunandi en mörgum líkaði það prýðilega.

Sem betur fer voru kerfin okkar komin í ský og því þurfti aðeins að koma upp VPN tengingum svo fólk gæti unnið heima.

Heimsóknum í þjónustuverið fækkaði talsvert í þessu ástandi og við náðum að hafa þjónustuver borgarinnar á Höfðatorgi opið allan tímann, utan einn eftirmiðdag á föstudegi fyrir verslunarmannahelgina 2020 þegar upp kom smit í húsinu og sóttþreinsa þurfti húsnæðið og senda starfsfólk í smitgát.

Ráðhúsinu var síðan lokað nema fyrir starfsfólki á ákveðnum tímabilum 2020. Að öðru leyti náðum við halda úti fullri þjónustu í gegnum allan faraldurinn.

Afgreiðsla þjónustuversins á Höfðatorgi snýst 60-80% um að afgreiða teikningar og veita aðra þjónustu fyrir embætti byggingarfulltrúa. Til þess að halda þeirri þjónustu gangandi urðum við að finna nýja lausn. Við settum í loftið frekar einfalda rafræna lausn sem er reyndar einnig mjög umhverfisvæn því hún sparar fólki ferðir hingað. Fólk sendi inn pöntun um að fá afrit af tilteknum teikningum á reykjavik.is, við gáfum okkur 48 tíma til að afgreiða pöntunina en afgreiðslan felst í því að sækja teikninguna í safnið, skanna hana og senda hana síðan rafrænt með WeTransfer. Þessi lausn er enn notuð mikið í dag en nú er hins vegar hafin stór umbreyting í þessu verkefni því allsherjar skönnun er hafin á teikningasafni byggingarfulltrúa.

Þegar við lokuðum þjónustuverinu vegna umgengnistakmarkana í Ráðhúsi þurftum við hins vegar að finna leiðir til að miðla pósti innanhúss en það var gert þannig að starfsfólk Ráðhúss þurfti sjálft að fylgjast með og nálgast hann í pósthólfi í ákveðnu herbergi. Í því samhengi voru alls konar mikilvægar keðjur sem máttu ekki rofna til að þjónustan stöðvaðist ekki, t.a.m. póstsendingar á milli barnaverndar og borgarlögmanns.“

Var starfsfólkið ekkert ósátt við að þurfa að standa í framlínupjónustu á meðan faraldurinn geisaði?

„Sumir áttu erfiðara með það og við höfðum fullan skilning á þeim sjónarmiðum. Upp komu vissulega raddir um af hverju við lokuðum ekki bara alveg fyrir gestkomandi í húsin í hverri bylgju. Við reyndum að sýna því skilning ef fólk vildi bara vera heima. Það komu ekki upp mörg atvik þar sem við þurftum að láta fólk gera eitthvað sem það vildi ekki eða leið illa með. Flest voru mjög hugrökk og tilbúin að taka þátt í þessu ævintýri sem COVID-19 var í aðra röndina.

Þetta var hins vegar bara þannig að skilaboðin frá neyðarstjórn Reykjavíkurborgar voru að við mættum ekki loka. Reykjavíkurborg varð að tryggja lögbundna grunnþjónustu. Það var áhugavert að vinna með þann fasta og þurfa að finna út úr því hvernig það væri hægt.

Það var hins vegar smá áskorun að fá fólk aftur inn eftir faraldurinn. Sum vildu bara vera áfram heima í notalegheitum. En það er mikilvægt að koma aftur og tengjast hópnum. Við erum hins vegar enn að vinna með ákveðinn sveigjanleika varðandi það að fólk geti unnið heima. Það er eitt af því jákvæða sem við tókum út úr þessari krísu.

Í svona óvissuástandi er mikilvægt að hafa eitthvert haldreipi og tilgang. Það að vera í vinnu gaf starfsfólkinu tilgang á þessum ofsalegu skrítnu tímum.

Ég þakka hins vegar fyrir að við vorum komin vel á veg með að innleiða rafrænar lausnir í fjarfundakerfunum. Við vorum vel búin tæknilega undir þennan faraldur og nú erum við enn betur í stakk búin með samskiptalausnir þjónustuversins. Tölfræðin sýndi að samtöl í síma héldust nokkuð stöðug og fjölgaði ef eitthvað er. Hins vegar fækkaði auðvitað heimsóknum, því við hvöttum fólk stöðugt til að nýta sér aðra samskiptamáta en að koma á staðinn ef mögulegt væri. Heimsóknum í þjónustuverið hefur fækkað enda erum við stöðugt að bæta okkur í því að veita starfræna þjónustu í gegnum fjölbreyttar gáttir þannig að fólk getur afgreitt margt þar sjálft og fengið upplýsingar.“

Fjölgaði reiðisamtölum?

„Starfsfólkið kvartaði ekki svo mikið yfir því. Fólk leitar hingað í þjónustuverið eftir alls konar þjónustu og kemur í alls konar ástandi og þjónustufulltrúarnir okkar eru því von ýmsu og fagfólk fram í fingurgóma þegar kemur að því að takast á við erfið samskipti. En það var vissulega stundum áskorun að fá alla til að virða tveggja metra regluna svo dæmi sé tekið.“

13.10 „Fólk heldur að borgin sjái um allt“

Bára Snæfeld starfsmaður í þjónustuveri Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi og í Ráðhúsi. Viðtal tekið í Ráðhúsi Reykjavíkur 17.11.2021.



Þjónustuver Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi var opið allan faraldurinn en það sinnir móttöku gesta, símsvörun, svörun fyrirspurna og afgreiðslu ýmissa erinda m.a. á byggingarteikningum fyrir byggingarfulltrúa. Bárá Snæfeld, starfsmaður í þjónustuverinu, segir að mikil óvissa hafi ríkt hjá starfsfólkinu í þjónustuverinu í upphafi faraldursins.

II

„Út frá fréttum hafði maður ekki hugmynd um hvernig þetta myndi þróast,“ segir hún.

„En það sem stendur nú eiginlega upp úr er að þjónustuveri Reykjavíkurborgar var aldrei lokað á meðan mjög mörg þjónustufyrirtæki eins og bankar, Vinnumálastofnun og aðrir opinberir aðilar skelltu í lás hjá sér og sendu alla heim.“

Eina undantekningin á þessu var einn dagur þegar upp kom smit á einu fagsviði í Borgartúni. Það hitti svo vel á þetta kom upp á föstudegi og þá var lokað þann daginn og allt sóttthreinsað um helgina. Svo var bara opnað aftur á mánudegi. Það var í raun eina rofið sem varð á þjónustunni.

Það var undirbúið strax að koma okkur heim, þ.e. þeim sem gátu unnið heima. Komið var upp VPN tengingum svo fólk gæti unnið að heiman og svarað í símann þar. Þess var gætt að hafa alltaf um helming hópsins í þjónustuverinu heima svo allir smituðust ekki á sama tíma. Við erum heppin því það hefur ekki komið upp smit innan hópsins en um 16 stöðugildi eru hjá þjónustuverinu. Ég var einna styst heima eða í um tvo mánuði

Móttakan í Ráðhúsinu lokaði um tíma en var opnuð við fyrsta tækifæri. Við héldum hins vegar móttökunni á Höfðatorgi opinni. Það var auðvitað rólegra í afgreiðslunni en á venjulegum tíma þegar það versta gekk yfir. Þá var einnig frekar rólegt yfir starfsemi borgarinnar á Höfðatorgi því flestir á sviðunum fóru að vinna heima á meðan samkomutakmarkanir voru sem strangastar. Eina undantekningin var Barnavernd Reykjavíkur sem nýtti aðstöðu í fundarherbergi niðri í þjónustuverinu til að taka á móti fólki. Þá er einnig eftirminnilegt að allir fundir í húsinu sem eru venjulega mjög margir á hverjum degi duttu alveg niður um tíma,“ segir Bára.

Fólk var minna á ferðinni en venjulega en einnig voru send út skilaboð frá þjónustuverinu um að fólk ætti að reyna að sinna erindum sínum símléiðis eða í gegnum netið.

„Við buðum fólki upp á að skanna eldri sérteikningar af byggingum fyrir byggingarfulltrúar og senda rafrænt til að lágmarka smitleiðir.“

Varðandi símtöl til þjónustuversins segir Bára að í fyrstu bylgjunni hafi mjög margir hringt sem vissu ekki hvert þeir áttu að snúa sér varðandi upplýsingar.

„Velferðarsvið var í því að leysa mál fyrir fólk sem var hreinlega fast hér á landi. Þetta var líka fólk sem var að missa vinnuna og vissi ekki hvert það gæti snúið sér varðandi bætur eða aðstoð. Við fengum fljótt leiðbeiningar um hvernig við gætum svarað þessu fólki og hvert það gæti leitað sér aðstoðar. Þannig að við vorum talsvert í því að leiðbeina útlendingum varðandi þessi mál.

Í þjónustuverinu sjálfu var auðvitað grímuskylda og tveggja metra regla. Fólk virti þessar reglur almennt þó að stundum þyrfti að minna á grímuna. Það var helst að fólk vildi halla sér á borðið hjá manni í stað þess að halda fjarlægðarmörk,“ segir hún og brosir.

Að sögn hennar var reynt að lágmarka allar póstsendingar og starfsfólk var með hanska þegar póstur var opnaður. Þá voru þrif aukin og allt sóttthreinsað og þrifið með reglulegu millibili. Reynt var að hafa þann háttinn á að sama fólkið kom af skrifstofunum á hæðunum fyrir ofan til að ná í póst eða að sinna erindum.

„Það komu auðvitað upp spurningar hjá starfsfólkinu um hvort við værum nógu örugg. Það var heldur ekki þægilegt að vinna með grímu allan daginn. Maður þurfti að skipta um grímu svona þrisvar yfir daginn því þær stíflast af raka eftir smá tíma og þá verður mjög óþægilegt að hafa þær og þungt að anda í gegn. Ég sprittaði mig oft þarna í byrjun sem fór ekkert allt of vel með hendurnar því húðin verður svo þurr af sprittinu en ég var talsvert í því að taka á móti pappírurum.

En mér er eiginlega minnisstæðast óöryggi fólks í byrjun faraldursins sem vissi ekki hvert það gæti snúið sér og þar kom borgin sterk inn í svörun. Þetta fólk var oft í talsverðu uppnámi og það var gott að geta beint því réttar leiðir. Svo er einnig minnisstætt að þegar bólusetningarnar hófust var mikið hringt í þjónustuverið því fólk heldur að borgin sjái um allt.“

14. Mannauðs- og starfsumhverfissvið (MOS)

Heimsfaraldur COVID-19 hafði mikil áhrif á starfsemi mannauðs- og starfsumhverfissviðs í kjölfar þess að íslensk yfirvöld gripu til aðgerða og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjaði aðgerðaráætlun. Til að mæta því fordæmalaus ástandi sem skapaðist og til að tryggja mönnun, verkefni og þjónustu sviðsins voru gerðar tímabundnar breytingar á starfsemi og hún aðlöguð að breyttum aðstæðum, áherslum og starfsumhverfi.

Starfsfólki sviðsins var skipt upp í tvo hópa sem skiptust á að vera í fjar- og staðvinnu þannig að ekki væri samgangur á milli alls starfsfólks á hverjum tíma. Fundarhöld og samskipti starfsfólks mannauðs og starfsumhverfissviðs við annað starfsfólk Reykjavíkurborgar, sem og út á við, fóru á tímabilum nánast eingöngu fram í gegnum fjarfundabúnað og ferðatími milli staðfunda. Þetta skapaði rými fyrir aukin afköst sem ekki var vanþörf á vegna þess gríðarlega fjölda álitafna sem komu upp tengd starfsumhverfi og starfsmannamálum á tímanum og leysa þurfti tafarlaust úr.

COVID-19 hafði mikil áhrif á allt starfsfólk og starfsstaði Reykjavíkurborgar og þar af leiðandi var mikil þörf fyrir öflugna mannauðsþjónustu og ráðgjöf. Í kjölfar allra sóttvarnareglna var hegðunarmynstri einstaklinga breytt, vinnuumhverfi starfsstaða Reykjavíkurborgar hólfaskipt, fært í stafrænar lausnir og tímabundnar lokanir voru á ákveðnum starfsstöðum. Starfssemi sviðsins breyttist því í skjótt viðbragð og ráðgjöf við breyttum aðstæðum í starfsumhverfi alls starfsfólks borgarinnar og að bregðast við því sem upp kom á hverjum tíma. Mannauðs- og starfsumhverfissvið spilaði stórt hlutverk í að leiðbeina þar sem tryggja þurfti öryggi starfsfólks og rekstur skipulagsheilda. Helstu áskoranir sem starfsfólk stóð frammi fyrir voru tengdar heilsu og öryggi, samskiptum, líðan starfsfólks, stefnubreytingum og nýjum verklagsreglum. Mikil áhersla var lögð á að gefa út leiðbeiningar til að mæta breyttu umhverfi og eiga samráð við aðra opinbera aðila s.s. ríkið og samband íslenskra sveitarfélaga um réttindi starfsfólks á opinberum markaði í fordæmalausum aðstæðum og hvernig væri farsælt að leysa úr áskorunum. Megin áherslan var á veita mikla og samræmda ráðgjöf um réttindi og heimildir okkar vegna áskoranna sem við höfðum ekki staðið frammi fyrir áður. Leiðbeiningar voru jafnframt þýddar á 10 önnur tungumál til að tryggja að þær næðu til alls starfsfólks.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið fer meðal annars með fyrirvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart stéttarfélögum. Í því felst fyrirvar í kjarasamningsgerð og var skrifstofu kjaramála ásamt samninganefnd Reykjavíkurborgar skipt í tvo hópa sem mönnuðu viðræður og samningafundi í sitthvoru lagi til að tryggja að ekki væri samgangur á milli starfsfólks hverju sinni. Fóru samningaviðræður að mestu leyti fram í gegnum fjarfundarabúnað eftir marsmánuð 2020 en með fáeinum undantekningum með afar

fámennum hópi í húsi ríkissáttasemjara. Þá voru þó nokkrir kjarasamningar undirritaðir rafrænt í fyrsta sinn og kynningar þeirra að öllu leyti fluttar í fjarfundafyrirkomulag.

Eitt af stóru verkefnum í upphafi faraldurs var að koma að undirbúningi bakvarðarsveitar í velferðarþjónustu og bakvarðahóp starfsfólks Reykjavíkurborgar sem átti að tryggja að þjónusta sem ekki mátti falla niður héldist órofin. Mannauðs- og starfsumhverfissvið sinnti umsjólu við stjórnendur og starfsfólk. Það fólst bæði í að ráða inn starfsfólk og færa til starfsfólk innan Reykjavíkurborgar. Starfsfólk sviðsins tók ráðningarviðtöl í gegnum fjarfundarbúnað sem hafði ekki verið gert áður og miðlaði starfsfólki á starfsstaði borgarinnar.

Staða á vinnumarkaði gjörbreyttist í marsmánuði 2020 og atvinnuleysi jókst hratt á sama tíma og fyrsta bylgja COVID-19 reið yfir. Í kjölfar fyrsta faraldurs þá fékk mannauðs- og starfsumhverfissvið það verkefni að undirbúa og halda utan um vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar og ráðningar í þau störf sem sköpuð voru. Það viðamikla verkefni hélst alveg til loka faraldursins og reyndist mjög vel.

Ljóst er að COVID-19 faraldurinn hafði víðtæk áhrif á starfsemi mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Að vissu leyti hratt faraldurinn af stað umbreytingu í fyrirkomulagi funda í gegnum fjarfundarbúnað sem að nokkru marki hafa haldist óbreytt þrátt fyrir afléttingu allra samkomutakmarkana.

14.1 „Starfsumhverfi stjórnenda varð talsvert flóknara í faraldrinum“

Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Viðtal tekið 7. desember 2021 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

„Stóra verkefnið okkar var að gefa út skýrar leiðbeiningar í breyttu umhverfi og ganga í takti með opinberum aðilum eins og ríkinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Við styrktum samvinnu okkar við ríkið þar sem samráð var á milli okkar um hvað ætti að gera og hvernig væri farsælt að leysa úr áskorunum. Við vorum talsvert í því að taka ákvarðanir umfram ákvæði kjarasamninga sem voru starfsfólki í hag og því mikilvægt að opinberir aðilar væru sammála um þá framkvæmd,“ segir Lóa Birna.



Faraldurinn gerði starfsumhverfi stjórnenda töluvert mikið flóknara en í venjulegu ári og gerði þeim erfitt fyrir.

„Í fyrstu bylgjunni átti ég í daglegum samtölum við Raket Guðmundsdóttur vinnuréttarlögfræðing um réttindi og heimildir okkar vegna áskoranna sem við höfðum ekki staðið frammi fyrir áður. Einnig voru mikil og dagleg samskipti og ráðgjöf við mannauðsstjóra sviðanna.

Neyðarstjórnin fundaði þá daglega og ég fundaði vikulega með mannauðsstjórum sviðanna. Það er eitt af því jákvæða sem kom út úr faraldrinum að það hefur haldist. Þetta var mjög gott fyrir okkur sem nýstofnað kjarnasvið. Þau fundu strax að við brugðumst alltaf hratt við og leituðu því til okkar um samráð og þegar þurfti að taka mikilvægar ákvarðanir. Hópurinn þéttist og þörfin fyrir að ganga í takt var mjög sýnileg. Núna er þetta þannig að allir taka þátt í samráði og samtali um hlutina. Allir fá að koma að ákvörðunum. Þetta getur verið tímafrekt en virkar mjög vel og skapar traust á milli fólks og sviða.“

Lóa Birna segir að þetta samráð sé mikilvægur liður í því að skapa tilfinninguna að Reykjavík sé einn vinnustaður.

„Við fórum síðan fljótlega í að þýða leiðbeiningar yfir á önnur tungumál og það endaði með því að Irena fann starfsfólk innan borgarinnar sem þýddi upplýsingar á tíu tungumál. Sumir fengu svigrúm í vinnutíma sínum til að þýða, aðrir gerðu það með sinni vinnu. Þetta fólk var líka stolt af því að geta komið mikilvægum upplýsingum á framfæri á sínu tungumáli.

Hvert nýtt minnisblað sóttvarnarlæknis kallaði á aðgerðir af hálfu borgarinnar og við því þurfti að bregðast og koma upplýsingunum á framfæri. Þetta gekk í raun ótrúlega vel og margir sem lögðu hönd á plóginn.

Eina málið sem einhver styr hefur staðið um varðar sóttkví og orlof sem gæti endað fyrir dómi. Það er mjög flókið mál en stéttarfélögin vilja meina að ef fólk lendi í sóttkví í orlofi eigi orlofsrétturinn að lengjast um það sem nemur sóttkvínni en því erum við ekki sammála. Reyndar hafa okkar viðbrögð í faraldrinum verið meira ívilnandi fyrir starfsfólkið en kveður á um í samningum.

Við settum upp verkfærakistu fyrir stjórnendur, leiðbeiningar um fjarvinnu og fleiri verkfærakistur fyrir starfsfólk. Þetta var mikið notað á innri vefnum.

Þá komum við loksins á verkefni sem okkur hefur verið hugleikið lengi sem eru lásskjáirnir okkar. Við útbjuggum skilaboðin í samráði við Huldu Gunnarsdóttur hjá upplýsingadeild og þetta hefur mælst vel fyrir. Við viljum hafa skilaboðin jákvæð og að þau snerti allt starfsfólkið okkar. Við ákveðum hvað lendir þarna og viljum ógjarnan hafa þetta sértækt, eins og skilaboð sem eiga aðeins við um eitt svið.“

Var það borginni til happs að búið var að stofna þetta sérsvið utan um mannauðsmálin í stað þess að hafa bara mannauðsdeild þegar faraldurinn kom upp?

„Það er alveg á hreinu. Ég hefði líklega ekki setið í neyðarstjórn borgarinnar ef ég hefði ekki verið sviðsstjóri. Það var mjög mikilvægt að hafa skýrt umboð til að gefa út leiðbeiningar til starfsfólks og stjórnenda.

Við komum einnig á mælaborði yfir einangrun og sóttkví starfsfólks borgarinnar í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið PON.

Þá réðumst við í mikla greiningu á því að meta stöðuna og gera álagsmat á starfsemi ef allt færi á versta veg og færa þyrfti fólk í starfi. Í fyrstu bylgjunni reyndi einnig á bakvarðasveitina og bakverðina.

Um vorið 2020 fór mikil orka á sviðinu í vinnumarkaðsaðgerðir varðandi ráðningu sumarstarfsmanna og ráðningu starfsmanna af atvinnuleysisrá. Í byrjun árs 2021 fórum við síðan í vinnu og virknimiðlun og gengum í að finna störf fyrir þá sem verið hafa á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg.

Þegar ströngustu samkomutakmarkanir voru við lýði skiptum við starfsemi sviðsins í tvennt og fólk vann til skiptis í Ráðhúsinu og heima. Sumir fóru alfarið heim. Þetta var býsna töff tímabil að ganga í gegnum og mikil vinna sem fylgdi því frá morgni og langt fram á kvöld.

Ég verð líka að minnast á að það var svolítið sérstakt að standa í samningaviðræðum við Sameyki og BHM félögin í gegnum fjarfundabúnað.

Ég held reyndar að það sem við tókum jákvætt með okkur út úr þessu ástandi sé að fjarvinna sé komin til að vera og fjarfundir einnig.

Þá má heldur ekki gleyma því að flestir starfsstaðir Reykjavíkurborgar hafa farið í að innleiða stærstu vinnutímabreytingar sem ráðist hefur verið í í áratugi 1. janúar sl. en þar á ég við styttingu vinnuvikunnar. Þetta var gríðarflókið verkefni t.d. á leikskólunum sem hafa verið undir miklu álagi allan faraldstímann. Þetta hefur samt gengið ótrúlega vel, líka hjá vaktavinnufólkinu þótt þar hafi komið upp hnökrar enda er það flóknara umhverfi,“ segir Lóa Birna Birgisdóttir.

14.2 „Fólk vann við þýðingar á kvöldin og um helgar.“

Irina S. Ogurtsova, mannauðsráðgjafi. Viðtal tekið í Ráðhúsi Reykjavíkur 7. júní 2022.



Irina S. Ogurtsova mannauðsráðsgjafi hefur unnið í fjögur ár hjá borginni. Fyrst hjá mannauðsdeild velferðarsviðs en færðist síðan yfir á hið nýja mannauðs- og starfsumhverfissvið. Irina hefur starfað að fræðslu fyrir innflytjendur á báðum stöðum. Hún tók að sér verkefnastjórn þýðinga fyrir innri vef á tíma heimsfaraldurs kórónuveiru.

Irina segir að það hafi alltaf verið markmiðið að þýða sem mest af upplýsingaefni á önnur tungumál og í það minnsta á ensku en fjármagn hafi verið af skornum skammti. Þau hafi þó gert það sem í þeirra valdi stóð til að þýða efni enda sé

það eina leiðin til að fá fólk af erlendum uppruna í virkni.

„Síðan kom COVID-19 og þá urðum við að gera þetta. Við byrjuð strax í mars 2020 og ég leitaði þá til fólks sem ég kannaðist við og hafði samband við stjórnendur þeirra. Markmiðið var að fólk gæti unnið að þýðingum á vinnutíma. Allir tóku vel í það og leyfið var auðfengið. Oft dugði það hins vegar ekki til og fólk vann bæði á kvöldin og um helgar til að koma efni frá sér. Fólk var tilbúið að leggja miklu meira á sig vegna þess að því fannst það vera að gera mikið gagn.“

Við Hólmfríður sáum um þetta. Hún hjálpaði mér með verkefnastjórnunina og tölvumálin enda er hún algjör snillingur þar. Við þýddum allar aðal upplýsingarnar til að setja inn á vefinn. Svo þegar líða tók á faraldurinn voru komnar svo góðar þýðingar á [covid.is](https://www.covid.is) að okkur þótti ekki taka því að uppfæra allt.

Aðspurð að því hvort upplýsingarnar sem voru þýddar hafi ratað til starfsmanna af erlendum uppruna segir Irina að hún viti það hreinlega ekki.

„Ég átti í svo litlum samskiptum við fólk á þessum tíma líkt og aðrir. En ég held að þetta hafi verið til fyrirmyndar hjá okkur. Hins vegar eru mjög margir í hópi erlendra starfsmanna sem eru ekki að vinna við tölvur. Ég held að við þurfum að reyna að koma þessum hópi inn á Workplace.“

Hefði verið hægt að gera betur?

„Við höfum oft þælt í því hvort við ættum að þýða allar tilkynningar sem við setjum út en það hefur ekki verið hægt.“

Upplýsingar fara í gegnum stjórnendur með tölvupóstum. Við vitum að það virkar mjög vel að gera auglýsingar með upplýsingum sem hægt er að prenta út og hengja upp á vegg á starfsstöðum, jafnvel á nokkrum tungumálum.

Við höfum ekki fengið meira fjármagn til þýðinga eftir COVID-19. Hins vegar höfum við fengið fjármagn frá sjóðum stéttarfélaganna. Torgið stafrænt fræðslusetur hefur fengið styrki til að þýða fræðsluefni á pólsku og ensku. Við munum texta myndbönd þar en líklega væri betra ef við gætum hljóðsett efnið. Við þurfum alltaf að hugsa um þá sem er verst settir og sumir eru í þeirri aðstöðu að vera ekki vel læsir. Þá er betra að koma upplýsingum á framfæri í gegnum talað orð.

Á Torginu mun öll fræðsla fara í gegnum Eloomi sem er danskt kerfi sem mörg fyrirtæki nota. Við verðum því miður að fara millileið í þessu sem er ekki gott því við erum að setja fordæmi fyrir aðra.

Irina telur að það sé rétt ályktað að stjórnvöld hafi ekki náð til fjölmargra innflytjenda með skilaboðum um kosti bólusetningar við COVID-19.

„Þetta er ekki flókið. Fólk fylgist ekki með íslenskum fréttum fyrr en það er búið að læra íslensku og þar eru mikilvægustu skilaboðin. Fólk leitaði því að upplýsingum frá heimalöndum sínum þar sem var jafnvel talsverð mikil andstaða við bólusetningar.“

Fannst þér nóg að gert?

„Mér fannst við gera mikið, bæði á ytri vef og innri vefnum og á Workplace meðan á faraldrinum stóð. Ég hef í það minnsta ekki heyrt gagnrýni á það sem við gerðum.“

15. Fjármála- og áhættustýringasvið (FAS)

Strax í upphafi heimsfaraldursins kom neyðarstjórn Reykjavíkurborgar því skýrt á framfæri að allur kostnaður sem félli til vegna COVID-19 skyldi vera rækilega merktur á fagsviðunum og var þeim skilaboðum komið á framfæri við stjórnendur allra starfsstaða. Mikið tekjutap varð vegna faraldursins á nánast öllum sviðum; söfn voru lokuð mikið fyrsta árið, sundlaugar einnig ásamt ylströnd, matarþjónusta í félagsmiðstöðvum lagðist af, matarþjónusta í grunnskólum var skert, leikskólagjöld lækkuðu vegna skerðinga á þjónustunni og framlengja þurfti aðgangskort t.d. að sundlaugum eins og rakið er í köflum um þessi svið. Tekjur Bílastæðasjóðs nánast þurrkuðust upp í fyrstu bylgjunni 2020. Þá varð borgin fyrir tekjutapi vegna hækkandi atvinnuleysis sem leiddi til þess að minna útsvar skilaði sér í borgarsjóð. Einnig sóttu fleiri um fjárhagsaðstoð hjá velferðarsviði.

Mikill kostnaður varð einnig vegna aukinnar þörf á mönnun vegna hólfaskiptingar í skólum og víðar, og yfirvinnu starfsmanna þegar smit komu upp á starfsstöðum velferðarsviðs og glíma þurfti við mikinn mönnunarvanda.

15.1 Ellefu milljarða króna högg

Kostnaður vegna COVID-19 var tekinn saman af fjármála og áhættustýringarsviði FAS, fyrir árin þrjú og byggði að einhverju leyti á áætlun fagsviða Reykjavíkurborgar á því hver kostnaður vegna COVID-19 hefði verið. Kostnaður vegna faraldursins nam tæpum 7,2 milljörðum króna covid-árin 2020 - 2021 og rúmlega einum milljarði króna árið 2022 en fjöldi smita olli miklum mönnunarvanda fyrstu þrjá mánuði þess árs.

FAS áætlaði einnig áhrif faraldursins á útsvarstekjur miðað við fimm ára fjárhagsáætlun og segir áhrifin vera 2,5 - 3,0 milljarða króna minna útsvar árin 2020 -2021. Útsvarstekjur Reykjavíkurborgar hækkuðu engu að síður bæði árin samkvæmt uppgjörum fyrir þessi tvö ár en hefðu verið meiri sem nemur áætlun FAS hefði faraldurinn ekki skolið á. Reykjavíkurborg varð því fyrir rúmlega 11 milljarða króna höggi vegna faraldursins samkvæmt gögnum FAS.

Hér á eftir er farið yfir helstu kostnaðartölur vegna faraldursins á sviðum borginnar og eru tölur námundaðar en nákvæmar er farið í þetta í töflum frá FAS sem birtar eru hér að neðan.⁶⁹⁶

15.2 Skóla- og frístundasvið

Á þessu útgjaldamesta fagsviði borgarinnar voru langhæstu útgjöldin vegna hólfaskiptingar í skólunum sem krafðist aukinnar mönnunar hjá sviðinu. Kostnaður við hana var 540 m.kr. árið 2020 og 944 m.kr. árið 2021.

Minni umsvif í rekstri kostuðu sviðið 519 m.kr. árið 2020 en til kostnaðarlækkunar komu 108 m.kr. það ár. Í grunnskólum var ekki mótuneytisþjónusta og því ekki innheimt fæðisgjald af nemendum. Ekki var heldur full þjónusta í leikskólunum og því lækkuðu innheimt gjöld þar og einnig í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum barna.

Minni umsvif árið 2021 ollu einnig tekjutapi en einungis upp á 114 m.kr. en þá var ástandið orðið stöðugra þótt faraldurinn væri einnig mallandi allt það ár og með miklu offorsi síðustu mánuðina og fyrstu mánuði ársins 2022.

Prif og sótthreinsun voru stór liður í rekstri SFS á covid-tímanum enda þurfti að sótthreinsa og þrifa fjölmargar stórar skólabyggingar stöðugt allan farsóttartímann, alls 364 m.kr. 2020 – 2022.

Þá nam sérmerktur kostnaður vegna COVID-19 474 m.kr. 2020 – 2021.

Alls var kostnaður vegna COVID-19 á skóla- og frístundasviði 2,9 milljarðar króna á árunum 2020 – 2022.

15.3 Velferðarsvið

Hærri launakostnaður var langhæsti liðurinn hjá velferðarsviði vegna mönnunar starfsstaða í faraldrinum. Umfram launakostnaður sem rekja mátti til COVID-19 var 307 m.kr. árið 2020 og 129 m.kr. 2021. Sérmerktur kostnaður vegna faraldursins var 115 m.kr. árið 2020 og 92 m.kr. árið 2021. Minni umsvif í rekstri kostuðu sviðið 79 m.kr. og 54 m.kr.

Á árinu 2022 kom til mikill kostnaður vegna veikinda og aukavakta upp á 200 m.kr. Þá kom einnig 218 m.kr. kostnaður vegna viðspyrnu við COVID-19.

⁶⁹⁶ Halldóra Káradóttir: Áhrif Covid-19 á rekstur sviða Reykjavíkurborgar á árunum 2020-2021, minnisblað til borgarráðs, 27.3.2022.

Alls var kostnaður vegna COVID-19 á velferðarsviði 1.5 milljarðar króna á árunum 2020-2022.

15.4 Umhverfis- og skipulagssvið

Kostnaður vegna tekjutaps og minni umsvifa var mikill hjá umhverfis- og skipulagssviði en hann er að mestu hægt að rekja til mikils tekjusamdráttar hjá Bílastæðasjóði. Tekjutap USK vegna minni umsvifa voru áætluð 409 m.kr. árið 2020 og 206 m.kr. 2021. Einnig var um að ræða samdrátt í leyfisveitingum hjá byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlitinu.

Tekjusamdrátturinn var áætlaður þannig að allir stærstu tekjupóstar sviðsins voru bornir saman við tekjur ársins 2019 af sömu póstum.⁶⁹⁷

2020	
Bílastæðasjóður	332 mkr.
Skipulagsfulltrúi	2 mkr.
Byggingarfulltrúi	35 mkr.
Heilbrigðiseftirlitið	32 mkr.
Rekstur og umhirða	8 mkr.
Samtals	409 mkr

2021	
Bílastæðasjóður	154 mkr.
Skipulagsfulltrúi	5 mkr.
Byggingarfulltrúi	40 mkr.
Rekstur og umhirða	7 mkr.
Samtals	206 mkr

15.4 Tekjutap umhverfis- og skipulagssviðs vegna heimsfaraldurs.

⁶⁹⁷ Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri USK, tölvupóstur 7. júní 2023.

Einnig bar USK kostnað vegna aukinna umsvifa Vinnuskólans, alls 327 m.kr. 2020-2021. og kostnað vegna verkefnisins Sumarborgin sem snerist um að fegra borgina alveg sérstaklega og auka mannlíf í miðborginni, alls 118 m.kr. 2020-2021.

Sérmerktur kostnaður vegna ýmissa aðgerða vegna COVID-19 var 179 m.kr. bæði árin en einkafyrirtækin Gámapjónustan og Terra lögðu sorphirðu borgarinnar lið þegar faraldurinn stóð sem hæst. Þá þurfti að leigja bíla og rútur til að fólk gæti sinni störfum sínum á verkþækistöðvum sviðsins.

Alls nam kostnaður umhverfis- og skipulagssviðs vegna faraldursins 1.3 milljörðum króna árin 2020-2022.

15.5 Íþrótt- og tómstundasvið og menningar- og íþróttasvið

Loka þurfti sundlaugum borgarinnar, Ylströnd í Nauthólsvík og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um langan tíma 2020 sem olli tekjutapi upp á 267 m.kr. það ár og 87 m.kr. 2021. Launakostnaður sviðsins lækkaði á móti um 103 m.kr.

Sérstök styrkveiting til íþróttafélaga í borginni var upp á 135 m.kr.

Alls var kostnaður ÍTR vegna COVID-19 383 m.kr. árin 2020-2021.

15.6 Menningar- og ferðamálasvið

Árið 2020 voru borgarsöfnin meira og minna lokuð vegna COVID-19 sem olli alls kyns vandræðum í rekstrinum. Tekjutap vegna minni umsvifa var 202 m.kr. árið 2020.

Sviðið styrkti sjálfstæðu leikhúsin í borginni um 52 m.kr. árið 2020, Hörpu um 128 m.kr. og veitti viðbótarstyrki til sjálfstæðra listamanna upp á 53 m.kr. Þá fékk Höfuðborgarstofa styrk upp á 51 m.kr. 2020 til að vinna að markaðsátaki innanlands og erlendis og 99 m.kr. árið 2021.

Alls nam kostnaður vegna COVID-19 hjá menningar- og ferðamálasviði 757 m.kr. árin 2020-2021.

15.7 Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Ráðast þurfti í margvíslegar aðgerðir í upplýsingatæknimálum til að starfsfólk gæti unnið heima, sótt fjarfundi og nýtt upplýsingatækni í skólum. Kostnaður þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna COVID-19 var 140 m.kr. árið 2020 og 47 m.kr. árið 2021.

Alls nam kostnaður vegna COVID-19 hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði 221 m.kr. á árunum 2020-2022.

15.8 Sameiginlegur kostnaður (ÖNN)

Árið 2020 var Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi veittur styrkur upp á 166 m.kr. vegna tekjutaps sem COVID-19 skapaði. Það ár var einnig lagt fjármagn í atvinnuáttak upp á 261 m.kr.

Árið 2021 var kostnaður vegna vinnu- og virknimiðlunar 239 m.kr. og að auki voru lagðar 127 m.kr. í sumarstörf fyrir 17 og 18 ára ungmenni.

Árið 2022 var kostnaður vegna atvinnuáttaks 162 m.kr.

Alls var kostnaður við ÖNN vegna COVID-19 840 m.kr. árin 2020-2022

15.9 Önnur svið og skrifstofur

Kostnaður annarra sviða fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs vegna COVID-19 var sáralítill en er rakinn í töflum FAS hér að neðan.⁶⁹⁸

15.10 Lék rekstur borgarinnar grátt

Þegar litið er til þess að fjárhæðir kostnaðar vegna COVID-19 eru margfalt hærri en samþykktir viðaukar borgarráðs sést vel hversu grátt faraldurinn lék reksturinn.

Árið 2020 var samanlagður kostnaður 3.985.280 m.kr. en samþykktir viðaukar borgarráðs voru 1.548.270 m.kr.

Árið 2021 var samanlagður kostnaður vegna 3.214.380 m.kr. en samþykktir viðaukar borgarráðs voru 1.091.462 m.kr.

Árið 2022 var samanlagður kostnaður 1.057.357 en samþykktir viðaukar borgarráðs voru 538.541 m.kr.⁶⁹⁹

⁶⁹⁸ Sama heimild.

⁶⁹⁹ Sama heimild

Aðgerðir 2020 (fjárhæðir í þús.kr.)	SFS	ÍTR	MOF	USK	VEL	FAS	MOS	ÞON	RHS	ÖNN	Heild.kostn.
Tekjutap - lokun/minni umsvif	518.963	267.100	202.000	409.865	79.197						1.477.125
Kostn.lækkun - laun		-103.000	-15.000								-118.000
Kostn.hækkun - laun					307.588						307.588
Kostn.lækkun - v. minni umsvifa	-108.000										-108.000
Kostn.hækkun - kostnaður v. Covid 19	286.135	8.011	8.442	98.781	115.271	1.371	399	140.135	895	24.939	684.378
Kostn. hækkun - eigin þríf	120.000										120.000
Kostn. hækkun - aukin mönnum vegna hólfunar í skólalastarfi ofl.	540.000										540.000
Viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku af völdum Covid-19	14.690										14.690
Kostn.hækkun - stuðningur við íþróttafélög		135.000									135.000
Viðburðir sem ekki voru haldnir v. Covid-19		-25.000									-25.000
Kostn.hækkun - stuðningur Leikfélag Reykjavíkur/Tjarnarbió-Sjálfstæðu leikhúsin			52.000								52.000
Kostn.hækkun - stuðningur Höfuðborgarstofa			51.272								51.272
Kostn.hækkun - Harpa			128.000							166.000	294.000
Ýmsir viðbótarstyrkir			53.559								53.559
Kostn.hækkun - vegna viðbragða Sumarborgin				60.830							60.830
Kostn.hækkun - vegna viðbragða Vinnuskólinn				160.407							160.407
Tímabundin tilslökun á krófum um fjárhagsaðstoð vegna Covid-19					25.000						25.000
Mötuneytiskostnaður								-734			-734
Kostn.hækkun - viðspyrna - atvinnuátak										261.165	261.165
Samtals	1.371.788	282.111	480.272	729.883	527.056	1.371	399	139.401	895	452.105	3.985.280
p.a. samþykktir viðaukar í borgarráði	299.700	135.600	159.458	222.907	345.529	0	0	123.910	0	261.165	1.548.270

Aðgerðir 2021 (fjárhæðir í þús.kr.)	SFS	ÍTR	MOF	USK	VEL	FAS	MOS	ÞON	RHS	ÖNN	Heild.kostn.
Tekjutap - lokun/minni umsvif	113.576	87.400		206.262	54.388						461.626
Kostn.hækkun - laun			7.500		129.280						136.780
Kostn.hækkun - kostnaður v. Covid-19	188.661	270	3.190	81.283	91.500	267	40.500	46.772	12		452.455
Kostn. hækkun - eigin þríf	120.000	7.767									127.767
Kostn. hækkun - aukin mönnum vegna hólfunar í skólalastarfi ofl.	944.000										944.000
Kostn.hækkun - stuðningur Leikfélag Reykjavíkur/Tjarnarbió-Sjálfstæðu leikhúsin			31.000								31.000
Kostn.hækkun - stuðningur Höfuðborgarstofa			98.948								98.948
Kostn.hækkun - Harpa			135.000								135.000
Ýmsir viðbótarstyrkir		5.000	921								5.921
Kostn.hækkun - vegna viðbragða Sumarborgin				57.911						21.838	79.749
Kostn.hækkun - vegna viðbragða Vinnuskólinn				166.712							166.712
Mötuneytiskostnaður								22.630			22.630
Fjlgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglínga					40.000						40.000
Barnavernd Reykjavíkur - aukning stöðugilda					116.000						116.000
Vinnu- og virkniaðgerðir í kjölfar Covid-19					30.000						268.510
Sumarstörf 17 og 18 ára (Covid-19)										127.282	127.282
Samtals	1.366.236	100.437	276.559	512.168	461.168	267	40.500	69.402	12	387.630	3.214.380
p.a. samþykktir viðaukar í borgarráði	0	5.000	265.649	192.911	153.000	0	40.500	46.772	0	387.630	1.091.462

Aðgerðir 2022 (fjárhæðir í þús.kr.)	SFS	MÍT	USKRK	USKES	VEL	FAS	MOS	ÞON	RHS	ÖNN	Heild.kostn.
Tekjutap - lokun	52.439										52.439
Kostn.hækkun - einkarekin þjónusta	29.069										29.069
Kostn.lækkun - v. minni umsvifa					19.422						19.422
Kostn.hækkun - þríf	124.000	3.262	395	2.361	38.466			11.816			180.300
Kostn.hækkun - stuðningur		120.013									120.013
Kostn.hækkun - veikindi og aukavaktir				27.538	200.366						227.904
Kostnaðarhækkun - viðspyrna					221.041						221.041
Atvinnuátak					5.669		20.000		19.500	162.000	207.169
Samtals	205.508	123.275	395	29.899	484.964	0	20.000	11.816	19.500	162.000	1.057.357
p.a. samþykktir viðaukar í borgarráði	0	116.000			221.041		20.000		19.500	162.000	538.541

15.10 Kostnaður við aðgerðir Reykjavíkurborgar vegna Covid.

15.11 Framlag ríkisins

Sveitarfélög og þar á meðal Reykjavík fengu fjárstuðning frá ríkinu vegna viðkvæmra hópa í samfélaginu og voru þeir veittir að frumkvæði félags- og barnamálaráðuneytisins. Framlög

ríkisins vegna þessa námu alls 1,5 milljarði króna á árunum 2020-2022. Voru framlögin ætluð til þess að verja lögbundna grunnþjónustu sveitarfélaganna.⁷⁰⁰

Ríkið studdi við málefni fatlaðs fólks með 670 m.kr. viðbótarframlagi til sveitarfélaga til að mæta lækkun á útsvari ársins og tryggja óskerta þjónustu.

Reykjavík fékk styrk vegna frístundastarfs barna í viðkvæmri stöðu. Áhersla var lögð á aldurshópinn 12 – 16 ára.

Veittir voru styrkir til að auka félagsstarf fyrir fatlað fólk auk þess sem fatlað fólk fékk ferðagjöf upp á 20 þúsund krónur. Velferðarsvið sótti um styrkinn fyrir fólk sem býr á heimilum á vegum sviðsins.⁷⁰¹

Alls varði ríkið tæplega 700 milljónum króna til aðgerða sem höfðu það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun fatlaðs fólks og barna.

Ríkið studdi ráðstafanir vegna heimilislausra með fjölpættan vanda um 150 m.kr. árin 2020 og 2021. Reykjavíkurborg kom upp tímabundnu húsnæðisúrræði um fjögurra mánaða skeið fyrir einstaklinga í húsnæðisvanda vegna faraldursins og fékk borgin 85 m.kr. til þess frá félagsmálaráðuneytinu.

Tímabundnu neyðarhúsnæði fyrir heimilislausar konur var komið upp vegna þrengsla í Konukoti og rekið með fjármunum frá ríkinu. Úrræðinu var komið upp í apríl og kostaði reksturinn 9 m.kr. á mánuði. Það var framlengt í ágúst 2020 með áframhaldandi stuðningi félagsmálaráðuneytisins.

Veittir voru styrkir til að efla félagslíf aldraðra og nýtti Reykjavíkurborg þá vel bæði árin 2020 og 2021. Styrkirnir námu alls 52,6 m.kr.

2020 – 2021	
Stuðningur við tekjulága einstaklinga og heimili	2.980
Fjárstuðningur við sveitarfélög vegna viðkvæmra hópa	1.515
Fatlað fólk og börn	649
Vernd fyrir viðkvæma hópa	443
Börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu	443

⁷⁰⁰Mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru: Lokaskýrsla, stjórnarráðið, fjármála og efnahagsráðuneytið, febrúar 2023. bls. 50-53

⁷⁰¹Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Ferðagjöf fyrir fatlað fólk framlengd fram á næsta sumar“. <https://reykjavik.is/frettir/ferdagjof-fyrir-fatlad-folk-framlengd-fram-naesta-sumar>

Félagslegar aðgerðir fyrir aldraða	260
Framlög til félagasamtaka sem styðja viðkvæma hópa	253
Aðgerðir gegn ofbeldi	252
Félagslegar aðgerðir fyrir innflytjendur og flóttafólk	175
Alls	6.792

15.11 Aðgerðir ríkisins vegna hópa í viðkvæmri stöðu 2020-2022 millj.kr.

15.12 Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar

Miklar áhyggjur voru af því í upphafi faraldursins og eftir því sem atvinnuleysi í landinu jókst stöðugt að fólki sem þyrfti á fjárhagsaðstoð að halda myndi snarfjölgja. Hver einstaklingur sem fær fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi kostar 2,6 m.kr. á ári og ofan á það bætast heimildagreiðslur.

Reykjavíkurborg réðst strax í vinnumarkaðsaðgerðir vorið 2020 til viðspyrnu í faraldrinum. Í fyrstu snerust aðgerðirnar um að skapa sumarstörf fyrir 18 ára og eldri og ráða í störf sem lutu að nýsköpun og skapandi greinum. Viðbúið var að vinnumarkaður fyrir námsmenn og ungt fólk yrði mjög erfiður þetta sumar vegna faraldursins, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem nánast var skrúfað fyrir ferðamannastraum erlendis frá.

Fjallað er um vinnumarkaðsaðgerðir borgarinnar og vinnu- og virknimiðlun hennar í greinargerð sem lögð var fram í borgarráði í september 2022.⁷⁰² Í greinargerðinni kemur fram „að ávinningur af vinnumarkaðsaðgerðunum hafi m.a. birst í því að fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð var 23% undir áætlun fyrstu sex mánuði ársins 2021.“⁷⁰³

Alls voru 934 viðbótarsumarstörf fyrir námsfólk 18 ára og eldri í boði sumarið 2020 í samvinnu við Vinnumálastofnun og voru þau fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Einnig var fjölgað um 200 störf fyrir 17 ára einstaklinga og voru þau einnig fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Sumarið 2021 voru einnig í boði 200 störf fyrir 17 ára sem voru fullnýtt af starfsstöðum borgarinnar. Almenn ánægja var með sumarstarfsfólkið og mörg verkefni

⁷⁰² Atvinnu- og virknimiðlun, vinnumarkaðsaðgerðir í kjölfar COVID-19: Reykjavíkurborg, september 2022

⁷⁰³ Sama heimild bls. 9

fengu brautargengi vegna þessara nýju starfskrafta sem ekki hefði verið hægt að fara í nema vegna þess að heimild fékkst til að ráða í störf. ⁷⁰⁴

Atvinnu- og virknimiðlun á vegum Reykjavíkurborgar var síðan stofnuð í upphafi árs 2021 sem tímabundið úrræði. Starfshópur var stofnaður til að halda utan um úrræðið sem skipaður var Þorsteini Gunnarssyni, borgarritara, Lóu Birnu Birgisdóttur sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs, Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs og Halldóru Káradóttur sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs. ⁷⁰⁵ Ráðinn var verkefnastjóri sem hélt utan um verkefnið.

Lögð var áhersla á að ráða einstaklinga sem höfðu verið án atvinnu lengi. Samtals voru 262 einstaklingar ráðnir í gegnum úrræðið. Komu 158 af atvinnuleysisskrá en 104 fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í fyrirnefndri greinargerð segir að um 80% þeirra einstaklinga hafi ekki komið aftur á fjárhagsaðstoð eftir að starfstíma lauk.

Í ágúst 2020 var fjöldi þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg 1.418 einstaklingar og reis ekki hærra í faraldrinum. Í desember 2021 var fjöldi á fjárhagsaðstoð kominn í svipað horf og fyrir faraldurinn í janúar 2020 eða 1.114 einstaklinga. Aftur fjölgaði nokkuð í hópnum árið 2022 vegna og var það mest tilkomið vegna flóttafólks frá Úkraínu.

„Af þeim 1.118, sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í nóvember 2021 var fjölmennasti hópur með tilliti til fjölskyldugerðar einhleypir karlar, sem voru samtals 636, næst fjölmennasti hópurinn voru einhleypar konur eða samtals 204, næst á eftir einhleypar mæður, sem voru samtals 157. Fjöldi einstaklinga með íslenskt ríkisfang var 62% og þeirra með erlent ríkisfang 38%. Flóttafólk var 248 einstaklingar eða 22% af heildarfjöldanum.“ ⁷⁰⁶

⁷⁰⁴ Sama heimild.


⁷⁰⁵ Sama heimild bls. 4

⁷⁰⁶ Sama heimild bls. 6



17.2 Fjárhagsaðstoð: Fjöldi notenda frá janúar 2020 til janúar 2022

Mikil ánægja var með átakið hjá þeim sem fengu vinnu í gegnum það og sýndi eftirfylgni að störfin höfðu afar jákvæð áhrif á líðan, fjárhag og líf þeirra sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð fyrir ráðningu. Stjórnendur sem réðu þetta starfsfólk í vinnu voru einnig ánægðir. Í könnun sem lögð var fyrir þessa stjórnendur sögðu 88% þeirra að starfsfólkið hefði staðið sig vel í vinnu eða frekar vel. 97% svaraði því til að þeir myndu aftur ráða fólk í gegnum úrræðið.⁷⁰⁷



15.12 Þróun atvinnuleysis í Reykjavík (blátt) og á höfuðborgarsvæðinu (gult) á faraldurstímanum.⁷⁰⁸

⁷⁰⁷ Sama heimild bls. 13.

⁷⁰⁸ Sama heimild bls. 5

Reynslan af Vinnu- og virknimiðlun sýndi að margir sem verið hafa án atvinnu til lengri tíma þurfa aðstoð við að komast aftur á vinnumarkað. Atvinnuáttak Reykjavíkurborgar þótti mjög vel heppnað. Því var lögð fram tillaga borgarstjóra í borgarráði 31. mars 2022 um áframhald vinnu- og virknimiðlunar en með breyttum forsendum. Tillagan var samþykkt samhljóða en í henni felst þróunarverkefni til tveggja ára sem flyst yfir í Virkniús sem mun þjónusta einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð við atvinnuleit og virka þátttöku í samfélaginu.^{709 710}

14.2 „Öguð og fagleg vinna sem átti sér stað“

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs. Viðtal tekið í desember 2023.

Óhætt er að segja að verulega hafi reynt á fjármála- og áhættustýringasvið í COVID-19 faraldrinum. Sviðið þurfti að bregðast mjög hratt við þeim áskorunum sem blöstu við enda hafði faraldurinn veruleg áhrif á rekstur borgarinnar. Um miðjan mars 2020 var stofnaður „Starfshópur um aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna áhrifa COVID19“. Hópurinn hittist strax helgina 14. – 15. mars 2020 og hóf rýningu á mögulegum efnahagslegum áhrifum. Hópurinn skilaði af sér sinni fyrstu skýrslu til borgarráðs þann 26. mars 2020 þar sem fyrstu aðgerðir voru kynntar.

Að sögn Halldóru Káradóttur sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringasviðs kom sviðið síðan ítrekað inn í borgarráð á árinu 2020 með uppfærðar greiningar á efnahagslegum áhrifum COVID-19. Í lok ágúst var tekið saman minnisblað til borgarstjóra um fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar og spá um mögulega þróun. Leitað var leiða til að auka veðhæfi skuldabréfa Reykjavíkurborgar og þá hafði sviðið aðkomu að Græna planinu sem þá var í undirbúningi.



„Undirbúningur fjárhagsáætlunar fyrir 2021 var mikil áskorun. Við frestuðum framlagningu um einn mánuð, þar til í lok nóvember. En þau tímamót urðu að við settum fram fjármálastefnu Reykjavíkurborgar í fyrsta sinn, til fimm ára, sem studdi við Græna planið. Það voru talsvert mikil samskipti við SSH og samtöl milli fjármálastjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við funduðum oft og bárum saman bækur okkar. Við áttum líka í samtölum við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá tókum við þátt

⁷⁰⁹ Sama heimild bls. 13-14.

⁷¹⁰ Fundur borgarráðs 31. mars 2022: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/35_atvinnu-_og_virknimidlun._fas22030060.pdf

í starfshópi með ríkinu til þess að safna saman og greina áhrifin á fjármál sveitarfélaga,” segir Halldóra.

Vel gekk að halda starfseminni á sviðinu gangandi þrátt fyrir allt. Helstu áhættan sneri að launavinnslu og gjaldkerastörfum. Mikið var um hólfaskiptingar á starfssvæðinu.

„Við skiptum hópum líka upp í tvennt, t.d. var helmingur launaskrifstofu settur í austurenda og hinn í vesturenda Borgartúns. Gjaldkerar voru skildir að og bókhaldi skipt upp. Mikið var um að starfsfólk vann heima að hluta til. Allt þetta gekk vel miðað við aðstæður,” segir Halldóra.

Sem sviðsstjóri sat hún alla fundi í neyðarstjórn borgarinnar þar sem hlutverk Halldóru var að hafa yfirsýn yfir fjármálin og upplýsingagjöf um fjármálaleg áhrif.

En hver var helsti lærdómurinn í öllu þessu ferli fyrir sviðið?

„Ég myndi segja að getan til þess að bregðast við og greina stöðuna mjög fljótt var okkar styrkleiki. Við þurfum að vinna og skila líkönum mjög hratt til þess að greina fjárhaglega stöðu á Reykjavíkurborg en þetta var einnig öguð og fagleg vinna sem átti sér stað. Þá var mikið álag á eignaskrifstofu á þessum tíma því útvega þurfti húsnæði og bregðast við ýmsu á met tíma.“

Við skipulagsbreytingar hjá Reykjavíkurborg 2019 varð fjármála- og áhættustýringasvið til sem eitt af þremur nýjum kjarnasviðum. Halldóra segir að þetta hafi skipt miklu máli í faraldrinum, að hafa þessi nýju kjarnasvið til að styðja við bakið á fagsviðunum í krefjandi aðstæðum.

„Styrkleikinn í þessum breytingum voru að kjarnasvið væru til staðar með hlutverk þvert á borgina. Mannauðs- og starfsumhverfissvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið komu einnig mjög sterk inn í þær aðgerðir sem sneru að þeirra ábyrgðarsviðum og mér finnst FAS hafa staðið sig mjög vel. Þar vil ég m.a. nefna sterka aðkomu okkar að Græna planinu og gerð 10 ára áætlunar á sviði fjármála og fjárfestingaáætlunar bara sem dæmi,” sagði Halldóra.

16. Miðlæg stjórnarsýsla

Heimfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi miðlægrar stjórnarsýslu. Ein helsta áskorunin var að halda starfseminni órofinni, ábyrgð og utanumhald á neyðarstjórn borgarinnar og gerð viðbragðsáætlana, markviss og umfangsmikil upplýsingagjöf á ýmsum tungumálum, breytt fyrirkomulag á fundum borgarstjórnar og borgarráðs og undirbúningur og framkvæmd tvennra kosninga á tímabilinu þar sem þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana vegna faraldursins og ýmislegt fleira.

16.1 Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hlutverk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er ábyrgðarmikið og skýrt þegar neyðarástand skapast líkt og gerðist COVID-19 faraldrinum. Skrifstofan ber ábyrgð á ut anumhaldi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og gerð viðbragðsáætlana sem henni tengjast. Í starfsáætlun skrifstofunnar kemur jafnframt fram að eitt af meginmarkmiðum hennar eru traustar almannavarnir og forysta um starf neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar. Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar, formaður almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins og formaður neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og því er þjónusta við borgarstjóra eitt mikilvægasta verkefnið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem haldast þarf órofin á öllum almannavarnarstigum. Önnur forgangspjónusta á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem haldast þarf órofin er þjónusta við borgarritara og neyðarstjórn borgarinnar. Starfsmaður neyðarstjórnar sem er jafnframt starfsmaður skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda og úrvinnslu í samráði við borgarstjóra. Áhrif COVID-19 faraldursins á skrifstofuna voru mikil þar sem eðli starfseminnar breyttist tímabundið og snérist á þessum tíma að nær öllu leyti um ofangreinda þjónustu. Önnur verkefni sem þurftu að haldast órofin var þátttaka í undirbúningi fyrir fundi borgarráðs, upplýsingamiðlun til stjórnenda, starfsfólks og íbúa sem og afgreiðsla brýnna stjórnsýsluerinda, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga. Þá var afar umfangsmikil upplýsingagjöf til borgarbúa, starfsfólks borgarinnar og fjölmiðla af hálfu samskiptateymis en fjallað er sérstaklega um það í öðrum kafla skýrslunnar.

Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar var kynnt í borgarráði þann 6. febrúar 2020 og samþykkt og undirrituð af borgarstjóra og framkvæmdastjóra almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins þann 13. febrúar 2020. Reykjavíkurborg var því þegar með samþykktu viðbragðsáætlun sem hægt var að vinna eftir þegar faraldurinn byrjaði að breiðast fljótt út í kjölfar þess að fyrsta smitið greindist á Íslandi þann 28. febrúar 2020.

Ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, þegar faraldur eins og COVID-19 gengur yfir, nær einnig til allra útsendra tilmæla um það hvernig starfsemi í Ráðhúsi og Tjarnargötu 12 skuli vera háttáð í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisráðherra um fjöldatakmarkanir og nálægðarmörk. Skrifstofan bar ábyrgð á gerð og útsendingu allra tilmæla sem send voru á starfsfólk Ráðhúss á meðan faraldurinn stóð yfir. Tilmælin fólu m.a. í sér upplýsingar um skiptingu vinnusvæða og litamerkingar, fjarvinnu, nándarreglur, grímunotkun, almennar umgengisreglur í fundarherbergjum og öðrum rýmum og fyrirkomulag í mötuneyti.

Starfsemi skrifstofunnar og fyrirkomulag breyttist í takt við þær samkomutakmarkanir sem í gildi voru hverju sinni. Fyrirkomulag vegna fjarfunda var kynnt til sögunnar og allt starfsfólk þurfti að tileinka sér ný vinnubrögð og notkun á fjarfundabúnaði samhliða aukinni fjarvinnu til að halda starfseminni órofinni og gangandi.

16.2 Skrifstofa borgarstjórnar

Helstu áskoranir sem fylgdu COVID-19 - faraldrinum og höfðu áhrif á verkefni skrifstofu borgarstjórnar vörðuðu að megin stefnu fyrirkomulag á fundum borgarstjórnar og borgarráðs auk þess sem skrifstofan undirbjó og framkvæmdi tvennar kosningar á tímabilinu þar sem þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana vegna faraldursins.

Fundir borgarstjórnar eru að jafnaði haldnir tvisvar í mánuði í sal borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur en í upphafi faraldurs tók borgarstjórn ákvörðun um að fresta öllum málum á dagskrá fundarins 17. mars 2020 og fella niður næsta reglulega fund. Tíminn var nýttur til að vinna breytinga á samþykktum til samræmis við nýjar heimildir í lögum til að nýta fjarfundabúnað á fundum sveitarstjórna, ráða og nefnda. Næstu fundir helguðust af ýmsum tilfæringum til að koma til móts við fjöldatakmarkanir og nálægðarmörk og voru ýmsar útfærslur prófaðar. Í ströngustu samkomutakmörkunum voru allir borgarfulltrúar heima í fjarfundi að forseta borgarstjórnar og borgarstjóra undanskildum en á næstu fundum voru borgarfulltrúar ýmist heima, á áhorfandapöllum eða í ýmsum fundarherbergjum Ráðhúss til að gæta að samkomutakmörkunum.

Fundir borgarráðs voru jafnframt færðir í borgarstjórnarsalinn til að hægt væri að virða nálægðartakmarkanir. Undirbúningsfundir voru haldnir í fjarfundabúnaði og gestir á fundum borgarráðs, sviðsstjórar og aðrir sem boðaðir voru til að flytja kynningar, mættu einnig í gegnum fjarfundabúnað. Það sama átti við um fagraðin sem funduðu að jafnaði með fjarfundabúnaði í faraldrinum.

Forsetakosningar á Íslandi fóru fram 27. júní 2020 en við undirbúning kosninganna fór mikil vinna í það hjá skrifstofu borgarstjórnar og yfirkjörstjórnnum að aðlaga kjörstaði og fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar að breyttum veruleika samkomutakmarkanna. Borgarstjórn tók snemma ákvörðun um að fjölga kjörstöðum í Reykjavík og minnka þá auk þess sem unnin var sérstök sóttvarnaráætlun sem tók á umferð um kjörstaði, upplýsingagjöf, fjarlægðartakmarkanir í kjördeildum, hólfaskiptingar, spritt og hanskanotkun. Ekki síst er gott að minnast þess að ákveðið var að kaupa einn blýant fyrir hvern kjósanda til að draga enn frekar á hættu á smiti við kosningaathöfnina.

Alþingiskosningar fóru svo fram 25. september 2021 og var þá viðhaft svipað fyrirkomulag til að gæta að heilbrigði kjósanda og var sambærileg sóttvarnaráætlun í gildi þá.

16.3 Borgarlögmaður

Í upphafi mars 2020 eða í kjölfar þess að íslensk yfirvöld gripu til aðgerða vegna COVID-19 faraldursins og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjaði aðgerðaráætlun þurfti embætti borgarlögmanns að aðlaga starfsemi sína og breyta henni tímabundið með ýmsum hætti til að aðlagast breyttum veruleika. Í því skyni að tryggja mönnun og framgang verkefna embættisins þá var tekin sú ákvörðun að skipta starfsfólki borgarlögmanns upp í tvo hópa

sem skiptust á að vera í fjar- og staðvinnu. Þannig var tryggt að tiltekinn fjöldi starfsfólks væri á starfsstöð hverju sinni í Ráðhúsi Reykjavíkur sem og að ekki væri samgangur á milli alls starfsfólks hverju sinni. Embætti borgarlögmans fer meðal annars með fyrirvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart dómstólum. Í því felst fyrirvar í barnaverndar- og lögræðismálum sem eru hluti af lögskyldum verkefnum sveitarfélaga og geta eðli þeirra vegna ekki stöðvast og krefjast oft en ekki skjótra viðbragða af hálfu lögmanna embættisins. Sérstaklega af þeirri ástæðu var nauðsynlegt að skipta starfsfólki upp svo að ef kæmi til COVID-19 smits á meðal starfsfólks þá myndu mikilvæg lögskyld verkefni Reykjavíkurborgar ekki líða fyrir það.

Jafnframt þurfti, sérstaklega vegna framangreindra verkefna, að leita leiða til þess að koma skjölum til dómstóla. Fram að aðgerðum yfirvalda höfðu dómstólar ávallt farið fram á að öll skjöl ætluð þeim væru afhent á pappír í tilteknum eintakafjölda en afhending skjala á pappír hefði haft í för með sér aukna smithættu. Það sama átti við um kærunefnd útboðsmála en embætti borgarlögmans annast einnig fyrirvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart henni. Í stað þess að afhenda skjöl á pappír var því tekinn upp rafræn afhending gagna til bæði dómstóla og kærunefndar útboðsmála. Til þess að tryggja öryggi gagnasendinga var stuðst við þar til gerð forrit sem gaf góða raun og hefur, þrátt fyrir afléttingu takmarkanna, verið stuðst við þau áfram í lögræðis- og barnaverndarmálum. Auk þess, til þess að forðast samneyti við starfsfólk dómstóla, fóru fyrirtökur í dómsmálum fram í gegnum fjarfundabúnað. Þá höfðu samkomutakmarkanir yfirvalda einnig það í för með sér að dómsmál töfðust verulega og þegar aðalmeðferðar fóru fram voru vitnaleiðslur í gegnum fjarfundabúnað og þurftu lögmenn embættisins að bera grímur við það tilefni.

Varðandi fundarhöld og samskipti starfsfólks borgarlögmans við annað starfsfólk Reykjavíkurborgar sem og út á við þá fóru þau fram í gegnum fjarfundabúnað og voru skrifstofur embættisins almennt lokaðar fyrir aðra en starfsfólk þess.

Ljóst er að COVID-19 faraldurinn hafði víðtæk áhrif á starfsemi embættis borgarlögmans og að vissu leyti hratt faraldurinn af stað umbreytingu í átt að rafrænum samskiptum sem að nokkru marki hafa haldist óbreytt þrátt fyrir afléttingu allra samkomutakmarkanna.

16.4 Innri endurskoðandi og ráðgjöf

Í febrúar 2020 var tekin ákvörðun í borgarráði um sameiningu eftirlitseininganna; innri endurskoðunar, umboðsmanns borgarbúa og persónuverndarfulltrúa. 7. mars sama ár var fyrsta tilfelli COVID-19 greint á Íslandi og 23. þess mánaðar voru einingarnar sameinaðar í miðri fyrstu bylgju COVID-19 á grundvelli áætlunar um innleiðingu sem var samþykkt í borgarráði í byrjun sumars 2020. Sú áætlun riðlaðist mjög vegna faraldursins og hafði áhrif á hvernig til tókst við að samræma verklag og fá starfsfólk til að upplifa sig sem hluta af þeirri nýju skipulagseiningu sem til var orðin. Tekist var á við tilmæli sóttvarnarlæknis með því að vinna verkefni í fjarvinnu en smám saman fækkaði verkefnum sem vörðuðu ráðgjöf

við borgarbúa sem má rekja til þess að samfélagið allt var í hæðagangi auk þess sem úttektum innri endurskoðunar var frestað / fækkað vegna gífurlegs álags á fagsvið borgarinnar og áskorana sem B hluta félögin þurftu að takast á við s.s. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Orkuveitan. Á sama tíma jókst álagið á fagsvið persónuverndar. Flestar tæknilausnir sem innleiddar eru í starfsemi borgarinnar þurfa að undirgangast mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) og gera skrá yfir vinnsluaðgerðir, sem þarfnast yfirferðar og samþykktar persónuverndarfulltrúa með aukinni ráðgjöf við mat á áhrifum á persónuvernd í tengslum við innleiðingu tæknilausna til að nýta við kennslu og almennt fyrir starfsemi innan borgarinnar, t.d. fjarfundi með skjólstæðingum.

Með minna verkefnaálagi gafst aukinn tími til að fara yfir gæðaskjöl eininganna og er endurskoðuð gæðahandbók IER komin mjög langt á veg. Einnig gafst góður tími til að endurbæta heimasíðu skrifstofu Innri endurskoðunar og ráðgjafar www.innriendurskodun.is

1. september 2021 var flutti starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafar í Guðrúnartún 1. Má segja að frá þeim tíma hafi áhrif COVID-19 farið minnkandi. Starfsfólk komið saman undir eitt þak í stað þess að vera dreift á þremur stöðum eins og áður í Tjarnargötu 12 og starfsemin farin að taka á sig þá mynd sem fyrirhugað var með ákvörðun um sameiningu einu og hálfu ári áður.

Fagsvið ráðgjafar

Innkomin erindi voru 172 á árinu 2020, 92 á árinu 2021 og 107 á árinu 2022. Í september 2023 eru innkomin erindi á fagsviði ráðgjafar komin upp í 115. Ljóst er að fækkun erinda á milli áruna 2020 og 2021 má rekja til COVID-19 eða sameiningin er ekki hægt að staðfesta. Sami fyrirvari er settur hér um umfang og flækjustig hvers máls fyrir sig.

Samkvæmt munnlegum heimildum þá var það áskorun fyrir umboðsmann borgarbúa að geta ekki fengið fólk í viðtöl en það var víst venjan að fá sem flesta í viðtöl.

Fagsvið innri endurskoðunar

Á árunum 2018-2019 voru unnin að meðaltali 22 verkefni á ári. Í mars 2020 var sent bréf á borgarstjóra og neyðarstjórn um að fagsvið innri endurskoðunar myndi stýra álagi úttekta í samráði við sviðsstjóra fag- og kjarnasviða. Úttektarverkefnum fækkaði þannig á tímabilinu 2020-2021 um helming eða í tólf verkefni á ári. Miðað við stöðu haustið 2023 er ljóst að meðaltalsfjöldi verkefna á árunum 2022-2023 er kominn í svipað horf og fyrir COVID-19. Það ber þó að taka fram að talningu verkefna verður að taka með fyrirvara um ólíkt umfang og flækjustig verkefna.

Fagsvið persónuverndar

Ekki var haldið með sama hætti utan um tölfræði mála á fagsviði persónuverndar fyrir COVID-19 og gert er í dag en þó er ljóst að áhrif COVID-19 á störf fagsviðs persónuverndar eru a.m.k. eftirfarandi:

Aukin hætta á öryggisbrestum í starfsemi Reykjavíkurborgar.

Aukið álag var á fagsviðinu í tengslum við innleiðingu á nýjum tæknilausnum til að nýta við kennslu og almennt fyrir starfsemi innan borgarinnar, t.d. fjarfundir með skjólstæðingum á velferðarsviðum. Flestar tæknilausnir sem innleiddar eru í starfsemi borgarinnar þurfa að undirgangast mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) og gera skrá yfir vinnsluáðgerðir, sem þarf nast yfirferðar og samþykktar persónuverndarfulltrúa og fagsviðs persónuverndar.

Uppljóstrunargátt

Innri endurskoðun og ráðgjöf heldur úti uppljóstrunargátt með vísan til laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Með reglum reglum borgarráðs um verklag vegna uppljóstrunar starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Reykjavíkurborgar er Innri endurskoðun og ráðgjöf gert að halda skrá um fjölda og eðli uppljóstrunarmála sem koma til meðferðar hjá Reykjavíkurborg með vísan til laga 40/2020 um vernd uppljóstrara. Í því skyni er kallað eftir ópersónugreinanlegum upplýsingum frá einstökum fag- og kjarnasviðum með reglubundnum hætti.

Mál sem hafa komið í uppljóstrunargátt eru á bilinu 10 – 16 á ári en hún var fyrst opnuð á árinu 2021 og nú er í fyrsta sinn verið að kalla eftir gögnum frá fag- og kjarnasviðum um uppljóstranir. Það er því ekki hægt að segja til um hvort hér gæti áhrifa COVID-19 með einhverjum hætti.

16.5 Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Að öllu jöfnu er það hlutverk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar að fylgja eftir mannréttindastefnu og lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og sinna verkefnum sem snúa að málaflokkum stefnunnar auk þess að vinna með þeim ráðum og nefndum sem vistuð eru á skrifstofunni. Vinna með ráðum og nefndum á meðan hættuástand og samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs stóðu yfir fór að mestu leiti fram í fjarfundum og sem krafðist þess að bæði að starfsfólk og ráðsfólk tileinkaði sér þá færni og tækni. Þar sem mikil fjöldi ráðsmanna eru ekki kjörnir fulltrúar útheimti það annars konar nálgun en við kjörna fulltrúa t.d. varðandi leiðsögn og stuðning við að tileinka sér nýtt verklag.

Megin hlutverk skrifstofunnar á óvissutímum líkt og COVID-19 faraldsins snéri að því að tryggja að upplýsingamiðlun til íbúa sem tilheyra þeim hópum sem stefnan snýr að. Upplýsingamiðlun til einstaklinga, bæði starfsfólks og íbúa, sem ekki hafa fulla færni á

Íslensku er aldrei mikilvægari en þegar neyðarástand skapast. Beita þurfti fjölbreyttum leiðum til að stuðla að því að upplýsingar kæmust til skila.

Skrifstofan er í forsvari fyrir verkefnið *Saman gegn ofbeldi* og mikil aukning varð á tilkynntu heimilisofbeldi meðan á samkomutakmörkunum stóð. Unnið var í samvinnu við lögreglu, félagasamtök og almannavarnir að koma upplýsingum um hvaða þjónusta stæði til boða og hvert brotaþolar gætu leitað.

Að öðru leiti breyttist starfssemi skrifstofunnar í takt við samkomutakmarkanir eins og þær voru hverju sinni en mörgum verkefnum var hægt að sinna í fjarvinnu. Öll fræðsla lagðist þó niður til að byrja með en var síðan flutt í rafrænt form.

16.6 „Upplýsingagjöf til innflytjenda var ábótavant“

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar.

Viðtal tekið 2. desember 2021.

Talsvert mæddi á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins þar sem það kom í hlut starfsmanna hennar að miðla upplýsingum á ensku og pólsku til innflytjenda hér á landi á samfélagsmiðlum og vef. Næstum daglega voru settar inn upplýsingar um þróun faraldursins, þjónustuveitingu borgarinnar og hvar hægt væri að nánari upplýsingar. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa þurfti einnig að gera hlé á námskeiðum og fyrirlesturum um ýmis brýn mannréttindamál á meðan faraldrinum stóð.

„Við lögðum áherslu á að innflytjendur fengju upplýsingar sem við vissum að þeir fengju ekki annars staðar. Þegar upp kemur svona ástand, einhver vó sem þarf að bregðast við, höfum við reynslu af því að hefðbundnir fjölmiðlar og stjórnvöld sem upplýsingaskyldan hvílir á bregðast. Þetta gerðist síðast þegar Eyjafjallajökull gaus. Þá kom upp mikil hræðsla meðal innflytjenda sem héldu jafnvel sumir að Reykjavík færi undir hraun eða að allt myndi kaffærast í ösku eða eiturgufum. Þá fengum við endalausar fyrirspurnir. Við bentum á þessa vöntun og það var bætt úr henni en um leið og gosinu lauk hættu miðlarnir að vera með fréttir á erlendum tungumálum. Þetta gerðist einnig núna. Við þurftum sífellt að benda á að upplýsingaflæðið væri ekki nægilegt og það þyrfti að þýða á fleiri tungumál inni á [covid.is](https://www.covid.is) til að ná til innflytjenda. Svo má ætla að allar fréttir á öðrum tungumálum hætti um leið og váin er búin.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa var með tvo starfsmenn fyrstu vikunnar sem gerðu ekkert annað en að þýða og setja upplýsingar inn á samfélagsmiðla sem mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa rekur, Living in Reykjavík og á Facebook síðuna Reykjavik-Nasze miasto. Joanna Marcinkowska kom síðan fram einum af daglegum fundi þríeykisins og ávarpaði pólska minnihlutann hérna.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið tók síðan að hluta til við keflinu þegar líða tók á faraldurinn.

Hins vegar vitum við að okkur hefur langt í frá tekist að koma upplýsingum til allra. Það sem við vitum núna er að í byrjun vetrar 2021 er að hlutfall bólusettra meðal innflytjenda er ekki nema rétt um 50%. Það er býsna alvarlegt þegar bólusetningahlutfall Íslendinga er um og yfir 90% í flestum aldursflokkum. Við vitum einnig að það eru ýmsar ástæður sem valda þessu. Sumir halda að þeir eigi ekki rétt á því að fá bólusetningu vegna þess að þeir eru ekki íslenskir ríkisborgarar. Síðan kom misvísandi fréttir frá heimalöndum þeirra sem hér búa varðandi áhættuna af bólusetningum. Hlutfall bólusettra segir okkur að við höfum ekki náð til allra hópa. Það má ætla að bólusetningarátakið sem stjórnvöld eru í núna þessar vikurnar, með bólusetningarbílum og fleiru, nái til fleiri hópa innflytjenda.

Málið er að fréttirnar berast hraðar í dag en viðbrögð stjórnvalda. Einhver deyr vegna bólusetningar í Bangladess og það er komið út um allt í fréttum samdægurs.

Við höfum t.d. rætt við erlent fólk sem er að þrifa hér í Ráðhúsinu en einkafyrirtæki sér um þrifu og það segist ekki ætla að láta bólusetja sig. Það sýnir m.a. að við erum ekki að standa okkur í upplýsingagjöf til innflytjenda og úr því þyrfti svo sannarlega að bæta. Við þurfum að fara aðrar leiðir og ná til fólks persónulega. Mannréttinda og lýðræðisskrifstofa er að fara að gefa í núna. Við megum ekki missa boltann."

Hún kveðst hafa vissar áhyggjur af umræðu um bólusetningar við COVID-19 en þar gæti ákveðinnar pólariseringar þar sem þeir sem kjósi að láta ekki bólusetja sig tali um þá sem láti bólusetja sig sem fólk er hafi verið ginnt til þess af stjórnvöldum.

Anna segir að neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hafi unnið mjög mikilvægt starf í gegnum faraldurinn og að viðbrögð borgarinnar sem hófust snemma hafi orðið til þess að kerfi borgarinnar héldu. „Það felst mikið öryggi í því að vita af því að neyðarstjórnin sé starfandi,“ segir hún.

„Annars hefur COVID-19 ekki aðeins haft neikvæð áhrif að mínu mati. Til að mynda hefur vinnustaðamenningin breyst. Starfsskilyrði fólks hafa því batnað með þessu og einnig með styttingu vinnuvikunnar. Ég tel að þessi aukni sveigjanleiki í starfinu hafi aukið lífsgæði. Hins vegar hefur þörfin fyrir staðfræðslu aukist mikið. Rafræn fræðsla gengur ekki vel og sérstaklega ekki til lengdar. Maður verður að fá viðbrögð frá þeim sem eru á hinum endanum og það verður að vera svigrúm fyrir samræður í svona fræðslu. Þetta COVID-19 tímabil hefur algjörlega sýnt okkur að þetta skilar litlu sem engu. Fjarfundir eru góðir þar sem þú þekkir til og allir eru virkir. En tveggja daga ráðstefnur í fjarfundabúnaði eru algjörlega gagnslausar. Þessi félagslega nálgun og tveggja manna tal er alveg nauðsynlegt. Staðfundir skipta miklu máli og við megum ekki missa sjónar af því að samtalið er ákaflega mikilvægt.

Þá held ég að samskiptaleysi fólks á vinnustað geti haft mjög neikvæð áhrif ef það er langvarandi. Ég hef t.d. aldrei hitt maka sums starfsfólks míns vegna faraldursins. Ég tel

mjög mikilvægt að þekkja til fjölskylduhaga starfsfólksins. Það hefur áhrif þegar fólk hefur ekki tækifæri til að hittast líka fyrir utan vinnuna.

Þörfin fyrir fræðslu hefur aukist mikið á þessum tíma sem faraldurinn hefur varað. Til dæmis er kominn biðlisti fram á sumar í regnbogavottun en hana fá starfsstaðir þegar þeir hafa fengið fræðslu um hinsegin málefni. Við finnum að núna er að koma bylgja af fræðslubeiðnum inn í kerfið okkar.

Við höfum einnig umsjón með verkefni sem miðar að því að draga úr ofbeldi á skemmtistöðum í Reykjavík sem er samstarfsverkefni með lögreglunni. Við finnum það að lögreglan sem er undirmönnuð hefur verið hæstánægð með hafa mjög svo styttað opnunartíma skemmtistaða og vildi helst hafa ástandið þannig áfram. En það er enginn pólitískur vilji til þess að hafa það þannig lengur en þarf held ég. Fyrir utan það að tölfræðin hefur rokið upp varðandi heimilisofbeldi í faraldrinum.”

17. Upplýsingagjöf í faraldrinum

Í krísu eins og heimsfaraldri kórónuveiru ríður á að upplýsingagjöf sé skipulögð, samræmd og markviss til að koma réttum skilaboðum á framfæri við mismunandi hópa svo allir gangi í takt og ekki myndist upplýsingaóreiða sem getur haft alvarlegar afleiðingar og vantraust á aðgerðum. Hér á eftir er farið yfir upplýsingagjöf Reykjavíkurborgar og stjórnvalda í faraldrinum.

17.1 Innri upplýsingagjöf

Á fyrsta fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar í lok janúar voru verkefnahópar skipaðir um brýn verkefni sem þurfti að vinna. Þar á meðan var upplýsingahópur sem skyldi annast upplýsingamiðlun og samræmingu útsendra tilkynninga sem skýrsluhöfundur fór fyrir.⁷¹¹

Strax í upphafi fyrstu bylgju faraldursins var farið í að útbúa [vefsvæði á innri vef Reykjavíkurborgar](#) sem mannauðs- og starfsumhverfissvið MAUS hélt utan um ásamt upplýsingadeild borgarinnar. <https://innri.reykjavik.is/is/covid-19-upplysingasida-reykjavikurborgar>

Markmiðið var að koma öllum upplýsingum um smitvarnir og sóttvarnarreglum beint til stjórnenda og starfsfólks borgarinnar.

Hólmfríður Steinþórsdóttir frá MOS og Hulda Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi héldu utan um upplýsingagjöf þar í samráði við sviðsstjóra MOS. Þar voru færðar inn allar upplýsingar sem gátu nýst stjórnendum og starfsfólki varðandi sóttvarnir, veikindaleyfi, sóttkví, launakjör o.s.frv.

Fljótlega kom í ljós mikil þörf fyrir upplýsingar á fleiri tungumálum. Fyrst var gengið í að þýða vefinn á pólsku og fór sú útgáfa í loftið strax um miðjan mars 2020. Harðdugleg sveit sjálfbóðaliða vann síðan að því að þýða upplýsingarnar á vefnum yfir á ensku, spænsku, víetnömsku, filippeysku og rússnesku og voru þær útgáfur komnar í loftið 19. mars 2020. Vefurinn var síðan uppfærður reglulega með nýjustu upplýsingum um aðgerðir og tilskipanir í gegnum allan faraldurinn.

Einnig var komið upp sérstakri síðu fyrir starfsfólk og stjórnendur á Workplace síðu Reykjavíkurborgar (innri vefur) þar sem sömu upplýsingar voru settar inn ásamt fleiru sem þótti mikilvægt að koma á framfæri við starfsfólk borgarinnar varðandi faraldurinn. Á

⁷¹¹ Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 31. janúar 2020

Workplace gáfust einnig tækifæri til að svara spurningum frá starfsfólki borgarinnar ef einhver álitamál komu upp.

Allar stjórnsýslueiningar lögðu áherslu á að stjórnendur upplýstu starfsfólk um sóttvarnir og nýjustu sóttvarnaraðgerðir. Þessi upplýsingagjöf fór mest fram með tölvupóstsendingum þar sem farið var yfir helstu áhrif nýrra reglugerða frá stjórnvöldum en einnig á fjarfundum í gegnum Webex, Teams og fleiri samskiptaforrit þar sem margir unnu heima þegar samkomutakmarkanir voru sem harðastar og aðeins tíu manns máttu vera saman í rými.

Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið settu upp sín eigin svæði á Workplace þar sem öllum upplýsingum var miðlað á milli. Workplace reyndist mjög gagnlegt í faraldrinum til að miðla alls konar upplýsingum og svara spurningum sem upp komu hjá starfsfólki.

Velferðarsvið sem hefur tileinkað sér Workplace með áhrifaríkum hætti, var t.d. með eftirtaldar síður fyrir starfsfólk og mismunandi teymi sem þurftu að hafa samskipti sín á milli.

- Kóróna - COVID-19 upplýsingaveita starfsfólks opin öllum.
- Neyðarstjórn velferðarsviðs (lokaður hópur)
- COVID-19 Þjónusta á vettvangi börn (lokaður hópur)
- COVID-19 vímuefnavandi (lokaður hópur)
- Þjónustuíbúðir COVID-19 teymi. (lokaður hópur)
- Heimahjúkrunarteymi - COVID-19 (lokaður hópur)
- KÓRÓNA-COVID-19 ÞVMH þjónusta á vettvangi (lokaður hópur)

Fjarfundir reyndust mjög gagnlegir í faraldrinum til að miðla upplýsingum og var einstaklega heppilegt að búið var að koma upp slíkum búnaði í helstu fundaherbergjum á Höfðatorgi og í Ráðhúsi sem starfsfólk var fljótt að tileinka sér.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar gegndi mikilvægu hlutverki í innri upplýsingagjöf borgarinnar því þar komu saman allir helstu stjórnendur borgarinnar og miðluðu upplýsingum sín á milli. Þetta auðveldaði alla yfirsýn yfir aðgerðir, samræmingu og samvinnu á milli skrifstofa og sviða. Tíðir fundir neyðarstjórnar í gegnum allan faraldurinn voru bráðnauðsynlegir og í fundarpunktum neyðarstjórnar er að finna allar helstu upplýsingar um aðgerðir og ákvarðanir borgarinnar í faraldrinum.

Sama á við um neyðarstjórn velferðarsviðs sem hélt fundargerðir yfir það sem gert var í velferðarþjónustu í faraldrinum. Sum teymi sem velferðarsvið myndaði í faraldrinum héldu einnig fundargerðir, t.d. teymi fyrir þjónustuíbúðir. Slíkar heimildir eru mjög gagnlegar og ráðlegt gæti verið í framtíðinni að minna teymisstjóra á að halda slíkar fundargerðir þar sem ákvörðunum er haldið til haga. Þess ber þó að geta að teymin voru á kafi upp fyrir haus í sínu starfi í faraldrinum.

17.2 Covid.is og upplýsingafundir í beinni útsendingu

Stjórnvöld settu fljótlega vefinn [covid.is](https://www.covid.is) í loftið með upplýsingum um sóttvarnir og reglugerðir stjórnvalda. Á [covid.is](https://www.covid.is) er m.a. að finna mjög mikilvæga tölfræði um þróun faraldursins; fjölda smita á hverjum tíma, sóttkví, innlagnir á sjúkrahús, dánartíðni o.fl.

Daglegir upplýsingafundir þríeykisins svokallaða, Víðis Reynissonar frá lögreglunni, Ölmu Dagbjartar Möller landlæknis og Þórólfs Guðnasonar sóttvarnarlæknis reyndust síðan ómetanlegt tæki til að koma upplýsingum á framfæri við almenning þar sem þjóðin sat límd við skjáinn á hverjum degi kl. 14 þegar þríeykið upplýsti um smittölur og aðgerðir stjórnvalda. Á fundi þríeykisins komu ýmsir gestir sem upplýstu almenning um margvíslegar hliðar faraldursins, m.a. frá Reykjavíkurborg. Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar upplýsti um aðgerðir í velferðarmálum á slíkum upplýsingafundi og Joanna Marcinkowska sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar talaði um upplýsingar til innflytjenda og mikilvægi þess að ná til einstakra hópa innflytjenda. Hún talaði þar meðal annars á pólsku til pólskra innflytjenda sem eru stærsti einstaki hópur innflytjenda á Íslandi.

17.3 Samræmd upplýsingagjöf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Í fyrstu bylgjunni 2020 voru næstum daglega settar inn upplýsingar á vef borgarinnar, www.reykjavik.is um þjónustuveitingu borgarinnar og hvar hægt væri að nálgast nánari upplýsingar. Yfir 200 tilkynningar um aðgerðir vegna COVID-19 voru settar á vefinn og sendar út til fjölmiðla í faraldrinum frá fyrsta fundi neyðarstjórnar í lok janúar og til febrúarloka 2022. Fjöldmörgum póstum um smitvarnir og ákvarðanir stjórnvalda var einnig miðlað á samfélagsmiðlum borgarinnar, Facebook, Twitter og Instagram. Sjá yfirlit yfir fréttir borgarinnar í faraldrinum.

Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins (AHS) settu vefinn [ahs.is](https://www.ahs.is) á laggirnar í mars 2020 með öllum nauðsynlegum upplýsingum fyrir sveitarfélögin og starfsfólk þeirra. Almannavarnir sáu um samræmingu allrar upplýsingagjafar sveitarfélaganna og voru leiðandi í miðlun upplýsinga til æðstu stjórnenda sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra. Á vefinn voru m.a. settar leiðbeiningar og verklagsreglur sem unnar voru af starfsfólki velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.

Að sögn Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra á höfuðborgarsvæðinu og framkvæmdastjóra AHS var talið mikilvægt strax í upphafi að öll gengju í takt og að ekki færu misvísandi upplýsingar í loftið til almennings.⁷¹²

Á fundi upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu með almannavörnum var ákveðið að öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu settu upp áberandi borða á forsíður heimasíðna sinna þar sem vísað væri á áður nefndan vef sóttvarnaryfirvalda [covid.is](https://www.covid.is). Það var gert samdægurs. Reglulega var minnt á þennan mikilvæga upplýsingavef á samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar auk þess sem samfélagsmiðlar voru nýttir allan farsóttartímann til að minna á sóttvarnaraðgerðir á hverjum tíma og hvetja almenning til að fara eftir settum reglum. Skilaboðunum var jafnað miðlað fyrst frá AHS og síðan út á samfélagsmiðla borgarinnar.

Samræming aðgerða krafðist mikils skipulags og tíðra funda neyðarstjórna sveitarfélaganna og almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Jón Viðar Matthíasson segir að lykilatriði í viðbrögðum við faraldrinum og upplýsingagjöf varðandi hann að neyðarstjórnirnar hafi fengið ráðrúm til að æfa viðbrögðin og allan undirbúning en að sögn hans var búið að setja allar neyðarstjórnir sveitarfélaganna af stað á fyrstu tíu dögum í febrúar. Jón Viðar segir að ekki síst sé það framsýni borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar að þakka að undirbúningur sveitarfélaganna við kórónuveirufaraldrinum hófst afar snemma, en borgarstjóri er formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

„Við fengum síðan það hlutverk að vera samræmingaraðili verkefnisins hér á höfuðborgarsvæðinu með neyðarstjórnunum. Ég átti á fjórða tug funda með sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu bylgjum faraldursins,“ segir Jón Viðar Matthíasson. „Þetta var afar mikilvægt því það hefði engan veginn gengið ef einhverjir hefðu verið að gera hlutina öðruvísi. Það hefði truflað allt. Ég get nefnt áramótabrennur sem dæmi en við ákváðum að þær yrðu ekki haldnar um áramótin 2020/21. Það var frekar lítið mál en mikilvægt samræmingaratriði. Þannig hafa allir gengið í takti allan tímann og farið eftir því sem við höfum ráðlagt og skipulagt. Viljinn til samræmingar og samstarfs hefur verið mjög einhuga sem er lykilatriði í mínum huga.“

Jón Viðar fundaði einnig stíft með sviðsstjórum velferðarmála, fræðslustjórum og fleiri þegar verið var að útfæra reglugerðir. Það kom fyrir að það væru fleiri en einn slíkur fundur á dag ef eitthvað mikið var í gangi. „Það þurftu allir að vera á sömu blaðsíðunni varðandi túlkun reglugerða og útfærslan þurfti helst að vera eins hjá öllum. Við vorum í leiðbeiningarhlutverki þar fyrir öll sveitarfélög á landinu. Í mars ákváðum við að setja í loftið vefsíðuna [ahs.is](https://www.ahs.is) þar sem sveitarfélögin gátu nálgast allar upplýsingar,“ segir hann.

⁷¹² Jón Viðar Matthíasson, viðtal.

Jón Viðar segir enn fremur að það hafi verið mikill kostur að boðleiðir á milli fólks í stjórnkerfinu eru stuttar hér á landi. Þannig hafi upplýsingar gengið greiðlega á milli æðstu embættismanna stjórnkerfisins og hægt að taka ákvarðanir hratt út frá þeim sem stjórnendur gátu látið ganga áfram til sinna millistjórnenda.⁷¹³

17.4 Upplýsingagjöf til innflytjenda

Allar fréttir sem snertu breytingar á þjónustu borgarinnar og ákvarðanir neyðarstjórnar voru settar inn á sérstakt COVID-19 svæði á vef borgarinnar reykjavik.is. Upplýsingadeild á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sá um ritstjórn vefsins og uppfærslu í samráði við sviðsstjóra. Vefsvæðið var á íslensku, ensku og pólsku. Starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu lagði hönd á plóg þar í sjálfboðavinnu en þær Joanna Marcinkowska og Barbara Bruns Kristvinsson sáu m.a. um þýðingar á upplýsingaefni inn á vef borgarinnar ásamt upplýsingastjóra o.fl. Þær héldu einnig úti víðtækri upplýsingagjöf fyrir innflytjendur á Facebook-síðunum Living in Reykjavík og pólsku Facebook-síðunni „Reykjavík - Nasze miasto“.

Talsvert mæddi því á ákveðnu starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins þar sem það kom í hlut starfsfólks hennar að miðla upplýsingum á ensku og pólsku til innflytjenda hér á landi á samfélagsmiðlum og vef.

Snemma í fyrstu bylgju COVID-19 bar á því að innflytjendur virtust ekki fá réttar upplýsingar um sóttvarnir og ýmsar ákvarðanir stjórnvalda. Margar fyrirspurnir og póstar bárust á Facebook-síðurnar Living in Reykjavík síðuna Reykjavík – Nasze miasto og til starfsfólks mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Innflytjendur lýstu þar m.a. yfir furðu sinni á því að skólar á Íslandi væru ekki lokaðir eins og víðast hvar erlendis. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði tóku einhverjir erlendir foreldrar börn sín úr skóla á þessum tíma.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu bárust einnig allmargar kvartanir frá innflytjendum yfir því að það vantaði upplýsingar á fleiri tungumálum á vef stjórnvalda covid.is. Þessum kvörtunum var strax komið á framfæri við almannavarnir sem komu þeim á framfæri við sóttvarnarlækni og var fljótlega gengið í að bæta úr þessum veikleikum.

„Við lögðum áherslu á að innflytjendur fengju upplýsingar sem við vissum að þeir fengju ekki annars staðar,“ segir Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri. „Þegar þarf að bregðast við svona vá höfum við reynslu af því að hefðbundnir fjölmiðlar og stjórnvöld sem upplýsingaskyldan hvílir á bregðast. Þetta gerðist síðast þegar Eyjafjallajökull gaus. Þá kom upp mikil hræðsla meðal innflytjenda sem héldu sumir að Reykjavík færi undir hraun eða að allt myndi kaffærast í ösku og eiturgufum. Þá fengum við einnig fjölmargar fyrirspurnir. Við

⁷¹³ Sama heimild.

bentum á þessa vöntun og það var bætt úr henni en um leið og gosinu lauk hættu miðlarnir að flytja fréttir á erlendum tungumálum. Þetta gerðist einnig núna. Við þurftum að benda á að upplýsingaflæðið væri ekki nægilegt og það þyrfti að þýða á fleiri tungumál inni á [covid.is](https://www.covid.is) til að ná til innflytjenda.

Tvær starfsmanneskjur Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu gerðu lítið annað fyrstu vikurnar í faraldrinum en að þýða og setja upplýsingar inn á samfélagsmiðla sem mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa rekur, Living in Reykjavík og á Facebook síðuna Reykjavik-Nasze miasto. Joanna [Marcinkowska] kom síðan fram á daglegum fundi þríeykisins og ávarpaði pólska minnihlutann á Íslandi.⁷¹⁴

Anna segir að kvartanir innflytjenda um ónóga upplýsingagjöf og þörfin fyrir nákvæmar og vel unnar þýðingar sýni ákveðna veikleika hjá Reykjavíkurborg að því er varðar almenna upplýsingagjöf til innflytjenda í borginni. Til að koma upplýsingum á framfæri á fleiri tungumálum en íslensku þurfti að nýta fjölbreyttan hóp starfsmanna sem unnu þýðingar að mestu leyti í sjálfboðavinnu. Þessir starfsmenn voru ekki sérhæfðir í upplýsingamiðlun né endilega vanir þýðingum.

Þegar kom að bólusetningarátakinu 2021 kom í ljós að réttar upplýsingar um kosti og galla bólusetninga náðu ekki til stórra hópa innflytjenda sem létu ekki bólusetja sig þrátt fyrir almenna hvatningu þar um.

„Við vitum núna að það er langt í frá að okkur hafi tekist að koma réttum upplýsingum til allra. Í vetrarbyrjun 2021 var hlutfall bólusettra meðal innflytjenda ekki orðið nema rétt um 50%. Það er býsna alvarlegt þegar bólusetningahlutfall Íslendinga er um og yfir 90% í flestum aldursflokkum. Þetta hlutfall óbólusettra segir okkur að við höfum ekki náð til þessara hópa,“ segir Anna. „Við vitum einnig að það eru ýmsar ástæður sem valda þessu. Sumir halda að þeir eigi ekki rétt á því að fá bólusetningu vegna þess að þeir eru ekki íslenskir ríkisborgarar. Sumir fá misvísandi fréttir frá heimalöndum sínum varðandi áhættuna af bólusetningum. Við verðum að átta okkur á því að margt af þessu fólk er verkafólk með litla menntun og einhverjir trúa ekki því sem vísindin segja. Ég er að vonast til þess að bólusetningarátakið sem stjórnvöld eru í núna þessar vikurnar, með bólusetningarbílum og fleiru, ná til þessara hópa innflytjenda. [2021]

Hluti af vandamálinu er að fréttirnar berast hraðar í dag en viðbrögð stjórnvalda. Einhver deyr vegna bólusetningar í Bangladess og það er komið út um allt í fréttum samdægurs.

Við höfum til dæmis rætt við erlent fólk sem sér um þrif hér í Ráðhúsinu og það segist ekki ætla að láta bólusetja sig. Þetta fólk er í vinnu hjá einkafyrirtæki. Það sýnir m.a. að við erum

⁷¹⁴ Anna Kristinsdóttir viðtal.

ekki að standa okkur í upplýsingagjöf til innflytjenda og úr því þyrfti svo sannarlega að bæta.

Ég hef líka áhyggjur af þessari pólariseringu sem bólusetningarumræðan skapar. Óbólusettir tala um okkur hin bólusettu eins og fólk sem hafi verið platað af stjórnvöldum.

Við þurfum að fara aðrar leiðir og ná til fólks persónulega. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa er að fara að gefa í núna varðandi slíka upplýsingamiðlun. Við megum ekki missa boltann," segir Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri.⁷¹⁵

17.5 Hlutverk mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Mannauðs- og starfsumhverfissvið sá um almenna upplýsingagjöf til starfsfólks borgarinnar í faraldrinum.

Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs, er í neyðarstjórn borgarinnar. Hún telur að það hafi verið mikilvægt að sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs hafi verið í neyðarstjórn og það hafi stýtt boðleiðir til muna og skipt sköpum varðandi upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsfólks.



„Stóra verkefnið okkar var að gefa út skýrar leiðbeiningar í breyttu umhverfi og ganga í takti með opinberum aðilum eins og ríkinu. Við styrktum samvinnu okkar við ríkið þar sem samráð var á milli okkar um hvað ætti að gera og hvernig væri farsælt að leysa úr áskorunum. Við vorum talsvert í því að taka ákvarðanir umfram ákvæði kjarasamninga sem voru starfsfólki í hag og því mikilvægt að opinberir aðilar væru sammála um þá framkvæmd.

Faraldurinn gerði starfsumhverfi stjórnenda hjá Reykjavíkurborg töluvert mikið flóknara en í venjulegu ári og gerði þeim erfitt fyrir.

Í fyrstu bylgjunni átti ég í daglegum samtölum við Raket Guðmundsdóttur vinnuréttarlögfræðing um réttindi og skyldur okkar vegna áskoranna sem við höfðum ekki staði frammi fyrir áður. Einnig vorum mikil og dagleg samskipti og ráðgjöf við mannauðsstjóra sviðanna.

⁷¹⁵ Sama heimild.

Neyðarstjórnin fundaði þá daglega og ég fundaði vikulega með mannauðsstjórum sviðanna. Það er eitt af því jákvæða sem kom út úr faraldrinum að það hefur haldist. Þetta var mjög gott fyrir okkur sem nýstofnað kjarnasvið. Þau fundu strax að við brugðumst alltaf hratt við og leituðu því til okkar um samráð og þegar þurfti að taka mikilvægar ákvarðanir. Hópurinn þéttist og þörfin fyrir að ganga í takt var mjög sýnileg. Núna er þetta þannig að allir taka þátt í samráði og samtali um hlutina. Allir fá að koma að ákvörðunum. Þetta getur verið tímafrekt en virkar mjög vel og skapar traust á milli fólks og sviða.

Við fórum síðan fljótlega í að þýða leiðbeiningar yfir á önnur tungumál og það endaði með því að Irina S. Ogurtsova fann starfsfólk innan borgarinnar sem þýddi upplýsingar á tíu tungumál. Sumir fengu svigrúm í vinnutíma sínum til að þýða, aðrir gerðu það með sinni vinnu. Þetta fólk var líka stolt af því að geta komið mikilvægum upplýsingum á framfæri á sínu tungumáli.⁷¹⁶

Irina S. Ogurtsova mannauðsráðgjafi segir að hópurinn hafi unnið markvisst að þýðingum og oft verið lengi að á kvöldin og um helgar til að þýðar nauðsynlegar upplýsingar. Hún segir jafnframt að þetta þýðingarátak hafi gengið mjög vel og fólk verið viljugt að leggja mikið á sig vegna þess að því fannst það vera að gera mikið gagn.

Hún segir jafnframt að það hafi að vissu leyti verið skiljanlegt að upplýsingar um bólusetningarátak stjórnvalda hafi ekki komist til ákveðinna hópa innflytjenda. „Þetta er ekki flókið. Fólk fylgist ekki með íslenskum fréttum fyrr en það er búið að læra íslensku og þar eru mikilvægustu skilaboðin. Fólk leitaði því að upplýsingum frá heimalöndum sínum þar sem var jafnvel talsverð mikil andstaða við bólusetningar.“

Irina segir að margt erlent starfsfólk borgarinnar vinni ekki við tölvur í sínum störfum og brýnt sé að koma þessu starfsfólki t.d. inn á Workplace borgarinnar svo hægt sé að senda því upplýsingar um starfsemi borgarinnar og fleira. Aðspurð sagðist hún telja að borgin hafi gert það sem í hennar valdi stóð til að upplýsa erlenda starfsmenn á meðan faraldrinum stóð.⁷¹⁷

Lóa Birna segir að verkfærakista sem sett var upp á innri vef fyrir stjórnendur þar sem voru leiðbeiningar um fjarvinnu og fleira hafi verið mikið notaðar á vefnum. Fleiri slíkar verkfærakistur fyrir starfsfólk hafi einnig verið settar upp og mæltust vel fyrir. Mannauðs- og starfsumhverfissvið ákvað einnig að nýta lásskjámyndir á tölvuskjám starfsfólks í gegnum tölvukerfi borgarinnar til að koma jákvæðum skilaboðum um sóttvarnir og fleira á framfæri.

⁷¹⁶ Sama heimild.

⁷¹⁷ Irina S. Ogurtsova viðtal.



„Markmiðið er að hafa skilaboðin jákvæð og að þau snerti allt starfsfólkið okkar. Mannauðs- og starfsumhverfissvið hefur umsjón með því hvað lendir þarna og viljum hafa skilaboð sem eiga við allt starfsfólk en ekki einungis afmarkaða hópa eða svið.“⁷¹⁸

Að sögn Lóa Birnu var heppilegt að búið var að stofna nýtt svið utan um mannauðsmálin áður en faraldurinn hófst. Hún segir að aðgangur sinn að upplýsingum í gegnum neyðarstjórn borgarinnar hafi verið afar mikilvægur. „Ég hefði líklega ekki setið í neyðarstjórn borgarinnar ef ég hefði ekki verið sviðsstjóri. Það var mjög mikilvægt að hafa skýrt umboð til að gefa út leiðbeiningar til starfsfólks og stjórnenda.“⁷¹⁹

Mannauðs- og starfsumhverfissvið kom einnig að þróun á mælaborði sem birtist á vef borgarinnar þar sem tölur um einangrun og sóttkví hjá starfsfólki borgarinnar birtust opinberlega í samvinnu við gagnastjóra PON. Mælaborðið var uppfært síðari hluta fyrstu bylgjunnar en þegar líða tók á faraldurinn fórst uppfærslan fyrir þar sem uppfæra þurfti tölfræðina handvirkt með upplýsingum frá sviðum og skrifstofum sem þurfti að kalla eftir reglulega. Ef til vill hefði verið einfaldara og kostað minna að taka upplýsingarnar saman vikulega og setja út sem tilkynningar á COVID-19 svæði vefsins.

Tvær skýrslur voru skrifaðar á ensku fyrir OECD um viðbrögð borgarinnar við heimsfaraldurinn. Þær voru unnar af starfsfólki skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

17.7 Samantekið

Upplýsingagjöf Reykjavíkurborgar til starfsfólks og almennings var víðtæk og markviss og hófst snemma í faraldurinn. Allir lögðust á eitt að láta boðin ganga og gengu í takt svo skilaboð yrðu ekki misvísandi. Mikil samvinna var á milli upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við almannavarnir.

Reykjavíkurborg flutti yfir 200 fréttir um COVID-19 sem birtust á vef og samfélagsmiðlum borgarinnar yfir faraldurstímamann auk þess sem megnið af þeim voru sendar á fjölmiðla. Stór hluti þessara fréttu var þýddur bæði á ensku og pólsku í fyrstu bylgjum faraldursins.

Heimsfaraldurinn opinberaði hins vegar vissa veikleika í upplýsingamiðlun til innflytjenda. Þrátt fyrir að fjallað sé um mikilvægi aðgengis fyrir innflytjendur að þjónustu og upplýsingum frá Reykjavíkurborg í ýmsum stefnum borgarinnar eins og fjölmenningsstefnu

⁷¹⁸ Lóa Birna Birgisdóttir, viðtal.

⁷¹⁹ Sama heimild

og upplýsingastefnu hefur ekki verið lagt fjármagn í að halda úti markvissri upplýsingamiðlun til innflytjenda á fleiri tungumálum en íslensku. Með tilkomu aukinnar virkni vélþýðinga, t.a.m. á vef borgarinnar er þetta aðgengi þó að breytast til batnaðar.

Engu að síður hélt mannauðs- og starfsumhverfissvið úti harðsnúinni sveit þýðenda sem þýddi upplýsingar á tíu tungumál. Þetta fólk var fæst vant upplýsingamiðlun sem slíkri og vann að þýðingum í sjálfböðavinnu.

Að öðru leyti stóð borgin sig vel í gegnum erfiðustu hjalla heimsfaraldursins í því að upplýsa stjórnendur, starfsfólk og borgarbúa. Borgin tók virkan þátt í því að miðla upplýsingum um sóttvarnir og koma tilkynningum almannavarna á framfæri við borgarbúa í gegnum vef og öflugt net samfélagsmiðla Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk í upplýsingadeild borgarinnar og starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hafði einnig áhrif á miðlun sóttvarnaryfirvalda með því að koma á framfæri ábendingum frá innflytjendasamfélaginu um að upplýsingar þyrftu að vera á fleiri tungumálum á [covid.is](https://www.covid.is).

Þegar mikið lá við þýddu upplýsingafulltrúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu fréttir frá almannavörnum yfir á ensku svo hægt væri að koma mikilvægum ákvörðunum yfirvalda hratt á framfæri við fjölmiðla og innflytjendur.

Nýir samskiptamiðlar eins og Workplace nýttust vel í faraldrinum til að miðla upplýsingum gagnvirkt til starfsfólks. Gera þarf gangskör í því að fleira starfsfólk borgarinnar geti nýtt sér þann miðil.

Lásskjármyndir sem dreift var á tölvur starfsfólks borgarinnar voru unnar af mannauðs- og starfsumhverfissviði í samvinnu við upplýsingadeild. Á þeim voru jákvæð, hvetjandi en mikilvæg skilaboð til starfsfólks um að gæta að sóttvörnum og fara eftir tilmælum sóttvarnaryfirvalda. Myndirnar mæltust vel fyrir og eru enn notaðar á jákvæðan hátt.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Reykjavíkurborg - okkar borg - okkar vinnustaður

17.7 Gæta vel að smitvörnum þegar líður að sumri. Ein af mörgum lásskjámyndum Reykjavíkurborgar í veirufaraldrinum. *Skjámynd.*

Einnig var mikilvægt að Reykjavíkurborg bjó yfir samfélagsmiðlum, Facebook, Twitter og Instagram, sem ná til mikils fjölda fólks og hægt var að nýta til að dreifa mikilvægum skilaboðum frá yfirvöldum um faraldurinn. Síðan Reykjavíkurborg hóf að hagnýta sér þessa miðla markvisst frá árinu 2011, hefur áhersla verið lögð á að byggja upp raunverulegt fylgi á þessum miðlum. Slíkt er aðeins mögulegt með stöðugum uppfærslum og þarf að vanda til verka.

Verkefni sem hefði eftir á að hyggja ekki átt að ráðast í voru vefurinn Borgin okkar og samfélagsmiðlar undir sama nafni og mælaborð um smit og sóttkví sem virkaði ekki eins og ætlast var til nema í stuttan tíma. Bæði verkefni voru samt lýsandi fyrir metnað stjórnenda borgarinnar og vilja til að gera eins vel og mögulegt var í heimsfaraldrinum.

Þeirri hugmynd var komið á framfæri þegar farið var yfir fyrstu bylgju faraldursins á fundi neyðarstjórnar í lok maí 2020 að stofna hefði átt sérstakt krísuteymi um upplýsingamiðlun í faraldrinum. Vert væri að skoða þá hugmynd nánar í tengslum við skipulag neyðarstjórnar og almannavarna upp á framtíðina að gera.

Farvegur upplýsingamiðlunar í samstarfi við AHS og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar var engu að síður mjög skýr, verkefnahópur um upplýsingamál vann gott verk, auk þess sem upplýsingastefna borgarinnar er mjög skýr varðandi ábyrgð stjórnenda á upplýsingamiðlun til starfsfólks borgarinnar. Ekki verður annað séð en að upplýsingamiðlun til starfsfólks úti á sviðunum og á einstökum starfsstöðum hafi tekist mjög vel.

Þá er vert að geta þess að samvinna á milli aðila sem stóðu að upplýsingamiðlun var til fyrirmyndar.

18. Samstarf við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins AHS

18.1 „Sólarhringarnir runnu hreinlega saman“

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins AHS. Viðtal tekið í sept. 2021.

Segja má að Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins hafi verið sannkallaður prímus mótör í almannavarnaviðbragði höfuðborgarsvæðisins. Hann ásamt Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur, deildarstjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, sátu nánast alla fundi sem haldnir voru hjá neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ótal fleiri fundi í faraldrinum m.a. með öllum viðbragðsaðilum og starfsmönnum sveitarfélaga. Þau voru mikilvægir tengiliðir fyrir helstu stjórnendur Reykjavíkurborgar og marga fleiri. Þá voru þau mikilvægir milliliðir á milli stjórnenda, sóttvarnalæknis, landlæknis og ríkislögreglustjóra og ætíð til reiðu búin að aðstoða og upplýsa ef leitað var til þeirra.



Hvað telur þú að standi upp úr varðandi almannavarnir og viðbrögð við kórónuveirufaraldrinum í fyrstu bylgjunni?

„Mér er alltaf minnisstætt að í lok janúar 2020 voru ég og Þóra að undirbúa fund í almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins sem átti að vera 3. febrúar. Ég heyrði í Degi B. Eggertssyni borgarstjóra sem einnig er formaður almannavarnanefndar og óskaði hann eftir því að ég boðaði Þórólfi Guðnason sóttvarnalækni á fundinn. Haft var samband samdægurs við Þórólfi og hann taldi að líklega yrði of seint að boða til fundarins 3. febrúar ef bregðast ætti af alvöru við heimsfaraldri kórónuveirunnar sem breiddist þá hratt út að hans sögn. Ég hringdi strax í Dag og það varð úr að fundurinn var færður til og var hann haldinn daginn eftir eða þann 31. janúar kl. 8 að morgni í borgarstjórnarsal Ráðhússins. Þar mætti Þórólfi ásamt aðal- og varamönnum í almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og fór yfir hvaða

vá væri fyrir dyrum vegna heimsfaraldursins og að mikilvægt væri að sveitarfélögin undirbyggju sig fyrir slíkan faraldur.

Sama morgun var haldinn fundur í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar þar sem Þórólfur mætti einnig. Við höfðum verið að undirbúa æfingu neyðarstjórnar þar sem viðfangsefnið var alvarlegt rútuslys skólabarna. Æfingunni var snarlega breytt í viðbrögð við heimsfaraldri.

Í framhaldinu fól Dagur mér að hafa samband við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og undirbúa neyðarstjórnir sveitarfélaganna undir það sem verða vildi. Ég boðaði strax fundi með þeim og innan tíu daga vorum ég og Þóra búin að setja þær allar af stað. Ég tel gríðarlega mikilvægt að það var búið að stofna þessar neyðarstjórnir sveitarfélaganna og æfa þær áður en faraldurinn skall á hér á landi. Fólk var mjög vel fókuserað á verkefnið og skildi alvöru málsins. Jafnframt áttu öll sveitarfélögin til viðbragðsáætlanir sem hægt var að starfa eftir og virkja ásamt því að það var mjög góður stuðningur af þeim fyrstu dagana og vikur.



Ég skynjaði strax að ég sem embættismaður og framkvæmdastjóri almannavarna þurfti ekkert að vera selja fólki hlutina. Það skipti einnig miklu máli fyrir mig sem embættismann að finna þennan mikla stuðning frá borgarstjóra og bæjarstjórum sveitarfélaganna.

Borgarstjóri hafði mikla einbeitingu á verkefnið og studdi það og leiddi frá byrjun. Enda kom í ljós að hann hafði haft hug á því að sérhæfa sig í sóttvörnum sem læknir á sínum tíma þótt ekki hafi orðið af því.

Ég og Þóra fengum síðan það hlutverk að vera samræmingaraðili verkefnisins hér á höfuðborgarsvæðinu með neyðarstjórnunum og öllum innviðum sveitarfélaganna. Við unnum mjög þétt með borgarstjóra og bæjarstjórum, stjórnendum ásamt sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var afar mikilvægt því það hefði engan veginn gengið ef einhverjir hefðu verið að gera hlutina öðruvísi. Það hefði truflað allt. Ég get nefnt áramótabrennur sem dæmi en við ákváðum að þær yrðu ekki haldnar um áramótin 2020/21. Þetta var frekar lítið mál en mikilvægt samræmingaratriði. Þannig hafa allir gengið í takti allan tímann og farið eftir því sem við höfum ráðlagt og skipulagt. Viljinn til samræmingar og samstarfs hefur verið mjög einhuga sem er lykilatriði í mínum huga.

Einnig áttum við ótal fundi með sviðsstjórum velferðarmála, fræðslumála, íþróttamála og fleirum þegar verið var að útfæra reglugerðir. Það þurftu allir að vera á sömu blaðsíðunni varðandi túlkun reglugerða og útfærslan þurfti helst að vera eins hjá öllum og sameiginlegar ákvarðanir teknar. Fyrstu mánuðina vorum við einnig í leiðbeiningarhlutverki þar fyrir öll sveitarfélög á landinu. Í mars 2020 ákváðum við að setja í loftið vefsíðuna ahs.is þar sem

sveitarfélögin gátu nálgast allar upplýsingar og þar var mikilvægt fyrir okkur að fengið til okkar hana Ásdísi Gíslason sem er afskaplega vel að sér í þeim málaflökk. Vefsíðan var öllum opin og notuð jafnt af sveitarfélögum sem og fyrirtækjum..

Það var líka mikilvægt að við vorum við stjórnborðið ásamt þríeykinu, rakningarteyminu og lögreglunni alveg frá byrjun, t.d. var Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins, staðsett nálægt sóttvarnalækni fyrstu vikunnar. Við höfðum einnig mjög greiðan aðgang að æðstu stjórnendum sveitarfélaganna, borgarstjóra, bæjarstjórum og sviðsstjórum. Borgarstjóri hringdi oft til að fá nýjustu upplýsingar eða til að fá útskýringar á einhverju sem hann var ekki viss um og hið sama á við alla bæjarstjórana. Oft reyndi á borgarstjóra sem formann almannavarnarnefndarinnar að vera fljótur að taka mikilvægar ákvarðanir þegar þeirra var þörf.

Ein af þeim ákvörðunum sem við tókum sem heild í fyrstu bylgjunni var að loka hjúkrunarheimilunum og heimilum á vegum velferðarsviða sveitarfélaganna fyrir heimsóknnum. Þarna vorum við að ganga lengra en reglugerðin sagði til um en ég er fullviss um að þessi ákvörðun skilaði miklu. Í dag er staðan önnur, búið að bólusetja íbúa og þar af leiðandi hægt að slaka meira á.

Fjarfundatæknin gerði allt starfið auðveldara, ég veit hreinlega ekki hvernig þetta hefði verið mögulegt án hennar.

Sólarhringarnir runnu hreinlega saman á þessum fyrstu vikum faraldursins, dagarnir voru langir hvort sem það voru virkir dagar, helgar eða frídagar. Það sem einkenndi þá var mikil vinna, frábær samvinna og samheldni á þessum sérkennilega og ótrúlega tíma.

Stofnuð voru stuðningsteymi inni í hverju sveitarfélagi vegna rakningar. Við bjuggum til skapalón fyrir stjórnendur í skólum. Með þeim var verið að tryggja að allir foreldrar fengu sömu upplýsingar t.d. vegna sóttkvíar. Þessi bréf reyndust stjórnendum vel því það var í mörg horn að líta á þessum tíma og vinna þurfti hratt.

Það kom fyrir að skólastjórnendur þurftu að vinna langt fram á nótt til að láta fólk vita af því að það þyrfti að fara í sóttkví því ekki fengu nemendur að mæta í skóla morguninn eftir.

Ég fékk nokkur símtöl frá lögfræðingum sem vildu vita hver hefði gefið mér heimild til taka þessar ákvarðanir um að senda fólk í sóttkví.

Allan tímann var mikil teymisvinna á milli okkar og sóttvarnalæknis, lögreglunnar, heilbrigðisráðuneytisins og landlæknis.

Um vorið 2020 gekk faraldurinn niður um tíma. Í júní lentum við í hinum hræðilega bruna á Bræðraborgarstíg. Það tók langan tíma að komast í gegnum það og mun sennilega aldrei klárast. Svo hófst bylgja tvö af COVID-19 í ágúst, síðan bylgja þrjú sem reis hæst í október 2020. Á þeim tímamarki áttuðum við okkur á því að faraldurinn var ekki lengur áhlaupsverkefni heldur langtímaverkefni sem við þyrftum að glíma við áfram.“

Voru starfsmenn Reykjavíkurborgar leiðandi í skipulagsvinnunni í forvörnum gegn COVID-19?

„Fókusinn hjá borgarstjóra og bæjarstjórum var mikill allan tímann sem og yfirmönnum hjá sveitarfélögunum. Það kom síðan fljótlega í ljós að það þurfti að þýða upplýsingar yfir á mörg tungumál og þar kom borgin mjög sterkt inn. Það hefði hreinlega verið eitthvað að ef stærsti aðilinn við borðið hefði ekki leitt ýmis verkefni sem komu upp og starfsmenn og stjórnendur Reykjavíkurborgar létu svo sannarlega ekki sitt eftir liggja.

Þeir hafa haft stöðugan og endalausán fókus á verkefninu. Ég hef t.d. unnið mjög þétt með Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs nú yfir helgina vegna smita í Árbænum svo eitthvað sé nefnt. Veiran hefur farið um allt. Ekkert hverfi á höfuðborgarsvæðinu hefur sloppið. Ég held að stóri lærdómurinn af þessu sé að svona viðbúnaðarhugsun getur nýst í svo mörgu. Það fóru bara allir í verkefnið og þá meina ég allir.“

Mikið álag í langan tíma

„Föstudaginn 1. október [2021] næstkomandi verður fundur hjá framkvæmdaráði AHS og þar verður lögð fram hugmynd að stofnun covid-þjónustuvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að ráðnir verði þrír einstaklingar til að vinna að þessu tímafreka verkefni. Þetta er orðinn býsna langur tími og má segja að ég og Þóra höfum verið á bakvakt frá upphafi, þar sem ýmis verkefni hafa komið upp til dæmis aðstoð við rakningu innan skólasamfélagsins. Þetta eru mikilvæg verkefni sem þarf að vinna hratt og taka langan tíma hjá stjórnendum, á sama tíma hafa önnur verkefni setið á hakanum sem er ekki gott. Við þurfum að létta á innviðum sveitarfélaganna sem hafa svo sannarlega staðist prófið. Okkar verkefni er að upplýsa og sjá til þess að allt gangi upp í svona aðstæðum. Sveitarfélögin þurfa að geta einbeitt sér að fullu að eigin verkefnum og það sérstaklega eftir svona langan tíma í röskun á almennri starfsemi vegna covid. Við þurfum því að styrkja almannavarnaþáttinn hjá okkur og að það sé horft á það hlutverk sem við höfum gegnt í þessum faraldri. Ofan á faraldurinn hafa síðan komið alls konar aðrar vör, eins og óveður, jarðskjálftar og eldgos. Ég held ég sé ekkert að ýkja þegar ég fullyrði að kerfið okkar þarf að vera þannig uppbyggt að það þoli sólarhringsvinnu í einhvern tíma.“

Viðbrögð í Skógarhlíð

„Við hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, SHS, skiptum öllu upp hjá okkur í fyrstu bylgju til að forðast smit og á tímabili vorum við með bækistöðvar á ellefu stöðum á höfuðborgarsvæðinu í stað fjögurra. Ég átti fund með slökkviliðsstjórum víða af Norðurlöndunum og þeir sögðust aldrei áður hafa þurft að glíma við eins mikil veikindi og í faraldrunum. Það kom mér mjög á óvart því hér var ástandið þvert á móti þannig að það voru nánast engin veikindi. Hér var allt starfsfólk meðvitað um sitt hlutverk og tilbúið að leggja sitt af mörkum í framlínunni. Ég er mjög stoltur af öllu starfsfólki SHS sem lagði

gífurlega mikið á sig og fórnað ýmsu til að láta allt ganga upp og það sem var gert og græjað er ótrúlegt.

Mér fannst aðdáunarvert að sjá hversu sterka innviði eru hér á höfuðborgarsvæðinu og þá er átt við viðbragðsaðila sem og aðra starfsmenn sveitarfélaga. Fólk sem er ekki vant því að vera í neinni „aksjón“ frá degi til dags var algjörlega tilbúið í verkefni og einstaklega hugmyndaríkt í þeirri vinnu sem til þurfti. Það var alveg til fyrirmyndar og ég held að við getum öll verið stolt af því góða fólki. Ég upplifði aðdáunarverða sjálfsbjargarviðleitni.

Fyrst í stað var smitakningateymið hér hjá okkur í Skógarhlíðinni. Við hólfuðum allt húsið niður og sumir fóru heim og settu upp skrifstofur þar. Herbergið mitt breyttist í matsal en við fengum mat sendan í bökkum.”

Jón Viðar segir að margar nýjar lausnir og úrræði hafi komið til svo hægt væri að forðast smit og annast þau flóknu verkefni sem komu upp vegna flutninga á COVID-19 sjúklingum.

„Við leigðum sendiferðabíla í covid flutningana. Þá keyptum við stóran sendibíl með kassa til að geta flutt og höndlað sjúklinga í öndunarvél. Þessir bílar voru þannig útbúnir að bílstjórinn var einangraður og stúkaður af og því ekki í smithættu.

Við lentum m.a. í því að okkar fólk flutti einstakling sem það vissi ekki að væri smitaður af COVID-19. Við slíkar aðstæður þurftum við á aðstöðu að halda þar sem fólk gat beðið á meðan athugað væri hvort það væri útsett fyrir smiti. Við gerðum því biðaðstöðu hérna í húsinu þar sem bílamiðstöð lögreglunnar var til húsa. Þar settum við upp sjónvarp svo fólk hefði einhverja afþreyingu á meðan það beið niðurstöðu skimunar því það var frekar óskemmtilegt að hafa ekkert fyrir stafni. Þetta rými fékk nafnið „Eymdin“. Aðstaðan var ekki einungis fyrir okkur heldur einnig aðra viðbragðsaðila t.d. lögregluna. Biðin eftir því hvort viðkomandi komst heim í lok vaktar eða ekki er ekki auðvelt og einnig spurning hversu margir eru úr leik í einhvern tíma.

Við skiptum líka teyminu upp í minni einingar og leigðum m.a. aðstöðu á Grandhótel en þar er bílakjallari með nægilega hæð til að bílarnir okkar kæmust þar inn. Þar var teymi á vakt allan sólarhringinn.

Öllum líkamsræktarstöðvum var lokað í fyrstu bylgju faraldursins. Einhver fann út að í World Class í Ögurhvarfi væri bílskúr með stórri bílskúrshurð og þar leigðum við aðstöðu í nokkrar vikur. Þá fengum við einnig aðstöðu úti á Granda í húsnæði björgunarsveitarinnar Ársæls. Þetta var gert til að skipta liðinu upp til að forðast það að allir yrðu óvirkir í einu ef smit kæmi upp. Alls staðar var vandlega farið að þeim reglum að sótthreinsa allt áður en nýtt fólk kæmi á vakt.

Sögurnar og atvikin sem gerðust á þessum tíma gætu reyndar fyllt heila bók og mjög erfitt að gera skil í stuttri samantekt. Allar þessar sögur eiga þó eitt sameiginlegt en það var

ótrúleg samstaða og vilji til að láta hlutina ganga sem var aðdáunarvert og ýmsu fórnað til að það gengi eftir.”

Sluppu ótrúlega vel við smit

„Við hjá SHS sluppum í byrjun ótrúlega vel við smit, í raun svo vel að við trúðum því varla. Við sendum því allt okkar starfsfólk í mótefnamælingu í janúar áður en bólusetning hófst og það voru bara örfáir með mótefni sem við vissum af.

Þetta var í raun alveg magnað því við vorum með svo marga af covid-sjúklingunum í fanginu. Í fyrstu bylgjunni vorum við að flytja liggjandi sjúklinga – fársjúkt fólk sem varð að komast á sjúkrahús. Í núverandi bylgju [haust 2021 innskot höfundar] höfum við verið að flytja fleiri sitjandi sjúklinga. Þá höfum við sinnt sýnatökum fyrir covid-deild Landspítalans. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við höfum lært. Hví að flytja fólk á milli staða ef það þarf bara að mæta í sýnatöku? Svo höfum við tekið PCR próf til dæmis í íbúðarkjörnum þar sem þarf að taka mörg próf. Með þessu er hægt að hraða öllu sýnatökuferlinu og létta á starfseminni á Suðurlandsbraut og covid-deildinni.

Í þessu starfi hefur myndast samhentur hópur sem þekkist vel og vinnur vel saman. Það er sífellt verið að þróa starfið og hagræða, við erum alltaf að reyna að læra af því sem gert var í gær.

Það hefur einnig reynst okkur vel að hafa aðgerðastjórn fyrir höfuðborgarsvæðið virka allan tímann og samvinna lögreglu, SHS og almannavarna verið virkilega gott og mikilvægt. Við eigum mjög gott samstarf við lögregluna og það hefur mikið gildi að hafa aðgerðastjórnstöðina hér í Skógarhlíðinni og hefur sannað sig margfalt. Andinn sem er búinn að vera byggjast upp í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð var að skila ótrúlegum árangri. Allir voru vanir að vinna saman og þekktu hvert annað og mikið traust í gangi á milli fólks.

En það sem stendur upp úr og hefur eiginlega verið mikilvægast á þessum tímum er að hafa svo góðan skilning frá æðstu stjórnendum hér á höfuðborgarsvæðinu.”

Hver bylgja haft sinn brag

„Hver bylgja hefur haft sinn brag. Í fyrstu bylgjunni vissum við ekkert hvað við vorum að glíma við. Þá vorum við svo heppin að við gátum bara gripið inn í strax á landamærunum og það var gert. Fólk sem var að koma heim frá skíðasvæðunum var einfaldlega sett í sóttkví.

Bylgjur tvö og þrjú komu síðan vegna opnunar á landamærunum. Svo var svakaleg spenna um áramótin 2020/21 þegar fólk fór að koma heim frá útlöndum sem hafði verið í sínum heimalöndum yfir hátíðarnar. Grímurnar komu síðan sterkar inn í seinni bylgjunum.”

Fjöldabólusetningar

„Það var líka mjög mikilvægt að fá Laugardalshöllina undir bólusetningarátakið. Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins fól mér að skipuleggja það starf. Heilsugæslan kom upp með QR kóðana sem notaðir voru en við þurftum að leysa mörg verkefni. Línurnar voru t.d. hannaðar af okkur og hvernig hjúkrunarfræðingarnir gengu til verksins algjörlega fúmlaust svo hægt væri að senda fólk út í hópum eftir bólusetninguna. Samvinnan við Reykjavíkurborg var frábær þarna. Ég held að mér sé óhætti að segja að helsti arkitektinn að þessu skipulagi að öðrum ólöstuðum sé Brynjar Þór Friðriksson deildarstjóri hjá SHS.

Hver hópur sem mætti í bólusetningu hafði sinn blæ. Eldra fólkið var sumt að spyrja: Er ég búin að fá sprautuna? Þá gátum við bent á plásturinn og sagt „Já, sjáðu þú ert búinn“. Hjá yngra fólkinu var annað uppi á teningnum, til dæmis smá kvíði og jafnvel yfirlið.

Því miður komu einnig upp tilvik þar sem fólk kom inn og reyndi síðan að komast út aftur án þess að láta bólusetja sig til þess eins að reyna að fá bólusetningarfottorð. Það hefur því reynt á ýmislegt og sumt hefur ekki farið hátt.

Hins vegar er mjög jákvætt hve sterkur vilji þjóðarinnar er til að láta bólusetja sig og hversu háu hlutfalli við náðum á skömmum tíma með þessum fjöldabólusetningum.“

18.2 „Um leið og misvísandi upplýsingar fara á kreik fer allt í steik“

Þóra K Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins. Viðtal tekið 13. júní 2022.

Þóra er menntuð í neyðarstjórnun og er með meistaragráðu í hamfarastjórnun „disaster management,“ frá háskólunum í Kaupmannahöfn og Lundi.

Þú hefur verið þokkalega undirbúin þegar covid skall á okkur?

„Já, ég ímyndaði mér ekki að við myndum upplifa svona alheimsfaraldur með þessum hætti. Ég var reyndar að vinna hjá Rauða krossinum þegar svínaflensan kom en ég gat engan veginn séð þetta fyrir sem gerðist í heiminum í kórónuveirufaraldrinum þótt til væru sviðsmyndir. Maður gat ekki ímyndað sér svona víðtækar takmarkanir alls staðar.



Nú er talað um að stríðið í Úkraínu muni valda matvæðaskorti í heiminum en það er ekki einungis það sem veldur heldur er kórónuveiran að skapa alls konar eftirköst og skortstöðu á hinu og þessu.

Ég hafði gert ráð fyrir að sjá einhverjar svona breytingar t.d. vegna stríðs en ekki út frá alheimsfaraldri.

Við enduðum síðustu bylgju á því að aðstoða skólastjórnendur við að rekja smit í skólum. Við fengum kærkomna aðstoð í lok ársins 2021. Við byrjuðum tvö í þessu við Jón Viðar [slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins] og svo var tveimur starfsmönnum bætt við, og tveimur til viðbótar í kjölfar þess þar sem farið var í að aðstoða allt landið. Svo bættum við einum við eftir áramótin. Það sprakk allt í skólarakningunni eftir áramótin [2022] og þá skiptum við á tvær vaktir. Svo þegar allar takmarkanir voru felldar niður héldum við tveimur starfsmönnum eftir. Það eru ákveðin verkefni sem við þurfum ákveðinn stuðning við. Við höfum ekki náð að sinna þessum almannatengdu verkefnum sem við vorum í fyrir faraldurinn.

Þetta var ansi mikið at,“ segir Þóra þegar hún lítur í baksýnispegilinn.

„Það sem við gerðum hér hjá almannavörnum, sem eftir á að hyggja var ekki alveg rétt, var að við tókum svona vertíðardæmi á þetta. Við héldum alltaf að þetta myndi klárast á nokkrum mánuðum. Við hefðum þurft að ráða fólk til aðstoðar fyrr því við unnum allt of mikið. Þetta var eins hjá sveitarfélögunum þar sem álagið var gríðarlega mikið á sviðsstjórunum. Við gleymdum kannski að fá fleiri í lið með okkur vegna þess að við héldum að þetta myndi klárast fyrr.

Í fyrstu þremur COVID-19 bylgjunum var ég með 40 – 70 yfirvinnutíma á mánuði og ég viðurkenni alveg að ég var orðin pínku þreytt. Það bjargaði því miklu þegar við fengum fólk inn í þetta með okkur.

Þá gátum við til dæmis deilt bakvöktunum sem við Jón Viðar höfðum tekið frá janúar 2020.

Það bætti ekki úr skák að veturinn 2019 var hundleiðinlegur. Óveður og alls konar óáran. Við Jón Viðar höfðum því verið á bakvakt síðustu mánuði þess árs líka áður en COVID byrjaði. Það varð alltaf einhver að vera til staðar sem gæti tekið símann.

Vefsíðan ahs.is sem við settum upp dreifði álaginu þegar hún fór í loftið í mars 2020. Hún var unnin af Ásdísi Gíslason upplýsingafulltrúa og síðan hefur Áslaug Ellen Yngvadóttir séð um síðuna. Þar höfum við sett inn allar leiðbeiningar, reglugerðir og gögn frá embætti landlæknis og annars konar stuðningsefni til að aðstoða sveitarfélögin til að komast í gegnum verkefni. Við reyndum að einfalda síðuna þannig að hún nýttist sveitarfélögunum sem allra best og fólk þyrfti ekki að eyða miklum tíma í að finna efnið sem það var að leita að. Þannig skiptum við þessu eftir fagsviðum. Til öryggis sendum við alltaf pósta líka svo skilaboðin kæmst örugglega á rétta staði.“

Eins og gefur að skilja var mikið um fundahöld í fjarfundabúnaði hjá almannavörnum meðan kórónuveirufaraldurinn geisaði. Þóra og Jón Viðar sátu til dæmis bæði nánast alla

neyðarstjórnarfundum Reykjavíkurborgar og Jón Viðar sat einnig flestalla neyðarstjórnarfundum hinna sveitarfélaganna auk margra annarra.

Í fyrstu bylgjunni kölluðu AHS alla upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu saman eins og gert er í hefðbundnum neyðartilfellum til að tryggja samhæfð skilaboð.

„Í annarri bylgju tókum við smá stefnubreytingu varðandi það,“ segir Þóra. „Þá funduðum við frekar með sviðsstjórunum þar sem mesti þunginn var. Þetta voru vikulegir fundir og stundum oftast eftir þörfum. Við höldum þessu fyrirkomulagi þar til allt var búið.“



Þannig náðum við að hlusta á alla og ná samvinnu við öll sveitarfélögin um hvaða leiðir yrðu farnar og öll væru á sömu línu. Við gátum einnig dregið alls konar aðila inn á þessa fundi þegar við höfum ekki svörin; sóttvarnalækni, Embætti landlæknis, fulltrúa frá ÍSÍ og frá ráðuneytunum.

Við erum ekki sérfræðingar á þessum sviðum. Þess vegna var mjög dýrmætt fyrir okkur að hafa lykilaðila með okkur ásamt okkar sýn á almannavarnir.“

Þóra segir að neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hafi fundað örast en hinar neyðarstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafi einnig verið mjög virkar. Þá hafi aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins einnig fundað vikulega.

Ég var fulltrúi samhæfingarstöðvar almannavarna fyrir allt landið. Sá um að koma upplýsingum áleiðis til sveitarfélaganna, reyna að leita svara við fyrirspurnum frá tengiliðum og sérfræðingum. Sjá til þess að öll sveitarfélögin væru með sömu upplýsingar hverju sinni. En einnig voru unnar leiðbeiningar, bréf og annað á höfuðborgarsvæðinu sem nýttist fyrir allt landið. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi öll gögn áfram til sveitarfélaganna og komu einnig að vinnu við leiðbeiningar og annars konar upplýsingagjöf sem snerti sveitarfélögin. Við lentum í því nokkrum sinnum á þessu tímabili að einhverjir aðrir fóru að gera hluti án okkar vitneskju. Eða endursenda upplýsingar sem olli upplýsingaóreiðu.“

Í þessu samhengi er Þóra m.a. að vísa til þess þegar farið var að bólusetja ákveðna hópa innan velferðarsviðanna hjá sumum sveitarfélögum en ekki öðrum. En það olli talsverðri gremju.

„Okkar hlutverk er að samræma aðgerðir á svæðinu og sjá til þess að allt gengi í takt. Með meira samtali hefði verið hægt að grípa þar inn í og koma í veg fyrir ósamræmi. Við enduðum stundum í „damage control“ varðandi svona. Þegar fólk er orðið þreytt þá verða svona mál ennþá flóknari en einnig algengari.“

Við lentum einnig í því að þurfa að stoppa hluti af. Ýmsir aðilar innan menntakerfisins fóru t.d. að senda alls konar gögn, eða endursenda, til sveitarfélaganna. Það var gert af heilum hug en olli óöryggi hjá fólki þar sem við vorum komin með ákveðnar upplýsingaleiðir sem fólk var orðið vant. Það er afar mikilvægt að passa upp á að sömu upplýsingar séu ekki að koma úr mörgum áttum. Slíkt veldur pirringi hjá fólki.

Reglugerðarbreytingar voru örar og oft ruglandi sem hafði það í för með sér að oft þurfti funda til að rýna nýja reglugerð þannig að sameiginlegur skilningur væri til staðar. Einnig fengum við stundum til okkar fulltrúa frá heilbrigðisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu til að skýra reglugerðir en eins til að koma upplýsingum áleiðis til ráðuneytanna og sóttvarnalæknis til að skýra sýn skólafólks og þeirra vandamál með að framfylgja ákveðnum reglugerðum og þá hvort hægt væri að koma til móts við það á þann hátt að sóttvörnum væri ekki ábótavant.

Við vorum stöðugt í því að reyna að draga alla að borðinu, líka fólk úti á landi. Þegar við gerðum þetta á víðtækum grunni þá gengu hlutirnir mun betur. Í svona ástandi skiptir upplýsingagjöfin höfuðmáli og að allir fái sömu skilaboð.

Þóra nefnir dæmi um það þegar upplýsingagjöf mistekst með alvarlegum afleiðingum.

„Í óveðrinu 2019 var sett á gul viðvörðun á Seltjarnarnesi hálf tíma áður en gul viðvörðun var sett á annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Það var vegna þess að veðrið átti fyrst að skella á þar. Þetta var mjög lærdómsríkt fyrir okkur því það fór allt í steik. Sama viðvörðun verður að gilda fyrir allt höfuðborgarsvæðið jafnvel þótt veður sé eitthvað verra sums staðar eða byrji fyrir einhvers staðar. Við getum einfaldlega ekki verið með misvísandi skilaboð í neyðarástandi. Fólk nefnilega býr ekki endilega þar sem það vinnur, höfuðborgarsvæðið er eitt íbúa- og atvinnusvæði.

Í covid lögðum við því áherslu á að öll bréf til foreldra í skólakerfinu væru eins. Þar væri bara nafn þess sem skrifaði undir breytilegt og reynt að hafa þau á þremur tungumálum, þ.e. íslensku, pólsku og ensku.

Mér fannst eiginlega alls staðar góður vilji til samvinnu. Við lentum svolítið í því að þurfa að elta reglugerðirnar. Sóttvarnalæknir og heilbrigðisráðuneytið voru stundum aðeins misvísandi. Mér fannst þetta sérstaklega gerast undir lokin þegar fólk var orðið mjög þreytt.

Þegar Ásmundur Einar Daðason varð menntamálaráðherra stofnaði hann nýjan vinnuhóp sem var skipaður fólki af öllum stigum. Það var mjög árangursríkt. Fólk fékk þar ráðrúm til að tala og koma með athugasemdir. Allar ákvarðanir voru náttúrulega teknar út frá sóttvörnum þannig að sóttvarnalæknir hafði lokaorðið. Fyrir þetta var ákveðinn pirringur vegna menntamála en þessi vinnuhópur lægði þær öldur að mestu. Ásmundur Einar hafði einnig gert þetta á velferðarsviðinu. Hann stofnaði neyðarteymi fyrir velferðarmálin. Hann gekk ansi vel fram í þessu ástandi og greip snemma inn í. Ég held reyndar að það sé

líka frábært starfsfólk þarna sem áttaði sig strax á mikilvægi samvinnu og samtals til að ná árangri.

Við unnum líka þétt með upplýsingafulltrúum allra ráðuneytanna í fyrstu bylgjunni þar sem landið allt var undir í samhæfingarstöðinni.

Samstarfsviljinn var merkilega góður. Ég dáðist að sveitarfélögunum og starfsfólkinu hvað þau gerðu og hvernig þau tókust á við breytta starfsemi og tóku alls konar u-beygjur í starfseminni. Þarna sáum við hversu aðlögunarhæfnin er mikil og hvað allt var gert með miklu jafnaðargeði.“

Póra segist hafa verið í sumarfríi þegar seinni bylgjan hófst 2020.

„Þá fór allt til andskotans. En ég held reyndar að þetta sumar hafi bjargað mjög miklu því fólk gat aðeins kúplað sig út úr ástandinu. Það mæddi mikið á fáum og í raun allt of fáum þegar ég horfi til baka yfir sviðið. Það var alltaf eitthvað sem kom upp. Það sem við tökum með okkur eftir þetta ástand er að samvinnan skiptir öllu máli og á höfuðborgarsvæðinu þá skiptir máli að öll komi að borðinu og að við séum meðvituð um okkar hlutverk sem samhæfingaraðila. Stoppa og ræða saman. Við ættum að læra það.“

En voru þetta ekki bara hnökror?

„Eðlilega urðu sumir sárir við ákveðnar aðstæður. Eftir á að hyggja held ég að okkur hafi tekist að vinna ágætlega úr flest öllu.“

Varðandi upplýsingagjöf til innflytjenda og hælisleitenda segir Póra að reynt hafi verið eftir fremsta megni að virkja allar leiðir sveitarfélaganna til að ná til þessara hópa. Til að byrja með hafi þó mest allt upplýsingaefni aðeins verið á íslensku. Fljótlega hafi komið í ljós rík þörf til að þýða allar upplýsingar einnig á erlend tungumál.

„Við reyndum að nálgast jaðarhópa í gengum upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna og velferðarsviðin. VoR teymi borgarinnar [Vettvangs- og ráðgjafarteymi sem aðstoðar heimilislaust fólk með vímuefnavanda og geðvanda] var mikið notað til að koma upplýsingum á framfæri við þann hóp fólks og einnig Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarúrræði Rauða krossins.

Þessir aðilar voru einnig í samstarfi við okkur og heilsugæsluna í faraldrinum og einnig þegar bólusetningarátakið hófst. Bólusetningarbíllinn var þá sendur á stærstu vinnustaðina þar sem innflytjendur vinna. Með því var reynt að koma til móts við fólk af erlendum uppruna og heimilislaust fólk. Tilgangurinn var og er að ná til eins margra og mögulegt er. Til að ná hjarðónæmi er miðað við að 70% séu bólusettir eða hafi smitast. Við höfum reynt að gera okkar besta til að ná til allra og höfum m.a. notað tengslanet Rauða krossins til að ná til flóttafólks og hælisleitenda.

Þannig var bólusetningarbíllinn oft með túlk með sér eða notaði símatúlkun. Mér skilst að það hafi hjálpað mikið til. Annars er ástandið þannig að stór hópur fólks af erlendum

uppruna er enn ekki bólusettur þrátt fyrir að alls konar auglýsingar hafi verið búnar til og margir hafi virkjaðir til að koma upplýsingum á framfæri, m.a. Samtök atvinnulífsins.“

Varðandi atriði sem hefði mátt gera betur strax í upphafi segir Þóra að beint samstarf almannavarna við fagsvið sveitarfélaganna hefði mátt byrja fyrr.

„Við hefðum átt að byrja samstarfið við sviðin fyrr. Það samstarf kenndi okkur að gera allt saman og nýta alla tengiliði hjá sveitarfélögunum til hins ítrasta. Við gerðum þetta þegar eldgosíð í Fagradalsfjalli hófst. Þá voru strax stofnaðir vinnuhópar um neysluvatn og mengun.

Á tímum eins og í dag verðum við að vera meðvituð um að koma upplýsingum eins hratt út og mögulegt er og svara öllum spurningum. Snýst rosalega mikið um upplýsingagjöf inn á við og út á við. Um leið og misvísandi upplýsingar fara á kreik fer allt í steik. Það er helsti lærdómurinn af þessari krísu.“

19. Fordæmalausir tímar



Lögreglumenn logsjóða aftur hurð í Wuhan í Kína til að loka fólk inn í sóttkví. Litlir líkbrennslubálkestir á bílastæðum og götum í borgum Inlands þegar delta afbrigði kórónuveirunnar ríður þar yfir. Fólk að deyja úr súrefnisleysi á götum úti. Auðar götur í stórborgum á borð við London og New York. Fjöldagrafir á Hart eyju úti fyrir sömu borg. Neyðarástand á spítölum. Bráðaspítalar með hundruðum sjúkrarúma settir upp á metttíma. Þetta voru fréttaleiftrín sem bárust til okkar utan úr heimi á tímum kórónuveirunnar.

Sennilega var alvöru plága í miðaldastíl eins og COVID-19 það síðasta sem okkur hefði dottið í hug að mynda henda okkur á fyrstu áratugum 21. aldarinnar. Tekist hafði að hefta aðra heimsfaraldra eins og SARS-CoV-1 og HABL nánast í fæðingu. Hin nýja kórónuveira sem fékk nafnið SARS-CoV-2 og olli heimsfaraldri COVID-19 náði hins vegar að breiðast út um heiminn með ógnarhraða. Þegar John Hopkins háskólinn hætti að taka saman tölfræði um COVID-19, 10. mars 2023, voru staðfestar dánartölur vegna kórónuveirunnar komnar í tæpar 6.9 milljónir. Staðfest smit voru þá tæp 677 milljónir og gefnir bóluefnaskammtar voru orðnir tæplega 13.4 billjónir.⁷²⁰ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hefur lýst því yfir að dauðsföllin af völdum SARS-CoV-2 séu margfalt fleiri.

Auk þess að valda milljónum dauðsfalla olli heimsfaraldur COVID-19 efnahagskrísu á heimsvísu sem enn sér ekki fyrir endann á. Hver hefði trúað því að miðborg Reykjavíkur liti út eins og draugabær í samkomubanni vegna veirunnar, að ekki sæjust þoturákir á bláum himninum dögum saman vegna þess að flugsamgöngur í heiminum stöðvuðust næstum og að atvinnuleysi hér á landi ryki upp í hæstu hæðir þannig að Vinnumálastofnun þurfti að greiða út tólf milljarða króna í atvinnuleysisbætur 1. maí 2020!

Óvissan var algjör í fyrstu bylgju pestarinnar. Samt leið okkur svolítið eins og við hefðum sigrað veiruna í maí 2020 þegar smit voru nánast engin hér heima og sumarið framundan. Við héldum sigurhátíðir, veittum Fálkaorður og fórum yfir hvað við hefðum verið dugleg að verjast þessum nýja vágesti.

Vágesturinn hélt samt áfram að gera óskunda í heiminum og tók á sig nýjar myndir með nýjum afbrigðum sem voru miklu meira smitandi en fyrsta útgáfan. Fáa grunaði í sigurvímu vorsins 2020 að ástandið ætti eftir að versna og að glíman við veiruna myndi halda áfram um haustið og veturinn 2020/21. Þegar fregnir bárust af því síðar um sumarið að bóluefni

⁷²⁰ <https://coronavirus.jhu.edu/map.html>

væru að finnast við veirunni og yrðu tilbúin eftir nokkra mánuði birtist ljósglæta í myrkrinu. Um svipað leyti var sett á grímuskylda á almannafæri. Við vöndumst grímunum óþægilega fljótt.

Eftir „jólakúlujólin“ 2020 þar sem fjölskyldur héldu jólin í fámennum jólakúlum hófst bólusetning eldri borgara og viðkvæmra hópa. Það var ótrúlegur léttir. Þá vorum við einnig flest búin að átta okkur á því að líklega væri mikill meirihluti fólks nægilega hraustur til að lifa af COVID-19 og heilbrigðisþjónustan okkar svo góð að heilbrigðu fólki stafaði frekar lítil hætta af veirunni. Flestir sem létust voru aldriðir og einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma. En inn á milli var samt bráðhraust fólk á besta aldri sem veiran lagði í gröfina með svokölluðum ónæmissstormi. Við vissum þá líka að COVID-19 sýking gat valdið alls kyns aukakvillum hjá sumum einstaklingum sem þurftu á endurhæfingu að halda eftir sýkingu - jafnvel þótt veikindin væru ekki mikil í fyrstu.

Þegar undirritaður fékk fyrstu bólusetningarsprautuna á vordögum 2021 í pakkaðri Laugardalshöll var auðvelt að hrífast af skipulaginu sem minnti á heraga. Smá efi fór í gegnum hugann - var þetta bóluefni frá Astra Zeneca nú alveg öruggt með sínum snefilefnum úr simpönsum? Á leiðinni heim hríslaðist samt um mig svolítt frelsisstraumur - þessu hlyti að fara að linna. Kórónuveiran næði vart að kála manni úr þessu. Frelsið fékkst samt ekki alveg strax og það voru eiginlega heilmikil vonbrigði. Óþægindin vegna COVID-19 héldu áfram með grímuskyldu, PCR prófum með pinnum upp í heila og handabandsleysi veturinn 2021 og fram í febrúar 2022. Þá vorum við nánast öll tví-, þrí- og jafnvel fjórbóluset. Síðan höfum við lifað óheft með kórónuveirunni sem fólk er enn að veikjast af þótt smitum fari nú fækkandi. Þetta var ekki skemmtilegur tími og pestin frekar vond þegar veiran loksins barði að dyrum í mínum líkama. Eftir á að hyggja var þetta samt mjög áhugaverður tími því hann reyndi á þolrifin í okkur á hátt sem engan hefði órað fyrir.

Um sumarið 2021 boðaði Þorsteinn Gunnarsson borgarritari mig á fund sinn og sagði að yfirstjórn borgarinnar hefði ákveðið að láta skrifa skýrslu um viðbrögð Reykjavíkurborgar við heimsfaraldri kórónuveirunnar. Það játast hér að ég var ekkert allt of upprifinn yfir verkefninu. Láí mér það hver sem vill, en ég hélt þá og held enn að flestir vilji bara gleyma þessum langa leiðindatíma sem fyrst. Eftir nokkurn umhugsunarfrest ákvað ég að taka verkefnið að mér og hófst strax handa við að lesa heimildir og taka viðtöl við helstu persónur og leikendur sem höfðu staðið í fárinu miðju fyrir borgina. Síðan hef ég verið með COVID-19 á heilanum hvern einasta dag með litlum hléum.

En svo gerðist það að veiran lét sig ekkert hverfa heldur hélt áfram að valda usla haustið 2021 þrátt fyrir almennar bólusetningar. Þetta var sem sagt langvarandi krísa sem þurfti stöðugt að bregðast við. Við komumst að því að bóluefnin drógu úr veikindum en komu ekki alveg í veg fyrir þau.

Flest viðtölin sem tekin voru fyrir skýrsluna voru tekin á haustdögum 2021, 2022 og síðan eftir föngum til þessa dags. Öll sem undirritaður hefur haft samband við hafa veitt umbeðnar upplýsingar eða viðtöl fúslega. Eiga þau miklar þakkir skildar fyrir það. Alls

staðar hefur skinið í gegn hjá starfsfólki borgarinnar viljinn til að gera vel og halda þjónustu borgarinnar órofinni og gangandi við aðstæður sem voru vissulega mjög uggvekjandi fyrir fjölmarga, sérstaklega í byrjun þegar óvissan var mikil.

Framlínustarfsfólk borgarinnar, sem vinnur við hjúkrun, heimaþjónustu, aðhlyningu aldraðra, fatlaðs fólks og við að aðstoða einstaklinga sem glíma við fíkni- og geðsjúkdóma og heimilisleysi á sannarlega miklar þakkir skildar fyrir hugrekki sitt og ósérhlífni í faraldrinum. Einnig kennarar, skólastjórnendur og starfsfólk í grunnskólum og leikskólum og starfsfólk í frístundastarfi barna og unglinga sem vann störf sín af æðruleysi með hugmyndaauðgina að vopni í gegnum allan faraldurinn. Ekki má heldur gleyma starfsfólkinu í þjónustuveri borgarinnar í Borgartúni sem lokaði aldrei á þessum tveimur árum. Á meðan vann stór hluti vinnandi fólks í öryggi sinna heimila þegar verstu smitbylgjurnar gengu yfir og lágmarkaði þannig áhættu sína af því að smitast.

Við skulum líka minnst þess að það var alls ekki jafn auðvelt fyrir alla að vinna heima þar sem alls konar heimilisaðstæður geta haft áhrif, jafnvel félagsleg einangrun fyrir þau sem búa ein. Heima við voru vinnuaðstæðurnar alls konar og yfirleitt alls ekki jafn góðar og hefðbundnir vinnustaðir bjóða upp á.

Góðir skipulagshæfileikar stjórnenda hjá borginni, forystuhæfileikar, þrautseigja og dugnaður við upplýsingagjöf til starfsmanna og almennings voru einnig áberandi í faraldrinum. Allir viðmælendur undirritaðs hældu stjórnendum borgarinnar fyrir góða upplýsingagjöf, skipulag og forystu í faraldrinum.

Kerfi neyðarstjórna hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu virkaði einnig eins og vel smurð vél og samvinna þeirra við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins gekk einkar vel allan tímann. Samstarfið var eins gott og hugsast gat enda var þar í forsvari fólk sem þekktist og hafði unnið saman lengi. Boðleiðir á milli allra voru stuttar og hægt að greiða úr flóknum málum og samhæfa upplýsingagjöf án ágreinings. Ekki má gleyma þætti borgarstjórans sjálfs sem stóð í stafni neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar og fór fyrir almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins allan faraldurstímann og stóð sig að mínu mati feiknavei og sýndi mikla framsýni í því að hefja allan undirbúning á höfuðborgarsvæðinu mjög snemma. Þá voru almannavarnaforbólarnir Jón Viðar Matthíasson og Póra Kristín Ásgeirsdóttir algjörlega mögnuð. Maður skildi vart hvernig þetta fólk komst í gegnum dagana þegar mest gekk á, á bakvakt mestallan tímann.

Það verður að segjast að verkefnið var margslungnara en undirritaður gerði sér grein fyrir í upphafi og gríðarlega umfangsmikið þar sem fara þurfti yfir fleiri þúsund síður af heimildum, skýrslum, minnisblöðum, fréttum auk fundargerða ráða borgarinnar yfir rúmlega tveggja ára tímabil. Að auki komu tímabil þar sem önnur verkefni kröfðust allrar athyglinnar og var þá kórónuveirunni stungið undir stól á meðan.

Verkefnið hefur því tekið talsvert lengri tíma en áætlað var þrátt fyrir mikla yfirlegu. Hins vegar er ekki endilega slæmt að hafa fengið aðeins meiri tíma og fjarlægð á heimsfaraldurinn sem fólk kallaði „fordæmalausa tíma“. Auðvitað var ástandið

fordæmalaust fyrir okkur sem upplifðum það. Plágur hafa riðið yfir heimsbyggðina með reglulegu millibili í gegnum aldirnar. Spænska veikin síðast 1918 og 1919. Við skulum vona að minnsta kosti önnur 100 ár líði þar til næsta plága birtist. Þá verður e.t.v. gott að geta gluggað í þessa skýrslu og þau gögn sem hún vísar á til að sjá hvaða bjargir voru nýttar til að halda samfélaginu gangandi þegar SARS-CoV-2 geisaði árin 2020 – 2023.

Ég er ekki fræðimaður né sérfróður um krísustjórnun. Við vinnuna hef ég því aðeins beitt þeim aðferðum sem áratuga reynsla af blaðamennsku hefur kennt mér og það er að leyfa heimildamönnum að tala. Í viðtölum við fólk reyndi ég að ná því fram sem því þótti merkilegast við þennan tíma. Margt af því sem ákveðið var á hæstu stöðum í faraldrinum var aðdáunarvert en starfsfólkið á gólfinu sem hélt öllu gangandi allan tímann við alls konar aðstæður og átti á hættu að smitast fær mína orðu. Ég vona að ég hafi náð utan um allt það merkasta sem gerðist.

Við getum líka þróað okkur sæl yfir því að hér var fólk ekki lokað inni í margar vikur vegna strangra sóttvarnaaðgerða stjórnvalda (lockdown) eins og víða erlendis. Við héldum grunnskólum, leikskólum, frístundaheimilunum og félagsmiðstöðvum barna opnum, gátum farið út í náttúruna að sprikla þótt líkamsrækt og sundlaugar skelltu í lás og barir og skemmtistaðir væru lokaðir vikum saman. Samfélagið virkaði með grímur fyrir vitum og sprittbrúsa á borði en það var grámi yfir öllu og margt í algjörum hægagangi eða lokað. Þess vegna eiga fjölmargir enn um sárt að binda eftir faraldurinn.

Fyrir okkur sem búum við gott aðgengi að bólusetningum og heilbrigðisþjónustu er kórónuveiran nánast gleymd í dag og sannarlega er bjartara yfir öllu núna þótt ýmislegt sé við að stríða. Afleiðingar faraldursins eru enn að birtast okkur. Veiran skók sálarlíf margra og olli langtímaveikindum hjá fjölmörgum. Hún breytti lífinu eins og við þekktum það. Við höfum enn ekki að fullu komist að því hvað hún gerði okkur. Það mun smám saman koma í ljós.

Þann 5. maí 2023 var haldinn merkilegur blaðamannafundur í Sviss í höfuðstöðvum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO. Þar aflétti Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri stofnunarinnar alþjóðlegu neyðarstigi vegna COVID-19. Þar sagði hann m.a. að yfir 20 milljónir manna hefðu látist af völdum veirunnar sem er nánast þrisvar sinnum meira en opinberar tölur hafa gefið til kynna. Hann varaði einnig við því að hættan af kórónuveirunni væri enn við lýði og við þyrftum að enn að vera á verði gagnvart þeim lúmska fjanda SARS-CoV-2 sem hreldi okkur svo illa í rúm tvö ár.⁷²¹

Vituð ér enn - eða hvað?

Bjarni Brynjólfsson, Reykjavík, júní 2023

⁷²¹ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO: [Statement on the fifteenth meeting of the IHR \(2005\) Emergency Committee on the COVID-19 pandemic](#), 5. maí 2023.

20. Lokaorð

Leiðandi höfuðborg

Reykjavíkurborg sýndi mátt sinn og megin sem leiðandi afl í COVID-faraldrinum eins og rakið er í þessari skýrslu.

Reykjavíkurborg gat hlaupið hratt af stað því allar áætlanir voru tilbúnar. Styrkurinn í aðgerðum

Reykjavíkurborgar fólst í því að notað var skipulag sem

búið var að móta og þjálfa upp síðastliðin ár á höfuðborgarsvæðinu og byggði því á traustum grunni, þ.e. almannavarnanefnd og framkvæmdaráð almannavarnanefndar,

neyðarstjórnir sveitarfélaganna sem og starfsfólki almannavarnanefndar. Traust var lyklatríði hvort sem það var á meðal sveitarstjórnanna á höfuðborgarsvæðinu, starfsfólki almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, neyðarstjórnar og yfirstjórnar

Reykjavíkurborgar, á milli sviða borgarinnar og miðlægrar stjórnsýslu, á milli stjórnenda og starfsfólks í framlínunni og gagnvart skjólstaðum okkar. Starfsfólk borgarinnar var leiðandi á landsvísu og deildi öllu því efni og úrlausnum sem sneri að velferðarþjónustu, skóla- og frístundamálum, ýmsa tækni sem þurfti að grípa til, menningar- og íþróttamálum, upplýsingamiðlun á mörgum tungumálum jafnt innan kerfis sem utan, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls og margt fleira. Einn helsti styrkleiki kerfisins sem kom í ljós var geta og vilji til að bregðast við með snörpum hætti og hugsa í lausnum, þvert á svið og einingar, þegar kom að sóttvörnum og innra skipulagi. Lyklatríði var að halda þeirri þjónustu gangandi sem leyfilegt var með öllum tiltækum ráðum. Það gekk eftir en vegferðin var mikil áskorun fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem vann þétt saman og bar starfsfólk almannavarnanefndar meginábyrgð á samhæfingu sveitarfélaganna.

Í skýrslunni standa upp úr að mínu mati viðtöl við framlínustarfsfólkið okkar sem vann kraftaverk hvað eftir annað við mjög krefjandi aðstæður þegar sóttvarnir og samkomubönn stóðu sem hæst. Starfsfólk Reykjavíkurborgar stóð frammi fyrir ótrúlegustu áskorunum, sérstaklega þegar kom að sólarhringsþjónustu velferðarsviðs á viðkvæmstu starfsstöðvum borgarinnar, inni í leikskólunum og grunnskólunum þar sem starfsfólkið þurfti sannarlega að vera lausnamiðað. Sem dæmi lokuðust vinnustaðir fatlaðs fólks í fyrstu bylgjunni og þau þurftu því að vera á búsetukjörnunum allan sólarhringinn eða heima með tilheyrandi álagi fyrir þau og starfsfólkið. Finna þurfti ný úrræði fyrir heimilislauða, svo dæmi séu nefnd.

En í þriðju bylgju veirufaraldursins haustið 2021 fóru síðan afleiðingarnar að koma í ljós. Barnaverndarmálum og heimilisofbeldismálum fjölgaði og einnig þeir sem þurftu á fjárhagsaðstoð að halda. Þegar bólusetningar hófust rofnaði aðeins samstaðan á höfuðborgarsvæðinu vegna upplýsingaóreiðu. Sem dæmi var ekki byrjað að bólusetja fólk með undirliggjandi sjúkdóma á starfsstöðum velferðarsviðs borgarinnar á sama tíma og



annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá er rétt að benda á ómetanlega aðstoð Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar sem skimaði fleiri hundruð manns frá borginni svo velferðarsvið gæti fundið þá í starfslíðinu sem voru smitaðir þegar sóttvarnarlæknir hafði sagt nei.

Endurskoðun almannavarnalaga

Á þessu ári eru 60 ár síðan fyrstu almannavarnalögin tóku gildi sem setja má í samhengi við að 1963 varð Surtsey til í neðansjávargosi suðvestan við Heimaey. Óttast var að flóðbylgja gæti skolið á Heimaey. Þegar eldsumbrotin á Heimaey urðu áratug síðar var til rýmingaráætlun fyrir Vestmannaeyinga. Margt hefur breyst síðan þá og þjóðin orðið fyrir miklum búsigjum vegna eldsumbrota, jarðskjálfta, snjóflóða og annarra náttúruhamfara og fleira og tekist á við áskoranir eins og COVID-faraldurinn þar sem almannavarnakerfi landsins reyndist sá trausti grunnur sem gott skipulag og viðbragð byggði á. Uppsett afl sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu með neyðarstjórn þeirra sem og framkvæmdaráð almannavarna og starfsfólk almannavarnanefndar í broddi fylkingar reyndist afar vel sem samhæfingarvettvangur. Ekki verður annað sagt en að allt höfuðborgarsvæðið vann sem ein heild á meðan faraldurinn gekk yfir sem var afskaplega mikilvægt í alla staði og það sérstaklega fyrir íbúa svæðisins.

Nú stendur yfir greining og endurskoðun á almannavarnakerfi landsins en í starfshópnum er að finna fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vel hefði farið á því að hafa formann almannavarnanefndar á höfuðborgarsvæðinu í starfshópnum en við því var ekki orðið þrátt fyrir beiðni um slíkt. Í vinnu starfshópsins er afar mikilvægt að horfa m.a. til reynslunnar af COVID-faraldrinum og þá sérstaklega almannavarnaskipulagsins í því samhengi. Hér þarf að nýta tækifærið sem felst í þessari endurskoðun á almannavarnakerfinu og skýra og skerpa hlutverk sveitarfélaganna og nýta styrkleika þeirra. Einnig þarf sérstaklega að huga að tilgangi og lögbundnu hlutverki almannavarnanefnda en í dag er 21 almannavarnanefnd starfandi í 9 umdæmum landsins en nærtækast væri að fækka þeim talsvert og efla um leið. Jafnframt er mikilvægt að endurskoða kaflann um skiptingu kostnaðar í núgildandi lögum um almannavarnir en þar þyrfti að horfa til þess að ríkið komi inn í með mun meiri krafti svo sveitarfélögin sitji ekki uppi með stóran hluta kostnaðarins eins og gerðist í veirufaraldrinum. Þessi COVID-skýrsla veitir vonandi góða yfirsýn yfir þessa þætti sem um ræðir.

Skýrslan var unnin að beiðni yfirstjórnar Reykjavíkurborgar. Sérstakar þakkir eru færðar Bjarna Brynjólfssyni upplýsingafulltrúa sem sá um skrif skýrslunnar og gerði það af fagmennsku. Einnig kom fleira starfsfólk borgarinnar að gerð skýrslunnar með skrifum, yfirllestri og ábendingum og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Porsteinn Gunnarsson
borgarritari

21. Heimildaskrá

- „Búast megi við 600 smitum á dag á næstunni“, Morgunblaðið 20. desember 2021, bls. 2.
- „Einn hefur greinst með nýja afbrigðið“, Morgunblaðið. 21. desember 2020, bls. 4.
- „Mannmergð við Suðurlandsbraut í gær og nýtt met slegið“, Morgunblaðið 18. desember 2021, bls. 1.
- „Spá því að um 1.000 smitist“, Morgunblaðið 20. mars 2020, bls. 4.
- „Vilja eiga allt að fimm mánaða vörubirgðir“, Morgunblaðið 19. mars 2020 bls. 1.
- Aðalbjörg Traustadóttir viðtal 18. nóvember 2021.
- Alda Árnadóttir, Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Sigríður Marteinsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir: Minnisblað 29. apríl 2021, [fylgiskjal_2_-_minnisblad_um_vidbrogd_sfs_vegna_covid.pdf](#)
- Alda Árnadóttir: Greinargerð vegna hjálparteyma og samhæfingarteymis 12.06.2020.
- Alexander Kristjánsson: „Allt að 200 manns mega koma saman frá 25. maí“, Morgunblaðið 14. maí, 2020, bls. 2.
- Alma D. Möller: „COVID-19: Smitrakning með aðstoð apps“, Morgunblaðið 1. apríl 2020 bls. 15.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, tölvupóstur, „Upplýsingar vegna kórónaveiru COVID-19, 11. mars 2020.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO. https://www.who.int/health-topics/severe-acute-respiratory-syndrome#tab=tab_1
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO [https://www.who.int/emergencies/situations/influenza-a-\(h1n1\)-outbreak](https://www.who.int/emergencies/situations/influenza-a-(h1n1)-outbreak)
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO: <https://www.who.int/europe/emergencies/situations/covid-19>
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO: [https://www.who.int/news/item/05-05-2023-statement-on-the-fifteenth-meeting-of-the-international-health-regulations-\(2005\)-emergency-committee-regarding-the-coronavirus-disease-\(covid-19\)-pandemic](https://www.who.int/news/item/05-05-2023-statement-on-the-fifteenth-meeting-of-the-international-health-regulations-(2005)-emergency-committee-regarding-the-coronavirus-disease-(covid-19)-pandemic)
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO: Statement on the fifteenth meeting of the IHR (2005) Emergency Committee on the COVID-19 pandemic, 5. maí 2023.
- Andrés Magnússon og Ragnhildur Prastardóttir: „Bólusetningar vekja vonir“, Morgunblaðið 15. desember 2020 bls. 1.
- Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri velferðarsviðs, viðtal.
- Anna Kristinsdóttir, viðtal.
- Ari Brynjólfsson: „Stemmingin á við heimsendi“, Fréttablaðið 24. janúar 2020 bls. 8.
- Arna Ýr Sævarsdóttir, viðtal.
- Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri Háteigsskóla og Guðrún Helga Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri viðtal í Háteigsskóla.
- Arndís Steinþórsdóttir skólastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.
- Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla, tölvupóstur 17.3.2020.
- Aron Þórður Albertsson, Andrés Magnússon: „Bólusetning hefst í dag“, Morgunblaðið 29. desember 2020, bls.1.
- Aron Þórður Albertsson, Andrés Magnússon: „Kári vill um 400.000 skammta“, Morgunblaðið 24. desember 2020, bls. 1..
- Aron Þórður Albertsson: „Ákvörðun sem stenst ekki skoðun“, Morgunblaðið 19. mars 2020, bls. 4.
- Atvinnu- og virknimiðlun, vinnumarkaðsaðgerðir í kjölfar COVID-19: Reykjavíkurborg, september 2022.
- Auður Björgvinsdóttir tölvupóstur 25. nóvember 2022.
- Auglýsing nr. 1223, 8. desember <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=45d200fa-610e-438d-8136-8e8f2ff2818a>
- Auglýsing nr. 242/2020, 23. mars <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=63a79c00-2633-4a60-b0a0-447983b5f418>
- Auglýsing nr. 470/2020, 22. maí, <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=16e1e0e5-648c-47ac-b602-b5d6f0cbf95c>
- Auglýsing nr. 758, 30. júlí, <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=92d1e4d4-f7c0-4abf-8fae-c5d1edcba69e>
- Auglýsing nr. 763, 3. ágúst <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=df901cdc-f999-4f15-9ac6-08bf0c03b46e>
- Auglýsing nr. 966, 6. október, Breyting á auglýsingu nr. 957. Grímuskylða í verslunum. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=24a426e7-7213-4d62-a606-4ce9a4d1b407>
- Áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum, bls. 321.
- Ágúst Ásgeirsson, „Ný veira í Kína veldur lungnabólgu“, Morgunblaðið, 14. janúar, bls. 13.
- Ágúst Ásgeirsson: „Milljarður manna í einangrun“, Morgunblaðið 23. mars 2020 bls. 13.
- Ásdís Ásgeirsdóttir: „Ég missti allt bragð- og lyktarskyn“ viðtal við Ingu Maríu Leifsdóttur; Morgunblaðið 22. mars 2020 bls. 15.
- Ásdís Ásgeirsdóttir: „Ég vil gera hlutina vel,“ Morgunblaðið 22. mars 2020 bls. 13.

Ásdís Ásgeirsdóttir: „Vissi ekkert hvað væri framundan“, viðtal við Ingu Maríu Leifsdóttur; Morgunblaðið, 28. febrúar 2021 bls. 5.

Áskoranir í velferðarþjónustu, frétt á vef Reykjavíkurborgar, 24. mars 2020. <https://reykjavik.is/frettir/askoranir-i-velferdarthjonustu>

Ásmundur Einar Daðason: „Við erum öll barnavernd“, Kjarninn 29. mars 2020. <https://kjarninn.is/skodon/2020-03-29-vid-erum-oll-barnavernd/>

Ásrún Brynja Ingvarsdóttir, Segja fólkid ekki smitað af HABL, vefur RÚV 5. janúar. <https://www.ruv.is/oflokka-eldra-efni/segja-folkid-ekki-smitad-af-habl>

Ásrún Brynja Ingvarsdóttir: „Áttu fund með sóttvarnarlækni vegna Wuhan-kórónaveiru“, RÚV, 31. janúar. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/attu-fund-med-sottvarnarlakni-vegna-wuhan-koronaveiru>

Baldur Arnarson: „Ferðaávisun muni örva ferðaviljann“, Morgunblaðið 23. mars 2020 bls. 2.

Baldur Arnarson: „Umsóknakerfi verði notað á fleiri sviðum.“ Morgunblaðið, 6. janúar 2022, bls. 4.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir: „Alls smituðust 2700 af franska afbrigðinu sem rekja má til ferðamanns“, Visir.is 19.4.2021: <https://www.visir.is/g/20212099055d>

Berglind Magnúsdóttir viðtal 18. nóvember 2021.

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri heimaþjónustu velferðarsviðs, viðtal 18. nóvember 2021.

Bjarni Brynjólfsson fundarpunktur, COVID-19 rýni, skóla- og frístundamál, fundur hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð, 2. nóvember 2022.

Bjarni Pétur Jónsson, RÚV, „Á flóknasta staðnum í faraldrinum til þessa“, 21. október 2021.

BJD: „Breyttir starfshættir í gistiskýlinu vegna COVID-19“, Fréttablaðið 24. mars. bls. 4.

Borgarráð fundur nr. 5605, 5. nóvember 2020.

Borgarráð, fundur nr. 5581, fundargerð 26. mars 2020. <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5581>

Borgarráð, fundur nr. 5605, 5. nóvember 2020.

Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, ársfjórðungsskýrsla apríl – júní 2021 bls. 13 -14.

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/7_covid-19_borgarvakt_i_velferdar-_og_atvinnumalum_-_arsfjorungsskyrsla_april_-_juni_2021.r20060197.pdf

Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, ársfjórðungsskýrsla apríl – júní 2021, bls. 9 -10.

Breytingartillaga

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar, viðtal 24. nóvember 2021.

Covid-19 smit meðal barna eftir fæðingarári

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri viðtal.

Embætti landlæknis, „Sýkingavarna- og öryggisteymi“, <https://www.landlaekni.is/um-embattid/greinar/grein/item43687/Sykingavarna--og-oryggisteymi>

Eva Dröfn Hassel Guðmundsdóttir: „Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og heimsfaraldur Covid-19: Undirbúningur, aðgerðir og tækifæri“, 21. september 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/rannsokn_covid-19_og_velferdarsvid.pdf

Eva Dröfn Hassel Guðmundsdóttir: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og heimsfaraldur Covid-19: Undirbúningur, aðgerðir og tækifæri, skýrsla unnin fyrir velferðarsvið 21. september 2020.

Eygló Traustadóttir, tölvupóstur, 14. október 2022.

Facebook síða Hins hússins. https://www.facebook.com/hhhusid?locale=is_IS

Fannís Birna Logadóttir, Visir.is, „Tíu nemendur og fimm starfsmenn Klettaskóla smitaðir, 13. desember 2021. <https://www.visir.is/g/20212195576d/tiu-nemendur-og-fimm-starfsmenn-klettaskola-smitadir>

Fjárhagsuppgjör SFS janúar - september 2021.

Freyr Gígja Gunnarsson, „Fyrsta tilfelli Covid-19 greint á Íslandi“, RÚV, 28. febrúar 2020.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/fyrsta-tilfelli-covid-19-greint-a-islandi>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar 15. mars 2020, „Starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt- og menningarmála í samkomubanni, <https://reykjavik.is/frettir/starfsemi-grunn-og-leikskola/ithrotta-og-meningarmala-i-samkomubanni>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar 23. mars 2020, „Sundlaugum, íþróttamiðstöðvum og skíðasvæðum lokað,“ <https://reykjavik.is/frettir/sundlaugum/ithrottamidstodvum-og-skidasvaedum-lokad>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Aukið fjármagn sett í sálfræðiþjónustu fyrir börn“, 1. júlí 2021. <https://reykjavik.is/frettir/aukid-fjarmagn-sett-i-salfradithjonustu-fyrir-born>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Átta staðir fá streymisstyrk frá Reykjavíkurborg“, 18. desember 2020,

<https://reykjavik.is/frettir/atta-stadir-fa-streymisstyrk-fra-reykjavikurborg>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar, „Bólusett í heimahúsi í kappi við tímann“, 22. janúar 2021. <https://reykjavik.is/frettir/bolusett-i-heimahusi-i-kappi-vid-timann>

- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Á handahlaupum við að manna í stöðurnar“, 24. janúar 2022 <https://reykjavik.is/frettir/handahlaupum-vid-ad-manna-i-stodurnar>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Átta staðir fá streymisstyrk frá Reykjavíkurborg“, <https://reykjavik.is/frettir/atta-stadir-fa-streymisstyrk-fra-reykjavikurborg>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Borgin skapar 200 ný störf til að draga úr atvinnuleysi“. <https://reykjavik.is/frettir/borgin-skapar-200-storf-til-ad-draga-ur-atvinnuleysi>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Börn á tekjulægri heimilum fá frekari styrk til íþróttar og tómstundaiðkunar“. <https://reykjavik.is/frettir/born-tekjulaegri-heimilum-fa-frekari-styrk-til-ithrotta-og-tomstundaidkunar>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Feðgar bólusettir gegn Covid-19 í dag“, 29. desember 2020. <https://reykjavik.is/frettir/fedgar-bolusettir-gegn-covid-19-i-dag>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Ferðagjöf fyrir fatlað fólk framlengd fram á næsta sumar“. <https://reykjavik.is/frettir/ferdagjof-fyrir-fatlad-folk-framlengd-fram-naesta-sumar>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Fjölgun sumarstarfa fyrir 17 og 18 ára ungmenni“. <https://reykjavik.is/frettir/fjolgungun-sumarstarfa-fyrir-17-og-18-ara-ungmenni>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Hátt í þúsund skjáheimsóknir á hálfu ári“, 26. okt. 2020 <https://reykjavik.is/frettir/hatt-i-1000-skjaheimsoknir-halfu-ari>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Hjálparsamtök fá aukinn styrk,“ <https://reykjavik.is/frettir/hjalparsamtok-fa-aukinn-styrk>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Hægt að sækja um sérstakan frístundastyrk til júliloka“. <https://reykjavik.is/frettir/haegt-ad-saekja-um-serstakan-fristundastyrk-til-juliloka>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Höfuðborgarsvæðið markaðssett sem einn áfangastaður“, 3. apríl 2023. <https://reykjavik.is/frettir/hofudborgarsvaedid-markadsett-sem-einn-afangastadur>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Leitað til starfsfólks Reykjavíkurborgar í bakvarðasveit velferðarþjónustu“, 24. janúar 2022 <https://reykjavik.is/frettir/leitad-til-starfsfolks-reykjavikurborgar-i-bakvardasveit-velferdarþjonustu>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Mannlíf og menning fyrir alla í Sumarborginni Reykjavík,“ 30. apríl 2020, <https://reykjavik.is/frettir/mannlif-og-menning-fyrir-alla-i-sumarborginni-reykjavik>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Mikil áhrif COVID-19 á rekstur Reykjavíkurborgar“. <https://reykjavik.is/frettir/mikil-ahrif-covid-19-rekstur-reykjavikurborgar-2020>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Mun betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir“. <https://reykjavik.is/frettir/mun-betri-afkoma-en-aetlanir-gerdu-rad-fyrir>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Ný sýning og götuhatíð í Aðalstræti“, 6. maí 2022. <https://reykjavik.is/frettir/ny-syning-og-gotuhatid-i-adalstraeti>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Rekstur Reykjavíkurborgar lakari vegna COVID-19“. <https://reykjavik.is/frettir/rekstur-reykjavikurborgar-lakari-vegna-covid-19>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavík tekur forystu með Græna planinu“, 2. júní 2020. <https://reykjavik.is/frettir/reykjavik-tekur-forystu-med-graena-planinu>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavíkurborg í viðbragðsstöðu vegna Covid-19“, 30. júlí 2020 <https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-i-vidbragdsstodu-vegna-covid-19>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavíkurborg skapar ríflega þúsund ný störf,“ <https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-skapar-riflega-thusund-ny-storf>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Reykjavíkurborg styður við íþróttar- og æskulýðsfélög vegna Covid-19“, 10. september 2020, <https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-stydur-vid-ithrotta-og-aeskulydsfelog-vegna-covid-19>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Síminir á velferðarvakt“, Reykjavík 17. nóvember 2020, <https://reykjavik.is/frettir/simavinir-velferdarvakt>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sóknaráætlun í Reykjavík í skugga heimsfaraldurs“, 1. desember 2020. <https://reykjavik.is/frettir/soknaraetlun-i-reykjavik-i-skugga-heimsfaraldurs>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sóknaráætlun í skugga heimsfaraldurs“, <https://reykjavik.is/frettir/soknaraetlun-i-reykjavik-i-skugga-heimsfaraldurs>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sporlof í borginni,“ 25. maí 2021, <https://reykjavik.is/frettir/sporlof-i-borginni>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Stór dagur í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar“, 21. apríl 2021.
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Streymisstyrkir til tónleikastaða í Reykjavík“, <https://reykjavik.is/frettir/streymisstyrkir-til-tonleikastada-i-reykjavik>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Styrkur til barna á tekjulægri heimilum framlengdur“. <https://reykjavik.is/frettir/styrkur-til-barna-tekjulaegri-heimilum-framlengdur>
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Sundlaugar opnar um sinn“, 16. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/sundlaugar-opnar-um-sinn-english-below>¹
- Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Tilkynningum til Barnaverndar fjölgar áfram,“ 7. maí 2020. <https://reykjavik.is/frettir/tilkynningum-til-barnaverndar-fjolgarafram>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Viðburðapottur Sumarborgarinnar“. <https://reykjavik.is/frettir/vidburdapottur-sumarborgarinnar>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Viltu verða bakvörður í velferðarþjónustu?“, 7. október 2020, <https://reykjavik.is/frettir/viltu-verda-bakvordur-i-velferdarthjonustu>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar: „Öflug viðspyrna með grænum fjárfestingum Reykjavíkurborgar“. <https://reykjavik.is/frettir/oflug-vidspyrna-med-graenum-fjarfestingum-reykjavikurborgar>

Frétt á vef Reykjavíkurborgar: Fjölgun á tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur 8. apríl 2020, <https://reykjavik.is/frettir/fjolgun-tilkynningum-til-barnaverndar-reykjavikur>

Fréttablaðið 4. janúar 2022.

Fréttablaðið, „Hugsa fyrst og fremst um að allt stoppi ekki“, 19. mars bls. 6

Fréttablaðið, „Samkomubann gengið í gildi á Íslandi“, 16. mars bls. 1

Friðþjófur Bergmann, viðtal.

Fróði innri vefur Reykjavíkurborgar. <https://innri.reykjavik.is/is/covid-19-upplysingasida-reykjavikurborgar>

Fundargerð borgarráðs 8. desember 2022. <https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarrad-fundur-nr-5688>

Fundargerð borgarráðs liður 23: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5628>

Fundargerð borgarstjórnar 2. júní 2020, <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/borgarstjorn-262020>

Fundargerð neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 21. desember 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 25. mars 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 1. júlí 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. júlí 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 10. september 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 13. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 14. apríl 2020

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 14. jan. 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 15. október 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 16. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 17. des 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 17. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 18. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 18. sept 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 19. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 2. apríl 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 20. apríl 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 20. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. febrúar 2022.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. mars 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 25. febrúar 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 26. janúar 2022.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 26. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 27. ágúst 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 27. febrúar 2020

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 28. janúar.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. okt. 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. september 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 3. apríl 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 30. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 30. okt. 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 31. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 4. mars 2020.

Fundargerð Neyðarstjórnar velferðarsviðs 4. október 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 5. október 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 7. janúar 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 7. janúar 2022.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 8. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs 9. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 11. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 13. janúar 2022.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 17. janúar 2022.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 17. september 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 25. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 28. febrúar 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 28. janúar 2021.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 3. febrúar 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 31. júlí 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 4. mars 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 4. október 2020.

Fundargerð neyðarstjórnar velferðarsviðs, 9. mars 2020.

Fundargerð skóla- og frístundaráðs 13. október 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs 8. september 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-190>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-185>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 193 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 195,10. nóvember 2020, liður 6: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-195>

Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 196, 24. nóvember 2020.

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 200, 9. febrúar 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-200>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 202, 9. mars 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-202>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 203, 23. mars 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-203>

Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 207, 27. apríl 2021. <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-207>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 208, 11. maí 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-208>

Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 208, 11. maí 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-208>

Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 212. 22. júní 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-212>

Fundargerð skóla og frístundaráðs nr. 213, 15. ágúst 2021

Fundargerð skóla- og frístundaráðs nr. 222 11. janúar 2022
<https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-222>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-188>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 23. júní 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-186>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-189>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

Fundargerð skóla- og frístundaráðs, 27. október, 2020: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-194>

Fundargerð skóla- og frístundasviðs nr 221, liður 10, 14. desember 2021 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-221-0>

Fundargerð skóla- og frístundasviðs nr 221, liður 10, 14. desember 2021: <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-221-0>

Fundargerð skóla- og frístundasviðs nr. 204: 25. mars 2021. <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-204>

Fundargerð velferðarsviðs 12. nóvember 2020.

Fundargerðir neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. og 25. mars.

Fundarpunktur neyðarstjórnar 1. apríl 2020.

Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 1. apríl 2020.

Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 10. ágúst 2020.

Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 12. maí 2020.

Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 12. mars 2020

Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 13. mars 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 14. apríl 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 14. mars 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 15. apríl.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 15. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 16. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 17. apríl.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 18. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 19. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 20. mars 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 22. apríl 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 23. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 23. september 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 25. september 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 26. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 27. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 28. apríl 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 29. júní 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 3. apríl 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 30. júlí 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 30. mars 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 31. janúar 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 6. apríl.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 7. ágúst 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 7.-8. mars
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 8. apríl.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar 8. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 12. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 14. desember.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 14. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 15. september 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 16. nóvember 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 16. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 2. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 21. desember 2021
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 28. febrúar 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 28. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 29. febrúar 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 3. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 30. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 30. nóvember 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 30. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 31. janúar 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 4. ágúst 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 4. desember 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 4. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 5. mars 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 6. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 9. nóvember 2020
Fundarpunktur neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 9. október 2020.
Fundarpunktur neyðarstjórnar velferðarsviðs, 29. janúar 2020.

Fundarpunktur neyðarstjórnar, 6. október 2020.

Fundarpunktur skýrsluhöfundar af fundi hjá AHS.

Fundur borgarráðs 31. mars 2022: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/35_atvinnu-_og_virknimidlun._fas22030060.pdf

Fundur borgarráðs 5. nóvember 2020

Fundur borgarráðs nr. 5584, liðir 23. og 24, 30. apríl 2020, <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5584>

Fundur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs nr. 37. 27. apríl 2020.

Fundur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs nr. 40. 15. júní, 2020.

Fundur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs nr. 42. 24. ágúst, 2020, „Áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað“, skýrsla, júní 2020, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ahrif_covid19_a_islenskan_tonlistaridnad_juni_2020.pdf

Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 12. mars 2020.

Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 13. mars 2020.

Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 24. september 2020.

Fundur neyðarstjórnar velferðarsviðs 31. janúar 2020.

Fundur skóla- og frístundaráðs nr. 193 13. október 2021, <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-193>

Fundur skóla- og frístundaráðs nr. 224, 8. febrúar <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-224-0>

Fundur velferðarráðs nr. 384, 7. október 2020 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-384>

Fundur velferðarráðs nr. 375, 1. apríl 2020.

Fundur velferðarráðs nr. 377, 6. maí 2020

Fundur velferðarráðs nr. 379, 3. júní 2020

Fundur velferðarráðs nr. 380, 24. júní 2020.

Fundur velferðarráðs nr. 382, 2. september 2020.

Fundur velferðarráðs nr. 385, 21. október 2020.

Fundur velferðarráðs nr. 386, 18. nóvember 2020.

Fundur velferðarráðs nr. 393, 17. febrúar 2021.

Fundur velferðarráðs nr. 401, 5. maí 2021.

Fundur velferðarráðs nr. 406, 18. ágúst 2021.

Fundur velferðarráðs nr. 419, 19. janúar 2022

Fundur velferðarráðs, nr. 376, 22 apríl 2020 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-376>

Garðar Örn Úlfarsson: „Íslensk kona lést úr COVID-19“, Fréttablaðið, 24. mars 2020 bls. 1.

Gerður Sveinsdóttir: „Svar við fyrirspurn um upplýsingar um þær aðgerðir sem ÍTR hefur þegar gripið til, og til hvaða frekari aðgerða sviðið hyggst taka í þeim tilgangi að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins,“ 6. apríl 2021 [fylgiskjal_3_-_samantekt_um_adgerdir_itr_v_covid-19.pdf](#)

Gerður Sveinsdóttir: Samantekt um aðgerðir ÍTR vegna COVID-19, 6. apríl 2021. [fylgiskjal_3_-_samantekt_um_adgerdir_itr_v_covid-19.pdf](#)

Góðar fréttir úr borginni: <https://vimeo.com/showcase/6978326>

Greinargerð um þróun rekstrar SFS

[Greinargerð vegna fjárhagsuppgjörs 2020](#)

Guðbrandur Benediktsson: „Borgarsögusafn á tímum COVID-19,“ kynning á fundi menningar, íþróttá- og tómstundasviðs nr. 38, 25. maí 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_-_borgarsogusafnid.pdf

Guðni Einarsson og Freyr Einarsson: „Þyngstu mánaðamót sem sögur fara af“, Morgunblaðið 1. maí, bls. 2.

Guðni Einarsson, „Litlar áhyggjur af veirunni“, Mbl.is, 12. febrúar 2020

Guðni Einarsson, Þórunn Kristjánsdóttir: „Fjögur dáið vegna kórónuveiru,“ Morgunblaðið 3. apríl 2020, bls. 1

Guðni Einarsson: „Margir öryrkjar í mikilli neyð,“ Morgunblaðið 19. mars 2020, bls 4

Guðni Einarsson: „Útbreitt kórónuveirusmit í Klettaskóla“, Morgunblaðið, 18. desember 2021, bls 6.

Guðrún Helga Sigfúsdóttir, aðstoðarskólastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

Guðrún Helgu Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri Háteigsskóla, viðtal 21. september 2021.

Guðrún Kaldal forstöðukona Tjarnarinnar, viðtal 15. september 2021.

Guðrún Kaldal, viðtal 15. september 2021.

Hafsteinn Viktorsson deildarstjóri hverfastöðvar vestur, viðtal.

Halldóra Káradóttir: Áhrif Covid-19 á rekstur sviða Reykjavíkurborgar á árunum 2020-2021, minnisblað til borgarráðs, 27.3.2022.

Hanna Kristín Sigurðardóttir, forstöðukona á Barðastöðum, viðtal.

Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara, viðtal.

Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1106 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 13. nóvember 2020. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/11/B_nr_1106_2020-1.pdf

Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1110 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 16. nóvember. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/11/B_nr_1110_2020.pdf

Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1130 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 20. nóvember 2020

Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1224 um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, með síðari breytingum, 8. desember 2020. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/12/B_nr_1224_2020-1.pdf

Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð nr. 1306 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 1. janúar 2021 https://ahs.is/wp-content/uploads/2021/01/B_nr_1306_2020.pdf

Heilbrigðisráðuneytið: Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. 1060, 1. nóvember 2020. https://ahs.is/wp-content/uploads/2020/11/B_nr_1060_2020.pdf

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Smit á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík. https://hvest.is/smit_a_hjukrunarheimilinu_bergi_i_bolungarvik/

Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir, skýrsla stýrihóps

Helgi Bjarnason, „Hundruð orlofshúsa auð um páska“, Morgunblaðið 4. apríl 2020, bls.2

Helgi Grímsson tölvupóstur 31. janúar 2020.

Helgi Grímsson, minnisblað. [Minnisblað um tillöguna](#)

Helgi Grímsson, sviðsstjóri og Eygló Traustadóttir, viðtal 2. september 2021.

Helgi Grímsson: [Matarþjónusta í grunnskólum í nóvember 2020, minnisblað](#)

Helgi Grímsson: [Minnisblað og önnur fylgiskjöl](#)

Helgi Grímsson: [Minnisblað um tillöguna](#)

Helgi Grímsson: [Minnisblað um útbreiðslu Covid-19 í starfsemi skóla- og frístundasviðs](#)

Helgi Grímsson: [Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaáætlun um nám og kennslu ef skóla er lokað eða skólahald skert](#)

Helgi Grímsson: [Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um breyttan opnunartíma leikskóla vegna Covid-19](#)

Helgi Grímsson: [Svar við fyrirspurn varðandi fundargerðir Neyðarstjórnar Reykjavíkur](#)

Helgi Grímsson: [Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um opnunartíma leikskóla](#)

Helgi Grímsson: [Tillaga um tímabundna breytingu á opnunartíma leikskóla](#)

Helgi Grímsson: Tölvupóstur til skólastjórnenda 14. janúar 2022.

Helgi Grímsson: Tölvupóstur til stjórnenda 25. janúar 2022.

Helgi Grímsson: Tölvupóstur til stjórnenda 26. janúar 2022.

Helgi Grímsson: Tölvupóstur til stjórnenda, 24. janúar 2022.

Hjördís Kristinsdóttir, símaviðtal 27. september 2022.

Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri USK, tölvupóstur 7. júní 2023. <https://coronavirus.jhu.edu/map.html>

<https://reykjavik.is/frettir/stor-dagur-i-velferdarhjonustu-reykjavikurborgar>

https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/02/12/litlar_ahyggjur_af_veirunni/

<https://www.visir.is/g/2020200219529/raud-vidvorun-gefin-ut>

Hugrún Snorradóttir: „Lýðheilsumat á óbeinum áhrifum COVID-19 faraldursins á heilsu og líðan í Reykjavík“. bls. 2

Höfuðborgarstofa, kynning. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_mai_21.pdf

Höskuldur Daði Magnússon: „Skiptar skoðanir á valdsviði neyðarstjórnar“, Morgunblaðið 14. nóv. bls. 6.

Icelandair Group: Reduction in the number of employees and restructuring, Fréttatilkynning til Kauphallar, 28. apríl 2020 <http://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b84f5fb3713cbaa84eeab3fe25061cfa1&lang=en&src=listed>

Irina S. Ogurtsova viðtal.

ÍTR: Tólf mánaða greinargerð.

Jóhann Bjarni Kolbeinsson: „Smitaður maður lést á Húsavík“, RÚV 17. mars 2020, <https://www.ruv.is/frettir/innlent/smitadur-madur-lest-a-husavik>

Jón Viðar Matthíasson, viðtal 27. september 2021.

Jórunn Frímansdóttir, forstöðumaður Droplaugarstaða, viðtal.

Kristjana Björk Barðdal, tölvupóstur 14. desember 2022.

Landlæknisembættið: Fyrstu bólusetningar gegn COVID-19 hefjast eftir jól, 17. desember 2020, <https://island.is/frett/Fyrstu-bolusetningar-gegn-COVID-19-hefjast-efir-jol>

Landlæknisembættið: Niðurstaða rannsóknar embættis landlæknis á hópsýkingu af völdum SARS-CoV-2 á Landakoti í október 2020, júní 2020 bls. 20.

Landsáætlun, Heimsfaraldur – Landsáætlun, bls. 64.

Leiðbeiningar vegna umsókna https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/leidbeiningar_vegna_umsokna_beidni_um_thjonustu_skil_a_gognum_utgafa_2_19_mars.pdf

Lilja Petra Ólafsdóttir, viðtal 4. nóvember 2021.

Lillý Valgerður Pétursdóttir, visir.is: „Skólastjórar í næturvinnu við að rekja smit“, 21. október 2021

<https://www.visir.is/g/20212172376d/skolastjorar-i-naeturvinnu-vid-ad-rekja-smit>

Linda Blöndal: „Menningarnótt útilokud vegna reynslunnar í Eyjum og Færeyjum,“ Hringbraut,

<https://hringbraut.frettabladid.is/frettir-pistlar/menningarnott-var-utilokud-vegna-reynslunnar-i-eyjum-og-faereyjum/>

Lóa Birna Birgisdóttir, viðtal.

María Rut Reynisdóttir, Menningar- og ferðamálasvið: „Starfsáætlun 2022, Reykjavík þú veur mig“, bls. 29

Markús Heimir Guðmundsson, símaviðtal.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, „Kennsla heldur áfram,“ 10. mars 2020.

Menntastefna Reykjavíkur, <https://menntastefna.is/verkfaerakista/>

Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna COVID-19 eftir 4. maí 2020

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Minnisbla%C3%B0%20til%20r%C3%A1%C3%B0herra%2011.04.2020.pdf>

Minnisblað: Borgarkerfi á tímum heimsfaraldar – hvað lærðum við? bls. 1.

Minnisblað: Borgarkerfi á tímum heimsfaraldar – hvað lærðum við? bls. 1.

Minnisblað: Samantekt yfir upplýsingagjöf á velferðarsviði í þriðju bylgju COVID-19

Morgunblaðið, 17. mars 2020, bls. 4.

Mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru: Lokaskýrsla, stjórnarráðið, fjármála og efnahagsráðuneytið, febrúar 2023. bls. 50-53

Mælaborð velferðarþjónustu: <https://velferd.reykjavik.is/>

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrlausnarefni, 16. ágúst 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 22. mars 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 11. janúar 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 1. mars 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 15. febrúar 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 19. apríl 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 20. ágúst 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 25. janúar 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 26. júlí 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 6. ágúst 2021.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, umræður og úrvinnsluefni, 8. febrúar 2021.

Oddur Þórðarson og Guðrún Hálfánardóttir: „Telur of snemmt að lýsa yfir sigri“, Morgunblaðið, 23. nóvember 2020 bls. 4.

Ólafía Magnea Hinriksdóttir, viðtal.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, „Listasafn Reykjavíkur á tímum COVID-19“, kynning fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð á fundi nr. 38, 25. maí 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mit_-_listasafn_reykjavikur.pdf

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: „Mannfjöldi hverfur sporlaust um stund“, áramótapistill: Tölvupóstur til starfsfólks Listasafns Reykjavíkur.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, tölvupóstur.

Ómar Einarsson viðtal.

Ómar Friðriksson: „Borgin þarf 22,7 milljarða í stuðning“, Morgunblaðið 23. október 2020, bls. 6.

Ónefnd móðir fatlaðs ungmennis, símaviðtal.

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður: „Borgarbókasafnið á tímum COVID-19“, kynning á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs nr. 38, 25. maí 2020, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning_mit_covid_2020.pdf

Pálína Magnúsdóttir, tölvupóstur 18. apríl 2023.

Ragnhildur Prastardóttir: „Stefnum í dekkstu spár“, Morgunblaðið 23. mars 2020 bls. 2.

- Ráðleggingar vegna ferðalaga til Norður-Ítalíu og Tenerife, Vefur Landlækni, 25. febrúar 2020. <https://island.is/s/landlaeknir/frett/Radleggingar-vegna-ferdalaga-til-Nordur-Italiu-og-Tenerife>
- Regína Ásvaldsdóttir minnisblað til velferðarráðs 18. nóvember 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir, Aðgerðir vegna Covid-19 faraldursins, tillaga lögð fyrir velferðarráð 6. maí 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir, COVID-19, Staða mála á velferðarsviði: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynning-yfirlit_yfir_stodu_mala_v_covid-19.pdf
- Regína Ásvaldsdóttir, Minnisblað lagt fyrir 376. fund velferðarráðs 22. apríl 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir, Minnisblað lagt fyrir 377. fund velferðarráðs 6. maí 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir, minnisblað lagt fyrir 386. fund velferðarráðs 18. nóvember 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, viðtal 30. september 2021.
- Regína Ásvaldsdóttir, Velferðarsvið: „Tillaga um tilnefningar til hvatningarverðlauna velferðarráðs 2021, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tillaga_hvatningarverdlaun_2021_ag.pdf
- Regína Ásvaldsdóttir, viðtal 30. september 2021.
- Regína Ásvaldsdóttir: „Svar við fyrirspurn fulltrúa flokks fólksins um lista yfir úrræði fyrir eldri borgara í Covid“ , lagt fyrir 380. fund velferðarráðs 24. júní 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir: minnisblað lagt fyrir 386. fund velferðarráðs 18. nóvember 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir: Minnisblað lagt fyrir fund velferðarráðs nr. 401, 5. maí 2021. [minnisblad.pdf](#)
- Regína Ásvaldsdóttir: minnisblað til velferðarráðs 18. nóvember 2020.
- Regína Ásvaldsdóttir: Minnisblað: „Staðan á velferðarsviði vegna Covid-19 og áskoranir í þriðju bylgju“, 18. nóvember 2020. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/minnisblad_6.pdf
- Regína Ásvaldsdóttir: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um viðbragðsáætlun vegna lokunar góðgerðarfélaga sem sjá um matarúthlutunir: Umsögn https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/tillaga_um_mataruthlutunir.pdf
- Reglugerð um sóttkví og einangrun og sýnatöku á landamærum Íslands vegna COVID-19 <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=fa53e501-41fa-497c-8e60-6f8c169083f4>
- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1051, heilbrigðisráðuneytið 30. október 2020.
- Róbert Jóhannsson: „Kínverjar óttast endurkomu HABL,“ vefur RÚV, 4. janúar 2020 <https://www.ruv.is/frettir/erlent/kinverjar-ottast-endurkomu-habl>
- Samantekt á helstu niðurstöðum kynninga frá fundi velferðarráðs 17. febrúar 2021: [fylgiskjal_1_-_samantekt_a_nidurstodum_rannsokna.pdf](#)
- Samfélagsáttmálinn, <https://www.covid.is/samfelagssattmali>
- Samningur um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19, 14. apríl 2020. Bréf ásamt samningi https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14_r20040072_samningur_um_timabundinn_studning_0.pdf
- Sigríður Ólafsdóttir rekstrarstjóri Sorphirðunnar, viðtal.
- Sigurbjörn Rúnar Björnsson, forstöðumaður vinnu- og virknimiðaðra úrræða velferðarsviðs, símaviðtal.
- Sigurður Bogi Sævarsson: „Ellefu saman í sóttkví“, Morgunblaðið 20. mars bls 2
- Sigurður Bogi Sævarsson: „Niðurskurður er ekki svarið“, Morgunblaðið 13. júlí 2020 bls. 10.
- Skóla- og frístundaráð fundur nr. 182 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-182>
- Skóla- og frístundaráð fundur nr. 183 12. maí 2020 <https://2021.reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-183>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar: Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030. Staða innleiðingar 2020, bls. 7.
- Skúli Hakím Thoroddsen Mechiat: Aðgerðir, áskoranir og áhrif, Starfssemi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í annarri og þriðju bylgju kórónuveirufaraldursins, skýrsla unnin fyrir velferðarsvið 31. ágúst 2021
- Skýrsla frá Reykjavík um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19, velferðarsvið, september 2020.
- Skýrsla frá Reykjavíkurborg um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna veturinn 2020 - 21 vegna COVID-19: Velferðarsvið, maí 2021.
- Skýrsla um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2021 vegna COVID-19 frá Reykjavíkurborg: Velferðarsvið janúar 2022.
- Snorri Másson, Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, Þór Steinarsson, „Prír komnir úr öndunarvél,“ Morgunblaðið 6. apríl 2020 bls.4.
- Snorri Másson: „Hefur upplifað það allt“, Morgunblaðið 11. maí bls. 4.
- Snorri Másson: „Neyðarstig í fyrsta sinn“, Morgunblaðið, 26. október 2020 bls. 1.
- Snorri Másson: „Próunin næstu daga lyklatríði fyrir komandi helgi“, Morgunblaðið 28. júlí 2020 bls. 2.

Sólveig Klara Ragnarsdóttir, „Ná ekki utan um fjölda smita,“ ruv.is 13. janúar 2022 <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-01-13-na-ekki-utan-um-fjolda-smita>

[Staða mála í skóla- og frístundastarfi varðandi smit og sóttkví vegna Covid-19 - kynning](#)

[Staða mála í skóla- og frístundastarfi varðandi smit og sóttkví vegna Covid-19 23. nóvember 2020](#)

Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs 2022: Lykiltölur Höfuðborgarstofu, bls. 63.

Stefanía Smáradóttir forstöðukona og Ólafur Árni Jónsson teymisstjóri, viðtal 20. desember 2022

Stefanía Smáradóttir og Ólafur Árni Jónsson viðtal 20. des 2022.

Stefanía Smáradóttir og Ólafur Árni Jónsson, íbúðakjarni í Jöklalesi, viðtal.

Stefanía Smáradóttir, Ólafur Árni Jónsson viðtal 20. desember 2022.

Stefán Jónsson, „Óveðursvaktin: Rauð viðvörðun gefin út, visir.is, 13. febrúar 2020

Steinar Ingi Kolbeins: „Öllum takmörkunum aflétt“, Morgunblaðið 26. júní 2021, bls. 1.

Stjórnarráðið: „Kaup á bóluefni vegna COVID-19 rædd í ríkisstjórn“. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/28/Kaup-a-boluefni-vegna-COVID-19-raedd-i-rikisstjorn/>

Stjórnartíðindi Reglugerð nr. 123/2021, 5. febrúar. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0bc451a9-7f2b-46b7-bd46-f7db3b2484b7>

Stjórnartíðindi, „Auglýsing nr. 1051, 30. október“ <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3edeac13-690b-4681-abbe-e3ab5fd18e6e>

Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 1051, 30. október. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3edeac13-690b-4681-abbe-e3ab5fd18e6e>

Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 792, 12. ágúst <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=246a7dc7-7448-4f42-a200-2076cc1272da>

Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 864, 3. sept. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=8be78dd7-f821-4aa8-9b41-53aa4d2aad40>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 1030/2021 <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=7d81db66-7ee2-4b9e-8075-1c994512c4a8>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 190/2021, 23. febrúar. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=ab6a0c91-b016-4bf1-b5e1-b9ffd18edfa5>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 321/2021, 24. mars. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=45819eab-99a5-45b1-890c-2fdb04bc7610>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 404/2021, 13. apríl. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=71bd992a-6103-4e67-aaca-dd92422f0e5e>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 1177/2021. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=528acf0a-e72e-4df8-a336-21da40e37678>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 962/2021 <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=23389389-6ff5-4cff-8eda-4a7e4855e5fe>

Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 1105, 13. nóvember. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c81bb9cd-b73f-408f-848f-f1e4d5a2b631>

Stjórnartíðindi, Auglýsing nr. 957, 4. október <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d6e6d060-43b0-4d05-9c36-750e0bc68e0b>

Stjórnartíðindi, Reglugerð nr. 1484, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=e3757fa0-2f5a-4436-84af-fc2cac755ecc>

[Sumarstarfið á skóla- og frístundasviði 2020 - kynning](#)

Sundþyrstir biðu í röðum, Morgunblaðið 19. maí bls. 2

Svíar sjá um bóluefnissólu til Íslands, mbl.is, 20. ágúst

https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/08/20/sviar_sja_um_boluefnissolu_til_Islands/

Takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 13. mars 2020

Tékklisti vegna Kórónuveiru, velferðarsvið 29. janúar 2020.

Tillaga áheyrnarfulltrúa skólustjóra grunnskóla, skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skólamáltíðir í tengslum við COVID-19 faraldurin: [Tillaga um matarþjónustu í grunnskólum](#)

[Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að formaður skóla- og frístundaráðs taki sæti í neyðarstjórn](#)

[Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að tryggja foreldrum barna lækun, niðurfellingu eða leiðréttingu gjalda vegna Covid-19](#)

[Tillaga Sjálfstæðisflokksins um breytingu á opnunartíma leikskóla vegna Covid-19](#)

[Tillaga Sjálfstæðisflokksins um fjarnám í framhaldsskóla í sumar fyrir þá nemendur sem hafa nýlokið grunnskóla](#)

[Tillaga Sjálfstæðisflokksins um viðhaldsverkefni á starfsstöðum SFS vegna aukinna fjárfestnga borgarsjóðs](#)

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bakvarðasveit skóla- og frístundasviðs sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. nóvember 2020: [Tillaga](#)

Tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga: Tillaga

Tinna Sigurðardóttir og Margrét Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingar hjá heimapjónustu Reykjavíkurborgar, viðtal 16. nóvember 2021.

Tölfræði: [Covid.is](#)

Tölvupóstur Helgi Grímsson, svar við fyrirspurn frá Stöð 2, 23. mars 2020.

Umsögn um tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa sjálfstæðisflokksins um verklag vegna kórónuveirusmita 24. september 2020. [Umsögn Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar](#)

Útbreiðsla Covid-19 innan skóla- og frístundasviðs í fjórðu bylgju faraldurs, stöðutaka 26. apríl 2021

Vefur 15. mars, „Starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt- og menningarmála í samkomubanni“, <https://reykjavik.is/frettir/starfsemi-grunn-og-leikskola/ithrotta-og-menningarmala-i-samkomubanni>

Vefur Rauða Kross Íslands, <https://www.raudikrossinn.is/verkefni/innanlandsverkefni/heilbrigdi-og-velferd/vinaverkefni>

Vefur Reykjavíkurborgar 15. mars, „Sameiginleg yfirlýsing vegna áhrifa COVID-19 á skólastarf“, <https://reykjavik.is/frettir/sameiginleg-yfirlýsing-vegna-ahrifa-covid-19-skolastarf>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Ekkert skóla og frístundastarf á mánudag“, 13. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/ekkert-skola-og-fristundastarf-manudag>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Ekkert skólalæsi í Klettaskóla um óákveðinn tíma“, 18. mars 2020. <https://reykjavik.is/frettir/ekkert-skolalahald-i-klettaskola-um-oakvedinn-tima-english-and-polish-below>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Félagsráðgjafanemar í hópi símvina“, 20. apríl 2020. <https://reykjavik.is/frettir/felagsradgjafanemar-i-hopi-simavina>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Landlæknir og sóttvarnalæknir á rétta mikilvægi skólalæsi“, 25. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/landlaeknir-og-sottvarnalaknir-aretta-mikilvaegi-skolagongu>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Lært á netinu að kenna á netinu“, 17. apríl 2020 <https://reykjavik.is/frettir/laert-netinu-ad-kenna-netinu>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Nám og frístundastarf í gegnum rafræna miðla“, 2. apríl <https://reykjavik.is/frettir/nam-og-fristundastarf-i-gegnum-rafraena-midla>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Starfsfólki í sóttkví fækkar og skólar opna“ <https://reykjavik.is/frettir/starfsfolki-i-sottkvi-faekkar-og-skolar-opna>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Takmarkanir á leikskólaþjónustu vegna COVID-19 – In English and Polish Below“ 16. mars, 2020 <https://reykjavik.is/frettir/takmarkanir-leikskolathjonustu-vegna-covid19-english-and-polish-below>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda vegna COVID-19“, 8. apríl 2020 <https://reykjavik.is/frettir/urraedi-fyrir-folk-i-husnaedisvanda-vegna-covid-19>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Þjónusta velferðarsviðs Reykjavíkur – English below“, 6. mars 2020 <https://reykjavik.is/frettir/thjonusta-velferdarsvids-reykjavikur-english-below>

Vefur Reykjavíkurborgar, „Þjónustugjöld vegna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila“, 24. mars, 2020 <https://reykjavik.is/frettir/thjonustugjold-vegna-leikskola/grunnskola-og-fristundaheimila>

Vefur Reykjavíkurborgar, <https://reykjavik.is/SFS>

Vefur Reykjavíkurborgar, Menningar- og íþróttasvið, <https://reykjavik.is/menningar-og-itrottasvid>

Vefur Reykjavíkurborgar, Upplýsingasíða heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna COVID-19. <https://reykjavik.is/upplýsingasida-heilbrigdiseftirlits-reykjavikur-vegna-covid-19>

Vefur Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð borgarlandsins, <https://reykjavik.is/thjonustumidstod-borgarlandsins>

Vefur Reykjavíkurborgar: Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar, júlí 2015 bls. 9 grein 4.

Vefur Reykjavíkurborgar: Úrbotasjóður tónleikastaða í Reykjavík, <https://reykjavik.is/urbotasjodur-tonleikastada>

Vefur Reykjavíkurborgar: Velferðarsvið

Vefur Seljaskóla: 18. janúar 2022 – Skólalæsi í Seljaskóla, 17. janúar 2022.

Velferðarsvið: Samantekt yfir upplýsingagjöf á velferðarsviði í þriðju bylgju COVID-19. <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/upplýsingagjof-yfirlit.pdf>

Velstat, fjárhagsaðstoð.

Veronika Steinunn Magnúsdóttir: „Borgin hafi brugðist hratt við“, Morgunblaðið 23. nóvember 2020 bls. 10.

Vésteinn Örn Pétursson, visir.is: „Ráðleggur skólastjórnendum í erfiðri stöðu að sofa nóg“, 4. janúar 2022. <https://www.visir.is/g/20222204352d/rad-leggur-skola-stjorn-endum-i-erfidri-stodu-ad-sofa-nog>

Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, 2020, bls. 18

Viðtal við ónefndan rekstraraðila.

Vigdís Hauksdóttir: „Embættismannaflokkur Reykjavíkur“, Morgunblaðið 13. nóvember 2020 bls. 16.

WHO. „Naming the coronavirus disease (COVID-19) and the virus that causes it,“
[https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/technical-guidance/naming-the-coronavirus-disease-\(covid-2019\)-and-the-virus-that-causes-it](https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/technical-guidance/naming-the-coronavirus-disease-(covid-2019)-and-the-virus-that-causes-it)

Who chief says „virus will be with us for a long time“, Reuters 22. apríl, 2020, <https://www.reuters.com/article/health-coronavirus-who-idUKZ8N2AZ02M>

www.covid.is

Porgerður L. Diðriksdóttir, formaður félags grunnskólakennara, viðtal.

Póra Kristín Ásgeirsdóttir deildarstjóri hjá almannavörnum höfuðborgarsvæðisins, viðtal.

Póra Kristín Ásgeirsdóttir, samtal í nóvember 2022.

Póra Kristín Ásgeirsdóttir, viðtal 2. nóvember 2022.

Pórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri öldrunarmála á velferðarsviði, viðtal.

Pórhildur Porkelsdóttir, „Spritt selst í tonnavís vegna Wuhan-veiru“, RÚV 3. febrúar 2020.

Pórólfur Guðnason: Minnisblað sóttvarnalæknis um sóttvarnaáðgerðir innanlands vegna COVID-19. 13. janúar 2022, <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Minnisblad%20svl.-innanlands-13012022.pdf>

22. Viðauki

21.1 Fréttir frá Reykjavíkurborg í heimsfaraldi kórónuveiru

Árið 2020 voru birtar 156 fréttir á vef Reykjavíkurborgar af COVID-19. Á árinu 2021 birtust 48 fréttir sem tengdust faraldrinum og níu á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2022.

Fréttirnar eru mikilvægar heimildir um starfsemi borgarinnar í faraldrinum þar sem fjallað er um nánast allar helstu aðgerðir borgarinnar á þessum tíma. Því er birtur listi yfir þær hér ásamt tenglum á vefinn. Mikill meirihluti þeirra var einnig sendur út sem fréttatilkynningar til fjölmiðla. Fréttirnar eiga allar að vera til í skjalasafni borgarinnar.

2020

Priðjudagur, 31. janúar 2020

Almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins fundaði með sóttvarnarlækni
<https://reykjavik.is/frettir/almannavarnanefnd-hofudborgarsvaedisins-fundadi-med-sottvarnalaekni>

Föstudagur, 6. mars 2020

Þjónusta velferðarsviðs Reykjavíkur - English below
<https://reykjavik.is/frettir/thjonusta-velferdarsvids-reykjavikur-english-below>

Föstudagur, 6. mars 2020

Viðbragðsáætlun borgarinnar fyrir neyðarstig virkjuð
<https://reykjavik.is/frettir/vidbragdsaaetlun-borgarinnar-fyrir-neydarstig-virkjud>

Fimmtudagur, 12. mars 2020

Nemendur með hita eða flensueinkenni mæti ekki í skóla
<https://reykjavik.is/frettir/nemendur-med-hita-eda-flensueinkenni-maeti-ekki-i-skola>

Föstudagur, 13. mars 2020

Upplýsingar um þjónustu í samkomubanni
<https://reykjavik.is/frettir/upplysingar-um-thjonustu-i-samkomubanni>

Föstudagur, 13. mars 2020

Ekkert skóla- og frístundastarf á mánudag

<https://reykjavik.is/frettir/ekkert-skola-og-fristundastarf-manudag>

Sunnudagur, 15. mars 2020

Starfsemi grunn- og leikskóla, íþrótt- og menningarmála í samkomubanni

<https://reykjavik.is/frettir/starfsemi-grunn-og-leikskola/ithrotta-og-menningarmala-i-samkomubanni>

Sunnudagur, 15. mars 2020

Sameiginleg yfirlýsing vegna áhrifa COVID-19 á skólastarf

<https://reykjavik.is/frettir/sameiginleg-yfirlýsing-vegna-ahrifa-covid-19-skolastarf>

Mánudagur, 16. mars 2020

Borgarfulltrúar nýta áhorfendapallana

<https://reykjavik.is/frettir/borgarfulltruar-nyta-ahorfendapallana>



Borgarfulltrúar nýta áhorfendapallana

16. mars 2020

Mánudagur, 16. mars 2020

Sundlaugar opnar um sinn - english below

<https://reykjavik.is/frettir/sundlaugar-opnar-um-sinn-english-below>



Sundlaugar opnar um sinn - english below

16. mars 2020

Priðjudagur, 17. mars 2020

Upplýsingar um takmörkun á skóla- og frístundastarfi vegna COVID19 – in English and Polish below

<https://reykjavik.is/frettir/upplýsingar-um-takmorkun-skola-og-fristundastarfi-vegna-covid19-english-and-polish-below>

Priðjudagur, 17. mars 2020

Unnið samkvæmt áætlun í Sorphirðu

<https://reykjavik.is/frettir/unnid-samkvaemt-aaetlun-i-sorphirdu>

Priðjudagur, 17. mars 2020

Takmarkanir á leikskólaþjónustu vegna COVID19 – In English and Polish Below

<https://reykjavik.is/frettir/takmarkanir-leikskolathjonustu-vegna-covid19-english-and-polish-below>

Priðjudagur, 17. mars

Háteigsskóla lokað vegna smitvarna – English below

<https://reykjavik.is/frettir/hateigsskola-lokad-timabundid-vegna-smitvarna-english-below>

Priðjudagur 17. mars 2020

Borgarsögusafn opið en viðburðir falla niður – English below

<https://reykjavik.is/frettir/borgarsogusafn-opid-en-vidburdir-falla-nidur-english-below>

Priðjudagur, 17. mars 2020

Ograniczenia w funkcjonowaniu przedszkoli z powodu Covid-19

<https://reykjavik.is/frettir/ograniczenia-w-funkcjonowaniu-przedszkoli-z-powodu-covid-19>

Miðvikudagur, 18. mars 2020

Ekkert skólahald í Klettaskóla um óákveðinn tíma – English and polish Below

<https://reykjavik.is/frettir/ekkert-skolahald-i-klettaskola-um-oakvedinn-tima-english-and-polish-below>

Miðvikudagur, 18. mars 2020

COVID 19 skapar hættu fyrir brotþola heimilisofbeldis (English link below)

<https://reykjavik.is/frettir/covid-19-skapar-haettu-fyrir-brotathola-heimilisofbeldis-english-link-below>

Miðvikudagur, 18. mars 2020

Prír leikskólar og tveir grunnskólar lokaðir vegna smitvarna (English and Polish below)

<https://reykjavik.is/frettir/thrir-leikskolar-og-tveir-grunnskolar-lokadir-vegna-smitvarna-english-and-polish-below>

Miðvikudagur, 18. mars 2020

Trzy przedszkola i dwie szkoły zamknięte z powodu Covid-19

<https://reykjavik.is/frettir/trzy-przedszkola-i-dwie-szkoly-zamkniete-z-powodu-covid-19>

Fimmtudagur, 19. mars 2020

Rjúfa einangrun með samsöng

<https://reykjavik.is/frettir/rjufa-einangrun-med-samsong>

Föstudagur, 20. mars 2020

Vanda þarf frágang á sorpi við heimili vegna sóttvarna

<https://reykjavik.is/frettir/vanda-tharf-fragang-sorpi-vid-heimili-vegna-sottvarna>

Föstudagur, 20. mars 2020

COVID 19 zagroženiem dla ofiar przemocy domowej

<https://reykjavik.is/frettir/covid-19-zagrozeniem-dla-ofiar-przemocy-domowej>

Föstudagur, 20. mars 2020

Szkola Klettaskóli zamknięta na czas nieokreślony

<https://reykjavik.is/frettir/szkola-klettaskoli-zamknieta-na-czas-nieokreslony>

Föstudagur, 20. mars 2020

W celu zapobiegania zarażeniem prosimy o szczególnie staranne pakowanie odpadów

<https://reykjavik.is/frettir/w-celu-zapobiegania-zarazeniem-prosimy-o-szczegolnie-staranne-pakowanie-odpadow>

Mánudagur, 23. mars 2020

Ráð um samkomubann og börn

<https://reykjavik.is/frettir/rad-um-samkomubann-og-born>

Mánudagur, 23. mars 2020

Zakaz zgromadzeń a dzieci

<https://reykjavik.is/frettir/zakaz-zgromadzen-dzieci>

Mánudagur, 23. mars 2020

Sundlaugum, íþróttamiðstöðvum og skíðasvæðum lokað

<https://reykjavik.is/frettir/sundlaugum/ithrottamidstodvum-og-skidasvaedum-lokad>

Mánudagur, 23. mars 2020

Zamknięte baseny, centra sportowe i muzea

<https://reykjavik.is/frettir/zamkniete-baseny/centra-sportowe-i-muzea>

Mánudagur, 23. mars 2020

Öllum söfnum lokað

<https://reykjavik.is/frettir/ollum-sofnum-lokad>

Mánudagur, 23. mars 2020

Wszystkie muzea zamknięte
<https://reykjavik.is/frettir/wszystkie-muzea-zamkniete>

Priðjudagur, 24. mars 2020

Óskað eftir starfsfólki í velferðarþjónustu á útkallslista
<https://reykjavik.is/frettir/oskad-ef-tir-starfsfolki-i-velferdarthjonustu-utkallslista>

Priðjudagur, 24. mars 2020

Þjónustugjöld vegna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila
[https://reykjavik.is/frettir/thjonustugjold-vegna-leikskola-grunnskola-og-fristundaheimila](https://reykjavik.is/frettir/thjonustugjold-vegna-leikskola/grunnskola-og-fristundaheimila)

Priðjudagur, 24. mars 2020

Opláty za usługi przedszkolne, szkolne i świetlice
<https://reykjavik.is/frettir/oplaty-za-uslugi-przedszkolne/szkolne-i-swietlice>

Priðjudagur, 24. mars 2020

Áskoranir í velferðarþjónustu
<https://reykjavik.is/frettir/askoranir-i-velferdarthjonustu>

Priðjudagur, 24. mars 2020

Borgarbúar hvattir til að nýta sér rafræna þjónustu
<https://reykjavik.is/frettir/borgarbuar-hvattir-til-ad-nyta-ser-rafraena-thjonustu>

Priðjudagur, 24. mars 2020

Zachęcamy do korzystania z e-usług Miasta Reykjavik
<https://reykjavik.is/frettir/zachecamy-do-korzystania-z-e-uslug-miasta-reykjavik>

Priðjudagur, 24. mars 2020

Átta góð ráð fyrir búðarferðina á COVID-19 tímum
<https://reykjavik.is/frettir/atta-god-rad-fyrir-budarferdina-covid-19-timum>

Miðvikudagur, 25. mars 2020

Wyzwania w usługach socjalnych
<https://reykjavik.is/frettir/wyzwania-w-uslugach-socjalnych>

Miðvikudagur, 25. mars 2020

Sýnum tillitsemi og þolinmæði

<https://reykjavik.is/frettir/synum-tillitsemi-og-tholinmaedi>

Miðvikudagur, 25. mars 2020

Rafrænar umsóknir um starfsleyfi, tóbakssölu og hundahald

<https://reykjavik.is/frettir/rafraenar-umsoknir-um-starfsleyfi/tobakssolu-og-hundahald>

Miðvikudagur 25. mars 2020

Landlæknir og sóttvarnalæknir áréttu mikilvægi skólagöngu

<https://reykjavik.is/frettir/landlaeknir-og-sottvarnalaeknir-arettu-mikilvaegi-skolagongu>

Miðvikudagur, 25. mars 2020

Samsöngur í sóttkví

<https://reykjavik.is/frettir/samsongur-i-sottkvi>

Miðvikudagur, 25. mars 2020

Ungum sem öldnum býðst að tefla netskák

<https://reykjavik.is/frettir/ungum-sem-oldnum-bydst-ad-tefla-netskak>

Fimmtudagur, 26. mars 2020

Edukacja szkolna w czasie epidemii COVID-19

<https://reykjavik.is/frettir/edukacja-szkolna-w-czasie-epidemii-covid-19>

Leiðbeiningar fyrir heimsendingarþjónustu matvæla

<https://reykjavik.is/frettir/leidbeiningar-fyrir-heimsendingarthjonustu-med-matvaeli>

Mikil aukning á heimilissorpi

<https://reykjavik.is/frettir/mikil-aukning-heimilissorpi>

Fimmtudagur, 26. mars 2020

Wzrost odpadów domowych

<https://reykjavik.is/frettir/wzrost-odpadow-domowych>

Fimmtudagur, 26. mars 2020

Okazujmy cierpliwość i wyrozumiałość

<https://reykjavik.is/frettir/okazujmy-cierpliwosc-i-wyrozumialosc>

Fimmtudagur, 26. mars

Aðgerðir í efnahagsmálum vegna Covid-19

<https://reykjavik.is/frettir/adgerdir-i-efnahagsmalum-vegna-covid-19>

Föstudagur, 27. mars

Ekonomiczny pakiet ratunkowy z powodu Covid -19

<https://reykjavik.is/frettir/ekonomiczny-pakiet-ratunkowy-z-powodu-covid-19>

Föstudagur, 27. mars 2020

Ekonomiczny pakiet ratunkowy z powodu Covid -19

<https://reykjavik.is/frettir/ekonomiczny-pakiet-ratunkowy-z-powodu-covid-19>

Föstudagur, 27. mars 2020

Útivistarsvæðin í borginni iða af lífi

<https://reykjavik.is/frettir/utivistarsvaedin-i-borginni-ida-af-lifi>

Priðjudagur, 31. mars 2020

Símaspjall við eldri borgara

<https://reykjavik.is/frettir/simaspjall-vid-eldri-borgara>

Priðjudagur, 31. mars 2020

Śpiewajmy razem podczas kwarantanny

<https://reykjavik.is/frettir/spiewajmy-razem-podczas-kwarantanny>

Miðvikudagur, 1. apríl 2020

Grímur og snýtubréf í gráu tunnurnar

<https://reykjavik.is/frettir/grimur-og-snytubref-i-grau-tunnurnar>

Miðvikudagur, 1. apríl 2020

Maski ochronne i chusteczki do szarych pojemników

<https://reykjavik.is/frettir/maski-ochronne-i-chusteczki-do-szarych-pojemnikow>

Fimmtudagur, 2. apríl 2020

Nám og frístundastarf í gegnum rafræna miðla

<https://reykjavik.is/frettir/nam-og-fristundastarf-i-gegnum-rafraena-midla>

Fimmtudagur, 2. apríl 2020

Starfsfólki í sóttkví fækkar og skólar opna

<https://reykjavik.is/frettir/starfsfolki-i-sottkvi-faekkar-og-skolar-opna>

Fimmtudagur, 2. apríl 2020 <mailto:frettir@reykjavik.is>

Framlengdur umsóknarfrestur í sumaropinn leikskóla

<https://reykjavik.is/frettir/framlengdur-umsoknarfrestur-i-sumaropinn-leikskola>

Föstudagur, 3. apríl 2020

Áhrif Covid-19 á starfsemi borgarinnar

<https://reykjavik.is/frettir/ahrif-covid-19-starfsemi-borgarinnar>

Föstudagur, 3. apríl 2020

Líðan barna og foreldra á óvissutíma

<https://reykjavik.is/frettir/lidan-barna-og-foreldra-ovissutima>

Föstudagur, 3. apríl 2020

Mniej pracowników na kwarantannie

<https://reykjavik.is/frettir/mniej-pracownikow-na-kwarantannie>

Mánudagur, 6. apríl 2020

Wydłużony okres składnia wniosków o miejsce w przedszkolu podczas wakacji letnich

<https://reykjavik.is/frettir/wydłużony-okres-skladnia-wnioskow-o-miejsce-w-przedszkolu-podczas-wakacji-letnich>

Mánudagur, 6. apríl 2020

Zmieniony regulamin Miasta Reykjavik dotyczący windykacji opłat od przedsiębiorstw i osób fizycznych

<https://reykjavik.is/frettir/zmieniony-regulamin-miasta-reykjavik-dotyczacy-windykacji-oplat-od-przedsiębiorstw-i-osob-fizycznych>

Miðvikudagur, 8. apríl 2020

Bakhjarlar fyrir börn, fjölskyldur og skólafólk


<https://reykjavik.is/frettir/bakhjarlar-fyrir-born/fjolskyldur-og-skolafolk>

Miðvikudagur, 8. apríl 2020

Áhrif Covid 19 í máli og myndum (Frétt frá Borgarskjalasafni
<https://reykjavik.is/frettir/ahrif-covid-19-i-mali-og-myndum>

Miðvikudagur, 8. apríl 2020 <mailto:frettir@reykjavik.is>

Úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda vegna Covid-19
<https://reykjavik.is/frettir/urraedi-fyrir-folk-i-husnaedisvanda-vegna-covid-19>



Úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda vegna Covid-19

08. apríl 2020

Miðvikudagur, 8. apríl 2020

Heimþjónusta og heimahjúkrun á skjáinn
<https://reykjavik.is/frettir/heimathjonusta-og-heimahjukrun-skjainn>



Heimþjónusta og heimahjúkrun á skjáinn

08. apríl 2020

Miðvikudagur, 8. apríl 2020

Fjölgun á tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur

<https://reykjavik.is/frettir/fjolgundartilkyningumtilbarnaverndarreykjavikur>



Fjölgun á tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur

08. apríl 2020

Miðvikudagur, 15. apríl 2020

Ekki æskilegt að unglingar hópist saman

<https://reykjavik.is/frettir/ekki-aeskilegtadunglingarhopist-saman>

Miðvikudagur, 15. apríl 2020

Skák og mát á netinu

<https://reykjavik.is/frettir/skak-og-mat-netinu>

Fimmtudagur, 16. apríl 2020

Orð í glugga til að hugga

<https://reykjavik.is/frettir/ord-i-glugga-til-ad-hugga>

Föstudagur, 17. apríl 2020


„Gott að sjá þig“

<https://reykjavik.is/frettir/gott-ad-sja-thig>

Föstudagur, 17. apríl 2020

Lært á netinu að kenna á netinu

<https://reykjavik.is/frettir/laert-netinu-ad-kenna-netinu>



Lært á netinu að kenna á netinu

17. apríl 2020

Mánudagur, 20. apríl 2020

Barnameningarhátíð 2020 með breyttu sniði

<https://reykjavik.is/frettir/barnameningarhatid-2020-med-breyttu-snidi>

Mánudagur, 20. apríl 2020

Félagsráðgjafanemar í hópi símvina

<https://reykjavik.is/frettir/felagsradgjafanemar-i-hopi-simavina>

Priðjudagur, 28. apríl 2020

Mikill áhugi og þörf á að hraða innleiðingu stafrænnar tækni

<https://reykjavik.is/frettir/mikill-ahugi-og-thorf-ad-hrada-innleidingu-stafrannar-taekni>

Miðvikudagur, 29. apríl 2020

Breyttar reglur samkomubanns 4. maí nk.

<https://reykjavik.is/frettir/breyttar-reglur-samkomubanns-4-mai-nk>

Fimmtudagur, 30. apríl 2020

Od 4 maja zmiany w zakazie zgromadzeń

<https://reykjavik.is/frettir/od-4-maja-zmiany-w-zakazie-zgromadzen>

Fimmtudagur, 30. apríl 2020

Hefðbundið skóla- og frístundastarf eftir helgi

<https://reykjavik.is/frettir/hefdbundid-skola-og-fristundastarf-efir-helgi>

Fimmtudagur, 30. apríl 2020

Íbúaráð fá 30 milljónir til að efla hverfin í sumar

<https://reykjavik.is/frettir/ibuarad-fa-30-milljonir-til-ad-efla-hverfin-i-sumar>

Fimmtudagur, 30. apríl 2020

Mannlíf og menning fyrir alla í sumarborginni Reykjavík

<https://reykjavik.is/frettir/mannlif-og-menning-fyrir-alla-i-sumarborginni-reykjavik>

Mánudagur, 4. maí 2020

Söfn Reykjavíkurborgar verða opnuð í dag

<https://reykjavik.is/frettir/sofn-reykjavikurborgar-verda-opnud-i-dag>

Mánudagur, 4. maí 2020

Breytingar á velferðarþjónustu frá 4. maí

<https://reykjavik.is/frettir/breytingar-velferdarthjonustu-fra-4-mai>

Þriðjudagur, 5. maí 2020

Stækkaður menningarpottur vegna Covid-19

<https://reykjavik.is/frettir/staekkadur-menningarpottur-vegna-covid-19>

Miðvikudagur, 6. maí 2020

Háskólinn í Reykjavík og Reykjavíkurborg skrifa undir samning um Borgarlínu

<https://reykjavik.is/frettir/haskolinn-i-reykjavik-og-reykjavikurborg-skrifa-undir-samning-um-borgarlinu>

Fimmtudagur, 7. maí 2020

Tilkynningum til Barnaverndar fjölga áfram

<https://reykjavik.is/frettir/tilkynningum-til-barnaverndar-fjolgar-afram>

Fimmtudagur, 7. maí 2020

Reykjavíkurborg skapar ríflega þúsund ný störf

<https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-skapar-riflega-thusund-ny-storf>

Miðvikudagur, 13. maí 2020

Rýmri reglur um sumarleyfi leikskólabarna

<https://reykjavik.is/frettir/rymri-reglur-um-sumarleyfi-leikskolabarna>

Miðvikudagur, 13. maí 2020

Skólaheimsóknir í tilefni losunar Covid-19 hafta

<https://reykjavik.is/frettir/skolaheimsoknir-i-tilefni-losunar-covid-19-hafta>

Föstudagur, 15. maí 2020

Styrkir íbúaráða til eflingar hverfisanda, mannlífs og menningar

<https://reykjavik.is/frettir/styrkir-ibuarada-til-eflingar-hverfisanda/mannlifs-og-menningar>

Föstudagur, 15. maí 2020

Sundlaugar opna á miðnætti 18. maí

<https://reykjavik.is/frettir/sundlaugar-opna-midnaetti-18-mai>

Mánudagur, 18. maí 2020

Hvaða kynlegu áhrif hefur Covid-19?

<https://reykjavik.is/frettir/hvada-kynlegu-ahrif-hefur-covid-19>

Miðvikudagur, 20. maí 2020

Osobliwe liczby - statystyki wedlug plci (Kynlegar tölur í COVID)

<https://reykjavik.is/frettir/osobliwe-liczby-statystyki-wedlug-plci>

Miðvikudagur, 20. maí 2020

Sumarborgin 2020

<https://reykjavik.is/frettir/sumarborgin-2020>

Fimmtudagur, 28. maí 2020

Príeykisganga í Seljahlíð

<https://reykjavik.is/frettir/thrieykisganga-i-seljahlid>

Fimmtudagur, 28. maí 2020 Ritstjórn

Foreldrar aftur velkomnir í húsnæði skóla- og frístundasviðs

<https://reykjavik.is/frettir/foreldrar-aftur-velkomnir-i-husnaedi-skola-og-fristundasvids>

Þriðjudagur, 2. júní 2020

Reykjavík tekur forystu með Græna planinu

<https://reykjavik.is/frettir/reykjavik-tekur-forystu-med-graena-planinu>

Mánudagur, 15. júní 2020

Farið yfir aðgerðir vegna COVID-19

<https://reykjavik.is/frettir/farid-yfir-adgerdir-vegna-covid-19>

Mánudagur, 29. júní 2020

Hugum að smitvörnum

<https://reykjavik.is/frettir/hugum-ad-smitvornum>

Mánudagur, 29. júní 2020

Endalausir þræðir

<https://reykjavik.is/frettir/endalausir-thraedir>

Miðvikudagur, 1. júlí 2020

Leiðbeiningar um heimsóknir vegna COVID-19

<https://reykjavik.is/frettir/leidbeiningar-um-heimsoknir-vegna-covid-19>

Föstudagur, 10. júlí 2020

Félagsstarf velferðarsviðs í blóma

<https://reykjavik.is/frettir/felagsstarf-velferdarsvids-i-bloma>

Fimmtudagur, 30. júlí 2020

Reykjavíkurborg í viðbragðsstöðu vegna Covid-19

<https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-i-vidbragdsstodu-vegna-covid-19>

Mánudagur, 10. ágúst 2020

Menningarnótt í Reykjavík aflýst

<https://reykjavik.is/frettir/menningarnott-i-reykjavik-aflyst>

Þriðjudagur, 11. ágúst 2020

Odwołana Noc Kultury w Reykjavíku

<https://reykjavik.is/frettir/odwolana-noc-kultury-w-reykjaviku>

Frétt á pólsku um að menningarnótt í Reykjavík hafi verið aflýst.

Þriðjudagur, 18. ágúst 2020

Neyðarúrræði fyrir heimilislausar konur verður framlengt

<https://reykjavik.is/frettir/neydarurraedi-fyrir-heimilislausar-konur-verdur-framlengt>

Mánudagur, 24. ágúst 2020

Hitt húsið lokar til 2. sept vegna Covid-19 smits
<https://reykjavik.is/frettir/hitt-husid-lokar-til-2-sept-vegna-covid-19-smits>

Priðjudagur, 25. ágúst 2020

Meira frístundastarf fyrir nemendur í lokuðum skólum
<https://reykjavik.is/frettir/meira-fristundastarf-fyrir-nemendur-i-lokudum-skolum>

Priðjudagur, 25. ágúst 2020

Zajęcia w świetlicach dla uczniów ze szkół zamkniętych z powodu Covid
<https://reykjavik.is/frettir/zajecia-w-swietlicach-dla-uczniow-ze-szkol-zamknietych-z-powodu-covid>

Pólsk frétt um sama efni.

Miðvikudagur, 26. ágúst 2020

Tónleikar á torgum
<https://reykjavik.is/frettir/tonleikar-torgum>

Fimmtudagur, 27. ágúst 2020

Rekstur Reykjavíkurborgar lakari vegna Covid-19
<https://reykjavik.is/frettir/rekstur-reykjavikurborgar-lakari-vegna-covid-19>

Miðvikudagur, 2. september 2020

Öflugar smitvarnir í skólum skila árangri
<https://reykjavik.is/frettir/oflugar-smitvarnir-i-skolum-skila-arangri>

Fimmtudagur, 10. september 2020

Reykjavíkurborg styður við íþrótt- og æskulýðsfélög vegna Covid-19
<https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-stydur-vid-ithrotta-og-aeskulydsfelog-vegna-covid-19>

Miðvikudagur, 16. september 2020

Covid-smit hjá starfsmönnum tveggja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk
<https://reykjavik.is/frettir/covid-smit-hja-starfsmonnum-tveggja-ibudakjarna-fyrir-fatlad-folk>

Sunnudagur, 4. október 2020

Þjónusta Reykjavíkurborgar á neyðarstigi
<https://reykjavik.is/frettir/thjonusta-reykjavikurborgar-neydarstigi>

Þriðjudagur, 6. október 2020

Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu loka
<https://reykjavik.is/frettir/sundlaugar-hofudborgarsvaedinu-loka>

Miðvikudagur, 7. október 2020

Viltu verða bakvörður í velferðarþjónustu?
<https://reykjavik.is/frettir/viltu-verda-bakvordur-i-velferdarthjonustu>

Miðvikudagur, 7. október 2020

Söfnum borgarinnar lokað næstu tvær vikurnar
<https://reykjavik.is/frettir/sofnum-borgarinnar-lokad-naestu-tvaer-vikurnar>

Fimmtudagur, 8. október 2020

Ekkert íþróttastarf næstu tvær vikur
<https://reykjavik.is/frettir/ekkert-ithrottastarf-naestu-tvaer-vikur>

Fimmtudagur, 8. október 2020

Hjálparsamtök fá aukinn styrk
<https://reykjavik.is/frettir/hjalsarsamtok-fa-aukinn-styrk>

Fimmtudagur, 8. október 2020

Tendrun Friðarsúlunnar 2020 - beint streymi
<https://reykjavik.is/frettir/tendrun-fridarsulunnar-2020-beint-streymi>

Föstudagur, 9. október 2020

Undirbúa stórt skref inn í framtíðina
<https://reykjavik.is/frettir/undirbua-stort-skref-inn-i-framtidina>

Föstudagur, 9. október 2020

Przez najbliższe dwa tygodnie nie będzie zajęć sportowych
<https://reykjavik.is/frettir/przez-najblizsze-dwa-tygodnie-nie-bedzie-zajec-sportowych>

Frétt á pólsku um að ekkert íþróttastarf verði næstu tvær vikurnar.

Priðjudagur, 13. október 2020

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin í Hörpu árið 2022

<https://reykjavik.is/frettir/evropsku-kvikmyndaverdlaunin-i-horpu-arid-2022>

Priðjudagur, 20. október 2020

Sundlaugar og söfn áfram lokuð vegna COVID-19

<https://reykjavik.is/frettir/sundlaugar-og-sofn-af-ram-lokud-vegna-covid-19>

Miðvikudagur, 21. október 2020

Fjölskyldusamvera í haustfríinu

<https://reykjavik.is/frettir/fjolskyldusamvera-i-haustfriinu>

Mánudagur, 26. október 2020

Hátt í 1000 skjáheimsóknir á hálfu ári

<https://reykjavik.is/frettir/hatt-i-1000-skjaheimsoknir-halfu-ari>

Föstudagur, 30. október 2020

Áhrif hertra sóttvarnarreglna á starfsemi Reykjavíkurborgar

<https://reykjavik.is/frettir/ahrif-hertra-sottvarnarreglna-starfsemi-reykjavikurborgar>

Sunnudagur, 1. nóvember 2020

Aukin áhersla á fjarþjónustu hjá þjónustumiðstöðvum

<https://reykjavik.is/frettir/aukin-ahersla-fjarthjonustu-hja-thjonustumidstodvum>

Mánudagur, 2. nóvember 2020

Większy nacisk na usługi zdalne w centrach usługowych

<https://reykjavik.is/frettir/wiekszy-nacisk-na-uslugi-zdalne-w-centrach-uslugowych>

Frétt á pólsku um aukna fjarþjónustu hjá þjónustumiðstöðvum.

Mánudagur, 2. nóvember 2020

Skólahald í ljósi hertra sóttvarnarreglna

<https://reykjavik.is/frettir/skolahald-i-ljosi-hertra-sottvarnarreglna>

Miðvikudagur, 4. nóvember 2020

Covid-19 smit á sambýli fyrir konur með heilabilun

<https://reykjavik.is/frettir/covid-19-smit-sambyli-fyrir-konur-med-heilabilun>

Mánudagur, 9. nóvember 2020

Líðan barna á tímum Covid-19 veirunnar

<https://reykjavik.is/frettir/lidan-barna-timum-covid-19-veirunnar>

Fimmtudagur, 12. nóvember 2020

Sjálfbóðaliðar í störfum hjá velferðarsviði

<https://reykjavik.is/frettir/sjalfbodalidar-i-storfum-hja-velferdarsvidi>

Þriðjudagur, 17. nóvember 2020

Símavinir á velferðarvakt

<https://reykjavik.is/frettir/simavinir-velferdarvakt>

Þriðjudagur, 17. nóvember 2020

Stafræn heimsókn í þína félagsmiðstöð

<https://reykjavik.is/frettir/stafræn-heimsokn-i-thina-felagsmidstod>

Þriðjudagur, 1. desember 2020

Fréttamannafundur um fjárhagsáætlun og Græna planið

<https://reykjavik.is/frettir/frettamannafundur-um-fjarhagsaaetlun-og-graena-planid>

Þriðjudagur, 1. desember 2020

Sóknaráætlun í Reykjavík í skugga heimsfaraldurs

<https://reykjavik.is/frettir/soknaraaetlun-i-reykjavik-i-skugga-heimsfaraldurs>

Þriðjudagur, 1. desember 2020

Streymisstyrkir til tónleikastaða í Reykjavík

<https://reykjavik.is/frettir/streymisstyrkir-til-tonleikastada-i-reykjavik>

Þriðjudagur, 8. desember 2020

Hvaða framtíð blasir við tónlistargeiranum eftir COVID-19?

<https://reykjavik.is/frettir/hvada-framtid-blasir-vid-tonlistargeiranum-ef-tir-covid-19>

Priðjudagur, 15. desember 2020

Áramótabrennum á höfuðborgarsvæðinu aflýst
<https://reykjavik.is/frettir/aramotabrennum-hofudborgarsvaedinu-aflyst>

Priðjudagur, 15. desember 2020

Dansa burtu COVID-19 drungann
<https://reykjavik.is/frettir/dansa-burtu-covid-19-drungann>

Fimmtudagur, 17. desember 2020

Förum eftir reglum og njótum þess að vera örugg á göngugötunum
<https://reykjavik.is/frettir/forum-ef-tir-reglum-og-njotum-thess-ad-vera-orugg-gongugotunum>

Föstudagur, 18. desember 2020

Átta staðir fá streymisstyrk frá Reykjavíkurborg
<https://reykjavik.is/frettir/atta-stadir-fa-streymisstyrk-fra-reykjavikurborg>

Mánudagur, 21. desember 2020

Skólahljómsveitir senda jólakveðjur
<https://reykjavik.is/frettir/skolahljomsveitir-senda-jolakvedjur>

Mánudagur, 21. desember 2020

Samningur um stórauðna heimahjúkrun í Reykjavík
<https://reykjavik.is/frettir/samningur-um-storaukna-heimahjukrun-i-reykjavik>

Mánudagur, 28. desember 2020

Ferðagjöf fyrir fatlað fólk framlengd fram á næsta sumar
<https://reykjavik.is/frettir/ferdagjof-fyrir-fatlad-folk-framlengd-fram-naesta-sumar>

29. desember 2020

Feðgar bólusettir gegn Covid-19 í dag
<https://reykjavik.is/frettir/fedgar-bolusettir-gegn-covid-19-i-dag>

2021**Priðjudagur, 5. janúar 2021**

Skóla- og frístundastarf hefst með tilslökunum á sóttvörnum
<https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-hefst-med-tilslokunum-sottvornum>

Föstudagur, 15. janúar 2021

Félagsstarf og matarþjónusta opna á ný
<https://reykjavik.is/frettir/felagsstarf-og-matarthjonusta-opna-ny>

Föstudagur, 22. janúar 2021

Reykjavíkurborg endurgreiðir oftekna dráttarvexti
<https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-endurgreidir-oftekna-drattarvexti>

Föstudagur, 22. janúar 2021

Bólusett í heimahúsi í kappi við tímann
<https://reykjavik.is/frettir/bolusett-i-heimahusi-i-kappi-vid-timann>

Priðjudagur, 2. febrúar 2021

Borgin skapar 200 störf til að draga úr atvinnuleysi
<https://reykjavik.is/frettir/borgin-skapar-200-storf-til-ad-draga-ur-atvinnuleysi>

Fimmtudagur, 11. febrúar 2021

Borgarstjóri með grein í The Lancet
<https://reykjavik.is/frettir/borgarstjori-med-grein-i-lancet>

Föstudagur, 12. febrúar 2021

Öflug viðspyrna með grænum fjárfestingum Reykjavíkurborgar
<https://reykjavik.is/frettir/oflug-vidspyrna-med-graenum-fjarfestingum-reykjavikurborgar>

Priðjudagur, 2. mars 2021

Styrkur til barna á tekjulægri heimilum framlengdur
<https://reykjavik.is/frettir/styrkur-til-barna-tekjulaegri-heimilum-framlengdur>

Mánudagur, 15. mars 2021

Viðburðapottur Sumarborgarinnar
<https://reykjavik.is/frettir/vidburdapottur-sumarborgarinnar>

Fimmtudagur, 18. mars 2021

Borgarbúar treysta borgarstjórn betur

<https://reykjavik.is/frettir/borgarbuar-treysta-borgarstjorn-betur>

Miðvikudagur, 24. mars 2021

Hertar lokanir og takmarkanir vegna COVID-19

<https://reykjavik.is/frettir/hertar-lokanir-og-takmarkanir-vegna-covid-19>

Fimmtudagur, 25. mars 2021

Leikskólar lokaðir til hádegis vegna starfsdags

<https://reykjavik.is/frettir/leikskolar-lokadir-til-hadegis-vegna-starfsdags>

Fimmtudagur, 25. mars 2021

Zaostzone zamknięcia i ograniczenia z powodu COVID-19

<https://reykjavik.is/frettir/zaostrzone-zamknecia-i-ograniczenia-z-powodu-covid-19>

Pólsk frétt um hertar sóttvarnaraðgerðir.

Fimmtudagur, 8. apríl 2021

Barnavernd á tímum Covid

<https://reykjavik.is/frettir/barnavernd-timum-covid>

Miðvikudagur, 14. apríl 2021

Barnamenningarhátíð með breyttu sniði

<https://reykjavik.is/frettir/barnamenningarhatid-med-breyttu-snidi>

Miðvikudagur, 21. apríl 2021

Stór dagur í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar

<https://reykjavik.is/frettir/stor-dagur-i-velferdarthjonustu-reykjavikurborgar>

Miðvikudagur, 21. apríl 2021

Fjölgun sumarstarfa fyrir 17 og 18 ára ungmenni

<https://reykjavik.is/frettir/fjolgung-sumarstarfa-fyrir-17-og-18-ara-ungmenni>

Fimmtudagur, 29. apríl 2021

Mikil áhrif COVID-19 á rekstur Reykjavíkurborgar 2020

<https://reykjavik.is/frettir/mikil-ahrif-covid-19-rekstur-reykjavikurborgar-2020>

Miðvikudagur, 5. maí 2021

Gestir neyðarskýla bólusettir í dag

<https://reykjavik.is/frettir/gestir-neydarskyla-bolusettir-i-dag>

Fimmtudagur, 6. maí 2021

Reykjavíkurborg auglýsir fleiri sumarstörf fyrir 18 ára og eldri

<https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-auglysir-fleiri-sumarstorf-fyrir-18-ara-og-eldri>

Föstudagur, 7. maí 2021

Hjólin taka að snúast í Atvinnu- og virknimiðlun og Virknihusi

<https://reykjavik.is/frettir/hjolin-taka-ad-snuast-i-atvinnu-og-virknimidlun-og-virknihusi>

Priðjudagur, 25. maí 2021

Eldra fólk fær kennslu í tölvuleikjum og snjalltækjanotkun

<https://reykjavik.is/frettir/eldra-folk-faer-kennslu-i-tolvuleikjum-og-snjalltaekjanotkun>

Priðjudagur, 25. maí 2021

Auknar tilslakanir í starfsemi velferðarsviðs

<https://reykjavik.is/frettir/auknar-tilslakanir-i-starfsemi-velferdarsvids>

Miðvikudagur, 26. maí 2021

Leikskólinn Árborg lokaður fram á föstudag vegna smits

<https://reykjavik.is/frettir/leikskolinn-arborg-lokadur-fram-fostudag-vegna-smits>

Fimmtudagur, 27. maí 2021

Loksins, loksins — senn líður að langþráðri Menningarnótt!

<https://reykjavik.is/frettir/loksins/loksins-senn-lidur-ad-langthradri-meningarnott>

Föstudagur, 28. maí 2021

Rafrænt gjafabréf fyrir fatlað fólk framlengt til sumarloka

<https://reykjavik.is/frettir/rafraent-gjafabref-fyrir-fatlad-folk-framlengt-til-sumarloka>

Þriðjudagur, 1. júní 2021

Greiðsludreifing fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði
<https://reykjavik.is/frettir/greidsludreifing-fasteignagjalda-af-atvinnuhusnaedi>

Þriðjudagur, 1. júní 2021

Greiðsludreifing á almennum kröfum
<https://reykjavik.is/frettir/greidsludreifing-almennum-krofum>

Miðvikudagur, 23. júní 2021

Hægt að sækja um sérstakan frístundastyrk til júliloka
<https://reykjavik.is/frettir/haegt-ad-saekja-um-serstakan-fristundastyrk-til-juliloka>

Fimmtudagur, 1. júlí 2021

Aukið fjármagn sett í sálfræðiþjónustu fyrir börn
<https://reykjavik.is/frettir/aukid-fjarmagn-sett-i-salfraedithjonustu-fyrir-born>

Mánudagur, 26. júlí 2021

Reykjavíkurborg bregst við nýju hættuástandi
<https://reykjavik.is/frettir/reykjavikurborg-bregst-vid-nyju-haettuastandi>

Þriðjudagur, 27. júlí 2021

Wytyczne dotyczące nowych zasad ochrony sanitarnej
<https://reykjavik.is/frettir/wytyczne-dotyczace-nowych-zasad-ochrony-sanitarnej>
Pólsk frétt um sóttvarnaraðgerðir.

Miðvikudagur, 4. ágúst 2021

Menningarnótt í Reykjavík 2021 aflýst
<https://reykjavik.is/frettir/menningarnott-i-reykjavik-2021-aflyst>

Þriðjudagur, 17. ágúst 2021

Grunnskólanemar í 7.-10. bekk bólusettir í næstu viku - also in English, Polish and Arabic
<https://reykjavik.is/frettir/grunnskolanemar-i-7-10-bekk-bolusettir-i-naestu-viku-also-english/polish-and-arabic>

Fimmtudagur, 26. ágúst 2021

Afkoma borgarinnar mun betri en áætlað var

<https://reykjavik.is/frettir/afkoma-borgarinnar-mun-betri-en-aaetlad-var>

Föstudagur, 10. september 2021

Innleiðing nýrra tæknilausna skipti sköpum í heimsfaraldri

<https://reykjavik.is/frettir/innleiding-nyrra-taeknilausna-skipti-skopum-i-heimsfaraldri>

Fimmtudagur, 16. september 2021

Áhrif heimsfaraldurs á borgarbúa skoðuð

<https://reykjavik.is/frettir/ahrif-heimsfaraldurs-borgarbua-skodud>

Miðvikudagur, 29. september 2021

Börn á tekjulægri heimilum fá frekari styrk til íþrótta- og tómstundaiðkunar

<https://reykjavik.is/frettir/born-tekjulaegri-heimilum-fa-frekari-styrk-til-ithrotta-og-tomstundaidkunar>

Föstudagur, 8. október 2021

Beint streymi frá tendrun Friðarsúlunnar

<https://reykjavik.is/frettir/beint-streymi-fra-tendrun-fridarsulunnar-0>

Fimmtudagur, 25. nóvember 2021


Mun betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir

<https://reykjavik.is/frettir/mun-betri-afkoma-en-aaetlanir-gerdu-rad-fyrir>

Föstudagur, 26. nóvember 2021

Notendur taka beinan þátt í að móta þjónustuna

<https://reykjavik.is/frettir/notendur-taka-beinan-thatt-i-ad-mota-thjonustuna>



Notendur taka beinan þátt í að móta þjónustuna

26. nóvember 2021

Föstudagur, 26. nóvember 2021

Jólaljósín tendruð á Óslóartrénu á Austurvelli

<https://reykjavik.is/frettir/jolaljosin-tendrud-osloartrenu-austurvelli-1>

Fimmtudagur, 9. desember 2021

Niðurstöður Lýðheilsuamats á áhrifum COVID-19 í Reykjavík

<https://reykjavik.is/frettir/nidurstodur-lydheilsuamats-ahrifum-covid-19-i-reykjavik>

Mánudagur, 20. desember 2021

Áramótabrennum á höfuðborgarsvæðinu aflýst

<https://reykjavik.is/frettir/aramotabrennum-hofudborgarsvaedinu-aflyst-0>

Mánudagur, 20. desember 2021

Göngugötusvæði stækkað á Þorláksmessu í Öryggisskyni

<https://reykjavik.is/frettir/gongugotusvaedi-staekkad-thorlaksmessu-i-oryggisskyni>

Miðvikudagur, 22. desember 2021

Áhrif hertra takmarkana á þjónustu Reykjavíkurborgar

<https://reykjavik.is/frettir/ahrif-hertra-takmarkana-thjonustu-reykjavikurborgar>

Miðvikudagur, 29. desember 2021

Neyðarstjórn velferðarsviðs virkjuð en reynt að skerða þjónustu sem minnst

<https://reykjavik.is/frettir/neydarstjorn-velferdarsvids-virkjud-en-reynt-ad-skerda-thjonustu-sem-minnst>

Fimmtudagur, 30. desember 2021

Skóla- og frístundastarf fellur niður mánudaginn 3. janúar - In English and Polish below.

<https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-fellur-nidur-manudaginn-3-januar-english-and-polish-below>

2022**Mánudagur, 3. janúar 2022**

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn lokaður 3.janúar

<https://reykjavik.is/frettir/fjolskyldu-og-husdyragardurinn-lokadur-3januar>

Þriðjudagur, 4. janúar 2022

Skóla- og frístundastarf hefst við óvenjulegar aðstæður

<https://reykjavik.is/frettir/skola-og-fristundastarf-hefst-vid-ovenjulegar-adstaedur>

Þriðjudagur, 11. janúar 2022

Einn af hverjum tíu starfsmönnum í skóla- og frístundastarfi frá vinnu vegna covid

<https://reykjavik.is/frettir/einn-af-hverjum-tiu-starfsmonnum-i-skola-og-fristundastarfi-fra-vinnu-vegna-covid>

Föstudagur, 14. janúar 2022

Félagsmiðstöðvar fullorðins fólks opnar en maturinn sendur heim

<https://reykjavik.is/frettir/felagsmidstodvar-fullordins-folks-opnar-en-maturinn>

Þriðjudagur, 18. janúar 2022 <mailto:frettir@reykjavik.is>

Róðurinn þyngist í skóla- og frístundastarfinu vegna Covid-19

<https://reykjavik.is/frettir/rodurinn-thyngist-i-skola-og-fristundastarfinu-vegna-covid-19>

Miðvikudagur, 19. janúar 2022

Allt kapp lagt á að halda mikilvægri þjónustu órofinni

<https://reykjavik.is/frettir/allt-kapp-lagt-ad-halda-mikilvaegri-thjonustu-orofinni>

Mánudagur, 24. janúar 2022

Á handahlaupum við að manna í stöðurnar

<https://reykjavik.is/frettir/handahlaupum-vid-ad-manna-i-stodurnar>

Mánudagur, 24. janúar 2022

Leitað til starfsfólks Reykjavíkurborgar í bakvarðasveit velferðarþjónustu

<https://reykjavik.is/frettir/leitad-til-starfsfolks-reykjavikurborgar-i-bakvardasveit-velferdarthjonustu>

Mánudagur, 7. febrúar 2022

Takk fyrir komuna á Vetrarhátíð

<https://reykjavik.is/frettir/takk-fyrir-komuna-vetrarhatid-0>



**Neyðarstjórn
Reykjavíkurborgar
fundar vegna Covid-19**

29. febrúar 2020



**Þjónusta velferðarsviðs
Reykjavíkur - English
below**

06. mars 2020



**Starfsemi grunn- og
leikskóla, íþrótt- og
menningarmála í
samkomubanni**

15. mars 2020



**Sameiginleg yfirlýsing
vegna áhrifa COVID-19
á skólastarf**

15. mars 2020



Upplýsingar um þjónustu í samkomubanni

13. mars 2020



Ekkert skóla- og frístundastarf á mánudag

13. mars 2020

